Ed. 1. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

2. málsgr. 15. gr. laga nr. 58/1946, um menntaskóla, hljóði þannig:

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna. Svo skulu og þeir, er lokið hafa umræddu fullnaðarprófi innan ársloka 1948, vera undanþegnir skilyrðinu um nám í uppeldisfræði og kennsluæfingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt ákvæðum 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, á þann veg, að heimilt verði að skipa þá, er lokið hafa fyrir 1. janúar 1949 kennara- eða meistaraprófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, kennara við menntaskóla, enda þótt þeir hafi eigi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum, þar eð skortur sé á mönnum til kennslustarfa við nefnda skóla og störf skólanna hefjist innan fárra daga.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

2. málsgr. 15. gr. laga nr. 58/1946, um menntaskóla, hljóði þannig:

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna. Svo skulu og þeir, er lokið hafa umræddu fullnaðarprófi innan ársloka 1948, vera undanþegnir skilyrðinu um nám í uppeldisfræði og kennsluæfingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. september 1947.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Ed. 2. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Aftan við a-lið 37. gr. laga nr. 48/1946, um gagnfræðanám, bætist:

Þó má skipa menn, er lokið hafa kennaraprófi eða meistaraprófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, innan ársloka 1948, kennara við skóla gagnfræðastigsins, enda þótt þeir hafi eigi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt ákvæðum 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, á þann veg, að heimilt verði að skipa þá, er lokið hafa fyrir 1. janúar 1949 kennara- eða meistaraprófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, kennara við skóla gagnfræðastigsins, enda þótt þeir eigi hafi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum, þar eð skortur sé á mönnum til kennslustarfa við nefnda skóla og störf skólanna hefjist innan fárra daga.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Aftan við a-lið 37. gr. laga nr. 48/1946, um gagnfræðanám, bætist:

Þó má skipa menn, er lokið hafa kennaraprófi eða meistaraprófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, innan ársloka 1948, kennara við skóla gagnfræðastigsins, enda þótt þeir hafi eigi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. september 1947.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Ed. 3. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Auk þeirra peningaseðla, sem innkalla ber samkvæmt III. kafla laganna, skulu á sama tíma innkallaðir þeir 1 og 2 krónu peningar og einnar krónu seðlar, sem í umferð eru á framtalsdegi, og fer um þá innköllun svo sem segir um innköllun peningaseðla Landsbanka Íslands í 21.—30. gr. laganna.

Nota má þó 1 og 2 krónu peninga og einnar krónu seðla, sem innkalla ber, með sama hætti og ákveðið er um 5 kr. og 10 kr. seðla í 4. mgr. 21. gr.

Ríkissjóður gefur út nýja eins og tveggja krónu peninga, og verða þeir látnir í skiptum fyrir þá, sem innkallaðir verða samkvæmt framanskráðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess að gefa nú þegar út viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun.

Undanfarið hafa verið mjög mikil brögð að því, að horfið hafi úr umferð einnar og tveggja krónu peningar og einnar krónu seðlar. Benda sterkar líkur til þess, að einstakir menn hafi tekið að safna þessari skiptimynt og ætli sér að geyma hana, unz fram hefur farið eignakönnun sú, er fyrirhuguð er, samkvæmt áðurgreindum lögum. En samkv. þeim lögum verður sú mynt eigi innkölluð, og mundi því mögulegt að draga undan fé fólgið í henni.

Þykir því nauðsynlegt að setja ákvæði um það, að umrædd mynt verði innkölluð með sama hætti og seðlar Landsbankans samkvæmt III. kafla laga um eignakönnun.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Auk þeirra peningaseðla, sem innkalla ber samkvæmt III. kafla laganna, skulu á sama tíma innkallaðir þeir 1 og 2 krónu peningar og einnar krónu seðlar, sem í umferð eru á framtalsdegi, og fer um þá innköllun svo sem segir um innköllun peningaseðla Landsbanka Íslands í 21.—30. gr. laganna.

Nota má þó 1 og 2 krónu peninga og einnar krónu seðla, sem innkalla ber, með sama hætti og ákveðið er um 5 kr. og 10 kr. seðla í 4. mgr. 21. gr.

Ríkissjóður gefur út nýja eins og tveggja krónu peninga, og verða þeir látnir í skiptum fyrir þá, sem innkallaðir verða samkvæmt framanskráðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 8. júlí 1947.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 4. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Í stað orðanna „500 þús. kr.“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: kr. 1000000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess að breyta nú þegar gildandi lögum nr. 116 frá 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla. Með þeim lögum er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilað að gefa út 1 krónu seðla, allt að 500 þús. kr., er komi í stað málmskiptimyntar meðan hörgull er á henni.

Eins og kunnugt er, óx mjög þörf fyrir skiptimynt hér við komu hinna erlendu setuliða og vaxandi verðbólgu, en mynt fékkst ekki slegin utanlands vegna styrjaldarástandsins.

Fjármálaráðuneytið á í pöntun í Englandi 1 og 2 kr. peninga, sem ekki munu fást til landsins fyrr en í fyrsta lagi á komandi hausti.

Hins vegar virðist þörf aldrei hafa verið meiri en nú fyrir skiptimynt, og er því nauðsyn á að hækka framangreinda lagaheimild úr kr. 500 þús. í kr. 1000000.00.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna „500 þús. kr.“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: kr. 1000000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 8. júlí 1947.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

Sþ. 5. Tillaga til þingsályktunar

um, að ríkisstjórnin gefi þinginu skýrslu um þátttöku sína í Parísarráðstefnunni og samningaumleitanir um dollaralán.

Frá Einari Olgeirssyni.

Alþingi ályktar, að ríkisstjórnin skuli nú þegar gefa þinginu fullkomna skýrslu um þátttöku sína í ráðstefnu 16 Evrópuþjóða í París s. l. sumar og um hvað síðan hafi verið gert í nafni íslenzka ríkisins í þeim málum, er þar voru rædd, sérstaklega hvað snertir beiðni um lán hjá amerískum bönkum eða ríkisstjórn Bandaríkjanna.

Greinargerð.

Þjóðinni hefur borizt vitneskja um þátttöku núverandi ríkisstjórnar í ráðstefnu 16 Evrópuþjóða í París s. l. sumar, þar sem höfuðmálið var beiðni þessara ríkja um lán hjá ríkisstjórn Bandaríkja N.-Ameríku eða hjá amerískum bönkum. Þjóðin hefur ekkert fengið að vita um, hvað ríkisstjórnin hefur gert í þessum málum. Hins vegar hefur eitt aðalblað stjórnarinnar krafizt þess, að dollaralán væri tekið, og önnur blöð stjórnarinnar hótað þjóðinni því, að dollaralán yrði tekið, ef hún tæki ekki launalækkunarráðstöfunum stjórnarinnar með undirgefni.

Vitanlegt er, að þjóðin er andvíg öllum erlendum lántökum, þar sem þær stofna efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í hættu. Þar sem ráðherrar núverandi ríkisstjórnar hins vegar eru áður reyndir að því að ofurselja erlendu stórveldi dýrmæt landsréttindi þvert ofan í vilja þjóðarinnar og eru nú að vinna að því að eyðileggja afkomumöguleika hennar og rýra lífskjör almennings í hvívetna, er óhjákvæmilegt, að þing og þjóð fái strax að vita, hve langt ríkisstjórnin hefur þegar gengið að þinginu forspurðu í samningaumleitunum um dollaralán, svo þinginu gefist kostur á að stöðva það framferði, ef það er ekki orðið of seint.

Sþ. 6. Tillaga til þingsályktunar

um, að vinnufatnaður og vinnuskór séu undanþegnir skömmtun.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að skömmtunarfyrirkomulagi því, sem birt er í auglýsingu nr. 8 1947 frá skömmtunarstjóra, og áður birtri auglýsingu um skóskömmtun, verði breytt á þann veg, að vinnufatnaður og

vinnuskór verði undanþegnir skömmtun eða sérstök skömmtun fari fram á vinnufatnaði og vinnuskóm til þeirra, sem þess þarfnast, og tryggt sé, að nægar birgðir af hvoru tveggja séu ávallt til í landinu.

Greinargerð.

Í skömmtunarfyrirkomulagi því, sem gekk í gildi 1. okt. s. l., er svo ákveðið, að öll vefnaðarvara, þar á meðal vinnufatnaður, skuli skömmtuð á þann veg, að hver einstaklingur má aðeins kaupa vefnaðarvörur og búsáhöld fyrir einar hundrað krónur í þrjá mánuði. Með núverandi verðlagi er það því ekki mikið magn, sem hverjum er ætlað á þessu tímabili, og fyrir verkamenn og annað vinnandi fólk, sem verður vegna starfs síns að kaupa vinnufatnað fyrir þennan knappa skammt, auk annarrar vefnaðarvöru og búsáhalda, er þessi skömmtun svo fráleit, að engu tali tekur.

Svipuðu máli gegnir um skömmtun á skófatnaði, sem ákveðin var í september og vinnuskófatnaður fellur undir. Augljóst er, að þótt þeir, sem erfiðisvinnu stunda, verji stofnauka sínum til kaupa á vinnuskóm, þá endast þeir skór ekki í 9 mánuði.

Ætla verður að óreyndu, að þetta skömmtunarfyrirkomulag á áðurtöldum vörum hafi frekar verið ákveðið af þekkingarleysi en því, að ætlunin sé sú, að verkamenn og aðrir vinnandi menn stundi störf sín klæða- og skólausir.

Nd. 7. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur eða tvær tólf stunda vökur, eftir því sem hásetar á viðkomandi skipi kjósa heldur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í grein þessari skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi eins og það er hér, og var því útbýtt 2. des. 1946. Var frumvarpinu að lokinni 1. umræðu vísað til sjávarútvegsnefndar,

Eftir að nefndin hafði fengið málið til meðferðar, leitaði hún umsagnar sjómannafélaganna í Reykjavík og Hafnarfirði svo og Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Fékk nefndin fljótlega svör frá Sjómannafélagi Hafnarfjarðar, er lagði til, að frumvarpið yrði samþykkt, og Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, er lagði til, að það yrði fellt. Svar barst hins vegar ekki frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, og hefur það félag ekki til þessa tekið neina afstöðu til þessa mikla velferðarmáls hinnar íslenzku sjómannastéttar.

Sjávarútvegsnefnd klofnaði í málinu. Meiri hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sigurður Kristjánsson og Pétur Ottesen, og fulltrúi Framsóknarflokksins, Skúli Guðmundsson, lögðu til í áliti sínu, sem útbýtt var 17. apríl 1947, að frumvarpið yrði fellt, en minni hlutinn, fulltrúi Sósialistaflokksins, Áki Jakobsson, lagði eindregið til í áliti sínu, sem útbýtt var 23. apríl, að frumvarpið yrði samþykkt. Fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni, Finnur Jónsson, taldi sig hins vegar ekki við því búinn að taka afstöðu til málsins og skilaði engu áliti.

Eftir að álit sjávarútvegsnefndar lá fyrir, var tregða við að taka málið á dagskrá, en eftir ítrekaðar tilraunir fékkst það tekið fyrir 5. maí, og eftir það 6., 7., og 8. og 23. maí. En svo einkennilega brá við, að málið var alltaf tekið af dagskrá, áður en það var útrætt, og stundum tekið fyrir og tekið af dagskrá strax aftur, án þess að nokkrar umræður væru hafðar. Fékkst því ekki atkvæðagreiðsla í málinu, og dagaði frumvarpið loks uppi, enda hafði vísvitandi verið að því stefnt af andstæðingum málsins, að svo yrði.

Frumvarp þetta var flutt vegna einróma samþykktar síðasta þings Alþýðusambands Íslands, sem innan sinna vébanda hefur öll sjómanna- og verkamannafélög landsins, sem togarahásetar eru félagar í. Þau rök, sem færð hafa verið gegn því, hafa eigi komið frá öðrum en togaraeigendum og meiri hluta sjávarútvegsnefndar, er endurtók þá staðhæfingu útgerðarmanna, að lækka yrði kaup togarasjómanna, ef frumvarpið yrði samþykkt, og að það væri eigi framkvæmanlegt vegna vöntunar á plássi í togurunum. Þessi rök eru ekki frambærileg gegn því réttlætismáli, sem er aðalefni frumvarps þessa, að togarasjómenn eigi afdráttarlausa kröfu á 12 tíma hvíld á sólarhring. Enginn sjómaður tekur alvarlega þá mótbáru togaraeigenda, að pláss sé ekki til í skipunum fyrir þá 3—4 menn, sem bæta þarf við, er hvíldartíminn verður lengdur, og sú fullyrðing útgerðarmanna, að kaup háseta ætti að lækka, ef fjölgað yrði á skipunum, er aðeins dæmi um það, hve ósanngjarnir atvinnurekendur af gamla skólanum geta enn verið.

Togarasjómenn eru nú samkvæmt lögum skyldaðir til þess að vinna allt að 16 stundum á sólarhring og bera oft og tíðum ekki meira úr býtum en menn í landi fyrir stuttan vinnutíma. Það er því svo furðulangt frá sanngirni að ympra á því að lækka kaup þeirra, þó að þeim verði tryggð 12 stunda hvíld á sólarhring, að slíkt nær engri átt. Það verður að spara á öðrum liðum útgerðarkostnaðarins. Útgerðin ber það ekki að missa af flotanum, vegna óhóflegs vinnutíma og lélegra launa, það einvalalið, er nú mannar togarana.

Því hefur verið hreyft um þetta frumvarp, eins og hin fyrri vökulög, að það sé flutt í pólitískum tilgangi, án þess að sjómenn hafi sjálfir áhuga á málinu. Eins og í fyrri skipti hafa togarahásetar svarað þessu eftirminnilega. Frá því að frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi, hafa um 400 starfandi togarahásetar skorað á Alþingi að samþykkja það, og sams konar áskoranir hafa borizt víðar að. Afstaða sjómanna til frumvarpsins er því ótvírætt sú, að þeir vilja, að frumvarpið verði að lögum.

Með hliðsjón af því, hversu þetta er mikið réttlætismál, verður að ætla, að frumvarpið fái fljóta og þinglega fyrirgreiðslu og Alþingi viðurkenni réttmæti þess og geri það að lögum.

Sþ.

8. Tillaga til þingsályktunar

um ógildingu skömmtunarreglna, er til framkvæmda komu frá og með 1. okt. 1947, og um að setja nýjar reglur í þeirra stað.

Frá Katrínu Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að nema nú þegar úr gildi skömmtunarreglur þær á lífsnauðsynjum og öðrum vörum, er komu til framkvæmda frá og með 1. okt. s. l., en jafnframt geri ríkisstjórnin nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að settar verði aðrar skömmtunarreglur, er viðunandi séu, þannig að fullt tillit sé tekið til þarfa allra þeirra, er skömmtuninni eiga að hlíta. Skal þess sérstaklega gætt, að skömmtunarkerfið sé sem hagkvæmast í framkvæmd og að hagur þeirra, er stofna vilja ný heimili, sé ekki fyrir borð borinn, að erfiðismenn, barnshafandi konur, sjúklingar, börn og gamalmenni eigi kost á aukaskammti eftir þörfum. Þá hlutist ríkisstjórnin og til um, að jafnan séu fáanlegar allar þær vörur, er skömmtunin nær til.

Greinargerð.

Enda þótt allt of fáum sé enn nægilega ljóst, hve þörfin á meiri jöfnuði í skiptingu lífsnauðsynja er brýn og aðkallandi, fer þeim þó sífjölgandi, er viðurkenna þá sanngirniskröfu. En flestum hugsandi mönnum hafa atburðir hinna síðustu tíma fært heim sanninn um, að vöruskömmtun er ekki aðeins mannúðleg og réttlætanleg varúðarráðstöfun, heldur og óumflýjanleg nauðsyn, eins og hag þjóðarinnar er nú komið. Það er því engin ástæða til að ætla annað en að fyrirmælum um mjög víðtæka skömmtun hefði verið tekið af almenningi með stillingu og jafnaðargeði og sennilega með feginleik af flestra hálfu líka, ef rétt hefði verið á haldið, — skömmtunarkerfi, samið að yfirsýn beztu og fróðustu manna, tekið fyrirvaralaust í notkun. En því miður fer því víðs fjarri, að svo vel hafi tekizt um skömmtunarkerfi það, er til framkvæmda kom nú um mánaðamótin síðustu. Ekki mun ég fjölyrða hér um þá óafsakanlegu undirbúningsaðferð af hálfu þeirra, sem um mál þessi fjölluðu, að láta seytla út orðasveim um yfirvofandi skömmtun, orðróm, er gripinn var á lofti af aðstandendum ríkisstjórnarinnar, sem svo æstu upp áfergju síngjarnra einstaklingshyggjumanna og tókst með ísmeygilegri áleitni einnig að villa um marga þjóðholla menn. Ástæða væri frekar til að víkja nokkuð að drættinum, sem varð á framkvæmd vöruskömmtunarinnar, en það leiði ég þó hjá mér, þar sem hin eina réttlætanlega skýring hans fær með engu móti staðizt, en hún er sú, að tímatöf hafi orðið af nákvæmri rannsókn á vörubirgðum og útvegun þeirra nauðsynja, sem gengnar voru til þurrðar, athugun á mismunandi þörf hinna ýmsu þjóðfélagsþegna, svo og samanburður við víðtæka reynslu annarra þjóða, sem fullkomna vöruskömmtun hafa haft um margra ára bil, og loks samræming úthlutunaraðferða þeirra við þarfir Íslendinga og þjóðarhætti. Engu þessara atriða er til að dreifa. Hinn fáránlegi skömmtunarseðill, sem samkvæmt áprentun tekur gildi 1. október 1947, ber þess ljósan vott, að hvorki hefur íhygli né hagsýni átt hlut að samsetningu hans. Þar örlar varla á heilbrigðri skynsemi né nokkurri þekkingu erlendrar reynslu eða íslenzkra erfðavenja, lifnaðar-, atvinnu- og staðhátta. Handahófið eitt virðist hafa ráðið mestu um fyrirkomulag skömmtunarinnar, og svo er ambögubátturinn ótrúlega mikill, að að manni hvarflar, hvort hér sé ekki vitandi vits til verks gengið, og sé svo, þá hefur vissulega tekizt að ná settu marki, því kerfið hefur þegar sýnt sig að vera ónothæft, auk þess sem ósanngirnin, er í því felst í garð ýmissa þjóðfélagsþegna, er svo mikil, að óviðunandi er með öllu. Má í því sambandi benda á benzínskömmtunina, sem óhjákvæmilega rýrir atvinnumöguleika bílstjóra á vöru- og leigubílum, en fyrirmunar læknum í víðáttumiklum héruðum og bæjum að sinna sjúklingum sínum sem skyldi, meðan benzíni er eytt

í einkabíla til smásnatts, skemmtiaksturs og óþurftarerils innan bæjar og utan. Hvort tveggja þarf leiðréttingar við, eins og raunar flest skömmtunarákvæðin. Klaufaháttur fyrirkomulagsins er ef til vill augljósastur, er að hinum ódeilanlega stofnauka nr. 13 kemur, sem heimilar innkaup karla á alfatnaði eða yfirhöfn, en kvenna á tveim kjólum eða kápu, er kaupast verður í senn á sama stað. Ólíkt hagkvæmara væri öllum, er í hlut eiga, að hafa þann stofnauka í fleiri reitum, og mætti svo skipta gildi reitanna niður á þann veg, að þeir allir til samans heimiluðu kaup áðurgreinds fatnaðar, en ella mætti fá fyrir hvern reit um sig færri eða fleiri flíkur eða fatahluta (pils, buxur, peysur, vesti, jakka, blúsur o. s. frv.) og á þann veg, að tekið væri tillit til vörugæða og útheimtu þau, er veigameiri eru, fleiri reiti, með þeirri undantekningu þó, að fatnaður unninn úr íslenzku efni sé ávallt auðfengnari en hinn, sem inn er fluttur, ef þeirri fjarstæðu verður þá framfylgt að tefja sölu íslenzkra ullarafurða innanlands. Ég hef nefnt þetta dæmi um stofnauka nr. 13 til að sýna, að auðveldlega má færa skömmtunina í heppilegra horf, jafnvel þótt núverandi úthlutunarmagn yrði ekki aukið, sem þó er óhjákvæmilegt, að gert sé í þeim tilfellum, er innkaupaheimildin er bersýnilega of lág, en svo geta aðstæður manna verið ólíkar, að einum nægi ekki það, sem öðrum er ofrausn, og ber vitanlega að taka fullt tillit til slíks. Þannig mun t. d. allur reitafjöldi B-liðsins hrökkva þeim skammt, er koma vilja upp nýju heimili eða undirbúa aðkomu nýs þjóðfélagsþegns. Þegar svo stendur á, verður að krefjast ákveðinnar aukaheimildar, sem veitt sé undandráttar- og skriffinnskulaust. Svipuðu máli gegnir um hlífðarflíkur fyrir þá, sem fatafreka atvinnu stunda, eða börn á leikaldri. Yfirleitt má segja, að B-liður skömmtunarkerfisins sé hvort tveggja í senn of víðtækur, en þó svo naumur, að innkaupaheimild sú, er hann hefur að geyma, kemur þeim ekki að notum, sem raunverulega þurfa hennar við, og gjalda þeir þar þeirra, ef til vill, sem of seinir urðu fyrir til að fylgja ábendingum frá æðri stöðum um hamstur, en báru sig samt eftir björginni og skömmtuðu sér úttektina sjálfir í september. En jafnvel þótt innkaupaheimild B-reitanna og M-flokksins raunar líka (hreinlætisvörur, nánasarlega naumar) væri hæfilega há, kæmi það neytendum að litlum notum, þegar varan er ófáanleg, en svo hefur verið um alllangt skeið, bæði að því er áhrærir ýmiss konar nauðsynjar (sápa, þvottaefni, rúmfatnaður, ungbarnaföt, barnasokkar og skór og ótal margt fleira), sem mannlegum hömstrurum verður ekki einum um kennt, heldur hinum afglapalega innflutningi, sem undanfarið hefur verið einna áþekkastur því, er aflasæll en útúrdrukkinn maður ráfar á lokadaginn milli verzlana og kaupir upp aftur og aftur alls konar óþarfa, leikföng, skran og skartgripi, en gleymir hinu, sem heimili hans vantar og má ekki án vera. Um innflutninginn mun ég annars ekki orðlengja að sinni, en vil ekki láta hjá líða að árétta skyldu ríkisvaldsins til að sjá þjóðinni fyrir þurftarvörum og annast um réttláta skiptingu þeirra, um leið og vakin er athygli á hinni miklu slysahættu, sem hlýtur að fylgja sápugerð úr vítissóda og því um líku í heimahúsum, að ótöldum þeim hörundskvillum, sem af illa þvegnum þvotti leiðir, og ómenningunni, sem óhreinlæti er samfara. Þá verður og ekki hjá því komizt að benda á, að kornvöruskammtur þeirra, er erfiðisvinnu stunda, verður að aukast allverulega. Kornvöruskammturinn er í naumasta lagi, um 163 grömm á dag, en það nægir þeim einum, er lítið hafa fyrir. Auk þess er fyrirkomulag reitanna þannig, að meiri og minni innkaupaheimild fer í súginn þegar t. d. brauð eru keypt. Til blóðmörs- og lifrarpylsugerðar í heimahúsum nægir hinn skammtaði mjölmatur alls ekki, og er illa farið, ef slíkt kjarneldi hverfur af matborði þjóðarinnar, því engum vafa er það undirorpið, að súrt slátur hefur átt drjúgan þátt í að viðhalda lífi og heilsu Íslendinga á öldum áður, og mjög misráðið væri að kasta slíkri heilsugjöf á glæ. Að lokum vil ég benda á nauðsyn þess, að mjólk og feitmeti sé skammtað svo og nýir ávextir, ef ríkisstjórnin skyldi taka til greina þingsályktun þá um innflutning þeirra, sem samþykkt var hér á Alþingi í fyrra.

Sþ. 9. Tillaga til þingsályktunar

um skipulagða markaðsleit fyrir hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar, með samstarfi við eigendur hraðfrystihúsanna í landinu, gagngerðar og skipulagsbundnar tilraunir til að selja hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum.

Greinargerð.

Fyrir einu ári flutti ég tillögu þá, sem nú liggur fyrir, og var hún þá þriðja þingmálið. Málið fór til nefndar og beið þar í níu mánuði eftir þingslitum. Framan af þingtímanum trúðu margir þingmenn á, að öruggur og góður markaður biði íslenzkra framleiðenda í Austurlöndum. Var ábyrgð sú á bátafiskinum, sem virðist líkleg til að baka ríkissjóði 50 milljóna útgjöld í ár, tekin í þeirri trú, að Rússar mundu kaupa nálega alla framleiðsluna háu verði. Þetta urðu vonbrigði þeim mönnum, sem verið höfðu bjartsýnastir. Eftir fjögurra mánaða bið í Moskvu, tókst að koma út nokkru af hraðfrysta fiskinum, með því eina móti að láta fylgja fiskinum enn meira magn af lýsi, sem þó varð að fella stórlega í verði til að losna við fiskinn. Er slík verzlun hin hörmulegasta og ekki til frambúðar, eftir að fram úr raknar með feitmeti á heimsmarkaðinum. Verzlunarmátinn auk þess sá, að Rússar hækkuðu timbrið til Íslands um nálega helming frá í fyrra.

Nú er svo komið, að Íslendingar verða að fá frá Bandaríkjunum svo að segja alla kornvöru, olíu, verkvélar, fataefni og mestallar byggingarvörur, ef frá er talið óunnið timbur. Svo mjög eru Bandaríkin orðin birgðaskemma Norðurálfunnar, að þangað verður að sækja kol og flest, sem heyrir til daglegra þarfa, en engin þjóð nun í þessum efnum meira háð innflutningi vestan um haf en Íslendingar. En þessi verzlun er í raun og veru að stöðvast af gjaldeyrisskorti, af því að við höfum vanrækt að hefja skynsamlegan útflutning til Bandaríkjanna.

Íslendingar eiga nú og á næstu árum um tvo frjálsa sölumöguleika að ræða: ísvarinn fisk, aðallega úr togurum, til Bretlands og hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum. Til lengdar mun markaðurinn í Bretlandi varla öruggur, þar sem neyðarástand ríkir í landinu og stjórnarvöldin ætla á fáum árum að efla veiðiskipaflota sinn svo, að Bretar þurfi lítt að sækja til annarra í þeim efnum. Þar sem Bretar eru miklir skipasmiðir og sjómenn með afburðum, er lítill vafi á, að þeim muni takast að framkvæma þessi áform. Bandaríkin eru eina stórþjóð í heiminum, sem hefur fullkomna kælitækni: Stór geymsluhús í borgunum, járnbrautarvagna, bíla, búðir og heimilageymslur, allt búið fullkomnum frystitækjum. Í Rússlandi, Póllandi, Balkanlöndum, Tékkóslóvakíu, Þýzkalandi og Frakklandi skortir hvarvetna kælitækni til að geta notfært sér hraðfrysta fiskinn á skynsamlegan hátt. Auk þess eru flest þessi lönd eyðilögð af hörmungum styrjaldarinnar og fjárhagur þeirra og viðskiptalíf allt í rústum. Þeir, sem verzla við þessi lönd, verða jafnaðarlega að lána sína framleiðslu og fá að lokum uppsprengdar vörur sem greiðslu. Þekkir íslenzka verzlunarstéttin nú þegar þessi ókjaraviðskipti og á ekki að una þeim lengur. Í þessum efnum eru Bandaríkin eina úrræðið. Í miðríkjunum er óhemju markaður fyrir hinn góða hraðfrysta fisk, og sá markaður getur verið öruggur, ef varan er vönduð. Á þessum markaði verður að keppa við Kanadamenn og Norðmenn. En sú keppni á ekki að vera hættuleg. Þessar þjóðir eru á háu menningarstigi, og almenningur í þessum löndum hefur eins góð lífskjör og frekast má búast við, að nútímaþjóðir búi við. Hér við land eru góð fiskimið, ágætur fiskur, vaskir sjómenn, mörg og góð hraðfrystihús og allmikil verktækni við þessa framleiðslu. Okkur vantar frjálsan, stóran markað, og hann er til í Bandaríkjunum. Við þurf-

um að koma á fót fullkomnu sölu- og dreifingarkerfi í Vesturheimi. Til þess þarf í fyrstu nokkurt fé úr ríkissjóði og aðstoð stjórnarvalda og sölufyrirtækja, sem ná til fólks um öll Bandaríkin. Allt hefur þetta verið vanrækt undanfarin ár, meðan tálvonir um markað í hungurlöndunum villtu sýn framleiðendum, þingi og stjórn. Nú ætti sú hula að vera fallin frá sjónum manna. Veruleikinn er sá, að íslenzka þjóðin verður um óákveðinn tíma að sækja til Ameríku flestar sínar nauðsynjar, ætar og óætar. Hins vegar höfum við nálega ekkert til að borga með vestan hafs. Verzlun landsins bæði hjá kaupfélögum og kaupmönnum er að falla í dá eða verða vanskapningur, með þeim hætti að verzlanir landsins verða að flytja til landsins rándýrar og oft lítt þarfar vörur, til að landsmenn fái eitthvað fyrir fiskinn og lýsið, sem búið er að afhenda einhverri stríðsþjóð með neyðarsölu.

Það mál, sem hér er borið fram, er undirstaða íslenzkrar viðreisnar. Þjóðin hefur lagt fram stórkostlega mikla fjármuni til að geta framleitt góðan hraðfrystan fisk. Stór og öruggur markaður er hvergi nema í Bandaríkjunum. Þar vantar Íslendinga gjaldeyri, svo að til vandræða horfir. Þar má selja allan okkar hraðfrysta fisk. En til þess þarf átak, marga sölumenn og auglýsingastarfsemi. Norðmenn og Kanadamenn lifa góðu lífi á þeim tekjum, sem þeir fá fyrir sinn fisk í Bandaríkjunum. Við höfum enga skynsamlega ástæðu til að halda, að okkar bíði útvalinn markaður ofan við heimsmarkaðinn. Við eigum að geta setið við sama borð í þeim efnum og þær úrvalsþjóðir, sem þar þarf að keppa við.

Með því eina móti að ganga hiklaust inn á þá braut að skapa Íslendingum varanlegan markað í Bandaríkjunum er hægt að bæta úr gjaldeyrishörmungunum, gera íslenzka verzlun frjálsa og bægja vöruskorti frá íslenzkum heimilum. Það er æskilegt, að þeir þingmenn, sem skildu ekki mikilvægi þessa máls í fyrra og hindruðu framgang þess á því þingi, taki það nú til nýrrar og betri athugunar, því að nú er svo komið, að þörf almennings krefst þeirrar úrlausnar, sem hér er mælt með.

Sþ. 10. Tillaga til þingsályktunar

um varnir gegn dýrtíðinni í landinu.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að safna nú þegar, með aðstoð íslenzku sendisveitanna í Englandi og á Norðurlöndum, nákvæmum skýrslum um kaup og kjör verkamanna, iðnaðarmanna og starfsmanna ríkis og bæja í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Englandi. Jafnframt þessu skal í sömu löndum safna heimildum um söluverð á innlendum markaði á allri framleiðslu til daglegra þarfa, svo og um jarða- og húsaleigu, skatt til ríkis og bæja af venjulegum þurftartekjum, svo og aðra liði, sem hafa áhrif á laun, kaupgjald og dýrtíð í framangreindum löndum. Þegar ríkisstjórnin hefur fengið í sínar hendur þessar heimildir, skal finna meðaltal af kaupgjaldi og launum við almenn störf í landinu, svo og meðaltal á dýrleika framleiðsluvaranna í landinu, og leitast við með samningagerð og löggjöf að koma á sem allra fyrst hér á Íslandi því skipulagi, að laun, kaupgjald og söluverð á íslenzkri framleiðslu innanlands verði í jafnhæð við samskonar útgjöld í framangreindum fjórum grannlöndum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á öndverðu þingi 1946. Hún var miðuð við, að þing og þjóð vildi feta niður dýrtíðarstigann og geta keppt við nábúalöndin um heilbrigða framleiðslu. Á þeim tíma voru kommúnistar í landsstjórninni og mörkuðu stefnu

Alþingis í málinu. Ríkið gekk í ábyrgð, sem mun kosta landssjóð allt að 50 milljónum króna á þessu ári. Með þeirri ráðabreytni var hægt að fresta göngunni niður stigann um nokkra mánuði. En nú er svo komið, að ekki verða samin fjárlög eða siglt fram hjá gjaldþrotskerinu, nema með því að lækka laun, kaup og afurðaverð á sama hátt og þessir liðir hækkuðu, þegar dýrtíðin var að myndast. Meðan forráðamenn þingsins trúðu á síhækkandi dýrtíð, mátti segja, að það væri óþarft að vita um ástandið í dýrtíðarmálum þeirra þjóða, sem við verðum að keppa við, enda var tillaga þessi vandlega svæfð í fyrravetur. Nú verður óhjákvæmilegt að láta þjóðina vita um þann gífurlega mun, sem er á tilkostnaði við framleiðsluna og stjórn ríkis og bæja hér á landi í samanburði við grannlöndin. Eftir fáa daga liggur við borð, að til framkvæmda komi allsherjar atvinnustöðvun í landinu, af því að þjóðin er ósamþykk um, hvað rétt sé að greiða fyrir unnin störf og framleiðslu. Íslenzka þjóðin hefur engar glöggar heimildir um ástand dýrtíðarmálanna í þeim löndum, sem raunverulega ráða því að leikslokum, hvaða lífskjör menn verða að sætta sig við á Íslandi. Við getum ekki lifað eyðslumeira lífi en hinar Norðurlandaþjóðirnar og Bretar. Ef við reynum þann hættulega leik að eyða meira en við öflum, mun krónan verða að fimmeyringi, líka gagnvart annarri mynt, og þjóðin sett undir fjármálaeftirlit einhverrar valdameiri þjóðar. Þá mun kaup og kjör verða fært niður í hlutfalli við það, sem landið framleiðir af verðmætum, og mundi þá lítt farið eftir óskum þeirra, sem mest hafa verið til fyrirstöðu eðlilegri lausn dýrtíðarmálsins á undangengnum árum. Það má sjá fyrir stefnu og strauma í dýrtíðarmálinu á því, hvort þjóðin fær að vita hið sanna um samkeppnishæfni Íslendinga í framleiðslumálum, miðað við keppinauta, eða hvort reynt verður, eins og hingað til, að leyna þjóðina þeim voða, sem yfir henni vofir, ef hún varðveitir ekki frelsi sitt og sjálfstæði í atvinnumálum.

Sþ. 11. Tillaga til þingsályktunar

um, að ríkisstjórnin gefi Alþingi nú þegar skýrslu um, hvaða rannsóknir og mælingar hafa verið framkvæmdar af erlendu félagi í Þjórsá og hvað þær mælingar og rannsóknir hafa leitt í ljós.

Frá Einari Olgeirssyni.

Alþingi ályktar, að ríkisstjórnin skuli nú þegar gefa Alþingi skýrslu um, hvaða mælingar og rannsóknir hafa verið framkvæmdar af hálfu erlends hlutafélags í Þjórsá og hvað þær rannsóknir hafa leitt í ljós, bæði hvað snertir orku hennar og efni, sem kunna að hafa fundizt þar. Einnig um hvort samningar hafi nokkrir farið fram við hið erlenda félag.

Greinargerð.

Erlent auðfélag — að líkindum hinn brezki aluminíumhringur — mun hafa fengið leyfi til þess að láta mæla og rannsaka Þjórsá, virkjunarskilyrði þar o. fl. Talið er, að þessum rannsóknum sé nú lokið.

Alþingi á kröfu á því að fá að vita nú þegar, hvað mælingar þessar og rannsóknir hafa leitt í ljós, því að vafalaust eru þær ríkisstjórninni þegar kunnar.

Alkunna er, að íslenzka þjóðin er því andvíg, að nokkru erlendu auðfélagi séu veitt sérréttindi á landi voru. Er þess því full þörf, að Alþingi gæti þess í tíma, að ríkisstjórnin að því forspurðu gangi eigi svo langt í samningum við erlent auðfélag, að eigi verði aftur snúið. Því er þessi þingsályktunartillaga fram komin, til þess að Alþingi gefist kostur á að koma í veg fyrir, að farið verði að hefja samninga við erlent auðfélag um sérréttindi á landi voru, ef hætta væri á slíku.

Nd. 12. Frumvarp til laga

um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Bannað er að flytja úr landi eða til landsins íslenzka peningaseðla og skiptimynt, og enn fremur íslenzk skuldabréf og hvers konar skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í íslenzkum gjaldeyri.

Landsbanki Íslands getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá banninu á útflutningi og innflutningi skuldabréfa.

2. gr.

Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, mega hafa meðferðis til útlanda allt að 50 kr. í erlendum gjaldmiðli (seðlum eða skiptimynt), enda sýni þeir tollyfirvöldum skilríki fyrir því, að gjaldmiðilsins hafi verið aflað á löglegan hátt.

3. gr.

Hver sá, sem til landsins kemur frá útlöndum, skal gefa tollyfirvöldunum skriflega, sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri (peningaseðla, skiptimynt, ávísanir í erlendum og íslenzkum gjaldeyri, hvers konar skuldabréf o. s. frv.) hann hafi í fórum sínum. Erlendir peningaseðlar og erlend skiptimynt, sem menn flytja til landsins, skal afhent útlendingaeftirlitinu, sem skilar fénu til Landsbanka Íslands. Það, sem afgangs kann að verða af fé, sem einstaklingar frá útlöndum á þennan hátt geyma í Landsbankanum, meðan þeir dvelja hér, fá þeir afhent við brottför sína frá landinu.

Einstaklingar, sem búsettir eru erlendis, skulu við komu sína til landsins undirrita drengskaparyfirlýsingu um, að þeir muni aðeins eiga gjaldeyrisviðskipti við þá banka, sem hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri. Jafnframt skulu þeir skuldbinda sig til að semja ekki við hér búsetta aðilja um það, að fá íslenzkan gjaldeyri eða uppihald hér gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri eða gegn nokkurs konar öðru endurgjaldi.

4. gr.

Hver sá, sem fer af landi burt, skal gefa tollyfirvöldunum skriflega, sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri hann hafi meðferðis. Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, skulu við brottför af landinu jafnframt undirrita drengskaparyfirlýsingu um það að semja ekki við erlenda aðilja um að fá erlendan gjaldeyri eða uppihald erlendis gegn greiðslu í íslenzkum gjaldeyri, eða gegn nokkurs konar öðru endurgjaldi.

5. gr.

Við tollskoðun er heimilt, þyki nauðsyn bera til, að láta fara fram rannsókn, bæði á farþegum og farangri, til að tryggja, að ekki séu brotin ákvæði laga þessara eða reglugerðar, sem sett kynni að verða samkvæmt þeim.

6. gr.

Með reglugerð setur ráðherra nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, ef hann telur þess þörf.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerð, sem sett er samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. krónum.

8. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, skal fara með að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að herða á eftirliti með útflutningi og innflutningi á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Bannað er að flytja úr landi eða til landsins íslenzka peningaseðla og skiptimynt, og enn fremur íslenzk skuldabréf og hvers konar skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í íslenzkum gjaldeyri.

Landsbanki Íslands getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá banninu á útflutningi og innflutningi skuldabréfa.

2. gr.

Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, mega hafa meðferðis til útlanda allt að 50 kr. í erlendum gjaldmiðli (seðlum eða skiptimynt), enda sýni þeir tollyfirvöldum skilríki fyrir því, að gjaldmiðilsins hafi verið aflað á löglegan hátt.

3. gr.

Hver sá, sem til landsins kemur frá útlöndum, skal gefa tollyfirvöldunum skriflega, sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri (peningaseðla, skiptimynt, ávísanir í erlendum og íslenzkum gjaldeyri, hvers konar skuldabréf o. s. frv.) hann hafi í fórum sínum. Erlendir peningaseðlar og erlend skiptimynt, sem menn flytja til landsins, skal afhent útlendingaeftirlitinu, sem skilar fénu til Landsbanka Íslands. Það, sem afgangs kann að verða af fé, sem einstaklingar frá útlöndum á þennan hátt geyma í Landsbankanum, meðan þeir dvelja hér, fá þeir afhent við brottför sína frá landinu.

Einstaklingar, sem búsettir eru erlendis, skulu við komu sína til landsins undirrita drengskaparyfirlýsingu um, að þeir muni aðeins eiga gjaldeyrisviðskipti við þá banka, sem hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri. Jafnframt skulu þeir skuldbinda sig til að semja ekki við hér búsetta aðilja um það, að fá íslenzkan gjaldeyri eða uppihald hér gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri eða gegn nokkurs konar öðru endurgjaldi.

4. gr.

Hver sá, sem fer af landi burt, skal gefa tollyfirvöldunum skriflega, sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri hann hafi meðferðis. Einstaklingar,

sem búsettir eru hér á landi, skulu við brottför frá landinu jafnframt undirrita drengskaparyfirlýsingu um það að semja ekki við erlenda aðilja um að fá erlendan gjaldeyri eða uppihald erlendis gegn greiðslu í íslenzkum gjaldeyri, eða gegn nokkurs konar öðru endurgjaldi.

5. gr.

Við tollskoðun er heimilt, þyki nauðsyn bera til, að láta fara fram rannsókn, bæði á farþegum og farangri, til að tryggja, að ekki séu brotin ákvæði laga þessara eða reglugerðar, sem sett kynni að verða samkvæmt þeim.

6. gr.

Með reglugerð setur ráðherra nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, ef hann telur þess þörf.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerð, sem sett er samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. krónum.

8. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, skal fara með að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavik, 3. september 1947.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.

Nd. 13. Frumvarp til laga

um viðauka við lög um Landsbanka Íslands nr. 10 15. apríl 1928.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. komi:

Meðan bankinn nýtur undanþágu þeirrar, sem ræðir um í 64. gr., þarf þó eigi að telja til frádráttar lán bankans, er ræðir um í lögum nr. 10 31. maí 1927, eða lán þau, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til septemberloka 1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna ákvæða í 8., 9. og 64. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, sé nauðsynlegt nú að setja eftirfarandi viðaukaákvæði. Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. komi:

Meðan bankinn nýtur undanþágu þeirrar, sem ræðir um í 64. gr., þarf þó eigi að telja til frádráttar lán bankans, er ræðir um í lögum nr. 10 31. maí 1927, eða lán þau, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til septemberloka 1952.

Gjört í Reykjavík, 3. september 1947.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.

Nd. 14. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Fyrri málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Stjórn hverrar vinnumiðlunarskrifstofu skal skipuð 5 mönnum. Þrír þeirra skulu kosnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn með hlutfallskosningu, einn útnefndur af verklýðsfélagi eða fulltrúaráði verklýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, ef til er í kaupstaðnum, og einn af félagi atvinnurekenda þar á staðnum. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Nú er vinnumiðlunarskrifstofa stofnuð í kaupstað, þar sem ekki starfar verkalýðsfélag innan Alþýðusambands Íslands eða félag atvinnurekenda, og skipar atvinnumálaráðherra þá menn í þeirra stað í stjórnina. Sama gildir og, ef einhver þeirra aðila, sem nefndir eru í grein þessari, tilnefnir ekki fulltrúa af sinni hálfu í stjórn vinnumiðlunarskrifstofu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skulu viðkomandi aðilar kjósa og tilnefna menn í stjórn vinnumiðlunarskrifstofa til næstu þriggja ára.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi og hlaut þá samþykki þessarar háttvirtu deildar. En sökum þess, hve áliðið var orðið þings, er það kom til Ed., og annir þá miklar, dagaði það þar uppi í nefnd.

Frv. fylgdi á síðasta þingi svo hljóðandi greinargerð:

„Breytingar þær, sem gerðar eru með frv. þessu á gildandi lögum um vinnumiðlun, eru þær einar, að lagt er til, að hlutaðeigandi bæjarstjórnir kjósi 3 menn af 5 í stjórn vinnumiðlunarskrifstofu í stað tveggja eftir núgildandi ákvæðum. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau, að vinnumiðlunarskrifstofur eru fyrst og fremst bæjarstofnanir. Bæjarsjóðir bera af þeim ⅔ hluta kostnaðar, og starfsemi þeirra er algert bæjarmál. Það er þess vegna eðlilegt og sjálfsagt, að bæjarstjórnir kjósi meiri hluta stjórnar slíkra stofnana. Þróunin virðist nú einnig benda í þá átt, að æskilegt sé að gera starfsemi bæjarfélaganna og stofnana þeirra óháðari ríkisvaldinu. Samþykkt frv. þessa væri þáttur þeirrar eðlilegu þróunar."

Nd. 15. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

1. gr.

Við 45. gr. laganna bætist: Sama rétt á íþróttafólk, sem talið er í niðurlagi 46. greinar, og vandamenn þess.

2. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 46. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Allir, sem taka þátt í íþróttaiðkunum, hvort er heldur æfingum eða keppni og orðnir eru 16 ára, skulu tryggðir á sama hátt og launþegar.

3. gr.

Aftan við 1. málsgr. 114. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Íþróttafélög greiða iðgjöld fyrir íþróttafólk. Nánari ákvæði um það skal setja í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þessu samhljóða flutti ég á síðasta þingi, en það náði þá ekki fram að ganga. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Breytingar þær, sem gert er ráð fyrir með frumvarpi þessu á almannatryggingunum eru þær, að allir íþróttaiðkendur komi inn undir lögin og njóti stuðnings, ef slys verður, svo sem sjúkrakostnaðar og dagpeninga.

Eins og flestum, er til þekkja, mun vera kunnugt, koma oft fyrir slys við íþróttaæfingar og íþróttakeppni, án þess að um verði kennt óaðgætni eða slæmum útbúnaði íþróttatækja. Þeir, sem íþróttir stunda, eru oftast ungt fólk og oftast félítið.

Augljóst er, hversu erfitt er fyrir þetta fólk að mæta skakkaföllum, er það verður fyrir, svo sem eins og þeim að verða lengri eða skemmri tíma frá verki vegna slyss við íþróttaiðkanir. Um sanngirni þess, að íþróttaiðkendur njóti ákvæða al-

mannatryggingalaganna um slysabætur, ætti eigi að vera þörf að rita langt mál eða leiða fram mörg rök fyrir því. Almenningur og Alþingi hafa nú viðurkennt hið þjóðnýta starf íþróttastarfseminnar í landinu, — almenningur með vakandi áhuga og skilningi fyrir íþróttahreyfingunni og Alþingi með því að verja allt að milljón krónum árlega úr ríkissjóði til byggingar á íþróttamannvirkjum.

Vænta má því, að frumvarp þetta mæti velvild og skilningi á nauðsyn þess, að slíkar tryggingar komist á, þar sem, eins og áður segir, flestir viðurkenna nú orðið gildi íþróttanna fyrir uppeldi og hreysti æskunnar í landinu.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ráðin bót á því öryggisleysi, sem ríkt hefur fyrir það fólk, er iðkað hefur íþróttir, og orðið við sanngjörnum og eðlilegum kröfum íþróttasamtakanna."

Ed. 16. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 34 23. apríl 1947.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

Á 2. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

a. Í stað „til Sandgerðis" í A. 2 kemur: um Sandgerði að Stafnnesvita.
b. Aftan við A. 3 bætist: og frá Járngerðarstaðahverfi um Þorkötlustaðahverfi að Hrauni.
c. c) Við A. 32. Í stað „að Hábæ í Þykkvabæ" í A. 32 kemur: um Miðkot að Unhól í Þykkvabæ.
d. d) Við B. 14. Í stað „Reykholtsdalsvegi" í B. 14 kemur: á Borgarfjarðarbraut í Reykholtsdal.
e. Liðinn B. 21 skal orða svo:
Hvítársíðuvegur: Af Kleifavegi inn Hvítársíðu að Fljótstungu.
f. Á eftir B. 21 kemur nýr liður, er verður B. 22 (og breytast liðatölur á eftir samkvæmt því):
Hálsasveitarvegur: Frá Hvítársíðuvegi nálægt Bjarnastöðum yfir brú á Hvítá og á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti.
g. Liðinn B. 46 skal orða svo:
Kaldrananesvegur: Af Reykjarfjarðarvegi í Bjarnarfirði að Kaldrananesi.
h. Í stað „að Árnesi" í B. 47 kemur: um Árnes að Eyri í Ingólfsfirði.
i. Í stað „að Gemlufalli við Dýrafjörð" í B. 54 kemur: að ferjustað við Dýrafjörð undan Gemlufalli.
j. Í stað „að Sveinseyri" í B. 66 kemur: um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
k. Í stað „yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá" í C. 7 kemur: að Ásbrekku og yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá.
l. Í stað „Tungusveit" í C. 14 kemur: Goðdali.
m. Í stað „Ríp" í C. 17 kemur: um Ríp að Eyhildarholti.
n. Í stað „að Sandvík í Bárðardal" í C. 37 kemur: um Sandvík að Bjarnastöðum.
o. Í stað „Fossi" í D. 8 kemur: Lagarfossi.
p. Í stað „og Fagradalsbraut í Reyðarfirði" í D. 19 kemur: á Fagradalsbraut innan við Búðareyri.

Greinargerð.

Breytingartillögur þær við vegalögin, sem hér eru fluttar, voru fluttar í efri deild, er vegalögin voru þar til umræðu á síðasta þingi, en fengust ekki samþykktar vegna þess, að því er sagt var í umræðum, að menn vildu ekki svo seint á þingi senda lögin milli deilda. Þess vegna eru þær nú fluttar í byrjun þings, og ætti þá

að vinnast tími til að láta þær ganga formlega gegnum þingið. Um brtt. þessar skal þetta sagt:

a. Lagt er til að lengja þjóðveginn frá Sandgerði að Stafnnesvita. Þetta eru tæpir 9 km, og liggur vegurinn um þéttbyggða sveit.
b. Lagt er til, að tvö byggðahverfi á sunnanverðu Reykjanesi komist í akvegasamband, og er þetta meðal annars nauðsynlegt vegna flutninga á björgunartækjum, en skipskaðar eru alltíðir fyrir sunnanverðu Reykjanesi og því nauðsynlegt, að hægt og fljótlegt sé að flytja björgunartæki á landi, en það má heita illgerlegt nú. Lenging vegakerfisins er sem næst 3 km.
c. Lagt er til að lengja akveginn, sem nú endar í Hábæ, að Unhól, eða um 3,5 km, en við það komast margir bæir, sem daglega þurfa að senda frá sér mjólk, í akvegasamband.
d. Er leiðrétting á prentvillu.
e. Hvítársíðuvegurinn er lengdur um ca. 14 km og látinn ná að fremsta bæ sveitarinnar, en þar taka við fjallvegir norður yfir Grímstungu, Tvídægru og Stórasand, sem með þessu tengdust vegakerfinu. Auk þess kemur hann nokkrum bæjum, sem daglega þurfa að senda frá sér mjólk, í vegasamband.
f. Nú er svo ákveðið, að vegur liggi yfir Hvítá á brú undan Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási. Hér er lagt til, að þessi vegur verði kallaður Hálsasveitarvegur og hann látinn ná alla leið á Borgarfjarðarbraut hjá Reykholti.
g. Er nánast leiðrétting á prentvillu.
h. Lagt er til, að Reykjarfjarðarvegur verði ekki látinn enda í Árnesi, heldur framlengdur um 6 km og látinn enda í Ingólfsfirði, en þar er nú komin síldarverksmiðja og er að rísa þar upp þorp, sem vitanlega á að tengja við akvegakerfi landsins.
i. Bílferja hefur verið sett yfir Dýrafjörð milli Þingeyrar og Gemlufalls, og liggur þá í augum uppi, að nauðsyn ber til að láta þjóðveginn enda við ferjustaðinn, en ekki heima á Gemlufalli, og er lagt til, að þannig verði þessu breytt, enda mun það nú hafa verið framkvæmt þannig, þó að lög mæli ekki svo fyrir.
j. Lagt er til, að veginum frá Sveinseyri að Stóra-Laugardal verði hér bætt í þjóðvegatölu, en hann er ca. 4 km.
k. Nú er ekki ákveðið, hvort brú á Vatnsdalsá kemur framan eða utan við Ásbrekku. Ásbrekka er orðinn samkomustaður Vatnsdælinga, og með breytingunni er því slegið föstu, að þó brú á Vatnsdalsá verði sett utar í dalnum, þá skuli þjóðvegur samt vera að Ásbrekku.
l. Ekki er ákveðið, hvar Héraðsvötn eða Jökulsárnar verði brúaðar í fram-Skagafirði. Vegna þessa er því slegið föstu með tillögunni, að þó þau eða þær verði brúaðar utan Goðdala, þá skuli þjóðvegur ná þangað frameftir.
m. Með tillögunni er lagt til, að þjóðvegurinn verði lengdur frá Ríp að Eyhildarholti, en þar eru ferjustaðir bæði austur og vestur yfir Héraðsvötn. Þessi vegur hefur nú verið lagður fyrir lánsfé í sumar, og mun hreppurinn hafa staðið fyrir því, til þess að bæirnir frammi á Nesinu geti komið frá sér mjólk, hvað þeir þurfa að gera daglega, sérstaklega nú, eftir að þeir eru orðnir sauðlausir.
n. Með tillögunni er lagt til, að þjóðvegurinn fram Bárðardalinn endi ekki í Sandvík, eins og hann gerir nú, heldur á Bjarnastöðum.
o. Er leiðrétting.
p. Er leiðrétting.

Ed. 17. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Vátryggingarupphæð kynbótanauta og kynbótahesta, sem tryggðir eru samkv. 3. gr. a-lið, ákveður vátryggjandi. Þyki stjórn Brunabótafélagsins vátryggingarupphæðin óeðlilega há, getur hún leitað álits ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búgrein um málið, og ákveður hann þá vátryggingarupphæðina. Er ákvörðun hans bindandi fyrir báða aðila.

Vátryggingarupphæð gripa, sem eru tryggðir samkv. 3. gr. b-lið, ákveður vátryggjandi, og má það vera hæst tvöfalt skattmat, nema á kynbótahrútum, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sýningu, þar má það vera allt að áttföldu skattmati.

Vátryggingarupphæð gripa, sem tryggðir eru samkvæmt 4. gr., má vera tvöfalt skattmat, og þó allt að fimmföldu skattmati á karldýrum, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sýningum.

Eindagi á iðgjöldum er samtímis því, er tryggingar eru skráðar.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felldur V. kafli laga um búfjárrækt, nr. 32 8. sept. 1931.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk landbúnaðarráðherra, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja við það breytingar eða fylgja breytingum, er fram kunna að koma. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Með kynbótastarfsemi þeirri, er fram hefur farið á undanförnum áratugum, hafa komið fram stofnar í búfénu, sem taka fjöldanum mikið fram. Þetta hefur leitt til þess, að eftirspurn eftir skepnum af þessum stofnum er mikil og fyrir þær gefið hærra verð en aðrar skepnur, sem ekki eru valdar. Þegar karldýrið eldist og það sést gegnum afkvæmi þess, hvaða eiginleikar búa í því, er boðið í það margfalt verð miðað við venjulegar skepnur, og er þetta eðlilegt og sjálfsagt. Lögin mundu því verða lítið notuð, ef ekki mætti tryggja kynbótagripi hærra verði en tvöföldu skattmati, og er því gert ráð fyrir því með frumvarpi þessu að breyta lögunum svo, að vátryggjandi megi ráða, fyrir hvaða verð hann tryggir gripi sína, er um kynbótagripi er að ræða. Þyki stjórn Brunabótafélagsins vátryggingarupphæðin grunsamlega há, þá er í lagafrumvarpinu gert ráð fyrir, að hún geti leitað álits ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búfjárgrein. Þar sem viðkomandi ráðunautur þekkir hinn vátryggða grip og ætt hans allra manna bezt, er ákvörðun hans um vátryggingarupphæðina látin ráða.

Þær breytingar, sem hér er því lagt til, að gerðar verði á lögunum, eru afleiðing þess, hvernig kynbótastarfsemin er rekin hjá oss nú. Virðist ekki ástæða til að útskýra þörfina til breytinganna frekar.

Sþ. **18. Tillaga til þingsályktunar**

um viðbótarvirkjun í Soginu og í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að viðbótarvirkjunum í Soginu og í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu verði lokið svo fljótt, sem frekast má verða, og ekki síðar en haustið 1949. Í þessu skyni skal ríkisstjórnin sjá um, að veitt verði nægileg gjaldeyrisleyfi til að tryggja nauðsynlega aðstoð erlendra sérfræðinga við tæknilegan undirbúning virkjananna og fjárfestingarleyfi til framkvæmdanna. Enn fremur noti ríkisstjórnin án tafar heimild, er Alþingi veitti henni 24. maí s. l., til þess að festa kaup á vélum og efni til Laxárvirkjunarinnar.

Greinargerð.

Það er mjög aðkallandi nauðsyn, að umræddar virkjanir verði framkvæmdar svo fljótt, sem frekast er kostur á. Höfuðborg landsins ásamt Hafnarfirði fær meginhluta raforku sinnar frá Sogsvirkjuninni. Auk þess hafa nú verið tengdar við þá virkjun raforkuveitur um Reykjanes og um Árnes- og Rangárvallasýslur. Virkjunin er nú þegar yfirhlaðin, svo að taka verður strauminn af hinum nýju veitum þann tíma sólarhrings, sem rafmagnsnotkunin er mest. Að vísu mun verða bætt úr því í bili, ef eimtúrbínustöðin, sem Reykjavíkurbær er að byggja, verður fullger á þessu ári, eins og vonir standa til. En með þeirri hraðvaxandi rafmagnsnotkun, sem verið hefur í Reykjavík, mun þessi orkuaukning verða fullnotuð jafnvel þegar á fyrsta ári, þannig að á árinu 1949 verði aftur orðinn skortur á rafmagni til þeirra raforkuveitna, sem tengdar eru Sogsvirkjuninni.

Um Laxárvirkjunina er sömu sögu að segja. Orka hennar er þegar fullnotuð af Akureyrarkaupstað einum saman. Þó á nú að tengja við þessa virkjun orkuveitu til Húsavíkur og til Grenjaðarstaðahverfis. Auk þess hefur verið ákveðið að leggja háspennulínu frá Akureyri til sjávarþorpanna við Eyjafjörð. Nú fer raforkuþörf Akureyrarkaupstaðar hraðvaxandi, eins og Reykjavíkur, og er því augljóst, að til vandræða horfir, nema viðbótarvirkjun í Laxá verði framkvæmd á svo skömmum tíma, sem frekast er unnt.

Reykjavíkurbær hefur um hríð látið vinna að undirbúningi nýrrar virkjunar í Soginu. Þar sem um stórvirkjun er að ræða og framkvæmd hennar hugsuð með öðrum hætti en verið hefur hér á landi áður, hefur m. a. þótt nauðsynlegt að leita til erlends sérfræðings um tæknilegan undirbúning verksins. Mun nú vera nokkur hætta á, að þessi undirbúningur tefjist, vegna þess að ekki hefur verið veitt umbeðið gjaldeyrisleyfi, svo að hægt hafi verið að gera samning við hinn erlenda sérfræðing, um að hann gangi frá fullnaðaráætlunum um framkvæmd virkjunarinnar.

Raforkumálastjóri hefur látið vinna að undirbúningi viðbótarvirkjunar í Laxá. Mun þeim undirbúningi svo langt komið, að ákveða megi, hvernig virkjuninni skuli hagað, og hefur raforkumálastjóri sótt um fjárfestingarleyfi fyrir virkjuninni, miðað við framkvæmdir á árunum 1948 og 1949. Fjárfestingarleyfi hefur þó enn ekki verið veitt.

Nú er alkunna, að mjög langan tíma tekur að fá afgreiddar vélar og annað efni til byggingar slíkra orkuvera. Það má þess vegna engum tíma spilla í undirbúningi þessara mála, og fásinna ein — þrátt fyrir takmarkaðan gjaldeyri — að veita ekki nauðsynleg gjaldeyrisleyfi í þessu sambandi, eða að hika við fjárfestingarleyfi til jafnlífsnauðsynlegra hluta og hér er um að ræða.

Það hefur enn ekki verið ákveðið, hvort Akureyrarkaupstað, sem á orkustöðina við Laxá, verður veitt leyfi til nýrrar virkjunar, eða hvort ríkið verður eigandi framhaldsvirkjunar þar. En það atriði má ekki og þarf ekki að tefja fyrir því, að

hafizt verði handa um virkjunina, enda veitti Alþingi hinn 24. maí s. l. ríkisstjórninni heimild til þess að festa kaup á vélum og efni til virkjunarinnar og til að hefja verkið. Er nú með tillögu þessari ítrekað, að sú heimild skuli notuð.

Framkvæmd þessara virkjana hefur svo geysimikla þýðingu fyrir almannahag og afkomu heilla atvinnugreina, að óverjandi væri að láta óeðlilegan drátt verða á framkvæmdunum, enda mundi þá sá mikli skortur á raforku, sem þegar er og enn meira vofir yfir á allra næstu árum, valda miklum hluta þjóðarinnar hinum mestu vandræðum. Þykir flm. ástæða til, að Alþingi láti málið þegar til sín taka og leggi fyrir framkvæmdavaldið að greiða á allan hátt fyrir því, að virkjanirnar verði sem fyrst fullbúnar.

Sþ. 19. Tillaga til þingsályktunar

um fyrirkomulag benzínskömmtunar og um söluskatt af benzíni til einkabifreiða.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að þeim bifreiðaeigendum, sem ekki nota bifreiðar sínar í þágu framleiðslunnar eða í atvinnuskyni, verði gefinn kostur á að kaupa ákveðinn lítrafjölda benzíns við hækkuðu verði. Á það benzín verði lagður sérstakur söluskattur, sem renni í ríkissjóð.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til, að einkabifreiðaeigendum, sem ekki nota bifreiðar sínar í þágu framleiðslunnar eða í atvinnuskyni, verði heimilað að kaupa aukinn skammt af benzíni á hækkuðu verði. Á þessa verzlun verði síðan lagður hár söluskattur, sem renni í ríkissjóð.

Útsöluverð á benzíni í Reykjavík er nú 68 aura pr. lítra. Í innkaupi mun lítrinn hins vegar kosta ca. 17 aura. Samkvæmt tölum, sem fyrir liggja um fjölda einkabifreiða, má telja líklegt, að ef hámarkslítrafjöldi til slíkra bifreiða yrði ákveðinn 200 lítrar á mánuði, mundi benzínnotkunin aukast við það frá því, sem nú er ráðgert, um 500—600 þús. lítra á mánuði. Það þýðir aukna gjaldeyriseyðslu um ca. 100 þús. kr. á mánuði hverjum. Ef hið hækkaða verð yrði 2 kr. pr. lítra á 600 þús. lítrum, má gera ráð fyrir auknum tekjum af sölunni, er næmi allt að 900 þús. til einni millj. kr. á mánuði, eða 10—11 millj. kr. á ári. Þá upphæð telja flm. rétt, að ríkissjóður taki í sinn hlut með söluskatti.

Það, sem fyrst og fremst vakir fyrir flutningsmönnum með tillögu þessari, er að afla ríkissjóði, sem nú berst í bökkum, aukinna tekna á hagkvæman og sanngjarnan hátt. Hér er lagt til, að á óþarfa eyðslu sé lagður allþungur skattur. Að sjálfsögðu kemur ekki til greina að selja bifreiðaeigendum, sem vinna í þágu framleiðslunnar eða hafa bifreiðaakstur að aðalatvinnu, benzín við slíku verði. Hins vegar telja flm., að gera beri það, sem unnt er, til þess að tryggja þeim nægilegt benzín við réttu verði.

Nd. 20. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

Á eftir 2. málsgr. 1. liðar 12. gr. laganna kemur: Meðan fleiri eða færri vörutegundir eru háðar skömmtun til neytenda, skulu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til verzlana eða iðnfyrirtækja fyrir hinni skömmtuðu vöru vera í samræmi við afhenta skömmtunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. Komi í ljós, að verzlun eða iðnfyrirtæki hafi í byrjun skömmtunartímabils haft óeðlilega litlar birgðir, skal veita henni fyrirframleyfi eftir nánar tilteknum reglum.

Viðskiptamanni skal heimilt, ef verzlun eða iðnfyrirtæki hefur eigi nægilega mikið af tiltekinni skömmtunarvöru til að fullnægja eftirspurn, að afhenda verzluninni skömmtunarseðla sína og fela henni að annast útvegun vörunnar fyrir sig, enda ber þá að veita henni innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til þess.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti ég brtt. við frv. til laga um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Tillagan var á þskj. 769 og fjallar um hlutdeild samvinnufélaganna í heildarinnflutningi vefnaðarvöru, búsáhalda, skófatnaðar og byggingarefnis. Í eftirfarandi ræðu skýrði ég efni þeirrar tillögu:

„Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja skriflega brtt. við 12. gr. frv., og fjallar hún að efni til um innflutning samvinnufélaganna. Fer hún í þá átt, að ákveðið sé í l., að hlutdeild þeirra í heildarinnflutningi vefnaðarvöru, búsáhalda, skófatnaðar og byggingarefnis sé a. m. k. hin sama og þau hafa í matvöruinnflutningi á hverjum tíma, enda séu engar hömlur lagðar á matvörukaup þeirra.

Ástæðan til þess, að ég flyt þessa brtt., er fyrst og fremst sú, að á síðasta aðalfundi Sambands ísl. samvinnufélaga, sem haldinn var síðastl. sumar, var ýtarlega rætt um innflutningsmál kaupfélaganna. Að loknum þeim umr. var gerð samþykkt, sem gekk efnislega í þá átt, að aðalfundur Sambandsins lýsti því yfir, að hann teldi æskilegt, að innflutningur til landsins væri frjáls, svo að kaupfélögin gætu tekið þátt í frjálsri samkeppni um vörukaup við kaupmenn, og gerði það að kröfu sinni, sem brtt. mín fer fram á. Rökin fyrir þessari kröfu samvinnufélaganna eru augljós. Á undanförnum árum hefur innflutningur á matvöru verið ótakmarkaður, og þar hefur hver fengið það, sem hann hefur þurft og viljað. Sala kaupfélaganna á þessari vöru er því mælikvarðinn á það, hver vilji landsmanna er til þess að fylgja þessum samtökum, og eftir því, sem upplýst hefur verið af Sambandinu, sýnir það sig, að þessi vilji landsmanna er mikill. Það hefur komið í ljós, að Sambandið hefur flutt inn rúm 50% af öllu haframjöli og rúgmjöli, sem flutt var til landsins, af mjölsykri 45%, af strásykri 33%, en eins og ég hef áður tekið fram, hefur svo mátt heita, að innflutningur á þessum vörum hafi verið frjáls, sérstaklega á kornvöru, og þar hafa kaupfélögin fengið það, sem þau hafa viljað og þurft. Þetta virðist benda til þess, að um það bil helmingur landsmanna óski eftir því að eiga viðskipti við þessi samtök. Hins vegar kemur það í ljós, að innflutningur Sambandsins á vefnaðarvöru, búsáhöldum og annarri notavöru almennings er ekki nema ca. 14½%. Er því augljóst af þessum tölum, að mjög mikið vantar á það, að samvinnufélögin geti fullnægt eftirspurn meðlima sinna hvað þessar vörur snertir, enda er mér kunnugt um það, að hvar sem kaupfélög eru starfandi á landinu, eru sífelldar umkvartanir frá félagsmönnum um það, að þeir verði að leita til annarra verzlana til þess að kaupa búsáhöld, skófatnað og að nokkru leyti byggingarefni. Mér finnst ekki nema eðlilegt og réttmætt, að landsmenn ráði sjálfir, hverjum þeir vilja fela verzlun sína og við

hverja þeir vilja verzla. Þeir, sem vilja verzla við samvinnufélögin, þeim á að vera það heimilt; hinir, sem vilja annan hátt um þetta hafa, þeir um það. -- Ástandið í þessum málum þarf að breytast. Það má ekki hefta kaupfélögin í þessum efnum; það verður að gera þeim kleift að flytja inn vefnaðarvöru, búsáhöld og fleiri slíkar vörur engu síður en matvöru. Það eru og fleiri stoðir, sem undir þessa kröfu samvinnufélaganna renna, m. a. sú, að álagning á matvöru er svo lág, að það er rétt um það bil, að matvöruverzlun beri sig, en hins vegar er verulegur hagnaður að því að verzla með vefnaðarvöru, búsáhöld og skófatnað. Það er því ekkert réttlæti í því, ef innflutningsyfirvöldin haga sér áfram eins og hingað til, að láta kaupfélögin dreifa álagningarlægstu vörunni, þannig að þau fullnægi allt að helmingi landsmanna, en fái aðeins að fullnægja 7.—8. hluta af íbúatölu landsmanna hvað snertir álagningarhærri vörur. Vil ég leyfa mér að vænta þess, að hv. þd. líti með skilningi á þessa sanngjörnu kröfu kaupfélaganna og verði með þessari skriflegu brtt., sem ég flyt hér."

Þau rök, sem ég færði fyrir máli mínu í þessari ræðu, eru í einu og öllu í fullu gildi enn, og þarf engu við þau að bæta. Ekki gátu hv. stuðningsmenn ríkisstj. fallizt á að tryggja rétt kaupfélaganna með því að samþ. þessa till. mína; allir, að undanskildum Halldóri Ásgrímssyni og Jónasi Jónssyni, greiddu þeir atkv. gegn henni, en samkvæmt yfirlýsingum, er fram komu í sambandi við atkvgr., virtist þó augljóst, að meiri hluti þingmanna væri samþykkur efni hennar. Jörundur Brynjólfsson gerði grein fyrir atkvæði sínu með þessum orðum: „Um afgreiðslu þessa máls er samkomulag milli stjórnarflokkanna. Það samrýmist ekki þeim samningi að lögfesta þessa brtt. Framkvæmd málsins, sem brtt. er um, verður í höndum fjárhagsráðs, og í trausti þess, að þar verði gætt réttinda samvinnumanna, segi ég nei."

Eysteinn Jónsson gerði þannig grein fyrir sínu atkvæði: „Eins og hv. 1. þm. Árn. (JörB) tók fram, er mál þetta afgr. með samningi á milli stjórnarflokkanna og í sambandi við önnur mál. Hefur orðið samkomulag um það orðalag á niðurlagi 1. tölul. 12. gr., sem greinir á þskj. 820. Framkvæmd þessa máls verður á valdi fjárhagsráðs. Og í trausti þess, að samvinnufélögin njóti þar fulls réttar, svo sem ráð er fyrir gert í frv. og brtt. á þskj. 820, þá segi ég nei."

Framsóknarmenn flestir eða allir, sem greiddu atkv. gegn till., vitnuðu til fyrirvara þeirra Jörundar og Eysteins; slíkt hið sama gerðu sumir Alþýðuflokksmenn.

Á aðalfundi Sambands ísl. samvinnufélaga, sem haldinn var á Þingvöllum á þessu sumri, voru þessi mál rædd, og voru allir á einu máli um, að samvinnufélögin hefðu ekki fengið þá leiðréttingu mála sinna hvað innflutninginn snertir, sem framsóknarmenn væntu samkvæmt framanskráðum yfirlýsingum. Fundurinn ályktaði því einróma að endurnýja kröfur sínar um réttlæti til handa samvinnufélögunum hvað innflutning snerti og samþykkti eftirfarandi tillögu:

„Fundurinn telur núverandi grundvallarreglur Viðskiptaráðs fyrir leyfisveitingum með öllu óviðunandi og þær — að því er til kaupfélaganna tekur — miðast alls ekki við raunverulegar þarfir félagsmanna þeirra. Virðist mjög aðkallandi, að bót verði ráðin á núverandi ástandi við leyfisveitingar á yfirstandandi ári.

Það er því eindregið álit fundarins, að sanngjarn innflutningur fyrir kaupfélögin í: vefnaðarvöru, skófatnaði, búsáhöldum, rafknúnum heimilistækjum, byggingarvörum alls konar, ávöxtum og nýlenduvörum, hreinlætisvörum og hráefnum til iðnaðar, fáist ekki nema því aðeins, að leyfisveitingar til kaupfélaganna á þessum vörum verði nú miðaðar við sölu félaganna á skömmtunarvörum árin 1944 og 1945 og síðan áframhaldandi í sömu hlutföllum og félögin selja þessar vörutegundir (þ. e. skömmtunarvörurnar) árlega."

Aðalblað Framsfl. og eitt aðalstuðningsblað ríkisstj., Tíminn, hefur þrásinnis ritað um þessi mál í sumar og hefur átalið stjórnina harðlega fyrir að veita kaupfélögum ekki þann rétt, sem þeim bæri. Fulltrúar flokksins í fjárhagsráði, þeir Hermann Jónasson, formaður flokksins, og Sigtryggur Klemenzson, hafa að því er Tíminn skýrir frá, tekið innflutningsmál samvinnufélaganna upp á þeim vettvangi, en án

þess að fá nokkru um þokað hvað framkvæmdina snertir. Ég hef nú leyft mér að taka efnislega upp sem breytingartillögu við lögin um fjárhagsráð þær tillögur, sem samvinnumenn hafa lagt fram, en ekki fengið framkvæmdar. Þó að þessar tillögur séu nokkuð á aðra lund en tillaga sú, sem ég flutti á þskj. 769 á síðasta þingi, mundi nást sami árangur af samþykkt þeirra og náðst hefði með samþykkt minnar upphaflegu tillögu, sem sé réttlæti til handa kaupfélögunum hvað innflutning snertir.

Fimmtudaginn 2. okt. þ. á. birti Tíminn eftirfarandi fyrirsögn á forsíðu:

„Deilan í sambandi við skömmtunar- og innflutningsreglurnar."

„Tryggja verður neytendum fullt frelsi til að geta verzlað þar, sem þeir telja sér hagkvæmast."

„Á að gera neytendur ofurseldari verzlunum en áður, samtímis því að kaupgeta þeirra fer minnkandi?"

Síðan segir Tíminn:

„Eins og áður hefur verið sagt frá hér í blaðinu, samþykkti meiri hluti fjárhagsráðs (Sigtryggur Klemenzson, Hermann Jónasson, Finnur Jónsson), þegar bráðabirgðaskömmtunin var ákveðin, að úthlutun innflutningsleyfa yrði bundin við afhenta skömmtunarseðla. Með þessu var neytendum tryggt, að þeir gætu haft viðskipti sín þar, sem þeir teldu sér hagkvæmast að verzla. Jafnframt var svarti markaðurinn nokkurn veginn útilokaður. Minni hluti fjárhagsráðs (Magnús Jónsson og Oddur Guðjónsson) undi ekki þessari ákvörðun og skaut málinu til ríkisstjórnarinnar. Meiri hluti ríkisstjórnarinnar (Bjarni Benediktsson, Emil Jónsson, Jóhann Þ. Jósefsson) frestaði að taka ákvörðun um málið. Fjárhagsráð hófst síðan handa um að setja skömmtunarreglur til frambúðar, og lögðu þeir Hermann Jónasson og Sigtryggur Klemenzson þá til, að áðurgreindar tillögur yrðu teknar upp í þær. Meiri hluti fjárhagsráðs vísaði þá tillögunni frá, en Hermann og Sigtryggur vísuðu þá málinu til ríkisstjórnarinnar og hefur meiri hluti hennar ekki viljað taka þær til greina. Er Hermann og Sigtryggur vísuðu tillögunum til ríkisstjórnarinnar, létu þeir fylgja þeim svo hljóðandi greinargerð:

Tillögur Hermanns og Sigtryggs.

„Hermann Jónasson og Sigtryggur Klemenzson leyfa sér að skjóta eftirfarandi tillögum til ríkisstjórnarinnar, þar sem ágreiningur hefur orðið um þær í fjárhagsráði:

Við leggjum til, að í reglugerð þessa verði sett eftirfarandi ákvæði:

1. „Að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til verzlana eða iðnfyrirtækja fyrir hinum skömmtuðu vörum verði í samræmi við afhenta skömmtunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. Í því sambandi verði ákveðið:
   a. Ef í ljós kemur, að verzlun hafi í byrjun skömmtunar haft óeðlilega litlar birgðir, megi veita henni fyrirframleyfi eftir nánar tilteknum reglum, til að jafna aðstöðu hennar til samkeppni við aðrar verzlanir.
   b. Að viðskiptamanni sé heimilt, ef verzlun hefur eigi nægilega mikið af tiltekinni skömmtunarvöru til að fullnægja eftirspurn, að afhenda verzluninni skömmtunarseðla sína og fela henni að annast útvegun vörunnar fyrir sig.
2. Að neytendum sé í sjálfsvald sett, í hvaða hlutföllum þeir kaupi þær vörur, sem skammtaðar eru eftir verðmæti, innan þeirra takmarka sem heildarverðmæti seðilsins setur.

Ef þessar tillögur verða samþykktar efnislega, munum við færa þær í þann búning í einstökum atriðum, að hægt sé að taka þær inn í reglugerðarákvæðin á viðeigandi stað. Að öðru leyti vísum við til fyrri umræðna og greinargerðar af okkar hálfu um þetta mál."

Vanefnt stjórnarloforð og lagaákvæði.

Við berum till. þessar fram í samræmi við ákvæði í 12. gr. laga nr. 70 frá 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Ákvæðin eru þannig: „Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Skal þetta gilda jafnt um kaupmannaverzlanir og samvinnuverzlanir og miðað við það, að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla."

Eins og kunnugt er, er þetta lagaákvæði tekið orðrétt upp úr samningum núverandi stjórnarflokka um samstarf í ríkisstjórn. Þessi ákvæði eru því eitt grundvallarákvæði stjórnarsáttmálans. Okkur virðist því augljóst mál, að ekki er unnt að úthluta innflutningsleyfum, án þess að brjóta hvort tveggja í senn, stjórnarsáttmálann og lögin, nema áður séu settar reglur, er samræmdar séu svo sem verða má framangreindum fyrirmælum.

Við bárum því fram, þegar bráðabirgðaskömmtun var rædd, tillögur, er okkur virtust bezt samræmast lögunum og stjórnarsáttmálanum. Þessum tillögum var vísað frá af meiri hluta fjárhagsráðs. Nokkru síðar tók Finnur Jónsson upp tillögur þessar nokkuð breyttar og með viðauka. Þær tillögur voru samþykktar af meiri hluta fjárhagsráðs: Finni Jónssyni, Sigtryggi Klemenzsyni og Hermanni Jónassyni. — Minni hlutinn, Magnús Jónsson og Oddur Guðjónsson, skaut ágreiningnum til ríkisstjórnarinnar. Meiri hluti ríkisstjórnarinnar féllst ekki á þessar tillögur. En ákveðið var af meiri hluta ríkisstjórnarinnar, að næstu innflutningsleyfi til innflytjenda skyldu að einhverju leyti miðuð við það, hve mikið af skömmtunarseðlum innflytjandinn afhenti viðskiptanefnd.

Það er mál út af fyrir sig, að ekki er unnt að komast hjá því að taka tillit til þessarar auglýstu stefnuyfirlýsingar. — En okkur, sem flytjum þá tillögu, er tekin er upp í þessa greinargerð, virðist þessi stefnuyfirlýsing ganga allt of skammt — og munum nú gera grein fyrir því.

Mótbárur, sem ekki hafa við rök að styðjast.

Áður en að því er vikið, viljum vér minnast á mótbárur formlegs eðlis, er kynnu að koma fram.

Það kynnu sumir að halda því fram, að fjárhagsráð eigi ekki að setja þessar reglur um innflutninginn. Þetta er misskilningur, því í 10. gr. laganna um fjárhagsráð stendur: „Fjárhagsráð starfrækir innflutnings- og gjaldeyrisdeild." Fjárhagsráði ber því skylda til að sjá um eftir föngum, að „innflutnings- og gjaldeyrisdeild" (þ. e. viðskiptanefnd) starfi í samræmi við stjórnarsáttmálann og lögin um fjárhagsráð. En það fær viðskiptanefndin ekki gert, nema þegar séu settar reglur um innflutninginn í samræmi við áður tilvitnuð ákvæði í 12. gr. laganna.

Það komu fram um daginn þær mótbárur, að ekki bæri að setja þessar reglur um innflutninginn í sambandi við bráðabirgðaráðstafanir um vöruskömmtun. En nú er verið að ganga frá reglugerð og reglum um skömmtun í heild og til frambúðar, svo fyrri mótbárur í þessu efni eru ekki lengur til stoðar — og voru að okkar áliti aldrei til stoðar.

Frávísun meiri hluta fjárhagsráðs á tillögum okkar varnar heldur ekki málskotsrétti okkar, því ef meiri hluti fjárhagsráðs gæti ónýtt málskotsréttinn með því að vísa tillögum frá með meirihlutavaldi, væri ákvæðið um málskot þar með að engu gert, sem auðvitað er alveg andstætt tilgangi lagaákvæðanna. Um þetta atriði er fjárhagsráð og á einu máli.

Óhjákvæmilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir svartamarkaðinn.

Við komum þá að röksemdum fyrir tillögunum:

Tillögur okkar snerta framkvæmd sjálfra skömmtunarákvæðanna beinlínis. Það er hætt við og raunar víst, að meiri vörubirgðir verða til en vörukönnun tilgreinir. Liggja til þess mjög augljós rök, sem ekki er þörf að tína til. Ef reglur okkar ná ekki samþykki, er augljóst, að seljendur fá svigrúm til að selja vörur á svörtum markaði, án þess að heimta skömmtunarseðla. Ef reglur okkar gilda, er þetta ekki framkvæmanlegt, nema seljandinn vinni framtíðaratvinnu sinni tjón, — og það myndu fæstir kjósa.

En meginrök okkar fyrir tillögunum eru þó önnur. Það er auðsætt, að jarðvegur fyrir ískyggilegan svartan markað á aðfluttum vörum er að skapast í landinu. Þessu veldur:

1. Þjóðin hefur vanizt mikilli neyzlu á innfluttum vörum.
2. Kaupgeta er mikil í landinu hjá mörgum.
3. Skyndilega verður að draga stórlega úr innflutningi, er veldur vöruskorti.

Í skömmtunarreglunum eða samtímis því, að þær eru settar, ber því að setja ákvæði, sem fyrirbyggja, svo sem verða má, ógnir svarta markaðsins fyrir þjóðina. Skömmtun, án þess að slíkar varúðarráðstafanir væru gerðar, væri glapræði.

Eiga neytendurnir að vera ofurseldir innflytjendunum?

Þegar hörgull verður á vörum, fær sá, sem leyft er að flytja vörurnar inn og hefur þær á boðstólum, vald yfir peningamálum neytandans, sem ósamboðið er frjálsu þjóðfélagi. — Neyzluvörur verða fluttar inn, miðað við brýnustu þörf neytenda. Þessar vörur skiptast milli góðra verzlana, þeirra, sem eru í meðallagi, og hinna, sem eru lélegar. Neytendurnir kaupa vörurnar sennilega fyrst þar, sem þær eru ódýrastar, en að síðustu verða þeir að kaupa þær þar, sem þær eru dýrastar og lélegastar, því að í önnur hús er ekki að venda. Valdboðið um innflutningsleyfi kemur frá stjórnarvöldunum og viðheldur þessu skipulagi, án þess að neytendur fái nokkru um það ráðið. Ef reglur okkar verða teknar í gildi, er neytendunum hins vegar afhent dómsvaldið um það, hverjir selja beztar vörur og ódýrastar, og jafnframt frjálsræði um það, hvar þeir verzla, eins og ætlazt er til samkv. 12. gr. laganna. Jafnframt er svarti markaðurinn heftur. Neytendurnir geta þá eflt þær verzlanir, sem selja beztar og ódýrastar vörur, og jafnframt lagt niður okurstofnanir, sem eru hvort tveggja í senn lélegir þjónar neytendanna og þjóðarbúsins í heild, vegna lélegra innkaupa. Með þessu móti er hlutskiptunum snúið við. Án okkar reglna eru neytendurnir fjárhagslega á valdi innflytjendanna. Ef okkar reglur hins vegar gilda, eru innflytjendurnir þjónar neytendanna, og tilvera þeirra er háð því, hvernig þeir reynast neytendunum.

Innflytjendur, sérstaklega formælendur frjálsrar samkeppni, ættu að vera ánægðir með þetta skipulag, sem reist er á grundvelli samkeppninnar, þar sem hver verzlun ber sitt úr býtum í samræmi við verðleika.

Á samtímis dýrtíðarráðstöfunum að gera neytendur réttminni en nokkru sinni fyrr?

Það mætti fleira um þetta segja, sem verður þó látið ósagt að sinni. Eitt viljum við þó taka fram að lokum. Það er fyrirsjáanlegt, að innan skamms verður að gera stórfelldar ráðstafanir til lækkunar á dýrtíðinni, þar sem þjóðin öll verður að færa fórnir. Það væri hættuleg byrjun að ganga þannig frá reglum um skömmtun og innflutning, að neytendurnir væru ofurseldari innflytjendum en nokkru sinni fyrr, samtímis því, að kaupgeta þeirra færi minnkandi. Hitt mundi flestum þykja sanni nær, að veita neytendum samtímis fullt frelsi til að nota kaupgetu sína sem bezt með því að gera þeim mögulegt að verzla þar, sem þeir fá beztar og ódýrastar vörur fyrir fjármuni sína. Án þess að fjölyrða meira um þetta, viljum við vekja

alveg sérstaka athygli ríkisstjórnarinnar á þessum þætti málsins, vegna þess, hve hann er stórvægilegur."

Ég get látið þessa greinargerð Tímans og þeirra Hermanns Jónassonar og Sigtryggs Klemenzsonar nægja sem rök fyrir, að till. þessi nái tilgangi sínum. Að lokum þykir mér rétt að geta þess, að á aðalfundi Sambands ísl. samvinnufélaga í sumar beindi Eysteinn Jónsson þeirri eindregnu áskorun til allra fundarmanna að gera allt, sem þeir gætu, hver innan síns stjórnmálaflokks, til þess að tryggja kaupfélögunum réttlæti í innflutningsmálum. Ég tel mér skylt vegna samvinnuhreyfingarinnar í heild og vegna þess kaupfélags, sem ég var fulltrúi fyrir á þessum fundi, að verða við þessari áskorun. Ég hefi ekki aðstæður til að leggja þessu máli lið á öðrum vettvangi en á Alþingi, og ég tel mig ekki geta gert það á annan hátt betur en heita minum stuðningi og míns flokks við till. Framsfl., sem einnig hafa hlotið stuðning nokkurra Alþýðuflokksmanna. Þingmeirihluti virðist því vera til fyrir þessari tillögu og þar með hægt að tryggja kaupfélögunum sigur í þeirri baráttu, sem þau hafa lengi háð fyrir réttlæti í skiptingu innflutningsleyfa.

Ed. 21. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

1. málsliður 6. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvaranna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 30. ágúst 1947 og gildir eftir það þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept., skal framleiðsluráð verðskrá kjöt af því fé með hliðsjón af gildandi verðlagi og framleiðslukostnaði, en þeim mun hærra sem nemur áætluðum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Að atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að frestur sá, sem ákveðinn er í 6. gr. laga nr. 94 1947, til þess að ákveða verðlagsgrundvöll þann, sem um ræðir í 4. og 5. gr. laganna, svo og verðlagning söluvara, hafi reynzt

of skammur. Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða hafi ekki tekizt að afla nægilegra upplýsinga til þess að ákveða verðlagsgrundvöllinn fyrir 1. ágúst n. k., og beri því brýna nauðsyn til, að fresturinn verði framlengdur til 30. ágúst n. k. Jafnframt þurfi að breyta 7. gr. laganna, þar sem ekki sé tryggt, vegna téðrar frestunar, að haustverð kjötsins verði ákveðið áður en sumarslátrun hefst.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. málsliður 6. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvaranna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 30. ágúst 1947 og gildir eftir það þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept., skal framleiðsluráð verðskrá kjöt af því fé með hliðsjón af gildandi verðlagi og framleiðslukostnaði, en þeim mun hærra sem nemur áætluðum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júlí 1947.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

Ed. 22. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó er ráðherra heimilt að veita styrk á notaðar vélar, ef verkfæranefnd telur það nauðsynlegt og hagkvæmt til þess að bæta úr brýnni þörf ræktunarsambanda fyrir slíkar vélar. Skal þá miða styrkinn við verð, er verkfæranefndin telur hæfilegt eftir aldri vélarinnar, miðað við verð nýrra véla af sömu gerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Verkfæranefnd ríkisins hefur tjáð ráðuneytinu, að sökum skorts á nýjum ræktunarvélum, komi ákvæði 9. gr. laga nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, eigi að tilætluðum notum, og að úr því verði eigi

bætt, nema heimilað verði að veita styrki til kaupa á notuðum vélum, þegar þess gerist brýn þörf. Í frumvarpinu er lagt til að breyta 9. gr. laganna í samræmi við tillögur verkfæranefndar.

Nd. 23. Frumvarp til laga

um bændaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Þar til er öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrír skólar á landi hér, er veita bændaefnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji í Skálholti í Biskupstungum, þegar lokið er byggingu skólahúss og öðrum nauðsynlegum undirbúningi. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór, fjölbreytt bú, rekin á kostnað ríkissjóðs, og veita skólastjórarnir þeim forstöðu. Fyrir bústjórnina skulu greidd sérstök laun samkvæmt samningi við ráðuneytið. Á búunum skulu færðir búreikningar.

Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir í landbúnaði, svo sem jarðrækt, garðrækt, akuryrkju, kynbótum, fóðrun búfjár og loðdýrarækt.

Áherzla skal á það lögð, að búfjárræktin á skólabúunum sé sem fjölbreyttust með hliðsjón af þeim arði, sem af slíkri starfsemi getur leitt fyrir íslenzkan landbúnað.

3. gr.

Á landi skólajarðanna skal heimilt að reisa nýbýli og bústaði fyrir kennara og starfsfólk skólans á kostnað ríkissjóðs, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til í fjárlögum. Landbúnaðarráðherra ákveður landstærð þessara nýbýla í samráði við skólastjóra.

4. gr.

Við hvern skóla skulu vera skólastjóri og þrír fastir kennarar. Laun taka þeir samkvæmt launalögum. Heimilt er ráðherra auk þess að greiða hverjum skóla upphæð, sem svarar einum kennaralaunum, er sé varið til verklegrar og bóklegrar kennslu. Skólastjóri ræður aukakennara með samþykki landbúnaðarráðuneytisins til þess að annast þessa kennslu.

Njóti kennarar landsnytja og afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

Skólastjóri hefur aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum.

5. gr.

Skólarnir séu þriggja missera skólar með bóklegu og verklegu námi. Í hverjum skóla séu tvær deildir, yngri og eldri deild. Bóklega kennslan fari fram á tímabilinu frá 15. október til 30. apríl ár hvert.

Verklega námið fari aðallega fram sumarið á milli skólavetranna, og skal hver nemandi vinna minnst 780 klukkustundir. Auk þess skulu kenndar búsmíðar og, að svo miklu leyti sem við verður komið, verkleg vélfræði að vetrinum.

Heimilt er skólastjóra að veita þeim nemendum inngöngu í eldri deild skólans, sem að hans dómi hafa næga undirbúningsmenntun til þess, en skylt skal þeim að taka þátt í verklegu námi jafnlangan tíma og aðrir nemendur.

6. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann séu þessi:

a. Að umsækjandi sé fullra 18 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með;
b. að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, sem reglugerð ákveður;
c. að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

7. gr.

Kennslan í skólanum sé bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fari fram í fyrirlestrum að því leyti sem betur þykir henta. Þessar námsgreinar skal kenna bóklega: Íslenzku, stærðfræði (talnafræði), flatar- og rúmmálsfræði, búreikninga, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, búnaðarlandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffærafræði og lífeðlisfræði búfjár, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, jarðræktarfræði, helztu undirstöðuatriði húsabygginga í sveitum, land- og hallamælingar og dönsku. Enn fremur skal kenna söng, íþróttir, leikfimi og teikningu. Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjárfræði og jarðræktarfræði.

Í verklega náminu skulu kennd sem fjölbreyttust jarðræktarstörf, garðrækt, heyskapur og önnur uppskeruvinna. Einnig skal nemendum kennd hirðing og notkun þeirra véla og verkfæra, er verulega þýðingu hafa fyrir búskap.

Nemendum ber að taka þátt í hirðingu þess búfjár, sem á búunum er, undir stjórn og leiðsögn kennara. Þeir skulu og taka þátt í venjulegum bústörfum með það fyrir augum, að þeir nemi hagnýtar vinnuaðferðir, er komi bændum að sem mestum notum í starfi þeirra.

Vanti verkefni á skólabúunum, er heimilt að láta nemendur stunda verklega námið að meira eða minna leyti annars staðar, ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir náminu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um fyrirkomulag kennslunnar í bóklegum og verklegum efnum.

8. gr.

Þeir nemendur, sem ljúka verklegu námi, fá hjá skólabúunum fæði og þjónustu verknámstímann. Auk þess greiðir ríkissjóður þeim kr. 100.00 styrk með verðlagsuppbót.

Ríkissjóður greiðir skólabúunum kr. 100.00 með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda, sem lýkur verklegu námi.

9. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim greinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Að loknu verklegu námi skal og fara fram verklegt próf. Þeir einir, sem lokið hafa bóklegu og verklegu fullnaðarprófi við skólana eða á hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingur. Þó skerðir það eigi rétt þeirra manna, sem tekið hafa próf eftir hinum eldri bændaskólalögum til þess að bera það nafn.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

10. gr.

Selji skólabúið nemendum fæði og þjónustu, skal það selt með kostnaðarverði. Ella sjái skólastjóri um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti.

11. gr.

Heimilt er að halda námskeið við bændaskólana fyrir bændur og bændaefni, þegar ástæður leyfa. Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið

fyrir trúnaðarmenn samkvæmt jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarfélaga, forðagæzlumenn, búreikninganámskeið og enn fremur matreiðslunámskeið.

12. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá að fengnum tillögum skólastjóranna.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við skólana.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda fyrir skólaárið 1947—1948.

15. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að stofna sérstaka deild við einn bændaskólanna eða annars staðar, ef hentara þykir, þar sem búfræðingar geti fengið framhaldsmenntun. Um fyrirkomulag þessarar deildar skal ákveðið í reglugerð.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26 13. jan. 1938, lög nr. 39 30. júní 1942 og lög nr. 74 30. des. 1944.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Aðalbreytingin frá núgildandi lögum er fólgin í því, að verklega námið er stytt niður í 780 klst., en í núgildandi lögum er gert ráð fyrir verklegu námi allt sumarið milli skólavetranna. Hefur það verið mjög örðugt í framkvæmd, og tvö síðustu árin hefur verklega námið á Hvanneyri verið stytt niður í nálægt 800 klst. Var það byggt á undanþáguákvæði laganna og gert með leyfi ráðuneytisins. Á Hólum hefur undanþáguákvæðið verið notað í fleiri ár. Breytingin er því í raun og veru fólgin í því að færa lagaákvæðin til samræmis við framkvæmd verknámsins.

Þá er lagt til, að lögfest verði, að skólastjórar skuli hafa ákveðin laun fyrir bústjórn. Kennarar skólanna hafa frí 2—3 mánuði ársins, en skólastjóri er bundinn við störf sín allt árið. Verður því algert ósamræmi í launagreiðslum skólastjóra og kennara, ef engin sérstök bústjórnarlaun eru greidd.

Lagt er til, að við skólana skuli starfa þrír fastir kennarar í stað tveggja áður, auk skólastjóra. Er þetta gert í samræmi við aukna kennsluþörf við vélar o. fl.

Loks er lagt til, að aftan í lög um bændaskóla sé sett heimildargrein um framhaldsnám búfræðinga.

Um framhaldsnámið er ætlazt til, að kennslunni verði hagað sem hér segir:

Fyrri vetur vikuleg stundakennsla:	
Íslenzka	3 st.
Stærðfræði	3 —
Danska eða enska	4 —
Teikning	2 —
Efnafræði	3 —
Eðlisfræði	2 —
Grasafræði	2 —
Dýrafræði	1 —
Gerlafræði	1 —
Búnaðarsaga og hagfræði	3 —
Búreikningar	1 st.
Búnaðarlöggjöf	1 —
Lífeðlisfræði, líffærafræði	2 —
Arfgengisfræði	1 —
Byggingarfræði	2 —
Ýmislegt	1 —
Alls	30 st.

Auk þess verklegar æfingar: Teikningar 2 st., efnafræði 2 st., eðlisfræði 1 st. og grasafræði og gerlafræði 1 st., alls 6 st.

Verklegt nám sumarið milli skólavetranna:	
Mælingar	1 mán.
Vinna með stórvirkum vélum	1 —
Búfjársýningar	½ —
Náttúrufræði (jurtasöfnun o.fl.)	¼ —
Verkfæratilraunir	½ —
Vinna á tilraunastöðvum	½ —
Ýmislegt	¼ —
Alls	4 mán.

Síðari vetur:	
Jarðræktarfræði (þar á meðal vélaverkfræði)	12 st.
Búfjárfræði	12 —
Búnaðarlandafræði	1 —
Mjólkurfræði	1 —
Kortteikning	2 —
Kennslufræði	2 —
Alls	30 st.

Ed. 24. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 23. apríl 1947.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Á eftir f-lið frvgr. bætast tveir stafliðir, svo hljóðandi:

a. Á eftir B. 33 bætast tveir nýir töluliðir:
   1. *Hörðudalsvegur:* Frá þjóðveginum hjá Hörðubóli að Hlíð.
   2. *Miðdalavegur:* Frá þjóðveginum við Tunguá um Svarfhól að Fellsenda.

b. Á eftir B. 37 bætist nýr liður:
   Efribyggðarvegur: Frá þjóðveginum (Klofningsvegi) hjá Helluá um Túngarð og Stórutungu á þjóðveginn utan Kjarlaksstaða.

Sþ. 25. Tillaga til þingsályktunar

um síldarbræðsluskip.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga, hvort tiltækilegt sé að láta smíða eða kaupa til landsins skip, er setja megi í síldarbræðsluvélar og nota síðan sem fljótandi síldarverksmiðjur. Í þessu sambandi sé það athugað sérstaklega, hvort unnt væri að nota í þessu skyni flugvélamóðurskip þau, er nú munu vera boðin til sölu af sumum stórveldanna.

Greinargerð.

Tillögu til þingsályktunar samhljóða þessari flutti ég á síðasta þingi. Var henni þá vísað til allsherjarnefndar, en hún skilaði ekki áliti um málið. Þess vegna flyt ég tillöguna nú aftur og læt mér nægja að vísa til þeirrar greinargerðar, er fylgdi henni á síðasta þingi. Því einu vil ég bæta við, að mér virðist reynslan á síðustu síldarvertíð hafa staðfest enn þá skoðun, að brýna nauðsyn beri til þess að hafa önnur skilyrði til að hagnýta síld til bræðslu en þá að hafa síldarverksmiðjur á ákveðnum stöðum í landi, þar eð göngur síldarinnar virðast allmiklum breytingum undirorpnar frá ári til árs og því mjög misjöfn not að verksmiðjunum. Virðist þá liggja beint við að athuga, hvort ekki sé unnt að gera verksmiðjurnar hreyfanlegar með því að koma þeim fyrir í skipum, er fylgt geti síldargöngunum. Að órannsökuðu máli verður að sjálfsögðu ekkert um það fullyrt, hvort slíkt sé tiltækilegt eða hagkvæmt, en það er óverjandi framtaksleysi af ráðamönnum að sinna þessari hugmynd engu og gera enga athugun á, hvort hún muni geta orðið síldarútvegi þjóðarinnar til hagsbóta.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd samningsins um Keflavíkurflugvöllinn.

Flm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar eftirfarandi ráðstafanir viðvíkjandi starfrækslu Keflavíkurflugvallarins:

1. Að gefa þegar út reglugerð þá um starfrækslu flugvallarins, sem ráð er fyrir gert í 7. tölulið flugvallarsamningsins, svo að íslenzkir embættismenn á vellinum hafi aðstöðu til að rækja störf sín, og gangi sú reglugerð í engu lengra Bandaríkjunum í vil en samningurinn segir til um.
2. Að hafa strangt eftirlit með því, að ekki séu fleiri Bandaríkjamenn á landinu í sambandi við starfrækslu, sem Bandaríkjunum var heimiluð með flugvallarsamningnum, en nemur þeirri tölu, sem stjórn Bandaríkjanna taldi sig þurfa og tilkynnt var þinginu áður en samningurinn var samþykktur, en það voru 600 manns alls.
3. Að gæta þess, að framfylgt sé því ákvæði flugvallarsamningsins, 6. tölulið, að Bandaríkin þjálfi íslenzka starfsmenn í flugvallartækni, og skal ríkisstjórnin sjá um, að íslenzkir menn taki við trúnaðarstörfum á flugvellinum. Í þeim trúnaðarstörfum, sem ríkisstjórnin telur Íslendinga ekki færa um að gegna að svo stöddu, skal hún sjá um, að Íslendingur sé settur í starfið við hlið þess Bandaríkjamanns, sem starfinu gegnir, til þess að tryggt sé, að Íslendingar læri starfann, er geti síðan tekið við honum.
4. Að setja reglugerð samkv. 1. gr. laganna um, að ákvæði flugvallarsamningsins skuli öðlast gildi, er tryggi það, að tollur verði greiddur af öllum þeim vörum, sem fluttar eru til flugvallarins og starfsmanna þar og ekki falla undir tollundanþáguákvæði samningsins.
5. Að sjá um, að allt lögreglu- og varðlið á flugvellinum sé íslenzkt.
6. Að hafa vakandi auga með allri starfsemi Bandaríkjamanna á flugvellinum eða í sambandi við hann, og fyrirbyggja, að í nokkru efni verði af Bandaríkjanna hálfu gengið lengra en samningurinn heimilar.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að framkvæmd Keflavíkursamningsins hefur frá hendi ísl. ríkisstjórnarinnar verið með þeim hætti, að Bandaríkjamenn hafa ekki þurft að takmarka sig við ákvæði samningsins. Á þetta hefur hvað eftir annað verið bent bæði í blöðum og útvarpi, og hefur þá ríkisstjórnin valið þann kost að þegja við aðfinnslunum. Ríkisstjórnin hefur og leitazt við að hafa sem mesta leynd um allt viðvíkjandi Keflavíkurflugvellinum til þess að torvelda gagnrýni á þá undanlátssemi, sem hún hefur gert sig seka um. Ástandið á Keflavíkurflugvellinum er með þeim hætti, að ekki verður hjá því komizt að gefa Alþingi tækifæri til að taka í taumana, ef það hefur til þess þrek, og er þáltill. þessi flutt í því skyni.

Keflavíkursamningurinn eða herstöðvasamningurinn, eins og hann er réttilega kallaður í daglegu tali, er skerðing á fullveldi þjóðarinnar yfir landinu. Þessi staðreynd er nú orðin öllum ljós, þótt sakbitnir menn reyni að streytast gegn staðreyndum og neita þessu. Þjóðinni er nú hin mesta nauðsyn á því að halda vel á samningnum. Hún má í engu atriði hopa á hæl fyrir ágengni Bandaríkjanna, heldur takmarka stranglega alla þeirra starfsemi hér við strangasta skilning samningsins og framfylgja út í yztu æsar, að ekkert annað fari fram á vellinum en það, sem nauðsynlegt er Bandaríkjunum vegna hersetu þeirra í Þýzkalandi. Núverandi ríkisstjórn er að vísu ekki líkleg til að standa á rétti Íslendinga hvorki gagnvart Ameríkumönnum né öðrum. Því nauðsynlegra er það, að Alþingi taki málið í sínar

hendur, því að fá mál geta haft örlagaríkari áhrif á sjálfstæði þjóðarinnar en það, hvernig haldið er á þessum samningi frá Íslands hendi.

Það skal viðurkennt, að það er erfitt verk að halda svo vel sé á rétti Íslendinga samkvæmt Keflavíkursamningnum, því að er samningurinn var gerður, voru ýmis ákvæði hans, með vilja og að undirlagi umboðsmanna Bandaríkjanna, höfð óljós, til þess að Bandaríkin hefðu svigrúm til að færa sig upp á skaftið, ef ístöðulitlir menn yrðu til þess valdir að halda á rétti Íslendinga. Bandaríkjastjórn getur í bili hrósað happi yfir núverandi ríkisstjórn, því að sýnt er, að fyrir henni geta Bandaríkin lagt þann skilning í samninginn, er þeim sýnist.

Eftir að samningurinn var gerður, var skipuð nefnd manna til þess m. a. að gera tillögur um ýmsa framkvæmd samningsins. Í nefndina voru valdir mjög færir embættismenn, þ. e. Gunnlaugur E. Briem skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, Gunnl. Briem símaverkfræðingur, Gunnl. Pálsson fulltrúi í utanríkisráðuneytinu og Erling Ellingsen flugmálastjóri. Nefnd þessi hefur gert ýmsar tillögur um framkvæmd samningsins, til þess að tryggja rétt Íslendinga, en ríkisstjórnin hefur haft tillögur hennar að engu. Til upplýsingar fyrir hv. þm. birti ég tillögur nefndarinnar sem fylgiskjal.

Um einstök atriði tillögunnar vil ég segja þetta:

Um 1. tölulið. — Dráttur sá, sem orðið hefur á því að gefa út reglugerðina um starfrækslu flugvallarins, er með öllu óskiljanlegur. Þegar samningurinn var til umræðu í þinginu, lögðu fylgjendur hans áherzlu á, að ákvæðið um setningu reglugerðar væri eitt atriðið, sem tryggði „úrslita yfirráð“ Íslands yfir vellinum. Það er mjög nauðsynlegt, að reglugerðin sé rétt, fyrst og fremst til þess að þeir Íslendingar, sem á vellinum starfa, viti, hvað þeir eiga að gera, viti, hvert sé valdsvið þeirra, hvað Bandaríkjamenn mega gera og eftir hverju þeir eiga að líta. Það, að ríkisstjórnin setur ekki þessa reglugerð, hlýtur að vekja grun um, að þeir foringjar Sjálfstæðisflokksins, sem samningana hafa gert við Ameríkumenn, hafi undirgengizt aðrar og meiri skuldbindingar en samningurinn getur um.

Um 2. tölulið. — Hvað mannfjölda á vellinum eða í sambandi við hann snertir, var það upplýst, þegar málið var til umræðu í þinginu, að Bandaríkin þyrftu ekki nema milli 40 og 50 manns. Hins vegar upplýsti þáverandi utanríkisráðherra, Ólafur Thors, að Bandaríkin teldu sig þurfa 600 manns. Af meðhaldsmönnum samningsins var þessi fullyrðing Bandaríkjanna talin góð og gild, og af þeim var samningurinn samþykktur á þessum forsendum. Í umræðunum fórust Ólafi Thors orð m. a. á þessa leið:

„Og til viðbótar vil ég svo upplýsa, sem ég hef áður tekið fram, að Bandaríkin hafa skriflega tjáð íslenzku ríkisstjórninni, að þau ætli sína þörf vera 600 menn að óbreyttum kringumstæðum. Nú skulum við segja, að Bandaríkin bæðu um dvalarleyfi fyrir 1000 menn, þá gera þau íslenzkum stjórnarvöldum á hverjum tíma grein fyrir því, hvaða breyting hefur orðið á kringumstæðum frá því, er þeir töldu sig þurfa að hafa 600 menn. Við höfum því algerlega aðstöðu til að fylgjast nákvæmlega með því, hversu margir menn eru á Keflavíkurflugvellinum á hverjum tíma. Að mínu viti er þarna vel um hnútana búið.“

Þannig farast Ólafi Thors orð á meðan verið var að vinna málinu fylgi á Alþingi, og Alþingi samþykkti samninginn m. a. á þessum forsendum, sem sagt, að ekki yrðu fleiri en 600 menn á vellinum.

Út úr þessum orðum Ólafs Thors og því, hvar þau eru sögð, verður að draga það, að ekki verði fjölgað á flugvellinum úr 600 manns nema til komi samþykki Alþingis, eftir að það hefur dæmt um hinar „breyttu kringumstæður“. Nú hefur það hins vegar verið upplýst í ríkisútvarpinu að kvöldi þess 5. október af Jónasi Árnasyni blaðamanni, að Bandaríkin væru búin að fjölga mönnum á vellinum upp í um 1000. Þessu hefur ekki verið mótmælt. Þá verður að spyrja: Hvaða kringumstæður hafa breytzt? Hvaða Íslendingur hefur dæmt um þær breytingar? Þessar spurningar sýna, að hér

þarf Alþingi að taka í taumana. Búast má við því, ef ekki verður tekið í taumana, þá muni Bandaríkin á skömmum tíma auka enn meira lið sitt.

Um 3. tölulið. — Það er staðreynd, sem ekki tjáir að mótmæla, að Bandaríkin hafa komið sér hjá að standa við það að þjálfa íslenzka menn, til þess að þeir geti í „vaxandi mæli tekið að sér stjórn vallarins", eins og það var svo fagurlega orðað. Ýmsu er borið við, m. a. halda Bandaríkjamenn því fram, að Íslendingar verði að kosta þá menn. Slíkt er fjarstæða; að sjálfsögðu eiga Bandaríkjamenn að greiða kaup þeirra Íslendinga, sem settir eru í þessi störf, annars væru þessi ákvæði eingöngu til að sýnast. Annars er íslenzka þjóðin komin út á hálan ís, ef hún afsalar sér umráðum yfir landi sínu eða hluta þess vegna fjárskorts.

Um 4. tölulið. — Flugvallarnefndin gerði ýtarlegar tillögur um fyrirkomulag þessara mála, sem virðast svo vel úr garði gerðar, að ekki verði þar um bætt. Þær hafa hins vegar ekki fundið náð fyrir augum ríkisstjórnarinnar frekar en aðrar tillögur nefndarinnar. Þessar tillögur eru birtar hér í heild sem fylgiskjal.

Um 5. tölulið. — Á flugvellinum eru 10 ísl. lögregluþjónar, en samkv. upplýsingum, sem gefnar voru í ríkisútvarpinu, eru 30 manna amerískt varðlið á vellinum, sem í ráði er að fjölga í. Þetta lið er ekkert annað en lögregla, sem er óháð þeirri íslenzku, en samkv. flugvallarsamningnum hafa Bandaríkin ekki heimild til þess að halda uppi slíku liði hér.

Um 6. lið. — Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hafa strangt eftirlit með allri starfsemi Bandaríkjanna á vellinum eða í sambandi við hann og gæta þess, að þau seilist ekki lengra en samningurinn heimilar. Í því efni hefur ríkisstjórnin verið algerlega andvaralaus. Vil ég nefna tvö dæmi. Annað er stórfelld loftskeytastöð með 60 fasta starfsmenn, sem Bandaríkin hafa komið upp á vellinum, sem er að áliti sérfræðinga gersamlega óþörf vegna sambands við hernámsliðið í Þýzkalandi. Þessi stöð er reist með framtíðar hernaðarsjónarmið fyrir augum. Hitt er sú staðreynd, að Bandaríkin hafa með yfirráðum sínum yfir benzíngeymum flugvallarins, sem þó eru taldir eign ísl. ríkisins, skapað Standard Oil og leppfélagi þess hér á landi, Hvalfjarðarfélaginu frægu, einokunaraðstöðu til sölu benzíns og olíu á flugvellinum.

Þá skal á það bent, að stjórn Bandaríkjanna gengur mjög langt í því að smeygja sér undan réttmætum gjöldum. Það er ekkert, sem valdið hefur fylgismönnum Keflavíkursamningsins meiri vanbrigða en hinn frámunalegi smásálarskapur og nízka, sem einkennt hefur samskipti þessa auðugasta ríkis veraldar við minnstu þjóðina.

Fylgiskjal I.

FLUGVALLARNEFNDIN
Reykjavík, 1. apríl 1947.

Um tolla og skattamál Keflavíkurflugvallarins.

Flugfélagið American Overseas Airlines er nú í þann veginn að taka við sem umboðsmaður Bandaríkjastjórnar á Keflavíkurflugvellinum, sbr. 4. gr. flugvallarsamningsins frá 6. október 1946.

Jafnframt starfar félagið sem einkafyrirtæki að fólksflutningum á flugleiðinni Bandaríkin—Norðurlönd um Keflavík. Að því er þennan atvinnurekstur snertir, nýtur félagið ekki skatt- eða tollfrelsis hér á landi né annarra sérréttinda.

Skrásett mun hafa verið sérstakt félag í Bandaríkjunum, eins konar dótturfélag A.O.A., til þess að fara með umboð Bandaríkjastjórnar samkvæmt flugvallarsamningnum, en mörkin milli þessa félags, Iceland Airport Corporation, og A.O.A. eru engan veginn skýr, enda næsta erfitt, ef ekki ómögulegt, að draga þau mörk.

Samkvæmt upplýsingum, sem yfirmaður A.O.A. á Keflavíkurflugvellinum, hr. W. M. Hunter, hefur gefið flugvallarnefndinni, áætlar hann, að áður en langt um

líður verði viðkomufjöldi flugvéla á vellinum 200 á mánuði. Jafnframt hefur hann skýrt svo frá, að hann geri ekki ráð fyrir, að viðkomur herflugvéla verði fleiri en 6 á viku, eða 26 á mánuði. Verður þá umferð herflugvéla aðeins um 13% af allri umferðinni um völlinn, en sem stendur mun hún þó vera heldur meiri.

Samkvæmt upplýsingum, sem þáverandi umboðsmaður A.O.A á Keflavíkurflugvellinum gaf flugmálastjóra fyrir um það bil ári síðan, gerði félagið þá ráð fyrir að þurfa milli 30—100 starfsmanna á flugvellinum vegna millilandaflugs félagsins um Keflavík, og var þá ekki um annað að ræða en farmiðasölu, afgreiðslu á flugvélum félagsins, eftirlit og viðgerðir á þeim, skrifstofu með nokkrum flugsérfræðingum o. þ. h.

Nú mun A.O.A. hafa gert eða vera um það bil að gera samninga við flest eða öll þau erlendu flugfélög, sem flugvöllinn nota að einhverju leyti, um að annast alla afgreiðslu flugvéla þeirra þar, viðgerðir á þeim og annað.

A.O.A. hefur þegar fengið hingað um 550 bandaríska starfsmenn, án þess að fyrir muni liggja nein formleg beiðni eða tilkynning um það. Þó munu ókomnir flestir þeir menn, sem starfa eiga að byggingum, stækkun flugvallarins og viðhaldi. Engar skýrslur liggja fyrir, er sýna, hverjir þessara manna starfa fyrir flugfélagið sem einkafyrirtæki, enda slíkt lítt mögulegt, eins og áður er fram tekið. Auk Bandaríkjamanna starfar þegar á annað hundrað Íslendinga á vegum félagsins á flugvellinum.

Félagið hefur þegar tekið við ýmiss konar rekstri á flugvellinum, sem sumpart virðist vart geta fallið undir ákvæði flugvallarsamningsins, en sumpart rekin í víðtækari mynd en svo, að það geti talizt til réttinda umboðsmannsins samkvæmt samningnum. Verður hér þó ekki rætt um starfsemi slíka sem flugstjórn, fjarskiptaþjónustu o. þ. h., heldur aðeins um starfsemi, er snertir flugflutninga, greiðasölu, þjónustu og sölu varnings til flugfarþega, áhafna flugvéla, annarra en herflugvéla og starfsmanna A.O.A. sem flugfélags, og eftirlit og viðhald á flugvélum flugfélaga og sölu á eldsneyti, olíu og öðrum varningi til þeirra.

A.O.A. hefur þegar tekið við rekstri gistihússins, þar sem seld er gisting, matur o. fl. flugfarþegum og áhöfnum einkaflugvéla sem herflugvéla. Á flugvellinum geta flugfarþegar sem stendur keypt ótollaða vindlinga. Þá hefur A.O.A. á hendi matsölu í sambandi við afgreiðslumiðstöð flugvallarins. Í þessu sambandi skal aftur á það bent, að umferð flugfélagaflugvéla verður væntanlega margfalt meiri en umferð herflugvéla. Farþegar með flugvélum flugfélaganna verða þá sennilega hlutfallslega enn fleiri, þar sem herflugvélar munu flestar flytja varning, sbr. einnig 4. gr. flugvallarsamningsins, þar sem rætt er um sérstöðu áhafna flugfaranna að því er tolla o. fl. snertir, en farþegar ekki nefndir.

Afgreiðslumiðstöðin er sameiginleg fyrir herflugvélar og einkaflugvélar A.O.A., sem einnig hefur umboð fyrir önnur flugfélög, eins og áður var fram tekið. Starfsmenn munu vera hinir sömu, hvaða flokki sem flugvélarnar eru í, og umsjón hússins, kynding og annað starfrækt á kostnað félagsins sem umboðsmanns.

Félagið starfrækir brauðgerðarhús, þvottahús og fatahreinsun fyrir alla starfsmenn félagsins og alla flugfarþega og áhafnir án aðgreiningar. Þá hefur félagið lýst yfir því, að það áformi að stofna verzlanir á flugvellinum, þar sem að minnsta kosti allir starfsmenn þess og væntanlega einnig allir flugfarþegar geti verzlað. Í því sambandi hefur m. a. verið minnzt á tóbakssölu, en þó e. t. v. með skömmtunarfyrirkomulagi.

Þá gerir A.O.A. ráð fyrir að reka stórt flugvélaviðgerðarverkstæði á flugvellinum, sameiginlegt fyrir allar flugvélar, þar á meðal flugvélar þeirra flugfélaga, sem fela A.O.A. að annast afgreiðslu fyrir sig, eins og fyrr greinir. Algengt er nú orðið, að flugfélög veiti gagnkvæma aðstoð í þessum málum, en að sjálfsögðu er reglan sú, að þau veiti hana hvert í sínu heimalandi. Þannig mun danska flugfélagið D.D.L. annast afgreiðslu allra flugvéla, sem á Kastrup lenda.

Enn gerir A.O.A. ráð fyrir því að halda uppi áætlunarbílferðum milli Keflavíkur og Reykjavíkur, bæði fyrir starfsmenn flugvallarins og flugfarþega.

Gera verður ráð fyrir, að A.O.A. yfirtaki töluverðar birgðir af ýmiss konar varningi Bandaríkjahersins við brottför hans héðan. Gera má ráð fyrir, að sumt af þessu falli tvímælalaust undir ákvæði flugvallarsamningsins um tollfrelsi, en einnig má gera ráð fyrir, að í þessu séu matvæli, tóbaksvörur o. fl., sem notað verður af A.O.A. sem flugfélagi eða selt starfsmönnum og farþegum án aðgreiningar.

Á flugvellinum eru miklar birgðir af benzíni, hráolíu og smurningsolíum. Aðeins lítill hluti þeirra birgða mun fara til hernaðarflugvéla, enda hefur hr. Hunter lýst yfir því, að hann geri ekki ráð fyrir, að framvegis verði fluttar inn olíur vegna hersins sérstaklega, heldur muni hann kaupa hjá öðrum. A.O.A. hefur samning við olíufélagið Standard Oil Co., en umboðsmaður þess hér er Olíufélagið h/f. Hins vegar hafa ýmis önnur flugfélög, sem völlinn nota, samninga við önnur olíusamtök.

Eftir því, sem vér höfum komizt næst, virðist það hugmynd Bandaríkjamanna, að herinn afhendi A.O.A. benzín- og olíubirgðirnar, en það láti síðan hinn innlenda umboðsmann Standard Oil sjá um afhendingu benzínsins í umboði A.O.A. Þetta virðist í alla staði óeðlilegt með tilliti til þess, sem að framan greinir um þarfir herflugvélanna, auk þess sem með því væri einu olíufélagi ívilnað á kostnað hinna. Þá yrði misræmi milli benzínverðs á flugvöllunum í Reykjavík og Keflavík og hætt við, að ríkið fengi ekki þá leigu eftir benzíngeymana, sem því ber, þegar flugherinn á ekki í hlut.

Hitt virðist eðlilegt, að íslenzka ríkið kaupi benzín- og olíubirgðirnar eins og ýmsar aðrar birgðir hersins og selji síðan olíufélögunum til afgreiðslu, eftir því sem samningar þeirra standa til, meðan núverandi birgðir endast. Ríkið mundi þá leggja á benzínið til einkafyrirtækja fyrir geymslu- og afhendingarkostnaði, auk þess sem flugvallargjald er tekið af benzíninu samkv. gjaldskrá flugvallarins. Þetta fyrirkomulag er notað á Reykjavíkurflugvellinum og hefur reynzt vel og allir aðilar ánægðir með það. Þegar að því kemur, að kaupa þurfi nýjar birgðir, má ná samkomulagi við olíufélögin um, að þau taki að sér innflutninginn í sameiningu samkv. nánara samkomulagi við þau, eins og ráðgert er í sambandi við Reykjavíkurflugvöllinn.

Auk þess varnings, sem A.O.A. hefur tekið við eða ráðgerir að taka við af setuliðinu, er vitað, að það hefur þegar fengið ýmsan varning hingað til landsins með skipinu „Lambert Cadwalader", sem hafnaði sig hér hinn 22. f. m. Er hér mestmegnis um bifreiðar að ræða, vörubifreiðar, jeppa, almenningsvagna og sedan-bifreiðar, en einnig nokkuð af ýmiss konar öðrum varningi. Vísast um þetta til bréfs tollstjórans í Reykjavík frá 27. f. m. Með tilliti til þess, sem að framan segir, verður að gera ráð fyrir, að vörur þessar séu ekki allar ætlaðar A.O.A. sem umboðsmanni eingöngu, heldur verði þær að einhverju leyti notaðar vegna einkarekstrar félagsins beint og óbeint.

Með skírskotun til framanskráðs ályktar flugvallarnefndin að leggja til:

1. Að ríkið yfirtaki benzín- og olíubirgðir Keflavíkurflugvallarins á heimsmarkaðseða kostnaðarverði samkvæmt birgðamælingum 5. þ. m. og afhendi síðan á tankbifreiðar olíufélaganna, samkvæmt nánara samkomulagi við þau, með álagningu fyrir geymslu- og afhendingarkostnaði, en að sjálfsögðu skattfrjálst til herflugvélanna.
2. Umboðsmaður Bandaríkjastjórnar (A.O.A) láti íslenzkum stjórnarvöldum í té skrár yfir þá stærri vöruflokka, sem herinn hefur afhent honum, ásamt skýrslu um það, hvað af þessum vörum eigi að nota vegna starfa hans sem umboðsmanns og hvað vegna A.O.A. sem flugfélags.
3. Umboðsmaður láti í té sams konar skrár yfir vörur, sem hann hefur flutt inn, ásamt skýrslu um skiptingu þeirra milli umboðsmannsins og flugfélagsins.
4. Umboðsmaðurinn láti í té skrár um alla starfsmenn sína og skýrslu um það,

hverjir hinna erlendu starfsmanna vinni að einhverju eða öllu leyti fyrir Bandaríkjastjórn, sbr. 9. og 10. gr. flugvallarsamningsins.

5. Þar sem nefndin telur óframkvæmanlegt að greina milli afnota eftir því, hvort um umboðsmann eða flugfélag er að ræða, og þar sem margir starfsmanna hljóta að vinna að báðum hlutverkunum, og þar sem gestir hótelsins heyra sumir undir ákvæði samningsins um tollfrelsi, en aðrir ekki o. s. frv., telur nefndin óhjákvæmilegt að koma þeirri skipan á, að allar vörur, að undanteknu efni og áhöldum til bygginga og viðhalds, séu tollaðar. Enn fremur, að allir starfsmenn greiði tolla og útsvör, þó ef til vill að undanskildum þeim, sem eingöngu vinna fyrir Bandaríkjastjórn, sbr. 4. gr. samningsins. Tollur og útsvör skulu endurgreiðast umboðsmanninum í samræmi við starfsskiptinguna, samkvæmt nánara samkomulagi, þannig að öruggt sé, að ekki verði í framkvæmdinni lagðir tollar eða önnur gjöld á efnisnotkun eða störf í þágu stjórnar Bandaríkjanna og tillit tekið til sömu sérstöðu flugfara hennar og áhafna þeirra í þessum efnum, sbr. 4. og 9. gr. samningsins.

Fylgiskjal II.

Áætlun um rekstrarfyrirkomulag á Keflavíkurflugvelli.

Fjarskiptamál.

Þar sem flugstjórnarmiðstöðin er í Reykjavík og fjarskiptamiðstöð flugsins er í Gufunesi, þarf Keflavíkurflugvöllur ekki á öðrum sjálfstæðum fjarskiptastöðvum að halda en sem hér segir:

1. Aðflugs- og lendingarstjórn (turngæzla).
2. Miðunarstöð fyrir aðflug og lendingu.
3. Stefnu-radióviti.
4. Blindlendingatæki.

Hins vegar þurfa ýmsar deildir flugvallarins að standa auk talsímasambands í öruggu teleprintersambandi (landlínur) við umferðamiðstöðina á Reykjavíkurflugvellinum, Gufunesstöðinni (TFW), ritsímann og veðurstofuna í Reykjavík, þannig:

5. Turn við flugstjórnarmiðstöðina og Gufunes.
6. Veðurstofa við veðurstofuna í Reykjavík og Gufunes og flugfélög innan flugvallarins, þar með talið ATC.
7. Flugfélög við flugstjórnarmiðstöðina, Gufunes, ritsímann og veðurstofu flugvallarins.

Öll þessi fjarskipti, að undanskildum teleprintum hjá flugfélögum, álítum við, að hljóti að verða undir íslenzkri stjórn, bæði samkvæmt flugvallarsamningnum og fjarskiptalögunum, og breytir það engu um þetta, þótt í fyrstu verði að nokkru leyti og sums staðar e. t. v. að mestu leyti að notast við starfskrafta umboðsmanna Bandaríkjastjórnar (A.O.A.).

Starfsmannaþörf vegna fjarskipta þeirra, sem að ofan greinir, mun vera sem hér segir:

Vegna 1. og 5. liðar	2 menn á vakt 24 klst.	alls	10 menn
— 2. liðs	1 maður á vakt 24 klst.	—	5 —
— 3. liðs	1		5 —
	4.		7 —
	5.		2 —
	1.6.		12 —
	1.6.		2 —
		Alls f. 1.—6. lið	48 menn

Með þessu er þá einnig talin turngæzlan sjálf (í 1. og 5. lið). Starfsfólk fyrir 7. lið er oss óviðkomandi og því óþarft að áætla tölu þess.

Veðurstofa flugvallarins.

Veðurstofa þessi skal starfrækt samkvæmt Dublin-samþykktinni PICAO sem undirdeild aðaldeildarinnar, veðurstofunnar í Reykjavík, og gerum vér ráð fyrir, að veðurstofan í Reykjavík taki að sér rekstur undirdeildarinnar á Keflavíkurflugvelli, þó væntanlega vegna skorts á íslenzkum veðurfræðingum að miklu leyti með starfsmönnum frá A.O.A., að minnsta kosti fyrst í stað:

Starfsmannafjöldi 16—24 menn.

Afgreiðsla farþega og flutnings.

Gert er ráð fyrir einni miðstöð fyrir þetta. Venjulega er málum þannig skipað í slíkum miðstöðvum, að flugfélögin, innlend sem útlend (og þá einnig hér A.O.A. f. h. A.T.C.), sjá sjálf um alla fyrirgreiðslu farþega sinna, en flugvöllurinn hefur umsjón hússins, greiðasölu, símaafgreiðslu og verzlun við ferðamenn.

Hafi hins vegar eitthvert erlent flugfélag, sem völlinn notar, enga eigin afgreiðslumenn, er venjan sú, að eitthvert innlent flugfélag taki að sér afgreiðslu fyrir þau. Fáist flugfélög vor ekki til slíks, þar sem þau nota Keflavíkurflugvöllinn ekki að jafnaði, verður það að teljast hlutverk hinnar íslenzku flugvallarstjórnar að taka þess háttar afgreiðslu að sér.

Starfsmannafjöldi (eftir því hve mikið afgreiðslustarf flugvöllurinn tekur að sér) 25—50 manns.

Póstur, tollur, löggæzla og vegabréfaskoðun.

Allt þetta verður að sjálfsögðu á starfssviði íslenzka ríkisins og starfrækt í sambandi við farþega- og flutningaafgreiðsluna.

Starfsmannafjöldi.

Póstmenn	3	menn
Tollgæzlumenn og útlendingaeftirlit	7	—
Lögreglumenn	13	—
Alls	23	menn

Talsímamiðstöð.

Eðlilegt hlýtur að teljast, að stöð þessi heyri beint undir póst- og símamálastjórnina sem símastöð. Meðan hún er ekki sjálfvirk, mun þurfa við hana:

Afgreiðslustúlkur og viðgerðarmenn alls 14 manns.

Eld- og slysavarnardeild:

Deild þessi verður í umsjá hins íslenzka flugvallarstjóra, og er starfsmannafjöldi áætlaður þannig:

Slökkvilið	16	menn
Slysastofa	3	—
Sjúkrabifreiðarstjórar	3	—
Alls	22	menn

Flugvélaafgreiðsla (auk viðgerða).

Venja er, að flugfélög, innlend sem erlend, sjái sjálf um afgreiðslu flugvélanna, nema benzín- og smurningsolíuafhending, sem olíufélög annast, en eins og um farþegaafgreiðsluna getur flugvöllurinn orðið að taka að sér afgreiðslu flugvéla fyrir ýmis erlend flugfélög.

Starfsmenn þarf flugvöllurinn ekki að leggja til á þessu sviði, nema hann taki að sér afgreiðslu eins og að ofan greinir og þá 8—12 menn.

Benzínafgreiðsla til olíufélaga.

Gert er ráð fyrir, að við burtför hersins kaupi íslenzka ríkið benzín- og olíubirgðir hersins, eins og gert var á Reykjavíkurflugvellinum, og gefi síðan olíufélögum jafnan rétt á að kaupa af birgðum (á tankbíla) til afgreiðslu handa viðskiptamönnum þeirra. Hvað A.T.C. snertir, myndi þá INTAVA sem umboðsmenn þess fá benzín og olíur handa A.T.C. álagningar- og tolllaust af birgðum þessum, meðan þær endast.

Síðar kom til athugunar að leigja e. t. v. olíufélögum geymana og þau flyttu inn benzín og olíur sjálf, hvert í sínu lagi eða í sameiningu. Þangað til yrði starfsmannahald sem hér segir:

Afgreiðslumenn og viðgerðarmenn 7 menn.

Flugvélaviðgerðir.

Að sjálfsögðu hefur A.T.C., að svo miklu leyti sem það starfar fyrir Bandaríkjastjórn að viðgerðum og eftirliti með herflugvélum, þeim sem um getur í samningnum, rétt til að hafa flugvirkja skattfrjálsa á vellinum. Hins vegar hefur umboðsmaður A.O.A. hér látið í ljós það álit, að viðkomur slíkra flugvéla verði það fáar, ca. 3 á viku, að óhentugt virðist að hafa sérstakt viðgerðaverkstæði fyrir þær. Hefur umboðsmaðurinn kastað fram þeirri hugmynd, að íslenzka flugvallarstjórnin og A.O.A. rækju eitt allsherjar flugvélaverkstæði í sameiningu, er tæki að sér viðgerð á herflugvélum samkvæmt sérstökum samningi, auk viðgerða á vélum allra flugfélaga. Með þessu móti yrði sennilega enginn flugvirkjanna skattfrjáls, enda myndi slíkt skapa glundroða. Teljum við tillögu þessa vel þess verða, að hún sé tekin til athugunar.

Starfsmannafjöldi (flugvirkja) 10—40 menn.

Gistihús.

Með tilliti til þess, er að framan segir um viðkomustöðvar herflugvéla, verður að teljast óhentugt að reka sérstakt gistihús fyrir áhöfn og farþega þeirra. Teljum við því sjálfsagt, að hin íslenzka flugvallarstjórn reki gistihús flugvallarins, en að ofangreindum aðiljum séu veitt þar sérréttindi um verðlag, sem jafngilda skatt- og tollfrelsi. Hins vegar yrðu gistihúsinu endurgreiddir tollar og opinber gjöld sem þessu svarar. Fyrirkomulag yrði að þessu leyti hið sama, þótt flugvallarstjórnin kynni að fela einkafyrirtæki gistihúsrekstur inn með sérstökum samningi:

Starfsmannafjöldi 25—35 manns.

Þvottahús og brauðgerðarhús.

Það, sem að framan segir um fyrirkomulag á rekstri gistihúss, gildir jafnt um þvottahús og brauðgerðarhús, ef henta þykir að reka slíkt áfram á flugvellinum, þannig að starfsmenn A.O.A., þó þeir einir, er vinna fyrir A.T.C., nytu sérréttinda um verðlag jafnt og farþegar og áhafnir herflugvélanna. Teljum við æskilegt, að flugvöllurinn þurfi ekki að annast rekstur þessara fyrirtækja, heldur verði þau seld einkafyrirtækjum með viðeigandi kvöðum.

Teljum vér því enga flugvallarstarfsmenn til þessara fyrirtækja.

Farþega- og starfsmannaflutningar.

Vér verðum að sjálfsögðu að sjá hinum íslenzku starfsmönnum fyrir flutningi og, að svo miklu leyti sem vér tækjum að oss farþegaafgreiðsluna, verðum vér einnig að sjá þeim þeirra, sem þess þurfa, fyrir flutningi til Reykjavíkur.

Gert er ráð fyrir 3 stórum farþegabifreiðum og ein þeirra ætið til taks fyrir flugfarþega, en hinar í áætlunarferðir.

Starfsmannafjöldi (bifreiðarstjórar) 9 menn.

Verklegar framkvæmdir og viðhald.

Samkvæmt flugvallarsamningnum er gert ráð fyrir, að Bandaríkjamenn taki að sér alls konar verklegar framkvæmdir flugvallarins og viðhald hans, þar með

talið viðhald flugbrauta og vega og nýjar framkvæmdir á því sviði, viðhald á byggingum vallarins og nýjar byggingar, viðhald hita-, vatns- og skólpkerfa. Þessu fylgir aftur viðhald þeirra véla og tækja, þar með taldar bifreiðar, sem störf þessi útheimta, þar sem venja er, að menn úr slíku starfsliði annist snjómokstur og sandáburð, enda annað ekki hagkvæmara, er hér gert ráð fyrir, að það fyrirkomulag haldist. Gerum við ráð fyrir, að þeir bandarískir þegnar, sem nauðsynlegir eru í þessu sambandi við hinar verklegu framkvæmdir, njóti skattfrelsis samkvæmt flugvallarsamningnum.

Þar sem hér greind atriði eru tekin á starfssviði Bandaríkjamanna, höfum við ekki áætlað tölu þessara starfsmanna, enda ekki vitað, hve mikið framkvæmdum verður hraðað.

Rafmagnsdeild.

Í samræmi við það, að öll fjarskiptavirki eru hér talin á starfssviði íslenzkra aðila og því einnig línukerfi þess og þar með öll rafmagnsvirki verða að lúta íslenzkum reglum um starfsmenn og fyrirkomulag, gerum við ráð fyrir, að rafmagnsframleiðsla, rafveitur og flugvallarlýsing ásamt öryggisljósum verði á starfssviði voru. Gerum við ráð fyrir, að línukerfi vallarins verði sem fyrst tengd Sogsveitunni, en þangað til verði notazt við dieselvélar eingöngu, sem þá verður ætlað að hafa til vara að nokkru leyti.

Starfsmannafjöldi (véla- og viðgerðarmenn) 14 menn.

Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu læknisbústaðar í Flateyjarhéraði.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar gera allan nauðsynlegan undirbúning til þess, að byggður verði læknisbústaður í Flateyjarhéraði svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en fyrir árslok 1948, og heimilar til þess fé úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í hartnær áratug hefur Flateyjarhérað verið læknislaust. Allan þennan tíma hafa íbúar héraðsins orðið að vitja læknis til Stykkishólms, en leið sú er allt í senn, löng, erfið og hættuleg, er fara verður hana jafnt að vetri sem sumri og að nóttu sem degi, ef hjálpin er aðkallandi. Heilbrigðisstjórnin hefur sjálfsagt gert allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að tryggja héraðinu læknisþjónustu, en allan þennan tíma hefur henni þó ekki orðið annað né meira ágengt en að fá héraðslækni úr mjög umsvifamiklu og erfiðu héraði til þess að ljá Flateyjarhéraði þjónustu sína fyrir helming lögboðinna læknislauna. Má öllum vera ljóst, hversu slík ráðstöfun er gersamlega óviðunandi fyrir íbúana árum saman og enda fyrir alla aðila.

Í fyrstu var álitið, að þegar samgöngur kæmust á að nýju við Norðurlönd, mundi mjög rætast úr læknaskorti hinna fámennu héraða, þar sem fjöldi læknanema væri útilokaður frá heimkomu á meðan ófriður geisaði í álfunni, en hátt á þriðja ár er nú liðið síðan ófriðnum lauk og læknanemarnir komnir heim, án þess að hverfa til þjónustu í þeim héruðum, sem enn eru læknislaus. Er því fullkomlega tímabært að taka til alvarlegrar athugunar, hvernig bæta skuli úr þessu ástandi, sem er algerlega óviðunandi til lengdar.

Það verður ekki um það deilt, að fyrsta og bezta úrbótin er að koma upp bústað, svo að unnt sé að uppfylla þá frumkröfu væntanlegs læknis, að hann hafi öruggt

skýli yfir höfuðið, því að án þess er vonlaust að fá nokkurn lækni til að setjast að í þessu héraði. Héraðið hefur hins vegar enga fjárhagslega möguleika til þess að leggja fram á móti ríkissjóði lögboðinn hluta til byggingar læknisbústaðar. Og er þá ekki nema um tvennt að velja, að ríkissjóður greiði allan kostnað of byggingunni eða að láta héraðið enn vera læknislaust um áratug eða meira, en slíkt ástand er að sjálfsögðu algerlega óþolandi.

Í Flatey er nú verið að koma upp fiskiðjuveri og útgerð til þess að auka þar atvinnu og bæta kjör fólksins. Þegar veginum á milli Patreksfjarðar og Brjánslækjar er lokið, hljóta að aukast mikið samgöngur yfir Breiðafjörð með viðkomu í Flatey. Allt kallar þetta á örugga læknisþjónustu í sjálfu héraðinu, sem ekki er hægt að neita um. Kostnaðurinn og öryggisleysið, sem íbúar héraðsins eiga við að búa nú, er þeim slíkur baggi ofan á alla aðra erfiðleika, að þeir fá ekki risið undir því takmarkalaust. Barátta þeirra fyrir því að halda þessum sveitum í byggð, er sannarlega nógu hörð, þótt ekki bætist hér ofan á allt það öryggisleysi, sem því er samfara að hafa héraðið læknislaust árum saman.

Ég vænti þess því, að mál þetta mæti fullri vinsemd þingmanna og verði afgreitt án andstöðu á þessu þingi.

Sþ. 28. Tillaga til þingsályktunar

um samning skýrslu um kostnað ríkissjóðs við sendiferðir til útlanda síðan stríði lauk.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason og Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera og birta Alþingi sundurliðaða skrá um þær fjárhæðir, sem greiddar hafa verið úr ríkissjóði og af ríkisstofnunum sem ferða- og dvalarkostnaður eða laun sendimanna, sem farið hafa utan opinberra erinda síðan stríði lauk, til þátttöku í ráðstefnum og þingum hvers konar, í markaðsleit eða til undirbúnings einhverjum framkvæmdum, og skal tilgreindur sérstaklega kostnaðurinn við hverja sendiferð.

Greinargerð.

Gjaldeyrisskorturinn er nú eitt helzta viðfangsefni í fjárhagsmálum þjóðarinnar, og hafa þegar verið gerðar margháttaðar ráðstafanir til sparnaðar í gjaldeyrisnotkun. Má þar fyrst nefna hina víðtæku skömmtun, sem nýlega hefur verði tekin upp, takmörkun á veitingu gjaldeyrisleyfa til náms og ferðalaga erlendis o. fl. Á undanförnum árum og þó einkum síðan stríði lauk, hefur ríkisvaldið sjálft notað allmikinn gjaldeyri til greiðslu á kostnaði við ýmiss konar sendiferðir til útlanda, enda hefur íslenzka ríkið, síðan lýðveldið var stofnað, gerzt þátttakandi í margs konar alþjóðlegu samstarfi og verið boðin þátttaka í ýmiss konar alþjóðlegum ráðstefnum og þingum. Jafnframt hefur kveðið allmikið að því, að hið opinbera hafi sent menn og oft allfjölmennar nefndir utan margs konar annarra erinda og þá fyrst og fremst í ýmiss konar markaðsleit og til undirbúnings alls konar framkvæmdum.

Allir munu sammála um, að nauðsynlegt sá, að Íslendingar taki einhvern þátt í sumum greinum alþjóðasamstarfs, nú er þeir hafa tekið utanríkismál sín í eigin hendur. En hins er þá að geta, að sökum smæðar þjóðarinnar og lítillar fjárhagsgetu, samanborið við hinar stærri þjóðir, verður að stilla kostnaði vegna þátttöku í slíku samstarfi mjög í hóf, og munu ýmsir telja, að útgjöld þau, sem ríkissjóður hefur haft af þessum sökum síðan stríðinu lauk, séu meiri en eðlilegt geti talizt, miðað við gjaldeyrisaðstöðu þjóðarinnar, eins og hún er nú. Það er því mjög gagnlegt, að upplýst sé, hver þessi kostnaður hefur verið, en það sést ekki nægilega glöggt af ríkis-

reikningum auk þess sem þeir eru venjulega mjög síðbúnir. Þá er hægt að gera sér grein fyrir, hvort þessi kostnaður hefur verið meiri en fært og skynsamlegt er að greiða eða ekki. Enginn mun draga í efa, að nauðsynlegt sé að senda erindreka utan til að efla sölu íslenzkra afurða og undirbúa gagnlegar framkvæmdir innanlands og að þeim gjaldeyri, sem varið er í slíku skyni, sé vel varið, ef duglegir og hæfir sendimenn eiga í hlut. Það orð hefur hins vegar legið á, að undanfarin ár hafi árangur af slíkum sendiferðum ekki verið í samræmi við tölu þeirra og kostnað þann, sem af þeim hefur hlotizt, og telja margir, að ástæða sé til þess að gæta framvegis meiri ráðdeildar og sparsemi í þessum efnum en átt hefur sér stað hin síðustu ár. Til þess að unnt sé að gera sér grein fyrir, hvort ástæða sé til sparnaðar á þessu sviði, miðað við síðustu ár, er nauðsynlegt að vita, hversu miklu hefur verið varið í þessu skyni.

Um það ætti ekki að geta orðið ágreiningur, að jafnhliða því, sem námsmönnum og þeim öðrum, sem eiga nauðsynleg og gagnleg einkaerindi til útlanda, er skammtaður mjög naumur gjaldeyrir og allur almenningur verður að sætta sig við ýmis óþægindi vegna gjaldeyrisskorts, þá sé sjálfsagt, að ríkisvaldið sjálft gæti hins ýtrasta sparnaðar í notkun erlends gjaldeyris, m. a. með því að kosta ekki meira fé til sendiferða til annarra landa en nauðsynlegt og skynsamlegt er.

Ed. 29. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 28 frá 14. apríl 1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á eftir orðunum „af benzíni“ í 1. gr. a. laganna komi: öðru en flugvélabenzíni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur um málið. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir.

Flugfélögin hér á landi hafa mótmælt þeirri hækkun á vörumagnstolli af benzíni, er samþykkt var á síðasta Alþingi, og telja, að félögin geti varla risið undir þeim kostnaði, sem þessi tollhækkun hefur haft í för með sér fyrir þau. Erlend flugfélög hafa einnig kvartað undan hinum háa benzíntolli og gefið ótvírætt í skyn, að þau muni hætta af þessum ástæðum viðkomum sínum á Íslandi, en tekjur af Keflavíkurflugvellinum byggjast að mestu leyti á afnotum erlendra flugfélaga.

Flugmálastjóri hefur í bréfi til fjármálaráðuneytisins eindregið mælt með lækkun á flugvélabenzíni og telur, að hægt sé að hækka lendingar- og stæðisgjöld á Keflavíkurflugvellinum, en þá því aðeins, að benzíngjaldið verði afnumið.

Af framantöldum ástæðum hefur ráðuneytið talið rétt að leggja til við Alþingi, að framangreindum lögum verði breytt þannig, að flugvélabenzín verði undanþegið vörumagnstolli.

Bréf formanns flugráðs:

„Með skírskotun til samtals míns við hæstvirtan fjármálaráðherra varðandi benzínskatt þann, er samþykktur var á síðastliðnu vori og líklega af vangá var látinn ná til flugbenzíns, leyfi ég mér að taka fram eftirfarandi:

Svo sem hinu háa ráðuneyti mun kunnugt, mótmæltu bæði íslenzku flugfélögin hækkun þessari og töldu hana hættulega íslenzkum flugmálum.

Reynslan hefur síðan sýnt, að fjárútlát flugfélaganna í sambandi við umrætt benzíngjald eru það há, að félögin fá vart risið undir þeim kostnaði, til viðbótar lögboðnum lendingargjöldum og mjög háum leigum af flugskýlum. Er þetta út af fyrir sig ærið tilefni til að endurskoða hið bráðasta umrætt benzíngjald.

Til viðbótar þessu er þó annað fullt eins alvarlegt, en það er afstaða þeirra erlendra flugfélaga, sem nota hina íslenzku flugvelli á leið sinni yfir hafið. Hafa þau flest gefið ótvírætt í skyn, að þau myndu tilneydd að hætta viðkomu á Íslandi, vegna hins háa benzíngjalds. Er þegar farið að koma í ljós, að hin erlendu flugfélög munu ekki ætla að láta sitja við orðin tóm, enda hafa flugfélög um allan heim með sér samtök um að mótmæla slíkum skatti á eldsneyti, sem að sáralitlu leyti er notað yfir umráðasvæði þess ríkis, er skattinn krefur.

Í tillögum flugráðs um fjárveitingu til flugmála fyrir árið 1948 er gert ráð fyrir 750 þúsund króna tekjum af Keflavíkurflugvellinum einum. Er sýnilegt, að þessi tekjuliður fær ekki staðizt, ef ekki verður nú þegar brugðið við og hætt að innheimta nefnt benzíngjald.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að ég tel lending og stæðisgjöld Keflavíkurflugvallar of lágt ákveðin og tel fært að hækka þau verulega, án mótmæla frá hinum erlendu flugfélögum, en því aðeins, að benzíngjaldið sé afnumið.

Á fundi flugráðs hinn 22. þ. m. var mál þetta rætt, og samþykkti ráðið að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, „að hinn nýi skattur af benzíni verði ekki látinn ná til flugvélabenzíns.“

Með því að mál þetta er þegar komið í óefni, eru það vinsamleg tilmæli mín, að hið háa ráðuneyti taki málið til skjótrar athugunar.

Agnar-Kofoed-Hansen.“

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til að draga úr áfengisnautn.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson, Hannibal Valdimarsson, Páll Þorsteinsson, Pétur Ottesen, Halldór Ásgrímsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera eftirtaldar ráðstafanir:

a. að láta lög nr. 26 frá 1943, um héraðabönn, koma til framkvæmda eigi síðar en 1. jan. 1948;
b. að gefa út reglugerð um skömmtun áfengis, og verði þar meðal annars ákveðið, að áfengi megi ekki selja, nema gegn skömmtunarseðlum kaupanda, enda sýni hann persónuskírteini sín.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi voru fluttar allmargar tillögur til þingsályktunar varðandi áfengismálin. Tvær þeirra vöktu verulega athygli, og má fullyrða, að þær áttu hljómgrunn hjá þjóðinni, var önnur um framkvæmd héraðabanna, en hin um skömmtun áfengis.

Þrátt fyrir eindregnar áskoranir frá fjölmörgum fundum og samtökum um, að Alþingi samþykkti þessar tillögur, fékkst hvorug þeirra afgreidd. Slík meðferð þessara mála var ósæmandi Alþingi. Þessar tvær tillögur eru að efni til sameinaðar í þeirri tillögu, sem hér liggur fyrir, og er þess að vænta, að Alþingi víki sér nú ekki undan að afgreiða þær, enda efni þeirra mjög rætt, og mætti ætla, að sérhver þingmaður hefði þegar fullmótaðar skoðanir á því og óskaði ekki að dylja þær.

Hér á eftir eru birtar þær greinargerðir, sem fylgdu tillögum þessum á síðasta þingi.

Greinargerð með tillögu til þingsályktunar um héraðabönn, er var flutt á reglulegu Alþingi 1946, þskj. 127:

„Í maímánuði síðastliðið vor ritaði Stórstúka Íslands öllum frambjóðendum við alþingiskosningar þær, sem þá fóru í hönd, og spurði þá þessara tveggja spurninga:

„1. Viljið þér beita áhrifum yðar til þess, að lögin um héraðabönn geti komið til framkvæmda sem allra fyrst?
2. Viljið þér styðja markvissa sókn að algeru áfengisbanni?“

Um 50 frambjóðendur svöruðu bréfinu, og allir hiklaust játandi, að tveimur undanteknum, sem þó létu aðeins í ljós nokkra vantrú á algeru aðflutningsbanni, „nema það væri liður í alþjóðasamtökum til útrýmingar áfengi í heiminum“. Annar þessara manna tók þó beint fram, að hann væri samþykkur því, að lögin um héraðabönn kæmu til framkvæmda, þótt hann einnig á því fyrirkomulagi sæi nokkra annmarka.

Það er því staðreynd, að **allir** þeir frambjóðendur, sem svöruðu bréfi Stórstúkunnar, tjáðu sig samþykka því, að lögin um héraðbönn yrðu látin koma til framkvæmda. Sams konar óskir og kröfur hafa verið fram bornar af fjöldamörgum félögum og félagasamböndum, þar á meðal af flestum bæjarstjórnum landsins.

Þó að flutningsmönnum sé það vel ljóst, að engu lokamarki sé náð í baráttunni gegn áfengisbölinu með héraðabönnum einum, þá telja þeir vonir standa til, að með því móti mundi draga verulega úr almennri áfengisneyzlu á þeim svæðum, sem þær ráðstafanir næðu til. Þegar reynsla fengist svo af því, að héraðsbann hefði orðið til bóta á einhverjum stað, mætti ætla, að önnur héruð eða aðrir landshlutar færu í kjölfarið og afnæmu hjá sér útsölustaði áfengis með meirihlutaákvörðun kjósenda. Á þennan eðlilega hátt gætu héraðabönn smám saman stefnt að lokamarkinu: algeru aðflutningsbanni áfengis.

Það er ósamboðið íslenzka ríkinu að byggja fjárhagsafkomu ríkissjóðs í sívaxandi mæli á þeim blóðpeningum, sem áfengisgróðinn vissulega er. Það er smánarblettur á lýðveldinu Íslandi að gera lífshamingju þegna þess þúsundum saman að auvirðilegri verzlunarvöru. Og bókstaflega verður það að teljast fáránleg fjarstæða, að ríkisvaldið sjálft reki til **„ágóða“ fyrir ríkissjóð,** verzlun, sem níðir af þjóðinni andlega og líkamlega heilbrigði hennar, brýtur niður lífshamingju fjölda manns á ári hverju, steypir öðrum í fjárhagslega glötun og dregur stórlega úr starfhæfni manna í öllum stéttum þjóðfélagsins.

Samtímis þessu á svo lögreglulið, læknar og hjúkrunarfólk daglega í ömurlegri baráttu við átakanlegar afleiðingar áfengisverzlunar ríkisins í margvíslegustu myndum afbrota, glæpa, auðnuleysis, spillingar og eymdar.

Nei, um þetta ætti ekki að þurfa að fjölyrða: Íslenzkir kjósendur verða að fá heimild til **að ákveða það með atkvæðagreiðslu,** hvar eða hvort íslenzka ríkið framvegis skuli hafa opnar vínverzlanir með þeim ömurlega árangri, sem nú blasir hverjum heilskyggnum manni við augum í öllum stærri kaupstöðum landsins. En annað eða meira felst ekki í þessari þingsályktunartillögu.

Á þessu þingi eru fram komnar tvær aðrar tillögur varðandi áfengismálin. Sýnir það bezt, að víða vakir nú einlægur vilji fyrir því að ráðast gegn hinu ægilega böli ofdrykkjumar, sem aldrei hefur gengið jafnnærri þessari þjóð og einmitt nú.

Má það vel vera, að skömmtun áfengis gæti einmitt orðið til verulegra bóta í sambandi við héraðabönnin, þótt flutningsmenn þessarar tillögu hafi nokkuð skiptar skoðanir um gagnsemi þeirrar ráðstöfunar einnar út af fyrir sig.

Hin tillagan, um að hið opinbera standi ekki fyrir vínveitingum eða veiti ein-

stökum mönnum sérréttindi til vínkaupa, er í alla staði sjálfsögð og mun hljóta óskipt fylgi þeirra, sem að þessari þingsályktunartillögu standa.

Það má vissulega ekki dragast lengi úr þessu, að Alþingi geri ráðstafanir til að draga verulega úr áfengisbölinu, og það úrræðið, sem tvímælalaust á mestu fylgi að fagna meðal þjóðarinnar, er það, sem hér er lagt til, sem sé þetta, að Alþingi gefi ríkisstjórninni ákveðin fyrirmæli um að láta heimildarlögin um héraðabönn koma til framkvæmda.

Fylgiskjal I.

Samþykktir prestastefnunnar.

Prestastefna Íslands, háð dagana 20.—22. júní s. l., samþykkti meðal annars tillögur um áfengismálin:

Prestastefnan tekur undir þær áskoranir, sem fram komu á kvennafundi í Reykjavík 15. apríl s. l., að því viðbættu, að hagfræðileg rannsókn á áhrifum áfengisins færi ekki aðeins fram í Rvík, heldur um land allt.

Prestastefna Íslands beinir þeirri ósk eindregið til allra landsmanna, að áfengi verði ekki um hönd haft í mannfagnaði í sambandi við helgiathafnir.

„Prestastefnan 1946 óskar eftir þjóðaratkvæðagreiðslu í síðasta lagi 1947, um hvort leyfa skuli innflutning áfengis, og telur aðflutningsbann áfengis sterkasta ráðið til bóta á því öngþveiti, sem nú ríkir í áfengismálum þjóðarinnar."

Prestastefna Íslands 1946 telur það ástand, sem nú ríkir í áfengismálum þjóðarinnar, eigi aðeins vansæmandi, heldur háskalegt siðgæði og heilbrigði þjóðarinnar og beinir þeirri eindregnu áskorun til allra presta landsins, að þeir vinni ötullega hver í sínu prestakalli gegn áfengisbölinu og leggi fram sinn skerf til þess að skapa það almenningsálit, sem telur ofnautn áfengis vansæmandi frjálsbornum mönnum, og óskar þess, að allir þeir, sem gegna ábyrgðarstörfum eða opinberum störfum, séu bindindismenn.

Jafnframt skorar Prestastefnan á ríkisstjórn og Alþingi að gera sem fyrst og eigi síðar en á næsta haustþingi ráðstafanir til að draga verulega úr áfengisnautn þjóðarinnar og koma á fót nauðsynlegum hælum fyrir ofdrykkjumenn.

Fylgiskjal II.

Ályktun Sambands íslenzkra barnakennara.

Níunda fulltrúaþing Sambands íslenzkra barnakennara (S.Í.B.), haldið í Reykjavík dagana 21.—26. júní 1946, telur ástand það, sem nú ríkir í áfengismálum þjóðarinnar, hið háskalegasta. Daglegir viðburðir af völdum þess eru slys, glæpir og alls konar afbrot, upplausn heimila, hvers konar lausung, siðspilling og gengdarlaus fjársóun.

Telur þingið, að heilsu, siðferðisþreki og sjálfstæði þjóðarinnar sé stefnt í beinan voða, ef þessu heldur áfram. Þingið vítir harðlega þá stjórnarstefnu að byggja fjárhagsafkomu ríkisins að verulegu leyti á þeim blóðpeningum, sem áfengisgróðinn er, og telur, að afla eigi þeirra tekna með beinum sköttum eða á annan hátt. Einnig átelur þingið þá framkomu Alþingis og ríkisstjórnar að hafa að engu háværar raddir og eindregnar ályktanir og áskoranir fjölmennra félagasamtaka og funda hvaðanæva af landinu til umbóta umræddum málum.

Þingið skorar á hæstvirt stjórnarvöld ríkisins að hefja nú þegar framkvæmdir á grundvelli nefndra ályktana og að öðru leyti eftir eigin leiðum.

Jafnframt skorar þingið á alla foreldra og kennara við alla skóla landsins, frá barnaskólum að háskóla meðtöldum, að hefja þegar alhliða sókn gegn áfengisbölinu, með því m. a.:

1. að sveigja hugi æskulýðsins til hófsemi og bindindis og vera honum til fyrirmyndir í þeim efnum;

2. að taka höndum saman við alla þá, sem vilja vinna gegn neyzlu áfengra drykkja, og styrkja viðleitni þeirra eftir mætti;
3. að vinna markvisst að því að skapa í landinu það almenningsálit, er telur drykkjuskap ósiðlegan, hættulegan og ekki sæmandi menningarþjóð;
4. að stuðla að því eftir mætti, að löggjafarþing þjóðarinnar verði einvörðungu skipað bindindissinnuðum mönnum.“

Greinargerð með tillögu til þingsályktunar um skömmtun áfengis, er var flutt á reglulegu Alþingi 1946, þskj. 70:

„Öllum hugsandi mönnum mun vera hin mikla og sívaxandi áfengisnautn þjóðarinnar áhyggjuefni. Fjöldi manna veiklast líkamlega og andlega af völdum áfengisnautnar. Afbrot fara mjög í vöxt, einkum meðal æskumanna. Hraustir menn hverfa voveiflega. Lífshamingja ótaldra einstaklinga og heimila fer í mola. Árlega er með ýmsum hætti mörgum mannslífum fórnað beint og óbeint á altari óreglunnar. Slíkan skatt geldur þjóð vor Bakkusi um þessar mundir.

Ekki er glæsilegra um að litast, ef skoðuð er fjárhagshlið málsins. Tugmilljónum króna er árlega sóað fyrir áfengi. Þær fjárhæðir, sem árlega tapast einstaklingum og stofnunum vegna minni afkasta við störf og iðjuleysis af völdum víns, eru ekki í tölum taldar. Þá er og vitanlegt, að verja þarf af þjóðfélagsins hálfu miklu hærri fjárhæðum en ella til heilsuverndar og hjúkrunar vegna ofnautnar áfengra drykkja. Enn fremur þarf þjóðfélagið iðulega að ala önn fyrir fjölskyldum þeirra að meira eða minna leyti, sem verst hafa orðið úti af völdum drykkjuskaparins.

Það verður því að teljast þjóðarnauðsyn, að ríkisvaldið hefjist handa um að draga sem mest úr því böli, sem óhófleg áfengisneyzla hefur leitt yfir þjóðina. Æskilegt væri, að allt áfengi yrði nú þegar gert landrækt, en margra hluta vegna mun þess varla kostur á næstunni. Hins vegar ætti að vera tiltölulega auðvelt að draga stórlega úr ofnautn áfengis með því að koma á skömmtun allra vínfanga. Allt veltur vitanlega á því að búa svo um hnútana, að erfitt eða ókleift reynist að komast fram hjá þeim fyrirmælum, sem sett yrðu um skömmtunina, og að árlegur skammtur sé hafður sem minnstur. Ef veitingahús hefur vín á boðstólum með leyfi stjórnarvalda, verður skömmtunin einnig að ná til þess.

Gefa ætti út áfengisbækur á svipaðan hátt og orlofs- eða vegabréfabækur. Þegar áfengisbók er tekin í noktun, ætti mynd af eiganda að vera fest í hana. Enginn ætti að fá áfengisbók og þar með heimild til að kaupa áfengi yngri en 21 árs, enda er það í samræmi við fyrirmæli 13. greinar áfengislaganna. Þar, sem áfengisútsölur eru starfandi, ætti bókareiganda einum að vera heimilt að fá áfengi afhent út á bók sína. Þurfi að fá það sent frá fjarlægri áfengissölu, gæti kaupandi látið vottorð frá næsta yfirvaldi, er sýndi, að hann ætti rétt á umbeðnu áfengi, fylgja pöntuninni. Að sjálfsögðu ætti að gera ráð fyrir því, að hægt væri að svipta menn rétti til áfengisbókar, og kæmu þar til greina menn, sem á einn eða annan hátt gæta ekki almenns velsæmis við notkun áfengra drykkja.

Vitanlega þarf nokkurn undirbúning til að taka upp þessa skipan um almenna afgreiðslu allra vínfanga, sem einkum er fólginn í því að setja reglur um skömmtunina og prenta áfengisbækur. Hér er því gert ráð fyrir, að ríkistjórnin hafi nokkurn frest til framkvæmda, en þó ekki lengri en til næstu áramóta.“

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar

um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Sigfús Sigurhjartarson, Hannibal Valdimarsson, Halldór Ásgrímsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar, að áfengir drykkir skuli ekki veittir á kostnað ríkisins eða ríkisstofnana.

Greinargerð.

Tillaga um þetta efni var fram borin á síðasta þingi, og var henni vísað til þingnefndar, en nefndarálit kom ekki. Málið er því flutt hér í annað sinn, og vísast til greinargerðar, er fylgdi nefndri tillögu á Alþingi 1946 (þingskjal 119).

Sþ. 32. Tillaga til þingsályktunar

um afnám sérréttinda í áfengiskaupum.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Sigfús Sigurhjartarson, Hannibal Valdimarsson, Halldór Ásgrímsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afnema þau sérréttindi, sem nokkrir viðskiptamenn áfengisverzlunar ríkisins njóta nú, að fá þar keypt vínföng fyrir lægra verð en aðrir kaupendur þurfa að borga fyrir þá vöru.

Greinargerð.

Tillaga um þetta efni var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Er málið því borið fram á ný.

Sþ. 33. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um réttindi til áfengis með niðursettu verði.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvaða trúnaðarstöðum í landinu fylgir réttur til að fá frá ríkinu áfengi til kaups með niðursettu verði?

Hvenær hafa trúnaðarmenn þjóðfélagsins öðlazt þessi réttindi, hvaða stjórnarvöld veittu réttindin, og hvaða ár fékk hver einstök trúnaðarstaða sinn frumrétt?

Hvaða skilyrði eða takmarkanir eru settar hinum einstöku notendum þessara hlunninda?

Hvaða valdastöður, sem ekki hafa enn öðlazt þennan rétt, gætu, ef beita skyldi fullri sanngirni, komið til greina, ef hlunnindi þessi ættu að ná eftirleiðis til fleiri manna en hingað til?

Sþ. 34. Tillaga til þingsályktunar

um fiskþurrkun við hverahita.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvort framkvæmanlegt muni vera með góðum árangri að nota eitt af hinum stóru flugskýlum í Vatnsmýrinni hjá Reykjavík til að þurrka þar saltfisk við hverahita.

Greinargerð.

Á stríðsárunum mátti kalla, að saltfisksverkun legðist niður, vegna þess að aflinn seldist þá strax í Englandi. En nú er sýnilegt, að saltfiskurinn er aftur að verða nokkuð eftirsótt markaðsvara í Suður-Evrópu og að líkindum í Mið- og Suður-Ameríku. Væri mjög misráðið af Íslendingum að hætta að sinna hinum þrautreynda markaði á Ítalíu, Spáni og Portúgal, þar sem þessi íslenzka framleiðsla hefur lengi verið í miklu áliti. Nú kemur hins vegar í ljós, að torvelt mun reynast að fá nægilega vinnuorku til að verka saltfisk á stakkstæðum. Auk þess er tíðarfarið á landinu sunnan- og vestanverðu yfirleitt óhentugt til að sólþurrka fisk. Sýnilega væri hentast að þurrka saltfiskinn í mjög stórum geymsluhúsum, þar sem hægt væri að koma við mjög fullkominni véltækni. Þetta má gera í Reykjavík, og mundu allar verstöðvar við Faxaflóa njóta góðs af slíkri framkvæmd, ef vel væri á haldið.

Það hefur lengi verið almenn vitneskja, að höfuðborginni stendur mikil hætta af flugvellinum í Vatnsmýrinni, bæði á friðar- og ófriðartímum. Auk þess er sýnilegt fyrir löngu, að þjóðin hefur ekki efni á að starfrækja svo stóran og viðhaldsfrekan flugvöll aðeins vegna innanlandsflugferða. Hefur ríkisstjórnin nýverið hætt við að starfrækja gistihúsið á flugvellinum, og var þess þó hin mesta þörf, ef tekjuhallinn á gistihúsrekstrinum hefði ekki verið orðinn óbærilegur. Þó mun tekjuhallinn á sjálfum flugvellinum verða miklu meiri. Kemur þá að því, að betur mun þykja henta, að ekki verði starfræktur nema einn stór flugvöllur hér á landi. Mun koma til léttis íslenzka ríkissjóðnum nokkur stuðningur af alþjóðasamgöngum, en um leið og þessi breyting gerist, fær æska Reykjavíkur hin æskilegustu hússtæði á flugvellinum, og hin miklu flugskýli verða handbær til annarra nota, sem sýningarskálar, skautahöll og fiskþurrkunarhús. Þegar líður á vertíð, má að öllum jafnaði treysta á, að hitaveitan hafi afgangs allmikið af heitu vatni mikinn hluta nætur, og þegar vorar og að sumrinu til ræður bærinn yfir óhemjumiklu heitu vatni, sem ekkert er með að gera. Þetta hitamagn má nota til að þurrka í einu flugskýlinu allan þann fisk, sem útvegurinn kann að vilja verka með þessu móti. Innan skamms koma til landsins hin nýju skip Eimskipafélagsins, sem geta með kælitækni sinni flutt saltfisk landsmanna hvert sem er í hitabeltinu, án þess að hitinn spilli vörunni.

Núverandi útvegsmálaráðherra, Jóhann Jósefsson, hefur beitt sér fyrir nýjungum í fiskþurrkunarmálunum með góðum árangri. Er þess vænzt, að hann muni styðja að rannsókn á skilyrðum til að nota hverahita í þágu saltfisksframleiðslunnar og til að hrinda áleiðis nauðsynlegum framkvæmdum í þessu efni.

Sþ. 35. Tillaga til þingsályktunar

um eignarnám á lóðum vegna Menntaskólans í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um eignarnám á lóðum og húsum á landspildu þeirri, sem er austanvert við Menntaskólann í Reykjavík, milli Amtmannsstígs, Bókhlöðustígs og Þingholtsstrætis. Skal síðan leggja land þetta og húseignir til afnota fyrir skólann, kennara hans og nemendur.

Greinargerð.

Á tveim síðustu þingum hefur Alþingi lagt eina milljón króna til Menntaskólans á Akureyri til byggingarframkvæmda og jafnmikið til Menntaskólans í Reykjavík í sama skyni. Á Akureyri er nú að verða fokheld heimavist fyrir 150 nemendur, auk húsnæðis fyrir nokkra ógifta kennara. Enn fremur verða í þessu nýja húsi salarkynni fyrir söfn skólans og mötuneyti nemenda. Í Reykjavík tókst miður að nota þessa fjárveitingu. Þáverandi menntamálaráðherra afréð án þingheimildar að flytja skólann á hæðirnar vestan við Klepp og reisa þar skólahverfi fyrir 15 millj. króna. Keypti menntamálaráðherra í þessu skyni erfðafesturéttindi á allstóru landsvæði með nokkru húsnæði, sem var þó ekki íbúðarhæft. Munu þessi réttindi með tilheyrandi kofum hafa kostað um 400 þús. kr. Ráðherra sendi síðan kunnáttumenn í kennslumálum og húsagerð til annarra landa til að fá heppilegar fyrirmyndir að þessu nýja menntahverfi. En þegar þeirri ferð var lokið, kom í ljós, að forráðamenn Reykjavíkur höfðu afhent sama landið útgerðarfélögum í bænum undir fiskstöð. Sat stjórnin nú uppi með erfðafesturétt á landi, sem bannað var að nota nema fyrir fiskhús. Ráðherra vildi nú flytja hinn nýja skóla á land golfklúbbsins á Öskjuhlíð, en þá risu golfmenn eindregið á móti því að missa landið frá íþrótt sinni. Flytjendur þessa máls héldu því fram, að hið gamla timburhús, sem er heimkynni menntaskólans, færi illa í Lækjargötu innan um þær skrautbyggingar, sem þar ætti að byggja. Vildu þeir því láta rífa skólann til að fegra miðbæinn. Gamlir menntaskólanemendur fóru á stúfana og mótmæltu þessari meðferð á skóla, sem hafði um aldarskeið verið aðalmenntastofnun landsins og þinghús þjóðarinnar nálega allan starfstíma Jóns Sigurðssonar. Var öllum kunnugum ljóst, að aðsteðjandi fátækt ríkissjóðs og mótþrói gamalla nemenda mundi hindra flutning skólans. Var þess vegna ekki um annað að gera en fylgja í fótspor norðlenzka skólans og byggja ný hús á skólastaðnum gamla, en þar vantaði lóðaréttindi. Hins vegar var aðsókn mjög vaxandi, þannig að nú munu þar vera á 6. hundrað nemendur og tvísett í flestar stofur. Þegar hér var komið sögu, flutti ég á þingi í fyrra tillögu þá, sem hér er fram borin í annað sinn. Fáum dögum síðar varð eldur laus í timburhúsahverfi því, sem er á bak við skólann, og brunnu þar allmörg hús eða skemmdust stórlega af eldi, einmitt á því svæði, sem þarf að kaupa vegna skólans, ef hann á að geta leyst núverandi verkefni sitt. Bjuggust þá flestir við, að ríkisstjórnin og Alþingi mundu tafarlaust bera fram á þingi frv. um eignarnám á brunalóðunum. Sýnilegt var, að skólinn yrði ekki fluttur, heldur aukið við húsakost hans, þar sem hann var. En málinu var ekki sinnt, og tillagan um kaup á hinum nauðsynlegu lóðum kom ekki til annarrar umræðu. Er málið nú borið fram í annað sinn. Má öllum vera sýnilegt, að eðlilegra er að bæta við núverandi húsakost skólans í miðbænum, svo að skólinn verði sæmilega settur með húsakost, heldur en að leggja út í nýbyggð utanbæjar, sem lengi mundi standa ónotuð. Menntaskólahúsið er falleg bygging úr traustu efni á fegursta stað í bænum. Eru við húsið tengdar margar sögulegar minningar. Þeir

menn, sem líta á það hús eins og afsláttarhest, skilja ekki helgi sögulegra minninga í hugum menntaðra manna.

Með þeirri aðsókn, sem nú er orðin að menntaskólunum, hafa þeir skipt um hlutverk. Fyrrum voru slíkir skólar undirbúningsstofnanir fyrir embættismenn og fáein fræðimannaefni. Nú verða menntaskólarnir að búa meginþorra nemenda undir starfslífið og margháttuð framleiðslustörf eða eiga á hættu að skapa þjóðhættulegan öreigalýð, sem trúir á skyldu mannfélagsins um framfærslu án nauðsynlegra starfa. Af þessari ástæðu þarf að hlynna betur að menntaskólanum en gert hefur verið. Rektor og helzt fleiri kennarar þurfa að búa í náND við skólann. Íþróttahús skólans er mjög ófullkomið, en hefur með mikilli góðfýsi af öllum rektorum í 40 ár verið lánað öðrum skólum og íþróttafélögum til íþróttaiðkana. Enn fremur vantar skólann heimavistir, margháttuð verkstæði fyrir karla og konur, lesstofur, fundaherbergi og kennslustofur. Ef byrjað væri að byggja steinhús á lóðunum bak við skólann, mundi sú hætta, að skólahúsið færist í eldi, minnka stórlega, auk þess sem skólinn gæti betur en nú leyst af hendi ný og gömul verkefni.

Ef menntaskólinn væri rifinn og nýbyggð reist hans vegna utanbæjar, mundu nemendur og kennarar eyða að minnsta kosti 2000 kr. á dag í gjöld til strætisvagna og mikill tími fara forgörðum engum til gagns. Miðbærinn væri sviptur opinberri byggingu, sem prýtt hefur bæinn í hundrað ár og er þar bezt sett vegna hagsmuna almennings. Ákaflega litlar líkur eru til, að nokkur myndarbragur yrði á byggingu skólahverfis utanbæjar. Af fjárhagsástæðum er nú búið að stöðva byggingu iðnskóla við Skólavörðutorg, þó að nálega eitt þúsund iðnnemar séu að kalla má húsvilltir sökum vöntunar á skólastofum, Fæðingardeildin í Reykjavík fyrir 50 konur er fullgerð, nema þar vantar lyftu og innanstokksmuni. Þessi bygging er nauðsynlegri en flestar aðrar nýbyggingar, en þetta hús stendur ónotað mánuð eftir mánuð sökum þess, að gjaldeyri vantar fyrir tiltölulega lágri upphæð. Áreiðanlega mundi standa lengi á að reisa nýtt hverfi utanbæjar fyrir menntaskólann, ekki síst þegar þess er gætt, að mörg hundruð gamlir nemendur skólans í ábyrgðarstöðum munu í kyrrþey tefja fyrir þessum framkvæmdum, eins og málum er nú komið. En engin von er um, að bjarga málum skólans úr núverandi ófremdarástandi nema með því að hefja nýbyggð við gamla skólahúsið.

Sþ. 36. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Till. til þál. um, að ríkisstjórnin gefi þinginu skýrslu um þátttöku sína í Parísarráðstefnunni og samningaumleitanir um dollaralán.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Þar sem Alþingi telur, að það hafi verið rétt ráðið af ríkisstjórn og utanríkismálanefnd, að Ísland tæki þátt í Parísarráðstefnunni, og þar hafi verið haldið á hagsmunum Íslands svo sem vera bar, telur það tillögu þessa ástæðulausa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 37. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun gildandi laga um hlutafélög og laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela sérfróðum mönnum að endurskoða lög nr. 77 1921, um hlutafélög, og lög nr. 42 1903, um verzlunarskrár, firmu

og prókúruumboð, og leggja síðan frumvörp að lögum um þessi efni fyrir næsta Alþingi. Kostnaður við endurskoðun laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillögu samhljóða þessari flutti ég á síðasta þingi, nokkru áður en því var slitið. Sökum mikilla anna hina síðustu þingdaga gat hún ekki komið til umræðu og er því flutt öðru sinni. Lögfræðingar og þeir, sem viðskipti stunda og hafa kynni af þeim lögum, sem nefnd eru í tillögunni, munu yfirleitt sammála um, að hin mesta nauðsyn sé orðin á endurskoðun þeirra, og vænti ég því, að málið hljóti góðar undirtektir hjá þingheimi.

Þessi greinargerð fylgdi tillögunni í vor:

„Báðir þeir lagabálkar, sem hér er lagt til, að verði endurskoðaðir, eru orðnir algerlega úreltir, og hefur um langt skeið verið brýn þörf á setningu nýrra laga í stað þeirra. Næstum allar nágrannaþjóðir vorar hafa endurskoðað hlutafélagalöggjöf sína á síðustu árum, og er því ekki með öllu vansalaust, að vér skulum enn búa við aldarfjórðungsgamla löggjöf um þessi efni, og það því fremur, sem um frumsmíð var að ræða, og lögunum hefur reynzt ábótavant að ýmsu leyti. Gildandi lög um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð eru nú orðin meira en 40 ára gömul og hefur nær ekkert verið breytt síðan þau voru sett, en þau voru þá einnig frumsmíði. Þau eru og gölluð að ýmsu leyti, og mun nokkrum atriðum þeirra, svo sem fyrirmælunum um firmu fyrirtækja, sumpart alls ekki framfylgt. Virðist því einnig full ástæða til þess að endurskoða þau.“

Sþ. 38. Tillaga til þingsályktunar

um ferjur á Hornafjörð og Berufjörð.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásmundur Sigurðsson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvers konar ferjur muni bezt henta til flutninga yfir Hornafjörð og Berufjörð. Skal athugun þessari lokið og áætlun gerð um kostnað ferjanna fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Fylgdi þá tillögunni svo hljóðandi greinargerð:

„Aðalakvegur Austur-Skaftafellssýslu vestan Hornafjarðarfljóta liggur austur á melana sunnan Hornafjarðar, þar sem önnur leið er lokuð bifreiðum sökum vatna. Verður að ferja farþega og flutning yfir fjörðinn andspænis kauptúninu Höfn. Fara verður þessa leið með alla flutninga milli verzlunarstaðarins og Borgarhafnarhrepps. Á melunum sunnan fjarðarins er enn fremur aðalflugvöllurinn á Suðausturlandi. Eru flugferðir þangað tíðar, og mun þeim þó fara fjölgandi á næstunni. Í sambandi við allar flugferðir verður að nota ferju yfir fjörðinn.

Síðast liðin sumur hafa bílar farið frá Reykjavík um Norðurland og Austurland allt suður að Berufirði. Þá mætir örðugur farartálmi, þar sem ekki er bílfært umhverfis fjörðinn. Til þess að yfirstíga þann farartálma, eins og vegarsambandi er nú háttað, þarf að vera hægt að ferja bíla yfir fjörðinn.

Af þessu er ljóst, að nauðsyn ber til að fá góðar ferjur, sem flutt geta bifreiðar bæði yfir Hornafjörð og Berufjörð. Hér er því farið fram á, að ríkisstjórnin láti athuga svo fljótt sem auðið er, hvers konar ferjur muni bezt henta á þessa staði, og láti jafnframt gera áætlun um, hvað þær muni kosta.“

Sþ. 39. Tillaga til þingsályktunar

um bann gegn því, að einstakir trúnaðarmenn þjóðfélagsins fái vörur, svo sem áfengi tóbak og bifreiðar, með undanþáguheimild frá ríkisvaldinu, við lægra verði heldur en aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja bann við því, að einstakir trúnaðarmenn þjóðfélagsins fái vörur, svo sem áfengi, tóbak og bifreiðar, með undanþáguheimild frá ríkisvaldinu, við lægra verði en aðrir þegnar hér á landi. Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að leggja fyrir Alþingi tillögur um hófleg, en nauðsynleg framlög til að standast risnukostnað forseta lýðveldisins og utanríkisráðherra.

Greinargerð.

Sá óvani hefur um stund tíðkazt hér á landi, að ríkið veiti einstökum mönnum ívilnanir um tolla og verðlag á vörum, sem mjög eru eftirsóttar, svo sem áfengi, tóbak og bílar. Fer þessi siður nokkuð í vöxt, og er ekki laust við, að skattþegnunum þyki hér gæta spillingar og misbeitingar ríkisvaldsins. Hlunnindi þau, sem hér er um að ræða, nema í sumum tilfellum mörgum þúsundum króna á einstökum liðum, eins og nú munu leidd rök að.

Hlunnindin um vín og tóbak munu að öllum jafnaði fylgjast að. Eru þau þannig til komin, að fyrir allmörgum árum þóttust forsætisráðherrar mjög vanhaldnir af risnufé því, sem þingið greiddi þeim. Var þá sá siður upp tekinn, að fjármálaráðherra heimilaði forsætisráðherra, en á honum hvíldi risnuskyldan, að ekki skyldi reikna þessum trúnaðarmanni þjóðfélagsins áfengi og tóbak í opinberar veizlur með fullu verði. Tilgangurinn að bæta með vafasamri lögskýringu úr sparnaðarviðleitni Alþingis, þegar það ákvað framlag til opinberrar risnu. Hér var í fyrstu um bókfærsluatriði að ræða. Forsætisráðherra hefði átt að fá meira fé til risnunnar, og var þá hægt að bókfæra vínið og tóbakið, sem hann eyddi til risnu, með réttu verði. Eyðslan var hin sama, en ekkert undan dregið, sem gat valdið álitshnekki í fari valdamesta manns í landinu. Brátt virðist hafa komið að því, að fleiri og fleiri trúnaðarmenn ríkisins leituðu í þann brunn, sem hafði verið opnaður fyrir vítaverðan naumleika Alþingis og þrekleysi ráðherra. Komu innan tíðar í sömu slóð allir aðrir ráðherrar, þó að ekki hvíldi á þeim risnuskylda. Síðan kom forseti sameinaðs Alþingis og á eftir komu deildarforsetarnir. Þá þótti sumum varaforsetum, að þeim hæfði hinn sami réttur. Nú var röðin komin að öðrum starfsmönnum við þingið og í stjórnarráðinu, enda gátu ýmsir þeirra manna fært rök fyrir því, að þeir hefðu ekki minni þörf fyrir bætta aðstöðu til risnu en sumir þeir, sem öðlazt höfðu nokkra hefð á þessum hlunnindum. Takmörkin milli venjulegra borgara og hinna gæfusömu undantekningarmanna voru nú orðin óglögg. Mátti sjá, að hér horfði til vandræða, bæði um sæmd ríkisstjórnarinnar og Alþingis.

Enginn vafi er á því, að þessi undanþáguvenja er komin út í öfgar. Tryggvi Þórhallsson var forsætisráðherra í fimm ár og notaði ekki svo mikið sem eina flösku af áfengi handa sér eða sínum gestum. Forsetar Alþingis á þeim tíma, Guðmundur Ólafsson, Einar Árnason og Jörundur Brynjólfsson, létu sér ekki koma til hugar að biðja um undanþágu á verði áfengis, til að halda með þeim hætti uppi sæmd Alþingis. En eftir þeirra daga í stjórn þingsins gerðist mikil venjubreyting. Sumir ráðherrar og sumir forsetar Alþingis gerðust mjög frekir um áfengi til risnu, og er nú svo komið, að til vandræða horfir, ef ekki er hreinlega tekið á málinu og teknar upp í þessu efni nýjar siðvenjur, sem eru samboðnar ungu lýðveldi, sem á að verða langlíft í landinu. Fyrir nokkrum misserum varð það landskunnugt, að forseti annarrar deildarinnar hélt hátíðlegt afmæli sitt norður við Eyjafjörð. Þetta

var í þingleyfi. Þótti forsetanum hæfilegt að fá fjörutíu flöskur vegna þessa afmælis. Björn Ólafsson var þá fjármálaráðherra. Mun útibússtjórinn hafa borið málið undir hann. Ekki hefur vitnazt, hvaða úrlausn ráðherra gerði deildarforsetanum, en eftir þetta var deildarforsetum sett hámark um víneyðslu. Máttu þeir fá vörur úr vínverzluninni með niðursettu verði. Var hámarkið svo höfðinglegt, að slíkur forseti mundi nú geta fyrir þá upphæð komizt yfir nálega 200 flöskur af íslenzku brennivíni vegna einnar þingsetu. Komst upp úr þessu nokkur ruglingur á vínheimildir þingforseta. Stundum höfðu aðalforsetarnir þrír þennan rétt einir, og svo mun nú vera. En þegar betur blés fyrir forsetum, voru þeir allir, níu talsins, með fullum áfengisheimildum. Eftir að þessi siðvenja var upp tekin, mun ekki hafa þótt við eiga að skammta ráðherrum vínréttindin. Við lýðveldismyndunina færðist risnubyrðin frá forsætisráðherra til forseta lýðveldisins og utanríkisráðherra. Á þeim tveim mönnum, einum af öllum starfsmönnum ríkisins, hvílir risnuskylda, og ber Alþingi að ráða skynsamlega fram úr málinu, heimila þessum embættismönnum sómasamlegt fé til risnu, svo að þeir geti fyrir sínar veizlur greitt fullt verð fyrir vín og tóbak, eins og aðrir menn í landinu. Heimild ráðherra til ódýrra vínfanga skýrðist nokkuð við deilur í þinginu út af vínskuld ráðherra, sem látið hafði af völdum, en stóð í óbættum sökum við áfengisverzlun ríkisins um 5000 kr. Vitað var, að þegar þessi ráðherra hélt opinberar veizlur, lét hann ríkið greiða þær að fullu. Vínskuldin hlaut þess vegna að vera fyrir áfengi, sem hann hafði notað í einkalífinu fyrir vini sína og stuðningsmenn. Þar sem þessi ráðherra er viðurkenndur hófsmaður, er auðséð, að hann hefur lagt stund á að gleðja sem flesta samborgara með áfengi. Fyrir 5000 kr. gat hann keypt nálega eitt þúsund flöskur af brennivíni, en það vínmagn er nú með búðarverði um 60 þús. kr. Hér er sannarlega um að ræða allfjárfrek hlunnindi. Þegar þar við bætist tóbak með niðursettu verði og ekki skammtað, nema af þeim, sem hlunnindanna njóta, fer eyðsla ríkissjóðs á þessum lið að verða nokkuð tilfinnanleg. Þó er önnur hlið á þessu máli enn hættulegri. Hér er ótiltekinn hópur trúnaðarmanna lýðveldisins farinn að afhenda sjálfum sér mjög dýr nautnameðul úr birgðaskemmu ríkisins, og þykjast menn þessir gera það í þágu alþjóðar. Ekkert er hættulegra heilbrigðu þjóðlífi í lýðfrjálsum löndum en að hafa valdastétt, sem skammtar sér hlunnindi, sem aðrir þegnar borgfélagsins geta og mega ekki njóta. Franska þjóðin hefði sparað sér hin blóðugu átök, sem kölluð eru stjórnarbyltingin mikla, ef tvær valdastéttir landsins, klerkar og aðall, hefðu ekki gert tvennt í senn: Dregið mikið af auði landsins sér í hendur og neitað að greiða skatta til almennra þarfa. Þegar valdastéttir Frakklands höfðu misboðið almenningi nógu lengi, brotnaði þjóðfélagið undan ofurþunga réttlátrar reiði, og svo fer jafnan, þar sem trúnaðarmenn þjóðfélagsins hyggjast að byggja sér skjaldborg til persónulegra hlunninda á kostnað almennings.

Eðli áfengis og eðli Íslendinga gerir sérréttindi þau, sem hér eru gerð að umtalsefni, sérstaklega þjóðhættuleg. Íslendingar eru vínhneigð þjóð og sækjast mest eftir mjög áfengum vínum, eins og tíðkast raunar um fleiri þjóðir í köldum löndum. Hér eru í gildi ströng og nauðsynleg refsiákvæði gagnvart bifreiðastjórum, sem eru undir áhrifum áfengis. Þetta er gert til að bægja hættu frá farþegum og fargestum á götum og þjóðvegum. Að vísu er hér um að ræða mikla hættu, ef menn, sem stýra bifreið, sljóvga dómgreind sína með áfengiseitrun. En mikið ósamræmi er í því að óttast svo mjög deyfandi áhrif áfengis á bílstjóra, sem hafa þó mjög takmarkaða tölu fargesta á sinni ábyrgð, en ýta undir 10—20 af áhrifamestu forráðamönnum þjóðfélagsins að nota sem allra mest af deyfandi nautnameðulum, ekki aðeins í sjaldgæfum veizlufagnaði, heldur daglega í heimahúsum og jafnvel við skyldustörf í þágu almennings. Eins og málum er nú háttað, er brunnur deyfilyfjanna opnaður fyrir forseta lýðveldisins, forsætisráðherra, meðráðherrum hans öllum og forráðamönnum Alþingis, svo að ekki séu að þessu sinni taldir fleiri valdamenn í landinu. Ef þessi venja verður að hefð í landinu, má hiklaust gera ráð fyrir, að þeir menn,

sem mesta hafa áfengishneigðina, sæki fastast á að komast í þær trúnaðarstöður, þar sem áfengi er eins konar fylgifé, svo sem forsetastöður í Alþingi. Gæti þá svo farið, að samtök yrðu hafin meðal þeirra menna á þingi, sem minnst sinna alvarlegum störfum, um að velja til verkstjórnar á Alþingi þá menn, sem væru ósparir á vínveitingar. Er nú á almanna vitorði, að til mála hefur komið að setja upp „bar" eða snapsaútsölu í þinghúsinu, og er ekki gott að segja nema sú „hugsjón" hefði orðið að veruleika, ef forseti sameinaðs þings hefði ekki beitt sér á móti þessari nýjung.

Áfengisnautn valdamanna hér á landi er meira áberandi af því að þeir, sem brotlegir eru, gerast að öllum jafnaði mjög háværir og umsvifamiklir á mannamótum, þó að þeir séu tiltölulega fámennir. Gera þeir þá sífellt hin mestu veizluspjöll. Venjulega eru þessir menn litlir fyrir sér og verða oftast fljótlega lítt færir til gangs. Gerast þeir þó margorðir um afl sitt og hardagatækni. Fer saman óprútt orðbragð um þá, sem nærstaddir eru, stórfelldar kraftayfirlýsingar og vanmáttugir tilburðir að spilla klæðum annara veizlugesta eða hefja ryskingar. Til ber, að þessar sýningar á hetjuskap Íslendinga gerast í boðum, þar sem erlendir fyrirmenn eru við, og má nærri geta, hversu þess háttar tiltektir verða til að draga þjóðina niður í augum útlendinga, sem kynni hafa af landinu, þó að fáir menn valdi hneykslinu. Er lítill vafi á, að ekki verður komizt hjá að segja rétt og hlutdrægnislaust frá opinberum hneykslum, sem trúnaðarmenn landsins gera sig seka um í alþjóðarnafni og á alþjóðarkostnað. Fer vel á, að aukin ábyrgð fullkomins þjóðarsjálfstæðis verði til að knýja alla sómakæra menn til að gera, þó að seint sé, full reikningsskil í sambandi við drykkjuslark opinberra trúnaðarmanna. Þarf í þeim efnum, fremur en hingað til, að gæta þess að senda aldrei sem þjóðfulltrúa til útlanda nokkurn þann mann, sem vitað er um, að misnotar áfengi.

Á þessu þingi og stundum áður hafa komið fram um áfengisnotkun í opinberum samkomum tillögur, sem stefna í rétta átt, þó að tillögumenn skjóti yfir markið. Svo er um þær tillögur, þar sem lagt er til að banna vínnautn í opinberum samkvæmum. Þetta er óframkvæmanlegt, meðan vín er selt og keypt í landinu í svo stórum stíl, að ríkissjóður fær í sinn hlut gróða, sem nemur tugum milljóna. Sá eini ráðherra, sem reyndi með miklum trúnaði og alvöru að halda uppi risnu, fyrir landsins hönd án vínveitinga, varð að horfa upp á, að ýmsir gestir höfðu með sér vín og neyttu þess leynilega, þar sem ekki var mannkvæmt. Meðan áfengi er eftirsóttasta nautnameðal í landinu, og meðan vín er notað í öllum meiri háttar veizlufagnaði í landinu og í öllum þeim löndum, sem Íslendingar hafa skipti við, er tilgangslaust að ætla að banna algerlega að hafa vín um hönd við opinbera risnu. Hitt er annað mál, að Íslendingar verða að læra að fara með áfengi eins og siðaðir menn. Ég hef í rúmlega þrjátíu ár verið þátttakandi í opinberum samkvæmum í ýmsum löndum og hvergi nema hér séð veizlugesti vera með drykkjulæti. Þessu má breyta, og þessu verður að breyta. Og það gerist með þeim hætti, að vakandi almenningsálit í landinu dæmir úr leik frá opinberum störfum alla þá menn, sem ekki kunna að nota áfenga drykki án þess að misbjóða almennu velsæmi með framkomu á almannafæri. Ef Íslendingar vilja láta telja sig og vera sjálfstæð menningarþjóð, verða þeir að þola að ganga á allan hátt undir sömu manndómspróf og fólk í öðrum menntalöndum.

Á síðari árum hefur sá siður komizt á, að flestir, ef ekki allir, af hinum mörgu þingstjórnarráðherrum hafa flutt inn frá Ameríku nýja einkabíla og fengið eftirgjöf á innflutningsgjöldum til ríkissjóðs. Einstaka ráðherrar hafa fengið marga bíla, en flestir ekki nema einn eða tvo. Þessi undanþága er sama og launahækkun, veitt af sjálfu ráðuneytinu, og er mjög óviðkunnanleg, hvernig sem á málið er litið. Ef ráðherrar mega hefja sig og sín heimili yfir tolla- og skattalög, þá virðist einsætt, að næsta skrefið verði, að ráðherrar greiði ekki tolla af vörum til heimilisþarfa og ekki opinber gjöld til ríkis eða bæjar. Mér þykir leitt, að þessi seinheppilega bílanotkun

er skrípamynd af eldra skipulagi, sem var mikil framför á sinni tíð. Fyrir 20 árum beitti ég mér fyrir þeirri nýjung, að ríkið eignaðist þrjá bíla til almennra afnota fyrir landsstjórnina, þingið og fjölmarga embættismenn, erlenda og innlenda gesti o. s. frv. Ríkið átti bílana, hafði úrvals bílstjóra til að stýra þeim og sparaði með þessu skipulagi mikið fé fyrir landið. Mjög var í fyrstu deilt á ríkisstjórnina fyrir þessa framkvæmd, en innan tíðar hafði stefnan sigrað, en um leið orðið brosleg í framkvæmdinni. Fjölmargar ríkisstofnanir keyptu bíla, og landið kostaði útgerðina. En nú varð hver bíll einstaklingsáhald. Hver ráðherra hefur sinn bíl, fær vagninn skattfrjálsan og fer með hann út í einkalífið, þegar stjórnardagar hans eru taldir. Mjög oft selja fráfarandi ráðherrar þessa tollfrjálsu bíla, eftir að þeir ganga úr stjórninni. Þó að ríkið eigi að fullu eða nokkru leyti fjölmarga bíla, notast þeir ekki til almennra þarfa, eins og til var stofnað í fyrstu, heldur eru eins konar sambland af einkabraski og óhöndulegum ríkisrekstri. Tollfrelsi ráðherranna í sambandi við einkabílaeign er smekkleysi, samkynja tollfrjálsa vininu og tóbakinu. Undanþágur valdamanna í landinu í öllum þessum efnum eru óafsakanlegar félagslegar yfirsjónir. Vínundanþágan er upphaf þessarar óvenju, og hún er sprottin af smásálarskap Alþingis við að ákveða risnu forsætisráðherra. Til að bæta úr þeirri yfirsjón hafa ráðherrarnir farið í áfengisverzlunina að baki hins þröngsýna fjárgæzluvalds og bætt sér þar upp vantandi risnufé, síðan hefur ein syndin boðið annarri heim. Hið háskalega fordæmi var myndað. Fleiri og fleiri menn runnu í slóðina. Hver opinber starfsmaður af öðrum tók að krefjast undanþágu frá lögmætum gjöldum vegna risnu, þó að ekki væri um neina þörf að ræða. Undanþáguvörum fjölgaði með undanþágumönnum. Fyrst kom áfengið, þá tóbakið og loks bílarnir. Ef ekki er tekið þvert fyrir þessa óvenju alla, getur þjóðfélagið fyrr en varir tekið undir með Guðmundi Friðjónssyni: Borgfélagið er orðið „**holurð, sundurgrafin af bognum refaklóm.**“

Ed. 40. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á fundi sínum í dag í samráði við formann verkfæranefndar, er mættur var á fundinum. Er nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Aftan við 9. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þó er ráðherra heimilt að veita styrk til að kaupa notaðar vélar, sem ekki hefur áður verið veittur styrkur til, ef verkfærakaupanefnd telur það nauðsynlegt og hagkvæmt til þess að bæta úr brýnni þörf ræktunarsambanda. Skal þá miða styrkinn við verð, er verkfæranefndin telur hæfilegt eftir aldri og ásigkomulagi vélarinnar, miðað við verð nýrra véla af sömu gerð.

Alþingi, 17. okt. 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskrifari. Ásmundur Sigurðsson.

Eiríkur Einarsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Alþt. 1947. A. (67. löggjafarþing). 8

Ed. 41. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög. Breytingar þær, sem í frumvarpinu felast, var nauðsynlegt að gera, vegna þess hve haustverðið var ákveðið seint síðast liðið sumar, og þar sem ekki er útilokað, að svipað geti komið fyrir aftur, sér nefndin ekkert á móti því, að ákvæði þessi færist inn í lögin og gildi framvegis, og leggur hún því til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 17. okt. 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson.
Eiríkur Einarsson. Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 42. Frumvarp til laga

um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Flm.: Gísli Jónsson.

I. KAFLI
Um stjórn iðnaðarmála.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Ráðherra skipar iðnaðarmálastjóra til þess að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Skal hann vera vélaverkfræðingur að menntun og taka laun samkv. III. fl. launalaganna.

Ráðherra skipar og 3 manna framleiðsluráð iðnaðarmálastjóra til aðstoðar. Skal það skipað til 4 ára í senn þannig: einum samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, öðrum samkvæmt tilnefningu Rannsóknaráðs ríkisins, þeim þriðja án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins. Ráðherra skipar enn fremur og ræður fasta starfsmenn iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráði til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum þeirra. Laun og annar kostnaður við starfið greiðist úr ríkissjóði, og veitist til þess fé árlega í fjárlögum.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun til meðlima framleiðsluráðs.

3. gr.

Iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð eru ráðunautar ríkisstjórnarinnar í iðnaðarmálum.

II. KAFLI
Um verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs.

4. gr.

Iðnaðarmálastjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um ný iðjuver, er ríkissjóður lætur reisa

eða styrkir aðra til að koma upp, svo og um endurbætur eða stækkanir iðjuvera, sem starfrækt eru af ríkissjóði eða hann styrkir með lánum, framlögum eða á annan hátt. Skal hann og hafa yfirumsjón með öllum slíkum framkvæmdum fyrir hönd ríkissjóðs. Hann skal og veita sams konar aðstoð bæjar- og sveitarfélögum og einstaklingum, ef þess er óskað, gegn hæfilegu gjaldi.

5. gr.

Sameiginleg verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs eru:

1. Að annast rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á öllum þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, hvort heldur er úr lofti, jörðu eða sjó.
2. Að gera árlega tillögur til ríkisstjórnarinnar um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála með það fyrir augum:
   a. að eðlileg og holl hlutföll haldist á milli atvinnuvega þjóðarinnar um skiptingu á vinnuafli, rekstrarfé, fjárfestingu og opinberri aðstoð;
   b. að framleiðslunni sé beint að þeim greinum, sem hagfelldastar eru fyrir þjóðina og samrýmast bezt þörfum hennar á hverjum tíma;
   c. að hendi sé ekki sleppt af neinum afurðum, er vér öflum, fyrr en þær hafa verið svo úr garði gerðar, að þær skili landinu sem mestum erlendum gjaldeyri, ef út eru fluttar, en spari sem mestan erlendan gjaldeyri, ef þær eru seldar innanlands.
3. Að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð framleiðslunnar m. a. með því:
   a. að fylgjast með öllum nýjungum, sem fram koma meðal annarra þjóða í iðnaðarmálum, og láta þær iðnrekendum í té;
   b. að leiðbeina iðnrekendum um endurbætur á vélum, húsakynnum og vinnutilhögun í iðjuverum;
   c. að leiðbeina iðnrekendum um meðferð hráefna og á hvern hátt gera megi þau sem verðmætust, t. d. með blöndun annarra efna;
   d. að halda uppi sífelldum tilraunum til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðarins.
4. Að stuðla að því, að ekki sé fluttur inn fullunninn varningur, ef unnt er og hagkvæmt að vinna hann hér á landi, heldur sé hann fluttur inn á því stigi, sem hann er ódýrastur, en þó hæfur til að vinnast að fullu í ísl. iðjuverum.
5. Að fylgjast með framleiðslu, eftirspurn og sölu á íslenzkum iðnaðarvörum á hverjum tíma, svo og með innflutningi á sams konar vörum, gæðum þeirra og verði.
6. Að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir íslenzkar iðnaðarvörur utan lands og innan.
7. Að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ný iðjuver, sem hagkvæmt þykir, að reist verði á kostnað ríkissjóðs eða styrkja beri af opinberu fé, svo og um endurbætur eða stækkun eldri iðjuvera.
8. Að gera tillögur um sölu iðjuvera ríkisins, ef hagkvæmara þykir, að þau séu starfrækt af öðrum aðilum.
9. Að athuga ársreikninga og fjárhagsáætlanir iðjuvera ríkisins og gera tillögur til úrbóta, ef sýnt er, að fyrirtækin eru starfrækt með tapi.

6. gr.

Ef iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð verða eigi sammála um afgreiðslu máls til ríkisstjórnarinnar, ber hverjum aðila fyrir sig að gera henni grein fyrir því, í hverju ágreiningurinn er fólginn og hvernig atkvæði féllu um málið í ráðinu. Skulu sérálit aðilanna síðan send með málsskjölunum til ríkisstjórnarinnar.

7. gr.

Til þess að jafnan sé unnt að hafa heildaryfirlit yfir iðnaðarmálin í landinu, lætur framleiðsluráð safna og gefa út ár hvert skýrslu um eftirfarandi atriði: Skrá-

setningu þeirra iðnaðarfyrirtækja, sem starfrækt eru í landinu, hversu margir menn starfa við fyrirtækið og hversu mikinn tíma af árinu það er starfrækt og á hvaða árstíðum, hve mikil vinnulaunagreiðslan er, hver tegund framleiðslunnar er og hvaða framleiðslumagn, úr hvaða efnum er unnið og hvaða meðferð þau hafa fengið, hve mikill hráefnakostnaðurinn er og hvernig hann skiptist á erlendan og innlendan gjaldeyri, hve mikill innflutningstollur er á efni, sem notuð eru til framleiðslunnar, og hve mikill útflutningstollur er greiddur, ef varan er flutt út, hvert sé verðlag vörunnar, þegar hún hefur verið fullunnin, og hvernig það er samanborið við verðlag á sambærilegum innfluttum vörum, hve mikill erlendur gjaldeyrir sparast við að framleiða vöruna fyrir innlendan markað og hve mikinn erlendan gjaldeyri varan skapar í útflutningi.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

8. gr.

Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, sem hafa með höndum vinnslu eða sölu íslenzkra afurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geti að gagni komið við störf þess og þær geta veitt. Sama gildir og um þær opinberar stofnanir, sem skýrslum safna, og þá einstaklinga, sem skyldur hafa um skýrslugerðir til slíkra stofnana.

Framleiðsluráð lætur búa út skýrsluform til útfyllingar fyrir þá aðila, er það óskar upplýsinga frá.

9. gr.

Skylt skal Atvinnudeild háskólans, og öðrum þeim stofnunum, sem starfræktar eru fyrir fé úr ríkissjóði, að veita framleiðsluráði alla nauðsynlega aðstoð við rannsóknir og tilraunir, eftir því sem þær hafa ástæður til og að gagni má verða fyrir iðnaðarmálin.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd þessara laga, m. a. ákvæði um gjöld fyrir veitta aðstoð til iðjuvera.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá því að Ísland byggðist og fram í lok síðustu aldar er landbúnaðurinn aðalatvinnuvegur þjóðarinnar. Það var því engin tilviljun, að þegar hafizt er handa um viðreisn um miðja öldina sem leið, eftir margra alda vesaldóm, er jafnframt hafizt handa um að efla þennan atvinnuveg á skipulagðan hátt. Ekkert annað var eðlilegra eða sjálfsagðara. Menning landsins var svo samgróin þessum aldagamla atvinnuvegi, að yrði hann ekki treystur svo sem föng voru á, hlaut menning landsins sjálf að bíða óbætandi hnekki. Þessi staðreynd hefur jafnan síðan verið löggjafanum fullljós, og því er það, að enginn ágreiningur er um það, að ríkissjóður skuli eftir megni standa undir árlegum kostnaði af búnaðarfélögum, búnaðarþingum, búnaðarmálastjóra, landnámsstjóra, margvíslegri tilraunastarfsemi í þágu búnaðarmála, auk fjölda styrkja til búnaðarframkvæmda.

Fyrir breyttar aðstæður og meiri þekkingu á atvinnumálum urðu svo stórstígar framkvæmdir á þessari öld í sjávarútvegi landsmanna, að hér hefur skapazt annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, enn umfangsmeiri og enn stórbrotnari en landbúnaðurinn. Er nú svo komið, að á honum veltur allt um það, hvort landið hefur nægan erlendan gjaldeyri til þess að geta lifað menningarlífi á borð við aðrar þjóðir. Þessi staðreynd hefur einnig verið viðurkennd af löggjafanum, og því er enginn

ágreiningur um það, að ríkissjóði beri að standa undir árlegum kostnaði af fiskifélögum, fiskiþingum, fiskimálastjóra og margvíslegri tilraunastarfsemi í þágu fiskiveiðanna, auk fjölda styrkja til sjávarútvegsmála.

Í kjölfar þeirra margvíslegu möguleika, sem þessi atvinnuvegur ýmist skapaði eða bjó yfir, kom þróun iðnaðarins. M. a. hin stórkostlegu fiskiðjuver, svo sem síldarverksmiðjur, frystihús, lýsisvinnslustöðvar, niðursuðuverksmiðjur o. fl. Og nú er svo komið, að hér hefur risið upp þriðji aðalatvinnuvegur þjóðarinnar: iðnaðurinn.

Það er alveg ljóst, að þessi atvinnuvegur er engu þýðingarminni fyrir afkomu og menningu þjóðarinnar en bæði landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn, enda alveg víst, að því öflugri sem hann er gerður, því traustari reynast hinir aðalatvinnuvegir þjóðarinnar, vegna þess að hráefni þeirra og afurðir verða fyrir atbeina iðnaðarins gerð jafnan margfallt verðmeiri og auðseldari. Þessi atvinnuvegur hefur þó ekki enn mætt sama skilningi af hálfu löggjafans eða notið sama fjárhagslega styrks eins og hinir aðalatvinnuvegirnir, sem m. a. kann nokkuð að stafa af því, hve ungur hann er enn. Málum hans hefur ekki enn verið komið fyrir á sama hátt og málum hinna. En úr því er þessu frv., sem hér er borið fram, ætlað að bæta.

Fyrsti kafli frv. er um stjórn iðnaðarmálanna. Er þar lagt til, að skipaður sé sérstakur iðnaðarmálastjóri, og er það í samræmi við fyrirkomulag um stjórn búnaðarmála og fiskimála. Þá er enn fremur lagt til, að skipað verði 3 manna framleiðsluráð, og verði þessir aðilar ráðunautar ríkisstjórnarinnar í iðnaðarmálum, er annist jafnframt hin daglegu störf samkvæmt lögunum.

Annar kafli laganna er um verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs. Er verkefninu skipt í tvo meginþætti. Annar þátturinn er sá, að hafa fullkomið eftirlit með iðjuverum ríkisins, fylgjast með rekstri þeirra og gera tillögur til úrbóta, ef nauðsyn krefur. Einnig að gera áætlanir yfir kostnað við byggingu iðjuvera, stækkun þeirra og endurbætur, og hafa jafnframt yfirumsjón með slíkum framkvæmdum.

Það er alþjóð kunnugt, að á undanförnum árum hafa orðið margvísleg mistök í byggingum og rekstri iðjuvera ríkisins. Hlaupið hefur verið til undirbúningslaust eða undirbúningslítið að reisa verksmiðjur fyrir tugi milljóna króna. Menn, sem ekki virðast hafa verið vandanum vaxnir, hafa verið kvaddir til að standa fyrir slíkum framkvæmdum, með þeim afleiðingum, að hús hafa hrunið, geymar sigið og kostnaður allur margfaldazt, án þess að hægt sé að koma ábyrgð á nokkurn, sem að þessu hefur unnið. Launagreiðslur til þessara aðila munu þó ekki hafa verið skornar við nögl. Samfara þessu er alþjóð ljóst, að rekstur iðjuvera ríkisins hefur og verið með þeim endemum, að þau hafa sýnt milljóna töp, þótt einstaklingar í sambærilegum rekstri hafi grætt og skilað ríkissjóði drjúgum upphæðum í sköttum. Er slíkt ástand gersamlega óþolandi, og verður að verða þar breyting á. Með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í frv., er mjög mikil trygging fyrir því, að slíkt sleifarlag geti ekki átt sér stað.

Hinn þátturinn, og miklu veigameiri fyrir atvinnuveginn og afkomu þjóðarinnar í heild, er að skipuleggja iðnaðinn meira en gert hefur verið hingað til. Byggja hann upp og endurbæta hann á vísindalegum og þjóðhagslegum grundvelli.

Ef marka má álit og fullyrðingar þeirra manna, sem nú fara með fjárhagsmál þjóðarinnar, er hreinn voði fyrir dyrum, nema unnt sé að koma gjaldeyrismálunum á tryggari grundvöll. En til þess að svo megi verða er vart til annað en einhver af eftirfarandi leiðum eða allar til samans:

1. Að minnka innflutning byggt á meiri sparnaði í landinu;
2. að auka útflutning í magni, svo að mætt verði nauðsynlegum innflutningi;
3. að auka útflutninginn að verðmæti á móts við innflutninginn;
4. að minnka magn og verðmæti innflutningsins á þann hátt, að fullvinna sjálfir vöruna í landinu.

Fyrsta úrræðið verður aldrei annað en bráðabirgðalausn, óvinsæl og afleið-

ingarík á ýmsan hátt til hins lakara, og annað úrræðið skapar enn meiri rányrkju og sóun, sem of lengi er búið að reka. Þjóðin verður því að taka upp baráttuna fyrir þriðja og fjórða úrræðinu, en til þess að árangurs sé að vænta í þeirri baráttu, verður að skipuleggja iðnaðarframleiðsluna á líkan hátt og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Sem dæmi um það, hvað hægt er að gera í þessum málum og hvað gert hefur verið undanfarið, vil ég benda á, að 1929 er meðalalýsið aðeins 49% af þorskalýsisframleiðslu landsmanna; 1933 er það komið upp í 89% og nú upp í 95%, auk þess sem nú er 30% betri nýting úr lifrinni. Er allt það aukna fé, sem hér hefur fengizt, komið inn fyrir aðgerðir iðnaðarins.

Í fiskiðnaðinum einum eru margvíslegir möguleikar, sem spara mundu milljónir í innflutningi og auka um enn fleiri milljónir útflutning, og sama má segja um landbúnaðinn, ef aðeins er beitt sér að þeim verkefnum, sem allt of lengi hafa verið vanrækt.

Það er alveg órannsakað mál enn, hvað landið hefur í sér fólgið af verðmætum hráefnum, sem vinna má úr, en hitt er þó víst nú þegar, að þau eru fleiri og meiri en svo, að við fáum afkastað því öllu á næstu árum. Breytt viðhorf hefur gert það að verkum, að þjóðin getur ekki lifað eingöngu á landbúnaði og rányrkjandi sjávarútvegi. Þriðju stoðinni, iðnaðinum, verður að renna undir til viðhalds lífi og menningu hennar. Og það verður að gerast nú þegar og á þann hátt, sem að gagni má verða.

Ed. 43. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 67 1947, um eignakönnun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, og eru fjórir nefndarmenn sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (BrB) var ekki viðstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 20. okt. 1947.

Bernh. Stefánsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Pétur Magnússon.

Ed. 44. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla.

Frá fjárhagsnefnd.

Á fundi sínum í dag hefur nefndin athugað frv. þetta. Einn nefndarmanna (BrB) var fjarstaddur. Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 20. okt. 1947.

Bernh. Stefánsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Pétur Magnússon.

Sþ. **45. Tillaga til þingsályktunar**

um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að gjaldeyrisyfirvöld láti námsmönnum þeim, er nú stunda eða vilja stunda nám erlendis í gagnlegum fræðum, nægilegan gjaldeyri í té, miðað við framfærslukostnað og námskostnað í hverju landi. Jafnframt hlutist ríkisstjórnin til um, að skipuð verði nefnd þriggja manna til þess að vera gjaldeyrisyfirvöldum til ráðuneytis varðandi yfirfærslur til námsmanna, og sé einn tilnefndur af menntamálaráði, annar af háskólaráði og hinn þriðji af skólum þeim, er rétt hafa til þess að brautskrá stúdenta. Skal nefndin fá til umsagnar allar umsóknir um slík gjaldeyrisleyfi. Í því sambandi skal hún afla sér upplýsinga um framfærslukostnað og námskostnað í þeim löndum, er íslenzkir námsmenn sækja, athuga, í hvaða greinum sérstök ástæða er til þess að gera mönnum kleift að stunda nám erlendis, og fylgjast með því, að þeir, sem fá námskostnað yfirfærðan, noti fé þð raunverulega í því skyni. Nefndin skal vera ólaunuð.

Greinargerð.

Gjaldeyriserfiðleikar þeir, sem nú steðja að Íslendingum, hafa komið mjög óþægilega við íslenzka námsmenn erlendis. Að því er mjög marga þeirra snertir, hefur orðið mikill misbrestur á, að þeir hafi fengið það fé yfirfært, sem þeim er nauðsynlegt til þess að geta lifað sómasamlegu lífi og greitt námskostnað sinn, og hafa þeir því orðið að stofna til skulda. Ekki ætti að þurfa að verða ágreiningur um það, að þeim gjaldeyri, sem íslenzkir námsmenn nota erlendis til þess að afla sér gagnlegrar sérþekkingar, sé vel varið. Oss Íslendinga skortir enn sérmenntaða menn á fjölmörgum sviðum og í fjölmörgum greinum, sem íslenzkar menntastofnanir geta ekki látið í té fræðslu í. Það er því beint hagsmunamál þjóðarheildarinnar, að ekki verði dregið úr skilyrðum ungra manna til að sækja sér þekkingu til annarra landa. Ég álít, að nám manna erlendis í gagnlegum fræðum verði að teljast meðal þeirra nauðsynja þjóðarinnar, sem gjaldeyrisskortur megi síðast bitna á.

Ekki vil ég draga í efa, að núverandi gjaldeyrisyfirvöld hafi fullan hug á að leysa vanda námsmanna erlendis, svo sem þau telja fært. En þau virðast hafa talið óhjákvæmilegt, að gjaldeyrisskorturinn bitnaði allverulega á þeim eins og öðrum. Með tillögu þessari vil ég hins vegar leggja til, að Alþingi láti í ljós þann vilja sinn, að námsmenn þeir, er gagnleg fræði stunda erlendis, fái nægilegan gjaldeyri og nám erlendis sé þannig talið meðal þeirra þarfa, sem ekki megi skerða, fremur en t. d. innflutning nauðsynjavarnings. Hitt er svo annað mál, að sjálfsagt er, að nám sé ekki haft að yfirskini til þess að fá yfirfærslu gjaldeyris.

Í tillögunni er lagt til, að gjaldeyrisyfirvöldum til ráðuneytis og aðstoðar í þessum efnum verði skipuð nefnd manna, er teljast megi sérfróðir um þarfir námsmanna og nám erlendis. Ætti gjaldeyrisyfirvöldum að vera þökk á aðstoð slíkra manna til þess að geta hagað leyfisveitingum sínum skynsamlega, og námsmönnum ætti það að vera trygging fyrir því, að hlutur þeirra verði ekki fyrir borð borinn.

Á síðasta Alþingi var nokkuð rætt um gjaldeyrisþörf námsmanna erlendis, og taldi Alþingi þá, að gjaldeyrisyfirvöld hefðu á undanförnum árum ekki borið hlut námsmanna fyrir borð, og því ekki ástæða til þess að skerast í málið. En síðan hefur gjaldeyrisskortur og tregða á yfirfærslum aukizt svo, að full ástæða virðist til þess að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að þeir menn, sem eru að vinna eða vilja vinna nýt störf fyrir þjóð sína með námi erlendis, eigi í erfiðleikum sökum yfirfærsluvandkvæða eða verði jafnvel að hætta námi af þeim sökum.

Nd. 46. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um orlof, nr. 16 26. febrúar 1943.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera.

Ná lög þessi jafnt til þeirra, er taka laun sín í hluta af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum.

Undanteknir eru þó iðnnemar, sbr. 9. gr. laga nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 frá 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þessu samhljóða fluttu sömu flm. á síðasta þingi, en það náði ekki fram að ganga. Fylgdi þá frumvarpinu svo hljóðandi greinargerð:

„Breyting sú, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi á 1. gr. orlofslaganna, er gerð til þess að afnema þann órétt, sem hlutarsjómenn hafa orðið að búa við, og tryggja það, að allir sjómenn hefðu ótvíræðan og óskertan rétt til orlofs að öllu leyti á kostnað útgerðarmanna.

Það liggur í augum uppi, hversu ósanngjarnt það er, að sú starfsstéttin, sem viðurkennt er, að vinni eitt erfiðasta og þarfasta verkið, skuli ekki njóta réttar til jafns við aðrar starfsstéttir landsins, að því er snertir skilyrði til hvíldar og hressingar.

Samkvæmt 15. gr. orlofslaganna, eins og þau eru nú, fyrnast kröfur um orlof á hendur atvinnurekendum, ef þær hafa eigi verið viðurkenndar eða lögsókn hafin áður en næsta orlofsár er liðið, frá því kröfurnar stofnuðust. Þrásinnis hefur það komið fyrir, að launþegar hafa tapað óvéfengjanlegum rétti sínum til orlofs ýmissa orsaka vegna, svo sem erfiðrar aðstöðu í dreifbýli eða á afskekktum stöðum til þess að ná í lögfræðilega aðstoð svo og vegna þess, að ýmsir hafa gengið út frá og talið eins og sjálfsagðan hlut, að fyrning kaupkrafna og orlofskrafna, sem svo mjög eru tengdar hvor annarri í eðli sínu, fylgdust að, enda virðist liggja í hlutarins eðli, að svo eigi að vera.“

Nd. 47. Frumvarp til laga

um ráðstafanir til hagnýtingar og markaðsöflunar fyrir Faxaflóasíld.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Áki Jakobsson.

1. gr.

Til þess að skipuleggja öflun og hagnýtingu markaða fyrir þá síld, er veiðist í Faxaflóa og í hafinu í kringum Reykjanes og Snæfellsnes, skal atvinnumálaráðherra skipa sérstaka 5 manna nefnd, faxasíldarnefnd, til þriggja ára í senn og jafn-

marga til vara. Tveir skulu skipaðir eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, tveir eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, og þann fimmta skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal hafa aðsetur í Reykjavík eða í Hafnarfirði, og skulu nefndarmenn búsettir það nærri þessum stöðum, að þeir geti sótt þangað fundi með litlum fyrirvara.

Nefndin getur ráðið sér starfsmann til þess að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk eftir þörfum.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna og greiðast þau úr þeim sjóði, er um ræðir í 12. gr. þessara laga.

2. gr.

Verkefni faxasíldarnefndar eru sem hér segir:

1. Öflun markaða fyrir faxasíld.
2. Semja árlega áætlun um hagnýtingu aflans.
3. Úthluta í samræmi við áðurnefnda áætlun veiði- og verkunarleyfum.
4. Hafa forgöngu um nýjar verkunaraðferðir og gera tilraunir þar að lútandi.
5. Löggilda útflytjendur faxasíldar.
6. Annast útflutning og sölu faxasíldar, þegar ráðherra felur henni það.
7. Að afla allra þeirra nauðsynja, er þarf til verkunar síldarinnar, svo sem tunnur, salt o. fl., og hafa birgðir fyrirliggjandi.

3. gr.

Enginn má bjóða til sölu eða flytja til útlanda faxasíld, hvernig sem hún er verkuð, nema leyfi faxasíldarnefndar komi til. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir síldarsendingum til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir.

Leyfi til útflutnings á síld skulu aðeins veitt þeim, er fengið hafa löggildingu sem síldarútflytjendur.

4. gr.

Faxasíldarnefnd hefur með höndum forgöngu um sölu þeirrar síldar, er veiðist í Faxaflóa og í hafinu kringum Reykjanes og Snæfellsnes, svo skal nefndin og hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja síld á nýjum markaði og annað það, er lýtur að viðgangi síldarútgerðar við Faxaflóa. Skal nefndin eftir föngum haga markaðsöflun þannig, að ávallt sé fyrir hendi markaður, þegar veiði er von.

5. gr.

Nefndin skal árlega fyrir aðalveiðitímann á haustin semja áætlun um, hvernig hagnýta skuli síldaraflann. Hún skal ákveða, hve mikið skuli salta og hvernig, hve mikið skuli fryst til útflutnings og hve mikið flutt út ísað eða verkað á annan hátt. Áætlun þessi skal fyrst og fremst byggð á þeim markaðsmöguleikum, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma.

6. gr.

Nefndin skal í samræmi við áætlunina, er um getur í 5. gr., úthluta veiði- og verkunarleyfum.

Allir síldarútgerðarmenn skulu fyrir þann tíma, er nefndin ákveður, sækja um veiðileyfi fyrir skip sín. Skal í leyfisbeiðninni tilgreina tölu skipa, stærð og einkennistölu og áætla afla til verkunar. Enn fremur skal skýra frá því, hjá hverjum síldin skuli verkuð og hvernig og hver hafi síldina til sölumeðferðar. Allir síldarsaltendur skulu fyrir sama tíma sækja um verkunarleyfi til nefndarinnar og skýra frá, hve margar tunnur hverrar tegundar þeir óska að verka og af hvaða skipum. Hver saltandi, er söltunarleyfi fær, er skyldur að hlíta fyrirmælum nefndarinnar um hámark verkunargjalds á hverja tunnu, sem hann saltar fyrir útgerðarmenn, og um ábyrgð á síldarverkuninni.

Framangreind ákvæði um síldarsaltendur gilda og um þá, er taka síld til verkunar á annan hátt.

Allir síldarframleiðendur eru skyldir að láta nefndinni í té þær upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað geta að því, að veiðinni verði hagað eftir söluhorfum, og skulu þeir hlíta fyrirmælum hennar í þeim efnum, en skylt er nefndinni að hafa um þetta sem nánasta samvinnu við síldarframleiðendur. Skýrslur um veiði og verkun skal gefa nefndinni daglega.

7. gr.

Faxasíldarnefnd löggildir síldarútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma.

Þeir, sem fá löggildingu faxasíldarnefndar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um framboð og lágmarksverð á síld, sem seld er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning síldar, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skýrslum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt.

9. gr.

Nú telur ráðherra og faxasíldarnefnd, með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikar með því að taka upp einkasölu á faxasíld, og getur þá ráðherra með samþykki faxasíldarnefndar falið henni einkasölu til útlanda á allri faxasíld eða ákveðnum tegundum hennar, eftir því sem henta þykir.

69. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. desember. Reikningsár félagsins er almanaksár. Skýrsluárið er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

70. gr.

Þegar sjóður fóðurbirgðafélags er orðinn svo stór, að hann nemur kr. 300.00 á hvern félagsmann, þá er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 66. gr. að nokkru eða öllu leyti.

71. gr.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um starfsemi sína, eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður og tekið er fram í samþykkt félagsins.

Skýrsla þessi skal send til Búnaðarfélags Íslands fyrir júlílok, eftir að skýrsluárinu lauk. Styrkur ríkissjóðs til fóðurbirgðafélaga greiðist, þegar skýrslur og reikningar þeirra hafa borizt til félagsins.

VIII. KAFLI
Um starfsemi héraðsráðunauta í búfjárrækt.

72. gr.

Heimilt er búnaðarsamböndum eða hluta af þeim að ráða til sín búfjárræktarráðunaut, einnig nautgriparæktarsamböndum, ef hlutaðeigandi búnaðarsamband notar sér ekki heimild þessa. Starfssvæði það, sem ráðunautnum er ætlað, skal vera nægilega stórt að dómi Búnaðarfélags Íslands. Sé starfssvið ráðunautar minna en meðalsýslufélög, skal framlag ríkisins lækka í hlutfalli við það.

73. gr.

Ráðunautastarfsemi þessa styrkir ríkissjóður með því að greiða hálf laun ráðunautanna.

Til þess að styrkur þessi verði greiddur úr ríkissjóði, verða búnaðarsamböndin að leggja fram þar á móti eigi minna fé til starfseminnar. Heimilt er búnaðarsamböndunum að ákveða á aðalfundi, að framlagi héraðsins skuli, að einhverju eða öllu leyti, jafnað niður á búfjáreigendur, enda hafi gjaldið áður verið samþykkt af meiri hluta félagsmanna í hreppabúnaðarfélögunum. Skal þeim þá falin innheimta gjaldanna, og eru þau lögtakskræf.

Geti einstök félög eða hluti sambandssvæðisins ekki notið starfskrafta héraðsráðunautar í búfjárrækt að dómi Búnaðarfélags Íslands, skulu félagsmenn þess svæðis undanþegnir gjaldinu.

Gjalddagi þessara iðgjalda er fyrir 1. nóvember ár hvert, og skulu búnaðarfélögin hafa staðið hlutaðeigandi sambandi skil á greiðslunni fyrir 31. desember sama ár.

74. gr.

Hafi þeir aðilar, sem um ræðir í 72. gr., ákveðið að hefja starfsemi samkvæmt þessum kafla laganna og geta fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru, skulu þeir fá staðfestingu Búnaðarfélags Íslands á starfstilhöguninni.

75. gr.

Starfssvið héraðsráðunauta í búfjárrækt skal meðal annars vera sem hér segir:

1. Vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaganna sé framfylgt, og stuðla að stofnun félaga á sviði búfjárræktarinnar. Hafa eftirlit með þessum félögum og leiðbeina og aðstoða við skýrsluhald þeirra.
2. Ferðast um meðal bænda, eftir því sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina þeim með kynbætur, fóðrun og hirðingu þess. Þeir skulu enn fremur leiðbeina og aðstoða við kaup og sölu kynbótagripa.
3. Hafa umsjón með nautgripauppeldisstöðvum, sæðingastöðvum og samböndum nautgriparæktarfélaga, ef slík eru starfandi á svæðinu.
4. Mæta árlega á fundum hreppabúnaðarfélaga og búfjárræktarfélaga, ef þess er óskað, og eftir því, sem við verður komið, til að flytja þar fyrirlestra um búfjárrækt og félagsstarfsemi á því sviði.
5. Vinna í samvinnu við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt að kynbótastarfsemi, framkvæmd búfjársýninga o. fl.

76. gr.

Ekki mega búnaðarsambönd ráða aðra menn til þessara starfa en þá, sem lokið hafa háskólaprófi í búfræði, nema að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands.

Héraðsráðunautum skulu greidd laun samkvæmt VIII. launaflokki launalaganna.

77. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal annast greiðslur á fjártillagi ríkissjóðs til búnaðarsambandanna samkvæmt kafla þessum.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði.

78. gr.

Heimilt er að halda héraðssýningar fyrir aðrar búfjárgreinar en hross, þegar hlutaðeigandi héraðsstjórnir óska þess, þó ekki oftar en fjórða hvert ár, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands. Fleiri sýslur en ein eða sýsluhlutar geta verið saman um sýningar þessar.

Styrkja skal slíkar sýningar að ¾ hlutum úr ríkissjóði og að ¼ hluta úr hlutaðeigandi sýslusjóðum, er hvort tveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks, sem sýslusjóður veitir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd að annast undirbúning sýninganna. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um tilhögun héraðssýninga, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

79. gr.

Allar greiðslur, sem um ræðir í lögum þessum, skulu greiddar að viðbættri verðlagsvísitölu kauplagsnefndar á hverjum tíma, og skal, þar sem því verður við komið, miða við meðalvísitölu ársins á undan.

80. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal semja reglur um allar framkvæmdir þessara laga, og skulu þær fá samþykki landbúnaðarráðherra.

81. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður.

82. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 1000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búfjárræktarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

83. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913, um fordagæzlu, og lög nr. 52 frá 8. sept. 1931, um búfjárrækt, og allar síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim lögum.

Greinargerð.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendi nefndinni frumvarp þetta með tilmælum um, að nefndin flytti það. En frumvarpið var afgreitt á búnaðarþingi því, sem kom saman síðastliðinn vetur. Þótt landbúnaðarnefnd flytji frumvarp þetta, áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Búfjárræktarnefnd búnaðarþings hefur tekið til rækilegrar athugunar frumvarp það til laga um búfjárrækt, sem lagt var fyrir búnaðarþing og samið var af ráðunautum Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt. Miðað við núgildandi lög um búfjárrækt, eru breytingarnar allmiklar, þar sem bætt hefur verið við fjórum nýjum

köflum, og auk þess hafa verið gerðar talsverðar breytingar á sumum köflum hinna gildandi laga, sérstaklega kaflanum um hrossarækt. Hér verður aðeins getið helztu breytinganna.

Kaflinn um nautgriparækt er efnislega í meginatriðum óbreyttur. Nýmælin eru þau, að gefin er heimild til að styrkja nautauppeldisstöðvar og nautahald í sambandi við sæðingastöðvar. Enn fremur er ákvæði sett í frumvarpið um heimild til að veita einstökum kúm heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Þá hafa 1. verðlaun á naut verið hækkuð úr kr. 100.00 í kr. 300.00.

Útgjöld ríkissjóðs vegna breytinga á þessum kafla munu fyrst um sinn hækka mjög lítið þrátt fyrir þessar breytingar, vegna þess að 1. verðlauna naut eru mjög fá, og heiðursverðlauna kýr munu einnig verða mjög fáar. Styrkur til nautauppeldisstöðva verður ekki mikill, sökum þess að þar verður aðeins um uppeldi fárra kálfa að ræða árlega, og nú er aðeins ein slík stöð starfandi. Þótt tekinn hafi verið upp styrkur til nautahalds á sæðingarstöðvum, mun það ekki hafa aukin útgjöld í för með sér, þar sem styrkur til nautahalds í nautgriparæktarfélögum mun minnka að sama skapi eða meir.

Kaflinn um sauðfjárrækt er að mestu leyti óbreyttur, þó er hækkaður styrkur á ær í sauðfjárræktarfélögunum úr kr. 0.50 í kr. 1.00 á ári. Þetta hefur tiltölulega lítinn kostnað í för með sér, því að mjög fáar ær eru og munu verða í þessum félögum. Nýmæli eru um afkvæmasýningar fyrir hrúta og ær, þar sem verðlaun verða greidd úr ríkissjóði á úrvals hrúta og ær. Fjáreyðsla í þessu skyni mun ekki verða mikil, þar sem ekki er hægt að sýna aðrar kindur en þær, sem fullkomin ættarskýrsla og afurðaskýrsla er til yfir. Slíkar kindur eru fáar, og aðeins þær beztu hljóta verðlaunin. Ákvæðin í 48. gr. gildandi laga eru felld niður, en samkvæmt því er heimilt að greiða allt að kr. 5000.00 úr ríkissjóði árlega til eftirlits og verðlauna á sauðfjárræktarbúin. Má því gera ráð fyrir, að útgjöld vegna sauðfjárræktarinnar samkvæmt hinum nýju ákvæðum verði ekki meiri en þau geta orðið samkvæmt núgildandi lögum.

Kaflinn um hrossarækt er nokkuð breyttur. Aðalbreytingarnar eru þessar:

Ákvæðin um sveitasýningar á hrossum eru felld niður, enda er í núgildandi lögum ætlazt til, að búnaðarsamböndin sjái eingöngu um þær, án styrks úr ríkissjóði, og geta þau því haldið þeirri starfsemi áfram, ef þau óska þess, við sömu aðstæður og áður.

Héraðssýningum er skapað fastara form og sýningarstaðir ákveðnir í lögunum, þannig að öll hrossaræktarhéruð geta auðveldlega notið sýninganna. Verðlaun á héraðssýningum eru stórlega hækkuð, enda er slíkt nauðsynlegt til að halda uppi nægum áhuga fyrir þátttöku í þeim.

Lögð er mun meiri áherzla á afkvæmasýningar en nú er, sem er sjálfsagt og réttmætt, þar sem þær hafi mest gildi frá kynbótasjónarmiði.

Þá er tekið upp það nýmæli að reka tamningarstöð fyrir stóðhesta á Hvanneyri, sem er ákjósanlegur staður fyrir slíka starfsemi, ekki sízt vegna hins myndarlega hesthúss, sem þar var nýlega reist. Gagnsemi þessarar starfsemi getur orðið mjög mikil, eins og reynsla nágrannaþjóða okkar hefur sýnt.

Enn fremur er tekið upp ákvæði um styrk til að greiða fyrir því, að úrvals hryssur verði leiddar til úrvals graðhesta.

Í gildandi lögum hefur verðlaunafé verið lagt fram bæði af hlutaðeigandi héruðum og því opinbera, en greiðslur þessar hafa verið lágar, bundnar við takmörkuð svæði í hvert skipti, og vísitala hefur ekki gilt á þær, svo að verðlaunafé hefur verið mjög óverulegt.

Á síðasta búnaðarþingi var nokkuð rætt um að skattleggja hrossin í þeim tilgangi að auka með því kynbótastarfsemina. Hugmynd þessi er tekin upp í frumvarpið og skapar grundvöll fyrir hinni auknu starfsemi og hækkun verðlaunanna. Skattur þessi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er kr. 0.40 á hvert hross í landinu, að því tilskildu, að ríkissjóður greiði þar á móti kr. 0,20 á hvert hross.

Vegna þess ástands, sem ríkt hefur á nokkrum hluta landsins í hrossaræktarmálum, eru miklar líkur fyrir, að ákvæði núgildandi laga um einangrun graðhesta hafi, þar sem ákvæðunum hefur ekki verið framfylgt sökum yfirgnæfandi andúðar á þeim, valdið kæruleysi um val graðhesta, sem gengið hafa lausir þrátt fyrir hin ströngu ákvæði laganna. Þess vegna er nú sett í uppkast þetta heimildarákvæði um, að þar, sem meiri hluti bænda, sem eiga sameiginleg upprekstrarlönd, óskar eftir að láta graðhesta sína ganga lausa á afréttarlöndum með hryssunum, þá er nú hægt að gefa heimild til þess með sérstökum skilyrðum.

Þrátt fyrir breytingar á þessum kafla munu útgjöld ríkissjóðs lítið sem ekkert hækka og verða fastbundin ákveðnu hámarki, miðað við hrossafjölda í landinu.

Kaflinn um svínarækt og alifuglarækt er nýr. Enn þá hefur engin leiðbeiningarstarfsemi í þessum búgreinum verið á vegum Búnaðarfélagsins, en þess er að verða brýn þörf. Þykir rétt að setja í búfjárræktarlögin ákvæði um ræktun þessara búfjárgreina, til þess að veita væntanlegum ráðunaut á þessu sviði traustari grundvöll til að starfa á, frekar en ef engin ákvæði væru til að því lútandi. Má vænta, að breyta þurfi þessum kafla fljótlega, þegar komið hefur í ljós, hvernig bezt verður unnið að ræktun þessara búfjártegunda á félagsgrundvelli. Útgjöld samkvæmt kafla þessum verða engin, fyrr en ráðinn verður ráðunautur á þessu sviði, en þá er hægt fyrir Búnaðarfélag Íslands og landbúnaðarráðherra að stilla í hóf öllum útgjöldum vegna starfseminnar eftir ástæðum.

Enn fremur er kaflinn um sæðingu búfjár nýr. Telja má, að kafli þessi sé eitt merkasta nýmæli í lagafrumvarpi þessu. Hér er um nýja og fljótvirka aðferð að ræða til að kynbæta búfé, þar sem auðvelt verður að útbreiða beztu og reyndustu karldýrin.

Aðferð þessi hefur á síðustu árum rutt sér ört til rúms í öllum helztu búfjárræktarlöndum heims og gefið góða raun. Það, sem m. a. mælir sérstaklega með þessari aðferð hér á landi, er, að hún dregur mjög úr þeirri hættu, að sjúkdómar berist milli landa og landshluta með kynbótadýrum, en þetta atriði er mikilsvert fyrir íslenzka bændur nú vegna sjúkdómavarnanna, sem gera víða ómögulegt að flytja kynbótagripi milli héraða, hversu brýn sem nauðsyn þess kann að vera. Það hefur allmikinn kostnað í för með sér að koma á stofn sæðingarstöðvum, og rekstur þeirra verður kostnaðarsamur í fyrstu, meðan starfsemin er að komast í fast horf og bændur að fá traust á henni, svo að þeir minnki við sig nautahald og fallist á að greiða sæðingarstöðvunum nauðsynleg gjöld. Því er svo ráð fyrir gert, að ríkissjóður greiði laun sérfræðings, meðan hann er að koma rekstri stöðvarinnar í gott horf. Enn fremur er ætlazt til, að ríkissjóður greiði til reksturs stöðvarinnar kr. 7.00 fyrir hverja sædda kú og kr. 0.50 á sædda á. Útgjöld samkvæmt kafla þessum geta numið nokkurri upphæð, þó ekki mikilli fyrst um sinn, þar sem aðeins ein sæðingarstöð er starfandi nú sem stendur. Hins vegar má búast við því, ef áhugi er fyrir hendi, að útgjöld muni vaxa á næstu árum, en því fé væri vel varið, vegna þess að starfsemi þessi mundi flýta mjög fyrir kynbótum búfjárins yfirleitt.

Kaflinn um ræktun erlendra búfjárkynja er einnig nýmæli í lagafrumvarpi þessu. Hann skýrir sig sjálfur og krefst engra útgjalda af hálfu hins opinbera.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á kaflanum um fóðurbirgðafélög. Tekið hefur verið inn í kafla þennan ákvæði eldri laga um forðagæzlu. Heimild til að stofna fóðurbirgðafélög er sú sama og í gildandi lögum, að öðru leyti en því, að óheimilt er að stofna slík félög nema þau nái til allra búenda í hreppnum.

Í frumvarp þetta hefur verið tekinn upp nýr kafli, um starfsemi héraðsráðunauta í búfjárrækt. Gert er ráð fyrir, að búnaðarsambönd, eitt eða fleiri, ráði til sín búfjárræktarráðunauta og að ríkissjóður styrki samböndin til þessa með því að greiða hálf laun ráðunautanna. Vegna sjaukinnar ræktunarstarfsemi á sviði búfjárræktarinnar, er bændum nauðsynlegt, að starfandi séu búfjárræktarráðunautar innan búnaðarsambandanna til hjálpar, leiðbeininga og eftirlits á þessu sviði, því að búfjárræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands komast ekki yfir allt það starf.

Tekið er fram í kaflanum um almenn ákvæði, að allar greiðslur samkvæmt frumvarpi þessu skuli greiddar með uppbót samkvæmt verðlagsvísitölu kauplagsnefndar, enda er það nauðsynlegt meðan verðlag og kaupgreiðslur eru háð slíkum breytingum sem nú á sér stað.

Nd. 54. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. efri deild. Flutti landbn. þeirrar deildar frumvarpið að ósk landbúnaðarráðherra.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið ásátt um að mæla með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. okt. 1947.

Steingr. Steinþórsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Sigurður Guðnason.
Jón Sigurðsson. Barði Guðmundsson.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar

um stækkun á vinnuhælinu á Litla-Hrauni.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefjast handa nú í vetur um að láta stækka vinnuhælið á Litla-Hrauni og láta vistmenn hælisins vinna að byggingunni, eftir því sem við verður komið.

Greinargerð.

Lögreglumálum landsins og höfuðstaðarins er nú svo komið, að hjá báðum þessum aðilum ríkir hið mesta öngþveiti að því er snertir fangelsis- og gæzlumál. Lögreglan í Reykjavík tekur að sögn margar nætur ölvaða menn í tugatali úr umferð, sem kallað er, en með undarlegum hætti. Hinir brotlegu eru geymdir í varðhaldi allt að tveim stundum og þá sleppt út á götuna aftur, af því að nýir sektarmenn eru þá komnir til sögunnar og húsrýmið svo lítið, að í varðhaldi bæjarins rúmast ekki nema fáir af þeim, sem þar eiga að vera. Aðstaða ríkisins er litlu betri. Eftir því sem staðið hefur ómótmælt í opinberum heimildum, bíða að jafnaði 50—60 dæmdir menn í Reykjavík einni saman eftir að mega afljúka hegningu á Litla-Hrauni. Fyrir nokkrum árum skipaði þáverandi ríkisstjórn fjölmenna nefnd til að benda á nýjar og betri leiðir í fangelsismálunum, en sú starfsemi bar ekki annan árangur en þann, að fækkað var svefnklefum á Litla-Hrauni, aðalfangelsi landsins.

Undir stjórn tveggja fyrstu forstjóra á Litla-Hrauni, þeirra Sigurðar Heiðdals og Teits Eyjólfssonar, voru hafin þar margháttuð vinnubrögð: Komið upp stóru búi, bílviðgerðarverkstæði og steinsteypuvinnustofu. Hælið framleiðir árlega mikla mjólk og kartöflur til heimilisnotkunar og sölu. Framan af árum unnu vistmenn frá hælinu að ýmsum mannvirkjum í þágu almennings, svo sem að miklu holræsi gegnum Eyrarbakka, fyrirhleðslu á vatnasvæði Markarfljóts og Suðurlandsbraut í Ölfusi. En eftir að Teitur Eyjólfsson fann, að vikursteypa var heppilegt verkefni á Litla-Hrauni, mun að mestu eða öllu hafa verið hætt við vinnu utan heimilis á

Litla-Hrauni. Vikursteinar frá hælinu eru mjög eftirsótt vara um allt Suðurland, og reisa sunnlenzkir bændur árlega mjög margar byggingar úr vikursteini frá hælinu. Hefur öll framleiðslustarfsemi haldið áfram í góðu gengi á Litla-Hrauni, þó að breytt hafi verið um forstöðumenn.

Nú munu allir geta orðið sammála um, að það sé alls ekki sæmandi réttarríki að láta menn, sem dómstólar landsins hafa dæmt til ákveðinnar dvalar í fangelsi, híða utan við dyr hjá réttvísinni, líkt og þegar hungrað fólk í stríðslandi fylkir sér í biðraðir utan við brauðbúðir. Ríkið verður vegna sæmdar sinnar að geta látið dæmda menn afplána sekt sína undireins og dómur er fallinn. Fátt er betur fallið til að skapa í hugum afbrotahneigðra manna lítilsvirðingu fyrir lögum og réttarfari heldur en það ófremdarástand í hegningarmálum, sem nú hefur verið lýst.

Þrátt fyrir aðsteðjandi fátækt ríkissjóðs má bæta úr þessu á einfaldan hátt, með því að láta vistmenn á hælinu steypa að vetrarlagi steina í verkstæði hælisins og hlaða síðan úr þeim íbúðarherbergi og vinnustofur fyrir hælið og hætta ekki fyrr en kominn er nægilegur húsakostur til að bæta úr þörfinni. Gamla fangelsið í Reykjavík mun að öllum jafnaði vera nægilega stórt til að fullnægja varðhaldsþörf, meðan stendur á rannsókn hinna vandameiri mála. Reykjavík verður sér í lagi að ráða fram úr húsleysi sínu að því er snertir geymsluherbergi í sambandi við óreglu á götunni.

Með byggingu Litla-Hrauns var stigið mjög þýðingarmikið spor í réttarfarsmálum landsins. Í stað hins þrönga og innibyrgða fangelsis við Skólavörðustíg kom rúmgott vinnuheimili úti í sveit, þar sem vistmennirnir bjuggu við góð húsakynni og jafnhreint loft og í sjúkraherbergjum í vönduðum spítala. Þessu fylgdi vinna undir beru lofti mikinn hluta árs, en annars í góðu verkstæði hjá hælinu. Þessi skilyrði eiga vel við skap og eðli Íslendinga, sem unna bæði frelsi og útiveru. Er nú einsætt að láta hælið byggja viðbótarbyggingu eftir þörfum á Litla-Hrauni og nota til þess starfsorku þeirra, sem ljúka þar refsingu. Mundi sennilega nægja að bæta við svefnklefum fyrir 25—30 menn.

Ed. 56. Frumvarp til laga

um smíði á tveggja þilfara togara í tilraunaskyni.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Ríkissjóður lætur smíða í tilraunaskyni einn tveggja þilfara dieseltogara með öllum nýtízku vélum og útbúnaði til fullkominnar hagnýtingar á fiski og vinnuafli, þannig að hirða megi allan afla, hverju nafni sem nefnist, og breyta honum jafnóðum í skipinu í sem verðmætasta vöru með sem minnstum framleiðslukostnaði.

Skal undirbúningur allur hafinn nú þegar og smíði skipsins lokið fyrir árslok 1949.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. þessara laga heimilast ríkisstjórninni að taka 4 milljóna króna lán fyrir hönd ríkissjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1943 efndi Samtrygging ísl. botnvörpunga til samkeppni um tillögur um „Botnvörpuskip framtíðarinnar".

Það var þá þegar vitað, að íslenzkir útgerðarmenn höfðu mikinn hug á því að endurnýja togaraflotann svo fljótt sem auðið væri að ófriðnum loknum og að þeir mundu þá jafnframt vilja notfæra sér allar nýjungar á sviði tækninnar, snertandi smíði og útbúnað togara, og þó einkum og sér í lagi allt það, sem treyst gæti öryggi manna og eigna, allt, sem tryggt gæti skipverjum sem mesta vinnuvernd og öllum aðilum sem hagkvæmastan rekstur og bezta afkomu.

Samtryggingunni bárust aðeins fjórar tillögur. Tvær af þeim hlutu 2. verðlaun og voru afhentar Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda til eignar og afnota. Voru þær síðan birtar ásamt teikningum og verklýsingum í blöðum og tímaritum almenningi til athugunar og sem umræðugrundvöllur um endurbætur á þeim tækjum, sem þjóðin á einna mest undir, að vel séu úr garði gerð. Ein tillaga kom fram um „tveggja þilfara togara", útbúinn á þann hátt, sem ráð er fyrir gert í þessu frumvarpi. Treysti dómnefndin sér ekki til þess að dæma teikninguna eða tillöguna í heild, með því að hér væri um að ræða svo stórkostlega byltingu á smíði og útbúnaði sem og öllu vinnufyrirkomulagi frá því, sem þekkt var áður. Hins vegar þótti stjórn samtryggingarinnar tillögurnar svo merkilegar á margan hátt, að hún lagði til, að félagið keypti þær af höfundi fyrir þá upphæð, sem heitin hafði verið sem 1. verðlaun og dómnefndin hafði engum tildæmt. Varð þetta að samningum. Fékk Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda einnig þessar tillögur, teikningar og lýsingar til fullra umráða.

Þegar tilboð kom um það frá brezkum skipasmíðastöðvum í sept. 1945 að smíða 30 togara fyrir ísl. ríkisstjórnina, af fullkomnustu og beztu gerð, sem þá var þekkt í Bretlandi, þótti ísl. útgerðarmönnum sú tegund togara, sem þar var boðin, vera í öllum útbúnaði svo langt að baki þeim tillögum, sem fram höfðu komið, að þeir vildu ekki fallast á, að tilboðum þessum yrði tekið, nema margar og mikilsverðar breytingar til bóta fengjust samþykktar. Voru því á ný teknir upp samningar til þess að fá þessum kröfum framgengt. En mjög margar af þeim endurbótum og breytingum, sem krafizt var, voru samkvæmt þeim tillögum, sem fram komu við fyrrnefnda samkeppni. Gekk mjög erfiðlega að fá skipasmíðastöðvarnar til þess að fallast á þessar kröfur, einkum allt það, er snerti nýjungar og endurbætur á vélum skipanna, og það svo, að um stund leit ekki út fyrir annað en að samningar tækjust ekki um smíði skipanna. Var fyllilega gefið í skyn, að algerlega óvíst væri um það, hvort sú bylting, sem hér væri ætlazt til, að framkvæmd yrði, á smíði og útbúnaði öllum frá því, sem áður væri þekkt og reynt með ágætis árangri, mundi heppnast, og þá væri áhættan á því að hafa smíðað 30 skip þannig svo gífurleg, að þeir vildu ekki vera meðábyrgir í slíku verki. Samningar tókust þó, eins og kunnugt er. Fengin er þegar nægileg reynsla á skipunum, sem sannar, að allar endurbætur og breytingar hafa heppnazt og það svo vel, að full viðurkenning er fyrir því, jafnt erlendis sem innanlands, að betri og henlugri togara hafi engin þjóð áður látið gera. Keppast nú aðrar þjóðir við að taka upp þessar endurbætur í nýjum skipum sínum.

Þótt þessi mikli og góði árangur hafi fengizt, þá er hann þó aðeins spor í áttina að enn meiri þróun og enn stórbrotnari umbótum á þessu sviði. Takmarkið verður að vera að skapa fullt öryggi, fulla vinnuvernd, samfara fullkomnustu möguleikum til hagnýtingar á öllum afla, og til þess að þetta megi takast, er nauðsynlegt, að skipin séu smíðuð á þann hátt, sem lagt er til í þessu frv.

Samkvæmt grein, sem birt er í síðasta hefti „Ægis", eru Þjóðverjar að hefja undirbúning undir smíði á togurum af þessari gerð, sem hér um ræðir. Er það í samræmi við það, að þeir voru jafnan áður leiðandi menn í öllu því, sem að togarasmíði laut, og létu m. a. smíða tilraunatogara á ríkisins kostnað um 1930 til þess að sannprófa þannig margvíslegar nýjungar í þessari grein.

Samþykkt hefur verið þegar að reisa og starfrækja a. m. k. fjórar tilraunastöðvar í jarðrækt. Hefur sú starfsemi orðið til margvíslegrar blessunar fyrir land-

búnaðinn og á þó væntanlega eftir að verða það enn betur, er fram líða stundir. Verður því varla haldið fram með rökum, að minni ástæða sé til þess að koma upp einu tilraunaskipi í þágu sjávarútvegsins eða að það kynni að verða óþarfara þeirri atvinnugrein.

Þá skal á það bent, að skip þetta mætti nota jafnhliða sem fiskirannsóknaskip og varðskip, þótt það væri smíðað af þeirri gerð, sem hér er gert ráð fyrir, en hvort tveggja er mjög aðkallandi, að smíðað verði sem fyrst. Það yrði því engum verðmætum á glæ kastað, þótt tilraunir í þessa átt gæfu ekki fyllsta árangur, sem ég þó þykist fullviss um.

Mér þykir rétt að láta fylgja með sem fylgiskjal þær skýringar, sem á sínum tíma voru látnar fylgja teikningu af skipinu til dómnefndar.

Fylgiskjal.

Skýringar og athugasemdir við verklýsingu og teikningu botnvörpuskips framtíðarinnar.

Þegar Samtrygging íslenzkra botnvörpunga óskaði eftir tillögu um botnvörpuskip framtíðarinnar, taldi ég víst, að til þess væri ætlazt, að fram kæmu í þeim tillögum einhverjar nýjungar frá því, sem nú þekkist og sem horfðu til bóta um allan rekstur, öryggi og vinnuvernd í framtíðinni. Hef ég reynt að hafa þetta sjónarmið, þegar ég hef samið hjálagðar tillögur, en þó einkum og sér í lagi lagt áherzlu á nýjung og endurbætur á eftirfarandi atriðum:

1. **Öryggi.** Að skipið væri miklu öruggara sem sjóskip en togarar þeir, sem vér nú eigum að venjast, svo að útgerðarmenn og vátryggjendur hefðu mikla tryggingu fyrir því, að ekki einasta yrði hættan á venjulegum sjótjónum miklu minni, heldur einnig hættan á því að missa skipið með allri áhöfn stórkostlega minnkuð frá því, sem nú er. Af þessum ástæðum hef ég m. a. lagt til, að botnvörpuskip framtíðarinnar yrði smíðað með tveimur þilförum, eins og teikningin sýnir, og væri allur útbúnaður þannig gerður, að loka mætti skipinu svo að segja alls staðar vatnþéttu, þegar það væri ekki að veiðum, en yrði, eins og oft á sér stað, að mæta ofviðrum og stórsjóum á langleiðum. Ýmist á milli landa eða upp af djúpmiðum. Ef athuguð er nákvæmlega teikningin og verklýsingin, kemur það berlega í ljós, að þegar búið væri að loka vatnþétt öllum hliðaropum og öllum lestaropum, auk þess væri búið að byrgja með stormhlífum bæði hurðir og glugga á stýrishúsi og leggja þess utan niður alla lyftikrana, en taka inn á efra þilfar eða jafnvel niður á aðalþilfar öll veiðarfæri, að þá er skip þetta þannig útbúið, að það hefði hvort tveggja í senn miklu meira flotmagn en venjulegur togari og auk þess fátt ofanþilja, er hætta væri á að mætti skemmdum, enda mótspyrna á yfirbyggingu og þilfari miklu minni en nú á sér stað um almenna togara. Af þessum hvötum er einnig fram komin hugmyndin um að byggja bátabyrgi aftur á skipinu og tryggja með því hvort tveggja í senn, að tjón á bátum vegna ofviðris útilokist að mestu, og jafnframt að tryggja, að bátarnir séu óskemmdir, hvað sem fyrir kann að koma, þegar á þeim þarf að halda.

Ég hef í sambandi við bátana gert ráð fyrir tveimur rafmagnskrönum í stað bátsuglna og tel í þeim breytingum liggja miklu meira öryggi fyrir skipverja, þar sem reynslan hefur sýnt, að hafi skip strandað, hefur margoft verið ógerningur að koma út nema öðrum bátnum, sem þá ef til vill hefur verið brotinn eða skemmdur vegna áfalla.

Mér er það ljóst, að þótt þetta byggingarfyrirkomulag hafi tvímælalaust mjög marga kosti í för með sér, að þá mun það a. m. k. fyrst um sinn þykja ókostur að athafna sig við botnvörpu ýmist á efra þilfari eða á aðalþilfari, en með þeim útbúnaði, sem gert er ráð fyrir, að sé á skipinu, svo sem síðuop, nægilega stór lestarop,

þess utan lyftikranar til þess að geta fært veiðarfærin til eftir þörfum, mun vera hægt að fallast á, að einnig sé séð fyrir því að komast hjá þeim agnúum, sem þetta fyrirkomulag hefur í för með sér.

Með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir um öll vatnsþétt skilrúm í skipinu, þá ætti að vera full trygging fyrir því, að þótt ásigling yrði á eitthvert eitt af þessum skilrúmum, svo það fylltist af sjó, eða þótt það fylltist af sjó vegna tjóns á botni, þá gæti skipið ekki sokkið, með því að nægilegt loft væri þá eftir í hinum öðrum rúmum skipsins, og á m. a. efra þilfarið afar mikinn þátt í því, að þetta öryggi er fyrir hendi. Sama má segja um það, að þótt skipinu yrði svo að segja velt, annaðhvort vegna áreksturs eða af áfalli frá sjó, þá hlyti skipið að reisa sig við aftur, þar sem ekki gæti gengið niður í það vatn nema annaðhvort mjög takmarkað eða alls ekki.

Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á þá sorglegu staðreynd, að togarar okkar hafa sumpart á undanförnum árum hvað eftir annað verið á vogarskálum um það að fljóta eða sökkva, er þeir hafa mætt misjöfnum veðrum, oft og tíðum drekkhlaðnir, og sumpart e. t. v. sokkið af þeim ástæðum, auk þess sem a. m. k. er vitanlegt um tvö skip, sem hafa sokkið vegna áreksturs, en ekki hefðu getað farið svo sorglega af þeim ástæðum, ef bygging þeirra hefði verið samkvæmt þeirri teikningu, sem hér fylgir með.

Þá vil ég einnig benda á, að með því að möstur eru gerð miklu lægri en venja er til, kranar lagðir niður og reiði allur felldur í burtu, þá er yfirbygging skipsins í illviðrum miklu minni, og hættan við ísingu af ágjöfum í frosti þá einnig margfalt minni en nú á sér stað.

Ég tel því, að þessir kostir, sem ég hef dregið hér fram, séu svo miklir, að það beri að taka það til alvarlegrar íhugunar að byggja enga togara í framtíðinni fyrir Ísland öðruvísi en tvíþilja, eins og lagt er til í meðfylgjandi tillögum, og það beri því ekki að víkja fyrir neinum þeim erfiðleikum, sem mönnum í fyrstu kann að þykja mæla á móti þessu, heldur finna þá öruggt ráð til úrbóta, ef þurfa þykir.

2. **Vinnuvernd.** Þá hefur einnig vakað fyrir mér, hvernig hægt væri að bæta vinnuskilyrði skipshafnar frá því, sem nú er, og auka vinnuvernd hennar á ýmsan hátt.

Það er bert, að að því verður að stefna í framtíðinni, að sjómenn okkar séu ekki látnir vinna eftir því, sem orka frekast leyfir, ekki einasta tvöfaldan vinnutíma á við aðrar stéttir, heldur einnig undir miklu verri skilyrðum en þeir, sem störf rækja á landi. Með því að gera skipið tvíþilja, eins og hér er gert ráð fyrir, skapast alveg nýtt viðhorf í þessum málum fyrir háseta, þar sem þeir geta allan tímann unnið undir þiljum að aðgerðum á fiski og viðgerð á veiðarfærum, og þyrftu ekki að standa úti fyrir veðri og vindi, nema aðeins þann tíma, sem verið er að taka veiðarfæri inn eða láta þau út, og þá aðeins þeir menn, sem nauðsynlegt er að hafa á efra þilfari til slíkra hluta.

Ég tel, að sér sé um byltingu að ræða á þessu sviði, sem markvíst verði að vinna að, ekki einasta vegna lífs og heilsu sjómanna, heldur og jafnframt vegna þess, að afköst þeirra við vinnuna yrðu auðsjáanlega í beinum hlutföllum við margfalt betri vinnuskilyrði. Þá er það einnig bert, að með þessu fyrirkomulagi er skipið eigi í sérstakri hættu fyrir ofviðrum eða sjóum, þegar veiðum er hætt og skipið er á ferðum, þar sem inni má loka alla skipverja og þeir eftir sérstökum göngum hafa aðgang milli stýrishúss og allra annarra staða í skipinu, eftir því sem þörf krefur.

Við niðurröðun íbúða hef ég fylgt því sjálfsagða fyrirkomulagi, sem ber að stefna að, að flestir menn geti haft sérherbergi og sem fæstir þurfi að búa saman, og jafnframt, að allir hafi aðgang að hreinlætistækjum í skipinu.

3. **Rekstur.** Ég hygg, að það sé þegar fullkomlega ljóst, að stórútgerð í framtíðinni verður tæplega rekin á sama hátt og gert var fyrir stríð. Ber margt til þess,

m. a. stórkostlegar framfarir á tekniska sviðinu, og enn fremur stórvægilegar breytingar á kröfum launþega, bæði hvað snertir launin sjálf, vinnuvernd og allan aðbúnað. Hvort sú stærð skipa, sem takmörkuð er af samtryggingunni, verður sú heppilegasta í framtíðinni, er afar erfitt að segja um að svo stöddu. Það út af fyrir sig gerir ekki allan mismuninn á útbúnaði skipsins, enda hef ég að sjálfsögðu haldið mér innan þeirra takmarka, sem beðið var um. Hitt er þó vist, að reynsla undanfarinna ára hefur jafnan verið sú, að stærstu og bezt útbúnu skipin hafa jafnt í góðærum sem erfiðum árum verið arðsömustu eignirnar og það alveg án tillits til þess, þó stofnkostnaður þeirra hafi verið margfalt meiri. Gefur þetta fullkomna bendingu um, að það séu einnig hagsmunir útgerðarmanna að hafa skipin hvorki of lítil né heldur að spara í nokkru útbúnað þeirra í hvívetna.

Ég hef í tillögum mínum gert ráð fyrir, að skipið væri útbúið með nýtízku dieselvélum, og með öllum nýtízku tækjum, því þótt það kunni að reynast svo, að um eitthvert árabil verði enn byggðir togarar með kolavélum, þá verða áreiðanlega „Botnvörpuskip framtíðarinnar" á Íslandi útbúin með dieselvélum, þegar þjóðin hefur lært að meta að fullu kosti þeirra véla og jafnframt hefur nægilega mörgum og góðum mönnum á að skipa til þess að fara með þær og hirða þær. Kostur þeirra véla kemur fram á margan hátt, m. a. möguleiki fyrir miklu lengri veiðiferðum og lengri siglingaleiðum, meira burðarmagni fyrir aflann og minni útgjöldum í eldsneyti. Hitt er svo annað atriði, að í skipsbol, sem byggður væri samkvæmt þessari teikningu, má að sjálfsögðu einnig koma fyrir gufuvélum, en þá bæri að taka allra nýjustu gerð slíkra véla, og hef ég gengið fram hjá að leggja það til, að þær væri teknar, því mér er fyllilega ljóst, að í framtíðinni stefna útgerðarmenn að því að hagnýta sér að fullu kosti dieselvélanna.

Ég hef lagt til, að farið væri inn á alveg nýja braut í niðurröðun hjálparvéla, þannig að í stað þess að setja í skipið eina sambyggða togvindu, eins og venja er til, sem drifin væri af einni nægilega stórri vél, hef ég komið fyrir, eins og sjá má á teikningunni, fjórum rafmagnstogvindum á aðalþilfari, þar sem hver togvinda hefur sitt sjálfstæða hlutverk að vinda upp sitt hvorn vírinn með tilheyrandi hlerum og veiðarfærum, og tel ég þetta ekki einasta heppilegt fyrirkomulag, heldur einnig miklu öruggara í öllum rekstri. Á þennan hátt losnar maður við alla þá flækju af togvírum, sem óhjákvæmilegt er að hafa um þilfar skipsins, þar sem skipverjar nú verða að vinna og hafa hvað eftir annað orðið fyrir slysum af því að standa óvarðir innan um slíka víra. Þá er maður einnig laus við alla síðu- og masturspolla, og gerir þetta lyftingu veiðarfæra miklu auðveldari og mótstöðu miklu minni. Á þennan hátt ganga vírarnir beint frá mjög fyrirferðarlitlum og einföldum gálgum á efra þilfari niður í fótrúllu, sem áföst er við vinduna, og jafnframt er vírastýri fyrir hana. Gálgunum, sem byggðir eru á liðamótum, má slá inn á þilfar ásamt meðfylgjandi rúllum, þegar ekki er verið að veiðum.

Þá eru einnig tekin upp þau nýmæli, að flutningur allur á lifur sé sjálfvirkur frá aðgerðarstað inn í lýsisbræðsluna, svo og flutningur allur á hráefni til fiskimjölsverksmiðju, og ætti þetta fyrirkomulag að spara vinnuafl frá því, sem nú er. Þá og einnig það fyrirkomulag að nota krana, eins og gert er ráð fyrir, til þess að lyfta veiðarfærum og fiski úr sjó og flytja þetta til að spara vinnuafl, svo að jafnvel sama skipshöfn gæti á þennan hátt afkastað miklu meiri vinnu en nú gerist.

Ég hef gert ráð fyrir að sjálfsögðu, að byggð væri inn fiskimjölsverksmiðja, svo að ekki þyrfti að kasta neinum úrgangi.

Þá hef ég farið inn á nýmæli í útbúnaði fiskilesta, þannig að í öllum lestum væru stoðir úr ryðfríu stáli og jafnvel allar þiljur klæddar ryðfríum stálplötum og hillur gerðar af sama efni. Þetta er að sjálfsögðu ákvæði, sem hver útgerðarmaður getur sjálfur skorið úr um, en því er ekki að leyna, að svo framarlega sem skipin eiga að flytja ísvarinn fisk langar leiðir, þá verða tvímælalaust gerðar kröfur um útbúnað slíkra fiskirúma í framtíðinni.

Ég hef einnig gert ráð fyrir, að skipið væri útbúið með tveimur kælivélum, annars vegar aðeins til þess að kæla nauðsynleg matvæli fyrir skipverja, svo að þeir geti jafnan haft nýjan og óskemmdan mat, enda er það jafnframt hagsmunaatriði fyrir útgerðina, en hins vegar hæfilega stórar til þess að veita köldu lofti um lestirnar og hjálpa þannig til að halda farminum óskemmdum, þótt heitt sé í veðri, ef ferð hefur dregizt lengur en til var ætlazt.

Framtíðin mun að sjálfsögðu leiða það í ljós, að rányrkja á sviði fiskveiða verður að hverfa og hagnýting alls afla að koma í staðinn, og gæti vel komið til mála, að skip yrði því að gera hvort tveggja í senn, að salta ákveðinn hluta aflans, geyma í kæli verðmætasta fiskinn og ef til vill flaka að einhverju leyti karfa eða annan ódýran fisk, og teldi ég, að unnt væri að koma fyrir slíkum rekstri auðveldlega á því skipi, sem hér hafa verið gerðar tillögur um.

Reykjavík, 24. sept. 1943.

B107C

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar

um brýr á Álftaskálará og Vatnsdalsá.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að verja af fé því, sem lagt hefur verið til hliðar til þess að brúa Blöndu, eftir því sem þörf verður á, til þess að brúa á næsta sumri Álftaskálará og Vatnsdalsá, enda verði í þess stað aftur veitt fé til brúar á Blöndu það tímanlega, að brúarbygging yfir hana tefjist ekki þess vegna.

Greinargerð.

Síðast liðin tvö ár hefur verið ætlað nokkurt fé til brúar á Blöndu undan Löngumýri. Þetta er dýr brú, sem draga þarf saman fé til í fleiri ár. Verulega þýðingu hefur hún ekki fyrr en vegur er kominn um Reykjabraut, en þá styttist norðurleiðin, eða leiðin milli Akureyrar og Reykjavíkur, um ca. 12 km. En vegagerð þessi tekur fleiri ár, og er ekki byrjað á henni enn. Hins vegar er í ráði, að þurrmjólkurverksmiðja taki til starfa á Blönduósi nú í vetur og Húnvetningar fari að flytja mjólk þangað. Þá er Vatnsdælingum lífsnauðsyn að fá brýr á Álftaskálará og Vatnsdalsá, og þykir því réttara að nota fé það, sem fyrir hendi er, til þess að brúa þær nú þegar, frekar en geyma það, þar til búið er að draga nóg saman til að byggja Blöndubrúna, enda hægt síðar að bæta við fjárveitingu til Blöndubrúar, svo hún þurfi ekki að tefjast þess vegna.

Nd. 58. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með lagafrumvarpi þessu er farið fram á að veita Landsbankanum undanþágu frá núgildandi lögum, þannig að hann þurfi ekki að draga lán bankans frá, þegar reiknaðar eru eignir hans á móti seðlaveltunni.

Mér þykir rétt að freista þess í sambandi við afgreiðslu þessara laga að koma á nýrri venju um afstöðu Landsbankans til Alþingis, sem er meir í samræmi við hætti lýðræðislanda en sú, er hingað til hefur gilt.

Stjórn Alþingis á landinu og ríkisstjórnar þeirrar, er það myndar á hverjum

tíma, er fyrst og fremst orðin stjórn á atvinnu- og fjármálalífi landsins, gerólík því, sem var, þegar Landsbankinn var stofnaður eða núgildandi lög um hann sett.

Það er hins vegar óhugsandi að framkvæma þá stefnu, sem Alþingi og ríkisstjórn á hverjum tíma ákveða, nema stjórnin á Landsbankanum sem seðlabanka þjóðarinnar sé í samræmi við það.

Nú er það hins vegar mjög vel hugsanlegt, eins og kosningaháttur er um bankanefnd og bankaráð og bankastjórn Landsbankans, að ekkert samræmi sé á milli meiri hluta Alþingis og stjórnarstefnunnar í Landsbankanum.

Eins og lögin nú eru, væru aðeins eftirfarandi aðferðir til þess að breyta þar um til þess að koma samræmi á milli vilja þingsins og stjórnar Landsbankans:

1. Breyta lögunum um Landsbankann. — Slíkt þykir mjög varhugavert, þótt Framsóknarflokkurinn hikaði ekki við slíkt eftir valdatöku sína 1927.

2. Setja einhvern eða einhverja af bankastjórum Landsbankans frá, en til þess hefur ráðherra vald, og slíkt gæti dugað stefnu ríkisstjórnarinnar, ef hún hefði meiri hluta í bankaráði til þess að kjósa nýjan. — En þess háttar aðferð hefur ríkisstjórn nú ekki beitt á Íslandi í yfir 30 ár.

Hin eðlilega aðferð til þess að samræma stefnu ríkisstjórnar meiri hluta Alþingis og Landsbankans í fjármálum og atvinnumálum þjóðarinnar án slíkra árekstra væri sú, að einu sinni á ári væri á Alþingi rætt um og ákvörðun tekin um fjármálastefnu þjóðarinnar og ríkisins og stofnana þess. Ef Landsbankinn þarf árlega að sækja til Alþingis um undanþágu undan lögunum eins og þá, sem hér um ræðir, væri það mjög eðlilegt tækifæri til slíkra umræðna og ákvarðana, þannig að þing og stjórn mótuðu í sambandi við afgreiðslu slíkra laga höfuðstefnu seðlabankans í atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar.

Svíar hafa haft eftirfarandi aðferð til þess að koma hinu sama fram:

Bankaráðið (bankofullmäktige) er þar kosið beint af þinginu til aðeins þriggja ára í senn. Í þinginu er enn fremur sérstök nefnd „Bankoutskottet“, er eingöngu fjallar um bankamál. Það þýðingarmesta er þó ekki lagaákvæðin, heldur sú venja, er myndazt hefur á seinni árum. Á hverju ári sendir bankaráðið ríkisstjórninni tilmæli um, að undanþágan frá því að innleysa seðla með gulli verði framlengd. Þessum tilmælum fylgir skýrsla bankaráðsins um stefnu bankans í peningamálum undanfarin ár og álit þess um, hvaða stefnu beri að fylgja á komandi ári. Þetta álit er síðan sent öðrum aðilum til umsagnar. Síðustu árin hefur þar sérstaklega verið um að ræða skipulagsnefndina (Kommissionen för ekonomisk efterkrigsplanering). Að fengnum þessum umsögnum leggur fjármálaráðherra frumvarp fyrir þingið um framlengingu undanþágunnar, og fylgir því álit bankaráðsins og annarra aðila, er málið hafa haft til umsagnar, auk álits ráðherrans sjálfs. Þetta frumvarp, en það vill raunverulega segja stefna bankans í peningamálum, er síðan rætt á þingi, því er vísað til bankanefndarinnar, „Bankoutskottet“, er skilar greinargerð og áliti á stefnu þeirra, er fylgja beri í peningamálum. Þegar svo frumvarpið er samþykkt, er þar með í áliti bankanefndar þingsins, „Bankoutskottet“, mörkuð sú stefna í peningamálum, er þingið álítur, að bankanum beri að fylgja, og hann að sjálfsögðu telur sér skylt að fara eftir. Með þessu eru áhrif þingsins á stefnu bankans í peningamálum tryggð. Þetta hefur enn fremur í för með sér, að stefnan í peningamálum er árlega tekin til gaumgæfilegrar athugunar, álits ýmissa sérfræðinga leitað, og peningamálin rædd á opinberum vettvangi bæði í þinginu og blöðunum.

Þetta eru aðferðir Svíanna.

Ég álít það mjög varhugavert að láta þróast í lýðræðisþjóðfélagi svo einrátt embættisvald sem stjórnin á Landsbankanum nú er orðin, þar sem hún er nú orðin ríki í ríkinu. Slíkt er í algeru ósamræmi við það lýðræði, það vald kjósenda yfir ríkinu, sem á að vera grundvöllur stjórnarfars vors. Það verður að byrja, þótt ekki sé nema í smáu, að gera breytingar á þessu — og skal það þó tekið fram, að sú breyting, sem ég legg til, að gerð sé nú í sambandi við þessi lög, nær auðvitað mjög skammt.

En ég álít óþarfa að veita undanþáguna til 5 ára eða til septemberloka 1952, heldur legg til, að hún sé aðeins höfð til októberloka 1948. Gæfist þá Alþingi aftur kostur á að framlengja slík lög, ef meiri hluti þess vill. Hins vegar er ekki rétt að svipta meiri hluta Alþingis á næstu árum þessum rétti til að beita slíkri handhægri aðferð við að hafa áhrif á stjórnarstefnu Landsbankans, ef hann kýs að viðhafa hana frekar en aðrar, er heimta gerbreytingu á lögum og starfsháttum bankans.

Fyrir því legg ég til, að gerð sé á frv. eftirfarandi

BREYTING.

Við 2. gr. Í stað „septemberloka 1952“ komi: októberloka 1948.

Afstaða mín til frv. í heild fer eftir meðferð þessarar brtt.

Alþingi, 27. okt. 1947.

Einar Olgeirsson.

Nd. 59. Frumvarp til laga

um brunatryggingar á Akureyri og í Siglufirði.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar, Áki Jakobsson.

1. gr.

Bæjarstjórnum Akureyrar og Siglufjarðar skal heimilt að semja við eitt eða fleiri brunabótafélög um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum á Akureyri og Siglufirði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra slíka samninga.

Tekjur þær, sem verða af starfseminni samkvæmt slíkum samningum, skulu skattfrjálsar til bæjar og ríkis.

2. gr.

Hafi bæjarstjórnirnar gert slíka samninga, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningarnir tiltaka. Bæjarstjórnirnar skulu hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en þær álíta hæfilega.

3. gr.

Öll iðgjöld og virðingargjöld hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem hvíla á eignunum, og séu iðgjöldin ekki greidd í réttum gjalddaga, má heimta þau eftir þeim reglum, sem gilda um lögtak á sköttum til ríkissjóðs.

4. gr.

Bæjarstjórn er skylt að sjá um, að slökkvilið sé vel skipað og hafi nauðsynleg slökkvitól, sem haldið sé vel við.

Allir karlmenn í bænum, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, bæði við æfingar og við að slökkva eld, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerðum, sem bæjarstjórn semur, en atvinnumálaráðherra staðfestir, og má í þeirri samþykkt ákveða sektir, allt að 1000 krónum, fyrir brot á ákvæðum hennar. Sektirnar renna í bæjarsjóð.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð samkvæmt 4. gr. skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er að mestu samhljóða frv., sem flutningsmenn fluttu á síðasta þingi skv. beiðnum bæjarstjórnanna á Akureyri og Siglufirði, en þau frv. bæði urðu ekki útrædd.

Báðar bæjarstjórnirnar hafa áhuga á málum þessum nú ekki síður en í fyrravetur. Auk þess er vitað, að mikill áhugi er fyrir þessum málum hjá almenningi í þessum bæjum, og því viljum við flytja þetta mál aftur og væntum þess, að það fái góðar undirtektir.

Sþ. 60. Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1948.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi 1947.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1948 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	35 000 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 6000000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 3000000		
		3 000 000	
			38 000 000
3.	Vörumagnstollur	12 000 000	
4.	Verðtollur	33 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	4 000 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	2 000 000	
			51 000 000
7.	Fasteignaskattur	600 000	
8.	Lestagjald af skipum	120 000	
9.	Bifreiðaskattur	3 300 000	
			4 020 000
10.	Aukatekjur	1 600 000	
11.	Stimpilgjald	4 000 000	
12.	Vitagjald	800 000	
13.	Leyfisbréfagjöld	150 000	
14.	Erfðafjárskattur	300 000	
15.	Veitingaskattur	1 000 000	
			7 850 000
	Samtals ...	. . .	100 870 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður Landssímans	587 000	
2. — áfengisverzlunar	36 000 000	
3. tóbakseinkasölu	16 500 000	
4. ríkisútvarps	897 415	
5. ríkisprentsmiðju	275 000	
6. trésmiðju	5 000	
		54 264 415
Frá dregst:		
Rekstrarhalli póstsjóðs	940 000	
— landssmiðju	37 800	
		977 800
Mismunur ...	. . .	53 286 615
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		8 230 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	367 000	
2. Póststofan í Reykjavík	2 570 000	
3. Önnur pósthús	1 590 000	
4. Póstflutningar	1 970 000	
5. Önnur gjöld	369 000	
6. Fyrning	4 000	
7. Rekstrarkostnaður bifreiða	2 300 000	
		9 170 000
Rekstrarhalli ...	940 000	
2. Landssíminn.		
I. Tekjur		19 000 000
II. Gjöld:		
a. Til notendasíma í sveitum	500 000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans	802000	
2. Ritsímastöðin í Reykjavík	2545000	
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	250000	
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	477000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	3542000	
6. Áhaldahúsið	275000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri	688000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	310000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði	315000	
10. Símastöðin á Borðeyri	194000	
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	291000	

3. gr.

		kr.	kr.
12. Símastöðin á Siglufriði	387000		
13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva	2350000		
		12 426 000	
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		300 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva		1 153 000	
e. Viðhald landssímanna		3 034 000	
f. Framhaldsgjald		170 000	
g. Ýmis gjöld		100 000	
h. Fyrning á húsum og áhöldum		250 000	
i. Vextir af lánum		480 000	
			18 413 000
Færist á 3. gr. A. 1		. . .	587 000
Eignabreytingar landssímans.			
Út.			
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa			600 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa			1 000 000
III. Til talstöðva í báta og skip			300 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip			200 000
V. Til nýrra landssímalína			500 000
VI. Til stækkunar á sjálfvirku stöðinni í Reykjavík			1 500 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.		. . .	4 100 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			39 985 000
II. Gjöld:			
1. a. Grunnlaun	383200		
b. Verðlagsuppbót	804720		
		1 187 920	
2. Kostnaður við áfengisútsölur		425 000	
3. Annar rekstrarkostnaður		572 080	
4. Útsvar		1 800 000	
			3 985 000
Fært á 3. gr. A. 1		. . .	36 000 000
4. Tóbakseinkasala ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			18 480 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	172874		
2. Verðlagsuppbót	363036		
		535 910	
b. Annar rekstrarkostnaður		619 090	
c. Útsvar		825 000	
			1 980 000
Fært á 3. gr. A. 2		. . .	16 500 000

3. gr.

		kr.	kr.
	5. Ríkisútvarpið.		
I.	Tekjur:		
	a. Afnotagjöld	3 250 000	
	b. Aðrar tekjur	500 000	
			3 750 000
II.	Gjöld:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 407380		
	2. Verðlagsuppbót 858498		
		1 265 878	
	b. Útvarpsefni	750 000	
	c. Skrifstofukostnaður	315 000	
	d. Húsaleiga, ljós og hiti	115 000	
	e. Til útvarpsstöðva	340 000	
	f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.	40 000	
	g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð	55 700	
	h. Óviss útgjöld	30 000	
	i. Vextir	5 000	
	j. Fyrning á húsum og vélum	60 000	
			2 976 578
		. . .	773 422
III.	Rekstur viðtækjaverzlunar:		
	a. Tekjur	500 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 69600		
	b. Verðlagsuppbót 146160		
	215760		
	2. Annar kostnaður 102000		
		317 760	
			182 240
IV.	Rekstur viðgerðarstofu:		
	a. Tekjur	370 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 79325		
	b. Verðlagsuppbót 166582		
	245907		
	2. Efni 100000		
	3. Annar kostnaður 70500		
		416 407	
	Rekstrarhalli ...	46 407	
V.	Rekstur viðtækjasmiðju:		
	a. Tekjur	60 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 11400		
	b. Verðlagsuppbót 23940		
	35340		

3. gr.

		kr.	kr.
2. Efni	18000		
3. Annar kostnaður	18500		
		71 840	
Rekstrarhalli ...		11 840	
			955 662
Frá dregst rekstrarhalli viðgerðarstofu og viðtækjaverksmiðju kr. 46407 + 11840			58 247
Fært á 3. gr. A. 3		. . .	897 415
Eignabreytingar:			
Afborgun af láni til stækkunar			89 100
Fært á 20. gr. Út II.		. . .	89 100

	B. Sjávarútvegsmál.		
1.	Til Fiskifélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins, og félagið sjái um útgáfu fiskimannaalmanaks á sinn kostnað		821 230
2.	Til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda		180 000
3.	Til alþjóðahafrannsókna		13 500
4.	Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins		10 000
5.	Til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, samkv. l. nr. 52 1947 1. gr.		1 500 000
	Samtals B ...	. . .	2 524 730

16. gr.

	kr.	kr.
C. Iðnaðarmál.		
1. Til Landssambands iðnaðarmanna		50 000
2. Til iðnlánasjóðs		300 000
3. Kostnaður við iðnráð		10 000
4. Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík, ⅝ kostnaðar allt að		250 000
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að ríkisstjórnin láti endurskoða reikninga stofnunarinnar og árlega sé gefin skýrsla um starfsemina, samþykkt af endurskoðanda.		
5. Til Halldóru Bjarnadóttur til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar:		
a. Grunnlaun	2 340	
b. Verðlagsuppbót	4 914	
		7 254
6. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði:		
a. Grunnstyrkur	900	
b. Verðlagsuppbót	1 890	
		2 790
7. Til tóvinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Svalbarðseyri við Eyjafjörð		30 000
8. Til Guðmundar Kristinssonar, myndskera:		
a. Grunnstyrkur	500	
b. Verðlagsuppbót	1 050	
		1 550
Samtals C ...	. . .	651 594
D. Raforkumál.		
I. Stjórn raforkumála:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun 141000		
b. Verðlagsuppbót 296100		
	437 100	
2. Skrifstofukostnaður	154 000	
3. Ferðakostnaður, mælingar og aðstoð	200 000	
4. Vatnsrennslismælingar	70 000	
5. Annar kostnaður	50 000	
	911 100	
÷ Tekjur	713 000	
		198 100
II. Rafmagnsveitur ríkisins: Stjórn og rekstur rafmagnsveitnanna og undirbúningur nýbygginga.		
1. Laun:		
a. Grunnlaun 139300		
b. Verðlagsuppbót 292530		
	431 830	

16. gr.

		kr.	kr.
2. Skrifstofukostnaður		198 000	
3. Ferðakostnaður		50 000	
4. Vinnuvélar og bifreiðar		150 000	
5. Birgðaskemma		100 000	
6. Verkstæði		60 000	
7. Annar kostnaður		150 000	
8. Rekstrarkostnaður rafveitna:			
a. Reykjanesveita	690000		
b. Árnessýsluveita	241000		
c. Húsavíkurveita	148000		
d. Reykjakotsveita	87000		
e. Grenjaðarstaðaveita	20000		
f. Rafveita Egilsstaðaþorps	66000		
g. Þykkvabæjarveita	90000		
		1 342 000	
9. Til nýrra raforkuframkvæmda		1 000 000	
		3 481 830	
÷ Tekjur:			
Tekjur af vöruumsetningu o. fl.	353000		
Leiga af bifreiðum og vinnuvélum	390000		
Fært á nýbyggingar	600000		
Tekjur Reykjanesrafveitu	660000		
Tekjur Árnessýslurafveitu	186000		
Tekjur Húsavíkurrafveitu	90000		
Tekjur Grenjaðarstaðarafveitu	13000		
Tekjur Reykjakotsrafveitu	40000		
Tekjur rafveitu Egilsstaðaþorps	54000		
Tekjur Þykkjabæjarrafveitu	55000		
Bráðabirgðalán úr raforkusjóði til greiðslu á rekstrarhalla 1948	40830		
		2 481 830	
			1 000 000
III. Rafmagnseftirlit ríkisins:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	67000		
b. Verðlagsuppbót	141000		
		208 000	
2. Ferðakostnaður		69 000	
3. Áhaldakostnaður		30 000	
4. Annar kostnaður		90 000	
		397 000	
÷ Tekjur:			
Árgjöld rafveitna	166000		
Aðflutningsgjöld o. a.	209000		
		375 000	
			22 000
IV. Raforkuráð:			
Þóknun og skrifstofukostnaður			15 000
V. Raforkusjóður:			
Tillag ríkissjóðs samkv. lögum nr. 12 2. apríl 1946 ..			2 000 000

16. gr.

		kr.	kr.
VI.	Jarðboranir og gufuvirkjunarrannsóknir:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun	45000	
	b. Verðlagsuppbót	95000	
		140 000	
	2. Bormannalaun og annar rekstrarkostnaður	980 000	
	3. Annar rannsóknar- og skrifstofukostnaður	380 000	
		1 500 000	
	÷ Tekjur:		
	Borkostnaður greiddur af einstaklingum og sveitarfélögum	850 000	
			650 000
	4. Til kaupa á einum höggbor og einum rannsóknarbor	200 000	
			200 000
	Samtals D. ...	. . .	4 085 100

17. gr.

Til félagsmála er veitt:

		kr.	kr.
1.	Tillag til bjargráðasjóðs, samkv. l. nr. 45 1913		33 000
2.	Til alþýðutrygginga:		
	I. a. Framlag samkv. 116. gr. laga nr. 50/1946	23 300 000	
	b. Framlag samkv. 82. gr. sömu laga	1 500 000	
			24 800 000
	II. Endurgreiðsla samkv. 99. gr. laga nr. 50/1946 á framlagi Lífeyrissjóðs Íslands til ellilauna og örorkubóta samkv. 78. gr. laga nr. 74/1937		260 000
3.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 39 1935, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna		15 000
4.	Gjöld samkvæmt 20. og 22. gr. framfærslulaga, nr. 52 1940		20 000
5.	Til styrktar- og sjúkrasjóða samkv. úthlutun félagsmálaráðuneytisins		18 000
6.	Gamalmennahæli:		
	a. Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík:		
	Rekstrarstyrkur	7 000	
	enda greiði vistmenn, sem framfærslusveit eiga utan Reykjavíkur, ekki hærra daggjald en bæjarmenn.		
	b. Til sjö gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 3000 kr. til hvers	21 000	
	c. Til elliheimilisins á Seyðisfirði	2 000	
			30 000
7.	Til sambands íslenzkra berklasjúklinga:		
	a. Byggingarstyrkur	400 000	
	b. Rekstrarstyrkur vegna læknislauna	32 190	
			432 190
8.	Til sumardvalarheimila, dagheimila og vistarheimila fyrir börn úr bæjum og kauptúnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að		200 000
9.	Kostnaður við barnaverndarráð		30 000
10.	Til barnavinafélagsins Sumargjafar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ		150 000
11.	Til starfskvennaskóla Sumargjafar		20 000
12.	Upptökuheimilið á Elliðahvammi:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 27000		
	2. Verðlagsuppbót 56700		
	83700		
	÷ Hlunnindi 18700		
		65 000	
	b. Annar kostnaður	70 700	
		135 700	
	÷ Tekjur	120 000	
			15 700

17. gr.

		kr.	kr.
13.	Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:		
	a. Til Rauðakross Íslands	15 000	
	b. Til Sambands íslenzkra berklasjúklinga	3 000	
	c. Til félagsins „Heyrnarhjálpar“	5 000	
	d. Til félagsins „Sjálfbjargar“	2 000	
	e. Til mæðrastyrksnefnda	50 000	
	Þar af 15 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur. Ráðherra úthlutar fénu, að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar í Reykjavík.		
			75 000
14.	Til alþjóðaflóttamannastofnunarinnar		200 000
15.	Til slysavarna:		
	a. Til almennra slysavarna	100 000	
	b. Til umferðaslysavarna	50 000	
			150 000
16.	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis		5 000
17.	Til bindindisstarfsemi:		
	a. Til Stórstúku Íslands	170 000	
	Þar af til bindindisstarfsemi í skólum 15000.		
	b. Til Péturs Sigurðssonar erindreka:		
	1. Grunnlaun 7500		
	2. Verðlagsuppbót 15750		
	23250		
	3. Ferðakostnaður 4650		
		27 900	
			197 900
18.	Ungmennastarfsemi:		
	a. Til Ungmennafélags Íslands	15 000	
	Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um það, hvernig fénu er varið.		
	b. Til Bandalags skáta	2 000	
	c. Til Bandalags íslenzkra farfugla	1 500	
			18 500
19.	Til Kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju		125 000
20.	Til kvennaheimilisins Hallveigarstaða, byggingarstyrkur		75 000
21.	Til Kvenréttindafélags Íslands		15 000
22.	Til vinnumiðlunar		50 000
23.	Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga		600 000
24.	Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna		1 200 000
25.	Til íbúðarhúsabyggingar skv. 3. kafla l. nr. 44 7. mai 1946		400 000
26.	Til Bálfarafélags Íslands		35 000
27.	Til Dýraverndunarfélags Íslands til dýraverndunarstarfsemi		5 000
28.	Til kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, rekstrarhalli		20 000
29.	Kostnaður við framkvæmd orlofslaganna		360 000
	Samtals ...	. . .	29 555 290

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Til eftirlauna, samkvæmt eftirlaunalögum:		
1. Grunnlaun	178 811	
2. Verðlagsuppbót	375 503	
		554 314
II. Eftirlaun og styrktarfé umfram lögboðin eftirlaun:		
1. Grunnlaun	574 979	
2. Verðlagsuppbót	1 197 069	
		1 772 048
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. lífeyrissjóðslaga nr. 101/1943 og 8. gr. laga nr. 102/1943		2 700 000
IV. Framlag ríkissjóðs samkvæmt 6. gr. reglug. $^{24}/_{11}$ 1944		200 000
Samtals ...	. . .	5 226 362

19. gr.

Til óvissra útgjalda er veitt: 500 000.

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn:		
I.	**Fyrningar:**		
	1. Samkvæmt 3. gr. A.	628 861	
	2. — 11. — A.	17 466	
	3. — 12. —	83 483	
	4. — 13. —	859 980	
	5. — 15. —	18 966	
	6. — 16. —	37 344	
			1 646 100
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50 000
	Samtals	. . .	1 806 100
	Út:		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán 3680759		
	b. Lán í dönskum krónum 363933		
		4 044 692	
	2. Lán ríkisstofnana:		
	a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 1.) 600000		
	b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.) 89100		
		689 100	
			4 733 792
II.	Til eignaaukningar landsímans		4 100 000
III.	Til bygginga á jörðum ríkisins		300 000
IV.	Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana		1 700 000
V.	Til byggingar fávitahælis í Kópavogi		600 000

	kr.	kr.
VI. Til vitamála, eignaaukning:		
a. Til að gera nýja vita	700 000	
b. Til byggingar vitavarðarhúsa á Reykjanesi og Svalvogum	150 000	
c. Til dýpkunarskips (lokagreiðsla)	150 000	
		1 000 000
VII. Til flugvallagerða og lendingarbóta fyrir flugvélar		1 550 000
VIII. Til byggingar Menntaskólahúss í Reykjavík		500 000
IX. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri		550 000
X. Til byggingar iþróttakennaraskóla		200 000
XI. Til byggingar þjóðminjasafns		1 500 000
XII. Til byggingar skólastjórabústaðar á Hólum		65 000
XIII. Til byggingar bústaðar fyrir ráðsmann á Hvanneyri (lokagreiðsla)		95 000
XIV. Til byggingar bændaskóla í Skálholti		250 000
XV. Til byggingar varðskipa		850 000
XVI. Til bygginga á prestssetrum		900 000
XVII. Til byggingar embættisbústaða fyrir héraðsdómara		500 000
XVIII. Til byggingar tollstöðvarhúss í Reykjavík		500 000
XIX. Til byggingar skólastjórabústaðar á Reykjum í Ölvusi (1. greiðsla)		100 000
Samtals ...	. . .	19 993 792

21. g

I. Rekstra

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		100 870 00(
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		53 286 61:
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 00(
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		968 42:
5. gr.	Óvissar tekjur		100 00(
	Rekstrarhalli		876 304
	Samtals ...	. . .	156 111 344

II Sjóðs

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	155 235 040
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	1 646 100
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50 000
	Greiðslujöfnuður	19 063 996
	Samtals ...	176 105 136

Yfirlit.
yfirlit.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		1 484 793
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		287 482
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		1 515 576
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		5 183 010
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	10 623 824	
—	B.	Opinbert eftirlit	1 129 688	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	4 785 401	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	850 000	
				17 388 913
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		5 678 296
13. gr.	A.	Vegamál	16 540 420	
—	B.	Samgöngur á sjó	2 929 800	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	7 003 500	
—	D.	Flugmál	2 295 170	
				28 768 890
14. gr.	A.	Kirkjumál	3 376 230	
—	B.	Kennslumál	27 484 010	
				30 860 240
15. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	2 543 550	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	3 566 049	
				6 109 599
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	16 291 469	
—	B.	Sjávarútvegsmál	2 524 730	
—	C.	Iðnaðarmál	651 594	
—	D.	Raforkumál	4 085 100	
				23 552 893
17. gr.		Til félagsmála		29 555 290
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		5 226 362
19. gr.		Óviss útgjöld		500 000
		Samtals ...	...	156 111 344

yfirlit.

		Út:	kr.
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	156 111 344
		Aðrar útborganir:	
20. gr.	I.	Afborganir lána og eignaaukningar skv. 20. gr. Út	19 993 792
		Samtals ...	176 105 136

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að greiða Kristjönu Jónsdóttur, skrifstofukonu í fræðslumálaskrifstofunni, hálf laun meðan hún er sjúklingur.
II. Að greiða Ágústu Erlendsdóttur símakonu 1 200 kr. á ári, meðan hún er sjúklingur.
III. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
IV. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.
V. Að verja allt að 4 000 kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.
VI. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.
VII. Að verja allt að 700 þús. kr. til endurbyggingar á Þjórsárbrú.
VIII. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1947 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
IX. Að ábyrgjast fyrir fiskiðjuver útvegsmanna og fiskimanna á þeim stöðum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, vegna þess að útvegsmenn geti eigi reist þau af eigin rammleik, allt að þriggja milljóna króna lán, er hvíli á öðrum veðrétti á iðjuverinu næst á eftir stofnlánadeildarláni, og megi lánin nema allt að 10% af stofnkostnaði þeirra, enda séu félögin stofnuð og rekin samkv. 3. gr. l. nr. 41 frá 29. apríl 1946.
X. Að fresta fjárframlögum til framkvæmda, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárlögum, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkisins gerir það nauðsynlegt.
XI. Að taka allt að 25 millj. króna lán til þess að ljúka framkvæmdum, sem fé er veitt til í fjárlögum, ef tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, en vinnuafl nægilegt atvinnuvegunum að skaðlausu.
XII. Að greiða úr ríkissjóði allt að helming kostnaðar við boranir eftir vatni í Vestmannaeyjum, sem framkvæmdar hafa verið af Rafmagnseftirliti ríkisins.
XIII. Að gefa Ólafi Tubals í Múlakoti eftir veitingaskatt árin 1946 og 1947 vegna tjóns er hann hefur orðið fyrir af völdum Heklugossins.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1948 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á næsta ári verði kr. 155 235 040, en útgjöld kr. 156 111 314, þannig, að rekstrarhalli verði kr. 876 304, en greiðslujöfnuður óhagstæður um kr. 19 063 996.

Fjárlagafrv. þetta er síðar fram komið en skyldi og eru til þess fleiri en ein ástæða, en þó helzt sú, að nú hvílir meiri óvissa yfir afkomu þjóðarinnar og ríkis-

sjóðs en oft áður. Útgjöld samkvæmt þessu frumvarpi verða þau hæstu, sem nokkurntíma hafa verið á fjárlagafrv. afgreiddu frá ríkisstjórninni m. a. vegna þess, að nú varð að reikna öll útgjöldd sem vísitala framfærslukostnaðar hefur áhrif á, með stórum hærri vísitölu en áður. Við samning þessa frv. er vísatalan 310 lögð til grundvallar, og þar sem vísitalan hefur enn hækkað stórum, er óvíst hvort sá útreikningur stenzt. Úr þessu fæst þó fyrst skorið, þegar séð verður, hvort Alþingi og ríkisstjórn tekst að ná samkomulagi um lausn dýrtíðarvandamálanna, þann veg að reikna megi með lægri og viðráðanlegri vísitölu.

Nú hefur að vísu verið reynt við samning frv. að færa niður útgjöld, en þar sem annars vegar hefur orðið að taka tillit til hinnar háu vísitölu, og hins vegar, að svo mikið af útgjöldum fjárlaganna er bundið með lögum, hefur lækkunin óhjákvæmilega orðið að lenda á þeim útgjaldaliðum, sem ekki eru fyrir fram bundnir í lögum.

Þótt samkvæmt framansögðu hafi ekki tjáð annað við samning þessa frv. en taka tillit til gildandi laga varðandi ýmsa útgjaldaliði virðist nauðsynlegt að taka til athugunar við meðferð málsins hvort ekki sé unnt eins og nú horfir við að fresta að einhverju leyti einstöku framkvæmdum, sem krefjast stórra framlaga úr ríkissjóði, en eru þó misjafnlega aðkallandi.

Fjármálaráðherra geymir sér rétt til þess, um leið og þetta fjárlagafrv. er lagt fram með útgjaldaáætlun samkvæmt gildandi lögum, að gera við meðferð málsins tillögur til Alþingis um frestun á framkvæmd ákveðinna laga, sem nú hafa í för með sér mikla hækkun á útgjaldahlið frv.

TEKJUBÁLKURINN.

Um 2. gr.

Um tekjuhlið frv. skal þetta fram tekið. Tekju- og eignarskatturinn er áætlaður eins og er í fjárlögum yfirstandandi árs og byggist það á því, að þessi tekjuliður hefur reynzt miklu hærri í ár, en gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir 1947, og að sú vísitöluhækkun, sem orðið hefur á árinu, hefur í för með sér hærri tekjur hjá öllum almenningi en áður hafa átt sér stað, enda þótt sumir atvinnuvegir eins og t. d. útgerðin hafi borið skarðan hlut frá borði.

Verðtollurinn er áætlaður 33 millj. kr. Er þar gert ráð fyrir, að innflutningur minnki stórlega á árinu, og líka tekið tillit til þess, að hækkun sú á verðtolli, sem lögfest var á síðasta þingi, fellur úr gildi um næstu áramót.

Vörumagnstollurinn er hins vegar áætlaður 12 millj. króna og þá haft fyrir augum, að hann haldist óbreyttur á næsta ári.

Um aðra tekjuliði samkvæmt 2. gr. þykir ekki ástæða að fjölyrða.

Um 3. gr.

Tekjur af einkasölum ríkisins eru áætlaðar svipað og gert er í fjárlögum þessa árs. Það skal þó tekið fram, að lækki verðlag almennt í landinu, má ekki búast við jafnmiklum tekjum af einkasölunum eins og raun hefur á orðið undanfarið.

Póstur og sími.

Halli hefur orðið á rekstri þessara fyrirtækja á undanförnum árum og farið vaxandi og varð 1946 kr. 1 662 045 á póstinum og kr. 1 623 494 á símanum. Í tillögum póst- og símamálastjórnarinnar er gert ráð fyrir 940 þús. kr. halla á póstinum, en lítilsháttar tekjuafgangi á rekstri landssímans. Þessar áætlanir hafa verið lagðar til grundvallar við samning frv., nema hvað framlag til notendasíma í sveitum hefur verið lækkað um 500 þús. kr. með hliðsjón af, að erfitt muni verða að afla efnis frá útlöndum til þessara framkvæmda á næsta ári.

Ríkisútvarpið:
Fylgt hefur verið tillögum útvarpsstjóra og gengið út frá óbreyttum afnotagjöldum á næsta ári.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
Tekjur ríkissjóðs af þessu fyrirtæki eru áætlaðar 275 þús. kr. samkvæmt tillögum forstjórans, sem jafnan hafa reynzt mjög nærri sanni.

Landssmiðjan.
Landssmiðjan hefur átt við fjárhagslega örðugleika að stríða undanfarin ár. Einkanlega hefur orðið mikið tap á skipasmíðastöðinni við Elliðaárvog eða alls um kr. 2 340 þús. kr., þar af þegar greitt úr ríkissjóði kr. 1 650 000. Skipasmíðastöðin er nú hætt rekstri og sá þáttur í rekstri Landssmiðjunnar gerður upp að fullu með þeirri niðurstöðu, er fyrr greinir. Mjög er í óvissu um afkomu fyrirtækisins í framtíðinni, þannig hefur vinnustöðvun sú, sem orðið hefur í ár, valdið miklu tjóni og er ekki séð fyrir endann á því. Byggt hefur verið á áætlun forstjórans fyrir næsta ár og tap áætlað 37 800 kr.

Tunnuverksmiðjur ríkisins.
Fyrirtæki þetta er stofnsett með lögum frá Alþingi og tók til starfa á s. l. ári. Á áætlun þeirri, er ráðuneytinu hefur borizt frá stjórn fyrirtækisins, er ekki gert ráð fyrir neinum tekjuafgangi, en hins vegar ætlazt til, að fyrirtækið beri sig fjárhagslega, þannig að framleiðslan verði seld við kostnaðarverði.

Trésmiðjan Akur.
Ríkisstjórnin tók á leigu á þessu ári til 5 ára umrædda trésmíðaverksmiðju. Var þetta gert í þeim tilgangi að greiða fyrir smíði opinberra bygginga, sem oft hafa tafizt undanfarið vegna þess hve seint hefur gengið að fá hurðir, glugga og m. fl. til þeirra smíða. Er gert ráð fyrir, að fyrirtækið beri sig fjárhagslega.

Um 4. gr.

Vaxtatekjur sundurliðast þannig:

1.	Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands	kr.	62 855.00
2.	Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands 6% af 3 millj.	—	180 000.00
3.	Vextir af áhættufé Stríðstr.félags ísl. skipshafna	—	111 000.00
4.	Vextir af eignakönnunarbréfum	—	300 000.00
5.	Aðrir vextir	—	51 000.00
6.	Arður af hlutafjáreign	—	263 570.00
	Samtals	kr.	968 425.00

GJALDABÁLKURINN.

Um 7. gr.

Vextir og afborganir af föstum lánum 1948 sundurliðast þannig:

I. Innlend lán:

Vextir: (7. gr. 1) Kr.	Afborganir: (20. gr. út. I. 1, a) Kr.	
25 000.00	„	Sáttmálasjóður.
910.00	2 600.00	Gísli Björnsson, innheimtumaður.
1 002.72	4 177.94	Lán vegna kaupa á húseigninni „Gimli".
1 287.00	5 850.00	Lán vegna kaupa á húseign. Austurstr. 20.
8 398.51	8 483.28	Lán v. kaupa á fasteign á Eyrarb. og Stokkseyri.
650.00	1 000.00	Lán vegna kaupa á Skálholti í Biskupstungum.

Vextir: (7. gr. 1) Kr.	Afborganir: (20. gr. út. I. 1, a) Kr.	
953.33	8 666.67	Lán vegna Skeiðaáveitu.
32 725.00	42 500.00	Innanríkislán 1938.
1 456.00	3 466.72	Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1, Rvík.
2 511.22	5 231.65	Lán vegna kaupa á Kaldaðarnestorfu.
56 183.87	70 450.00	Innanríkislán 1940.
342 000.00	400 000.00	Innanríkislán 1941.
80 150.00	570 000.00	Innanríkislán 1944.
178 500.00	450 000.00	Innanríkislán 1944.
60 000.00	1 000 000.00	Lán til styrktar síldarútveginum 1945.
26 666.67	333 333.33	Greiðsla af láni ríkisins vegna fiskihafna.
7 875.00	25 000.00	Vegna kaupa á landeignum í Hveragerði.
90 000.00	„	Af eignakönnunarbréfum.
300 000.00	750 000.00	Lán í Landsbanka vegna framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs.
1 216 269.00	3 680 759.00	

II. Erlend lán:

Vextir: (7. gr. 2)	Afborganir: (20. gr. út. I. 1, b)	
d. kr. 3 267.68	d. kr. 4 232.34	Forsörgelsesforeningen Bicuben, Köbenhavn (til Vífilsstaðahælis 1909).
— 37 390.29	— 92 609.71	Statsanstalten for Livsforsikring, Köbenhavn, (til veðdeildarbréfakaupa).
— 10 214.39	— 23 093.61	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia", Köbenhavn, 1926 (til veðdeildarbréfakaupa).
— 55 158.41	— 74 255.59	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia", Köbenhavn, 1927.
— 55 158.41	— 74 255.59	Dansk Folkeforsikringsanstalt, Köbenh., 1927.
d. kr. 161 189.18	d. kr. 268 446.84	
eða		
ísl. kr. 218 524.17	ísl. kr. 363 933.38	

Um 8. gr.

Eins og að undanförnu er kostnaður við æðstu stjórn landsins áætlaður ósundurliðaður í frv. kr. 287 482.00. Sundurliðuð áætlun fylgir.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður með sömu fjárhæð og 1947. Ráðuneytinu hefur engin kostnaðaráætlun borizt.

Um 10. gr.

I. Kostnaður við stjórnarráðið hækkar um 400 þús. kr., að mestu vegna hækkunar á visitölu.

II. Farið hefur verið eftir tillögum hagstofustjóra, og er um litlar breytingar að ræða frá f. ári, aðrar en þær, að búast má við hækkaðri húsaleigu, þar sem Hagstofan flytur á næsta ári í hina nýju byggingu í Arnarhvoli og fær til umráða meira húsnæði en hún hefur haft áður.

III. Kostnaður við utanríkismál hækkar um 430 þús. kr. og eru helztu hækkanir þessar: Sett hefur verið á stofn nýtt sendiráð í Osló, kostnaður við það er áætlaður

110 100 kr. Ferðakostnaður hækkar um 25 000 og kostnaður við samninga við erlend ríki um 150 000, en þessir tveir síðarnefndu liðir hafa farið fram úr áætlun bæði í fyrra og eins það sem af er þessu ári.

Um 11. gr. A.

Hækkun á þessum lið nemur alls 1.9 millj. kr. Aðalhækkunin er á lögreglukostnaði 600 000 kr. og landhelgisgæzlu 750 000 kr. Lögreglukostnaðurinn varð árið 1946 kr. 1 553 þús., en vegna aukinnar löggæzlu utan Reykjavíkur, svo sem á Keflavíkurflugvelli, Siglufirði og víðar, er ekki varlegt að áætla hann minna en gert er í frv. eða 1 868 þús.

Kostnaður við landhelgisgæzlu varð 1946 4 146 þús. og hefur í nokkur undanfarin ár verið áætlaður of lágt. Hefur því ekki þótt annað fært en að fara eftir tillögum útgerðarstjórans í þetta sinn. Á öðrum liðum er um eðlilega hækkun að ræða.

Um 11. gr. B.

Þessi liður hækkar um 293 þús. frá gildandi fjárlögum, aðallega vegna hækkunar á kostnaði við eftirlit með skipum vegna nýrrar lagasetningar þar um og kostnaðar við mat á afurðum, aðallega mat á freðfiski. Þá hefur kostnaður við húsaleigunefndir verið áætlaður 50 þús. kr. hærri en á gildandi fjárlögum, en þessi kostnaður varð 1946 196 þús. kr.

Um 11. gr. C.

I. Þessir útgjaldaliður er áætlaður 3 350 þús., en varð s. l. ár 2 914 þús. kr. Hækkunin stafar af auknum launagreiðslum vegna vísitöluhækkunar, en einnig af auknu mannahaldi bæði í Reykjavík og utan Reykjavíkur, vegna aukinnar tollgæzlu í Reykjavík og víðar.

II. Skattar, þar nemur hækkunin frá þ. á. fjárlögum um 230 þús. kr., þar af 100 þús. kr. hækkun vegna skattanefnda utan Reykjavíkur, sem er áætlaður 600 þús. nú, í stað 500 þús. í fjárl. fyrir 1947. Þessi liður er þó ef til vill of lágt áætlaður, því kostnaðurinn varð 1946 rúm 700 þús.

Um 12. gr.

Á þessari grein verða allmiklar breytingar frá því sem verið hefur, vegna þess að á næsta ári á að koma til framkvæmda, lögum samkvæmt, III. kafli Almennra tryggingalaga, um heilsugæzlu, en samkvæmt því tekur Tryggingastofnun ríkisins að sér útgjöld þau, er áður hafa hvílt á ríkissjóði beint til berklavarna og til styrktar sjúklingum samkvæmt lögum nr. 78, 1936, auk kostnaðar við heilsuverndarstöðvar í kaupstöðum. Alls voru þessi útgjöld áætluð í fjárl. fyrir 1947 4 580 þús. kr., sem nú falla niður af 12. gr. Auk þess hafa daggjöld ríkisspítalanna, sem Tryggingastofnunin tekur að sér að greiða, hækkað úr kr. 22.50 í kr. 29.00, þannig, að rekstrarhalli ríkisspítalanna lækkar úr kr. 3 727 620, samkv. áætlun gildandi fjárlaga, í kr. 2 513 085 eða um ca. 1 200 þús. Hér er þó ekki um beinan sparnað að ræða, þar sem framlag ríkisins til Tryggingastofnunarinnar hækkar að sama skapi, sbr. 17. gr. Áætlun um rekstur upptökuheimilis á Elliðahvammi, er færð á 17. gr., með því að hér er ekki um heilsugæzlu að ræða.

Aðrir liðir 12. gr. þurfa ekki skýringar við.

Um 13. gr. A.

Ráðuneytið hefur ekki séð sér fært að áætla meira en 3 millj. kr. til nýrra akvega, sökum sívaxandi útgjalda á öðrum sviðum. Það er að vísu lægra en fram á var farið í áætlun vegamálastjóra. Til vegaviðhalds er hins vegar tekin upp sama upphæð og er í fjárlögum þessa árs í sama skyni, 9 millj. kr.

Ráðuneytið vill benda á það, í sambandi við þessi útgjöld, að ætla mætti, að

með hinum stórvirku vinnuvélum, sem ríkissjóður hefur með ærnum kostnaði lagt vegagerð ríkisins til, mætti færa niður kostnað við vegavinnuna almennt.

Til brúagerða er áætluð 1 millj. kr., auk þess sem á 22. gr. er ætlazt til, að heimild sé veitt til 700 þús. kr. framlags til nýrrar brúar á Þjórsá og verður það samanlegt rösklega eins mikið og lagt var til í stjórnarfrv. á síðasta þingi, að varið yrði til brúagerða. Til brúasjóðs eru teknar upp 600 þús. kr., sama og framlagið reyndist á árinu 1946.

Um 13. gr. B.

Til strandferða er áætluð svipuð upphæð og Skipaútgerð ríkisins gerði ráð fyrir, en tölul. 2 er áætlaður með sömu upphæð og var í stjórnarfrv. síðasta þings.

Um 13. gr. C.

Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta ásamt framlagi til hafnarbótasjóðs samkvæmt lögum, er tekin upp í þessa frv. svipuð upphæð samanlagt og var í stjórnarfrv. því, er lagt var fyrir þingið 1946.

Um 13. gr. D.

Útgjöld til flugmála eru í frv. áætluð kr. 2 295 190. Samkv. bréfi samgöngumálaráðuneytisins eru þetta bráðabirgðatillögur og hefur verið óskað eftir frekari skýringum samkvæmt bréfi samgöngumálaráðuneytisins til flugráðs. Þessar upplýsingar voru ekki fyrir hendi þegar frv. var samið, en munu væntanlega berast Alþingi síðar.

Um 14. gr. A.

Fylgt hefur verið að mestu leyti tillögum biskups og er um litlar breytingar að ræða frá gildandi fjárlögum.

Um 14. gr. B.

I. Teknir hafa verið upp 2 nýir útgjaldaliðir: Til risnu háskólarektors 7 750 kr. og til aukakennslu fyrir tannlæknanema. Að öðru leyti er um litlar breytingar að ræða.

II. Styrkjum til ísl. námsmanna erlendis er haldið óbreyttum frá núgildandi fjárlögum.

X. 1. Fylgt hefur verið tillögum landbúnaðarráðuneytisins, nema hvað framlag til stækkunar og endurbóta á fjósi staðarins hefur verið áætlað 50 000 kr., eins og skólastjóri hafði lagt til í áætlun sinni.

2. Til stofnkostnaðar við næturhitun á Hvanneyri hafði skólastjóri áætlað 100 000 kr., en landbúnaðarráðuneytið lagði til, að fjárveitingin yrði hækkuð upp í 200 000 kr. Ráðuneytið felldi þennan lið alveg niður, vegna þess að það taldi heppilegra, að fjárveitinganefnd tæki ákvörðun um málið, eftir að henni hefði borizt kostnaðaráætlun og aðrar nauðsynlegar skýrslur, sem engar lágu fyrir. Til viðgerða á fjósi og hlöðu er áætlað 100 000 kr., eins og skólastjóri leggur til. Framlag til vélaverkstæðis hafði landbúnaðarráðuneytið lagt til, að fellt yrði niður.

XIII. Fylgt hefur verið áætlun fræðslumálastjórnarinnar að undanskildu framlagi barnaskólabygginga, sem í frv. er aðeins áætlað 3 millj. kr.

Ráðuneytinu er fullljóst, að æskilegt væri að veita meira fé til þessara framkvæmda, en vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs var ekki talið fært að hafa þetta meira.

XIV. Framlag til bygginga gagnfræðaskóla er af sömu ástæðu og hér að framan greinir áætlað 2 000 000 kr., að öðru leyti var farið eftir tillögum fræðslumálastjórnarinnar.

XV. Tillögum fræðslumálastjórnarinnar fylgt, nema að því er snertir framlag til skólabygginga, sem er áætlað 800 000 kr., eins og á fjárl.frv. í fyrra.

XVI. Af sömu ástæðu og að framan er greint, var tillag til íþróttasjóðs áætlað 700 000 kr.

Allir liðir í 14. gr. eru ýmist óbreyttir frá núgildandi fjárlögum eða nægilega skýrðir í fylgiskjölum og hefur að mestu verið fylgt tillögum menntamálaráðuneytisins.

Um 15. gr. A.

I.—IV. Fjárveitingar til safnanna eru að mestu leyti óbreyttar frá núgildandi fjárlögum, að frátekinni hækkun vegna vísitöluhækkunar. Tekinn hefur þó verið upp nýr liður við Þjóðminjasafnið, 20 000 kr. til hljómplötusafns.

VII. Styrkir til bókasafna og lesstofa eru að mestu leyti óbreyttir frá núgildandi fjárlögum. Þó hafa verið felldir niður byggingastyrkir til bókasafna, en tekið í þess stað upp ný fjárveiting til byggingar lesstofu, 60 000 kr., samkvæmt tillögum menntamálaráðherra.

Aðrir liðir eru að mestu óbreyttir frá gildandi fjárlögum. Þó hafa verið felldir niður styrkir til einstakra manna til tónlistarnáms, þar sem eðlilegast virðist, að slíkum styrkjum sé úthlutað sem öðrum námsstyrkjum.

Um 15. gr. B.

I. Allmiklar breytingar til lækkunar voru gerðar á áætlun þeirri, sem ráðuneytinu barst um atvinnudeild háskólans, að sumu leyti með hliðsjón af skýrslu rannsóknaráðs og í samráði við landbúnaðarráðuneytið.

IV. Fylgt var áætlun veðurstofustjóra, sem hefur allmjög aukin útgjöld í för með sér, vegna stórum aukinnar starfsemi þessarar stofnunar.

Um 16. gr. A.

Liðir 1—9 eru að mestu leyti óbreyttir frá núgildandi fjárlögum. Hækkað er þó framlag til bygginga á Reykhólum og felldur niður 7. liður e. Byggingarstyrkir samkv. eldri lögum.

10. liður, til fyrirhleðslu á Þverá og Markarfljóti, er hækkaður í 500 000 kr. samkvæmt tillögum vegamálastjóra, sem telur nauðsyn á svo hárri fjárveitingu til að fullgera þessi mannvirki. Framlag til vélasjóðs er lækkað í 200 000 kr., þar sem ekki má gera ráð fyrir miklum innflutningi á vélum á næsta ári, enda þegar verið keypt mikið af slíkum tækjum á undanförnum árum.

Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma er af sauðfjársjúkdómanefnd áætlaður kr. 4 410 000.00, þar af kr. 2 432 000 bætur vegna fjárskipta. Allar þessar bætur eru fyrir fjárskipti, sem þegar hafa farið fram, ýmist á þessu eða fyrri árum. Virðist framkvæmd þessara mála vera komin í það horf, að sauðfjárveikivarnirnar geti einar ráðið því, í hvaða fjárskipti skuli ráðizt á hverjum tíma, hvort sem fé er fyrir hendi eða ekki. Er þetta afar óheppilegt fyrirkomulag, sem stefnir beinlínis að því að gera fjárveitingavaldið áhrifalaust um þessi mál. Ráðuneytið hefur ekki séð sér fært að gera aðrar breytingar á áætluninni en að lækka kostnað við rannsóknir og tilraunir um 150 000 kr.

Aðrir liðir þurfa ekki skýringar við.

Um 16. gr. B.

Samkvæmt lögum nr. 52 1947 ber ríkissjóði að leggja Samábyrgð Íslands á fiskiskipum 1½ milljón í viðbótarstofnfé. Ekkert fé hefur verið ætlað til þessa á fjárlögum, en þar sem samábyrgðin mun þurfa á mjög auknu stofnfé að halda, þykir rétt að taka fjárveitingu í þessu skyni upp á næsta árs fjárlög.

Aðra liði þarf ekki að skýra.

Um 16. gr. C.

Þessi kafli er að miklu leyti samhljóða gildandi fjárlögum og þarf ekki frekari skýringar við.

Um 16. gr. D.

Skýrsla Rafmagnseftirlits ríkisins lögð til grundvallar áætlunar frv. með nokkrum breytingum, og er sú stærst, að lagt er til, að varið verði til nýrra framkvæmda 1 millj. kr. í stað 3 millj. kr., sem farið er fram á.

Er ekki talið fært að auka fjárframlög til raforkumála frá því sem ákveðið var á þessa árs fjárlögum.

Um 17. gr.

Höfuðbreytingin á þessari grein stafar af þeirri hækkun á framlagi ríkissjóðs til almannatrygginga, sem orsakast af framkvæmd III. kafla laganna um heilsugæzlu á næsta ári. Í skýrslu sinni áætlar forstjóri Tryggingastofnunarinnar að til að standa straum af útgjöldum stofnunarinnar á næsta ári þurfi ríkissjóður að leggja fram samkvæmt 116. gr. laganna ..... 23.3 millj.
samkvæmt 82. gr. vegna aukalæknisstarfa ..... 2.3 millj.
og aukaframlag vegna hækkunar á sjúkrahúsrekstri o. fl. ..... 3.0 millj.

Samtals 28.6 millj.

Ráðuneytið hefur engin tök á að gagnrýna þessa áætlun, og er það ljóst að ríkissjóður verður að bera þann halla, sem verða kann á næsta ári af þessum framkvæmdum, en hefur hins vegar að svo vöxnu máli ekki viljað taka upp í frv. önnur gjöld en þau, sem eru beinlínis lögákveðin. Þá hefur ráðuneytið ekki heldur talið fært að áætla 2.3 millj. kr. til greiðslu fyrir aukalæknastörf, en um það mál hafa engir samningar farið fram. Er því gert ráð fyrir 1.5 millj. króna í þessu skyni, sem ætla má að nægi, þar sem laun allra héraðslækna á landinu eru ca. 1.4 millj. kr.

Samkvæmt þessu er framlagið ákveðið 23.3 + 1.5 millj. kr. eða alls 24.8 millj., sem er ca. 6 millj. kr. hærra en á núgildandi fjárlögum. En upp í það kemur eins og áður er um getið lækkun á kostnaði við heilbrigðismál, samkv. 12. gr. frv.

Byggingarstyrkur til Sambands ísl. berklasjúklinga er áætlaður 400 000 kr. Nýr liður, kostnaður við framkvæmd orlofslaganna, 360 000 kr., er tekinn upp í frv. Hefur þessi kostnaður numið álíka upphæð undanfarið, en aldrei verið tekinn á fjárlög áður.

Aðrir liðir eru eins eða svipaðir og á gildandi fjárlögum.

Um 18. gr.

Eftir bendingu yfirskoðunarmanns Alþingis er sú nýbreytni tekin upp, að felld er niður sundurliðun á eftirlaunum og styrktarfé, en aðeins heildarupphæðin tekin inn í 4 liðum, þ. e. 1. eftirlaun, 2. styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna, 3. framlag til lífeyrissjóðs og 4. framlag samkvæmt reglugerð frá 21. nóv. 1944. Jafnframt fylgir frv. til fjárveitinganefndar sundurliðuð skrá yfir þessar fjárhæðir í sama formi og 18. gr. hefur áður birzt í fjárlögum. Er svo til ætlazt, að Alþingi sendi ráðuneytinu og ríkisféhirði, að lokinni afgreiðslu fjárlaga, sams konar skrá með þeim breytingum, sem orðið hafa í meðförum Alþingis, staðfesta af forseta sameinaðs Alþingis, og eftir þeirri skrá yrði svo farið við útborgun eftirlaunanna.

Um 19. gr.

Síðustu fjárlög gerðu ráð fyrir 35 millj. kr. útgjöldum til dýrtíðarráðstafana, samkvæmt ákvörðun Alþingis, eftir að núverandi stjórn tók við. Nú er enn ekki vitað hvort fært þykir að halda áfram á sömu braut og engin ákvörðun tekin um það, enda verður það Alþingis að taka hana, ef til kemur. Af þessum ástæðum hefur ekki verið tekin upp í þetta frv. nein slík útgjaldaupphæð.

Um 20. gr.

Inn á 20. gr. hafa verið teknir 4 nýir liðir. Til byggingar fávitahælis í Kópavogi 600 000 kr. Er mjög aðkallandi að reisa byggingu í þessu skyni hið fyrsta og var

veitt heimild til þess á 22. gr. núgildandi fjárlaga. Þá er tekin á 20. gr. 500 000 kr. fjárveiting til byggingar embættisbústaðar fyrir héraðsdómara. Hefur nokkurt fé verið heimilað til þessa á 20. gr. áður.

Til byggingar skólastjórabústaðar á Reykjum í Ölvusi 100 000 kr., fyrsta greiðsla. Skólastjóraíbúðin er nú talin lítt nothæf, og aðkallandi, að úr því verði bætt. Loks er gert ráð fyrir 500 000 kr. til byggingu tollstöðvarhúss í Reykjavík. Húsnæði það, sem skrifstofur tollstjóra eru nú í, er fyrir löngu orðið of þröngt og leigutíminn bráðum á enda. Nokkur undirbúningur er þegar hafinn, en stöðinni hefur ekki enn þá verið ákveðinn staður af skipulagsnefnd Reykjavíkur, en óhjákvæmilegt er að reisa stöðina við höfnina eða sem næst henni.

Ed. 61. Frumvarp til laga

um tekjuskattsviðauka árið 1948.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1948 leggja á tekjur ársins 1947 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.
Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000, greiðast 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist	20	kr.	af	9	þús.	og	4 % af afgangi.
—	10—	12	—	—	—	60	—	—	10	—	—	5 % — —
—	12—	14	—	—	—	160	—	—	12	—	—	6 % — —
—	14—	17	—	—	—	280	—	—	14	—	—	7 % — —
—	17—	20	—	—	—	490	—	—	17	—	—	8 % — —
—	20—	25	—	—	—	730	—	—	20	—	—	9 % — —
—	25—	30	—	—	—	1180	—	—	25	—	—	10 % — —
—	30—	40	—	—	—	1680	—	—	30	—	—	11 % — —
—	40—	100	—	—	—	2780	—	—	40	—	—	12 % — —
—	100—	125	—	—	—	9980	—	—	100	—	—	10 % — —
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	7 % — —
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	5 % — —
—	200		—	—	—	16730	—	—	200	—		

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að framlengd verði á árinu 1948 lög nr. 19 12. marz 1947, um tekjuskattsviðauka árið 1947.

Ed. 62. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1948 með 100% viðauka vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, samkvæmt lögum nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1948.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagt er til með frumvarpi þessu, að framlengd verði heimild sú, sem nú gildir samkvæmt lögum nr. 94 1946 til að innheimta ýmis gjöld með viðauka.

Nd. 63. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. málsgr. 8. gr. laganna orðist þannig:

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 1600 krónur, en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 900 krónur til hvers þeirra og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1948, og falla samtímis úr gildi lög nr. 107 31. des. 1945, um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frumvarp eftir tilmælum landbúnaðarráðherra, og er tilefnið ágreiningur, sem varð á síðasta ári um launagreiðslur yfirullarmatsmanna samkvæmt lögum nr. 107 31. des. 1945.

Sþ.

64. Fyrirspurnir.

1. Til sjávarútvegsmálaráðherra um, hvað líði athugun á, hvernig viðlegubátum verði tryggð viðunandi aðstaða í verstöðvum og vermönnum sómasamleg aðbúð.

Frá Birni Kristjánssyni og Halldóri Ásgrímssyni.

Hvað líður athugun á því, hvernig viðlegubátum verði tryggð viðunandi aðstaða í verstöðvum landsins og sjómönnum sómasamleg aðbúð, sbr. þingsályktun þar um frá 2. marz 1946?

2. Til sjávarútvegsmálaráðherra um byggingu síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness.

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Lúðvík Jósefssyni, Barða Guðmundssyni, Páli Þorsteinssyni, Páli Zóphóníassyni og Lárusi Jóhannessyni.

Hvað líður staðarvali og öðrum undirbúningi að byggingu síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness, sbr. lög þar um frá 22. maí 1947?

3. Til ríkisstjórnarinnar um fjárhag og fjármál flugvallanna í Keflavík og Reykjavík.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve mikið hefur ríkissjóður þurft að greiða fyrir fasteignir flugvallanna, bætur til landeigenda, hús, mannvirki og tæknileg áhöld?
2. Hve mikið hefur ríkið lagt fram til verklegra endurbóta á hvorum flugvellinum fyrir sig, þar með talið allt viðhald, sem hvílir á íslenzka ríkinu?
3. Hvað voru miklar tekjur og útgjöld ríkisins við Hótel Winston, meðan það var starfrækt á kostnað ríkisins?
4. Hve margir verkamenn vinna að öllum jafnaði á hvorum flugvellinum, hve margir löggæzlumenn, tollmenn, veðurfræðingar, loftskeytamenn og aðrir kunnáttumenn, og hve mikil eru útgjöld ríkisins við hverja þessa deild?
5. Hve mikið hefur nú þegar verið greitt af alþjóðafé til ríkissjóðs fyrir veðurþjónustu Íslendinga í sambandi við flugvellina, og hve mikið er nú þegar vangoldið til ríkisins af samningstryggðum endurgreiðslum?
6. Hve margar borgaðar flugviðkomur hafa verið á hvorum velli, síðan ríkið eignaðist þá, og hve mikið greiða hinar einstöku og mjög misstóru flugvélar fyrir afnot flugvallanna?
7. Hve margar úthafsflugvélar hafa notað hvorn flugvöll, síðan ríkið eignaðist þá, og hvers vegna vilja fáar eða engar af þess háttar flugvélum nota völlinn hjá Reykjavík?
8. Hve mikið kaup fá flugmála- og flugvallastjóri og hver fulltrúi í flugmálanefndinni?
9. Hve mikið fé hefur ríkið lagt á yfirstandandi ári í nýbyggingu og viðhald flugvalla utan Gullbringu- og Kjósarsýslu?
10. Hve miklar tekjur hefur ríkið fengið af rekstri Reykjavíkurvallarins, og hvers konar endurbætur vill flugmálastjórnin gera á honum?
11. Hverjar og hve dýrar eru þær endurbætur, sem Bandaríkjamenn eru nú að framkvæma á Keflavíkurflugvellinum?

12. Hve miklar tekjur má telja sennilegt, að Íslendingar fái árlega af starfsemi flugvallarins í Keflavík:
    a. Viðkomugjöld flugvéla.
    b. Kaup og laun íslenzkra manna.
    c. Tollar af benzíni og öðrum vörum.
    d. Andvirði greitt fyrir íslenzkar neyzluvörur, kjöt, mjólk, fisk o. s. frv.
    e. Aðrir tekjuliðir?

Nd. 65. Frumvarp til laga

um brunamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

I. Stjórn brunamála.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála hefur það ráðuneyti, sem fer með tryggingamál.

Heimilt er ráðuneytinu að gera kröfur til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, hvernig slökkviliði skuli skipað og hver slökkvitæki skuli vera til.

Ráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum Brunabótafélags Íslands, að skipa sérstakan mann til þess að hafa yfirumsjón með, að lögum þessum sé hlýtt, skal hann og leiðbeina bæjar- og sveitarstjórnum um allt það, er við kemur verklegum og skipulegum framkvæmdum til brunavarna.

Þóknun til yfirumsjónarmanns brunavarna og annan kostnað við eftirlitið greiðir Brunabótafélag Íslands.

Bæjarstjórnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum og sveitum skal skylt að annast og kosta brunamálaeftirlit og brunavarnir, eftir fyrirmælum laga þessara og reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim, og hafa eftirlit með, að lögum þessum sé hlýtt.

2. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, hvort heldur eru sjálfstæð hreppsfélög eða hluti úr hreppsfélagi, skal kjósa brunamálanefnd og skipa slökkvilið, er búið sé þeim slökkvitækjum, sem ákveðið er í brunamálasamþykkt. Þar skal og setja samþykkt um brunavarnir og slökkvilið, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Bæjarstjórn í kaupstöðum, en hreppsnefnd í kauptúnum kýs brunamálanefnd. Í kaupstöðum er heimilt að fela bæjarráði störf brunamálanefndar. Bæjarstjóri eða hreppsnefndaroddviti, ef hann er búsettur innan kauptúnsins, skal vera formaður nefndarinnar, ella skal hreppsnefnd kjósa formann, er sé búsettur í kauptúninu. Auk formanns skal nefndin skipuð minnst 2 mönnum, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn, og 1—2 mönnum til vara. Um endurkosningu gilda sömu reglur og í öðrum slíkum nefndum. Að minnsta kosti 1 nefndarmanna skal vera byggingarfróður (húsameistari, trésmiður eða múrari). Enn fremur skal eiga sæti í nefndinni lögreglustjóri (hreppstjóri) eða fulltrúi hans. Nefndin kýs sér varaformann.

Nefndin skal halda fundi svo oft sem þörf er og jafnan, ef slökkviliðsstjóri eða lögreglustjóri æskir þess. Nefndin er starfhæf, ef meiri hluti hennar er á fundi. Um ákvarðanir ræður afl atkvæða, en ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns. Nefndin skal halda gerðabók. Slökkviliðsstjóri, eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, skal sitja fundi brunamálanefndar. Hann hefur þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, og á rétt á að fá bókað álit sitt í gerðabók nefndarinnar. Í sveitum kemur hreppsnefnd í stað brunamálanefndar.

4. gr.

Bæjarstjórn (hreppsnefnd) skal leita umsagnar brunamálanefndar um öll mál, er snerta brunamál kaupstaðarins (kauptúnsins). Hún skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóri að fengnum tillögum brunamálanefndar og ákveður þeim laun eða þóknun fyrir starf þeirra, er greiðist úr bæjarsjóði (sveitarsjóði).

5. gr.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi undir umsjón bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, eftirlit með brunavörnum og slökkviliði. Hún skal sjá um, að framkvæmd þessara mála sé samkvæmt lögum og reglugerðum og láta sér annt um nauðsynlegar umbætur á þessu sviði.

Í hverjum kaupstað og kauptúni, er lög þessi ná til, skal setja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skipun slökkviliðs og brunamála.

Brunamálanefnd tilnefnir aðra starfsmenn slökkviliðsins en slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra, eftir tillögum slökkviliðsstjóra og samkvæmt heimild bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um greiðslu þóknunar fyrir starfið. Í reglugerð má ákveða, að fastir starfsmenn skuli ráðnir af bæjarstjórn, eftir tillögum brunamálanefndar.

II. Um slökkvilið.

6. gr.

Slökkviliðsstjórinn, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Hann hefur og umsjón með slökkvitækjum öllum.

7. gr.

Allir verkfærir karlmenn 18—55 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum (kauptúninu), eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Skulu þeir vera skyldir að mæta við slökkviæfingar allt að 4 sinnum á ári, og auk þess skulu þeir mæta tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum. Heimilt er í reglugerð að undanþiggja menn 50 ára og eldri, svo og menn, er hafa sérstökum störfum að gegna.

Í kaupstöðum, þar sem slökkviliðið er skipað fastráðnum liðsmönnum, má í reglugerð takmarka þegnskyldu þessa eða fella hana niður.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að kveðja svo marga menn til aðstoðar við að slökkva eld sem hann telur þörf fyrir, og getur enginn skorazt undan þeirri skyldu. Þeir, sem taka þannig þátt í slökkvistarfi, skulu inna það af hendi endurgjaldslaust, en hafa sama skaðabótarétt á þendur sveitarsjóði sem slökkviliðsmenn.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að slökkviliðsæfingar séu haldnar svo oft á ári sem áskilið er í brunamálareglugerð.

8. gr.

Lögreglustjóri, ef hann býr í kaupstaðnum eða kauptúninu, en ella þar búsettur fulltrúi hans, skal ásamt lögregluliði kaupstaðarins eða kauptúnsins annast löggæzlu við slökkviliðsæfingar og eldsvoða. Við æfingar og eldsvoða skal lögregluliðið vera undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra.

Lögregluliðið skal í samráði við slökkviliðsstjórn sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

9. gr.

Slökkviliðsmenn allir, sem tilkvaddir eru af slökkviliðsstjóra, skulu skyldir að hlýða boðum hans og annarra yfirmanna sinna. Þeir skulu njóta verndar og réttinda opinberra starfsmanna, þá er þeir eru að starfi sínu. Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að eldvörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu

vera slysatryggðir við æfingar og störf sín í þágu eldvarna, samkv. ákvæðum laga um slysatryggingu.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu eldvarna, eiga rétt á að fá skemmdirnar endurgreiddar úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði, enda séu þau ekki vátryggð gegn eldtjóni í einhverju brunabótafélagi. Skemmdir skal meta, ef ekki næst samkomulag.

III. Um meðferð á eldi, ljósum, eldfimum efnum, eldfæraeftirlit o. fl.

10. gr.

Allir eru skyldir að fara varlega með eldspýtur, eld, ljós, lampa, eldfæri, hvers konar rafmagnsáhöld, eldfim efni og sjálfkveikjuefni og annað, sem valdið getur eldsvoða eða stuðlað að því, að hann komi upp. Húsbændur og húsmæður skulu hafa eftirlit með, að börn þeirra, heimilisfólk eða aðrir, sem í þeirra þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sér svo í þessu efni, að eigi verði að fundið. Í leiguhúsi skal eigandinn eða umráðamaður hans hafa gætur á því, að leigjendur hans og aðrir, sem búa í húsinu, vanræki ekki það, sem grein þessi skipar fyrir um, og skulu þeir, eftir því sem unnt er, koma í veg fyrir það og hindra. Sérstaklega ber að gæta hinnar ýtrustu varúðar um meðferð kertaljósa á jólatrjám og ljósa eða elds í kringum þau.

Það er með öllu bannað:

1. Að leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hey, fatnað og annað því um líkt, við eldstæði eða upp við reykháfa og reykpípur.
2. Að bera kerti eða lampa, sem kveikt hefur verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður eða annan eld nema í lokuðum járnkassa um fjós, fjárhús, hesthús, heyhlöður, vinnustöðvar eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrirliggjandi af heyi, hefilspónum eða öðrum eldfimum efnum. Enn fremur að reykja tóbak eða kasta þar frá sér logandi eldspýtu, vindli eða vindlingi með glóð. Sérstaka aðgæzlu skal hafa þar, sem geymdar eru bifreiðar eða aðrar vélar, sem nota benzín eða annað eldfimt efni.
3. Að nota benzín innanhúss til þvotta eða til að hreinsa fatnað, nema smáskammta úr lyfjabúðum.
4. Að hella steinolíu eða benzíni í eldstæði, sem eldur eða eldglæður eru í.
5. Að geyma í húsum ösku og annan úrgang frá eldstæðum. Allan slíkan úrgang skal jafnóðum bera út og geyma þannig, að fyrirbyggð sé öll hætta á, að í því kvikni.
6. Að hleypa af skotvopnum nálægt húsum, heyhlöðum, móhlöðum eða öðru jafneldfimu.
(d) apart from bringing the Recommendation before the said competent authority or authorities, no further obligation shall rest upon the Members, except that they shall report to the Director-General of the International Labour Office, at appropriate intervals as requested by the Governing Body, the position of the law and practice in their country in regard to the matters dealt with in the Recommendation, showing the extent to which effect has been given, or is proposed to be given, to the provisions of the Recommendation and such modifications of these provisions as it has been found or may be found necessary to make in adopting or applying them.

7. In the case of a federal State, the following provisions shall apply:

(a) in respect of Conventions and Recommendations which the federal Government regards as appropriate under its constitutional system for federal action, the obligations of the federal State shall be the same as those of Members which are not federal States;

(b) in respect of Conventions and Recommendations which the federal Government regards as appropriate

þykktum eða ályktunum eða aðrar ráðstafanir gerðar.

ii) gera, að fengnu samþykki stjórna þeirra einstöku ríkja, landshluta eða fylkja, er í hlut eiga, ráðstafanir til að koma á málstefnum með vissu millibili milli handhafa opinbers valds í alríkinu, einstökum ríkjum, landshlutum og fylkjum, í því skyni að samhæfa aðgerðir innan alríkisins til framkvæmda ákvæðum slíkra alþjóðasamþykkta og ályktana.

iii) veita aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar vitneskju um þær ráðstafanir, er gerðar hafa verið í samræmi við þessa grein, til að leggja slíkar alþjóðasamþykktir og ályktanir fyrir rétt stjórnarvöld alríkis og einstakra ríkja, landshluta eða fylkja, ásamt skýrslum um þau stjórnarvöld, sem telja má, að málið beri undir, og um þær ráðstafanir, er þau hafa gert.

iv) gefa, að því er varðar hverja slíka alþjóðasamþykkt, sem alríkisstjórnin hefur ekki fullgilt, aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skýrslu með hæfilegu millibili og samkvæmt fyrirmælum stjórnarnefndarinnar um löggjöf og stjórnarframkvæmd í alríkinu, einstökum ríkjum þess, landshlutum og fylkjum um þau efni, er greinir í alþjóðasamþykktinni, og sé í skýrslunni frá því skýrt, í hve ríkum mæli ákvæði samþykktarinnar eru framkvæmd eða er ætlað að verða framkvæmd með löggjöf, stjórnsýslu, samningum stéttarfélaga eða á annan hátt.

v) gefa, að því er varðar hverja slíka ályktun, aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, með hæfilegu millibili og samkvæmt fyrirmælum stjórnarnefndar, skýrslu um löggjöf og stjórnarframkvæmd í alríkinu, einstökum ríkjum þess, landshlutum og fylkjum um þau efni,

under its constitutional system, in whole or in part, for action by the constituent States, provinces, or cantons rather than for federal action, the federal Government shall—

(i) make, in accordance with its Constitution and the Constitutions of the States, provinces or cantons concerned, effective arrangements for the reference of such Conventions and Recommendations not later than eighteen months from the closing of the session of the Conference to the appropriate federal, State, provincial or cantonal authorities for the enactment of legislation or other action;

(ii) arrange, subject to the concurrence of the State, provincial or cantonal Governments concerned, for periodical consultations between the federal and the State, provincial or cantonal authorities with a view to promoting within the federal State co-ordinated action to give effect to the provisions of such Conventions and Recommendations;

(iii) inform the Director-General of the International Labour Office of the measures taken in accordance with this article to bring such Conventions and Recommendations before the appropriate federal, State, provincial or cantonal authorities with particulars of the authorities regarded as appropriate and of the action taken by them;

(iv) in respect of each such Convention which it has not ratified, report to the Director-General of the International Labour Office, at appropriate intervals as requested by the Governing Body, the position of the law and practice of the federation and its constituent States, pro-

er greinir í ályktuninni, og sé í skýrslunni frá því skýrt, í hve ríkum mæli ákvæði ályktunarinnar eru framkvæmd eða er ætlað að verða framkvæmd, og skulu greindar þær breytingar á ákvæðum ályktunarinnar, sem hafa þótt eða kunna að þykja nauðsynlegar, áður en ákvæði hennar eru samþykkt eða þeim beitt.

8. Engu sinni skal samþykkt eða ályktun, er allsherjarþingið hefur gert, né fullgilding aðildarríkis á alþjóðasamþykkt teljast hnekkja neinum lögum, úrskurðum, venjum eða samningum, sem tryggja verkamönnum, er í hlut eiga, hagstæðari kjör en þau, sem kveðið er á um í alþjóðasamþykktinni eða ályktuninni.

vinces or cantons in regard to the Convention, showing the extent to which effect has been given, or is proposed to be given, to any of the provisions of the Convention by legislation, administrative action, collective agreement, or otherwise;

(v) in respect of each such Recommendation, report to the Director-General of the International Labour Office, at appropriate intervals as requested by the Governing Body, the position of the law and practice of the federation and its constituent States, provinces or cantons in regard to the Recommendation, showing the extent to which effect has been given, or is proposed to be given, to the provisions of the Recommendation and such modifications of these provisions as have been found or may be found necessary in adopting or applying them.

8. In no case shall the adoption of any Convention or Recommendation by the Conference, or the ratification of any Convention by any Member, be deemed to affect any law, award, custom or agreement which ensures more favourable conditions to the workers concerned than those provided for in the Convention or Recommendation.

20. gr.

Aðalforstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna aðalritara Sameinuðu þjóðanna, er alþjóðasamþykktir hafa verið fullgiltar að framangreindum hætti, í því skyni, að þær séu skrásettar í samræmi við ákvæði 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, en samþykktirnar skulu einungis bindandi fyrir þau aðildarríki, sem fullgilda þær.

Article 20

Any Convention so ratified shall be communicated by the Director-General of the International Labour Office to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with the provisions of Article 102 of the Charter of the United Nations but shall only be binding upon the Members which ratify it.

21. gr.

1. Ef alþjóðasamþykkt, sem er til lokaumræðu á allsherjarþingi, nær ekki samþykki ⅔ hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa, þá er öllum aðildarríkjum stofnun-

Article 21

1. If any Convention coming before the Conference for final consideration fails to secure the support of two thirds of the votes cast by the delegates present, it shall

arinnar rétt að gera slíka samþykkt sín á milli.

2. Ríkisstjórnir þær, er í hlut eiga, skulu tilkynna aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og aðalritara Sameinuðu þjóðanna sérhverja þá samþykkt, sem gerð hefur verið með nefndum hætti, til þess að hún verði skrásett í samræmi við ákvæði 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

22. gr.

Sérhvert aðildarríki tekst á hendur að senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni árlegar skýrslur um ráðstafanir þær, sem það hefur gert til þess að framkvæma ákvæði alþjóðasamþykkta þeirra, sem það er aðili að. Skal gera slíkar skýrslur um þau atriði og í þeim búningi, sem stjórnarnefnd mælir fyrir.

23. gr.

1. Aðalforstjóri skal leggja fyrir næsta allsherjarþing ágrip af tilkynningum þeim og skýrslum, sem aðildarríki hafa sent honum í samræmi við 19. og 22. grein.

2. Sérhvert aðildarríki skal láta þeim fyrirsvarssamtökum, sem viðurkennd eru samkvæmt 3. gr., í té eftirrit tilkynninga þeirra og skýrslna, sem sendar eru aðalforstjóra samkvæmt 19. og 22. gr.

24. gr.

Nú kvartar stéttarfélag atvinnurekenda eða verkamanna til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar undan því, að eitthvert aðildarríki hafi látið undir höfuð leggjast að einhverju leyti að framkvæma innan síns umdæmis alþjóðasamþykkt á virkan hátt, sem það er aðili að, og getur stjórnarnefnd þá tilkynnt ríkisstjórn þeirri, sem hlut á að máli, þessa kvörtun og hvatt hana til að senda þá greinargerð varðandi umrætt atriði, sem henni þykir hlýða.

25. gr.

Ef greinargerð hefur ekki borizt innan hæfilegs tíma frá ríkisstjórn þeirri, sem í hlut á, eða telji stjórnarnefnd greinargerð

nevertheless be within the right of any of the Members of the Organisation to agree to such Convention among themselves.

2. Any Convention so agreed to shall be communicated by the Governments concerned to the Director-General of the International Labour Office and to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with the provisions of Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article 22

Each of the Members agrees to make an annual report to the International Labour Office on the measures which it has taken to give effect to the provisions of Conventions to which it is a party. These reports shall be made in such form and shall contain such particulars as the Governing Body may request.

Article 23

1. The Director-General shall lay before the next meeting of the Conference a summary of the information and reports communicated to him by Members in pursuance of Articles 19 and 22.

2. Each Member shall communicate to the representative organisations recognised for the purpose of Article 3 copies of the information and reports communicated to the Director-General in pursuance of Articles 19 and 22.

Article 24

In the event of any representation being made to the International Labour Office by an industrial association of employers or of workers that any of the Members has failed to secure in any respect the effective observance within its jurisdiction of any Convention to which it is a party, the Governing Body may communicate this representation to the Government against which it is made, and may invite that Government to make such statement on the subject as it may think fit.

Article 25

If no statement is received within a reasonable time from the Government in question, or if the statement when re-

þá, er hún fær, ekki fullnægjandi, er stjórnarnefnd rétt að birta kvörtunina og greinargerð þá, er gerð kann að hafa verið til andsvara henni.

26. gr.

1. Sérhverju aðildarríki er rétt að senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni kæru, ef því þykir grunur á liggja, að eitthvert annað aðildarríkja haldi ekki nægilega uppi alþjóðasamþykkt, sem bæði hafa fullgilt í samræmi við undanfarandi greinar.

2. Ef stjórnarnefnd sýnist svo, getur hún sett sig í samband við ríkisstjórn þá, er í hlut á, á þann hátt, sem lýst er í 24. gr., áður en hún vísar kærunni til rannsóknarnefndar með þeim hætti, sem síðar verður kveðið á um.

3. Ef stjórnarnefnd telur það ekki nauðsynlegt að tilkynna ríkisstjórn þeirri, er í hlut á, kæruna, eða láti ríkisstjórn ekki í té greinargerð, sem stjórnarnefnd metur gilda, innan hæfilegs tíma eftir að henni hefur verið tilkynnt kæran, getur stjórnarnefnd skipað rannsóknarnefnd til að athuga kæruna og gefa skýrslu um hana.

4. Stjórnarnefnd getur haft sömu meðferð á slíku máli, hvort sem hún hefst handa af sjálfsdáðum eða vegna kæru frá fulltrúa á allsherjarþingi.

5. Nú hefur stjórnarnefnd til úrlausnar mál, sem getur í 25. eða 26. gr., og er þá viðkomandi ríkisstjórn rétt að senda fyrirsvarsmann til að taka þátt í meðferð þess í stjórnarnefndinni, ef enginn er þar fyrir, sem gætir hagsmuna hennar. Ríkisstjórn þeirri, sem í hlut á, skal tilkynnt með hæfilegum fyrirvara, hvenær málið verður tekið til meðferðar.

27. gr.

Nú er kæru vísað til rannsóknarnefndar samkvæmt 26. gr., og takast þá öll aðildarríki á hendur, hvort sem kæran tekur til þeirra eða ekki, að láta nefndinni í té allar þær skýrslur, sem þau ráða yfir og kæruna varða.

ceived is not deemed to be satisfactory by the Governing Body, the latter shall have the right to publish the representation and the statement, if any, made in reply to it.

Article 26

1. Any of the Members shall have the right to file a complaint with the International Labour Office if it is not satisfied that any other Member is securing the effective observance of any Convention which both have ratified in accordance with the foregoing Articles.

2. The Governing Body may, if it thinks fit, before referring such a complaint to a Commission of Enquiry, as hereinafter provided for, communicate with the Government in question in the manner described in Article 24.

3. If the Governing Body does not think it necessary to communicate the complaint to the Government in question, or if, when it has made such communication, no statement in reply has been received within a reasonable time which the Governing Body considers to be satisfactory, the Governing Body may appoint a Commission of Enquiry to consider the complaint and to report thereon.

4. The Governing Body may adopt the same procedure either of its own motion or on receipt of a complaint from a delegate to the Conference.

5. When any matter arising out of Articles 25 or 26 is being considered by the Governing Body, the Government in question shall, if not already represented thereon, be entitled to send a representative to take part in the proceedings of the Governing Body while the matter is under consideration. Adequate notice of the date on which the matter will be considered shall be given to the Government in question.

Article 27

The Members agree that, in the event of the reference of a complaint to a Commission of Enquiry under Article 26, they will each, whether directly concerned in the complaint or not, place at the disposal of the Commission all the information in their possession which bears upon the subject matter of the complaint

28. gr.

Þegar rannsóknarnefndin hefur fjallað um kæruna, skal hún semja álitsgerð, þar sem greindir eru úrskurðir um staðreyndir, er máli skipta við úrlausn á deilumáli aðila, og skulu í álitsgerðinni greindar tillögur um þær aðgerðir, er rannsóknarnefndin telur rétt að gera vegna kærunnar, svo og nefnt það tímatakmark, er framkvæmdum skuli lokið.

29. gr.

1. Aðalforstjóri vinnumálaskrifstofunnar skal senda álitsgerð rannsóknarnefndarinnar til stjórnarnefndar og til þeirra ríkisstjórna, sem kæran varðar, og láta birta álitsgerðina.

2. Sérhver þessara ríkisstjórna skal innan þriggja mánaða tilkynna aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hvort hún fellst á tillögur þær, er settar eru fram í álitsgerðinni, og ef svo er ekki, hvort hún leggur þá til, að kærunni verði vísað til Milliríkjadómstólsins.

30. gr.

Ef eitthvert aðildarríkja lætur undir höfuð leggjast framkvæmdir þær, sem mælt er fyrir um í tölulíðum 5 (b), 6 (b) eða 7 (b)(i) í 19. gr. varðandi alþjóðasamþykkt eða ályktun, er hverju öðru aðildarríki rétt að leggja málið fyrir stjórnarnefnd. Ef stjórnarnefnd kemst að þeirri niðurstöðu, að vanræksla hafi átt sér stað, skal hún gefa allsherjarþinginu skýrslu um málið.

31. gr.

Dómi Milliríkjadómstólsins um kæru eða málefni, sem til hans er skotið samkvæmt 29. gr., verður ekki áfrýjað.

32. gr.

Milliríkjadómstóllinn getur staðfest, breytt eða hrundið úrskurðum eða ályktunum, er rannsóknarnefnd kann að hafa kveðið upp.

33. gr.

Ef eitthvert aðildarríki lætur undir höfuð leggjast að framkvæma á tilskild-

Article 28

When the Commission of Enquiry has fully considered the complaint, it shall prepare a report embodying its findings on all questions of fact relevant to determining the issue between the parties and containing such recommendations as it may think proper as to the steps which should be taken to meet the complaint and the time within which they should be taken.

Article 29

1. The Director-General of the International Labour Office shall communicate the report of the Commission of Enquiry to the Governing Body and to each of the Governments concerned in the complaint, and shall cause it to be published.

2. Each of these Governments shall within three months inform the Director-General of the International Labour Office whether or not it accepts the recommendations contained in the report of the Commission; and if not, whether it proposes to refer the complaint to the International Court of Justice.

Article 30

In the event of any Member failing to take the action required by paragraphs 5 (b), 6 (b) or 7 (b) (i) of Article 19 with regard to a Convention or Recommendation, any other Member shall be entitled to refer the matter to the Governing Body. In the event of the Governing Body finding that there has been such a failure, it shall report the matter to the Conference.

Article 31

The decision of the International Court of Justice in regard to a complaint or matter which has been referred to it in pursuance of Article 29 shall be final.

Article 32

The International Court of Justice may affirm, vary or reverse any of the findings or recommendations of the Commission of Enquiry, if any.

Article 33

In the event of any Member failing to carry out within the time specified the

um tíma ályktanir þær, sem kunna að vera settar fram í álitsgerð rannsóknarnefndar eða dómi Milliríkjadómstólsins, getur stjórnarnefnd lagt til við allsherjarþingið, að hafnar verði þær aðgerðir, sem hún telur réttar og hallkvæmar til þess að tryggja það, að eftir ályktununum verði farið.

34. gr.

Ríkisstjórn, sem vanvirt hefur skuldbindingar sínar, getur, hvenær sem er, tilkynnt stjórnarnefnd, að hún hafi gert nauðsynlegar ráðstafanir til að fullnægja ályktunum rannsóknarnefndar eða dómi Milliríkjadómstólsins, og getur hún einnig beðið stjórnarnefnd að skipa rannsóknarnefnd til að sannreyna staðhæfingu sína. Beita skal um þessi tilvik ákvæðum 27., 28., 29., 31. og 32. gr., og sé álitsgerð rannsóknarnefndar eða dómur Milliríkjadómstólsins í vil ríkisstjórn þeirri, sem var í sök, skal stjórnarnefnd þegar í stað leggja til, að látnar verði niður falla aðgerðir samkvæmt 33. gr.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

35. gr.

1. Aðildarríki takast á hendur að láta alþjóðasamþykktir, sem þau hafa fullgilt í samræmi við ákvæði stofnskrár þessarar, taka yfir landsvæði, sem ekki er algerlega fullvalda, enda fari aðildarríkin með utanríkismál þeirra, þar með talin umsjárlönd, þar sem þau bera ábyrgð á framkvæmdastjórn, svo fremi efni samþykktar falli ekki innan marka sjálfstjórnarvalds viðkomandi landsvæðis, eða samþykkt verði þar ekki beitt vegna staðhátta eða verði einungis beitt, er gerðar hafa verið á henni þær breytingar, sem nauðsynlegar eru til að aðhæfa samþykktina staðháttum.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir alþjóðasamþykkt, skal, svo fljótt sem auðið er eftir fullgildingu hennar, senda aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar yfirlýsingu, þar sem tilgreint sé, í hve ríkum mæli það tekst á hendur að beita ákvæðum samþykktarinnar, að því er varðar landsvæði, önnur en þau, sem

recommendations, if any, contained in the report of the Commission of Enquiry, or in the decision of the International Court of Justice, as the case may be, the Governing Body may recommend to the Conference such action as it may deem wise and expedient to secure compliance therewith.

Article 34

The defaulting Government may at any time inform the Governing Body that it has taken the steps necessary to comply with the recommendations of the Commission of Enquiry or with those in the decision of the International Court of Justice, as the case may be, and may request it to constitute a Commission of Enquiry to verify its contention. In this case the provisions of Articles 27, 28, 29, 31 and 32 shall apply, and if the report of the Commission of Enquiry or the decision of the International Court of Justice is in favour of the defaulting Government, the Governing Body shall forthwith recommend the discontinuance of any action taken in pursuance of Article 33.

Chapter III — General

Article 35

1. The Members undertake that Conventions which they have ratified in accordance with the provisions of this Constitution shall be applied to the non-metropolitan territories for whose international relations they are responsible, including any trust territories for which they are the administering authority, except where the subject matter of the Convention is within the self-governing powers of the territory or the Convention is inapplicable owing to the local conditions or subject to such modifications as may be necessary to adapt the Convention to local conditions.

2. Each Member which ratifies a Convention shall as soon as possible after ratification communicate to the Director-General of the International Labour Office a declaration stating in respect of the territories other than those referred to in paragraphs 4 and 5 below the extent to which it undertakes that the provisions

getið er í tölulið 4. og 5. hér á eftir, og láta í té þær skýrslur, sem samþykktin kann að mæla fyrir um.

3. Sérhvert aðildarríki, sem sent hefur yfirlýsingu í samræmi við næsta tölulið hér á undan, getur öðru hverju, í samræmi við ákvæði samþykktarinnar, gefið frekari yfirlýsingu, er breyti ákvæðum einhverrar fyrri yfirlýsingar og tilgreini, hvernig málum er háttað, að því er slíkt landsvæði varðar.

4. Þegar efni samþykktar er innan marka sjálfstjórnarvalds landsvæðis, sem ekki er algerlega fullvalda, skal aðildarríki það, sem ábyrgð ber á milliríkjamálefnum slíks svæðis, tilkynna stjórn landsvæðisins samþykktina, svo fljótt sem auðið er, í því skyni, að sú stjórn geti sett lög til framkvæmdar ákvæðum samþykktarinnar eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir. Að svo búnu getur aðildarríki í samráði við stjórn landsvæðisins sent aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar yfirlýsingu, þar sem gengið er að skuldbindingu samþykktarinnar af hendi slíks landsvæðis.

5. Eftirtaldir aðilar geta sent aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar yfirlýsingu um, að þeir takist á hendur skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamþykkt:

a) Tvö eða fleiri aðildarríki stofnunarinnar fyrir hönd hvers landsvæðis, sem er undir sameiginlegri stjórn þeirra.
b) Sérhver handhafi samþjóðlegs valds, sem ábyrgð ber á stjórn landsvæðis samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna eða á annan hátt, að því er varðar slíkt landsvæði.

6. Þegar aðili játast undir skuldbindingar alþjóðasamþykktar samkvæmt 4. eða 5. tölulið þessarar greinar, er þar með gengizt undir fyrir hönd landsvæðis þess, er í hlut á, að fullnægja skuldbindingum samkvæmt alþjóðasamþykktinni og skuldbindingum samkvæmt stofnskrá stofnunarinnar, er ná til samþykkta, er fullgildingu hafa hlotið. Í slíkri yfirlýsingu má tilgreina þær breytingar á ákvæðum samþykktar, er teljast nauðsynlegar til að aðhæfa samþykkt staðháttum.

7. Sérhvert aðildarríki eða handhafi

of the Convention shall be applied and giving such particulars as may be prescribed by the Convention.

3. Each Member which has communicated a declaration in virtue of the preceding paragraph may from time to time, in accordance with the terms of the Convention, communicate a further declaration modifying the terms of any former declaration and stating the present position in respect of such territories.

4. Where the subject matter of the Convention is within the self-governing powers of any non-metropolitan territory the Member responsible for the international relations of that territory shall bring the Convention to the notice of the Government of the territory as soon as possible with a view to the enactment of legislation or other action by such Government. Thereafter the Member, in agreement with the Government of the territory, may communicate to the Director-General of the International Labour Office a declaration accepting the obligations of the Convention on behalf of such territory.

5. A declaration accepting the obligations of any Convention may be communicated to the Director-General of the International Labour Office—

(a) by two or more Members of the Organisation in respect of any territory which is under their joint authority; or
(b) by any international authority responsible for the administration of any territory, in virtue of the Charter of the United Nations or otherwise, in respect of any such territory.

6. Acceptance of the obligations of a Convention in virtue of paragraph 4 or paragraph 5 shall involve the acceptance on behalf of the territory concerned of the obligations stipulated by the terms of the Convention and the obligations under the Constitution of the Organisation which apply to ratified Conventions. A declaration of acceptance may specify such modifications of the provisions of the Convention as may be necessary to adapt the Convention to local conditions.

7. Each Member or international

samþjóðlegs valds, sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 4. og 5. tölulið þessarar greinar, getur, þegar því er að skipta, samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar með frekari yfirlýsingu breytt ákvæðum fyrri yfirlýsinga eða afturkallað fyrir hönd landsvæðis þess, er í hlut á, skuldbindingar samkvæmt samþykktinni.

8. Ef ekki er játazt undir skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamþykkt fyrir hönd landsvæðis, er ákvæði 4. og 5. tölul. þessarar greinar taka yfir, skulu aðildarríki eða handhafi samþjóðlegs valds, sem í hlut á, gefa aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skýrslu um lög og stjórnarframkvæmd á nefndu landsvæði, að því er varðar málefni, sem samþykktin fjallar um. Skal í skýrslunni taka fram, í hve ríkum mæli ákvæði samþykktarinnar eru framkvæmd eða er ætlað að verða framkvæmd með löggjöf, stjórnsýslu, samningum stéttarfélaga eða á annan hátt, og skal skýrt frá því, hvaða vandkvæði aftri eða torveldi, að gengið sé að slíkri samþykkt.

36. gr.

Breytingar á stofnskrá þessari, sem samþykktar eru á allsherjarþingi með ⅔ greiddra atkvæða viðstaddra fulltrúa, skulu ganga í gildi, þegar þær hafa verið fullgiltar og samþykktar af ⅔ aðildarríkja stofnunarinnar, þar á meðal af fimm hinna átta aðildarríkja, er fyrirsvar eiga í stjórnarnefnd sem aðaliðnaðarríki samkvæmt ákvæðum 3. tölul. 7. greinar þessarar stofnskrár.

37. gr.

1. Öllum vafaatriðum og ágreiningi, er varða skýringu á þessari stofnskrá eða á alþjóðasamþykktum, sem síðar er gerð af aðildarríkjum samkvæmt ákvæðum þessarar stofnskrár, skal vísa til Milliríkjadómstólsins.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. þessarar greinar getur stjórnarnefndin samið og lagt fyrir allsherjarþingið til samþykkis reglur um stofnun dómstóls, sem ætlað sé að veita skjóta úrlausn á sérhverjum

authority which has communicated a declaration in virtue of paragraph 4 or paragraph 5 of this Article may from time to time, in accordance with the terms of the Convention, communicate a further declaration modifying the terms of any former declaration or terminating the acceptance of the obligations of the Convention on behalf of the territory concerned.

8. If the obligations of a Convention are not accepted on behalf of a territory to which paragraph 4 or paragraph 5 of this Article relates, the Member or Members or international authority concerned shall report to the Director-General of the International Labour Office the position of the law and practice of that territory in regard to the matters dealt with in the Convention and the report shall show the extent to which effect has been given, or is proposed to be given, to any of the provisions of the Convention by legislation, administrative action, collective agreement or otherwise and shall state the difficulties which prevent or delay the acceptance of such Convention.

Article 36

Amendments to this Constitution which are adopted by the Conference by a majority of two thirds of the votes cast by the delegates present shall take effect when ratified or accepted by two thirds of the Members of the Organisation including five of the eight Members which are represented on the Governing Body as Members of chief industrial importance in accordance with the provisions of paragraph 3 of Article 7 of this Constitution.

Article 37

1. Any question or dispute relating to the interpretation of this Constitution or of any subsequent Convention concluded by the Members in pursuance of the provisions of this Constitution shall be referred for decision to the International Court of Justice.

2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1 of this Article the Governing Body may make and submit to the Conference for approval rules providing

ágreiningi og vafaatriði, sem varða skýringu á alþjóðasamþykkt og stjórnarnefndin vísar til hans eða er til hans vísað samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar. Allir dómar og álitsgerðir Milliríkjadómstólsins skulu vera bindandi fyrir þann dómstól, sem stofnaður er samkvæmt þessum tölulið. Sérhver úrskurður, sem slíkur dómstóll kveður upp, skal sendur aðildarríkjum stofnunarinnar, og þær athugasemdir, sem þau kunna að hafa við hann að gera, skulu lagðar fyrir allsherjarþingið.

38. gr.

1. Alþjóðavinnumálastofnunin getur kallað saman ráðstefnur fyrir tiltekin landsvæði og skipað á tilteknum landsvæðum handhafa umboðsvalds, er æskilegir teljast til að vinna að markmiðum stofnunarinnar.

2. Um vald, störf og starfshætti svæðisbundinnar ráðstefnu skal kveðið á í reglum, sem stjórnarnefnd setur og leggur fyrir allsherjarþing til staðfestingar.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

39. gr.

Alþjóðavinnumálastofnunin er fullhæfur aðili að lögum og er einkum löghæf til:

a) að gera samninga,
b) að eignast og láta af hendi lausafé og fasteignir,
c) að höfða mál.

40. gr.

1. Alþjóðavinnumálastofnunin skal á landsvæði sérhvers aðildarríkis njóta þeirra forréttinda og þeirra undanþáguréttinda, sem hún þarfnast til að ná markmiðum sínum.

2. Fulltrúar á allsherjarþingi, stjórnarnefndarmenn og aðalforstjóri og embættismenn skrifstofunnar skulu á sama hátt njóta þeirra forréttinda og þeirra undanþáguréttinda, sem nauðsynleg eru til þess að þeir geti óháðir leyst af hendi störf sín í sambandi við stofnunina.

for the appointment of a tribunal for the expeditious determination of any dispute or question relating to the interpretation of a Convention which may be referred thereto by the Governing Body or in accordance with the terms of the Convention. Any applicable judgment or advisory opinion of the International Court of Justice shall be binding upon any tribunal established in virtue of this paragraph. Any award made by such a tribunal shall be circulated to the Members of the Organisation and any observations which they may make thereon shall be brought before the Conference.

Article 38

1. The International Labour Organisation may convene such regional conferences and establish such regional agencies as may be desirable to promote the aims and purposes of the Organisation.

2. The powers, functions and procedure of regional conferences shall be governed by rules drawn up by the Governing Body and submitted to the General Conference for confirmation.

Chapter IV — Miscellaneous Provisions

Article 39

The International Labour Organisation shall possess full juridical personality and in particular the capacity —

(a) to contract;
(b) to acquire and dispose of immovable and movable property;
(c) to institute legal proceedings.

Article 40

1. The International Labour Organisation shall enjoy in the territory of each of its Members such privileges and immunities as are necessary for the fulfilment of its purposes.

2. Delegates to the Conference, members of the Governing Body and the Director-General and officials of the Office shall likewise enjoy such privileges and immunities as are necessary for the independent exercise of their functions in connection with the Organisation.

3. Slík forréttindi og undanþágurétt-indi skulu ákveðin í sérstökum samningi, sem stofnunin undirbýr og leggur fyrir aðildarríkin til samþykkis.

VIÐAUKI

Yfirlýsing um hlutverk og markmið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem saman kom til 26. fundar í Philadelfíu, samþykkir hér með hinn 10. maí 1944 þessa yfirlýsingu um hlutverk og markmið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og um þær meginreglur, sem marka eiga stjórnarhætti aðildarríkjanna.

I.

Allsherjarþingið endurstaðfestir grundvallarreglur þær, sem stofnunin er reist á, og þá einkum þessar:

a) að vinnan er ekki verzlunarvara,

b) að málfrelsi og félagafrelsi er frumskilyrði áframhaldandi framfara,

c) að fátækt, hvar sem er, stofnar hagsæld um víða veröld í voða.

d) að baráttu gegn skorti þarf að heyja með óbilandi þrótti innan sérhvers þjóðfélags og með stöðugri og samræmdri alþjóðaviðleitni, þar sem fulltrúar verkamanna og vinnuveitenda eru jafnréttháir fulltrúum ríkisstjórna og leggja lag sitt saman um að vinna að því með frjálsum umræðum og lýðræðislegum ákvörðunum að auka sameiginlega hagsæld.

II.

Það er sannfæring allsherjarþingsins, að reynslusönnun sé fengin fyrir þeirri staðhæfingu í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að varanlegum friði verði einungis komið á með því að reisa hann á félagslegu réttlæti, og kveður allsherjarþingið því svo á:

a) að allir menn hafi án tillits til kynþáttar, trúar eða kynferðis, rétt til að vinna að efnahagslegri velsæld sinni og andlegum þroska, frjálsir, á mannsæmandi hátt, við efnahagslegt öryggi og jafnréttisaðstöðu.

3. Such privileges and immunities shall be defined in a separate agreement to be prepared by the Organisation with a view to its acceptance by the Members.

ANNEX

Declaration concerning the aims and purposes of the International Labour Organisation.

The General Conference of the International Labour Organisation, meeting in its Twenty-sixth Session in Philadelphia, hereby adopts, this tenth day of May in the year nineteen hundred and forty-four, the present Declaration of the aims and purposes of the International Labour Organisation and of the principles which should inspire the policy of its Members.

I

The Conference reaffirms the fundamental principles on which the Organisation is based and, in particular, that:

(a) labour is not a commodity;

(b) freedom of expression and of association are essential to sustained progress;

(c) poverty anywhere constitutes a danger to prosperity everywhere;

(d) the war against want requires to be carried on with unrelenting vigour within each nation, and by continuous and concerted international effort in which the representatives of workers and employers, enjoying equal status with those of Governments, join with them in free discussion and democratic decision with a view to the promotion of the common welfare.

II

Believing that experience has fully demonstrated the truth of the statement in the Constitution of the International Labour Organisation that lasting peace can be established only if it is based on social justice, the Conference affirms that:

(a) all human beings, irrespective of race, creed or sex, have the right to pursue both their material well-being and their spiritual development in conditions of freedom and dignity, of economic security and equal opportunity;

b) að aðalmarkmið þjóðlegra og alþjóðastjórnmála eigi að vera það að skapa þær aðstæður, er geri þetta framkvæmanlegt.

c) að þetta sjónarmið skuli haft við mat á öllum þjóðlegum og alþjóðastjórnarstefnum og aðgerðum og einkum þeim, er varða efnahagsmál og fjárhags, og að þær skuli einungis viðurkenndar, að svo miklu leyti sem þær teljast stuðla að, en ekki torvelda, að þessu meginmarkmiði verði náð.

d) að sú skylda hvíli á Alþjóðavinnumálastofnuninni að rannsaka og athuga allar alþjóðastjórnarstefnur og aðgerðir efnahagslegs og fjárhagslegs eðlis með hliðsjón af þessu meginmarkmiði.

e) að Alþjóðavinnumálastofnunin megi að athuguðum öllum efnahagslegum og fjárhagslegum atriðum, er máli skipta, taka upp í úrskurði sína og ályktanir þau ákvæði, sem hún telur við eiga, er hún leysir af hendi þau verkefni, sem henni eru falin.

III.

Allsherjarþingið telur það heilaga skyldu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að styðja meðal þjóða heimsins hvers konar stefnumál, er miða að því:

a) að veita öllum mönnum atvinnu og bæta lífskjör manna.

b) að veita verkamönnum atvinnu við störf, þar sem þeir geti orðið þeirrar ánægju aðnjótandi, að hæfni þeirra og kunnátta komi að sem beztum notum og að þeir þannig leggi sem stærstan skerf til sameiginlegrar hagsældar.

c) að skapa — með þetta markmið fyrir augum og að nægjanlega tryggðum hag þeirra, er í hlut eiga, — aðstæður fyrir aukinni kunnáttu verkalýðs og tilfærslu mannafla, þar með talinn útflutningur og innflutningur fólks í atvinnuskyni eða landnáms.

d) að greiða fyrir hverri þeirri aðgerð, sem varðar verkalaun, tekjur, vinnutíma og annan aðbúnað við vinnu og ætlað er að tryggja öllum réttláta hlutdeild í þeim afrakstri, er af framförum leiðir, svo og þurftarlaun handa þeim verkalýð, er slíkrar verndar þarfnast.

e) að viðurkenndur sé á virkan hátt

(b) the attainment of the conditions in which this shall be possible must constitute the central aim of national and international policy;

(c) all national and international policies and measures, in particular those of an economic and financial character, should be judged in this light and accepted only in so far as they may be held to promote and not to hinder the achievement of this fundamental objective;

(d) it is a responsibility of the International Labour Organisation to examine and consider all international economic and financial policies and measures in the light of this fundamental objective;

(e) in discharging the tasks entrusted to it the International Labour Organisation, having considered all relevant economic and financial factors, may include in its decisions and recommendations any provisions which it considers appropriate.

III

The Conference recognises the solemn obligation of the International Labour Organisation to further among the nations of the world programmes which will achieve:

(a) full employment and the raising of standards of living;

(b) the employment of workers in the occupations in which they can have the satisfaction of giving the fullest measure of their skill and attainments and make their greatest contribution to the common well-being;

(c) the provision, as a means to the attainment of this end and under adequate guarantees for all concerned, of facilities for training and the transfer of labour, including migration for employment and settlement;

(d) policies in regard to wages and earnings, hours and other conditions of work calculated to ensure a just share of the fruits of progress to all, and a minimum living wage to all employed and in need of such protection;

(e) the effective recognition of the right of collective bargaining, the co-

réttur stéttarfélaga til að gera heildarkjarasamninga, svo og viðurkennd sé samvinna atvinnurekenda og verkalýðs í því skyni að bæta stöðugt afköst í framleiðslu og enn fremur samtök verkalýðs og vinnuveitenda, sem miða að því að undirbúa og framkvæma félagslegar og efnahagslegar ráðstafanir.

f) að eflt sé félagslegt öryggi í því skyni að sjá öllum, sem þess þarfnast, fyrir þurftartekjum og sæmilegri læknishjálp.

g) að vernda á fullnægjandi hátt líf og heilsu verkamanna við öll störf.

h) að gera ráðstafanir til verndar börnum og mæðrum.

i) að gera ráðstafanir til fullnægjandi manneldis og húsnæðis og skapa aðstæður til hressivistar og menningar.

j) að tryggja jafnréttisaðstöðu til menntunar og starfa.

IV.

Það er sannfæring allsherjarþingsins, að fullkomnari og víðtækari hagnýting auðlinda heimsins, sem nauðsynleg er til að ná þeim markmiðum, sem getur í þessari yfirlýsingu, geti orðið tryggð með virkum þjóðlegum og alþjóðlegum framkvæmdum, þar með töldum aðgerðum, er miða að því að auka framleiðslu og neyzlu, að afstýra stórkostlegum verðsveiflum, að efla efnahagslegar og félagslegar framfarir á þeim svæðum jarðar, þar sem þróun er skemmra á veg komin, að tryggja stöðugra verð hráefna á heimsmarkaðinum og að stuðla að víðtækri og stöðugri heimsverzlun. Samkv. þessu heitir allsherjarþingið fullri samvinnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við hverja þá samþjóðlega aðila, sem kann að verða falið að taka á sig hluta af ábyrgðinni á þessu mikla hlutverki og á því að vinna að bættum heilbrigðisháttum, menntun og hagsæld allra þjóða.

V.

Allsherjarþingið kveður svo á, að meginreglur þær, sem greindar eru í yfirlýsingu þessari, taki til allra þjóða, og þrátt fyrir það, þótt haga verði beitingu þeirra með hliðsjón af því stigi efnalegrar og félagslegrar þróunar, sem hver einstök þjóð hefur náð, þá sé framkvæmd þeirra

operation of management and labour in the continuous improvement of productive efficiency, and the collaboration of workers and employers in the preparation and application of social and economic measures;

(f) the extension of social security measures to provide a basic income to all in need of such protection and comprehensive medical care;

(g) adequate protection for the life and health of workers in all occupations;

(h) provision for child welfare and maternity protection;

(i) the provision of adequate nutrition, housing and facilities for recreation and culture;

(j) the assurance of equality of educational and vocational opportunity.

IV

Confident that the fuller and broader utilisation of the world's productive resources necessary for the achievement of the objectives set forth in this Declaration can be secured by effective international and national action, including measures to expand production and consumption, to avoid severe economic fluctuations, to promote the economic and social advancement of the less developed regions of the world, to assure greater stability in world prices of primary products, and to promote a high and steady volume of international trade, the Conference pledges the full co-operation of the International Labour Organisation with such international bodies as may be entrusted with a share of the responsibility for this great task and for the promotion of the health, education and well-being of all peoples.

V.

The Conference affirms that the principles set forth in this Declaration are fully applicable to all peoples everywhere and that, while the manner of their application must be determined with due regard to the stage of social and economic development reached by each

í æ ríkara mæli, bæði gagnvart þjóðum, sem enn eru ósjálfstæðar, og gagnvart þjóðum, sem þegar hafa náð sjálfstjórn, hugðarmál alls hins siðmenntaða heims.

Framanskráður texti er hinn rétti, löggilti texti af breytingu þeirri á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1946, og var hann löglega samþykktur á 29. allsherjarþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hinn níunda dag októbermánaðar nítján hundruð fjörutíu og sex í Montreal.

Ensku og frönsku textarnir af hinni breyttu stofnskrá eru báðir jafngildir.

Þessu til staðfestingar höfum við undirritað nöfn okkar hinn fyrsta dag nóvembermánaðar 1946.

people, their progressive application to peoples who are still dependent, as well as to those who have already achieved self-government, is a matter of concern to the whole civilised world.

The foregoing is the authentic text of the Constitution of the International Labour Organisation Instrument of Amendment, 1946, duly adopted by the General Conference of the International Labour Organisation on the ninth day of October one thousand nine hundred and forty-six in the course of its Twenty-ninth Session, which was held at Montreal.

The English and French versions of the Text of this Instrument of Amendment are equally authoritative.

IN FAITH WHEREOF we have appended our signatures this first day of November 1946.

Forseti allsherjarþingsins:
Humphrey Mitchell.

The President of the Conference,
Humphrey Mitchell.

Aðalforstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar:
Edward Phelan.

The Director-General of the International Labour Office,
Edward Phelan.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tildrög þess, að Ísland gerðist aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni (The International Labour Organisation) eru í stuttu máli þessi:

Á Alþingi 1943 bar núverandi forsætisráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, fram tillögu til þingsályktunar þess efnis, að ríkisstjórnin skyldi „láta fram fara athugun á því, á hvern hátt Ísland gæti orðið þátttakandi í alþjóðlegu félagsmálastarfi með því að gerast meðlimur í Alþjóðlega vinnumálasambandinu, og þó sérstaklega, á hvern hátt Ísland gæti orðið aðili að alþjóðavinnumálaskrifstofunni (International Labour Office) ..... Sé það athugað, hvaða kostnað það hefði í för með sér fyrir Ísland".

Tillaga þessi var samþykkt, og þáverandi ríkisstjórn, stjórn dr. Björns Þórðarsonar, hlutaðist til um, að Þórhallur Ásgeirsson, þáverandi sendiráðsritari í Washington, var látinn mæta sem áheyrnarfulltrúi á allsherjarþingi, sem stjórn Alþjóðavinnumálastofnunarinnar boðaði til í Philadelfíu í Bandaríkjunum 20. apríl 1944. Gaf Þórhallur Ásgeirsson félagsmálaráðuneytinu skýrslu um för sína, og er hún dags. 5. júní 1944.

Þegar stjórnarskipti verða haustið 1944 og stjórn Ólafs Thors tók við, var það eitt af atriðunum í málefnasamningi þeirra flokka, er að ríkisstjórn hans stóðu, að Ísland skyldi gerast aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni.

Samkvæmt því lagði þáverandi félagsmálaráðherra, Finnur Jónsson, tillögu til þingsályktunar fyrir Alþingi 1944, þar sem ákveðið var að fela ríkisstjórninni „að sækja fyrir Íslands hönd um upptöku í alþjóðlega vinnumálasambandið (I.L.O.) og greiða kostnað við þátttökuna úr ríkissjóði".

Þingsályktunin var samþykkt á Alþingi 7. desember 1944 og var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sækja fyrir Íslands hönd um upptöku

í alþjóðlega vinnumálasambandið (I.L.O.) og greiða kostnað við þátttökuna úr ríkissjóði.“

Árið 1945 var þing I.L.O. háð í París, og var inntökubeiðni Íslands lögð fyrir það þing. Þar mætti af hálfu Íslands Þórhallur Ásgeirsson, fulltrúi í utanríkisráðuneytinu. Í skýrslu hans til félagsmálaráðuneytisins, dags. 26. nóv. 1945, segir svo um upptöku Íslands:

„Fyrir þinginu lágu þrjár inntökubeiðnir, frá Íslandi, Ítalíu og Guatemala. Aðalnefnd ráðstefnunnar, Selection Committee, hafði beiðnir þessar til athugunar, og lagði hún svo hljóðandi tillögu fyrir þingið:

„Hinni almennu ráðstefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur borizt umsókn frá ríkisstjórn Íslands um upptöku Íslands í Alþjóðavinnumálastofnunina, og minnugt þess, að það hefur alltaf verið ákveðin vissa stofnunarinnar, að það flýtti raunverulega fyrir markmiðum hennar, ef hún væri sem alþjóðlegust, ákveður hún því að viðurkenna Ísland sem aðila Alþjóðavinnumálastofnunarinnar með sömu réttindum og skyldum og aðrir meðlimir stofnunarinnar, þar á meðal þeirri skyldu að gefa tveggja ára fyrirvara fyrir úrsögn úr stofnuninni og virða hið algera alþjóðlega eðli trúnaðarstarfa forstjóra og starfsliðs Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Ráðstefnan heimilar stjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir í samráði við ríkisstjórn Íslands varðandi fjárframlag þess.

Upptaka Íslands skal koma til framkvæmda, þegar er ríkisstjórn Íslands hefur skýrt aðalforstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá formlegu samþykki hennar á ákvæðum stjórnarskrár vinnumálastofnunarinnar og skilmálum þessarar ráðstefnu.“

Hinn 19. okt. var þessi tillaga borin undir þingið. Við það tækifæri buðu stjórnarfulltrúar Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar, Kanada og Ástralíu Ísland velkomið í Alþjóðavinnumálasambandið.

Enn fremur töluðu Gunnar Andersen fyrir hönd verkamanna og H. C. Örsted fyrir hönd vinnuveitenda. Var ræðunum mjög vel tekið, og var tillagan um upptöku Íslands samþykkt með lófaklappi. Eins og segir í tillögunni, varð Ísland ekki formlegur meðlimur í Alþjóðavinnumálastofnuninni fyrr en það hafði tilkynnt, að það viðurkenndi stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og féllist á tveggja ára úrsagnarfrest. Skrifaði ég því bréf til forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, E. J. Phelan, sem fylgir hér með í afriti, og tilkynnti, að íslenzka ríkisstjórnin féllist á hin settu skilyrði. Á næsta fundi, er haldinn var mánudaginn 22. okt., gafst mér tækifæri til að ávarpa þingið og þakka, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, fyrir þær hlýju móttökur, sem Ísland hefði fengið.“

Á þessu allsherjarþingi I.L.O. í París, sem telja verður fyrsta reglulegt þing þess eftir ófriðinn, þótt Philadelfíuráðstefnan væri að vísu á undan farin, var endurskoðun grundvallarreglna þeirra, er stofnunin starfar eftir, aðalmálið á dagskrá þingsins, því að nú voru viðhorf öll gerbreytt frá því, er var fyrir stríðið. Þjóðabandalagið gamla var úr sögunni, og nýtt bandalag — Sameinuðu þjóðirnar — var að rísa á legg. Í skýrslu hr. Þórhalls Ásgeirssonar, þeirri er áður getur, segir um þetta mál:

„Þýðingarmesta málið, sem fyrir þinginu lá, var efalaust stjórnarskrármálið, og sat ég fundi þeirrar nefndar, sem um það fjallaði. Allir fulltrúar voru sammála um, að hinu formlega sambandi við Þjóðabandalagið skyldi slitið, svo að hægt væri að hefja samninga við hið nýja bandalag Sameinuðu þjóðanna um samstarf í framtíðinni. Það var álit meiri hluta nefndarinnar, að ekki væri tímabært að gera gagngerar breytingar á stjórnarskránni fyrr en séð væri fyrir um, hvernig tækist með samninga við bandalag Sameinuðu þjóðanna. Voru þó bornar fram og ræddar mjög athyglisverðar tillögur frá t. d. stjórnarfulltrúum Belgíu og verkamannasambandi Suður-Ameríku, sem miðuðu að því að breyta fulltrúaskipuninni. Má búast við, að komi til meiri átaka um þessar tillögur á næsta þingi, er ákveðið var, að koma skyldi saman í Montreal, Kanada, 19. sept. 1946.“

Þær breytingar, sem Parísarráðstefnan gerði, voru aðeins til bráðabirgða, en fyrir allsherjarþingið í Montreal í Kanada, sem saman kom til fundar 19. sept. 1946, var lagt frumvarp að nýrri stofnskrá fyrir Alþjóðavinnumálastofnunina, og var það samþykkt þar 9. okt. 1946.

Á því þingi mætti í fyrsta sinn full tala fulltrúa frá Íslandi, tveir stjórnarfulltrúar, einn fulltrúi atvinnurekenda og einn fulltrúi verkamanna.

Þar sem stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur aldrei verið lögð fyrir Alþingi, þykir rétt að leggja hana nú fyrir í heild, eins og hún er eftir breytingar þær, sem á henni voru gerðar haustið 1946 í Montreal, og síðan hefur henni ekki verið breytt. Þótt ríkisstjórn Íslands samþykkti hina gömlu stofnskrá stofnunarinnar 1945 samkvæmt heimild þeirri, er Alþingi veitti henni í þingsályktuninni frá 1944, er um getur í upphafi þessarar greinargerðar, ber því nú að taka afstöðu til hinnar nýju, breyttu stofnskrár og veita ríkisstjórninni heimild til að fullgilda hana fyrir Íslands hönd, þar sem á henni hafa verið gerðar breytingar, ef á þær verður fallizt. Í 36. gr. stofnskrárinnar eru ákvæði um þetta, og segir þar:

„Breytingar á stofnskrá þessari, sem samþykktar eru á allsherjarþingi með ⅔ greiddra atkvæða viðstaddra fulltrúa, skulu ganga í gildi, þegar þær hafa verið fullgiltar eða samþykktar af ⅔ aðildarríkja stofnunarinnar, þar á meðal af fimm hinna átta aðildarríkja, er fyrirsvar eiga í stjórnarnefnd sem aðaliðnaðarríki samkvæmt ákvæðum 3. tölul. 7. gr. þessarar stofnskrár."

Sú er venja hjá öllum þeim þjóðum, er vér höfum spurnir af, hvernig fari með mál sem þetta, að þegar stofnskrá I.L.O. er breytt, eru breytingarnar lagðar þann veg fyrir þing þjóðanna, að í fremri dálk er prentað meginmál þeirrar stofnskrár, sem í gildi er og breyta á, en í aftari dálk er prentað meginmál hinnar breyttu stofnskrár og breytingarnar auðkenndar. Mun stofnunin ætlast til, að þannig sé að farið, ef þess er kostur.

Þar sem nú hin eldri stofnskrá I.L.O. hefur aldrei verið þýdd á íslenzku, og ekki þótti taka því að fara að þýða hana af þessum ástæðum, er þessi háttur ekki hafður á að þessu sinni. Hins vegar er enski textinn prentaður hér jafnhliða íslenzku þýðingunni, svo að hægara sé um samanburð, ef þýðingunni skyldi þykja ábótavant, og enn fremur vegna þess, að enski textinn er sá, sem gilda skal, ef til ágreinings kemur út af orðalagi eða skilningi á ákvæðum stofnskrárinnar.

Þá þykir og hlýða að gera Alþingi nokkru frekari grein fyrir starfsemi stofnunarinnar en áður hefur verið gert, þar sem kunnugleiki á starfsháttum hennar og markmiði hefur vaxið mikið við það, að Ísland hefur nú um tveggja ára skeið tekið þátt í störfum þessarar stofnunar, og Alþingi mun nú hér eftir árlega fá til meðferðar fleiri eða færri mál frá stofnuninni.

Síðan Ísland gerðist aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni 1945 hefur stofnunin háð þau þing, er hér greinir:

1. Í París 1945. Fulltrúi Íslands á því þingi var Þórhallur Ásgeirsson, fulltrúi í utanríkisráðuneytinu.
2. Í Seattle í Kanada 1946. Á því þingi, sem var aukaþing, átti Ísland engan fulltrúa.
3. Í Montreal í Kanada 1946. Þar átti Ísland í fyrsta sinn fulla tölu fulltrúa, en það voru Thor Thors sendiherra og Þórhallur Ásgeirsson fulltrúi í utanríkisráðuneytinu, báðir fulltrúar ríkisstjórnarinnar, Kjartan Thors framkvæmdastjóri, fulltrúi atvinnurekenda, og Pétur G. Guðmundsson ritari, fulltrúi verkalýðssamtakanna.
4. Í Geneve í Sviss 1947. Fulltrúar Íslands á því þingi voru Finnur Jónsson fyrrv. ráðherra og Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, báðir fulltrúar ríkisstjórnarinnar, Benedikt Gröndal framkvæmdastjóri, fulltrúi atvinnurekenda, og Björn Bjarnason ritari Alþýðusambands Íslands, fulltrúi verkalýðssamtakanna.

Næsta þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar verður haldið í San Fransisco í Bandaríkjunum sumarið 1948.

Bráðlega munu lagðar fyrir Alþingi samþykktir þær og ályktanir, sem gerðar hafa verið á þingunum í Seattle, Montreal og Geneve, og mun þá fylgja nánari greinargerð fyrir samþykktum og ályktunum I.L.O. almennt og skrá yfir allar þær samþykktir og ályktanir, sem til þessa hafa verið gerðar.

Fylgiskjal.

Greinargerð um skipulag og starfsháttu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Sögulegt yfirlit.

Eftir „fyrri heimsstyrjöldina" svonefndu, sem stóð yfir frá 1914 til 1918, var friður saminn í Versölum í Frakklandi. Sá friðarsamningur, sem þar var gerður, var undirritaður 28. júní 1919, og hefur hann ávallt síðan gengið undir nafninu **Versalasáttmálinn.**

Meginákvæði Versalasáttmálans voru þau, að stofnað skyldi þjóðabandalag, sem átti að gæta þess, að friður héldist í heiminum framvegis. Það átti að vaka yfir sambúð þjóðanna og vinna að því á ýmsan hátt að útrýma hvers konar ranglæti og misskilningi milli þjóða heimsins.

Í XIII. kafla Versalasamningsins eru ákvæði um það, að komið skuli á fót sérstakri stofnun, er hafi það hlutverk að reyna að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum, sem öll ríki eigi við að stríða og aðeins verði sigruð með sameiginlegum átökum þjóðanna. Er það sérstaklega tekið fram, að varanlegur friður verði ekki tryggður nema félagslegu réttlæti sé fyrst komið á **innan þjóðfélaganna** sjálfra, því að í því félagslega ranglæti, sem milljónir manna eigi við að búa í hinum ýmsu löndum, leynist vísirinn að árekstrum þeim, er einatt leiða til styrjalda þjóða í milli. Þessi kafli úr Versalasamningnum er enn þá — að vísu lítið eitt breyttur frá því, sem hann var 1918, — hafður sem forspjall eða inngangur að stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og er hann á þessa leið:

„Almennur og varanlegur friður verður einungis reistur á félagslegu réttlæti. Ríkjandi vinnuhættir hafa í för með sér slíkt óréttlæti, harðræði og skort, er bitnar á miklum fjölda manna, að af því leiðir ókyrrð, sem ógnar heimsfriði og eðlilegri þróun. Er því brýn þörf umbóta, t. d. með því að koma á fastri skipan um vinnutíma, þ. á m. um lengd vinnudags og vinnuviku, skipuleggja vinnuframboð, vinna gegn atvinnuleysi, tryggja hæfileg laun til sæmilegrar lífsafkomu, vernda verkalýð gegn sjúkdómum og slysum, er af störfum hans leiðir, vernda börn, ungmenni og konur, koma á ellitryggingum og örorku, gæta hagsmuna verkamanna, sem ráðnir eru til starfa utan heimalands síns, afla viðurkenningar á þeim meginreglum, að sömu laun komi fyrir sama starfa, svo og að menn séu frjálsir að því að stofna félög, þar með talin verkalýðs- og iðnfélög, og að mynda samtök, er miði að fræðslu um tæknileg og iðnfræðileg efni og því um líkt. Vanræksla þjóðar á því að koma á hjá sér mannúðlegum vinnuháttum er því þrándur í götu annarra þjóða, sem kappkosta að gera hjá sér umbætur í þessu efni.

Hinir háu samningsaðilar hafa því í nafni réttlætis og mannúðar og í því skyni að koma á þeim umbótum, er að framan greinir, til þess að tryggja varanlegan frið, samþykkt stofnskrá þessa."

Í síðari greinum áðurnefnds XIII. kapítula Versalasáttmálans er svo enn nánar kveðið á um stofnun þessara alþjóðasamtaka og meginlínurnar lagðar fyrir starfsemi hinnar nýju stofnunar. Stofnun þessi hlaut nafnið Alþjóðavinnumálastofnunin, eða The International Labour Organisation, eins og hún er nefnd á ensku. Til hægðarauka er nafn hennar að jafnaði skammstafað I. L. O. og sú skammstöfun notuð í

ræðu og riti, og verður svo gert jöfnum höndum í þessari greinargerð. I.L.O. er þannig eitt af mörgum afkvæmum hinnar fyrri heimsstyrjaldar, og nú er svo komið, að hún er hinn eini afsprengur gamla Þjóðabandalagsins, sem enn er á lífi. Sjálft Þjóðabandalagið gamla er úr sögunni og allar undirdeildir þess og stofnanir, sem því eru tengdar, nema Alþjóðavinnumálastofnunin. Hún lifir enn og hefur nú fengið ný og mikilvæg viðfangsefni og tengzt hinu nýja Þjóðabandalagi — Sameinuðu þjóðunum — á mjög svipaðan hátt og hún upphaflega var tengd Þjóðabandalaginu.

Stofnþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var háð í Washington í Bandaríkjunum vorið 1919, og þar var fyrsta stofnskrá þess samþykkt 11. apríl það ár. Alla tíð frá þeim tíma starfaði I.L.O. með líku sniði og það starfar í dag.

Öll þau ríki, sem stóðu að stofnun Þjóðabandalagsins gamla, voru sjálfkjörnir aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni, þegar hún var stofnsett, og hvert það ríki, sem gekk í Þjóðabandalagið gamla, varð um leið aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni. Flest munu aðildarríki I.L.O. hafa orðið 55 fyrir síðari heimsstyrjöldina.

Stofnunin hafði fast aðsetur í Genf í Sviss og reisti sér þar mikið og veglegt hús fyrir skrifstofur sínar og starfsemi. Það stendur niðri við Genfarvatn, örskammt frá höll gamla Þjóðabandalagsins. Þótt svo væri ráð fyrir gert í fyrstu, að alþjóðavinnumálaskrifstofan væri mjög tengd Þjóðabandalaginu, varð hún, er tímar liðu, næsta óháð stofnun, þar sem reynt var af fullkomnum heilindum að ráða bót á ýmsum mikilvægum vandamálum félagslegs eðlis, þó að fullkomin óheilindi ríki á sviði stjórnmála milli bandalagsþjóðanna, og verður ekki annað sagt en að stofnuninni hafi orðið mikið ágengt á ýmsum sviðum.

Alþjóðavinnumálastofnunin viðurkenndi þó ávallt samband sitt við Þjóðabandalagið, þar til í apríl 1946, er Þjóðabandalagið var formlega lagt niður.

Starfsemi I.L.O. varð að vonum ekki slík sem áður hafði verið, eftir að síðari heimsstyrjöldin hófst síðast á árinu 1939, og þegar Þjóðverjar fóru fyrir alvöru að láta til sín taka á meginlandinu árið 1940, var fyrirsjáanlegt, að stofnunin mundi algerlega einangrast, ef hún yrði áfram í Sviss. Flutti hún þá — 1940 — skrifstofur sínar og aðsetur frá Genf til Montreal í Kanada, og þar starfaði stofnunin áfram, að því leyti, sem um starf gat verið að ræða á ófriðartíma.

Árið 1941 var kvatt til allsherjarþings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í New York, og voru þar teknar ýmsar nauðsynlegar ákvarðanir varðandi stofnunina vegna ófriðarins, sem þá var í algleymingi. Eftir það sáu svo stjórn stofnunarinnar og neyðarráðstafananefndin (Emergency Committee) um rekstur stofnunarinnar, þar til ófriðnum var lokið.

Þegar sýnt þótti, hvernig fara mundi í ófriðnum, boðaði stjórn Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til allsherjarþings, er saman kom í Philadelfíu í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum 20. apríl 1944, og stóð það þing til 12. maí sama ár.

Hið merkasta, sem það þing gerði, var samþykkt yfirlýsingar um framtíðarhlutverk og markmið vinnumálastofnunarinnar. Er sú samþykkt nefnd „Philadelfíuyfirlýsingin“ og er talin marka hinn nýja tíma í sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. —

Philadelfíuyfirlýsingin er prentuð hér að framan sem viðbætir við stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og má af henni glögglega sjá, hver nú er stefna og markmið stofnunarinnar, og vísast því til hennar.

Þátttaka í stofnuninni.

Sérhvert sjálfstætt ríki getur gerzt aðili Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í stofnskrá þeirri, er nú gildir fyrir I.L.O., eru ákvæðin um aðild að stofnuninni þessi:

1. Öll þau ríki, sem voru aðilar að stofnuninni 1. nóv. 1945, geta haldið áfram að vera það án sérstakrar tilkynningar.
2. Öll þau ríki, sem voru aðilar að stofnun Sameinuðu þjóðanna, svo og hvert það

ríki, sem síðar gerist félagi í bandalagi Sameinuðu þjóðanna, verður af sjálfu sér aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni, ef það sjálft æskir þess.

3. Aðili verður og hvert það ríki, sem allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar samþykkir að veita viðtöku, en til þess samþykktin sé gild verða ⅔ atkvæða mættra fulltrúa á allsherjarþingi að fást með inntökubeiðninni.

Hvert það ríki, sem gerist aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni, verður á formlegan hátt að „játast undir skuldbindingar þær, er greinir í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar", eins og þetta er orðað í stofnskránni.

Af þessum ákvæðum um aðild að stofnuninni leiðir það, að ýmis ríki, sem ekki eru í bandalagi Sameinuðu þjóðanna, eru aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni, og einnig að önnur, sem eru í bandalagi Sameinuðu þjóðanna, eru ekki aðilar að I.L.O. Þannig má t. d. benda á, að Bandaríki Norður-Ameríku gerðust 1934 aðilar að I.L.O., þó að þau væru ekki félagi í gamla Þjóðabandalaginu, og hafa alla tíð síðan tilheyrt stofnuninni og borið að verulegu leyti fjárhagsbyrðar hennar. Hins vegar eru Sovétríkin, sem voru ein af stofnendum S. Þ. og ættu því að vera sjálfkjörinn aðili, ekki aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni. Hverju ríki er frjálst að hætta aðild sinni að stofnuninni, og öðlast slík úrsögn gildi eftir 2 ár, frá því hún berst stjórnendum stofnunarinnar, enda hafi viðkomandi ríki fullnægt öllum fjárhagslegum skuldbindingum sínum við stofnunina fyrir þann tíma.

Þau ríki, sem á þessu ári eru aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni, eru samtals 52, og eru þau þessi:

1. Afganistan
2. Argentína
3. Ástralía
4. Austurríki
5. Bandaríkin
6. Belgía
7. Bolivia
8. Brasilía
9. Búlgaría
10. Canada
11. Chile
12. Kína
13. Colombía
14. Costa-Rica
15. Cuba
16. Danmörk
17. Dominikanska lýðveldið
18. Egyptaland
19. Ecuador
20. Ethiopia (Abyssinia)
21. Finnland
22. Frakkland
23. Bretland
24. Grikkland
25. Guatemala
26. Haiti
27. Ungverjaland
28. Indland
29. Írak
30. Íran
31. Írland
32. Ísland
33. Ítalía
34. Líbería
35. Luxemburg
36. Mexico
37. Noregur
38. Nýja-Sjáland
39. Panama
40. Holland
41. Peru
42. Pólland
43. Portugal
44. Siam (Burma)
45. Suður-Afrika
46. Svíþjóð
47. Sviss
48. Tékkóslóvakía
49. Tyrkland
50. Uruguay
51. Venesuela
52. Jugoslavía.

Eins og sést af upptalningu þessari, eru það eiginlega aðeins Sovétríkin og Rúmenía, sem standa utan við, því að Þýzkaland og Japan eru ekki lengur til sem sjálfstæð ríki.

Það er takmarkið, sem að er stefnt, að öll sjálfstæð ríki á hnettinum, hvort sem þau eru lítil eða stór, verði aðilar stofnunarinnar, og virðist svo sem ekki sé allfjarri því marki eins og nú standa sakir. Þó hefur eitt ofantaldra ríkja sagt sig úr stofnuninni, en það er Jugóslavía.

Skipulag stofnunarinnar.

Í 2. gr. stofnskrár I.L.O. segir, að skipun fastastofnunarinnar skuli vera þessi:

1. Allsherjarþing fulltrúa frá þeim ríkjum, sem aðild eiga.
2. Stjórnarnefnd skipuð 32 mönnum.
3. Alþjóðavinnumálaskrifstofan, sem starfar undir umsjá stjórnarnefndarinnar.

Allsherjarþingið er þannig skipað, að þar eiga sæti 4 fulltrúar frá hverju ríki, sem aðild á að stofnuninni. Eru fulltrúar þessir tilnefndir af ríkisstjórn hvers lands, þannig að tveir þeirra eru sérstakir fulltrúar ríkisstjórnarinnar, en annar hinna tveggja skal tilnefndur eftir ábendingu frá heildarsamtökum atvinnurekenda, en hinn eftir ábendingu frá heildarsamtökum verkamanna hvers lands. Þessir fjórir fulltrúar eiga atkvæðisrétt á þinginu og mega greiða þar sjálfstætt atkvæði í öllum málum, sem fyrir þingið eru lögð. Hverri ríkisstjórn er auk þessara aðalfulltrúa heimilt að senda ráðunauta þeim til aðstoðar og fulltingis, og það er beinlínis lögboðið, að fjalli þing um málefni kvenna sérstaklega, skal a. m. k. einn ráðunautanna vera kona.

Ráðunautarnir mega þó ekki vera fleiri en tveir um hvert dagskrármál, nema um ríki sé að ræða, sem fer með utanríkismál landsvæðis, sem ekki er algerlega fullvalda, þá má það hafa fleiri ráðunauta, og eru um þetta settar nánari reglur.

Á þingi því, sem haldið var í sumar í Geneve í Sviss, var fulltrúa- og ráðunautafjöldi nokkurra þeirra ríkja, sem þar áttu fulltrúa, eins og hér segir:

Bandaríkin	33	Belgía	15
Bretland	38	Danmörk	13
Frakkland	30	Noregur	11
Kína	14	Svíþjóð	14
Kanada	15	Finnland	7
Indland	20	Ísland	4

Ekki er það skylda að senda fjóra fulltrúa, þó að til þess sé ætlazt, að svo sé gert. Ef fulltrúi kemur ekki nema frá öðrum hvorum, atvinnurekendum eða verkamönnum einhvers lands, nýtur sá fulltrúi ekki atkvæðisréttar á þinginu, en málfrelsi hefur hann þar og tillögurétt.

Allsherjarþing kemur saman einu sinni á ári, og er samkomustaður þess venjulega ákveðinn af næsta þingi á undan, en hafi svo ekki verið gert, ákveður stjórnin fundarstaðinn.

Allsherjarþingið fer með æðsta vald stofnunarinnar, að því leyti sem það er ekki beinlínis takmarkað af samningi þeim, sem nú hefur verið gerður milli stofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna.

Stjórnarnefndin er skipuð 32 mönnum, eins og áður er sagt. Val þeirra er allflókið. Sextán skulu kjörnir úr hópi fulltrúa ríkisstjórnanna, átta úr hópi fulltrúa atvinnurekenda á þinginu, en átta úr hópi fulltrúa verkamanna.

Af hinum 16 fyrirsvarsmönnum úr hópi ríkisstjórnafulltrúa skulu átta — eða helmingur — tilnefndir af aðaliðnaðarríkjum þeim, sem aðild eiga að stofnuninni, en hinir átta eru nefndir af þeim aðildarríkjum, sem til þess eru valin af ríkisstjórnarfulltrúunum á þinginu, öðrum en fulltrúum hinna fyrrnefndu 8 ríkja. Þess verður þó að gæta, að 6 af hinum 16 stjórnarmönnum, er ríkisstjórnarfulltrúar nefna, skulu vera úr hópi ríkja utan Evrópu.

Fyrirsvarsmenn atvinnurekenda í stjórnarnefnd eru nefndir af fulltrúum atvinnurekenda á þinginu og fyrirsvarsmenn verkamanna af verkamannafulltrúunum á þinginu. Tveir úr hvorum hópi skulu vera frá ríkjum utan Evrópu.

Starfstímabil stjórnarnefndarinnar er 3 ár, en ef kjör stjórnarnefndar fer ekki fram, einhverra orsaka vegna, við lok starfstímabilsins, gegnir stjórnarnefndin áfram störfum, þar til nýtt kjör hefur farið fram.

Þótt allsherjarþingið hafi æðsta vald í málum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er það samt stjórnarnefndin, sem meginþungi starfsins hvílir á og öll forusta fyrir stofnuninni. Stjórnarnefnd ákveður sjálf starfsreglur sínar og hvenær hún skuli halda fasta fundi. Þegar allt er með felldu í veröldinni, munu fundir hennar vera 3—4 sinnum á ári og þó oftar, ef mikil vandamál liggja fyrir þinginu til úrlausnar. Stjórnarnefndin velur úr sínum hópi formann og tvo varaformenn. Er

einn þeirra úr hópi stjórnarfulltrúa, annar úr hópi fulltrúa atvinnurekenda og sá þriðji úr hópi fulltrúa verkamanna.

Núverandi formaður stjórnarnefndarinnar er Sir Guildhaume Myrddin-Evans, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu í Bretlandi (Ministry of Labour and National Service of Great Britain), varaformaður af hálfu atvinnurekenda er Mr. Zellerbach frá Bandaríkjunum, en varaformaður af hálfu verkamanna er franski alþýðuforinginn Jouhaux.

Þau ríki, sem talin eru aðaliðnaðarríki og tilnefna fulltrúa í stjórnarnefndina samkvæmt því ákvæði, eru:

Belgía, Kanada, Kína, Frakkland, Indland, Holland, Bretland og Bandaríkin. Þau ríki, sem nú skipa menn í stjórnarfulltrúasæti, eru: Ástralía, Brasilía, Chile, Egyptaland, Mexico, Peru, Pólland og Sviþjóð.

Fulltrúar atvinnurekenda, sem nú skipa sæti í stjórninni eru frá eftirtöldum löndum:

Indlandi, Bretlandi, Suður-Afríku, Kína, Danmörku, Frakklandi, Mexico og Bandaríkjunum.

Fulltrúar verkamannasamtaka eftirtalinna landa eiga nú sæti í stjórnarnefndinni:

Kanada, Kína, Bretlands, Frakklands, Ástralíu, Mexico, Bandaríkjanna og Noregs.

Alþjóðavinnumálaskrifstofan (The International Labour Office), sem starfar undir umsjá stjórnarnefndarinnar og í raun og veru annast framkvæmdir allar fyrir stofnunina, er mikið fyrirtæki. Henni stýrir aðalforstjóri, sem skipaður er af stjórnarnefndinni, og ber hann ábyrgð á rekstri skrifstofunnar. Núverandi forstjóri er Írlendingur að nafni Edward Phelan. Fyrir ófriðinn síðasta hafði Alþjóðavinnumálastofnunin aðalaðsetur sitt í Genf í Sviss, eins og fyrr var sagt, og var þá aðalskrifstofan þar í hinni glæsilegu byggingu stofnunarinnar við Genfarsjó. En 1940 voru höfuðstöðvarnar fluttar til Montreal í Kanada vegna ófriðarins, og þar er enn þá mestur hluti skrifstofunnar, en dálítill hópur starfsfólks hefur verið fluttur til Genf.

Fast starfslið á skrifstofunum í Montreal og Genf er samtals um 400 manns, og er það af 35 þjóðernum eins og nú er. Undirforstjórar eru þrír — einn bandarískur, annar brezkur og sá þriðji franskur.

Auk aðalskrifstofunnar í Montreal og Genf eru útibú frá henni í Washington, London, París, Róm, New Dehli og Shanghai, og enn fremur er föst skrifstofa frá I.L.O. í sambandi við aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna.

Sérstakir umboðsmenn I.L.O. eru auk þessa hjá flestum þeim þjóðum, sem aðilar eru að stofnuninni.

Störf vinnumálaskrifstofunnar eru mikil og margþætt, eins og sést bezt á því, hversu margt manna hún hefur í þjónustu sinni. Mest ber á útgáfustarfsemi hennar og skýrslugerð um svo að kalla alla þá hluti, sem á einhvern hátt snerta hið víðtæka verksvið hennar. Auk þess að undirbúa öll mál fyrir allsherjarþingið og stjórnarnefndarfundi, sem er mikið verk og krefst oft mikillar sérþekkingar, hvílir sú skylda á skrifstofunni að veita öllum ríkjum, sem þess óska, og hvort sem þau eru aðilar að I.L.O. eða ekki, allar þær upplýsingar og leiðbeiningar, sem stofnunin getur í té látið viðvíkjandi lagasetningu um félagsmál og heilsuvernd, heildarvinnusamninga eða hvað annað, sem I.L.O. hefur skýrslur um, ef ríki það, sem í hlut á, er að undirbúa einhverja slíka þýðingarmikla löggjöf hjá sér. Í krafti þessa ákvæðis var það, sem I.L.O. veitti Íslandi mjög glöggar og þýðingarmiklar upplýsingar og leiðbeiningar, er undirbúningur að núverandi tryggingalöggjöf fór fram hér.

Alþjóðavinnumálaskrifstofan gefur út fjölda bóka á hverju ári. Merkasta rit þess er „International Labour Review“ — Alþjóðavinnumálatímaritið —, er kemur út mánaðarlega og er að jafnaði um 1600 síður á ári í allstóru broti.

Þá koma og út tvö ársfjórðungsrit á vegum skrifstofunnar, sem nefnast „Industrial Safety Survey“ og „Legislative Series“, og enn fremur koma út einu sinni á ári ritið „Official Bulletin“, Year Book of Labour Statistics, Bibliography of Industrial Hygiene og fjöldi smærri bóka og bæklinga um ýmisleg málefni.

Flestallt, sem stofnunin gefur út, er prentað og gefið út á þrem tungumálum: ensku, frönsku og spánsku. Spánskan er notuð vegna þess, hve útbreidd hún er í Suður-Ameríkuríkjunum, en þau eru flestöll aðilar að stofnuninni.

Allmargar fastanefndir starfa á vegum stofnunarinnar. Þessar eru helztar:

Siglingamálanefnd, landbúnaðarnefnd, slysavarnanefnd, heilbrigðismálanefnd, nefnd, sem fjallar um vinnu kvenna, nefnd, sem fjallar um félagsmál á landsvæðum, sem ekki eru sjálfstæð, alþjóða-framleiðslumálanefnd, nefnd, sem fjallar um eðlilega fólksflutninga milli landa, hagfræðinganefnd og sérfræðinganefnd, er fjallar um framkvæmd samninga og ályktana frá þingi I. L. O. Enn fremur starfa nokkrar fastanefndir á vegum stofnunarinnar, er fylgjast eiga með þróun og framkvæmdum í ýmsum tilteknum iðngreinum. Eins og sakir standa eru slíkar nefndir nú starfandi í þessum greinum: Kolanám, vefnaður, byggingar, opinberar framkvæmdir, málmiðnaður, járn- og stálframleiðsla, flutningar innanlands, framleiðsla og hreinsun steinolíu, efnagerðir.

Nefndir þessar eru skipaðar og samansettar með ýmsum hætti, en allar gefa þær á ákveðnum tímum skýrslu til stjórnarnefndarinnar.

Auk þessara fastanefnda stofnunarinnar eru nokkrar nefndir starfandi innan sjálfrar stjórnarnefndarinnar, og eru þeirra merkastar fjárhagsnefndin og vinnumálanefndin. Hér skal ekki nánar rekja störf þessara nefnda, enda yrði það langt og mikið mál, ef gera ætti því góð skil. Þó er rétt að benda á það, að nefndir þessar safna miklum gögnum hver á sínu sviði, og þar sem í þeim sitja ýmsir af hæfustu mönnum margra þjóða, hver í sinni grein, er bert, að tillögur þær, sem frá þeim koma til stjórnarnefndar og þings, eru oft það bezta í þeim efnum, sem völ er á nokkurs staðar.

Aðalforstjórinn er yfirmaður vinnumálaskrifstofunnar og sér um, að starfræksla hennar fari sæmilega úr hendi. Hann er í aðaldráttum bundinn við ákveðnar starfsreglur, sem stjórnarnefndin setur honum, en að öðru leyti er hann allsjálfstæður í starfi sínu.

Það er skýrt fram tekið í lögum stofnunarinnar, að hvorki aðalforstjóri né starfslið hans megi leita fyrirmæla né taka við fyrirmælum frá nokkurri ríkisstjórn né öðrum yfirvöldum utan stofnunarinnar, og að þeir skuli varast hverja þá athöfn, er ekki samrýmist stöðu þeirra sem samþjóðlegra embættismanna.

Hvert það ríki, sem aðili gerist að I.L.O., skuldbindur sig einnig til að hlíta því, að skyldur aðalforstjóra og starfsliðs stofnunarinnar eru að öllu leyti samþjóðlegs eðlis, og þau skuldbinda sig til þess að gera ekki tilraunir til að hafa áhrif á þá við framkvæmd skyldustarfa þeirra.

Sambandið milli I.L.O. og ríkja þeirra, sem aðilar eru að stofnuninni, er með þrennu móti.

Fyrst það, að öll samskipti fara fram um hendur utanríkisráðuneytis viðkomandi ríkis, með líkum hætti og tíðkast um venjuleg milliríkjaviðskipti.

Annað það, að sérhvert ríki getur, ef það vill, tilnefnt sérstakan fulltrúa í heimalandi sínu, sem hefur þessi mál með höndum fyrir ríkið, og fara þá öll mál beint um hendur hans til aðalforstjórans eða skrifstofunnar. Langflest ríki hafa þessa tilhögun á sambandi sínu við stofnunina, og þykir það gefast bezt.

Loks eru svo þau ríki, sem eiga fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Fulltrúar þeirra þar — þ. e. a. s. fulltrúar ríkisstjórnanna aðeins — eru þá sjálfkjörnir fulltrúar lands síns gagnvart I.L.O., og fara öll samskipti ríkisins við stofnunina um hendur þeirra.

Í stofnskrá I.L.O. er svo ákveðið, að stofnuninni sé skylt að „hafa samvinnu við hverja þá almenna, samþjóðlega stofnun, sem falið hefur verið það verkefni að samhæfa starfsemi opinberra, samþjóðlegra stofnana, er sérstökum hlutverkum

gegna", og enn fremur er henni gert að skyldu að hafa sem nánast samstarf við „viðurkenndar samþjóðlegar stofnanir, sem ekki eru reistar á sáttmálum ríkisstjórna, þar á meðal alþjóðasamböndum atvinnurekenda, verkamanna, bænda og samvinnumanna." Eiga þessar stofnanir og sambönd þess vegna ávallt áheyrnarfulltrúa á þingum I.L.O. og hafa margvíslegt samstarf við stofnunina.

Fjármál.

Eins og geta má nærri, kostar það allmikið fé að starfrækja slíkt alheimsfyrirtæki sem Alþjóðavinnumálastofnunin er. Upphaflega var svo til ætlazt, að kostnaður við stofnunina yrði greiddur að mestu leyti af tillagi þjóðanna til gamla Þjóðabandalagsins, en brátt sýndu sig ýmsir annmarkar á því fyrirkomulagi. Í 13. gr. núgildandi stofnskrár er þó gert ráð fyrir því, að kostnaðurinn við I.L.O. geti orðið að einhverju eða öllu leyti borinn uppi af sjóði Sameinuðu þjóðanna. En sú skipun er ekki enn komin á, og þess vegna eru aðrar leiðir farnar um fjáröflun til stofnunarinnar. Í samþykktum hennar segir, að sérhvert aðildarríki skuli greiða ferðakostnað og dvalarkostnað fulltrúa sinna og ráðunauta þeirra á allsherjarþingi og í stjórnarnefnd, en allur annar kostnaður við þinghaldið og stjórn og rekstur stofnunarinnar greiðist úr sameiginlegum sjóði hennar, þar á meðal allur rekstrarkostnaður alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

Um leið og eitthvert ríki ákveður aðild sína að stofnuninni, er gert samkomulag milli viðkomandi ríkisstjórnar og stjórnar I.L.O. um það, hvert tillag ríkisins skuli vera.

Lægsta árlegt tillag er ein „unit", eða ein „gjaldeining." Þessar gjaldeiningar geta bæði minnkað og stækkað eftir þörfum stofnunarinnar, en gjaldeiningum má ekki fjölga nema með samkomulagi við hin einstöku ríki. Alls eru gjaldeiningarnar nú 784. Hver gjaldeining er eins og nú er ástatt sem næst 5000 Bandaríkjadollurum eða 21 þús. svissneskum frönkum, og eru það einu myntirnar, sem stofnunin tekur á móti greiðslu í. Tillag Íslands til stofnunarinnar er ein „unita" eða ein gjaldeining árlega, og umreiknað í íslenzka peninga nemur árstillagið um 30 þúsund krónum.

Hæsti gjaldandi til stofnunarinnar eru Bandaríkin, sem borga árlega 150 „unitur" , eða 3,3 milljónir svissneskra franka, en það eru um 5 milljónir íslenzkra króna. Næst í röðinni er Bretland með 108 „unitur" og þriðja er Frakkland með 80 „unitur", Indland, Kína, Kanada, Brasilía, Ástralía og Argentína greiða yfir 20 „unitur" hvert, en tillag Norðurlandaríkjanna er sem hér segir:

Svíþjóð	19	„unitur"	ca. 95	þús.	dollara.
Danmörk	10	—	— 55	—	—
Noregur	8	—	— 44	—	—
Finnland	4	—	— 22	—	—
Ísland	1	—	— 5	—	—

Í lægsta flokknum, sem greiðir eina gjaldeiningu eða ca. 5000 dollara, eru auk Íslands þessi ríki: Afganistan, Costa-Rica, Dominikanska lýðveldið, Ecuador, Ethiopia (Abyssinía), Guatemala, Haiti, Luxemburg, Panama og Jugoslavía. Öll eru þessi ríki fólksfleiri en Ísland og sum margfalt stærri. Ísland mun greiða hæst gjald til stofnunarinnar allra ríkja, ef miðað er við fólksfjölda einan saman.

Heildartekjur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru áætlaðar fyrir árið 1948 18,6 milljónir svissneskra franka, eða um 27 millj. íslenzkra króna. Af þeirri upphæð eru 17,2 millj. svissneskra franka tillög frá aðildarríkjum stofnunarinnar, en 1,4 millj. svissneskra franka er annars staðar að.

Aðalútgjaldaliðirnir eru tveir:

1. Kostnaður við þing og stjórn, áætlaður 1948 kr. 1,6 millj. svissneskra franka
— og —

2. rekstrarkostnaður vinnumálaskrifstofunnar, áætlaður 14.7 millj. svissneskra franka.

Aðrir útgjaldaliðir eru smáir.

Svo er fyrir mælt í samþykktum I.L.O., að fjárhagsáætlunin og niðurjöfnunin á gjöldum ríkisstjórnanna til stofnunarinnar skuli „samþykkt af nefnd, sem skipuð sé fyrirsvarsmönnum ríkisstjórnanna."

Er þetta framkvæmt á þann hátt, að annar hinna tveggja fulltrúa ríkisstjórnanna, er allsherjarþingið sitja, tekur sæti í fjármálanefnd þingsins. Eiga þannig allar ríkisstjórnir, er þing sækja, fulltrúa í fjármálanefndinni. Er þar fjallað um áætlunina lið fyrir lið, áður en hún fer fyrir þingið. Nokkuð hefur borið á óánægju með þetta greiðslufyrirkomulag, og mun næsta þing I.L.O. varla líða svo, að ekki verði hreyft breytingum á því. Ber það sérstaklega til, að styrjöldin hefur gerbreytt efnahagsástæðum þjóðanna. Sumar þær þjóðir, sem voru forríkar fyrir stríð, eru nú bláfátækar, svo sem Bretar og Frakkar og fleiri Evrópuþjóðir. Aðrar þjóðir, sem þá voru fremur fátækar, eru nú aftur á móti vel stæðar og sumar auðugar, og eru í þeim hópi einkum Suður-Ameríkuþjóðirnar.

Sú skoðun virðist helzt eiga byr meðal þeirra, er sátu í fjármálanefndinni á s. l. þingi, að ef fjárhagsgrundvelli stofnunarinnar yrði breytt, yrði skattur þeirra til Sameinuðu þjóðanna lagður grundvöllur fyrir greiðslum þeirra til I.L.O., og sýnist það ekki ranglátt. Af þeirri breytingu mundi það leiða, að Ameríkuríkin mundu greiða miklu hærri gjöld en þau gera nú, og Evrópuríkin minna, en hætt er þá einnig við, að áhrifa Vesturheimsríkjanna mundi gæta miklu meira en nú á þingum stofnunarinnar og í stjórnarnefndinni.

Lagabreytingar o. fl.

Ekki er hægt að breyta samþykktum eða stofnskrá I.L.O. nema á allsherjarþingi stofnunarinnar sjálfrar, og þarf til þess ⅔ greiddra atkvæða viðstaddra fulltrúa. Breytingar, sem þannig eru gerðar, öðlast gildi þegar þær hafa verið fullgiltar eða samþykktar af ⅔ aðildarríkja stofnunarinnar. Úr öllum vafaatriðum og ágreiningi varðandi stofnskrá eða alþjóðasamþykktir, sem I.L.O. stendur að, svo og öllum ágreiningi, sem upp kann að koma milli einstakra ríkja og I.L.O. og ekki verður jafnaður með öðrum hætti, skal skorið af milliríkjadómstólnum í Haag.

Alþjóðavinnumálastofnunin nýtur þeirra forréttinda og undanþáguréttinda á landsvæðum sérhvers aðildarríkis, sem hún þarfnast til að ná markmiðum sínum. Sömu réttinda njóta einnig fulltrúar á allsherjarþingi, stjórnarnefndarmenn, aðalforstjóri og embættismenn vinnumálaskrifstofunnar, meðan þeir leysa af hendi störf sín í sambandi við eða á vegum stofnunarinnar.

Samþykktir og ályktanir.

Alþjóðavinnumálastofnunin starfar með þeim hætti aðallega, er nú verður greint:

Stjórnarnefnd, ríkisstjórn aðildarríkis, samtök atvinnurekenda og samtök verkamanna svo og fulltrúar á allsherjarþingi geta borið fram tillögur um, að á dagskrá skuli tekið ákveðið mál og um það gerð samþykkt eða ályktun, þyki það til þess fallið, eftir að alþjóðavinnumálaskrifstofan hefur um það fjallað og safnað þeim gögnum, sem nauðsynleg eru.

Sama rétt hefur aðalritari Sameinuðu þjóðanna, og mun stofnuninni skylt að taka málið fyrir, ef óskir um það koma þaðan.

Slík tillaga um upptöku máls er þá borin fram af stjórnarnefnd á allsherjarþingi, og hljóti hún þar samþykki ⅔ hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa, skal málið tekið fyrir til afgreiðslu á næsta þingi. Frá því sú samþykkt fer fram og þar til það þing byrjar, sem málið skal afgreiða, vinnur alþjóðavinnumálaskrifstofan að því að safna gögnum og skýrslum um málið, og eru þær upplýsingar allar prentaðar í glöggri greinargerð, sem fylgir málinu til þingsins. Oft eru greinargerðir þessar stórar bækur og stundum raunar margar bækur.

Stjórnarnefndin leggur málin fyrir allsherjarþingið, og þar er þeim vísað til nefnda, sem sérstaklega eru kosnar til að fjalla um þau. Nefndirnar skila svo áliti til þingsins og breytingartillögum við þau ákvæði, sem þær telja, að umbóta þurfi. Fer málið síðan undir atkvæði annaðhvort sem alþjóðasamþykkt (convention) eða sem ályktun (recommendation). Náist við lokaatkvæðagreiðslu ⅔ atkvæða viðstaddra fulltrúa með málinu, er það samþykkt, en fallið að öðrum kosti.

Sá munur er á alþjóðasamþykkt, sem þing I.L.O. gerir, og ályktun frá því, að ætlazt er til, að aðildarríki stofnunarinnar geti fullgilt eða samþykkt alþjóðasamþykktina og komið á hjá sér ýmislegri löggjöf í samræmi við hana, en ályktunin er aðeins leiðbeinandi og gerð þegar málefni það, sem til meðferðar er, telst ekki eins og á stendur hæft eða lagað til að gera um það alþjóðasamþykkt. Um fullgildingu ályktana er því aldrei að ræða.

Þegar alþjóðasamþykkt hefur verið gerð, skal senda hana öllum aðildarríkjum stofnunarinnar til fullgildingar.

Sérhvert ríki er skuldbundið til, innan eins árs frá lokum síðasta allsherjarþings — og ef sérstakar ástæður hindra, þá svo fljótt sem verða má og aldrei síðar en 18 mánuðum eftir þing, — að leggja samþykktina fyrir þann eða þá handhafa opinbers valds — þjóðþingin — sem málið ber undir, til þess að lög geti orðið sett henni til framkvæmdar eða aðrar ráðstafanir gerðar. Engu aðildarríki er skylt að samþykkja fyrir sitt leyti, eða fullgilda eins og það er kallað, alþjóðasamþykkt, en til þess er auðvitað ætlazt, að ríkin geri það, ef efni samþykktanna er slíkt, að samrímist ástæðum í viðkomandi landi. Samþykki aðildarríki alþjóðasamþykkt, ber að tilkynna það aðalforstjóra I.L.O. og jafnframt að láta alþjóðavinnumálaskrifstofuna fylgjast með því, sem gert er til að framkvæma ákvæði alþjóðasamþykktar. Ef aðildarríki hins vegar samþykkir ekki alþjóðasamþykkt, hvílir ekki frekari skylda á því, nema hvað skylt er að gefa alþjóðavinnumálaskrifstofunni skýrslur við og við um löggjöf og stjórnarframkvæmdir, sem varða atriði, er samþykktin tekur yfir, og sé þá skýrt frá því, í hve ríkum mæli ákvæði samþykktarinnar eru framkvæmd eða er ætlað að verða framkvæmd með löggjöf, stjórnsýslu, samningum stéttarfélaga eða á annan hátt.

Ályktun (recommendation) skal á sama hátt senda öllum aðildarríkjum I.L.O. til athugunar, í því skyni að lög verði sett henni til framkvæmdar eða aðrar ráðstafanir gerðar. Þær skal einnig leggja fyrir þing og stjórn innan árs, og gilda um það allt sömu ákvæði og um alþjóðasamþykktir. Greinileg ákvæði um þetta atriði eru í 19. gr. 6. a—d.

Það er skýrt tekið fram í stofnskrá I.L.O., að hvorki skuli samþykkt né ályktun, er allsherjarþing hefur gert, né fullgilding aðildarríkis á alþjóðasamþykkt, „teljast hnekkja neinum lögum, úrskurðum, venjum eða samningum, sem tryggja verkamönnum, er í hlut eiga, hagstæðari kjör en þau, sem kveðið er á um í alþjóðasamþykktinni eða ályktuninni".

Alþjóðasamþykktir eru aðeins bindandi fyrir þau aðildarríki, sem fullgilda þær.

Hverju ríki ber að senda árlega skýrslur til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um ráðstafanir þær, sem það hefur gert til að framkvæma ákvæði alþjóðasamþykkta þeirra, sem það er aðili að.

Úr öllum meiri háttar ágreiningi, sem upp kemur, og vafaatriðum, er varða skýringu á stofnskránni og á alþjóðasamþykktum, skal skorið af milliríkjadómstólnum í Haag. Stjórnarnefndin getur þó eftir ýmsum leiðum og með undirdómsstigum reynt að jafna ágreininginn, og eru nánari ákvæði um það í stofnskránni.

Eins og fyrr segir, eru nú 52 ríki aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni. Ef þau sendu öll fulla tölu fulltrúa, væri þing stofnunarinnar skipað 208 atkvæðisbærum fulltrúum.

Þegar þing kemur saman og þingsetning hefur farið fram, skiptist þingið í þrjá flokka. Í einum flokknum eru fulltrúar allra ríkisstjórna, öðrum fulltrúar atvinnu-

rekenda og í hinum þriðja fulltrúar verkamanna. Hver flokkur kýs sér formann og varaformann og skrifara, og halda svo flokkarnir reglulega fundi upp frá því og til þingloka. Ber mjög á innbyrðis samheldni um flesta hluti innan flokks verkamannafulltrúanna og flokks atvinnurekendanna, en flokkur stjórnarfulltrúanna er oftast mjög skiptur. Kemur það oftlega fyrir, að fulltrúar verkamanna standa sem einn maður gegn ýmsum tillögum frá atvinnurekendum, og atvinnurekendur gjalda þá stundum í sömu mynt. Verða það þá oftast fulltrúar ríkisstjórnanna, sem úrslitum ráða.

Þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar standa oftast yfir um þriggja vikna tíma.

Sþ. 68. Tillaga til þingsályktunar

um fávitahælið á Kleppjárnsreykjum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja á næsta sumri byggingarframkvæmdir á Kleppjárnsreykjum, í því skyni að þar megi innan þriggja ára koma fyrir öllum þeim fávitum, sem þurfa á hælisvist á vegum þjóðfélagsins.

Greinargerð.

Hér á landi munu vera a. m. k. 200 fávitar, sem þurfa með hælisvistar. Af þeim munu nú vera um 24 á Kleppjárnsreykjum, í þeirri byggingu, sem eitt sinn var læknissetur og sjúkraskýli. Á stríðsárunum átti að nota þetta hús sem vinnuheimili fyrir vandræðastúlkur. Var í því skyni varið stórfé til að endurbæta húsið, en lítið varð þó úr raunhæfum framkvæmdum í það sinn.

Fávitamálið er eitt af hinum vanræktu vandamálum þjóðfélagsins. Heilbrigðisstjórnin hefur sýnt átakanlegt hirðuleysi í þessu efni. Þar sem fáviti er á heimili, liggur oft við, að fjölskylda hans sundrist. Foreldrar kljúfa að vísu þrítugan hamarinn til að láta þessum sjúklingum í té húsnæði og framfærsluskilyrði, þó að nærvera fávitans sé hinn þyngsti kross, sem unnt er að leggja á nánustu vandamenn. Þegar heilbrigðisstjórnin lét árin líða án þess að gera nokkuð í málinu, varð ung stúlka úr Reykjavík, Sesselja Sigmundsdóttir, til að hefja nokkra starfsemi til úrbóta í þessu efni. Reisti hún fávitahæli á hverajörð í Grímsnesi og tók árum saman við allmörgum fávitum frá einstökum mönnum og sveitarfélögum. Var styrkur mannfélagsins til þessarar forstöðukonu oftast goldinn í skjaldaskríflum og baugabrotum og með lítilli viðurkenningu fyrir hennar þýðingarmikla starf. Kom þar loks, að heilbrigðisstjórnin lét leggja niður hælið í Grímsnesi til ómetanlegs tjóns fyrir mörg heimili, sem hefðu getað fengið þar nokkra aðstoð í miklu vandamáli. Upp úr þessu var tekið til bragðs að koma rúmlega 20 fávitum fyrir á Kleppjárnsreykjum. En hælið er of lítið, svo að rekstur þess verður óeðlilega dýr. Munu nú vera á kaupi allt að 10 manns vegna hælisins, og er þó ekki með talinn héraðslæknirinn, sem á heima á staðnum og sinnir þessum sjúklingum eins og öðru fólki í héraðinu, eftir því sem með þarf. Nú er talið, að heilbrigðisstjórnin hafi í hyggju að reisa stórhýsi yfir alla fávita í Kópavogi. Er því borið við, að ekki sé hægt að fá hjúkrunarfólk til að sinna sjúklingum nema í Reykjavík og útjöðrum bæjarins. Ef þetta er rétt, verður að líkindum að flytja alla Íslendinga til höfuðstaðarins, en meðan það er ekki gert, verður að hafa ýmiss konar menningarstarfsemi í öðrum kaupstöðum, kauptúnum og sveitum. Fullvíst má telja, að það verður að byggja hæli yfir alla fávita. Ef hælið er í sveit og á jarðhitastað, getur húsakostur þess og dag-

legur rekstur orðið miklu ódýrari en í Kópavogi: Ríkið á Kleppjárnsreyki, og jarðhitinn þar er svo mikill, að nægja mundi stóru kauptúni til allrar hitunar. Fávitahæli, sem bætti úr þörfum allra landsmanna, mundi verða að sjá fyrir hitaþörf mörg hundruð manna, auk hjúkrunarfólks. Áreiðanlega mundi ríkissjóður verða að greiða mikið fé árlega fyrir það hitamagn, sem slíkt hæli yrði að kaupa í Kópavogi, vegna hitunar herbergja, eldamennsku og þvotta. Sennilega yrði heppilegast að fá til starfa á Kleppjárnsreykjum við fávitahælið nokkuð af giftum mönnum, sem fengju aðstöðu til að reisa nýbýli á staðnum og tryggðu sér varanlega atvinnu um leið og þeir stunduðu nokkurn búskap. Þó að erfitt hafi verið um fólksráðningar til sveita, meðan her Engilsaxa veitti hundruðum milljóna í vinnulaun í Reykjavík og í nánd við bæinn, breytist sú aðstaða í heilbrigða átt, þegar búið er að eyða þessum skjótfengna gróða. Mun þess ekki langt að bíða úr þessu. Kleppjárnsreykir liggja í einni beztu sveit landsins og er þar gott til matfanga. Vinna einstakra fávita mundi notast þar betur en við fjölfarnasta þjóðveg landsins, milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Það er auk þess verulegt atriði, að héraðslæknir Borgfirðinga, sem hefur fremur lítið umdæmi, mundi vafalaust geta komizt yfir að sinna læknisaðgerðum í hælinu, eins og hann gerir nú.

Nd. 69. Frumvarp til laga

um ölgerð og sölumeðferð öls.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Steingrímur Steinþórsson, Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Öl, sem hefur undir 1,8% af áfengi að vigt, telst óáfengt, en sterkara öl telst áfengt.

2. gr.

Um leyfi til ölgerðar og sölu öls, sem ekki telst áfengt, fer eftir lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. En leyfi til áfengrar ölgerðar getur fjármálaráðherra veitt til 10 ára í senn gegn 40000 kr. gjaldi, sem rennur í ríkissjóð. Þó má eigi leyfa sterkari ölgerð en nemi 4% af áfengi að vigt, þegar það er fullgerjað.

3. gr.

Um gjald af óáfengu öli fer eftir lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

4. gr.

Af áfengu öli greiðist í ríkissjóð kr. 1.50 af hverjum lítra, sem framleiddur er til sölu innanlands, en 10 aurar af því, sem út er flutt.

5. gr.

Þeim, er hlotið hafa leyfi til framleiðslu áfengs öls samkvæmt 2. gr., er heimil sala á því til einstakra manna, verzlana og opinberra veitingastaða, þó eigi minna í senn en sem nemur 25 ½flöskum.

6. gr.

Fyrirmæli laga um innlendar tollvörutegundir gilda að öllu öðru leyti um hið áfenga öl, eftir því sem við getur átt.

7. gr.

Ákvæði annarra laga, sem koma í bága við lög þessi, eru hér með úr gildi numin.

8. gr.

Tekjum þeim, sem ríkissjóður hefur af sölu áfengs öls, skal fyrst um sinn varið til þess að byggja og reka fullkomin fjórðungssjúkrahús í Vestfirðinga-, Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi. Enn fremur til þess að koma upp sjúkraskýlum og læknisbústöðum í sveitum og kauptúnum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að leyfð verði bruggun létts, áfengs öls hér á landi.

Tilgangur flutningsmanna með því er tvíþættur. Í fyrsta lagi sá að draga úr hinni miklu neyzlu sterkra drykkja og í öðru lagi að afla ríkissjóði tekna til framkvæmda í aðkallandi menningarmálum. Bruggun slíks öls er nú talin sjálfsögð og eðlileg í flestum löndum. Með þeim þjóðum, sem við Íslendingar höfum mest skipti við og teljum okkur skyldastar, Norðurlandaþjóðunum, Þjóðverjum og Englendingum, stendur þessi iðnaður á gömlum merg, og framleiðsla hans nýtur mikilla vinsælda. Öli er þar skipað á bekk með sjálfsögðum neyzluvörum. Ölvun og drykkjuskapur af völdum þess þekkist trauðla. Er það af öllum, sem til þekkja, álitið, að þessar þjóðir umgangist áfengi með meiri siðmenningarbrag en við Íslendingar.

Skilyrði til ölgerðar eru af kunnáttumönnum talin óvenju góð hér á landi. Skiptir í því sambandi miklu máli, hversu hreint og gott vatn er hér nærtækt. Erlent hráefni til ölgerðar, malt, humlar og öllitur, er ekki dýrt. Sú gjaldeyriseyðsla, sem leiddi af innkaupum þess, yrði auðveldlega unnin upp í útflutningi ölsins. Sjálfsagt virðist, að hið erlenda starfslið Keflavíkurflugvallarins kaupi hið íslenzka öl, meðan það er hér, og yrði þá tekið fyrir hinn óviðfelldna innflutning þess á þessum vörum. Á styrjaldarárunum brugguðu Íslendingar áfengt öl fyrir hið erlenda herlið, sem hér dvaldi. Þótti það góð vara, og féll hinum ölvönu útlendingum vel í geð. En sala á því var ekki leyfð til Íslendinga sjálfra. Líklegt má telja, að Íslendingar geti fljótlega, eftir að þeir hafa hafið ölgerð, hafið útflutning á þessari framleiðslu. Yrði það nýr liður í útflutningsverzlun þjóðarinnar og líklegur til þess að skapa henni nokkrar gjaldeyristekjur, ef til vill verulegar, er tímar líða.

Í frv. er lagt til, að ekki megi leyfa sterkari ölgerð en nemi 4% af áfengi að vigt, þegar ölið sé fullgerjað. Er það í samræmi við hliðstæð ákvæði annars staðar, að áfengismagnið er miðað við vigt, en ekki rúmtak.

Leyfisgjaldið þótti flm. hæfilega ákveðið 40 þús. kr., en eru þó reiðubúnir til þess að ræða það atriði nánar.

Um tekjur ríkissjóðs af slíkri ölgerð er ekki gott að fullyrða fyrirfram. En líklegt má telja, að þær muni verða allmiklar. Í frv. er lagt til, að af hverjum lítra, sem seldur er innanlands, greiðist kr. 1.50 í ríkissjóð, en 10 aurar af hverjum lítra útfluttum.

Í frv. er lagt til, að tekjum ríkissjóðs af sölu áfengs öls verði fyrst um sinn varið til þess að koma upp og reka fullkomin fjórðungssjúkrahús í Vestfirðinga-, Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi. Á undanförnum þingum hafa verið uppi tillögur um fjárveitingu til slíkra stofnana, en framkvæmdir hafa strandað á féleysi ríkissjóðs. Hér er um merkilegt heilbrigðismál að ræða, sem illa þolir, að dragist enn á langinn. En engar líkur eru til, að ríkissjóður eigi hægra með að sinna því nú eða næstu ár en á undanförnu nægtatímabili. Þá er lagt til, að bygging sjúkraskýla og læknisbústaða í sveitum og kauptúnum verði styrkt með þessum nýju tekjum ríkissjóðs. Í mörgum sveitum og kauptúnum er bygging slíkra húsa aðkallandi nauðsyn. Ríkissjóður hefur nú tekið að sér að byggja embættishúsnæði yfir

héraðsdómara, hæstaréttardómara og presta. Ber áreiðanlega ekki minni nauðsyn til þess, að hann byggi yfir héraðslækna og skapi þeim aðstöðu til þess að hafa sjúklinga sína hjá sér.

Það er fyllilega í samræmi við anda þessa frv., að lagt er til, að tekjur ríkissjóðs af því, ef að lögum verður, renni til stuðnings við heilbrigðis- og menningarmál. Það er í senn menningar- og heilbrigðismál, að Íslendingar dragi úr hinni óhóflegu neyzlu sterkra drykkja. Hún er þjóðinni til vansæmdar og tjóns. Hver einasti maður, sem hugsa vill öfgalaust um þessi mál, veit, að sala létts, áfengs öls mundi draga úr brennivínsdrykkjunni. Það, sem gerðist, yrði fyrst og fremst það, að þjóðin drykki meira af meinlausu öli, en minna af hættulegu og heilsuspillandi nautnalyfi.

Íslendingar fara illa með vín. Það er staðreynd, sem ekki verður gengið á snið við, því miður. En þeir munu halda áfram að gera það, ef ekkert er gert til þess að skapa aukna umgengnismenningu á þessu sviði. Framleiðsla og sala góðs öls í landinu sjálfu er tilraun til umbóta. Sú tilraun er ekkert fálm út í loftið. Reynsla fjölmargra menningarþjóða hefur sannað árangur hennar. Þess vegna verður að vænta þess, að þessu frv. verði tekið af skilningi á því mikla vandamáli, sem það miðar að umbótum á.

Sþ. 70. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Till. til þál. um framkvæmd samningsins um Keflavíkurflugvöllinn.

Frá Jörundi Brynjólfssyni, Pétri Magnússyni og Guðmundi Í. Guðmundssyni.

Í því trausti, að ríkisstjórnin gæti hagsmuna Íslands örugglega við framkvæmd samningsins um Keflavíkurflugvöll, telur Alþingi ástæðulaust að gera nú frekari samþykkt og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 71. Tillaga til þingsályktunar

um uppeldisheimili.

Flm.: Kartín Thoroddsen. Gylfi Þ. Gíslason, Sigurður E. Hlíðar. Helgi Jónasson, Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að stofnun athugunarstöðva fyrir börn, sem eru andlega miður sín, og uppeldisheimila fyrir pilta og stúlkur, sem eru á glapstigum siðferðislega, sbr. lög um vernd barna og ungmenna nr. 29 9. apríl 1947.

Greinargerð.

Í lögum þeim um vernd barna og ungmenna, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi, er kveðið svo á, að stofnunum þeim, sem um ræðir í þessari þáltill., skuli komið á fót, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum. Augljóst er, að þar sem hér er um nýmæli að ræða, er þörf allmikils undirbúnings, áður en hægt er að hefja framkvæmdir, og miðar till. þessi að því, að slíkur undirbúningur verði hafinn nú þegar.

Sams konar till. var flutt í lok síðasta þings, en hlaut þá eigi afgreiðslu sökum anna þingsins. Með greinargerð fyrir þeirri till. var prentað sem fylgiskjal bréf frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, dags. 19. maí 1947, til heilbrigðis- og félagsmálanefndar varðandi þetta mál. Er það endurprentað hér á eftir.

Fylgiskjal.

BARNAVERNDARNEFND REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 19. maí 1947.

Í frumvarpi því til laga um vernd barna og ungmenna, sem lagt var fyrir Alþingi s. l. vetur, var gert ráð fyrir því, að ríkisstjórninni væri skylt að stofna og láta reka hæli fyrir börn og unglinga, sem eru á glapstigum.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur lagði mikla áherzlu á þetta atriði, því að það er stór þáttur af starfi nefndarinnar að fjalla um mál afbrota- og vandræðabarna.

Það er bæði gömul og ný saga, að alltaf eru nokkrir unglingar hér í bæ, og víðar, sem fátt aðhafast annað en það, sem bæði er þeim og öðrum til óþurftar. Stundum er hægt að bjarga þessum unglingum með því að koma þeim á góð sveitaheimili. En oft fer svo, að heimilin eru ekki vandanum vaxin, og svo hitt, að þau geta ekki haldið börnunum vegna ofríkis foreldranna, sem sækja börnin með valdi, eða þá að unglingarnir strjúka.

Afleiðingin verður því sú oftsinnis, að ekki tekst að ná börnunum úr götusolli og slæmum félagsskap, og fá þau þá að halda áfram vandræðaferli sínum.

Þessu til sönnunar má nefna allt of mörg dæmi. Þess má þó geta, að nú hefur nefndin til meðferðar mál nokkurra drengja, sem allir þyrftu að fara burtu. Einn þessara drengja hefur t. d. framið 9 lögregluafbrot, verið þrisvar sendur úr bænum, en alltaf komið heim aftur og tekið til fyrri iðju. Mörg dæmi eru þessu lík.

Ef til væru hæli fyrir drengi og stúlkur, þyrftu barnaverndarnefndir ekki að standa ráðþrota við að bjarga unglingum, sem hafa orðið svo ógæfusamir, að lenda út á afbrotabrautina, oft vegna áhrifa frá öðrum, sem ekki var hægt að bjarga vegna skorts á hælum.

Í hinum nýju barnaverndarlögum er ríkisstjórninni ekki gert að skyldu að reisa umrædd hæli, fyrr en til þess hefur verið veitt fé í fjárlögum, en það hefur enn ekki verið gert.

Barnaverndarnefnd telur, að við svo búið megi eigi lengur standa, að ekki séu til þær stofnanir, sem um hefur verið rætt hér að framan, og leyfir sér hér með að skora á heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis að taka mál þetta til athugunar og fyrirgreiðslu á þann veg, sem hún telur vænlegastan til árangurs.

F. h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

Jónas B. Jónsson
formaður.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 72. Lög

um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 30. okt.)

Samhljóða þskj. 17.

Nd. 73. Frumvarp til laga

um sementsverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa við Önundarfjörð verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til vinnslu sements. Vinnslugeta verksmiðjunnar skal miðast við 75 þúsund smálesta afköst á 300 dögum.

2. gr.

Til þess að standast kostnað af framkvæmdum samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega orku, heimilast ríkisstjórninni að taka að láni allt að 15 millj. króna. Sementsverksmiðjan skal ávaxta og endurgreiða slík lán.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast, ef samkomulag næst ekki um kaup á landi vegna byggingar sementsverksmiðjunnar, að taka eignarnámi lóðir og lendur, svo og mannvirki, sem á lendum þessum eru. Eignarnám þetta fer fram samkvæmt lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

4. gr.

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 3 mönnum, er atvinnumálaráðherra skipar til 4 ára í senn. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvinnumálaráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

5. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

6. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af atvinnumálaráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun til þeirra að fengnum tillögum stjórnarinnar.

7. gr.

Verksmiðjan greiðir ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar hvert ár til þess sveitarfélags, sem hún er rekin í, þó ekki yfir 25% af útsvörum hlutaðeigandi sveitarfélags. Aldrei má þó leggja hærra útsvar á verksmiðjuna en nemur 50% af nettó-

tekjum hennar, miðað við sama sementsverð og það mundi kosta keypt á erlendum markaði og að frádregnum tillögum til sjóða, sbr. 8. gr. Að öðru leyti er verksmiðjan undanþegin öllum sköttum og gjöldum til sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

8. gr.

Framlag verksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári:

a. Til varasjóðs allt að 10% af kostnaðarverði framleiðslunnar.
b. Til fyrningarsjóðs 3% af fasteignamati húsa, lóða og annarra mannvirkja og 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.

9. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir atvinnumálaráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

Reikninga skal árlega birta í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun á verksmiðjunni setur atvinnumálaráðherra með reglugerð að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á Alþingi árið 1935 fluttu þeir Bergur Jónsson og Bjarni Ásgeirsson tillögu til þingsályktunar um innlenda sementsverksmiðju. Þingsályktunartillaga þessi, sem flutt var eftir beiðni forsætisráðherra, var svo sem hér fer á eftir:

„Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 10 þús. kr. úr ríkissjóði til rannsókna á möguleikum um framleiðslu sements hér á landi og undirbúning um stofnun sementsverksmiðju.“ (1935 — 196. mál. Sþ. 660).

Í greinargerð, sem fylgdi þingsályktunartillögunni, var skýrt frá rannsóknum, sem ríkisstjórnin hafði látið framkvæma um þessi mál, nauðsyn frekari rannsókna og hvatt til skjótra framkvæmda.

Þetta mun vera í fyrsta skipti sem Alþingi fékk þessi mál til yfirvegunar, enda er það fyrst eftir þetta, sem hugmyndinni um sementsiðnað á Íslandi er verulegur gaumur gefinn.

Í áliti og tillögum skipulagsnefndar í atvinnumálum, sem út kom árið 1936, er innlendur sementsiðnaður tekinn til gaumgæfilegrar athugunar. Tillögur skipulagsnefndar voru svo hljóðandi:

„Þar sem rannsóknir og undirbúningur undir svo stórt mál sem þetta hlýtur ávallt að taka langan tíma, hefur nefndin ekki aðstöðu til að fylgjast með því lengur, en leggur eindregið til, að rannsóknum og undirbúningi verði haldið áfram á þeim grundvelli, sem þegar er lagður, þar til úr því fæst skorið, hvort möguleikar eru fyrir arðvænlegum rekstri sementsverksmiðju hér, og á hvern hátt það verður hagkvæmast. Möguleikarnir virðast svo miklir, að það er nauðsynlegt að rannsaka þá til hlítar.“ (Skipulagsnefnd atvinnumála, bls. 312—318).

Árin 1936 og 1937 fékk ríkisstjórnin hið víðfræga sementsvélafélag F. L. Smidth & Co. A/S, Kaupmannahöfn, til þess að taka þessi mál til athugunar. Sendi félagið verkfræðing sinn, G. Andé, hingað til lands, til þess að framkvæma nauðsynlegustu rannsóknir. Álitsgerð félagsins barst ríkisstjórninni sumarið 1937. Niðurstöður í þessari greinargerð voru neikvæðar, og stafaði það einkum af örðugleikum, sem mundu samfara hráefnaflutningunum, en einnig af því, hversu sementsþörf landsmanna var þá lítil.

Þrátt fyrir þetta hefur áhugi fyrir innlendum sementsiðnaði haldizt vakandi,

og má m. a. minna á þingsályktunartillögu Jóns Pálmasonar og Þorsteins Þorsteinssonar um að skora á ríkisstjórnina að láta reisa sementsverksmiðju og áburðarverksmiðju, en þessi tillaga var flutt á þingi 1942. (1942, 59. löggjafarþing, Sþ. 212).

Haustið 1945 kom Haraldur Ásgeirsson verkfræðingur heim frá Ameríku, en þar hafði hann stundað nám um fjögurra ára skeið og lagt sérstaka stund á sementsiðnað. Naut Haraldur styrks til námsins, sem veittur var úr ríkissjóði, með sérstöku tilliti til þessa náms. Skömmu eftir heimkomu Haraldar var hann boðaður á fund nýbyggingarráðs, til viðræðna um möguleika á því að stofna hér á landi til sementsiðnaðar. Ráðið hafði mikinn áhuga á þessum málum, en þar sem það hafði ekki yfir neinum rannsóknarstofnunum að ráða, þótti réttara, að rannsóknir færu fram við Atvinnudeild háskólans. Nýbyggingarráð mælti því með því í bréfi til atvinnumálaráðherra, að Haraldi Ásgeirssyni væri falið að framkvæma slíkar rannsóknir. Haraldur var síðan ráðinn til Atvinnudeildarinnar af þáverandi atvinnumálaráðherra, Áka Jakobssyni, og hefur hann unnið að þessu verkefni síðan, undir umsjón atvinnumálaráðherra.

Sumarið 1946 naut Haraldur aðstoðar Tómasar Tryggvasonar jarðfræðings til þess að rannsaka skeljasanda og leirlög þau, sem líklegust væru til þessa iðnaðar. Niðurstöður af þessum rannsóknum voru þær, að þeir töldu sementsverksmiðju bezt setta við Önundarfjörð, ef hentugar hreinsunaraðferðir, til þess að lækka basaltinnihald sandsins, væru aðgengilegar.

Hreinsunartilraunir hafa nú verið gerðar í Danmörku með kvoðuþvotti. Árangur þessara tilrauna má teljast góður, og er áætlað, að efni til þessarar hreinsunar muni kosta um kr. 0.14 (fjórtán aura) pr. tonn af sementi. Haraldur álítur samt, að hentugra muni reynast að hreinsa sandinn með electro-magnetiskum aðferðum, og hefur hann í því augnamiði sent sýnishorn af sandinum til Ameríku til athugunar þar. Árangur þessara rannsókna er enn ókominn, en tilraunir þær, sem Haraldur hefur gert við Atvinnudeildina, virðast benda til þess, að slík aðferð muni aðgengileg. (Sjá: Hreinsunarmöguleikar á skeljasandi frá Önundarfirði).

Nú hefur verið lokið við að mæla upp landsvæði þau, sem sementsverksmiðjunni hafa verið ætluð til afnota, og munu kort af þessu svæði tilbúin innan skamms. Dýptarmælingar á sandinum hafa einnig verið gerðar, og hefur verið borað allt niður í 12 m dýpi. Sandurinn í þessu dýpi hefur reynzt svipaður að efnasamsetningu og yfirborðssandurinn. Má því teljast öruggt, að þarna séu nægar birgðir af skeljasandi um ófyrirséða framtíð. Varðandi frekari rannsóknir Haraldar vísast að öðru leyti til meðfylgjandi greinargerðar hans og fleiri fylgiskjala.

Af greinargerð Haraldar má sjá, að viðhorfið til framkvæmda í innlendum sementsiðnaði hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Sementsnotkun hefur stóraukizt, og jafnvel þótt notkun þess á s. l. ári virðist í fljótu bragði óeðlilega mikil, er engin ástæða til þess að ætla, að hún minnki verulega, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að í landinu er mikill skortur á sementi til vegagerða.

Síðustu rannsóknir hafa leitt í ljós, að hægt er að fá hér öll hráefni til þessarar framleiðslu á sama stað, að undanteknu gipsi, en af því þarf um 3% af þunga sementsins. Hversu mikill sparnaður verður af þessu í rekstri verksmiðjunnar, má öllum vera ljóst. Þær hafa líka gefið til kynna, að hér er hægt að framleiða portlandsement sem jafnast á við það sement, sem nú er flutt inn í landið, hvað gæði snertir, og það ætti a. m. k. ekki að vera dýrara en aðflutt sement.

Bent hefur verið á það, að með innlendri framleiðslu á því sementi, sem flutt var til landsins á s. l. ári, hefði þjóðinni sparazt rúml. 8½ millj. kr. í erlendum gjaldeyri, og á sama tíma hefði verið hægt að selja sementið á lægra verði. Ekki þarf því að fjölyrða um hinn gjaldeyrislega ágóða af sementsverksmiðju. Hitt skal heldur bent á, að hinn óbeini ávinningur, sem hlýzt með auknu starfsöryggi og athafnaöryggi þjóðarinnar og fæst með því, að hún framleiði byggingarefni sín sjálf, er mjög mikilsvert atriði.

Á kreppu- og atvinnuleysistímum getur sementsverksmiðja verið stórfengilegt fyrirtæki í höndum hins opinbera til þess að viðhalda gengi í landinu, og með stofnun innlends sementsiðnaðar munu ýmsar framkvæmdir í landinu, svo sem vegalagningar, hafnargerðir o. fl., mjög auðveldast og verða óháðar gjaldeyriseign ríkisins.

Ísland mun nú vera eina sjálfstæða ríkið í Evrópu, sem ekki framleiðir sement, en bygging sementsverksmiðju er nú orðið tímabært athafnamál, og það er jákvætt hagsmunamál, sem verður að leysa svo fljótt sem unnt er.

Fylgiskjal I.

Yfirlit yfir rannsóknir á sementshráefnum sumarið 1946.

Sumarið 1946 höfum við undirritaðir ferðazt nokkuð um landið, einkanlega Vestfirði, og rannsakað hráefni, sem komið gætu til mála, að notuð yrðu til portlandsementsiðnaðar í landinu. Rannsóknir þessar voru gerðar samkvæmt tilmælum atvinnumálaráðuneytisins og Atvinnudeildar háskólans.

Nokkrar rannsóknir hafa áður verið gerðar á þessu sviði, og ber að skoða athuganir okkar sem framhald þeirra rannsókna. Áður var vitað, að á Íslandi væru til nokkur þau hráefni, sem nota má til sementsiðnaðar. Tilgangur þessara rannsókna okkar var því sá að ganga úr skugga um, hvaða hráefni væru álitlegust, hvort þau væru til í nægilega ríkum mæli, á tiltækilegum stöðum og með heppilegri samsetningu.

Efnasamsetning portlandsements er í aðalatriðum kalk, kísilsýra og aluminiumoxyd. Eftirfarandi tafla sýnir einkennandi (typiska) efnasamsetningu portlandsements (Portland Cement, R. K. Meade, The Chem. Publishing Co., New York, N.Y., bls. 18):

	Meðaltal %	Svið %
Kísilsýra (SiO_2)	22,0 %	19—25 %
Aluminiumoxyd (Al_2O_3)	7,5 %	5— 9 %
Járnoxyd (Fe_2O_3)	2,5 %	2— 4 %
Kalk (CaO)	62,0 %	60—64 %
Magnesiumoxyd (MgO)	2,5 %	1— 4 %
Brennisteinsþríoxyd (SO_3)	1,5 %	1— 2 %
Önnur efni	2,0 %	

Af þessum efnum fæst kalkið úr kalsíum karbónötum, sem hér á landi eru til í skeljasandi. Hin oxydin koma að vísu einnig fyrir í þessum sandi, en ekki í heppilegum hlutföllum innbyrðis. Auk þess eru hlutföllin milli kalksins og hinna efnanna mjög mismunandi í söndunum. Úr þessu mætti þó að nokkru leyti bæta með því að blanda skeljasandinn með kísilsýruríkum leir.

Fyrsta verkefni okkar hlaut því að vera að taka sýnishorn af skeljasöndunum og efnagreina þau. (Framhald rannsóknanna yrði þá leit að þeim efnum, sem á vantaði, svo að hægt væri að gera tillögur um blöndun.) Var því fyrst farin yfirlitsferð til þeirra staða, sem líklegastir þóttu, ýmist af okkur báðum í félagi eða af öðrum hvorum okkar einum saman. Á þessum stöðum voru tekin sýnishorn og ákveðið karbónatinnihald þeirra. Efnagreiningar voru gerðar af efnafræðingi Atvinnudeildar háskólans, Jóhanni Jakobssyni, og er árangurinn eins og hér fer á eftir:

	$CaCO_3$	$MgCO_3$
Brjánslækjarfjara við Vatnsfjörð	72 %	2 %
Sandoddinn við Patreksfjörð[1])	83 %	2 %
Sveinseyri við Tálknafjörð	47 %	1,2 %
Hvestudalur við Arnarfjörð	57,5 %	0,75%
Holtssandur við Önundarfjörð[1])	53,35%	
Landeyrar við Önundarfjörð	61,95%	1,27%

(1) Úr skýrslu Iðnaðardeildar 1941—1942.)

Um sandinn við Vatnsfjörð má segja það, að þótt hann nálgist að vera nægilega hreinn til portlandsementsiðnaðar, og þótt þar séu nokkrir möguleikar til að byggja vatnsorkuver, er innsigling á fjörðinn mjög ótrygg, sandurinn sjálfur liggur fyrir opnu hafi, og byggðarlagið er mjög fámennt.

Patreksfjarðarsandinn, sem er að jafnaði um 85% skel, og svarar til um 79% af kalki af glæddu efni, mætti nota að viðbættum kísilsýruríkum steinefnum. Hafnaraðstæður norðanvert í firðinum má gera sæmilegar, en landrými er takmarkað fyrir verksmiðju.

Skeljasandurinn á Sveinseyri er mjög blandaður blágrýti og verður ekki notaður nema til blöndunar skelríkum sandi eða með mjög miklum þvotti. Hafnaraðstæður eru þarna ágætar og nokkur byggð í grenndinni.

Hvestusandurinn liggur fyrir opnu hafi og er auk þess ekki nægilega hreinn. Höfn er að vísu á Bíldudal, um 6 km frá sandinum, en aðrar aðstæður mjög erfiðar.

Fyrir botni Önundarfjarðar er mikill sandur, sem ekki er þó nægilega hreinn til notkunar við sementsvinnslu, nema með þvotti eða íblöndun af hreinni sandi. Höfn og skilyrði til iðnaðar eru þarna mjög góð, eftir því sem gerist á Vestfjörðum, og allfjölmenn sveit í nágrenninu.

Af þessu yfirliti má sjá, að möguleikar eru fyrir sementsiðnað við Vatnsfjörð, Patreksfjörð, Tálknafjörð og Önundarfjörð. Þessir möguleikar eru þó á öllum stöðunum vissum vandkvæðum bundnir.

Úrlausnir á þessum vandkvæðum eru mismunandi.

Í Vatnsfirði er dálítil hreinsun á sandinum nauðsynleg og með tilliti til fyrrnefndra vandkvæða teljum við frekari rannsóknir þarna óþarfar.

Til viðbótar Patreksfjarðarsandinum þarf kísilrík steinefni. Vitað var, að kísilsýra var til hér á landi sem kísilþörungaleifar í botnum stöðuvatna og votlendra mýra. Af þessum ástæðum var hafin leit að kísilgúr á Vestfjörðum. Að vísu fannst kísilgúr á nokkrum stöðum, svo sem í Vatninu á Vatnseyri við Patreksfjörð, í Kjóavatni á Skersfjalli, á Gemlufallsheiði og í Ekkilsdal við Önundarfjörð. Magn þessa kísilgúrs var alls staðar lítið, og auk þess var hann leirblandaður. Mun því ekki arðbært að nota þennan kísilgúr til stóriðnaðar. Vænlegasta lausn þessa máls á Patreksfirði mundi því vera að flytja að kísilsýruríkar bergtegundir, svo sem líparítvikur eða erlendan kvarzsand. Hvað viðvíkur öðrum aðstæðum má minna á það, að landrými er þarna mjög takmarkað, svo að erfitt mun að velja verksmiðjunni stað, án þess að af hlytust óþægindi fyrir þorpið, sökum reykjar og sementsryks. Þarna mundi verksmiðja einnig illa í sveit sett, vegna skorts á landbúnaðarhéruðum í nágrenninu og skorts á vatni.


Á Tálknafirði er hugsanleg lausn þessa máls sú, að hreinsa járnefnin úr Sveinseyrarsandinum og blanda hann síðan með Patreksfjarðarsandi. Þó mun vart hægt að hreinsa Sveinseyrarsandinn nægilega til þess að fá úr honum gott sement. Að öðru leyti eru góð skilyrði fyrir iðjuver á Tálknafirði, nema hvað vinnuafl snertir.

Á Önundarfirði er mest skel í svokölluðum Landeyrum, sem eru framhald Holtsodda út fjörðinn að norðanverðu. Landeyrarnar koma upp úr um fjöru og eru þá um tveggja km langar. Til þess að nota mætti þennan sand ætti hann að vera 10—12% ríkari af skel.

Meðfylgjandi tafla sýnir efnagreiningar af Patreksfjarðar- og Önundarfjarðarsandi, eins og þær eru gefnar í skýrslu Iðnaðardeildar árin 1941—1942. (Efnagreiningu á sandinum frá Önundarfirði er ekki að öllu lokið, þegar þetta er skrifað. Tölurnar, sem hér eru birtar, eru því að nokkru leyti útreiknaðar fyrir 64% karbonat, en nýjustu meðalsýnishorn sýna þetta skelmagn í sandinum.) Einnig eru þar sýndir útreikningar á efnunum að fráreiknuðu glæðitapi:

	Patreksfjörður		Önundarfjörður	
	%	glætt %	%	glætt %
Karbónat ákveðið með titreringu ..	85,0		64	
SiO_2	6,2	10,1	22,10	29,21
Al_2O_3	2,2	3,6	8,24	10,89
Fe_2O_3	1,9	3,1	6,08	8,05
TiO_2			1,02	1,35
CaO	48,6	79,4	34,30	45,40
MgO	1,2	2,0	3,36	4.44
Glæðitap	38,7	(63,2)	24,4	(32,3)
P_2O_5	0,05	0,08	0,14	0,19
SO_3	0,65	1,06	0,38	0,50
Cl	0,13	0,21	0,04	0,05
Alkali	0,9	1,50		
SiO_2/R_2O_3	1,51		1,44	
Al_2O_3/Fe_2O_3	1,16		1,35	

Með samanburði á ofanskráðum efnagreiningum og efnahlutföllum portlandsements sést, að við Patreksfjarðarsandinn verður að bæta kísilsýruríku steinefni, en í Önundarfjarðarsandinn vantar meira kalk. Ein lausn á viðfangsefninu er því að blanda þessum söndum saman. Eftirfarandi línurit og útreikningar eru þessu til skýringar:



Sement B mundi sennilega fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir portlandsement. Það mundi brenna við lægra hitastig, en verða dekkra á lit, og ýmsir iðnaðarörðugleikar mundu verða framleiðslu þess samfara.

Önnur hugsanleg lausn á þessu máli er að hreinsa sandinn með þvotti. Með þessari aðferð má gera ráð fyrir, að járnríku steinefnin (magnetít, olivín, o. fl.), sem mikið er af í þessum sandi, mundu skiljast úr fyrst, og hin oxydin í svipuðum hlutföllum og þau koma fyrir í basaltsandinum. Ef gert er ráð fyrir, að þungu járnoxydin nemi helmingi járnsins í sandinum og hreinsað sé upp í 63% CaO, lítur efnasamsetning hreinsaða sandsins nokkurn veginn út eins og hér fer á eftir:

CaO	63 %
SiO_2	22 %
Al_2O_3	8 %
Fe_2O_3	3 %
MgO	3 %

Er þá fengin efnasamsetning fyrir fyrsta flokks portlandsement.

Á Önundarfirði er hægt að reisa verksmiðju skammt frá sandinum, og yrði sandnámið þar mjög auðvelt.

Af ofangreindum aðferðum, sem komið gætu til mála, eru tvær líklegastar, nefnilega að bæta sandinn á Patreksfirði eða að hreinsa sandinn á Önundarfirði.

Þótt hægt verði að finna verksmiðjunni heppilegan stað á Patreksfirði, verður sandnám og aðrir aðdrættir hráefna að verksmiðjunni mun örðugri en á Önundarfirði. Ekki einungis gæti það orðið örðugleikum háð að afla vikurs til iðnaðarins, heldur er þess einnig að gæta, að íslenzki vikurinn er ríkari að Na_2O og K_2O en heppilegt er fyrir portlandsement. Eitt takmark þessa iðnaðar er að notfæra sem bezt íslenzk hráefni, og er innflutningur á kvarzi þar af leiðandi miður æskilegur.

Hvað viðvíkur hreinsun á sandinum á Önundarfirði, þá er okkur ekki kunnugt, hversu kostnaðarsöm hún verður eða hvaða hreinsunaraðferðir eru heppilegastar. Úr því verður ekki leyst með þeim tækjum og aðstæðum, sem völ er á hér á landi. En þar eð við teljum miklar líkur til þess, að hreinsun sandsins í Önundarfirði verði heppilegasta úrlausn þessa máls, leggjum við eindregið til, að gerðar verði hreinsunartilraunir erlendis á Önundarfjarðarsandinum, áður en tekin verður endanleg ákvörðun um, hvar byggja skuli sementsverksmiðju á Íslandi.

Reykjavík, í október 1946.

Tómas Tryggvason. Haraldur Ásgeirsson.

Fylgiskjal II.

Hreinsunarmöguleikar á skeljasandi frá Önundarfirði.

Segja má, að efnasamsetning skeljasandsins í Landeyrunum og í Holtsoddanum við Önundarfjörð sé mjög áþekk frá stað til staðar. Þótt ekki liggi enn fyrir hendi nákvæmar meðalprufur af þessum sandi, er nú hægt að fullyrða, að efnainnihald hans mundi svipa mjög til eftirfarandi efnagreiningar, sem er af meðalyfirborðs sýnishorni af svokallaðri Stóru-Landeyri.

SiO_2	23,85 %
(R_2O_3	16,72 %)
Fe_2O_3	7,10 %
Al_2O_3	9,62 %
CaO	53,80 %
MgO	3,82 %
Óákveðið	1,81 %
	100,00 %
$CaCO_3$	58,40 %
$MgCO_3$	1,68 %
Glæðitap	28,39 %

Af fljótlegum samanburði á þessari efnagreiningu og efnasamsetningu portlandsements sést, að þarna eru fyrir hendi öll þau efni, sem koma fyrir í sementi, og engin önnur. Hins vegar er magn hinna ýmsu efna í hlutfalli hvort við annað allfrábrugðin því, sem er í portlandsementi, sérstaklega er áberandi, að í sandinum er minna kalk (CaO) og óþarflega mikið járn. Til þess að bæta úr þessu eru tvær aðferðir mögulegar. Önnur er að bæta sandinn upp með þeim efnum, sem á vantar, þ. e. með hreinu kalki og kísilsýru.

Hin aðferðin er að reyna að hreinsa úr sandinum hluta af þeim componentum, sem eru óþarflega háir, og hækka þá hinir sjálfkrafa á kostnað þess, sem hreinsaður er burtu.

Væru báðar aðferðir aðgengilegar, yrði að reikna út kostnaðarmismun á þeim,

Kæmi þá til greina að bera saman kostnað á því að bæta sandinn hreinefnum sem svarar til 40% af þunga sandsins, ef fyrri aðferðin væri notuð, og tæknilegan kostnað við að hreinsa 10% af R_2O_3 efnum sandsins burt fyrir síðari aðferðina.

Fyrri aðferðina mun óþarft að ræða hér, sökum þess að hreinefni til þessarar blöndunar munu vart aðgengileg hér á landi. Hins vegar mun síðari aðferðin bera í sér möguleika, sem hér verða nokkuð raktir.

Skeljasandurinn við Önundarfjörð er blöndunarsandur myndaður með því, að skeljar og basaltiskur leir og grjót hefur veðrazt og malazt saman í fjöruborðinu og á sjávarbotni.

Mismunur á kornastærðardreifingu (grain size distribution) er svo lítill í skelja- og basaltsandinum, að enginn verulegur aðskilnaður fæst með sáldun.

Eðlisþyngdarmismunur er einnig ónógur til þess að hægt sé að nota auðveldar aðgreiningar í vökvum. Hins vegar eru aðrir eðlisfræðilegir, efnafræðilegir og mineralogiskir hæfileikar þessara tveggja höfuð-componenta ólíkir.

Skelin sjálf er að mestu leyti hreinefni, $CaCO_3$, blönduð örlitlu af $MgCO_3$, og er krystalsmyndun hennar mjög einföld. Hins vegar er krystalsmyndun basaltsins tiltölulega flókin og fjölþætt, eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Útreikningar á efnasamsetningu íslenzks basalts (Labradorits).

(Til hægðarauka er samsetningin áætluð þannig, að allt plagioclase er reiknað sem anorthit, pyroxene sem wollastonit og olevine sem fosterit. Basaltið reiknast þannig að innihalda 45% anorthit, 35% wollastonit, 9% fosterit, og 11% magnetit).

	Anorthit	Wollastonit	Fosterit	Samtals %
SiO_2	19.67	18.20	3.95	41.82
Al_2O_3	16.30			16.30
CaO	9.03	16.80		25.83
MgO			5.05	5.05
Fe_2O_3	Magnetit			11.0
	45%	35%	9%	100%
	$SiO_2/R_2O_3 = 1.53$		$Al_2O_3/Fe_2O_3 = 1.48$	

Þessi krystalski mismunur bendir ótvírætt til þess, að hægt sé að aðgreina höfuð-componentana með þvotti (floation), og þá helzt með kvoðuþvotti (froth floation). Þetta hefur nú verið framkvæmt með góðum árangri af F. L. Smidth & Co. Kostnaður við slíka hreinsun er lítill. Hins vegar verður úrgangur úr hráefnunum nokkuð mikill, sé aðferðin notuð, og auk þess mun þurfa að bæta hráefnin upp með um þrem prósentum af kísil, því með þessari aðferð þvæst allt basaltið burtu. Að vísu hefur aðferðin eingöngu verið notuð við ómalaðan sand, en ekki er ósugsandi, að enn þá heppilegri aðgreiningu megi ná með því að mala hráefnin áður en hreinsunin er framkvæmd.

Önnur lausn á þessu máli er fólgin í því að nota sér eðliseiginleika magnetítsins og aðgreina basaltið frá sandinum með seglum. Tilraunir í þessa átt hafa nú verið gerðar á Atvinnudeild háskólans með allgóðum árangri. Markmið þessara tilrauna var í fyrsta lagi að hreinsa skeljasandinn og í öðru lagi að hækka SiO_2/R_2O_3 hlutfallið.

Sýnilegt er af framangreindri töflu, að ef allt magnetítið væri hreinsað úr basaltinu, mundi $SiO_2/R_2O_3 = SiO_2/Al_2O_3 = 41.8/16.30 = 2.57$, og er það óþarflega hátt. Þótti því rétt að álykta, að ef sandurinn væri malaður niður í þann fínleika, sem nauðsynlegur er til sementsbrennslu, síðan rennt yfir magnetjárn, mundi SiO_2/R_2O_3 hækka. Þetta hefur líka reynzt vera rétt, eins og eftirfarandi tilraun sýnir.

50.0 g af sandinum, sem lýst er hér að framan, voru hrærð upp í vatni og aðgreind með einföldum rafsegli, í tvo hluta magnetiskt basalt (B) og hreinsað $CaCO_3$ (A). Vatninu er hellt af, hlutarnir þurrkaðir og vegnir.

A svaraði til 70.67% af sandinum, en B til 27.74%. Hluti af B var síðan fínmalaður og aðgreindur aftur í vatni með sama seglinum í þrjá hluta, C, D og E, hlutarnir þurrkaðir og vegnir. C, ómagnetiski hlutinn var 69.28%, D, endurhreinsaði hlutinn 12.71%, og magnetiski hlutinn E, 16.37%.

Eftirfarandi tafla sýnir SiO_2, R_2O_3, Al_2O_3, og Fe_2O_3 innihald, ásamt innbyrðis hlutföllum þeirra:

Hluti	SiO_2 %	R_2O_3	Fe_2O_3	Al_2O_3	SiO_2/R_2O_3	Al_2O_3/Fe_2O_3
A.	6.20	4.96	1.60	3.36	1.25	2.09
B.	45.87	27.75	6.39	21.36	1.65	2.25
C.	47.75	26.00	6.39	19.61	1.84	3.07
D.	44.81	27.94	5.79	22.15	1.60	3.84
E.	32.11	50.45	16.05	34.40	0.57	2.14

Í portlandsementi er SiO_2/R_2O_3 hlutfallið venjulega milli 1.6 og 3.5, og gott portlandsement má framleiða úr hráefnum af svipuðu hlutfalli, ef Al_2O_3/Fe_2O_3 hlutfallið er viðunanlegt. Þetta hlutfall er venjulega innan sömu takmarka, þ. e. 1.5—3.5. Sé SiO_2/R_2O_3 lágt, t. d. 1.6, verður Al_2O_3/Fe_2O_3 að vera hátt til þess að forðast of mikla glermyndun í framleiðslu sementsins.

Með samanburði á þessum takmörkum og hlutföllunum í töflunni hér að ofan verður strax séð, að liður C mundi vel til þess fallinn að nota hann til blöndunar með hreinu kalki til framleiðslu portlandsements.

Það, sem lýst hefur verið hér að framan, hefur að vísu aðeins verið framkvæmt á rannsóknarstofu, en þó hafa þessar rannsóknir verið gerðar á efnunum í sem líkustu ástandi og gerist í iðnaðinum sjálfum. Verði þessi aðferð tekin upp, hefði hún sennilegast þá einu breytingu í för með sér, að leðjan yrði látin renna yfir segulbelti eða í gegnum turbomagneta, og liður E (taflan að ofan) hreinsaður burtu, áður en leðjan færi í ofnana. Takist að hreinsa hráefnin þannig á auðveldan hátt, má þegar fullyrða, að fáar sementsverksmiðjur búi yfir betri hráefnum en sementsverksmiðja við Önundarfjörð. Stafar þetta einkum af því, hve hráefnin eru auðunnin.

Af framanskráðu má það því vera ljóst, að hægt er á fleiri en einn hátt að hreinsa Önundarfjarðarsandinn, svo að framleiða megi úr honum óblönduðum fyrsta flokks portlandsement, og þar sem önnur skilyrði eru þarna hagkvæm, hráefnin auðtæk, og framleiðslukostnaðar-útreikningar sýna hagnað af framleiðslunni, er fyrir hendi fyllsta ástæða til þess að hefjast handa með byggingu sementsiðnaðar á þessum stað.

Fylgiskjal. III.

Sement.

Þótt notkun sements sé orðin ævagömul iðn, þá er saga portlandsementsins til-tölulega stutt. Fyrir rúmlega 100 árum síðan var fyrst búið til sement með þessu nafni í Englandi, og þótt gæði þess sements hafi í engu jafnazt á við portlandsement vorra daga, er saga þess vanalega talin frá árinu 1824, þegar Aspdin fyrst bjó til portlandsement.

Á Íslandi á notkun sementsins sér enn styttri sögu, því að hún er eins ný og öldin, sem við lifum á. Að vísu þekktist það fyrir aldamót, að sement væri notað til þess að binda saman byggingarsteina, og fyrsta steinsteypuhúsið, Sveinatunguhúsið í Norðurárdal, var byggt árið 1895, en almenn notkun þessa efnis hefst ekki fyrr en eftir aldamót og þá sérstaklega um og eftir fyrri heimsstyrjöld.

Hin mikla bylting, sem nú ryður sér rúms í byggingariðnaðinum á Íslandi, á vissulega rót sína að rekja til þess, hversu steinsteypa er aðgengilegt og hentugt byggingarefni hér á landi. Segja má, að steinsteypa sé þegar orðin algild í byggingariðnaðinum, enda mun hún henta bezt skilyrðum landsmanna fyrir byggingarefnum.

Sementsiðnaði hefur oft verið líkt við það að vinna gull úr grjóti, því að með honum er grjóti og leir, sem annars væri verðlaust, breytt í tignarlegustu mannvirki. Það var því ekki óviðeigandi, að fyrstu hugmyndirnar um innlenda framleiðslu á sementi skyldu koma fram í sambandi við hugmyndir um gullvinnslu úr Esjunni.

Rannsóknir á möguleikum þess, að framleitt yrði sement á Íslandi hófust fyrst að undirlagi ríkisstjórnarinnar árið 1936. Var fengið til þessara rannsókna auk annarra félagið F. L. Smidth & Co. í Kaupmannahöfn. Niðurstöður rannsóknanna þá voru neikvæðar, í fyrsta lagi sökum þess, að ekki fannst hentugur staður fyrir verksmiðjuna nærri kalksandinum, og í öðru lagi sökum þess, hversu lítil neyzlan var þá í landinu.

Álit það, sem danska félagið kvað upp á árinu 1937, varð til þess, að áhugi fyrir þessu máli dofnaði nokkuð, og ekki voru frekari rannsóknar gerðar fyrr en á stríðsárunum, þegar aðflutningsörðugleikarnir fóru að sverfa að og sementsskortur að gera vart við sig.

Á s. l. ári var greinarhöfundur ráðinn til Atvinnudeildar Háskólans til þess að gera frekari rannsóknir á möguleikum fyrir sementsiðnaði hér á landi. Ferðaðist hann ásamt Tómasi Tryggvasyni um skeljasandssvæðið á Vesturlandi. Árangur af þessum rannsóknum hefur verið sá, að fundizt hefur hentugur staður fyrir iðnaðinn á Hvilftarströnd við Önundarfjörð. Skipulag fyrir verksmiðjuna hefur verið teiknað í stórum dráttum, og er það ásamt stofnkostnaðar- og rekstrarreikningum birt hér á eftir.

Rannsóknum er þó ekki að fullu lokið enn, þar sem eftir að að gera landabréf af verksmiðjusvæðinu og ganga frá vali á hreinsunaraðferð, sem nota þarf við sandinn. Hvorugt þessara atriða mun þó hafa í för með sér nokkra verulega breytingu á því skipulagi, sem iðnaðinum hefur verið valið.

Áætlun um kostnað við byggingu og rekstur sementsverkmiðju við Önundarfjörð.

F. L. Smidth & Co. A/S í Kaupm.höfn hafa látið í té útreikninga á stofn- og rekstrarkostnaði við 40 þús. tonna sementsverksmiðju við Önundarfjörð. Þessar kostnaðaráætlanir eru ætlaðar til hliðsjónar við undirbúning verksmiðjunnar, en þar sem bæði stærð og skipulag verksmiðjunnar mun verða allfrábrugðin því, sem gert var ráð fyrir í útreikningum firmans, verða þeir ýmsum breytingum háðir.

Neðanskráðir reikningar eru gerðir með hliðsjón af reikningum F. L. Smidth & Co., þeir eru miðaðir við 75 þús. tonna afköst á 300 dögum, en vanalegt er, að slíkar verksmiðjur starfi ekki í einn til tvo mánuði hvers árs, og er sá tími þá notaður til viðgerðar og endurbóta á verksmiðjunni.

A. Stofnkostnaður.

1. Sementsvélar, meðtaldar hreinsunar-, flutninga- og hjálparvélar ásamt drifum	kr.	3 500 000.00
2. Aðrar vélar og samstæður: vélskófla, sanddælustöðvar, pípuleiðslur og vatnsveita, myllukúlur, ofnfóðringar, festuboltar, frárennsli og tengistykki	—	800 000.00
3. Tæki til rannsóknarstofu og verkstæðis	—	300 000.00
4. Vélar og samstæður í 1900 kw. dieselorkuver, tvær 250 kw. og tvær 700 kw. samstæður	—	1 400 000.00
5. Annað, sem lýtur að rafmagni, — kaplar, leiðslur, mótorar, raflýsing	—	500 000.00
6. Uppsetning á vélum og orkuveri	—	750 000.00
7. Varahlutir og varavélar	—	350 000.00
8. Flutningur og tryggingar á vélum til landsins	—	200 000.00
9. Bryggjugerð og ræsalagnir	—	1 100 000.00

10. Byggingar á undirstöðum fyrir verksmiðju og orkuver, innifalið reykháfur og tankar fyrir leðju, olíu og sement	—	4 000 000.00
11. Byggingar fyrir rannsóknarstofu, verkstæði, varahlutageymslu, skrifstofu, matsölu og íbúðir verksmiðjustj., vélstj. og eftirlitsmanna	—	1 250 000.00
12. Ýmisleg útgjöld, svo sem rannsóknir, lóðakaup, umsjón með byggingu, tollar og ófyrirséð	—	850 000.00
Samtals	kr.	15 000 000.00

Reikningar þessir virðast e. t. v. ríflega áætlaðir, ef miðað er við stofnkostnað sementsverksmiðju af sömu stærð erlendis. Stafar þetta einkum af háum byggingarkostnaði hér á landi, svo og af því, hversu vélaverð fer ört hækkandi.

B. Rekstrarkostnaður.


Kostnaður við framleiðslu á 75 þús. tonnum af sementi á ári, miðað við full afköst.

	Samanlögð gjöld		Gjöld pr. tonn af sementi
1. Sandnám	kr.	150 000.00	2.00
2. Hreinsun hráefna	—	750 000.00	10.00
3. Vinnulaun í verksm.	—	1 810 000.00	24.10
4. Laun fastra starfsmanna	—	225 000.00	3.00
5. Eldsneyti	—	1 350 000.00	18.00
6. Dieselolía (orka)	—	600 000.00	8.00
7. Rekstrarefni	—	375 000.00	5.00
8. Viðhaldsefni	—	375 000.00	5.00
9. Innpökkun	—	720 000.00	9.60
10. Rentur og afborganir af 4% annuitetsláni:			
a. Á vélum til 10 ára 6 500 000.00	—	800 000.00	10.70
b. Byggingum og kostnaði 8 500 000.00	—	430 000.00	5.75
11. Tryggingar 4‰	—	60 000.00	0.80
12. Opinber gjöld	—	165 000.00	2.20
13. Sölukostnaður	—	120 000.00	1.60
14. Gips	—	170 000.00	2.25
15. Ýmislegur kostnaður og áhætta	—	900 000.00	12.00
Alls	kr.	9 000.000.00	120.00

Ofanskráðar tölur sýna áætlaðan framleiðslukostnað á sementinu á staðnum, þar sem verksmiðjan yrði reist (hér miðað við Önundarfjörð). Óljóst er enn að fullu, hvaða skipulag muni helzt valið fyrir verksmiðjuna, en eins og gefur að skilja, hefur það mikil áhrif á framleiðsukostnaðinn.

Í útreikningunum hér að framan hefur verið fylgt því skipulagi, sem greint er á meðfylgjandi uppdrætti, og eru hinir einstöku liðir áætlaðir svo sem hér fer á eftir:

1. Kostnaður við að dæla sandinum frá Landeyrum upp í geymsluþrær verksmiðjunnar (800—2000 m leið). Áætlaður kostnaður kr. 2 pr. tonn af sementi.
2. Hreinsunaraðferð hefur ekki enn verið hægt að ákveða, en í þessum lið felst, auk hreinsunarkostnaðarins, kostnaður við að skila burtu úrgangsefnum.
3. Reiknað hefur verið með grunnkaupi kr. 2.60, vísitölunni 310 stigum og að þrjár vinnustundir fari til þess að framleiða tonnið. Ef gert er ráð fyrir meðaltekjum verkamanna kr. 25 000.00 á ári, samsvarar þetta því, að 72 menn vinni í verksmiðjunni sjálfri. Líklegra þykir þó, að ekki verði fleiri en 50 menn í verksmiðjunni, enda er víða reiknað með aðeins 1.8 vinnustundum pr. framleitt tonn. Þetta svarar til kr. 15.05 pr. tonn, en hér er reiknað með kr. 24.10.
4. Laun verksmiðjustjóra, efnafræðings, skrifstofustjóra og þriggja vélstjóra.


Sementsverksmiðja við Örundarfjörð.
Tilloguuppdráttur.
1:500
XIV
XV
XIII
XI
XII
X
VI
V
IV
III
II
I
VII
VIII
IX
Þjóðvegur

5. Gert er ráð fyrir, að notuð verði jarðolía (fuel oil nr. 6, A. S. T. M. Designation) til sementsbrennslunnar. Cif-verð hennar mun nú vera um £ 3—12—6, eða kr. 95.05 pr. tonn, og hitagildi hennar 10000—10500 kcal/kg. Til þess að brenna kílóið af klinkum þarf 1050—1400 kcal/kg. Hér hefur verið reiknað með 130 kr. verði á þessari olíu og 1400 kcal/kg af klinkum. Til brennslunnar þarf þá 10.500 tonn af olíu, eða eldsneyti fyrir kr. 1 365 000.00 á ári.
6. Reiknað er með, að 300 g af olíu fari í að framleiða kwst. og að 125 kwst. fari í að framleiða tonn af sementi. Verð er reiknað 210 kr. á tonn.
   $7500 \times 125 \times 0.3 \times 10^{-4} = 2800$ tonn á 210.00 eða kr. 600 000.00 á ári.
7., 8., 9. Gjöld pr. tonn eru hér reiknuð samkv. áætlunum F. L. Smidth & Co.
10. Niðurgreiðslur á stofnláni fari fram með tvenns konar annuitetsgreiðslum, og séu þær ríflega miðaðar við verðafskráningu verksmiðjunnar. Gert er ráð fyrir 4% láni og að vélar verði afskráðar á 10 árum, en annar tilkostnaður á 40 árum.
    a. 6 500 000 til 10 ára, kr. 801 387.00.
    b. 8 500 000 til 40 ára kr. 429 452.00.
11., 12., 13. Tryggingar reiknaðar 4‰ af stofnverði. Opinber gjöld kr. 2.20 pr. tonn og sölukostnaður kr. 1.60 pr. tonn.
14. Eftir útreikningum F. L. Smidth & Co. kr. 2.25 pr. tonn.
15. Samanlagður framleiðslukostnaður skv. ofanskráðum liðum reiknast að vera kr. 108.00 pr. tonn af sementi. Gerð hefur verið tilraun til þess að reikna hér heldur um of en van, og má því telja það mjög ólíklegt, að raunverulegt framleiðsluverð fari fram úr þessari áætlun. Samt þykir rétt að reikna með kr. 12.00 á tonn til þess að taka við ófyrirséðum skakkaföllum.

Skipulag verksmiðjunanr.

Á meðfylgjandi korti af svokallaðri Hólsflöt á Hvilftarströnd er gerður tillöguuppdráttur af nauðsynlegum byggingum fyrir sementsverksmiðjuna. Vélar eru þar engar teiknaðar, heldur aðeins gefnar til kynna með tölustöfum. Eftirfarandi greinargerð er þessu til frekari skýringar:

A. Verktilhögun.


Sandinum sé dælt beint frá sandnámunni upp í hráefnaþrær verksmiðjunnar, þar sem mikið af sjónum, sem verður dælt með honum, rennur í burtu.

1. Sandbirgðir séu geymdar í opinni 5000 tonna þró, sem skipt sé niður í fjögur hólf, öll úr steinsteypu. Hvert hólf inniheldur þannig um 1250 tonn af hráefnum, eða sem svarar tveggja daga framleiðslu í verksmiðjunni.
2. Með fersku vatni og sogdælu sé hráefnunum dælt upp í fæðigeymi hráefnamyllunnar.
3. Spírallagaður matari, sem snýst í samræmi við mylluna, mati sandinum inn í hráefnakúlumylluna. Vatni bætt við.
4. Í hráefnamyllunni séu efnin möluð niður í þann fínleika, er þurfa þykir.
5. Þegar engrar hreinsunar þarf með, sé leðjunni dælt beint upp í blöndunargeymana (6).

5a. Þegar hreinsa þarf, verður eitt af tvennu, að hækka þarf kalkmagn leðjunnar eða hækka þarf SiO_2/R_2O_3 hlutfallið.

Í fyrra tilfellinu, þegar kalkinnihaldið er of lágt, sé hluti af hráefninu látinn renna yfir elektromagnetiskan hreinsara og úrgangsbasaltinu kastað.
Þegar SiO_2/R_2O_3 er of lágt, sé leðjan látin renna yfir hreinsarann.

6. Blöndunartankarnir séu notaðir á venjulegan hátt og leðjunni úr
7. þeim dælt eftir útreiknuðum rúmmálshlutföllum úr tveim eða fleiri tönkum, og fæst við það rétt efnasamsetning leðjunnar í leðjugeyminum.
8. Í leðjugeyminum sé alltaf næg leðja til þess að komast hjá stöðvun á framleiðslunni af völdum smáviðgerða í hráefnamölunarhluta verksmiðjunnar.



VINNUTEIKNING FYRIR SEMENTSVERKSMIÐJU.

9. Smáþró, sem útbúin sé með sjálfvirkum leðjuhana, sé alltaf haldið fullri af leðju. Frá þessari þró
10. sé leðjunni dælt upp í ofnmatarann, en það, sem um of er dælt, renni aftur niður í þessa þró.
11. Brennslan fari fram í „Roterovn" af Unex gerð. Hentug stærð á þessum ofni mun vera 90—100 m á lengd og 3/3,75 m í þvermál.
12. Loftrás fyrir ofninn sé fengin með rafviftu og reykháfi.
13., 14. Flytjari af „skippulter" gerð flytji klinkurnar frá kælinum út í klinkugryfjuna, sem rúmi 5000 tonn af klinkum.
15. 5 tonna rafmagnsgraftarvél flytji klinkurnar
16. til í gryfjunni, og upp í 80 m³ trekt við fínmyllurnar.
17. Sama vél sæki gipsið í gipsgeymsluna og flytji það upp í gipstrektina.
18. Sérstakur matari mati klinkunum og gipsi inn í fínmyllurnar. Snúningshraða þessa matara sé stjórnað af rafeyra (elctrical ear) undir sjálfri myllunni.
19., 20. Klinkumölun fari fram í einni myllu, og sé kornastærð ákveðin með loftþrýstingi í loft-„seperatorunum".

21. Sementinu sé dælt með loftdælu upp í geymana, jafnóðum og það er framleitt.
22. Sementið sé geymt í tveim 20000 tonna geymum, og mætti þar hafa nægan forða til þess að standast straum af mestu eftirspurn.
23. Hreyfanleg dæla dæli sementinu úr geymunum upp í sekkjunarvélina.
24. 4 til 6 stúta pökkunarvél, sem getur sekkjað 100 tonn á klst., sekkjar sementið í 50 kg pappírs- eða strigapoka og skilar þeim niður í beltis-
25. flytjara, sem flytur þá fram bryggjuna að skipshlið.

B. Helztu byggingar verksmiðjunnar.

1. Skrifstofa.
2. Rannsóknarstofur.
3. Aflstöð.
4. Dieselolíugeymir.
5. Brennsluolíugeymar.
6. Viðgerðarverkstæði og varahlutageymsla.
7. Sementsgeymar.
8. Sekkjunarhús.
9. Bryggja.
10. Klinkugryfja.
11. Ofnhús.
12. Mylluhús.
13. Sandþrær.
14. Blöndunargeymar.
15. Leðjugeymir.

Meðfylgjandi vinnuteikning er af sementsvélum og vinnubrögðum.


Nokkrar athugasemdir.


Meðfylgjandi línurit sýnir innflutning landsmanna á sementi á árunum 1915 til 1947. Punktaða línan sýnir cif-verð pr. tonn á sama tíma. Þetta línurit skýrir greinilega, hversu mjög þessi innflutningur er háður gjaldeyriseign landsmanna og erlendum viðskiptaörðugleikum, því að bæði verðlag og innflutningsmagn sýna erlend viðskiptaveðrabrigði.

Þannig er hátt verðlag einkennandi fyrir ófriðartíma, en lágt verð (1930—36) fyrir krepputíma. Á stríðsárunum minnkar aðflutningurinn stórkostlega, en fer annars stöðugt vaxandi, nema hvað hann minnkar allmikið á árunum 1931—33, eða þegar kreppan svarf harðast að hér á landi.

Hér að framan hefur aðeins verið ritað cif-verð sementsins. Raunverulegt söluverð sementsins er þó mun hærra. Þannig mun t. d. cif-verðið á sementi fjóra fyrstu mánuði þessa árs hafa verið að meðaltali kr. 185.26 á tonn, en útsöluverð skv. upplýsingum frá skrifstofu verðlagsstjóra kr. 268.27 eða 43% hærra pr. tonn. Mismunurinn er kostnaður við uppskipun, opinber gjöld, og raunverulegur innlendur dreifingarkostnaður og sölukostnaður. Sé þessi kostnaður reiknaður í hundraðshlutum af útsöluverðinu, samsvarar hann 31%, og reiknast þá gjaldeyririnn fyrir sementið 69% á sama hátt.

Skýringarmyndirnar I og II gefa til kynna, hvernig hægt væri að gera meginhlutann af þessu sementsverði óháð gjaldeyrisverzluninni með því að framleiða sementið innanlands. Miðað við það verðlag, sem nú er á sementi í Reykjavík, svarar hið erlenda fé, sem nauðsynlegt er til framleiðslunnar, til 18.7% eftir áætluninni hér að framan. Þessi hundraðshlutatala er til samanburðar við þau 69%, sem við greiðum nú fyrir sementið í erlendum gjaldeyri.


Magn: þús. tonn
Sements-innflutningur 1915-1947.
A—— meðaltal.
B—— magn.
Ctr verð: kr. pr tonn




Skýringarmyndir.

Myndirnar til vinstri sýna hlutfallsgreiðslur í sementsverði samkv. kostnaðarreikningi, bls. 11.


Mynd I:

Hlutfallið milli erlendra og innlendra greiðslna í núverandi útsöluverði á sementi (kr. 268.27 pr. tonn).



Mynd II:

Framleiðsluverð í hlutfalli við útsöluverð. Myndin sýnir leyfilegan sölu- og dreifingarkostnað, ef innlend framleiðsla á að verða samkeppnisfær við aðkeypt sement, hvað verðlag snertir. Einnig sýnir hún erlent fé gagnvart innlendu í framleiðslukostnaðinum.



Mynd III:

Hlutfallið milli hinna ýmsu kostnaðarliða í framleiðslunni. Kostnaðarliðirnir í rekstrarkostnaðarreikningi eru samandregnir, svo sem hér fer á eftir: Hráefni, liðirnir 1, 2 og 14, launagreiðslur 3 og 4, olíur 5 og 6, viðhald og innpökkun 7, 8 og 9, bankagreiðslur 10 og 11, ýmisleg gjöld 12 og 15.

Á árinu 1946 nam innflutt sement um 11.7 millj. kr. að verðmæti. Hefði sementið verið framleitt í landinu með þeim kostnaði, sem að framan er áætlaður, hefði gjaldeyrissparnaður af þeirri framleiðslu orðið kr. 11.7 millj. × (69 — 18.7) : 69 = 8.55 millj. króna. Með þessum útreikningi má það vera augljóst, að gjaldeyrislega getur sementsverksmiðja orðið innlend eign á minna en einu ári að óbreyttu verðlagi.

Til þess að áætla beinan ágóða af framleiðslu sementsins hér á landi er nauðsynlegt að áætla þann mismun á dreifingarkostnaðinum, sem skapast við það, að sementið verði framleitt á höfn á Vestfjörðum. Um skiplagningu á þessari dreifingu er fjallað í grein hér á eftir, og skal því látið nægja að benda á það, að skv. mynd I er þessi kostnaður nú 83 kr. á tonn, en skv. mynd II mætti hann vera 148 kr.

Mynd III. sýnir skiptingu framleiðslukostnaðarins niður á einstaka liði rekstrarins. Á þessari mynd er kostnaður við hráefni sérskilinn, en í rauninni ætti þessum lið að vera skipt niður á hina liðina, en sökum þess, hversu hann er háður endanlegu skipulagi verksmiðjunnar, er hann tekinn hér sérstaklega. Annars eru innbyrðis hlutföll liðanna mjög áþekk því, sem gerist í erlendum verksmiðjum. Þó eru bankagreiðslur og viðhaldskostnaður hér nokkuð há í hlutfalli við launagreiðslur og olíur

Gæði innlends sements.

Þótt framleiðsluaðferðir séu nokkuð misjafnar í verksmiðjum þeim, sem framleiða portlandsement, þá er yfirleitt lítill munur á sementinu sjálfu, hvar sem það er framleitt. Á síðustu árum hafa verið settar strangar reglur fyrir því, hvað kalla megi portlandsement. Þessar reglur hafa að vísu rutt úr vegi ýmsum úreltum aðferðum, sem notaðar hafa verið til framleiðslunnar, en árangurinn hefur verið aukin trygging fyrir gæðum sementsins.

Hér á landi kemur varla til greina að nota nema hina svokölluðu votu aðferð við framleiðsluna sökum þess, hversu hráefnin eru vatnsrík. Þessi aðferð er af flestum talin sú bezta til þess að tryggja jöfn gæði sementsins, og er hún jafnframt sú algengasta. Portlandsementið, sem hér verður framleitt, verður því fyllilega sambærilegt við erlent sement, hvað gæði snertir. Hitt er svo til eftirtektar, að sementsverksmiðja verður að vera búin fullkomnustu tækjum til alls konar rannsókna í sambandi við bæði sement og steinsteypu. Með innlendri framleiðslu á þessu byggingarefni mundi þannig flytjast sjálfkrafa inn í landið miklu meira eftirlit með gæðum þessa byggingarefnis en kostur hefur verið á áður.

Um gæði erlends sements hafa oft staðið hér nokkrar deilur, en skortur á rannsóknarstofnunum og þekkingu manna á einstökum gæðum þess hefur oft varnað því, að réttlátar kröfur um skaðabætur hafi náð framgangi. Innlend sementsverksmiðja mundi að sjálfsögðu vera ábyrg fyrir gæðum framleiðslu sinnar og mun auk þess hafa sterkar aðstæður til þess að leiðbeina kaupendunum um notkun sementsins.

Orkuframleiðsla og orkumiðlun.

Í útreikningunum hér að framan hefur verið gert ráð fyrir, að sementsverksmiðjan verði búin 1900 kw. (2500 hestafla) diesel-orkuveri. Aðalorkuþörf verksmiðjunnar er fólgin í klinkumöluninni, því að til þess að mala tonn af klinkum þarf 125 kwst. Orkuþörf verksmiðjunnar mun því vera um 1500 hestöfl, ef klinkurnar eru malaðar jöfnum höndum. Hitt mun þó vera kostnaðarminna að mala á styttri tíma, 8—10 klst., og sparast á því vélaslit og mikil vinnulaun.

Nauðsynlegt er þó að hafa alltaf einhverjar af orkuvélunum í gangi, því að brennsluofninn og samstæður hans mega aldrei stanza, nema um nokkurra daga vinnustöðvun sé að ræða. Af þessu leiðir, að ekki verður hjá því komizt, að vélstjórar verði að starfa allan rekstrartíma verksmiðjunnar.

Það skiptir hins vegar minna máli, á hvaða tíma sólarhringsins mölunin fer fram, og ætti að vera hægt að haga henni eftir því, sem hentar bezt.

Nú ætti það að vera eitt af aðalmarkmiðum þessarar framleiðslu, að hún verði sem óháðust erlendum viðskiptum. Æskilegast væri því, ef hægt væri, að nota vatnsorku til framleiðslu á því rafmagni, sem verksmiðjan þarfnast. Þessu er þó ekki til að dreifa í Önundarfirði, og þótt víðar sé leitað á Vestfjörðum, mun varla hægt að fá vatnsorku við sambærilegu verði við þá dieselorku, sem ráðgert er að nota við verksmiðjuna. Hins vegar mun Bolungavík nú vera að ráðgera vatnsvirkjun, og önnur virkjun er þegar fyrir hendi á Ísafirði, og báðar þessar virkjanir munu aflögufærar um nokkra orku á sumrin. Önnur þorp á Vestfjörðum búa við mjög dýr dieselorkuver. Ekki er því fráleitt að benda á það hér, að ef sett væri upp sameiginlegt orkukerfi fyrir verksmiðjuna og nærliggjandi byggðarlög, gæti verið um stórkostlega hagnýtingu orkunnar að ræða.

Sementsverksmiðjan væri mjög hentug til þess að jafna bæði dægur- og árstíðamiðlun orkunnar, auk þess sem hún fengi þá kost á því að nota a. m. k. að nokkru leyti innlenda orku á sumrin. Með þessu skipulagi mun allmikið fé sparast í launagreiðslum, því að ósennilegt er, að það mundi hafa í för með sér nokkra aukningu á mannahaldi í verksmiðjunni, þótt hún tæki að sér slíka miðlun, en í þorpunum mun mannahald við rafstöðvarnar minnka mikið.

Kostnaður við dreifingu sementsins.

Til þess að framleiðsla sements sé samkeppnisfær atvinnugrein í landinu, þarf verð þess á hverjum stað að vera sambærilegt við verð innflutts sements. Mismunurinn á cif-verði sementsins nú og hinum útreiknaða framleiðslukostnaði má því ekki vera minni en flutningskostnaðurinn frá Önundarfirði til markaðshafnar. Fyrir Reykjavík er þessi mismunur nú kr. 65.27, og má gera ráð fyrir, að hann sé ekki minni annars staðar á landinu. Ef gert er ráð fyrir 75 þús. tonna framleiðslu, er leyfilegur árlegur flutningskostnaður kr. 75 þús. × 65.27 = 4895 þús. kr.

Ódýrasta aðferðin til þess að flytja þetta sement mundi sjálfsagt vera sú að hafa til þess sérstakt tankskip, sem útbúið væri með sekkjunartækjum ofan þilja. Væri þá sementinu dælt um borð í skipið og aftur úr tönkum þess upp í sekkjunarvélina, sem sekkjaði við affermingu. Slíkt skipulag mundi spara mikinn kostnað við útskipun og affermingu, og einnig í umbúðum og flutningskostnaði.

Til þess að anna þessum flutningi mun þurfa allt að 2000 tonna tankskip. Slíkt skip mun nú fáanlegt fyrir 225 þús. dollara net. U. S. Martime Commission. Nægilegt ætti því að vera að reikna með 2½ millj. ísl. kr. í kaupverð á skipinu.

Árleg rekstrarútgjöld í slíku skipi má áætla svo sem hér fer á eftir:

Mannalaun, þ. e. fyrir skipstjóra, 3 stýrimenn, 4 vélstjóra, 3 smyrjara, bryta, kokk, aðstoðardreng, loftskeytamenn, níu háseta. Samt. 24 menn með 2500 kr. meðallaun á mán. í 12 mán. ..		kr.	720 000.00
Dieselolía, 550 tonn á kr. 200.00		—	110 000.00
Annar rekstrarkostnaður:			
Matur	kr. 90 000.00		
Vátrygging 6%	— 150 000.00		
Rentur og afb.	— 200 000.00		
Skrifstofuhald	— 60 000.00		
		—	500 000.00
Viðhald og ýmislegur kostnaður		—	170 000.00
		Samtals kr.	1 500 000.00

Þessi samanlagði kostnaður svarar til aðeins 20 kr. pr. tonn af sementi, og má af því sjá, að flutningskostnaður ætti ekki að standa framleiðslunni fyrir þrifum.

Útreikningurinn hér að framan hefur verið miðaður við það, að allt sementið verði flutt af einum og sama aðila, verksmiðjunni sjálfri eða samningsaðila hennar. Sé hins vegar gert ráð fyrir, að verksmiðjan annist ekki þennan flutning, er hætt við, að hann verði mun dýrari, en mun þó vart fara fram úr þeim 65 kr., sem marka samkeppnishæfni innlendrar framleiðslu við erlent sement.

Atvinnudeild háskólans, í júlí 1947.

Haraldur Ásgeirsson.

Ed. 74. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 frá 14. apríl 1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er fjármálaráðherra að endurgreiða gjald það, er um ræðir í 1. gr., af þeim birgðum, sem eru í vörzlum einstaklinga eða félaga, er lög þessi taka gildi.

Ed. 75. Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Fyrsta grein laganna orðist svo:

Menntaskólar skulu vera fjórir: einn í Reykjavík, annar á Akureyri, hinn þriðji á Ísafirði og sá fjórði á Eiðum. Stofna skal hinn fimmta menntaskóla í sveit í Sunnlendingafjórðungi, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á seinasta þingi fluttum við frumvarp samhljóða þessu. Það fékk þá einróma meðmæli menntamálanefndar efri deildar, en dagaði uppi, enda kom frumvarpið ekki fram, fyrr en langt var liðið á þingtímann.

Á síðasta þingi gerðum við flutningsmennirnir grein fyrir málinu sem hér segir:

„Í gildandi lögum um menntaskóla er svo ákveðið, að menntaskólar skuli vera tveir, í Reykjavík og á Akureyri. Í frumvarpi þessu er um þá eina breytingu að ræða, að menntaskólarnir skuli vera fjórir, sinn í hverjum landsfjórðungi, og verði þannig reistir menntaskólar á Ísafirði fyrir Vestfirðingafjórðung og að Eiðum fyrir Austfirðingafjórðung.

Samkvæmt lögunum um gagnfræðanám frá síðastliðnu ári er skólum gagn-

fræðastigsins ætlað það hlutverk að tengja saman barnaskólana annars vegar og sérskóla og menntaskóla hins vegar. Skólar þessa stigs eru ætlaðir unglingum á aldrinum 13—17 ára.

Samkvæmt 2. gr. sömu laga er tilgangur gagnfræðanámsins sá, „að efla andlegan og líkamlegan þroska unglinga, veita þeim lögboðna fræðslu, búa þá undir framhaldsnám í menntaskólum, sérskólum og sérfræðinámskeiðum svo og undir ýmis störf, sem krefjast góðrar almennrar menntunar".

Í hverju fræðsluhéraði skal starfa gagnfræðaskóli og í hverju skólahverfi skal vera að minnsta kosti einn skóli, sem veiti skyldufræðslu gagnfræðastigsins. Enn fremur segir í lögunum um gagnfræðanám, að **öllum**, sem lokið hafi barnaprófi, sé skylt að hefja gagnfræðanám, og lýkur skyldunáminu með unglingaprófi á því ári, sem nemandinn verður 15 ára, nema sveitarfélag hafi notfært sér heimild laganna um skyldunám til 16 ára aldurs.

Þetta nám, sem hér um ræðir, fer fram í fjögurra ára gagnfræðaskólum kaupstaðanna, í tveggja ára unglingaskólum um land allt í kauptúnum og sveitum og í framhaldi af því í tveggja ára **héraðsgagnfræðaskólum** sveitanna, sem taka skulu við nemendum víðs vegar að með unglingaprófi. — Mun flestum eða öllum núverandi héraðsskólum verða breytt í það horf á næstu árum.

Á þennan hátt er frá löggjafans hendi mjög vel séð fyrir möguleikum æskulýðsins, hvar sem er á landinu, til nokkurs framhaldsnáms að barnaskólanámi loknu.

Með miðskólaprófi öðlast nemendur samkvæmt gildandi lögum rétt til inngöngu í menntaskóla og kennaraskóla, og eru báðir þessir skólar fjögurra ára skólar.

En þegar hér er komið, vottar fyrir eins konar bláþræði á skólakerfinu. Á þessum mörkum torveldast möguleikarnir til framhaldsnáms fyrir mjög mörgu ungu fólki, þar eð menntaskólar eru aðeins á tveim stöðum á landinu, í Reykjavík og á Akureyri, og ávallt yfirfullir.

Nú er mjög víða unnið að því að búa unglingafræðslunni, þ. e. skyldunáminu, skilyrði, ýmist í sambandi við barnaskólana eða með sérstökum unglingaskólum.

Á næstu árum streymir svo unga fólkið, sem lokið hefur unglingaprófi, í gagnfræðaskólana og héraðsgagnfræðaskólana. Verður það mikill fjöldi, sem þannig lýkur miðskólaprófi og öðlast að lögum rétt til framhaldsnáms í menntaskólum og kennaraskóla. Er margt, sem til þess bendir, að mjög almennt verði keppt að stúdentsprófi sem lokamarki.

En þá vaknar spurningin: Á að keyra allt ungt fólk af Austur- og Vesturlandi, sem að afloknu miðskólaprófi vill nota rétt sinn til menntaskólanáms, annað hvort til Akureyrar eða Reykjavíkur til fjögurra vetra dvalar.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að það sé bein og óumflýjanleg afleiðing hinnar nýju skólalöggjafar, að ungu fólki hvaðanæva af landinu **verði veitt sem jöfnust aðstaða til að ná því æskilega marki á menntabrautinni að geta lokið stúdentsprófi, ef hugur stendur til.**

Þess vegna leggjum við til í frumvarpi þessu, að reistur verði menntaskóli Vestfjarða á Ísafirði og menntaskóli Austurlands að Eiðum. Yrði þá skipun þessara mála fyrst um sinn á þann veg, að Reykjavík hefði tvo skóla, sem útskrifuðu stúdenta, menntaskólann og verzlunarskólann, en auk þess kæmi bráðlega einhvers staðar í sveit í Sunnlendingafjórðungi (sennilega í Skálholti eða að Laugarvatni) þriðji menntaskólinn. Norðlendingar hefðu sinn ágæta menntaskóla á Akureyri — og Vestfirðingar og Austfirðingar fengju sína stúdentaskóla á Ísafirði og að Eiðum.

Þetta sýnist eðlilegri og réttlátari lausn málsins en að byggt verði nýtt menntaskólabákn, eða jafnvel tveir nýir menntaskólar hér í Reykjavík, eins og tillögur hafa komið fram um.

Ef að því ráði væri horfið, væri Reykjavík — dýrasta borg veraldarinnar — með þrjá skóla, sem útskrifuðu stúdenta, en Vestfirðingar og Austfirðingar settir hjá, eins og oft vill verða.

Þetta gæti hvorki talizt réttlátt né heppilegt, þótt einungis væri á málið litið frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Það er algeng saga, að þegar foreldrar efnilegra unglinga á Vestur- og Austurlandi hafa verið búnir að koma börnum sínum gegn um gagnfræða- eða héraðsskóla heima fyrir, hafa þeir orðið að taka sig upp og flytja búferlum til Reykjavíkur, til þess að geta fylgt börnum sínum eftir til framhaldsnáms. — Efni leyfðu ekki að kosta þau hér og halda heimili annars staðar. Þá þykir og ýmsum meiri uppeldislega áhætta við það bundin en svo, að gerlegt sé, að sleppa unglingunum á þessu skeiði hingað einum síns liðs til margra ára dvalar.

Þannig á staðsetning flestra æðri framhaldsskóla í Reykjavík drjúgan þátt í því að draga fólk til Reykjavíkur meira en góðu hófi gegnir.

Að vísu er nú svo komið, að margir játa, að fólksstraumurinn utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur beri ekki heilbrigðri þjóðfélagsþróun vitni, og sé síður en svo æskilegur. Þessa dagana eru mikil skrif um það hér í blöðum höfuðborgarinnar, að hér séu ólöglegir innflytjendur þúsundum saman. Ganga klögumálin á víxl milli fasteignaeigendafélagsins og húsaleigunefndar Reykjavíkur út af því, hvorum þessara aðila það sé **að kenna**, að ekki hafi tekizt að koma í veg fyrir innflutning þessa fólks.

Liggur í loftinu, að **helzt þurfi að hrekja það aftur úr Reykjavík.** Hér sé ekkert húsnæði fyrir það, og að minnsta kosti að þessu leyti sé það hér á annarra kostnað og naumast velkomið. — Í einu dagblaða höfuðborgarinnar í dag er það og staðhæft, að það sé ekki skylda bæjarbúa að byggja yfir hvern **„landshornamann“**, sem hingað vilji flytjast.

„Gjafir eru yður gefnar“, sagði Bergþóra forðum, „og eruð þér litlir drengir, ef þér launið engu“.

Gæti og vel verið álitamál, hversu lengi ætti að þola kögursveinum köpuryrði í þessum málum. Sæmir það að minnsta kosti illa, að þeim mönnum, sem með þröngum Reykjavíkursjónarmiðum í hverju máli stuðla beint að flótta fólksins úr dreifbýlinu, haldist það síðan uppi að taka á móti því með skætingi. Sem betur fer er það þó líka til, að einstöku Reykvíkingur skilji orsakir húsnæðisleysisins, sem enginn fær rönd við reist í höfuðborginni.

Rétt fyrir skömmu, þegar fjárhagsáætlun Reykjavíkur var til afgreiðslu, var húsnæðisleysið í höfuðborginni og aðflutningurinn til borgarinnar aðalumræðuefnið — eða réttara sagt aðal áhyggjuefnið. Við það tækifæri sagði hinn nýi borgarstjóri, Gunnar Thoroddsen, meðal annars þetta:

„Húsnæðismálin eru að sjálfsögðu aðalviðfangsefni okkar. Mannfjölgunin í bænum hefur orðið 10000 á seinustu 5 árum, og hversu mikið aðstreymið verður á næstu árum, fer vitanlega eftir atvinnu og afkomu landsmanna annars staðar á landinu.

Oft hefur verið talað um ráð til að stöðva aðstreymið til bæjarins og þá jafnvel minnzt á svo óviðfelldna tillögu sem átthagafjötra, enda mundi erfitt að setja slík höft á menn.

Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar, t. d. hafa mönnum verið sett þau skilyrði, er fá leigulóðir, að þeir seldu ekki utanbæjarmönnu hús þau, sem þar eru byggð, án samþykkis bæjarráðs. En dæmi eru til, að farið hafi verið í kringum þessi ákvæði.

Ég er á þeirri skoðun, að aðalráðið til að draga úr aðstreymi til bæjarins sé að gera sem lífvænlegast annars staðar á landinu. Það er því hagsmunamál okkar Reykvíkinga, að í kauptúnum og sjávarplássum fái menn sem bezt og mest atvinnutæki, svo að fólkið haldist þar kyrrt.“

Þetta er vel mælt og viturlega. Og vilja flutningsmenn þessa frumvarps aðeins bæta því við, að atvinnutæki ein úti um landsbyggðina leysa þó ekki þetta vandamál nema að nokkru leyti. — Utan Reykjavíkur þarf auk þess að sjá fólkinu fyrir sæmilegum samgöngum, raforku, og síðast en ekki sízt þarf að sjá því fyrir sem jafnastri aðstöðu til menningar og menntunar á við höfuðstaðarbúana sjálfa.

Á því fer tvímælalaust verr en flestu öðru, að nokkur einokunarblær sé á menningar- og menntunaraðstöðu þegnanna. Þess vegna eiga menntaskólar að rísa af grunni í öllum landsfjórðungum.

Menntaskólar Vestfjarða og Austfjarða yrðu ekki sérlega stórar stofnanir. Fyrst um sinn, sennilega um nokkurt árabil, yrðu aðeins 20—30 nemendur í ársdeild hverri. En eins og kunnugt er, eru menntaskólar fjögurra ára skólar. Þegar þeir væru komnir í fullan gang, mætti því ætla, að í hvorum skólanum yrðu eigi nema ca. 80—120 nemendur.

Þessu næst skal nú í stuttu máli gerð grein fyrir því, á hverju framanskráð áætlun um nemendafjölda, t. d. í menntaskóla Vestfjarða, er byggð.

Í 1. bekk gagnfræðaskólans á Ísafirði eru nú rösklega 90 nemendur. Um það bil helmingur þeirra, eða um 45, eru í bókanámsdeild. Sé gert ráð fyrir því, að þriðjungur þeirra, þ. e. hið bezta úrval þeirra til bóklegs náms, vildi halda áfram námi, eða um 15 nemendur, sést strax, að til er þegar álitlegur stofn í bekksögn lærdómsdeildar.

Þá er þess að geta, að tveir héraðsskólar á Vestfjörðum halda þegar uppi miðskóladeild, þ. e. héraðsskólinn á Núpi í Dýrafirði og héraðsskólinn í Reykjanesi. Þó að eigi sé gert ráð fyrir, að frá þeim kæmu fleiri en 8—10 nemendur samtals á ári til framhaldsnáms í menntaskóla, þá er þarna samt um að ræða a. m. k. 25 nemendur á ári frá þessum þremur vestfirzku framhaldsskólum.

Þannig lítur málið út, eins og nú standa sakir, en hér er ekki tekið tillit til hinnar miklu nemendafjölgunar, sem fyrirsjáanleg er til framhaldsnáms, þegar unglingaskólarnir rísa upp í hverju þorpi og hverri sveit, en þeir eru nú þegar í undirbúningi í samræmi við skólalöggjöfina, bæði á Patreksfirði, í Bolungavík og víðar.

Líkt er þessu háttað með Austfirði. Þar eru Eiðaskóli og gagnfræðaskólinn í Neskaupstað í örum vexti, og fjöldamargir unglingaskólar rísa þar upp á næstu árum.

Málið liggur því þannig fyrir, að Vestfirðingar og Austfirðingar geta með engu móti sætt sig við það til lengdar að verða að senda úrvalsnámsfólk sitt tugum saman á ári hverju til Reykjavíkur til menntaskólanáms.

Allra sízt verður þetta þolað sökum þess, að af þessu leiðir, ekki aðeins það, að flest af þessu unga fólki tapast heimabyggðum sínum fyrir fullt og allt, — heldur leiðir líka af þessu það, að foreldrar námsfólksins neyðast einnig unnvörpum til að taka sig upp og halda til Reykjavíkur, eins og áður er að vikið. — Oft er slíkt fólk af góðum stofni, úrval að andlegu og líkamlegu atgervi. Hinum fámennu byggðum er því sár blóðtaka að burtför þess. Það skilur eftir sig skarð fyrir skildi og sáran söknuð. — En þegar til Reykjavíkur kemur, er því þar tekið með megnri andúð. Hér ættu því hvorir tveggja að geta orðið samtaka — þeir, sem sporna vilja við ofvexti Reykjavíkur, og hinir, sem telja þjóðfélagslegt tjón að tæmingu sveita og kauptúna. Og því þá ekki að verða það í þessu góða máli.

Það er skoðun flm. þessa frv., að áður en hin veglega bygging stýrimannaskólans í Reykjavík var ákveðin sem landsskóli fyrir alla íslenzku sjómannastéttina, hefði þurft að athuga, hvort ekki væri réttara að hafa skólana fleiri og smærri, og þá sérstaklega, hvort sjómannaskólar hefðu ekki öllu fremur átt rétt á sér í aðalútgerðarbæjum landsins en endilega í Reykjavík, sem er og verður miklu fremur verzlunarmiðstöð en útgerðarborg.

Á sama hátt mundi nú vera tímabært að hugleiða það, hvort ekki eigi að reisa iðnskóla úti um land, þar sem iðnaðurinn dafnar bezt og virðist eiga blómlegust framtíðarskilyrði. Og mundi þá ekki vera rétt að komast að niðurstöðu um þetta, áður en í Reykjavík sé byggður iðnskóli fyrir 15—20 milljónir með það fyrir augum, að hann verði landsskóli, eins og stýrimannaskólinn.

Á sama hátt er þessu farið með menntaskólana. Þar standa nú sakirnar þannig, að báðir menntaskólarnir eru orðnir of litlir. Rætt hefur verið um að ráðast í stórbyggingar fyrir þessa skóla bæði á Akureyri og í Reykjavík. Hefur verið tekið í

mál, að þau stórhýsi, miðuð við þarfir landsins alls, mundu kosta a. m. k. 10—12 milljónir króna, og er þó sennilega of lágt áætlað.

En þá kemur að því, hvort ekki sé réttara að gera það upp við sig nú þegar, — áður en framtíðarmenntaskólabyggingar á Akureyri og í Reykjavík séu undirbúnar og áætlaðar fyrir allt landið, hver skuli verða heildarstefnan í þessum málum fyrir framtíðina.

Það, sem um er að velja, er þetta: Hvort á heldur að staðsetja menntaskólana í Reykjavík og á Akureyri og flytja þangað námsfólkið og mikinn hluta aðstandenda þess, — eða þá hitt, að endurbyggja á Akureyri menntaskóla, er aðallega hæfi þörfum Norðlendinga, í Reykjavík skóla, er hæfi þörf höfuðborgarinnar og nágrennis hennar, að Laugarvatni eða í Skálholti menntaskóla fyrir Suðurland og að síðustu menntaskóla Austfjarða og Vestfjarða að Eiðum og á Ísafirði.

Með seinni leiðinni, þeirri að hafa skólana fleiri og smærri, staðsetta í öllum landsfjórðungum, er uppeldishliðinni óumdeilanlega betur borgið, og ætti það ekki að vera neitt aukaatriði. Með þeirri leið er betur séð fyrir jafnréttisaðstöðu íslenzkrar æsku til framhaldsmenntunar. — Það ætti ekki heldur að teljast neitt hégómamál. Og með seinni leiðinni er í þriðja lagi stefnt að auknu jafnvægi í þjóðfélaginu. Í fjórða lagi fullnægir hún á eðlilegastan og hagkvæmastan hátt „konungshugsjón“ hinnar nýju skólalöggjafar **um samfellt fræðslukerfi.**

Enginn vafi er á því, að það væri íslenzkri þjóðmenningu ómetanlegur ávinningur, að komið verði upp góðum menntasetrum og menningarmiðstöðvum í öllum landshlutum. Í þeim efnum á ekki að draga allt til Reykjavíkur, þótt margt þurfi auðvitað að gera höfuðborginni til menningarauka.

Einhver kynni nú að hreyfa þeirri mótbáru, að þjóðin hafi ekki efni á því að koma upp menntaskóla í öllum landsfjórðungum. Þess vegna verði að byggja mikinn menntaskóla í Reykjavík og endurbyggja Akureyrarskóla og láta þar við sitja.

Í þessu sambandi viljum við benda á, að hér í Reykjavík kostar lóðin ein undir menntaskóla 5—6 milljónir króna samkvæmt gögnum, sem fram hafa komið á Alþingi. — Fer því ekki mjög fjarri, að fyrir þá upphæð mætti byggja menntaskólana alla, að Eiðum, á Ísafirði og í Skálholti eða að Laugarvatni, en hins vegar má nokkurn veginn fullvíst telja, að á öllum þessum stöðum yrðu lagðar fram ókeypis byggingarlóðir fyrir skólana. Að öðru leyti er viðeigandi að upplýsa eftirfarandi um aðstöðu á þeim stöðum, sem hér hafa verið til nefndir sem menntaskólasetur.

Á Ísafirði er þegar til vegleg yfirbyggð sundhöll. Þar er líka til ágætt bókasafn. Þar er í þriðja lagi einn af veglegustu íþróttasölum landsins. Allt þetta mundi mjög draga úr stofnkostnaði menntaskóla á Ísafirði.

Það, sem þar vantar, er skólahús með 4—5 kennslustofum og rektorsbústað.

Á Eiðum er líka sögu að segja. Þar er rafstöð og miklar byggingar, sem koma mundu að gagni sameiginlega héraðsgagnfræðaskólanum og menntaskóla Austfjarða.

Eins er það með Laugarvatn, ef það yrði fyrir valinu fyrir menntaskóla Suðurlands. Þar er eitt allra veglegasta íþróttahús landsins og margvísleg aðstaða önnur, sem teljast yrði hin ákjósanlegasta fyrir menningarmiðstöð Sunnlendinga.

Menningarlega séð væri það hinn mesti fengur og ávinningur fyrir Austfirðinga og Vestfirðinga, að breyting sú, sem frumvarp þetta fjallar um á skólakerfi voru, næði fram að ganga. Ætti að vera óþarft að rökstyðja það nánar. — Verður þó að því vikið í framsöguræðu.

Ekki er hallað rétti nokkurs bæjar eða landshluta með framgangi þessa frv. — Nægilegur nemendafjöldi, sem líklegur sé til framhaldsnáms í menntaskólum, er þegar fyrir hendi bæði vestan lands og austan.

Með frumvarpi þessu er farið fram á menningarlegt jafnrétti Austfirðinga og Vestfirðinga á við íbúa annarra landsfjórðunga, og hlut þeirra þó síður en svo

haldið fram af óbilgirni. — Að síðustu leggja flm. frv. áherzlu á, að sams konar ráðstöfunum og hér er stefnt að í menningarmálum þurfi og að framfylgja í samgöngumálum, raforkumálum og atvinnumálum. Á þann hátt einan verði þjóðfélagslegu jafnvægi náð.

Leggjum við svo þetta mikilsverða mál fyrir háttvirta alþingismenn og treystum því, að það fái verðugar undirtektir þeirra.

Að síðustu skal á það minnzt, að hér er á ferðinni mál, sem hafið er yfir allan flokkarig. Það er sammál allra Austfirðinga og Vestfirðinga og verður fylgt með vakandi athygli allra hugsandi manna í þessum landshlutum, þar til það hefur fengið fullnaðarafgreiðslu og endanlega lausn í drengilegri framkvæmd."

Sþ. 76. Tillaga til þingsályktunar

um fæðingardeildina í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fæðingardeildin taki til starfa undir yfirstjórn forstöðumanns handlæknisdeildar Landsspítalans.

Greinargerð.

Um nokkurra mánaða skeið hefur hin mikla fæðingardeild, sem getur tekið móti 54 sængurkonum, staðið fullgerð á lóð landsspítalans, en ekki verið notuð. Virðist ekki vanta annað en rúmstæði og sængurklæðnað til þess, að þessi stofnun verði opnuð til afnota fyrir almenning í bænum. Mun skoðanamunur um, hvort deildin eigi að vera sjálfstætt fyrirtæki eða lúta yfirumsjón prófessors í handlækningum við landsspítalann, hafa tafið fyrir notkun hússins. Er þetta með öllu óviðunandi, þar sem heimili í Reykjavík og nágrenni eru jafnmannfá og annars staðar á landinu og almenn ósk sængurkvenna að geta dvalið á fæðingarheimili fyrir og eftir barnsburð. Víða um land er mikill áhugi að koma upp fæðingarheimilum og mun þessi dráttur að óþörfu spilla fyrir góðu máli, ef þau tíðindi spyrjast um landið, að höfuðstaðarbúum lánist ekki að útvega sér rúmstæði og sængurföt í þessa stofnun, eftir að húsið er fullgert.

Sþ. 77. Tillaga til þingsályktunar

um nefnd til að undirbúa verndun Skálholtsstaðar og stýra framkvæmdum við endurreisn staðarins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nú þegar fimm manna nefnd, ólaunaða, til að undirbúa verndun Skálholtsstaðar og stýra fyrir hönd ríkissjóðs þeim framkvæmdum, sem þar verða gerðar í því skyni. Í nefndina skal velja biskup landsins, búnaðarmálastjóra, húsameistara ríkisins, fornminjavörð og þjónandi prest í Skálholti. Ef einhverjir af framangreindum mönnum neita að starfa í nefndinni, velur ríkisstjórnin annan eða aðra menn í staðinn.

Greinargerð.

Skálholt var frá dögum Ísleifs biskups og fram yfir móðuharðindin annar elzti og mesti helgistaður landsins, næst á eftir Þingvöllum. Allan þennan langa tíma er

Skálholt sem menntasetur og valdastaður ofinn inn í sögu landsins á ógleymanlegan hátt. Í bágindunum eftir móðuharðindin, þegar lá við landauðn á Íslandi, var skóli og biskupssetur flutt burt úr ösku- og jarðskjálftarústunum. Þjóðin var þá þannig sett, að hún gat engri mótgerð frá sér hrundið. Eftir þetta var Skálholt svipt sinni fornu dýrð og veldi. Síðan er liðin hálf önnur öld. Gildir bændur hafa búið í Skálholti, og svo er enn. En það nægir ekki að hafa myndarlegan búskap og mikinn fjárstofn á slíkum sögustað. Það þarf að verja miklum fjármunum af almannafé til að setja á slíkan stað þann höfuðbólsbrag, sem hæfir hinum sögulegu minningum. Það er búið að verja miklu fé til að gera Reykholt svo úr garði, að landið gæti tekið þar á móti hinni ágætu þjóðargjöf Norðmanna í sumar sem leið. Ef enn hefði verið í Reykholti hálfhruninn torfbær, peningshúsin á hlaðinu, þar hjá rauðir og grænir benzíngeymar og neðan við varpann ótræðismýri, varla manngeng, þá hefði ekki verið hægt að láta erlenda gestahópinn sjá, að íslenzka þjóðin virti svo lítils heimili hins frægasta manns í landinu. Margir af hinum norsku gestum, sem komu á Snorrahátíðina, vildu mega heimsækja Skálholt, en íslenzka nefndin var ásátt um að leyfa það ekki. Sendi þó lítinn bíl með nokkra fræðimenn, sem talið var líklegt, að gætu metið vanræksluafsakanir okkar. Þegar þar kom, var varla hægt að snúa litlum bíl við hjá garðshliðinu.

Heima í Skálholti eru gömul timburhús, byggð eins og viðar af vanefnum eftir jarðskjálftana 1897. Sams konar skúraþyrping var á Þingvöllum, þar til hátíðanefnd byggði staðinn upp að nýju 1930, svo að við má una. Kirkjan er hrörleg og algerlega ósamboðin staðnum. Kirkjugarðurinn er stórþýfður og girðingin óásjáleg. Nálega engar sýnilegar fornminjar eru í Skálholti. Menn byggðu úr grjóti og torfi, og það efni var forgengilegt. En þar er enn hin stórbrotna og glæsilega útsýn yfir hin miklu vötn, sléttur og jöklahring Suðurlands. Staðurinn hefur tvennt að bjóða: hátignarlega náttúrufegurð og sjö aldir af Íslandssögu. Slíkur staður má ekki lengur vera í því ástandi, að það verði að hindra menntaða menn innlenda og útlenda frá að koma þangað. Sumir kunna að segja, að ekki sé þörf annars en að byggja Skálholt nógu efnuðum og stórhuga bónda. Skálholt á ekki frægð sína að þakka búnaði einstakra manna, heldur hinu, að þar var höfuðaðsetur hins íslenzka mannfélags um margra alda skeið. Biskupsstóll og menntaskóli landsins voru virki þjóðarinnar í Skálholti. Þessar stofnanir voru fluttar burtu á óhappastund. Þær stofnanir en ekki bóndastarfið vantar minnisvarða í Skálholti.

Endurreisn Reykholts er til fyrirmyndar þeim, sem vilja sýna Skálholti sóma. Það tók tuttugu ár að gera Reykholt samboðið þeim minningum, sem tengdar eru við staðinn. Þar varð að vera andleg starfsemi, og þess vegna var þar reist stærsta menntastofnun héraðsins. Þar þurfti að vera mikill búskapur. Þess vegna var þar gerður mikill túnauki, komið upp stórbúi og undirbúinn trjágarður, sem er meira en tveir ha. að stærð. Vegir liggja að Reykholti úr mörgum áttum. Þar komu í sumar 2500 bifreiða á Snorrahátíðina, og fór vel um þær allar. Er aðstaða góð í Reykholti til að hafa þar hátíðir að sumarlagi fyrir 15—20 þús. manns. Hæfir sá umbúnaður söguminningum staðarins.

Í Skálholti þarf að vera kirkjulegt setur og stórbúskapur, en ekki bundinn við aðstöðu einstaklinga, heldur á vegum mannfélagsins. Þess vegna legg ég til, að sett verði sérstök stjórnarnefnd fyrir Skálholt: Tveir forgöngumenn kirkjunnar, yfirmaður búnaðarmála og helztu kunnáttumenn landsins í húsagerð og fornum fræðum. Slík nefnd ætti að hafa góða aðstöðu til að endurreisa þennan fornfræga stað með þeim hætti, að sæmd landsins væri að fullu borgið. Slíkar nefndir starfa bezt, ef þær eru ólaunaðar. Veit ég það af eigin reynslu í hátíðanefndinni 1930, Þingvallanefnd, dansk-íslenzku nefndinni, Snorranefndinni og byggingarnefnd Þjóðleikhússins, til að nefna nokkur dæmi.

Endurreisn Skálholts þarf að hefjast á vettvangi kirkjumálanna. Þar ætti að gera við kirkjugarðinn með sama einfaldleika og beitt var við þjóðargrafreitinn á Þingvöllum. Næst ætti, haustið 1950, að reisa á dánarstað Jóns Arasonar hið snilld-

arlega minnismerki Einars Jónssonar. Vafasamt er, að heppilegt verði að freista að endurreisa timburkirkju Brynjólfs biskups. Brunahættan er of mikil. Betra mundi að reisa í Skálholti fallega kapellu í rómönskum eða gotneskum stíl. Sá prestur, sem messar í Skálholti, ætti fortakslaust að eiga þar heima, og er furðulegt, að svo skuli ekki vera. Þá ætti biskup landsins að hafa þar sumarhús og taka þar á móti tignum gestum. Vel færi á, að guðfræðinemar þjóðkirkjunnar gætu verið þar á vorin og undirbúið próf sín á þeim sögufræga stað. Þá hafa margir prestar hreyft þeirri tillögu, að í Skálholti væri hvíldarheimili presta, bæði ungra og gamalla. Með þessu móti væri Skálholt aftur tengt kirkjunni og að nokkru efnt heit við hinn fræga gefanda, Ísleif biskup.

Biskuparnir höfðu að öllum jafnaði stórbú í Skálholti, og svo þarf enn að vera. Þar ætti að vera fyrirmyndarbú og túnrækt mikil. Það er lítt afsakanlegt hirðuleysi, að ekki skuli vera til hér á landi stórbú, þar sem ræktuð eru hin beztu kyn nautpenings og hesta. Skálholt er einkar vel fallinn staður fyrir slíka starfsemi, heimalönd víðáttumikil og ræktarland óþrjótandi. Þegar lokið er brúargerð á Iðu, geta sunnlenzkir bændur átt auðvelda sókn að Skálholti og fengið þar hin beztu húsdýrakyn.

Nd. 78. Frumvarp til laga

um byggingu verbúða og eftirlit með þeim.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin lætur reisa verbúðir í þeim verstöðum, þar sem þeirra er þörf.

2. gr.

Ráðherra lætur gera uppdrætti að fyrirmyndarverbúðum og kostnaðaráætlun um byggingu þeirra. Uppdrættir þessir og kostnaðaráætlun skulu vera með tvennu móti:

a. Sambygging fyrir vistarverur vermanna og alla aðra starfrækslu í verstöðinni.
b. Sérbyggingar: Annars vegar vistarverur verkafólksins, en hins vegar sérbyggingar fyrir sjálfa útgerðarstarfsemina.

Áður en byggingarframkvæmdir eru hafnar, skal jafnan leita álits samtaka útvegsmanna og sjómanna, þar sem fyrirhugað er að reisa verbúðir.

3. gr.

Verbúðir þær, sem ríkið lætur reisa, má leigja bátaútvegsmönnum. Sé leigan miðuð við kostnaðarverð byggingarinna. Einnig má selja útvegsmönnum einstakar verbúðir, sem ríkisstjórnin lætur byggja, fyrir kostnaðarverð. Útborgun og aðra greiðsluskilmála ákveður ríkisstjórnin.

4. gr.

Hver, sem keypt hefur verbúðir af ríkisstjórninni og hefur í hyggju að selja þær öðrum, verður að fá til þess leyfi ráðherra og samþykki hans fyrir söluverðinu.

Eigi má nota verbúðir til annars en þess, sem þær voru upprunalega gerðar fyrir.

Ekki má framleigja verbúð, sem ríkisstjórnin leigir, nema með samþykki ráðherra.

5. gr.

Ríkisstjórnin skal veita fjárhagslega aðstoð þeim einstaklingum, er sjálfir vilja ráðast í byggingu verbúða, með því að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til þeirra.

Má ábyrgðin nema allt að 75% af kostnaðarverði verbúðar. Skal ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán í því skyni að endurbæta húsnæði, sem úrskurðast óhæft, ef eigandi þess treystist ekki til þess sjálfur vegna þröngs fjárhags.

6. gr.

Sérhverjum er skylt að láta af hendi land það, sem þarf að áliti ráðherra til byggingar verbúðanna, svo og önnur mannvirki, ef nauðsyn ber til, enn fremur leyfa, að tekið verði í landi hans byggingarefni úr jörð (möl o. s. frv.), allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir samkvæmt lögum um eignarnám.

7. gr.

Ríkisstjórnin skal koma á ströngu eftirliti með hvers konar húsnæði til íbúðar fyrir verkafólk og sjómenn og aðgerðar- og beitingarhúsnæði í verstöðvum landsins svo og tækjum, er notuð eru til bátaútgerðar. Skal ríkisstjórnin setja í samráði við Alþýðusamband Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna reglugerð, er ákveði lágmarksskilyrði um húsnæði, sem í verstöðvum þurfi að uppfylla, til þess að leyfilegt sé að nota það til íbúðar fyrir vermenn og starf þeirra.

8. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 2 millj. kr., til framkvæmdar þessara laga.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í langan tíma hafa verið uppi háværar óánægjuraddir meðal þeirra sjómanna og annarra, er dvalið hafa í hinum ýmsu verbúðum landsins á vertíð, yfir þeim aðbúnaði, sem þeim hefur verið búinn, enda er það mála sannast, að víðast er ástand verbúða slíkt, að hvern þann, sem kemur í verstöðvar, hlýtur að reka í rogastanz, þegar þau skilyrði eru athuguð, sem verkafólkið og sjómennirnir eiga við að búa, svo fráleit eru þau öllum þeim hugmyndum og kröfum, sem nútíminn gerir til mannabústaða. Að rétt sé hér með farið, vitna skýrt eftirfarandi lýsingar á þremur stærstu verstöðvum landsins:

Í Sandgerði dvelur fjöldi aðkomumanna á vetrarvertíð í húsakynnum, sem mest minna á léleg útihús í sveit. Eru sumar vistarverurnar svo þröngar, að furðu sætir, hversu mörgum er troðið í þær. Var einn bragginn tekinn út úr af handahófi og mældur. Reyndist lengd hans vera 5,15 m, breidd 3,75 m og lofthæð 2,50 m, í bragganum voru 6 hvílur, sem voru 1,75 metra á lengd og 96 cm á breidd, stórt borð tók nærri allt gólfplássið; engin handlaug eða önnur hreinlætistæki fylgdu bragga þessum, gólf voru dúklaus og veggir klæddir skrælnuðum og rifnum pappa, og ef andar úr lofti á einhverri átt, blæs í gegn eins og grindarhjall. Einn smágluggi var á gafli. Í þessari litlu herbergiskitru höfðust við á síðustu vertíð 12—13 manns. Þessu líkt mun ástand fleiri íverustaða vermanna í Sandgerði, þótt til séu einstaka undantekningar.

Í Keflavík voru á síðastliðnum vetri á vetrarvertíð 10—11 skipshafnir, er bjuggu í verbúðum. Þar voru tvær verbúðir sæmilega viðunandi. Ástand annarra verbúða var þannig, að undir engum kringumstæðum er hægt að telja þær til mannabústaða. Fjórar skipshafnir bjuggu í ævagömlu hússkrifli, sem veitti takmarkað skjól fyrir vatni og veðrum, þrengslin óskapleg, þægindi engin. Ef nokkuð teljandi frost var, þiðnaði þar ekki frost af gluggum. Hús þetta stendur autt aðra tíma árs.

Tvær skipshafnir bjuggu í gömlum bæ, sem að því er virtist hékk eingöngu uppi af gömlum vana.

Á s. l. vetri lögðu um 30 bátar upp afla sinn í Keflavík, og má segja, að saga verbúðanna endurtaki sig hvað snertir uppsátursplássin. Þau eru flest í ævagömlum meira eða minna ónýtum húsaskriflum og víða mjög þröngt, þótt aflinn sé ekki saltaður.

Í **Vestmannaeyjum** er ástandinu í þessum efnum allýtarlega lýst í grein, er birtist í júlí 1946 í Sjómannablaðinu Víking. Fer einn kafli greinarinnar hér á eftir:

„Húsakynni eru sums staðar þannig úr garði gerð, að bæði sandur og sjór fjúka inn í bústaði mannanna, og einnig munu menn búa í kjöllurum algerlega óhæfum. Það er aðeins grár steinninn, ópússaður eins og hann kemur úr mótunum. Ég get ekki látið mér detta í hug, að nokkur sveitabóndi eigi lélegra hreysi yfir búpening sinn heldur en húsakynni þau eru, sem mörgum verkamönnum, er til Vestmannaeyja koma, er vísað inn í."

Það er ekki að furða, þótt þessi aðbúnaður, sem verkamönnum hefur verið búinn, hafi vakið réttláta gremju þeirra og verkalýðshreyfingarinnar í heild. Á þingum Alþýðusambands Íslands hafa þessi mál verið rædd og tillögur verið samþykktar, þar sem krafizt hefur verið úrbóta. Sjálft Alþingi hefur einnig látið sig þessi mál skipta. Á þinginu 1945 var samþykkt þingsályktunartillaga, er fól ríkisstjórn að tryggja verkamönnum viðunandi aðbúnað. Árið 1941 tók þáverandi atvinnumálaráðherra, Ólafur Thors, rögg á sig og gaf út reglugerð um gerð og útbúnað verbúða, sem var sæmileg svo langt er hún náði, en því miður var þessari reglugerð aldrei framfylgt, og munu þeir vera fáir, er vita um tilveru hennar. Og í dag er ástand verbúða enn á þann veg, að bæði er til skaða og skammar fyrir þjóðina í heild, að sjómönnum og verkafólki skuli talið boðlegt að búa við slík skilyrði, jafnmikið og þjóðin á undir starfi þeirra.

Það er skoðun flutningsmanns, að reynslan hafi sýnt, að þörf sé frekari afskipta þess opinbera af máli þessu og eina leiðin til þess að tryggja viðunandi úrbætur sé sú, að ríkisvaldið hafi forgöngu um byggingu verbúða.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin láti byggja verbúðir þar, sem þeirra er þörf, og hjálpi einstaklingum með hagkvæmum lánum, ef þeir vilja sjálfir ráðast í byggingu verbúða eða endurbætur. Þá er og gert ráð fyrir ströngu eftirliti og ákveðnum lágmarkskröfum til verbúða.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins verða skýrðar í framsögu.

Ed. 79. Frumvarp til laga

um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson, Páll Zóphóníasson, Lárus Jóhannesson.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera á sinn kostnað hafnarmannvirki í Höfn í Hornafirði. Skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð.

Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra.

Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar o. fl., sem nauðsynlegt má teljast við byggingu og rekstur hafnarinnar.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 4,5 millj. kr., er endurgreiðist að ⅔ úr hafn-

arsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir af ⅔ hlutum stofnkostnaðarins auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 3 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, sem fer með hafnarmál, og tveir meðstjórnendur, annar tilnefndur af hreppsnefnd Hafnarhrepps, en hinn kosinn af sameinuðu Alþingi.

Skulu stjórnarmeðlimir vera búsettir á staðnum.

4. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi til landshafnarinnar svo víðáttumikið land sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót eða möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
   b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
   e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
   f. Leiga af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2. a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á tveimur síðustu þingum hefur verið flutt frumvarp um landshöfn og fiskiðjuver í Höfn í Hornafirði. Í fyrra skiptið var málinu vísað frá í Nd. með rökstuddri dagskrá, þar sem því var beint til ríkisstjórnarinnar að láta fara fram nauðsynlegar rannsóknir á byggingu landshafnar í Höfn og fleiri tilgreindum stöðum. Vitamálaskrifstofan lét framkvæma þessar rannsóknir á síðari hluta árs 1946. Á síðasta þingi var málið flutt í Ed. og samþykkt við 2. umræðu með þeim breytingum, að fella niður ákvæðin um fiskiðjuverið, en hækka lántökuheimild ríkisstjórnarinnar til hafnarmannvirkjanna úr 2 millj. í 4,5 millj., og var það í samræmi við hina nýju áætlun vitamálaskrifstofunnar. Er nú málið flutt í þeirri mynd, sem Ed. gekk frá því við 2. umr. á því þingi.

Höfn í Hornafirði hefur nú í meira en aldarfjórðung verið aðalfiskihöfn Austurlands á vetrarvertíð, enda er hún vegna legu sinnar hagkvæmasti staður til þess að nýta frá hin ágætu fiskimið við Suð-Austurland. En ófullnægjandi hafnarskilyrði hafa mjög heft vöxt útgerðarinnar á þessum stað, og má þar til nefna ófullnægjandi dýpi, þröng legupláss, skort á bryggjum o. fl. Þrátt fyrir þessa erfiðleika hefur útgerðin á Hornafirði fært þjóðarbúinu mjög miklar tekjur. Sem dæmi má nefna, að árin 1942-46, er fiskurinn var fluttur út ísvarinn, nam fob-verð aflans af ca. 30 litlum vélbátum frá 1,8 — 2,97 millj. kr. Nú hefur söluverð í Bretlandi verið 2,5 — 3 sinnum hærra, og mun því söluverð heildaraflans hafa numið allt að 9 millj. kr. það árið, sem bezt var.

Enn fremur má benda á það, að frá engri höfn á landinu er jafnauðvelt að sigla með fiskinn nýjan til hafna bæði á Bretlandi og meginlandi Evrópu. Hefur þetta mjög greinilega komið í ljós hin síðari ár í sambandi við útflutning á ísvörðum fiski, þar sem munað getur allt að tveim sólarhringum, sem sigling frá Hornafirði er styttri en frá mörgum öðrum útflutningshöfnum landsins. Einnig má telja víst, að með byggingu góðrar fiskihafnar á Suð-Austurlandi muni verða lögð stund á veiði fleiri fiskitegunda á þessum miðum og þannig tryggð betri nýting þeirra.

Þegar litið er á magn og verðmæti aflans á Hornafirði, ber þess enn fremur að gæta, að hér er eingöngu um litla báta að ræða. Á vertíðinni 1946 var meðalstærð bátanna 18 tonn og mun hafa verið svipað önnur ár. Hefur bátum mjög fækkað þar hin síðari ár, en það mun að mestu stafa af þeirri stækkun vélbátaflotans, er orðið hefur, þar sem grynningar hafnarinnar hindra notkun hinna nýju og stærri báta. Árið 1945 stunduðu 35 bátar veiðar á Hornafirði, 1946 voru þeir aðeins 15 og 1947 er talan komin niður í 13. Var þó fob-verð aflans af þessum 15 bátum 1946 2,26 millj. kr., eða 150 þús. kr. að meðaltali á bát, en það var síðasta árið, sem fiskurinn var fluttur út ísvarinn. Þegar söluverð er allt að þrisvar sinnum hærra, sést, að það er enginn smáræðis gjaldeyrir, sem þessi litli floti hefur fært þjóðarbúinu.

Þá er rétt að geta þess, að samkvæmt lýsisrannsóknum frá Hornafirði, Vestmannaeyjum og úr Faxaflóa, sem dr. Þórður Þorbjarnarson hefur gert á vegum Fiskifélags Íslands, er þorskalýsi frá Hornafirði um það bil helmingi auðugra af A-vitamínefni en Faxaflóalýsi og einnig allmiklu auðugra en Vestmannaeyjalýsið, og enn fremur hefur D-vitamínmagn Hornafjarðarlýsisins verið mun meira en lýsis úr öðrum verstöðvum. Þetta ber þó ekki að skilja þannig, að hér sé um þeim mun verðmætari lifur að ræða, þar sem heildarlýsismagnið er minna, heldur skal bent á þá ályktun dr. Þórðar, að ástæðan fyrir þessu sé sú, að á Hornafjarðarmiðin

safnist mikið af gömlum og stórum fiski, er gæti mun meira í aflanum en í öðrum verstöðvum. Sé þetta rétt, sem ekki virðist ástæða að draga í efa, er auðsætt, hversu mikið glapræði það væri frá sjónarmiði fiskiveiðanna og þar með þjóðarheildarinnar að vanrækja nýtingu þessara fiskimiða og bæta þeim bátaflota, er þar getur stundað veiðar með bættri aðstöðu á Hornafirði, á fiskimiðin í Faxaflóa, þar sem ungfiskurinn sýnilega heldur sig meira.

Allt þetta mælir mjög eindregið með því, að byggð verði góð fiskihöfn á Hornafirði, er auk heimaútgerðar verði hin sjálfsagða viðlegustöð fyrir vélbátaflota Austurlands á vetrarvertíð. Enn fremur mundi slík höfn skapa skilyrði fyrir stærri fiskiskip úr öðrum landsfjórðungum til að stunda veiðar á þessum miðum yfir sumartímann, t. d. með botnvörpu, þar sem mjög stutt væri að sigla með aflann til Hornafjarðar í viðeigandi fiskiðjuver þar.

Þá skal bent á þau rök, sem mæla með því, að ríkið taki að sér framkvæmdir þessar og höfnin verði þar með gerð að landshöfn.

Hafnarlög fyrir Hornafjörð voru samþykkt á Alþingi 1935, og var hann einn af þeim stöðum, sem teknir voru inn á almennu hafnarlögin á þinginu 1945. Samkvæmt þeim skal viðkomandi hreppur annast framkvæmdir, en ríkið greiða ⅔ kostnaðar. Ástæðurnar til þess, að ekki hefur verið hafizt handa, eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi er hér um svo mikil mannvirki að ræða, að engin von er til, að jafnfámennur hreppur geti komið þeim upp nema á mjög löngum tíma. Í öðru lagi er þetta alls ekki fyrst og fremst mál Hafnarhrepps. Miklu fremur er þetta eitt stærsta hagsmunamál allrar vélabátaútgerðar á Austurlandi og þar með alls Austfirðingafjórðungs.

Nú er Hafnarkauptún nýlega orðið sérstakur hreppur með rúml. 300 íbúa. Enn fremur vantar á staðnum aðrar fjárfrekar framkvæmdir, svo sem vatnsveitu og rafveitu, sem hreppurinn verður að ráðast í, m. a. vegna útgerðarinnar. Liggur ljóst fyrir, að honum er ofvaxið að leysa einng af hendi þau verkefni, er frumvarp þetta fjallar um. Hér er því aðeins um tvennt að ræða. Annað hvort verður ríkið að ráðast í þær framkvæmdir, sem gera þarf, til þess að vélbátafloti Austurlands geti hagnýtt þessi fiskimið, eða útgerð á Hornafirði fer enn þá minnkandi og sá floti, er þar gæti haft aðsetur, þrengir sér inn á aðra staði, þar sem fiskimiðin eru fullsetin fyrir til tjóns fyrir alla.

Hér hefur eingöngu verið bent á þá aðalhlið málsins, sem að útgerðinni snýr. En hins ber einnig að gæta, hvaða þýðingu slíkar framkvæmdir mundu hafa fyrir þær landbúnaðarsveitir, er næst liggja og kæmu til með að njóta þeirra markaðsskilyrða, er sköpuðust með vexti fiskveiða- og iðnaðarbæjar á Suð-Austurlandi. Þannig er þetta alvarlegt hagsmunamál fyrir þessar sveitir, þegar Höfn í Hornafirði kemst af því stigi að vera hálfgert landbúnaðarþorp með blandaða framleiðslu og á það stig að verða fiskveiða- og iðnaðarbær með blómlegu atvinnulífi, eru fyrst sköpuð góð markaðsskilyrði fyrir landbúnað héraðsins og eðlileg verkaskipting, þar sem atvinnulíf sjávar og sveita styður hvort annað.

Hingað til hefur mestur hlutinn af fólksfjölgun þjóðarinnar lent til Reykjavíkur, og á síðasta ári fjölgaði íbúum hennar um 2800 manns, að því er skýrslur herma. Því verður ekki með rökum neitað, að hér er um mjög hættulega þróun að ræða fyrir allt atvinnulíf þjóðarinnar. Auðlindir landsins notast verr en skyldi, og öll þjóðin bíður hnekki af. Þrátt fyrir allar þær byggingar, sem gerðar eru í Reykjavík, er húsnæðisleysið ætíð hið sama, því að alltaf heldur áfram hinn sami flutningur utan af landi, sem fyllir íbúðirnar jafnóðum og þær eru tilbúnar. Eina ráðið til að hindra þessa þróun er að beina fjármagni þjóðarinnar í starf og uppbyggingu atvinnulífsins við heppileg skilyrði úti á landsbyggðinni, svo að aðrir staðir geti boðið íbúum sínum lífskjör og þægindi, er jafnist á við það, sem Reykjavík býður nú. Þannig myndu náttúrugæðin notast bezt til hags fyrir þjóðarheildina. Enn fremur mun þannig verða bezt ráðin bót á því ástandi í sölumálum land-

búnaðarins, sem nú er að verða óþolandi, að flytja þurfi landbúnaðarvörur, svo sem mjólk, úr mjög fjarlægum héruðum til að fullnægja þörfum Reykjavíkur. Það kapphlaup, sem nú er hafið milli landbúnaðarhéraðanna um Reykjavíkurmarkaðinn, er afleiðing þessarar þróunar, og horfir til stórra vandræða, ef ekki tekst að breyta hér um stefnu. En til þess er engin önnur leið en að efla atvinnulíf annarra staða, þar sem skilyrði eru heppileg. Á hinni löngu strandlengju Suður- og Suð-Austurlands mun Höfn í Hornafirði tvímælalaust vera heppilegasti staðurinn til slíkra hluta.

Þær framkvæmdir, sem frumv. þetta leggur til, að ríkið geri í Höfn, eru nauðsynlegur þáttur í þeirri uppbyggingu atvinnulífsins, sem þegar er hafin og verður að halda áfram, ef þjóðin á að lifa framvegis heilbrigðu menningarlífi.

Fylgiskjal I.

4. marz 1947.

Höfn í Hornafirði.

Áætlun um landshöfn. Tilhögun I.

Dýpkun.

Gert er ráð fyrir, að grafin sé renna úr álnum inn með eyjunni Ósland, á milli hennar og Álaugareyjar. Fremri hluti rennunnar er grafinn niður í 5 m dýpi miðað við lægsta fjöruborð, þannig að hafskip geti komizt þar inn. Er sá hluti rennunnar ca. 240 m á lengd, um 40 m á breidd efst og 130 m fremst, miðað við fullt dýpi. Innarlega í rennunni er hafskipabryggja 12 m á breidd og 70 m á lengd. Heldur rennan áfram um 320 m inn með Óslandi með 40 m breidd, en er hér grafin aðeins niður í 3 m dýpi, miðað við venjulegt fiskibátadýpi. Frá hafskipabryggjunni tekur við bátabryggja meðfram rennunni. Er hún 300 m á lengd og 10 m á breidd. Gert er einnig ráð fyrir að grafa mjórri rennu inn á svæðið framan við núverandi bátabryggju og dýpka nokkuð á 40—50 m breiðri spildu meðfram bryggjunum, þannig að sæmilegt bátadýpi fáist þar einnig. Nemur þessi síðasttalda dýpkun um 24 þús. m^3, en öll sú dýpkun, sem nú er talin, mun nema um 190 þús. m^3. Einnig er hér reiknað með, að dýpka þurfi nokkuð innsiglingarleiðina, einkum í námunda við eyjuna „Helli", enda er dýpi þar aðeins 3—4 m, yrði grafin þar sæmileg renna í gegnum aðalgrynningarnar 300—400 m á lengd, mundi sú dýpkun nema um 20 þús. m^3. Yrði þá öll dýpkun samtals **210 þús. m^3.**

Fyllingar.

Gert er ráð fyrir að nota mikinn hluta dýpkunarmagnsins til uppfyllingar. Er þá gert ráð fyrir fyrirhleðslu úr niðurreknum plönkum (2½"—3") og studdir með skástaurum. Er lega þess sýnd á meðfylgjandi uppdrætti. Gengur það út frá vesturhorni Kaupfélagshúsanna vestur með landi á um 90 m lengd framan við „Víkina", en þá til suðurs í Ósland og síðan austur með eyjunni. Er öll lengd þess um 810 m. Gert er þá ráð fyrir að fylla upp „Víkina", þá 40—50 m breiða spildu út í Ósland og loks allbreiða ræmu meðfram Óslandi. Það magn, sem færi í fyllingar þessar, mun nema um 150—160 þús. m^3. Tengist þá um 5,7 m há landsuppfylling, sem gæti orðið ágætt athafnasvæði auk bílfærs vegar úr landi í Ósland.

Bryggjur.

Eins og áður er sagt, er gert ráð fyrir 70 m langri hafskipabryggju og 300 m bátabryggju. Eru það venjulegar staurabryggjur, enda er botninn vel hæfur til niðurreksturs staura og auðveldur til dýpkunar. Er botninn sandur með leirlögum á milli, og nægilega djúpt virðist niður á klöpp eftir því, sem botnathugun hefur leitt í ljós. Samkvæmt meðfylgjandi kostnaðaráætlun munu mannvirki þessi kosta um kr. **4 100 000.00.**

Tilhögun I.

Kostnaðaráætlun.

Dýpkun og fylling 210 000 m³ á kr. 7.00	kr.	1 470 000.00
Hafskipabryggja 70×12 m á kr. 600.00 m²	—	504 000.00
Bátabryggja 300×10 m á kr. 500.00	—	1 500 000.00
Fyrirstöðuþil 810 m	—	642 000.00
	Kr.	4 116 000.00
	—	4 100 000.00

Höfn í Hornafirði.

Landshöfn. Tilhögun II.

Hér er fyrirkomulagið mjög svipað og áður, en aðeins gert ráð fyrir minni dýpkun og styttri bryggjum. Hafskipabryggjan yrði aðeins 60 m á lengd í stað 70 m og bátabryggjan 150 m (í stað 300). Innsiglingarrenna meðfram Óslandi yrði nokkru þrengri eða aðeins 30 m í stað 40 m. Gert er hér ráð fyrir jafnlöngum fyrirstöðuvegg og áður og sömu uppfyllingum.

Þyrfti því að dýpka nokkru lengra inn en nauðsynlegt er vegna bryggjanna, til að komast að með fyllingarnar og fá nægilegt efni í þær. Er því hér gert ráð fyrir 150 þús. m³ dýpkun.

Kostnaður samkv. meðfylgjandi áætlun yrði þá um kr. 2 900 000.00.

Tilhögun II.

Kostnaðaráætlun.

Dýpkun og fylling 150000 m³ á kr. 7.00	kr.	1 050 000.00
Hafskipabryggja 60×12 m = 720 m² á kr. 600.00	—	432 000.00
Bátabryggja 150×10 m = 1500 m² á kr. 500.00	—	750 000.00
Fyrirstöðuþil 810 m	—	642 000.00
	Kr.	2 874 000.00

Fylgiskjal II.

Um leið og vér sendum hjálagða áskorun frá sjómönnum og fleirum, sem vinna hér við útveginn, leyfir undirrituð hafnarnefnd sér einnig að skora á hið háa Alþingi að samþykkja frumvarp á þingskjali 136 um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Höfn í Hornafirði.

Í því sambandi vill nefndin benda á, að ef nota á hin fiskisælu mið við Hornafjörð af austfirzkum bátaflota, þá verði ekki lengur hjá því komizt, að hafizt verði handa um framkvæmd á dýpkun og öðrum aðgerðum til úrbóta við höfnina, útveginum til hjálpar.

Höfn, Hornafirði, 25. febrúar 1947.

Bjarni Guðmundsson. Gísli Björnsson. Óli Kr. Guðbrandsson
Jón J. Brunnan. Óskar Guðnason.

Til Alþingis, Reykjavík,

Við undirritaðir borgarar í Austfirðingafjórðungi beinum þeirri eindregnu ósk okkar til hins háa Alþingis, að frumvarpið á þingskjali 136 um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Höfn í Hornafirði verði samþykkt nú á þessu þingi.

Höfn, Hornafirði, 18. febrúar 1947.

(Undirrituð 138 nöfn, sjá þskj. 812 1946).

Nd. 80. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 28 frá 14. apríl 1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir orðunum „af benzíni“ í 1. gr. a. laganna komi: öðru en flugvélabenzíni.

2. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að endurgreiða gjald það, er um ræðir í 1. gr., af þeim birgðum, sem eru í vörzlum einstaklinga eða félaga, er lög þessi taka gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 81. Frumvarp til laga

um eignarnám á ræktuðum og óræktuðum byggingarlóðum á Sauðárkróki sunnan Sauðár.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar veitist heimild til að láta taka eignarnámi túnlóðir og óbyggðar lóðir á verzlunarlóð bæjarins sunnan Sauðár (árinnar).

Land það eða lóðir, er Sauðárkrókskaupstaður eignast samkvæmt eignarnámi þessu, er honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja.

2. gr.

Eignarnámið skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnar Sauðárkrókskaupstaðar.

Samkvæmt upplýsingum, sem við flutningsmenn frumvarpsins höfum fengið frá bæjarstjóranum á Sauðárkróki, eru helztu ástæður fyrir þörf á umbeðinni eignarnámsheimild þessar:

1. Nú hefur bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar ekki orðið ráð á neinum byggingarlóðum fyrir tvílyft hús samkv. gildandi skipulagsuppdrætti.
2. Á árunum 1908—1910 voru nokkrar túnlóðir útmældar og látnar á erfðafestu 500—600 metrum sunnan við þáverandi suðurtakmörk verzlunarlóðar Sauðárkróks. Um 1918 eru einnig, enn nær verzlunarlóðinni, útmældar nokkrar byggingarlóðir meðfram Skagfirðingabraut að austan. Útmælingar þessar voru gerðar af þáverandi umboðsmanni Reynistaðarklausturs, en ríkissjóður var þá eigandi Sauðár, en Sauðárkrókur er byggður úr landi þeirrar jarðar. Árið 1919 er verzlunarlóð Sauðárkróks stækkuð samkv. lögum, og lenda þá framangreindar lóðir inn á verzlunarlóðina. Hafa lóðirnar meðfram Skagfirðingabraut byggzt smátt og smátt og þó aðallega nú, eftir að lóðir fyrir tvílyft hús eru þrotnar annars staðar. Þó eru 5—6 lóðir enn óbyggðar, og er það á ýmsan hátt

til óþæginda fyrir bæjarfélagið, sérstaklega vegna lagna fyrir rafmagn, vatn og skolp.
3. Sauðárkrókur eignast jörðina Sauðá árið 1927 og á nú í samningum við ríkisstjórnina um kaup á verzlunarlóðinni samkvæmt heimildarlögum frá síðasta þingi.
4. Á hinum ræktuðu lóðum eru nú fyrirhugaðar tveggja hæða byggingar, svo og framtíðar sjúkrahús fyrir Skagfirðinga (bæ og sýslu), er bæjarfélaginu því mikil nauðsyn að fá ráðstöfunarrétt á lóðum þessum, einnig til þess að koma í veg fyrir óeðlilega verðhækkun. Samningaumleitanir hafa farið fram um kaup á hinu ræktaða landi, en ekki útlit fyrir, að þeir takist án eignarnámsheimildarinnar í bakhöndinni. Sumir eigenda einnig beinlínis óskað eignarnáms.

Ed. 82. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefur nefndin athugað og rætt á fundum sínum. Meiri hluti nefndarmanna leggur það til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en tveir nefndarmanna (ÁS og EE) áskilja sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur um málið.

Alþingi, 3. nóv. 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Eiríkur Einarsson.
Guðm. Í. Guðmundsson. Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 83. Frumvarp til laga

um öryggi verkamanna við vinnu.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

I. KAFLI
Ferming og afferming skipa.

1. gr.

Óheimilt er að byrja á fermingu eða affermingu vöruflutningaskipa fyrr en skoðun hefur farið fram á losunartækjum þeirra ásamt þeim öðrum tækjum, er notuð eru við að ferma eða afferma skipin, og skoðunarmenn hafa gefið vottorð um, að allt sé í því ástandi, að öryggi verkamanna stafi eigi hætta af.

2. gr.

Losunartæki fiskiskipa skulu skoðuð af skoðunarmönnum eins oft og ástæða er talin til, og ávallt þegar ósk um skoðun kemur fram frá verkalýðsfélagi.

3. gr.

Allir menn, sem kvaddir eru til að fara með vindur skipa meðan á fermingu eða affermingu stendur, svo og þeir, er stjórna krönum á bryggjum eða öðrum lyfti-

vélum, skulu viðurkenndir af viðkomandi verkalýðsfélagi, sem fær þeim í hendur skírteini, er sannar rétt þeirra til slíkra starfa.

Sama gildir um þá menn, sem stjórna vinnu við lestarop (lúgumenn).

Verkalýðsfélögin setja reglur um störf þessara manna og geta svipt þá réttinum til nefndra starfa, ef þeir gerast brotlegir við settar reglur að dómi verkalýðsfélags.

4. gr.

Eigi má reyna meira á böndd eða vélar en ákveðið er eftir styrkleika þeirra.

Ekki má skilja eftir vörur hangandi í lyftuböndum eða á annan svipaðan hátt, sem hætta getur stafað af.

5. gr.

Gæta skal þess jafnan að festa vel og tryggilega bönd um vörur, sem lyft er með vindu. Sömuleiðis króka, ef notaðir eru á tunnur og trog. Þá skal gæta þess, að tunnulöggin sé nægjanlega sterk.

6. gr.

Við stöflun á tunnum og sekkjum o. þ. h. skal gæta fyllstu varúðar, svo ekki hrynji úr staflanum og valdi slysum. Sömu varúðar skal gæta við meðferð kola. Skal jafnan hafa kolabingi með tvöfaldri hleðslu og það miklum halla á hleðslunni, að eigi sé hætta á því, að þeir hrynji.

7. gr.

Gas- og súrhylki svo og annað, er sprengihætta er af, skulu ávallt höfð í lokuðum trogum, þegar þeim er lyft um borð í skip eða frá borði.

8. gr.

Þegar lyft er sekkjavöru, má ekki lyfta nema einni stroffu í einu, og ekki skulu vera fleiri en 15 sekkir í hverri stroffu. Þegar notaðar eru snörpípur á poka, skal þess gætt, að þær séu vel traustar og pokarnir sterkir og órifnir, t. d. óbilaður faldurinn í opinu.

9. gr.

Þegar skipað er upp kolum, skulu í trogum þeim, sem notuð eru, ekki vera neinar járnstengur eða klampar að innanverðu eða annað slíkt, er valdið getur því, að kolamolar verði eftir í trogunum. Séu trog með loku (annar gaflinn hreyfanlegur), skal lokan vera vel útbúin og traust, svo að ekki sé hætta á, að hún valdi slysum. Ekki má lyfta meiru upp en einu tonni í hverju trogi.

10. gr.

Séu tunnur eða körfur notaðar við uppskipun eða útskipun, má ekki hafa lykkju í botni þeirra, heldur skal þar vera vír eða kaðall með auga á enda, svo að ekki sé hætta á, að menn festist í lykkjunni.

11. gr.

Við saltuppskipun má ekki lyfta meiru en einu tonni í trogi. Sé saltið fast, skulu sérstakir menn taka saltið niður, svo að eigi myndist saltveggir eða stallar.

12. gr.

Við uppskipun úr togurum er skylt að hafa auk venjulegs strengs, sem ber uppi upphölunarblakkir, annan streng til öryggis, sem dreginn er í gegnum festingar allra blakkanna.

II. KAFLI
Vinna við sprengingar og sandnám.

13. gr.

Þar, sem sprengja þarf jarðveginn eða annað, skulu ætíð notaðar rafmagnskveikjur og skotstaðurinn vandlega byrgður.

Sprengingar framkvæmi eigi aðrir en menn, sem ásamt því að vera löggiltir til þess starfs af lögreglustjóra eða hreppstjóra skulu samþykktir af stjórn viðkomandi verkalýðsfélags.

14. gr.

Þar, sem unnið er í sandgryfjum, skal þess vandlega gætt, að barmar séu eigi látnir slúta, og forðast skal sem hægt er að hafa gryfjuveggina háa.

Allir staðir, þar sem sandnám fer fram, skulu vera undir stöðugu eftirliti skoðunarmanna.

III. KAFLI
Vinna við húsasmíði o. fl.

15. gr.

Verkpallar við húsamíði og hvers konar önnur mannvirki skulu vera svo traustir, að eigi stafi hætta af, og skulu þeir festir saman tryggilega og með skáböndum. Á þeim utanverðum skal vera að minnsta kosti eins metra hátt handrið. Sama gildir um öll steypumót, og má ekki taka mót undan nema með leyfi múrarameistara eða þess smiðs, sem ábyrgð ber á verkinu, og alls ekki fyrr en steypan hefur náð nægilegri hörku.

Gæta skal þess að láta ekki smíðaefni eða annan þunga á loft eða stiga fyrr en steypan hefur náð nægilegri hörku.

Meðan hús er í smíðum skal setja handrið eða bönd kringum stigaop og önnur op í loftum.

16. gr.

Stigar skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan. ef stiginn er meir en 4 metra langur.

17. gr.

Bannað er það fyrirkomulag að lyfta á pall manni ásamt hjólbörum.

18. gr.

Þar sem vélar, t. d. steypubröndunarvélar eða lyftuvélar og annað þeim tilheyrandi, svo sem vírar, blokkir og gálgar eða rennibrautir, eru notaðar við smíði húsa eða annað, skulu gilda sömu ákvæði og talin eru í 2. gr.

IV. KAFLI
Flutningur á verkamönnum.

19. gr.

Óheimilt er að flytja verkamenn innanbæjar á vörubifreið, nema sterkar höldur séu á húsi hennar fyrir verkamenn að halda sér í, og eigi má flytja fleiri verkamenn en geta með góðu móti haldið sér í höldurnar.

20. gr.

Séu verkamenn fluttir í bílum að og frá vinnustað lengri leið en 2 km, skulu þeir fluttir í yfirbyggðum farþegabifreiðum eða vörubifreiðum með traustum og vönduðum skýlum, sem séu tryggilega fest við pall bifreiðarinnar.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

21. gr.

Á öllum vinnustöðum, hvort heldur er úti eða inni, þar sem unnið er eftir að myrkva tekur, skulu höfð vinnuljós, svo mörg og sterk, að eigi geti verið slysahætta vegna myrkurs.

22. gr.

Á öllum bryggjum, hafnaruppfyllingum og öðrum slíkum stöðum, þar sem afgreiðsla skipa fer fram eða önnur vinna, er skylt að hafa næga og góða stiga að dómi skoðunarmanna, svo og léttbáta, sem hægt er að grípa til, ef slys ber að höndum.

23. gr.

Við skurðgröft í bæjum skulu þeir staðir, þar sem rafmagnsstrengir eða gasrör liggja, vandlega merktir og það tilkynnt verkamönnum.

24. gr.

Á öllum þeim skipasmíðastöðvum, sem taka upp báta og skip til viðgerðar, skal fara fram a. m. k. hálfsmánaðarleg skoðun á vírum og blökkum, dráttarvagni. festartækjum svo og öðrum áhöldum tilheyrandi dráttarbraut.

Þá skulu á hverri slíkri skipasmíðastöð vera traustir og stöðugir léttbátar.

25. gr.

Verkamönnum, sem vinna við að ryðberja, höggva steypu eða grjót, skulu lögð til hlífðargleraugu, þeim að kostnaðarlausu, af viðkomandi atvinnurekanda.

26. gr.

Á öllum föstum vinnustöðum og á öðrum vinnustöðum, sem verkalýðsfélögin telja, að hægt sé að koma því við, skulu vera lyfjakassar með nauðsynlegum lyfjum og umbúðum.

Skal landlæknir semja skrá yfir þau lyf og umbúðir, sem nauðsynlegt er að hafa á vinnustöðum að hans dómi.

27. gr.

Alls staðar þar, sem við verður komið að dómi verkalýðsfélags, skal hafa kaffiskýli á vinnustað. Í skýlunum skulu vera borð og bekkir, hitunartæki og gott drykkjarvatn. Skylt er og að hafa salerni á vinnustað.

28. gr.

Í hverju kauptúni og kaupstað skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári námskeið í hjálp í viðlögum fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga og verkstjóra. Námskeið þessi skulu fara fram undir umsjá og eftirliti Slysavarnafélags Íslands.

29. gr.

Við alla vinnu ber verkstjóra að gæta fyllstu varúðar, að því er snertir öryggi verkamanna til að forðast slys.

30. gr.

Öll tæki, sem notuð eru til þungaflutnings, skulu vera vel traust og athugað, að vel sé gengið frá öllum festingum.

31. gr.

Allir, sem stjórna meiri háttar vinnuvélum og ekki hafa aflað sér lögviðurkenndra réttindi til þess að stjórna þeim, njóta eigi réttinda til starfsins nema viðurkenning viðkomandi verkalýðsfélags komi til.

32. gr.

Við öll störf, sem að dómi verkalýðsfélaga getur verið hætta á slysum, getur viðkomandi verkalýðsfélag kvatt til skoðunarmenn, og skal þá skylt að haga vinnu og útbúnaði verktækja svo sem þeir mæla fyrir um.

33. gr.

Komi slys fyrir á vinnustað, skal þegar fara fram ýtarleg rannsókn á slysinu og orsökum þess. Rannsóknina skulu framkvæma þar til kvaddir 2 menn af verkalýðsfélagi og lögreglustjóra eða hreppstjóra.

34. gr.

Hver sá, sem af vangá eða hirðuleysi veldur slysi á vinnustað eða brýtur settar reglur, skal tafarlaust sviptur starfi sínu og dæmdur til refsingar.

VI. KAFLI

Eftirlit.

35. gr.

Á hverjum þeim stað, sem starfandi er verkalýðsfélag, skal lögreglustjóri skipa þrjá skoðunarmenn, eftir þeirri tilnefningu sem hér segir:

Viðkomandi verkalýðsfélag tilnefnir einn skoðunarmann, atvinnurekendur á staðnum eða félag þeirra annan og deild Slysavarnafélags Íslands, sé hún til á staðnum, þann þriðja.

Verkefni skoðunarmanna skal vera að sjá um framkvæmd þessara laga í öllum þeim greinum, sem varða öryggi verkamanna á vinnustað.

Skoðunarmenn hafa vald til þess að stöðva vinnu, hvar sem er í umdæmi sínu, telji þeir slysahættu af ásigkomulagi vinnutækja eða öðru í sambandi við vinnu.

Skoðunarmönnum skulu sett erindisbréf. Alþýðusamband Íslands semur erindisbréfin, en viðkomandi lögreglustjóri gefur þau út.

36. gr.

Á smærri stöðum úti á landi, þar sem erfitt er að koma við þrem skoðunarmönnum frá þeim aðilum, er um getur í 35. gr. laga þessara, er heimilt að fela einum manni skoðunarmannsstarfið, enda hljóti hann viðurkenningar þessara þriggja aðila.

37. gr.

Að því er kemur til lyftivéla og annarra véla á bryggjum og hafnaruppfyllingum og við hafnargerðir skal verksmiðju- og vélaeftirlitið hafa eftirlit með þeim. Séu þessi tæki í notkun, skulu þau skoðuð a. m. k. einu sinni í mánuði og hvenær sem ósk um skoðun kemur fram frá viðkomandi verkalýðsfélagi.

38. gr.

Allur kostnaður af eftirliti samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

39. gr.

Lög þessi rýra ekki á neinn hátt ábyrgð, sem eigendur skoðunarskyldra tækja, vinnustöðvar og verkstjórar þeirra eða aðrir bera á þeim slysum, sem fyrir kunna að koma.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti ég frumvarp þessu samhljóða, var því útbýtt 26. nóv. 1946, tekið á dagskrá 27. nóv. 1946 og vísað að umræðu lokinni til allsherjarnefndar 28. nóv. 1946. Nefndin hafði mál þetta til meðferðar í fimm mánuði. Á því tímabili leitaði hún umsagnar tveggja aðila, Alþýðusambands Íslands og verksmiðjuskoðunarstjórans. Svör bárust frá báðum þessum aðilum. Alþýðusambandið lagði til, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt, en verksmiðjuskoðunarstjórinn hafði ýmislegt við frumvarpið að athuga, en niðurstaða hans var samt sú, að hann taldi mörg ákvæði þess til stórbóta fyrir aðbúnað og öryggi verkamanna.

Hinn 21. maí 1947 skilaði allsherjarnefnd svo hljóðandi áliti í málinu:

„Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um, að öryggi verkamanna við vinnu sé að ýmsu leyti ábótavant. Vegna þeirrar þróunar, sem orðið hefur í iðnaði og öðrum atvinnuvegum á hinum síðari árum, hafa myndazt ný viðhorf og skapazt ný viðfangsefni, sem annaðhvort engar reglur eru um eða þá gildandi reglur eru úreltar. Alþingi hefur viðurkennt þetta, hvað viðvíkur eftirliti með verksmiðjum og vélum, með því að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög og reglur, sem um það gilda (sjá till. til þál. á þskj. 762).

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er því máli mjög skylt, og telur nefndin eðlilegast, að um þetta sé sett ein löggjöf til öryggis verkamönnum, hvaða vinnu sem þeir stunda, og að þeir aðilar, er framkvæma endurskoðun þá, sem áður getur, taki einnig efni þessa frumvarps til athugunar. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti semja reglur um öryggi verkamanna við vinnu í sambandi við væntanlega endurskoðun á eftirliti með verksmiðjum og vélum, enda fari sú endurskoðun fram í samráði við verkalýðssamtökin og vinnuveitendasamtökin, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Undir þetta álit skrifuðu Garðar Þorsteinsson, form., Finnur Jónsson, fundaskr., frsm., Jörundur Brynjólfsson, Auður Auðuns, Hermann Guðmundsson.

Þótt ég hefði helzt kosið, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt, þá gat ég eftir atvikum sætt mig við þá afgreiðslu á málinu, er allsherjarnefndin lagði til. Þar sem nefndin var óskipt um álit sitt, varð að telja framgang þess tryggðan, og skriður kominn á málið og þess að vænta, að ekki liði langur tími, unz því ófremdarástandi yrði af létt, sem ríkt hefur um öryggi verkamanna við vinnu. En nefndarálit allsherjarnefndar kom aldrei til atkvæðagreiðslu, þar sem mjög var liðið á þingtímann, er það kom fram. Ég flyt hér því frumvarp þetta aftur.

Á síðasta þingi gerði ég grein fyrir málinu sem hér segir:

„Vegna þeirra tíðu slysa, sem orðið hafa á vinnustöðvum á ýmsum tímum, hafa ávallt verið uppi háværar raddir frá verkalýðnum um, að öryggi við vinnu yrði aukið m. a. með löggjöf um eftirlit með vinnutækjum o. fl. Hefur þessi krafa hlotið stuðning atvinnurekenda, sem sjá má af því, að í fjöldamörgum samningum milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda er það tekið fram, að samningsaðilar séu sammála um að beita sér fyrir því, að hið opinbera setji fyllri reglur um öryggi verkamanna við vinnu og úlbúnað vinnutækja. Þá eru og dæmi þess, að verkalýðsfélög hafi gert samninga við atvinnurekendur um aukið öryggi við vinnu, t. d. um eftirlit með fermingu og affermingu skipa.

Árið 1935 var þessum málum svo komið, að Alþingi sá sig knúð til að taka þau til meðferðar, og voru þá samþykkt lög um að heimila atvinnumálaráðherra að setja reglugerð um eftirlit með fermingu og affermingu skipa, útbúnað vinnupalla o. fl. Þessi heimild var ekki notuð fyrr en 1938, að þáverandi atvinnumálaráðherra lét semja reglugerð um þessi mál.

Var þessi reglugerð síðan send Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendafélagi Íslands til umsagnar. Ekkert varð þó af frekari framkvæmdum að því sinni. En á

sumarþinginu 1942 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að athuga atvinnumál o. fl. Í 3. tölul. þál. segir svo um ætlunarverk nefndarinnar, að hún skuli semja „frv. til l. um vinnutíma í ýmsum atvinnugreinum svo og um vinnuvernd og aukið öryggi og góðan aðbúnað verkalýðsins".

Nefndin hóf starf sitt, og m. a. sendi hún Alþýðusambandi Íslands ýtarlegan spurningalista í 7 liðum. Eftir að Alþýðusambandið hafði kynnt sér afstöðu sambandsfélaga sinna, sendi það nefndinni ýtarlegt svar. Um frekari störf þessarar nefndar er flutningsmanni ekki kunnugt, og ekkert frumvarp hefur nefndin lagt fram enn þá. Vantar því enn þá löggjöf um þetta mikilsverða mál, og að dómi flutningsmanns má eigi lengur dragast, að slík löggjöf verði sett. Þess vegna er þetta frumvarp flutt til að bæta úr brýnni nauðsyn, þótt búast megi við, að reynsla sú, er fæst við framkvæmd laganna, leiði í ljós, að á þeim þurfi að gera nokkrar breytingar á næstu árum.

Þá er flutningsmanni það ljóst, að ýmis ákvæði frv. hefði eins mátt taka fram í reglugerð, en þar sem vitað er, að áðurnefnd heimild um setningu slíkrar reglugerðar hefur eigi verið notuð, telur hann rétt að taka þau inn í lögin.

Um einstaka kafla frv. skal þetta tekið fram:

Fyrsti kafli frv. fjallar um fermingu og affermingu skipa. Það er kunnugt, að við þá atvinnugrein hafa orðið fleiri slys en við nokkra aðra verkamannavinnu hér á landi, og mun mikið af þeim slysum hafa stafað af lélegum vinnutækjum og ófullnægjandi eftirliti. Aðalákvæði þessa kafla eru því um aukið eftirlit með tækjum þeim, sem notuð eru, og frekari íhlutun verkalýðsfélaganna um val á þeim mönnum, er vinna þau störf, er mest ríður á, að leyst séu samvizkusamlega af hendi vegna öryggis verkamanna.

Annar kafli fjallar um vinnu við sprengingar og sandnám. Við þær vinnugreinar, sérstaklega sandnámið, hafa orðið ýmis stórslys á síðari árum og því full þörf að setja lagaákvæði í samræmi við ákvæði kaflans.

Þá er þriðji kafli um vinnu við húsasmíði o. fl. Sú atvinnugrein hefur stóraukizt á síðari árum. Byggingar hafa mjög stækkað og slysahættan þar með aukizt. Flest slysin stafa af því, að lyftivélar o. fl., sem þeim tilheyrir, eru ekki nægilega traustar og verkpallar ekki nógu tryggilega gerðir. Ákvæði kaflans miða að því, að öryggið verði aukið með betri útbúnaði þessara tækja og tekið upp strangt eftirlit með þeim, sem að mestu hefur skort fram að þessu.

Um fjórða kaflann, sem fjallar um flutning á verkamönnum, er það að segja, að til er í reglugerð frá 1937 ákvæði um líkt efni, en er hvergi nærri fullnægjandi vegna breyttrar aðstöðu o. fl. Er hér reynt að ráða bót á þessu, auka þannig öryggi verkamanna, sem flytja þarf milli vinnustaða eða til og frá vinnustað.

Fimmti kafli inniheldur ýmis almenn ákvæði, og má finna sum þeirra í líku formi í samningum milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, eins og t. d. 26. og 27. gr. (um lyfjakassa og kaffiskýli), en þau eru tekin upp í frv. til þess að gera þau þýðingarmiklu atriði, er greinarnar fjalla um, að lögboðinni skyldu um land allt. Aukinn ljósaútbúnaður og öryggistæki á vinnustöðum er aðkallandi til þess að fyrirbyggja slys. Einnig hefur reynslan sýnt, að rík þörf er á góðum og traustum léttbátum og ströngu eftirliti með útbúnaði dráttarvagna á skipasmíðastöðvum. Því til sönnunar skal á það bent, að sérstök tilviljun varð því valdandi, að ekki létu fleiri manns lífið, þegar m.s. Esja rann í dráttarvagninum í slippnum í Reykjavík af brautarteinunum ofan í sjó.

Viðurkennd er fyrir löngu nauðsyn þess, að þeir, sem verða fyrir slysi, fái sem fyrst aðhlynningu og aðstoð veitta af þekkingu. Þýðingarmikið spor í þá átt, að svo megi vera meðal verkamanna, er, að trúnaðarmenn verkalýðsfélaga og verkstjórar kunni hjálp í viðlögum.

Þá er mjög mikilsvert, að á öllum þeim vinnustöðum, þar sem að dómi verkalýðsfélaga er mikil slysahætta, hafi viðkomandi félög rétt til þess að krefjast skoð-

unar og úrbóta. Þegar slys hefur átt sér stað, getur það haft mikla þýðingu til að fyrirbyggja, að sams konar slys endurtaki sig, að strax fari fram ýtarleg rannsókn á slysinu og orsökum þess. Sjálfsagt er og, að tekið sé hart á ölvun eða hirðuleysi á vinnustað, sem leiðir til slysa.

Í sjötta kafla eru ákvæði um val skoðunarmanna, verkefni þeirra og vald það, er þeir hafa til þess að framkvæma skyldustörf sín."

Nd. 84. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. nóv. 1947.

Finnur Jónsson, form. Hallgr. Benediktsson, fundaskr., frsm. Skúli Guðmundsson.
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Nd. 85. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta, sem hér um ræðir, er staðfesting á bráðabirgðalögum frá 30. júlí í sumar. Frumvarpið hefur gengið gegnum efri deild. Landbúnaðarnefnd þessarar deildar hefur kynnt sér frumvarpið og ástæður, sem voru fyrir því, að bráðabirgðalögin voru sett. Mælir nefndin með því, að frumvarpið verði gert að lögum.

Alþingi, 4. nóv. 1947.

Steingr. Steinþórsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Jón Sigurðsson.
Sigurður Guðnason. Barði Guðmundsson.

Nd. 86. Frumvarp til laga

um veitingu prestakalla.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Forseti Íslands skipar presta íslenzku þjóðkirkjunnar og veitir þeim lausn frá störfum.

2. gr.

Þegar prestakall losnar, skal biskup Íslands í samráði við kirkjumálaráðherra auglýsa það með hæfilegum umsóknarfresti. Að honum loknum skal biskup senda

kirkjumálaráðherra rökstutt álit sitt á umsóknum þeim, sem borizt hafa, og hverjum skuli veitt embættið. Enn fremur skal leitað álits hlutaðeigandi héraðsprófasts um umsóknirnar, áður en embættið er veitt, svo og sóknarnefndar eða sóknarnefnda í prestakallinu, og greiði þær atkvæði um það á sameiginlegum fundi. Ef þessir þrír aðilar, biskup, héraðsprófastur og sóknarnefndir, verða á eitt sáttir í áliti sínu um umsækjendur, skal veita embættið samkvæmt því. Sé hlutaðeigandi prófastur meðal umsækjenda, skal þó leitað álits sóknarnefnda einna, og sé það samhljóða álit biskups, skal veita embættið samkvæmt því.

Setja skal í reglugerð, eftir því sem þurfa þykir, nánari ákvæði varðandi veiting þessara embætta.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 frá 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla, svo og önnur lagaákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi fluttum við frv. til laga um veitingu prestakalla, þar sem gert var ráð fyrir afnámi prestskosninga, en að prestar skyldu skipaðir í embætti af forseta Íslands sem aðrir embættismenn hliðstæðir. Háttv. menntmn. Nd. fékk málið til meðferðar, og sendi hún það kirkjuráði og biskupi til umsagnar. Kirkjuráð taldi lagabreytingu þá, sem í frv. fólst, réttmæta og mælti með því, að frv. yrði samþykkt með nokkurri breytingu. Biskup lagði hins vegar gegn því, að frv. yrði afgreitt á því þingi.

Mál þetta hefur síðan verið rætt meðal presta og annarra þeirra, er áhuga hafa á því, og virðist hafa hlotið góðar undirtektir. Hafa prestafundir m. a. gert ályktanir um stuðning við málið. Svo virðist sem fjölmargir ef ekki flestir prestar og aðrir áhugamenn á þessu sviði séu þeirrar skoðunar, að núverandi fyrirkomulag á veitingu prestsembætta sé óheppilegt. Hins vegar munu skoðanir allmjög skiptar um, hvaða skipun eigi að taka upp í staðinn, en þar koma ýmsar leiðir til greina. Við, sem þetta frv. flytjum, teljum það meginatriði málsins, að sjálfar prestskosningarnar verði lagðar niður. Tilgangurinn með því er þó engan veginn sá að bægja söfnuðum frá áhrifum á skipun presta sinna, en slík áhrif er hægt að tryggja með margvíslegum öðrum hætti en að stofna til kosningar og alls þess, er því fylgir. Við erum því fúsir til þess að taka til athugunar allar skynsamlegar tillögur um nýja skipun á þessum embættaveitingum, en eina ákveðna tillagan, sem fram hefur komið opinberlega af hálfu kirkju eða presta um breytta skipun í þessum málum, er fyrrnefnd samþykkt kirkjuráðsins.

Nú, er við flytjum frv. þetta öðru sinni, höfum við gert á því þá breytingu, sem kirkjuráðið lagði til að gerð yrði, en hún er sú, að verði biskup, hlutaðeigandi héraðsprófastur og sóknarnefndir sammála í áliti sínu um umsækjendur, en þessum aðilum skal senda umsóknir allar um prestsembætti til umsagnar, þá skuli veita embættið samkvæmt því. Við höfum þó bætt því við, að sé hlutaðeigandi héraðsprófastur meðal umsækjenda, skuli ekki leitað umsagnar hans, heldur einungis biskups og sóknarnefndar.

Svo sem kunnugt er, mæla gildandi lög um veitingu prestakalla svo fyrir, að umsóknum um laus prestaköll skuli skotið undir almennt kjör hlutaðeigandi safnaða og skulu embættin veitt samkvæmt úrslitum kosningar, ef lögmæt er. Engin önnur embætti ríkisins eru veitt með þessum hætti, og er ekki kunnugt, að nokkrum hafi til hugar komið að taka upp kosningar á öðrum embættismönnum eða opinberum starfsmönnum. En á hinn bóginn hefur þetta fyrirkomulag á veitingu prestakalla sætt mikilli gagnrýni, og raddir verið uppi, bæði presta og annarra, um að afnema prestskosningar og hverfa að annarri skipan þessara mála.

Það er ofætlun að vænta þess, að þorri atkvæðisbærra safnaðarmanna geti að jafnaði lagt rökstuddan úrskurð á embættishæfni þeirra, sem þeir eiga um að dæma á kjördegi. Sú venja hefur eðlilega skapazt, að þeir, sem um prestsembætti sækja, dveljist nokkuð á meðal væntanlegra kjósenda, enda hlýtur kosningafyrirkomulagið að gera ráð fyrir verulegum kynnum kjósenda af umsækjendum. Að öðrum kosti er það hefndargjöf ein að fela almenningi málið til úrskurðar. En samkeppni um hylli kjósenda er ekki holl eða heppileg fyrir stéttina og árangur slíkrar samkeppni gefur engan veginn örugga vísbendingu um starfshæfni eða mannkosti. Á það er og að líta, að þeir, sem í embættum eru, geta ekki átt langdvalir í öðrum sóknum án þess að afrækja störf sín. Kandidatar eiga í þessu efni hægara um vik, en embættismönnum er gert því erfiðara fyrir sem þeir eru samvizkusamari og eru umfangsmeiri störfum bundnir. Með þessu skapast ómaklegur aðstöðumunur, enda hefur raunin orðið sú, að sóknarprestum reynist óeðlilega örðugt að skipta um verkahring. Nú er hverri stofnun nauðsyn að geta flutt starfsmenn til. Það er eitt af skilyrðunum fyrir því, að þeir njóti sín og æskileg not verði að kröftum þeirra. Menn endast betur í embættum, ef þeir eiga greiða aðstöðu til þess að skipta um verksvið og njóta reynslu sinnar í nýju umhverfi og hverfa þá síður frá þjónustu á starfsaldri. Eins og nú er, er það meiri erfiðleikum bundið en eðlilegt er fyrir þá, er prestsembættum gegna, að færa sig til og skipta um verkahring. Menn hika að vonum við að leggja út í harðvítuga kosningahríð, dvelja á fjarlægum stöðum við ærinn tilkostnað og jafnvel stofna mannorði sínu í hættu fyrir tvísýna von um, að orðstír þeirra, reynsla eða hæfileikar hljóti náð fyrir augum þess meiri hluta, sem úrskurðinn fellir á kjördegi. Prestsstarfið er svo fjölþætt, að stundarkynning og framkvæmd fárra helgiathafna nægir ekki til þess að gefa almenningi haldgóðan grundvöll fyrir úrskurði atkvæða. Auk þess er það á almannavitorði, að í prestskosningum gætir tíðum annarra sjónarmiða í afstöðunni til umsækjenda en þeirra, sem til greina skyldu koma við val á sóknarpresti. Menn skiptast í flokka eftir stjórnmálaskoðunum eða einhverjum dægurmálum héraðsins, svo ekki sé annað til tekið (svo sem útlit umsækjenda, hjúskaparstétt þeirra, efnahagur, búmennska o. þ. u. l.). Slík óviðkomandi hitamál verða ósjaldan til ýfinga í sambandi við prestskosningar og flokkadrátta innan hlutaðeigandi safnaða, til stórtjóns fyrir safnaðarlífið og skaða fyrir umsækjendur, ekki sízt fyrir framtíðarstarf og aðstöðu þess manns, sem embættið hlýtur. Má hiklaust fullyrða, að þetta fyrirkomulag sé bæði prestastéttinni og kirkjunni sem stofnun til tjóns og tryggi enganveginn heldur í reyndinni ábyrgu safnaðarfólki þá íhlutun um ráðstöfun þessara embætta, sem gildandi lög gera ráð fyrir og verið hefur tilgangurinn með setningu þeirra.

Fyrrnefndar umsagnir kirkjuráðs og biskups eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Umsögn kirkjuráðs.

Mánudaginn 12. maí 1947, kl. 2 síðdegis, kom kirkjuráðið saman á fund á Hótel Borg. Mættir voru Gísli Sveinsson sýslumaður, Ásmundur Guðmundsson og Matthías Þórðarson. Séra Þorsteinn Briem var enn erlendis til lækninga. Biskup hafði tjáð forföll, og stýrði prófessor Ásmundur Guðmundsson fundi.

1. Fundurinn var haldinn í tilefni af bréfi menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 1. marz þ. á., þar sem beiðzt er umsagnar kirkjuráðsins um frumvarp til laga um veiting prestakalla, sem nú liggur fyrir Alþingi, þingskjal 400, ásamt framkominni breytingartillögu á þingskjali 442. Fundarstjóri las frumvarpið og breytingartillöguna og lagði þar með málið fyrir fundinn.

Fundurinn samþykkti að svara menntamálanefndinni á eftirfarandi hátt:

„Kirkjuráðið hefur meðtekið bréf háttv. menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 1. marz þ. á., þar sem óskað er umsagnar ráðsins um frumvarp til laga

um veiting prestakalla, sem borið hefur verið fram á yfirstandandi þingi (á þskj. 400), ásamt breytingartill. við það á þskj. 442.

Kirkjuráðið telur, eins og nú er komið, lagabreyting þessa réttmæta og vill mæla með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Þegar prestakall losnar, skal biskup Íslands í samráði við kirkjumálaráðherra auglýsa það með hæfilegum umsóknarfresti. Að honum loknum skal biskup senda kirkjumálaráðherra rökstutt álit sitt á umsóknum þeim, sem borizt hafa, og hverjum skuli veitt embættið. Enn fremur skal leitað álits hlutaðeigandi héraðsprófasts um umsóknirnar, áður en embættið er veitt, svo og sóknarnefndar eða sóknarnefnda í prestakallinu, og greiði þær atkvæði um það á sameiginlegum fundi. Ef þessir þrír aðilar, biskup, héraðsprófastur og sóknarnefndir, verða á eitt sáttir í áliti sínu um umsækjendur, skal veita embættið samkvæmt því.

Setja skal í reglugerð, eftir því sem þurfa þykir, nánari ákvæði varðandi veiting þessara embætta.

Loks vill kirkjuráðið geta þess, að það telur æskilegt, að sem fyrst verði settar ákveðnar reglur fyrir veitingu embætta í ríkinu, prestsembætta og annarra."

.....

Ásmundur Guðmundsson. Gísli Sveinsson. Matthías Þórðarson.

Fylgiskjal II.

Umsögn biskups.

Reykjavík, 7. marz 1947.

Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi 1. þ. m. sent mér til umsagnar frv. til laga um veitingu prestakalla á þskj. 400 ásamt breytingartillögu á þskj. 442 við nefnt frumvarp.

Um veitingu prestakalla hér á landi á undanförnum öldum hafa mjög margvíslegar leiðir verið farnar.

Í kaþólskum sið voru það biskuparnir, er veittu flest prestsembætti hér á landi, en fóru þó oft í því að tillögum safnaðanna. Erkibiskupar veittu þó stundum beztu brauðin. Bændur, sem kirkjur létu gera á bæjum sínum eða áttu kirkjustaðina, fengu þó snemma allmikil ráð um það, hverjir þar yrðu prestar. Höfðu þeir meðal annars rétt til að stinga upp á nokkrum þeim prestum, er þeir kusu að fá að kirkju sinni, og var þá biskup bundinn við að veita embættið einhverjum þeirra, er til var nefndur.

Þegar siðaskiptin komust hér á, var svo fyrir mælt í kirkjuordinanziunni, að sóknarbændur skyldu sjálfir kjósa sér presta. Þetta mun þó yfirleitt ekki hafa komið til framkvæmda, heldur veittu biskuparnir brauðin eftir sínu höfði, en síðan amtmenn að fengnum tillögum biskupa. Jafnframt tók konungur sjálfur sér vald til að veita ýmis brauð, ef sótt var um þau beint til hans.

Með konungsbréfum 10. maí 1737 og 29. jan. 1740 áskilur konungur sér rétt til að veita nokkur beztu brauð landsins. Miðlungsbrauð veitti stiftamtmaður eftir tillögum biskups, en konungur varð þó að staðfesta veitinguna. En til veitingar hinna lélegustu brauða þurfti ekki slíka staðfestingu konungs.

Þannig stóðu málin fram til 1850, er konungur úrskurðaði 14. maí það ár, að öll miðlungsbrauð skyldu stiptamtmaður og biskup veita í sameiningu í kóngsins nafni, en ef þeir yrðu ekki sammála, skyldi kirkjumálaráðherrann danski skera úr eða konungur sjálfur.

Með tilsk. 15. des. 1865 verður sú breyting á, að stiftsyfirvöldin veita öll þau brauð, er konungur ekki veitti sjálfur (þ. e. brauð undir 700 rd.), en eru þó skyldug að leita staðfestingar konungs á veitingunni, nema hinna allra lélegustu brauða.

Þessu er enn breytt með konunglegri auglýsingu 3. okt. 1884. Er þá landshöfðingja fengið það vald, er stiftsyfirvöldin áður höfðu um brauðaveitingar.

Rúmu ári síðar, 8. jan. 1886, koma svo lög um prestskosningar, þar sem ákveðið er, að söfnuðirnir sjálfir kjósi presta. Skal landshöfðingi með ráði biskups velja 3 úr hópi umsækjenda, er kjósa skal um. En séu umsækjendur aðeins þrír, skal kosið um tvo þeirra. Kjöraldur miðaðist við 25 ár. Fái einhver umsækjenda helming greiddra atkvæða, er hann löglega kosinn. Ella er veitingarvaldið eigi bundið við úrslit kosningar, en skal þó taka tillit til óska safnaðanna eftir því, sem því þykir rétt vera.

Helmingur atkvæðisbærra manna þarf að neyta kosningarréttar til þess að kosning geti verið lögmæt. Ef aðeins er einn umsækjandi, fer kosning fram eigi að síður, og geta kjósendur þá valið hann eða hafnað honum.

Með lögum nr. 28 16. nóv. 1907 er sú meginbreyting gerð, að kosið er um alla umsækjendur. Núgildandi lög um veitingu prestakalla frá 3. nóv. 1915 eru í öllum meginatriðum samhljóða að efni lögunum frá 1907, nema kjörstaðir eru þar ákeðnir í hverri sókn, en áður var aðeins einn kjörstaður fyrir allt prestakallið.

Af þessu yfirliti má sjá, að þegar við siðaskiptin var svo til ætlazt, að safnaðarmenn sjálfir kysu presta sína. Þennan rétt sölsaði konungur síðan undir sig, að því er öll beztu brauð landsins snerti, en amtmenn og stiftsyfirvöld náðu veitingum hinna minni brauða í sínar hendur, en biskupar höfðu þar tillögurétt, og sá réttur síðan aukinn að nokkru. Ekkert af þessu hefur þótt vel gefast, og straumur tímans hnígur smám saman allur í þá átt að fá söfnuðunum á ný í hendur ákvörðunarréttinn um það, hverjir skuli verða prestar þeirra. Og nú um skeið, eða um 40 ár, hafa söfnuðir landsins raunverulega haft úrskurðarvaldið í veitingum prestakalla í sínum höndum, ef þeir á annað borð hafa haft á því vilja og áhuga.

Með frumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að hverfa aftur að svipuðu fyrirkomulag og hér gilti um veitingu miðlungsbrauða á tímabilinu 1740—1850. Kemur hér kirkjumálaráðherra í stað stiftamtmanns, en forseti Íslands í stað konungs. En með breytingartillögu á þskj. 442 er bætt við því ákvæði, að auk biskups skuli einnig hlutaðeigandi héraðsprófastur og sóknarnefndir segja álit sitt um umsóknir.

Ekki eru í frumvarpinu nein ákvæði um það, á hvern hátt sóknarnefndirnar skuli láta álit sitt í ljós, hvort þær skuli gera það hver um sig eða á sameiginlegum fundi allra sóknarnefnda prestakallsins, hvort prófastur skuli boða slíka fundi og vera þar sjálfur viðstaddur og stýra þeim eða ekki, hvort sóknarnefndir skuli láta í ljós álit sitt um umsækjendur þegar í stað, eða þeim sé veittur ákveðinn frestur, frá því málið er fyrst lagt fyrir þær, til þess að afla sér upplýsinga um umsækjendur, og taki að því búnu á nýjum fundi ákvarðanir sínar, og loks hvort leynileg atkvæðagreiðsla skuli fram fara meðal sóknarnefndarmanna um umsækjendur eða opinber, og enn fremur hvort greiða skuli atkvæði um hvern umsækjanda um sig eða alla í sameiningu. Allt eru þetta atriði, sem máli skipta og skýr ákvæði eru um í lögum með öðrum þjóðum, þar sem sóknarnefndir eða sóknarráð hafa einhverja ihlutun um veitingu prestsembætta.

Einnig kemur mjög til álita, hvort þessir þrír aðilar, biskup, prófastur og sóknarnefndir, eigi aðeins að hafa ráðgefandi vald í þessum málum, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, eða hvort veitingarvaldið eigi að vera beinlínis bundið af vilja þessara þriggja aðila, ef þeir verða á eitt sáttir. Ég verð að segja það, að enda þótt kosning presta tryggi það engan veginn, að söfnuðir velji sér jafnan hinn hæfasta prest úr hópi umsækjendanna, þá liggur heldur engin trygging fyrir slíku í því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, sérstaklega þegar þess er gætt, að hér á landi er hvorki til sérstakt kirkjumálaráðherraembætti né kirkjumálaráðuneyti með sérstökum skrifstofustjóra, er eingöngu fari með kirkjuleg mál og sérþekkingu hafi í þessum efnum. Þjóðkirkjan íslenzka hefur, eins og nú stendur, enga tryggingu þess, að sá ráðherra, sem fer með kirkjumálin hverju sinni, hafi neina sérþekkingu á kirkjumálum né áhuga á þeim, sé kirkjumálefnum persónulega hlynntur eða jafn-

vel tilheyri sjálfur þjóðkirkjunni. Og þegar svo þar við bætist, að ekki er heldur til skrifstofustjóri sérstaks kirkjumálaráðuneytis honum til ráðuneytis, er sérþekking hafi á kirkjulegum málefnum, þá tel ég vafasaman ávinning fyrir kirkjuna að taka valdið að því er snertir skipun prestsembættanna úr höndum safnaðanna og fá það að verulegu leyti kirkjumálaráðherranum.

Enn fremur er á það að minnast, að engum embættismanni ríkisins er það slík lífsnauðsyn, ef starfið á að bera árangur, að eiga traust og tiltrú fólksins eins og einmitt prestunum. Án slíks trausts er og hlýtur starf þeirra að verða ófullnægjandi. Þess vegna tel ég, að sérstök ástæða sé fyrir hendi til þess að koma í veg fyrir það, að söfnuðum verði skipaður sá prestur, sem ekki er vitað um, að meiri hluti safnaðar muni bera traust til eða geti að minnsta kosti sæmilega sætt sig við. Þessu mikilsverða marki verður naumast náð nema með því, að söfnuðirnir sjálfir hafi verulega íhlutun um það, hvaða prest þeir hverju sinni fá sér skipaðan.

Enn kemur það til, að jafnan eru uppi misjafnar stefnur í trúmálum, og er á þeim vettvangi deilt eigi síður en á öðrum sviðum, og skiptast menn þar og í flokka með eða móti. Nú mun það svo, að í hinum ýmsu prestaköllum landsins geta menn í einu einkum fylgt þessari trúarstefnu, en í öðru hinni. Sýnist því eðlilegast og farsælast, að fólkið fái sjálft að velja sér þann umsækjendanna, er það telur sér vera bezt að skapi í trúarskoðunum. Með því fyrirkomulagi aftur á móti, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er engin trygging fyrir því, að söfnuður fái skipaðan þann prest, er næst stendur meiri hluta fólksins í trúarskoðunum og túlkun trúarsannindanna. Getur slíkt auðveldlega valdið árekstrum og tjóni fyrir trúarlíf og kirkjulegan áhuga safnaðarfólksins.

Loks vil ég drepa á það, að ég tel ekki rétt eða hyggilegt að gera svo stórfellda breytingu á skipun þessara mála sem frv. fer fram á, án þess að málið sé áður rækilega kynnt söfnuðum landsins og prestastéttinni sjálfri. Virðist mér, að fyrir þyrftu að liggja bæði umsagnir prestanna, héraðsfunda og jafnvel safnaðarfunda um allt land, áður slíku máli yrði endanlega ráðið til lykta.

Af öllum þeim ástæðum, sem hér að framan hafa verið taldar, tel ég mig ekki geta mælt með því, að frumvarp þetta verði afgreitt sem lög á þessu þingi.

Sigurgeir Sigurðsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 87. Frumvarp til laga

um héraðshæli.

Flm.: Jón Pálmason, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Heimilt er læknishéruðum utan Reykjavíkur, einum sér eða í félagi við nágrannahéruð eða héraðshluta, að stofna héraðshæli.

Verkefni héraðshælis skulu vera þessi:

a. að veita viðtöku sjúklingum til læknismeðferðar og hjúkrunar, og fer sá þáttur starfs þeirra eftir þeim lögum og fyrirmælum, sem í hvert sinn gilda um almenn sjúkrahús;
b. að taka á móti fæðandi konum til meðferðar og stundunar, meðan á sængurlegu þeirra stendur;
c. að vera vistheimili fyrir gamalmenni;
d. að leggja til húsakost og starfslið fyrir heilsugæzlustöð, þar sem slík stöð er eða verður ákveðin.

2. gr.

Héraðshælum skal skipta í deildir, þar sem því verður við komið og eftir því, sem henta þykir, svo að hver þáttur starfs þeirra trufli sem minnst hinar aðrar starfsgreinar, en stjórn og starfslið skal vera sameiginlegt.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir ⅔ stofnkostnaðar héraðshæla, og er þar í innifalinn bústaður læknis, þar sem hans er vant. Staður þeirra og starfssvæði sé samþykkt af heilbrigðisstjórninni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var flutt af sömu þingmönnum á síðasta þingi, en varð óútrætt. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð, sem hér með er endurtekin:

„1. Á síðustu áratugum og einkum þó á síðustu árum hefur sú breyting á orðið í sveitum, að langflestar húsmæður eru orðnar einyrkjar við þau heimilisstörf, sem eru á verksviði kvenna. Það er því orðinn ógerningur fyrir þær að annast sjúklinga eða örvasa fólk í heimahúsum, enda hafa ýmsar þeirra örmagnazt undir því erfiði í viðbót við önnur störf. Þörfin fyrir skjótan og greiðan aðgang að sjúkrahúsi er því orðin mjög brýn, og bæta fjórðungsspítalar mjög lítið úr henni nema í þeim héruðum, sem að þeim liggja. Það er t. d. oft miklu hægara að koma sjúklingum úr Húnavatnssýslu og jafnvel Skagafirði til Reykjavíkur en til Akureyrar. Kjósa og fleiri að fara til höfuðstaðarins, því að þar er meiri völ sérfræðinga og fleiri eiga þar skyldfólk, sem hægt er að leita til með húsaskjól. Í ýmsum héruðum eru að vísu til sjúkraskýli, flest orðin gömul og upprunalega byggð af vanefnum, enda er nær alveg ómögulegt að fá til þeirra starfsfólk við þau skilyrði, sem þar er upp á að bjóða.

2. Ljósmæðrum hefur fækkað svo, að víða gegnir nú ein ljósmóðir 4—5 ljósmæðraumdæmum og hálfa til heila þingmannaleið þarf að fara til þess að sækja ljósmóður. Er þá lítil trygging fyrir því, að konur geti fengið hæfa ljósmóður til að sitja yfir sér og enn minni fyrir því, að hún geti stundað þær eftir barnsburðinn, jafnvel þótt hún hafi einkabifreið til umráða. Það er reynsla læknanna kringum Skagafjörð og Húnaflóa, að sveitakonur sækjast mjög eftir því að komast í sjúkrahús til þess að fæða börn sín, en þar er oftast svo þröngt fyrir, að mörgum verður að hola niður í misjöfnum húsakynnum, þar sem ljósmæður sitja. Njóta þær því ekki þess næðis eða þeirrar aðbúðar, sem þær þyrftu. Litlar horfur eru á því, að nokkuð rætist úr ljósmæðraeklunni, og eru þá fæðingarheimili í námunda við ljósmóður og lækni orðin að knýjandi nauðsyn.

3. Hreppsnefndir um allt land standa nú næstum því ráðþrota gagnvart þeim vanda að koma gamalmennum fyrir til umönnunar, einkum þeim, sem örvasa eru. Veldur því fyrst og fremst skortur vinnuafls og hjúkrunarkrafta á heimilunum, en einnig húsnæðisekla í flestum kauptúnum. Það er vaknaður mjög mikill áhugi fyrir því að bæta úr þessum vanda með stofnun elliheimila, sem alls ekki er hægt að komast af án lengur.

4. Einhver mestu vandræði, sem einstök heimili og hreppsnefndir komast í, er að ráðstafa brjáluðu fólki, þangað til hægt er að koma því fyrir á geðveikrahæli. Núverandi sjúkraskýli hafa engan útbúnað til að taka á móti slíkum sjúklingum, og er því brýn þörf á, að hægt sé að ná til sjúkrahúss, sem hefur einangrunarklefa fyrir slíkt fólk.

5. Það yrði allt of dýrt að setja upp og starfrækja sérstök sjúkraskýli, fæðingarheimili og gamalmennahæli í öllum héruðum. Beinasta leiðin er því að koma á fót í stærstu héruðunum — eða með samstarfi fleiri læknishéraða en eins —

sérstökum héraðssjúkrahælum, sem geta leyst öll þessi verkefni af hendi sameiginlega. Stofnanir þessar verða að vera það stórar, að tvær hjúkrunarkonur — eða a. m. k. ein hjúkrunarkona og ein vökukona — hafi þar nóg verkefni, því að hjúkrunarkonur fást ekki til að hafa 24 klst. vinnudag, sem og ekki er von. Að sjálfsögðu yrði þar og heilsugæzlustöð umhverfisins, ef hún er til á annað borð.

Héruðunum er með öllu ofvaxið að koma slíkum stofnunum upp af eigin rammleik, og virðist ekki ósanngjarnt, að ríkið styrki stofnun þeirra engu síður en heimavistarskóla. Það er áreiðanlegt, að þær geta forðað frá hruni ýmsum heimilum, með því að spara starfsorku húsmæðranna og auka heilsuöryggi fólksins.

6. Frumvarp þetta ásamt greinargerð er samið að tilhlutun læknafélags Norðvesturlands og í samráði við sýslumennina í Skagafjarðar-, Húnavatns- og Strandasýslum."

Sþ. 88. Fyrirspurnir.

1. Til samgöngumálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um endurskoðun gildandi laga og reglugerða um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Frá Hermanni Guðmundssyni.

Hefur ríkisstjórnin framkvæmt þá endurskoðun á gildandi lögum og reglugerðum um eftirlit með verksmiðjum og vélum, sem henni var falið með ályktun Alþingis 16. maí 1947 og leggjast skyldi fyrir yfirstandandi þing?

2. Til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar um innflutning nýrra ávaxta.

Frá Katrínu Thoroddsen og Hermanni Guðmundssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að framkvæma ályktun Alþingis 22. janúar 1947 um innflutning nýrra ávaxta?

3. Til ríkisstjórnarinnar um endurgreiðslu tolls af innfluttum timburhúsum.

Frá Páli Zóphóníassyni og Sigurði Bjarnasyni.

Hefur ríkisstjórnin notað heimild bráðabirgðaákvæðis l. nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, um endurgreiðslu tolls af innfluttum tilbúnum húsum?

Nd. 89. Frumvarp til laga

um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera 9 á landinu, og skulu umdæmi þeirra vera sem hér segir:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi, nær yfir Reykjavík, Hafnarfjörð, Gullbringu- og Kjósarsýslu.

2. Borgarfjarðarumdæmi, nær yfir Borgarfjarðarsýslu og Akranes, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu að Skógarstrandarhreppi.
3. Dalasýsluumdæmi, nær yfir Skógarstrandarhrepp í Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu að Árneshreppi.
4. Ísafjarðarumdæmi, nær yfir Vestur-Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur báðar, Ísafjarðarkaupstað og Árneshrepp í Strandasýslu.
5. Varmahlíðarumdæmi, nær yfir Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók, Húnavatnssýslur og Siglufjörð.
6. Akureyrarumdæmi, nær yfir Ólafsfjörð, Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslur.
7. Austurlandsumdæmi, nær yfir Múlasýslur báðar, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
8. Rangárvallaumdæmi, nær yfir Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.
9. Selfossumdæmi, nær yfir Árnessýslu og Vestmannaeyjar.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu.

2. gr.

Auk dýralækna þeirra, sem taldir eru í 1. gr., skal vera einn yfirdýralæknir, og skal hann hafa búsetu í Reykjavík. Yfirdýralæknir skal vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum, er búpening varða, hafa eftirlit með störfum héraðsdýralækna, yfirumsjón með sóttvörnum gegn næmum búfjársjúkdómum og innflutningi búfjár og búfjárafurða. Einnig skal hann annast kjötskoðun í Reykjavík og Hafnarfirði og dýralækniseftirlit á þeim heimilum, sem selja ógerilsneydda mjólk til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Einnig skal ávallt starfa að minnsta kosti einn dýralæknir sem sérfræðingur við tilraunastöð háskólans í meinafræði á Keldum.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar dýralækna, sem taldir eru í 1. gr., svo og yfirdýralækni.

4. gr.

Dýralæknar skulu vinna að bættu heilsufari búpenings í landinu og aukinni arðsemi hans. Þeir skulu vera á verði gegn því, að þjóðfélagið bíði tjón af völdum búfjársjúkdóma, og gegn hættum þeim, sem samfara eru neyzlu fæðutegunda, er eiga rót sína að rekja til sjúkra dýra og stafað geta af spilltum búfjárafurðum.

5. gr.

Dýralæknar samkvæmt lögum þessum eru þeir einir, sem lokið hafa embættisprófi við viðurkenndan dýralæknaháskóla og fengið hafa lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

6. gr.

Komi upp næmur búfjársjúkdómur eða grunur um næman búfjársjúkdóm í umdæmi dýralæknis, skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og forða frá tjóni, er af honum getur stafað, og tilkynna það yfirdýralækni tafarlaust. Gerir yfirdýralæknir þá þær ráðstafanir, sem þurfa þykir, í samráði við hlutaðeigandi dýralækni.

Landbúnaðarráðherra skal að fengnum tillögum yfirdýralæknis setja reglugerð um næma búfjársjúkdóma og varnir gegn þeim og meðferð þeirra.

7. gr.

Læknisaðgerðir á dýrum, höldnum næmum sjúkdómum, skulu eingöngu framkvæmdar af dýralæknum eða í samráði við þá.

8. gr.

Dýralæknar skulu halda skýrslur um sjúkdóma og heilsufar búfjár, hver í sínu umdæmi. Skulu skýrslur þessar sendar yfirdýralækni fyrir 1. febrúar ár hvert. Úr skýrslum þessum skal yfirdýralæknir vinna heildaryfirlit um heilsufar búpenings um land allt samkvæmt nánari fyrirmælum landbúnaðarráðherra.

9. gr.

Dýralæknar annast kjötskoðun, hver í sínu umdæmi, eftir því sem aðstæður leyfa. Þar, sem dýralæknar ná eigi til, skulu héraðslæknar annast kjötskoðun samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er um það gilda, en í samráði og undir eftirliti hlutaðeigandi héraðsdýralæknis.

Héraðsdýralæknar safna skýrslum frá þeim, er kjötskoðun annast í umdæmum þeirra, og senda þær yfirdýralækni.

Yfirdýralæknir setur þeim, er kjötskoðun annast, reglur um framkvæmd kjötskoðunarinnar og hefur heilbrigðiseftirlit og aðalumsjón með öllum sláturhúsum landsins og frystihúsum, þar sem kjöt er geymt.

10. gr.

Héraðsdýralæknar skulu árlega annast eftirlit með nautgripum, heilbrigði þeirra, hirðingu, umgengni í fjósum og öðru því, er lýtur að mjólkurframleiðslu á þeim heimilum, sem framleiða sölumjólk. Skulu dýralæknar halda skýrslur um þetta eftirlit samkv. nánari fyrirmælum yfirdýralæknis. Skýrslur þessar skulu vera í 2 eintökum, og fær hlutaðeigandi mjólkurbú eða samsala annað eintakið, en yfirdýralæknir hitt. Skýrslurnar skulu sendar þessum aðilum eins fljótt og við verður komið. Yfirdýralæknir segir fyrir um skýrslugerð þessa og afgreiðslu þeirra.

11. gr.

Þar, sem ekki er sérstök lyfjabúð í næsta nágrenni dýralæknis, ber honum skylda til að hafa til sölu öll algengustu dýralyf samkvæmt nánari reglum, er yfirdýralæknir setur.

12. gr.

Héraðsdýralæknar og yfirdýralæknir skulu taka laun úr ríkissjóði. Yfirdýralæknir samkvæmt V. flokki launalaganna. Honum skal greiddur skrifstofu- og ferðakostnaður samkvæmt reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Héraðsdýralæknar taka laun samkvæmt X. flokki launalaganna. Auk þess skal þeim greitt fyrir störf og ferðir fyrir einstaka menn eða hið opinbera samkvæmt gjaldskrá, er landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum Dýralæknafélags Íslands.

13. gr.

Nú fæst eigi dýralæknir í eitthvert af hinum lögákveðnu dýralæknisumdæmum. Er þá sýslu- og bæjarfélögum í umdæminu heimilt að semja við menn búsetta í umdæminu, sem eigi eru dýralæknar að menntun, að annast dýralæknisstörf, eftir því sem kunnátta þeirra leyfir, önnur en þau, er um getur í 7., 9. og 10. gr., til hjálpar búfjáreigendum í umdæminu, enda komi samþykki yfirdýralæknis og landbúnaðarráðherra til.

Þegar svo er ástatt sem segir í 1. málsgr., njóta hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélög styrks úr ríkissjóði, samkvæmt tillögum yfirdýralæknis, til að greiða mönnum þeim, sem þannig eru ráðnir, hæfileg laun fyrir störf sín. Þó skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, aldrei nema hærri upphæð en ⅔ þeirra launa, sem héraðsdýralæknum eru greidd samkvæmt launalögum. Styrkur þessi fellur niður, þegar dýralæknir fæst í umdæmið.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 12. júní 1939, um dýralækna, lög nr. 4 27. jan. 1943, um breytingar á lögum nr. 24 12. júní 1939, og lög nr. 31 22. apríl 1947, um breytingu á lögum nr. 4 27. jan. 1943, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, er kynnu að koma í bága við lög þessi.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Greinargerð.

Atvinnumálaráðuneytið hefur sent nefndinni frv. þetta með tilmælum um, að hún flytti það. Þótt landbn. flytji frv. þetta, áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við frv. eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Með bréfum dags. 15. sept. þ. á. skipaði landbúnaðarráðherra þriggja manna nefnd til að endurskoða gildandi lög um dýralækna.

Í nefndina voru skipaðir: Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar, Ásgeir Ólafsson dýralæknir, Borgarnesi, og Páll Pálsson dýralæknir.

Nefndin hefur samið framangreint frumvarp til laga um dýralækna.

Til skýringar við frumvarpið og hinar einstöku greinar þess lét nefndin fylgja því eftirfarandi athugasemdir:

Á síðari árum hafa komið fram óskir um það, að fjölga beri dýralæknum á landinu, eins og glöggt má sjá af lögum um dýralækna frá 1939 og breytingum, sem fram hafa komið á nefndum lögum 1943 og 1947.

Nefndin hefur verið sammála um, að taka beri til greina þessar óskir og telur hæfilegt, eins og nú horfir, að landinu sé skipt í 9 dýralæknisumdæmi. Nefndinni fannst eðlilegt að ákveða starfssvæði dýralæknanna, eins og gert er með umdæmi mannalækna, sýslumanna og annarra embættismanna. Enn fremur álítur nefndin, að það sjónarmið verði að vera ráðandi, að dýralæknarnir séu fyrst og fremst settir á þá staði, þar sem mest not verði að starfsemi þeirra og með tilliti til samgangna, búfjáreignar og framleiðslu landbúnaðarafurða, og í samræmi við það hafa umdæmin verið mörkuð.

Í lögum nr. 11 28. febr. 1947, um rannsóknarstöð háskólans í meinafræði að Keldum, er gert ráð fyrir, að rannsóknarstöðin vinni fyrst og fremst að rannsóknum á búfjársjúkdómum. Telur nefndin því sjálfsagt, að a. m. k. einn af sérfræðingum þeim, er vinna við nefnda rannsóknarstöð, hafi dýralæknismenntun og að ákvæði finnist í lögum um, að svo skuli vera.

Kröfur um aukna hollustu búfjárafurða verða æ háværari og samgöngur við útlönd miklu örari en áður var og þar með aukin hætta á, að næmir dýrasjúkdómar geti borizt til landsins. Þessar breyttu aðstæður hljóta að valda því, að starf yfirdýralæknis, hvað snertir umsjón með sóttvörnum og eftirlit ýmiss konar, mun stórum aukast, og er nefndin því þeirrar skoðunar, að yfirdýralækninum beri að hlífa við hinum tímafreku og erilsömu störfum, sem fylgja sjúkravitjunum og annarri hjálp. Nauðsyn ber til að nota starfskrafta hans á annan hátt.

Til þess að koma á fastari skipan um sóttvarnarmál og heilbrigði búpenings á landinu, verður ekki hjá því komizt, að yfirdýralæknir hafi nánari afskipti af þessum málum en ætlazt hefur verið til í eldri lögum um þessi efni.

Á dýralæknum hvíla ýmis ábyrgðarmikil störf, sem geta haft mikla þjóðhagslega þýðingu. Með frumvarpi þessu á að tryggja, að til þessara starfa veljist menn, sem öðlazt hafa haldgóða þekkingu með háskólanámi, og er þetta ákvæði í samræmi við þá stefnu, sem ríkjandi er meðal nágrannaþjóða vorra í þessum málum.

Löggjöf um næma búfjársjúkdóma hefur verið mjög í brotum hér á landi. Teljum við þetta mjög bagalegt, þar sem ýmsir næmir sjúkdómar eru til í búpeningi landsmanna, en ákvæði um varnir og meðferð alla mjög ófullkomin og sums staðar engin. Með ákvæðum í 6. gr. viljum við beina úrlausn þessara mála til réttra aðila og gerum jafnframt ráð fyrir, að landbúnaðarráðuneytið gefi út ýtarlega reglugerð um næma sjúkdóma og meðferð þeirra.

Með ákvæðum 7. gr. er meðferð næmra búfjársjúkdóma lögð í hendur dýralækna og þar með komið í veg fyrir, að menn, sem litla eða enga þekkingu hafa á sjúkdómsgreiningu og eðli sjúkdóma, geti vegna oftrúar eða gróðafíknar tekið að sér lækningu eða lækningatilraunir á búfé bænda, jafnvel í stórum stíl, eins og fleiri dæmi eru til.

Skýrsluhald er mikilsvert atriði í baráttunni við ýmsa sjúkdóma, einkum næma sjúkdóma, og munu allir dýralæknar hér á landi á einu máli um það, að bagalegt sé, að eigi skuli vera til skýrslur um búfjársjúkdóma frá síðustu áratugum. Úr þessu er nú reynt að bæta, enda er slíkt skýrsluhald fyrir löngu lögskipað hjá nágrannaþjóðum vorum, og verður eigi komizt hjá því, að svo sé einnig gert hér á landi.

Eins og nú hagar til, er kjötskoðun allvíða framkvæmd af læknum og læknanemum. Hefur því af eðlilegum ástæðum gætt nokkurs ósamræmis við merkingu kjötsins. Með ákvæði 9. gr. vill nefndin reyna að koma á meira samræmi í þessum málum.

Ákvæði 10. gr. þurfa ekki skýringar við, enda hefur svipað fyrirkomulag verið á þessum málum og greinin gerir ráð fyrir. Þá er gert ráð fyrir, að yfirdýralæknir hafi meiri afskipti af þessu en verið hefur, og er með því leitazt við að koma meira samræmi og festu á þessi mál.

Í 11. gr. er dýralæknum, sem búsettir eru fjarri lyfjabúðum, gert að skyldu að hafa ætíð fyrirliggjandi hin algengustu dýralyf til þess að gera mönnum hægara að ná í lyfin um leið og ráða dýralæknis er leitað.

Loks er í 13. gr. gerð tilraun til að gera því fólki auðveldara fyrir, er sökum dýralæknafæðar á erfiðast með að ná til dýralæknis.

Ed. 90. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að verja fé til eflingar bindindisstarfsemi.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja til eflingar bindindisstarfsemi í landinu sem samsvarar tveim hundraðshlutum af árlegum hagnaði áfengisverzlunar ríkisins á meðan hreinn hagnaður af verzluninni nemur 35 milljónum króna eða þar yfir. Nú verður hagnaður af verzluninni minni, og má þá verja til þessarar starfsemi fé sem samsvarar þrem hundraðshlutum hagnaðarins, ef hann nemur 20—35 milljónum, en fjórum hundraðshlutum, ef hagnaðurinn nemur enn minni upphæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt seint á síðasta Alþingi, en náði þá eigi afgreiðslu. Er það því flutt á ný. Frv. fylgdi svolátandi greinargerð:

„Nauðsyn þykir bera til, að bindindissamtökin í landinu verði styrkt með meiri fjárframlögum af hálfu hins opinbera en til þeirra hefur verið varið til þessa. Einkum er brýn þörf á, að komið verði upp fullnægjandi húsnæði fyrir starfsemi templ-

ara í Reykjavík, en að því loknu má gera ráð fyrir, að halda þurfi áfram svipuðum framkvæmdum.

Í frumvarpinu er ætlazt til, að fé verði greitt beint úr ríkissjóði, en miðað við hagnað áfengisverzlunar ríkisins, þó svo, að hundraðshlutinn, sem til starfseminnar er ætlaður, verði meiri eftir því sem úr áfengissölunni dregur.“

Nd. 91. Frumvarp til laga

viðvíkjandi nafnbreyting Vinnuveitendafélags Íslands.

Flm.: Hallgrímur Benediktsson.

1. gr.

Ákvæði í núgildandi löggjöf ríkisins, sem snerta Vinnuveitendafélag Íslands, skulu jafnt gilda um félagsskap þennan, þótt nafni félagsins verði breytt og það nefnt Vinnuveitendasamband Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Vinnuveitendafélag Íslands var stofnað árið 1934, aðallega af einstaklingum. Hefur farið hér á landi eins og venjulegt hefur verið í öðrum löndum um slíkan félagsskap, að þeir félagsmenn, sem hafa átt svipaðra hagsmuna að gæta, hafa smátt og smátt myndað deildir innan félagsins, og sömuleiðis hafa vinnuveitendur úti um land myndað deildir fyrir tiltekin svæði landsins. Samþykktum Vinnuveitendafélags Íslands hefur verið breytt í samræmi við þá þróun, sem samkvæmt framansögðu hefur átt sér stað, og þykir því eðlilegast, að nafni félagsins verði einnig breytt, þannig að það verði **Vinnuveitendasamband Íslands.** Hefur félagsfundur **nú þegar** samþykkt að fela félagsstjórninni að breyta nafni félagsins þannig, „þegar hún telur, að tekizt hafi að tryggja það, að nafnbreytingin verði eigi til þess að draga úr réttindum félagsins samkvæmt löggjöf landsins“.

Í ýmsum lögum ríkisins eru Vinnuveitendafélagi Íslands veitt ýmis réttindi. Má í því efni sérstaklega nefna sem dæmi vinnulöggjöf þá, sem ræðir um í lögum nr. 80 11. júní 1938. Í 39. gr. þeirra laga er Vinnuveitendafélagi Íslands veittur réttur til þess að skipa einn dómanda Félagsdóms. Hefur félagið ástæðu til að halda, að það mundi glata þessum rétti sínum, ef það breytti nafni án þess að sett yrðu lög á þann veg, sem ræðir um í frumvarpi þessu.

Í ýmsum öðrum lögum eru sams konar ákvæði, og virðist óþarft að rekja þau hér, enda er hér í raun og veru aðeins um formsatriði að ræða.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið greindar, er frumvarp þetta borið fram.

Ed. 92. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það nái fram að ganga.

Tveir nefndarmenn (BrB og GÍG) voru fjarstaddir, þegar málið var rætt í nefndinni.

Alþingi, 6. nóv. 1947.

Bernh. Stefánsson, form.	Pétur Magnússon, frsm.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 93. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna, Ásmundur Sigurðsson, var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 6. nóv. 1947.

Bernh. Stefánsson, form. Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm. Eiríkur Einarsson.

Pétur Magnússon.

Ed. 94. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48/1946, um gagnfræðanám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á einum fundi sínum og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, Ásmundur Sigurðsson, var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 6. nóv. 1947.

Bernh. Stefánsson, form. Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm. Eiríkur Einarsson.

Pétur Magnússon.

Nd. 95. Frumvarp til laga

um lokunartíma á skemmtunum og samkomum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með auglýsingu, hvenær skemmtunum, dansleikum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagaheimilum eða veitingahúsum, skuli í síðasta lagi slitið.

Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum varða sektum allt að 10000 kr.

2. gr.

Öll ákvæði, er koma í bága við lög þessi, falla úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk dómsmálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Svo sem kunnugt er, hefur sá háttur komizt á víðsvegar um land, að skemmtanir og ýmiss konar samkvæmi standa jafnaðarlega óhóflega lengi fram eftir nóttu, jafnvel þótt á almennum veitinga- eða skemmtistöðum séu haldnar, og er þá það borið fyrir, að ekki sé um almenn eða „opin" samkvæmi og skemmtanir að ræða. Hægt mundi að setja þessu skorður með því að gera breytingar á ákvæðum allra eða flestra lögreglusamþykkta, eftir því sem við á, en það yrði býsna umsvifamikið og seinlegt í framkvæmd. Er því lagt til, að dómsmálaráðherra verði heimilað að setja reglur um þetta efni.

Ed. 96. Frumvarp til laga

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Guðlaug Aðalheiður Benediktsdóttir Jensen, frú í Reykjavík, fædd 29. sept. 1913 á Íslandi.
2. Salome Þorleifsdóttir Nagel, frú í Reykjavík, fædd 19. ágúst 1897 á Íslandi.
3. Þórdís Einarsdóttir Strand, frú í Reykjavík, fædd 3. sept. 1898 á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem samkvæmt frumvarpinu er ætlað að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, eru fæddir hér á landi, en hafa misst ríkisborgararétt sinn vegna hjónabands við erlenda ríkisborgara. Er hjónaböndum þeirra nú slitið vegna skilnaðar (1.) eða dauða eiginmanns (2. og 3.).

Sþ. 97. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast allt að 2 700 000 kr. lán fyrir h/f Slippfélagið í Reykjavík.

Flm.: Pétur Magnússon.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs allt að 2 700 000 kr. hlutdeildar-skuldabréfalán, er h/f Slippfélagið í Reykjavík hyggst að taka til þess að koma upp slipp í Reykjavík, enda setji það þær tryggingar fyrir láninu, er ríkisstjórnin tekur gildar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er fram borin í því skyni, að auðið verði að koma upp í Reykjavík dráttarbraut og slipp, er tekið geti skip allt að 1500 smál. þunga. Með þeirri miklu aukningu, sem orðin er og verða mun á næstunni á skipastól landsmanna, er mikil nauðsyn á slíku mannvirki. Eins og nú standa sakir, er með öllu ógerlegt

að taka hina nýju, stóru togara á land til viðgerðar og raunar mjög vafasamt, hvort unnt er að taka gömlu togarana í slipp. Þarf eigi að lýsa því, hvert fjárhagstjón getur af slíku stafað.

Um rök fyrir tillögunni vísast að öðru leyti til bréfs þess frá h/f Slippfélaginu til sjávarútvegsmálaráðherra, dags. 19. sept. s. l., sem prentað er hér á eftir.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 19. september 1947.

Snemma á árinu 1945 hóf Slippfélagið undirbúning að byggingu nýrra dráttarbrauta fyrir 5—1500 smálesta þung skip. Í júní sama ár skrifaði félagið Nýbyggingarráði og leitaði aðstoðar þess. Seint á árinu 1945 varð kunnugt um togarakaup ríkisstjórnarinnar. Með tilliti til þeirra ákvað Slippfélagið að breyta áætlunum sínum meðal annars með því að stækka brautirnar nokkuð. Í febrúar 1946 skrifaði Slippfélagið Nýbyggingarráði á ný og skýrði frá áætlunum sínum og óskaði aðstoðar ráðsins til að koma dráttarbrautunum upp. Skömmu síðar veitti Nýbyggingarráð Slippfélaginu nauðsynleg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir efni og vélum til byggingar 4 dráttarbrauta fyrir 850—1150 smálesta þung skip. Enn fremur hét það félaginu stuðningi sínum og hvatti það mjög til að hefja framkvæmdir.

Í maí 1946 lofaði Landsbanki Íslands félaginu 1200 þús. króna bráðabirgðaláni gegn vissum skilyrðum. Í því trausti, að lán myndi á sínum tíma fást úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, ákvað Slippfélagið að hefja þá þegar byggingu dráttarbrautanna og samþykkti tilboð, er þá lá fyrir frá enskri verksmiðju í smíði á dráttarbrautunum.

Með bréfi 23. des. 1946 ákvað Nýbyggingarráð Slippfélaginu lán úr stofnlánadeild að upphæð kr. 1900 þús. Var lánsupphæð þessi miðuð við kostnaðaráætlun, er gerð var í apríl 1946. Kostnaðurinn við byggingu dráttarbrautanna var þá áætlaður kr. 3 100 000.00. Það hefur komið í ljós, að áætlun þessi er nú of lág. Samkvæmt áætlun, er nýlega hefur verið gerð, kosta dráttarbrautirnar a. m. k. kr. 4 400 000.00. Hækkunin frá áætluninni í apríl 1946 stafar aðallega af eftirgreindum ástæðum:

1. Hækkun á tilboðinu frá Englandi og öðru efni þaðan vegna hækkaðs kaupgjalds þar o. fl.
2. Hækkun á kaupgjaldi hér vegna hækkaðs grunnkaups og hækkaðrar vísitölu.
3. Hækkun á tollum. Mun hækkunin nema allt að 180—200 þúsund krónum.
4. Brautirnar eru gerðar fyrir nokkuð þyngri skip. Aðalbraut er gerð fyrir allt að 1500 smálesta þung skip og 3 brautir fyrir 900 smálesta þung skip.

Byggingu dráttarbrautanna er nú svo komið:

Byggingu undirstaða aðalbrautar neðan sjómáls er að mestu lokið. Getur verið lokið í byrjun næsta mánaðar.

Búið að steypa nokkuð af undirstöðum aðalbrautar og hliðarbrauta.

Allar vélar, vindur, vagnar, brautarteinar o. fl. er þegar komið til landsins, að undanskildum 4 vögnum af 20, sem væntanlegir eru í byrjun næsta mánaðar, og hliðarfærsluvindu, sem tilbúin er í næsta mánuði.

Fyrir efni þetta er þegar greitt £ 52.000.0.0 en ógreitt er um 9.000.0.0. Annað útlent efni, sem er ógreitt, er sement, steypustyrktarjárn og lítils háttar af timbri.

Til þessara framkvæmda hefur Slippfélagið fengið 1200 þús. kr. víxillán í Landsbanka Íslands, og var áætlunin að greiða það, er lán fengist úr stofnlánadeild.

Landsbankinn hefur neitað um frekari lán, og aðrar lánsstofnanir, sem leitað hefur verið til, ekki talið sér fært að veita lán.

Nú er svo komið, að félagið hefur bundið allt rekstrarfé sitt og meira til í dráttarbrautunum og notað upp 1200 þús. kr. lán Landsbankans. Ef ekki fæst nú þegar viðbótarlán, stöðvast bygging dráttarbrautanna um ófyrirsjáanlegan tíma. Hins vegar, ef nægilegt lánsfé fengist, gæti brautunum verið lokið á þessu hausti. Til þess að

fullgera brautirnar nú áætlum vér, að þurfi um kr. 2 000 000. Er þá gert ráð fyrir, að lán Landsbankans standi og félagið leggi fram sjálft um kr. 1 200 000.00.

Með tilvísun til viðtals við hæstvirtan ráðherra leyfum vér oss að fara fram á stuðning hæstvirtrar ríkisstjórnar til útvegunar nauðsynlegs lánsfjár, sem samkvæmt því, sem fyrr greinir, þarf að vera um kr. 2 000 000.00. Vegna rekstrarafkomu dráttarbrautanna, er byggt var á, er ráðizt var í framkvæmdir, er félaginu nauðsynlegt að fá fast lán með kjörum stofnlánadeildar, enda hefði félagið aldrei séð sér fært að ráðast í þessar framkvæmdir, ef ekki hefði legið fyrir loforð um lán úr stofnlánadeildinni allt að 60% af kostnaðarverði.

Að síðustu viljum við minna á, hvernig ástandið er nú með að taka skip á land hér til viðgerða. Slippfélagið byggði 1932 2 dráttarbrautir. Voru þær gerðar fyrir 500 og 800 smálesta þung skip og á stærri brautina var hægt að taka gömlu togarana fullhlaðna. Brautir þessar eru nú mjög úr sér gengnar, og s. l. 2 ár hefur vélaeftirlit ríkisins lagt svo fyrir, að ekki mætti taka upp þyngri skip á stærri brautina en 550 smál. og léttari skip á hina. Leyfi þetta er nú útrunnið og mjög óvíst, að það fáist framlengt, enda teljum vér nú áhættu að taka svo þung skip á þær. Teljum vér fullvíst, að brautir þessar dæmist nú ónothæfar til að taka upp minnstu togarana, sem eru 400—550 smálestir á þyngd tómir.

Hér eru nú:

25	skip	400— 600	smál.	á	þyngd.
20	—	700— 900	—	—	—
3	—	1000—1500	—	—	—

Samtals 48 skip.

Væntanleg til landsins næstu mánuði:

4	skip	400— 600	smál.	á	þyngd.
24	—	800— 900	—	—	—
2	—	1000—1500	—	—	—

Samtals 30 skip.

Af þessum 78 skipum er með engu móti hægt að taka á land nú 55 skip og óvíst með hin 23.

Virðingarfyllst,

Til sjávarútvegsmálaráðherra, Reykjavík.

Sþ. 98. Breytingartillaga

við till. til þál. um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis.

Frá Gísla Jónssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að láta námsmönnum þeim, er nú stunda eða vilja stunda nám erlendis í gagnlegum fræðum, sem ekki verða numin hérlendis, nægilegan gjaldeyri í té miðað við framfærslukostnað og námskostnað í þeim löndum, sem þeir dveljast í;
2. að fela nú þegar menntamálaráði að úthluta gjaldeyrisleyfum til námsmanna í samráði við viðskiptanefnd;
3. að hlutast til um, að fullt tillit sé tekið til þess við úthlutun gjaldeyrisleyfa, hvort aðili stundar nám allt árið eða aðeins hluta af árinu, og hvort hann jafnframt hefur fyrir fjölskyldu að sjá á meðan á námi stendur;
4. að láta námsmönnum, sem nú eru erlendis, í té aukagjaldeyrisleyfi fyrir n. k. desembermánuð, er nemi minnst fimm hundruð krónum á nemanda.

Nd. 99. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Jón Gíslason, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

3.—6. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna trygginganefnd. Nefndir þessar skulu kosnar hlutfallskosningu af bæjarstjórnum í kaupstöðum, en af sýslunefndum í öðrum umdæmum, eftir hverjar bæjarstjórnar- og sýslunefndarkosningar. Kjósa skal á sama hátt og til sama tíma jafnmarga varamenn. Trygginganefnd kýs sér sjálf formann.

Kjörtímabil trygginganefnda er hið sama og bæjarstjórna og sýslunefnda. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sýslunefndarmaður þess þátt í kosningu trygginganefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eiga heima.

Hlutverk trygginganefnda er að fylgjast með rekstri tryggingannа í umdæminu, gera tillögur um framkvæmd þeirra, gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, er mættu verða til sparnaðar í rekstri tryggingannа.

Á fundum bæjarstjórna og sýslunefnda, þar sem trygginganefndir eru kosnar, skal ákveða þóknun hinna kjörnu nefndarmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði við störf þeirra af hlutaðeigandi sveitarfélögum eftir reglum, er fundirnir setja.

2. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Við hverja barnsfæðingu á móðirin rétt á að fá greiddar kr. 300.00.

3. gr.

42. gr. laganna orðist svo:

Sjúkrabætur greiðast frá og með 11. veikindadegi og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda geti sjúklingurinn sýnt fram á, að tekjur hans hafi minnkað vegna veikindanna. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 14 daga.

Nú heldur hinn sjúki atvinnutekjum sínum að meira eða minna leyti, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættum hreinum atvinnutekjum séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

4. gr.

43. gr. laganna falli burt.

5. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Allir þeir, sem slasast við vinnu, eiga rétt til slysabóta samkvæmt því, er segir í 49.—58. gr., svo og vandamenn þeirra.

6. gr.

46. gr. laganna falli burt.

7. gr.

47. gr. laganna falli burt.

8. gr.

1. málsgr. 49. gr. laganna orðist svo:
Það er bótaskylt slys, er maður slasast eða deyr af slysi við vinnu.

9. gr.

Orðið „tryggingarskylda“ í 1. málsgr. 52. gr. laganna falli burt.

10. gr.

3. og 4. málsgr. 53. gr. laganna orðist svo:
Bótagreiðslur samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skulu aldrei fara fram úr ¾ af hreinum tekjum bótaþega af þeirri atvinnu, er hann stundaði, þegar slysið varð.
Nú heldur hinn slasaði atvinnutekjum sínum að meira eða minna leyti, og skal þá einnig greiða dagpeninga, þó svo, að þeir að viðbættum hreinum atvinnutekjum séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði.

11. gr.

2. tölul. 102. gr. laganna falli burt.

12. gr.

Í stað orðanna „16 til 67 ára“ í 105. gr. laganna komi: 18—65 ára.

13. gr.

Við 107. gr. laganna bætist:
Auk þessara iðgjalda skulu allir skattskyldir aðilar greiða 2% af skattskyldum tekjum umfram 5000 kr.

14. gr.

Í stað 1. og 2. málsgr. 109. gr. laganna komi:
Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans að einhverju eða öllu leyti, vegna þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Úrskurði sveitarstjórnar má áfrýja til yfirskattanefndar. Iðgjöld, greidd úr sveitarsjóði, teljast ekki framfærslustyrkur.

15. gr.

112. gr. laganna falli burt.

16. gr.

113. gr. laganna orðist svo:
Til þess að standast útgjöld vegna slysabóta skulu allir þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, greiða sérstakt áhættuiðgjald.
Upphæð áhættuiðgjalda ber að miða við slysahættuna. Skal skipta störfum og starfsgreinum í áhættuflokka og ákveða sérstök iðgjöld fyrir hvern flokk. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðunina. Við útreikning á vinnuvikum skal ekki telja vinnu atvinnurekandans og maka hans. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klukkustundir í viku. Skal við ákvörðun iðgjaldanna miða við, að þau hrökkvi fyrir þeim bótum og kostnaði, sem Tryggingastofuninni ber að greiða vegna slysa. Ef erfitt er að skipa starfseminni í áhættuflokka samkvæmt framansögðu, getur Tryggingastofnunin þó ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

17. gr.

Orðin „og 112.“ í 3. málsgr. 116. gr. laganna falli burt.

18. gr.

1. málsl. 1. málsgr. 122. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld samkv. 113. gr. skulu á lögð með tekju- og eignarskatti af skattanefnd eða skattstjóra, í samræmi við gildandi iðgjaldaskrá og áhættuflokkun á hverjum tíma. Skulu þau innheimt í einu lagi í heilum krónum.

19. gr.

Orðin „112. og“ í síðari málsl. 129. gr. laganna falli burt.

20. gr.

Orðin „112. og“ í 2. málsl. 130. gr. laganna falli burt.

21. gr.

Í stað „43. gr.“ í upphafi a.-liðar 132. gr. laganna komi: 42. gr.

22. gr.

134. gr. laganna falli burt.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á lögum um almannatryggingar. Þegar tryggingafrumvarpið var upphaflega til meðferðar í þinginu, komu fram tillögur um breytingar á mörgum þeim ákvæðum, sem frv. þetta fjallar um, en þær breytingartillögur fengust ekki samþykktar. Á síðasta þingi flutti þm. V.-Húnv. frv., sem fór í sömu átt, en það náði ekki fram að ganga. Þykir því rétt að gera nú tilraun til að fá nokkrar lagfæringar á löggjöfinni, þar sem þegar er fengin nokkur reynsla í því efni.

Í greinargerð, sem fylgdi frv. þm. V.-Húnv. segir svo:

„Tryggingafrumvarpið var samið af milliþinganefnd, sem skipuð var í marzmánuði 1943, og þegar það var lagt fyrir Alþingi, fylgdi því löng greinargerð frá nefndinni. Í þeirri greinargerð segir (Alþt. 1945 þskj. 310), að nefndinni hafi borizt bréf frá félagsmálaráðherra, dags. 31. okt. 1944, þar sem skýrt sé frá því, að í málefnasamningi stjórnmálaflokkanna í sambandi við myndun ríkisstjórnar sé svo ákveðið, að komið verði á á næsta ári fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem nái til allrar þjóðarinnar án tillits til stétta og efnahags, og var nefndinni falið að vinna að undirbúningi málsins á þeim grundvelli.

Á öðrum stað í greinargerð milliþinganefndarinnar segir á þessa leið:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir, að rétturinn til bóta sé jafn fyrir alla án tillits til stétta eða efnahags, sbr. fyrrgreint bréf ráðherrans og þá stefnu, sem mjög ryður sér nú til rúms, að komast hjá vandasömu og hvimleiðu mati á ástæðum einstaklinganna, enda ávallt tiltölulega lítill hluti þjóðarinnar, sem hefur svo miklar tekjur, að ekki sé þörf fyrir bæturnar, ef eitthvað verulega bjátar á.“

En þrátt fyrir þessa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og milliþinganefndarinnar um það, að tryggingarnar ættu að ná til allra landsmanna án tillits til stétta eða efnahags og að þannig hafi verið unnið að undirbúningi löggjafarinnar, kom það greinilega í ljós, þegar frumvarpið var lagt fram, að mikið skorti á, að höfundum

þess hefði tekizt að ná því marki. Nokkur ákvæði frv. voru þannig, að samkvæmt þeim var réttur manna gerður mjög misjafn, aðallega eftir því, hvort þeir öfluðu sér tekna með vinnu í annarra þjónustu eða með eigin atvinnurekstri. Þetta fékkst ekki leiðrétt, nema að mjög litlu leyti við afgreiðslu tryggingafrumvarpsins í þinginu.

Hér skulu fyrst nefnd ákvæði laganna um **sjúkrabætur** og **slysabætur**. Lögin veita launamönnum yfirleitt meiri rétt til sjúkrabóta en öðrum, en auk þess er það einkennilega fyrirbrigði í löggjöfinni, að íbúar kaupstaða og kauptúna, þar sem læknar starfa, hafa meiri rétt til sjúkrabóta en þeir, sem búa í sveitum eða kauptúnum, þar sem engir læknar eru búsettir. Slysabætur fá launamenn einir án þess að þeir þurfi að borga nokkuð fyrir þau réttindi sérstaklega, en aðrir fá engar slíkar bætur, þótt þeir verði fyrir slysum við vinnu, nema þeir hafi keypt sér slysatryggingu fyrir sérstakt gjald. Á þennan hátt er mikill fjöldi manna, sem að staðaldri vinnur erfiðisverk, er slysahætta fylgir, gerður réttlægri en aðrir, sem vinna sömu eða svipuð verk. Í þeim hópi eru t. d. allir bændur landsins og margir aðrir, sem vinna að framleiðslustörfum. Ef bóndi og vinnumaður hans slasast báðir við verk, á sá síðarnefndi rétt til slysabóta, en bóndinn ekki, og skiptir engu máli í því sambandi, hvernig efnahagur eða ástæður þeirra eru hvers um sig. Hér er svo ójafnt skammtaður rétturinn í löggjöfinni, að eigi er viðunandi, og því eru hér fram bornar tillögur um leiðréttingar á þessum ákvæðum laganna. Er hér lagt til, að allir, sem slasast við vinnu, skuli eiga rétt til slysabóta, og að allir menn fái sama rétt til sjúkrabóta, hvort sem þeir eru launamenn eða afla sér tekna með eigin atvinnurekstri, og hvort sem þeir búa í námunda við læknisbústað eða í nokkurri fjarlægð frá honum.

Í 34. gr. laganna eru ákvæði um svonefnda fæðingarstyrki. Samkvæmt þeim fyrirmælum geta konur, sem stunda atvinnu utan heimila sinna, fengið greiddar allt að kr. 500.00 við hverja barnsfæðingu, en konur, sem ekki vinna utan heimilanna, fá aðeins kr. 200.00, hvorttveggja auk verðlagsuppbótar. Á þennan hátt eru þær konur, sem eingöngu vinna á eigin heimilum, gerðar réttlægri en aðrar, og er slíkt mjög óviðeigandi. Er hér lagt til, að þetta misrétti verði numið úr lögunum og að allar konur fái jafnháan fæðingarstyrk, kr. 300.00 auk verðlagsuppbótar.

Nú er búið að skipta landinu í tryggingaumdæmi og kjósa tryggingaráðir samkv. 11. gr. laganna. Kosningu þeirra hefur verið hagað þannig eftir fyrirmælum laganna, að allir hreppsnefndarmenn í tryggingaumdæmi hafa verið kvaddir á sameiginlegan fund til þess að velja menn í tryggingaráðina. Hreppsnefndarmenn í stórum tryggingaumdæmum skipta mörgum tugum, og margir þeirra þurftu að fara um langan veg á þessa kjörfundi. Er því mikil fyrirhöfn og ærinn kostnaður, sem þetta lagafyrirmæli hefur í för með sér og mætti gera val tryggingaráðanna fyrirhafnarminna og ódýrara. Er hér lagt til, að sýslunefndir kjósi tryggingaráðirnar hver í sínu umdæmi. Ætti að mega treysta sýslunefndarmönnum til að leysa þetta sómasamlega af höndum, eigi síður en sveitarstjórnarmönnum, en með því væri val tryggingaráðsmanna gert miklu auðveldara og kostnaðarminna en nú er.“

Ákvæði 112. og 113. gr. um iðgjöld atvinnurekenda eru m. a. mjög ranglát. Samþykktir frá fjölmörgum fundum, sem haldnir hafa verið á þessu ári, eru órækar sannanir fyrir því, að þau eru óvinsæl — og ekki að ástæðulausu. Aðalfundur Stéttarsambands bænda, sem haldinn var á Akureyri 3.—4. sept. þ. á., samþykkti einróma skýra ályktun, þar sem skorað er á Alþingi að taka lögin um almannatryggingar til gagngerðar endurskoðunar og breyta þeim í það horf, sem lagt er til í frv. þessu. Í ályktun fundarins segir svo m. a.:

„Til áherzlu framangreindum tillögum tekur fundurinn það fram, að þær eru í samræmi við mjög almennar áskoranir frá aðalfundum búnaðarsambandanna og kjörmannafunda til Stéttarsambandsins um að vinna að breytingum á tryggingalöggjöfinni, einkum í þeim atriðum, sem tilgreind eru.“

Með ákvæðum 112. og 113. gr. er þeim, sem framleiðslu stunda eða annan atvinnurekstur, lögð sú skylda á herðar að greiða sérstakan skatt í tryggingasjóðinn, og er sá skattur miðaður við vinnuvikur þess fólks, er við atvinnureksturinn starfar. Hann er ekki lagður á eftir tekjum manna eða efnahag, heldur eftir því, hvaða störf menn stunda í þjóðfélaginu. Fyrir því lendir hann oft á þeim, er erfiða aðstöðu eiga. Þeim fer sífellt fækkandi, sem stunda vilja sjálfstæða framleiðslu, en mjög er leitað eftir því að komast í hóp launamanna. Nú er það og höfuðvandamál þjóðfélagsins, hvernig takast megi að sjá framleiðslunni farborða og aðalviðfangsefni þings og stjórnar að ráða fram úr þeim vanda. Má af því sjá, hversu fráleitt það er að láta þá, sem framleiðslustarfsemi reka, bera þung gjöld umfram aðra þegna þjóðfélagsins og einungis í þágu annarra stétta. Gjöld þessi koma og mjög misjafnt niður á stéttarbræðrum. Bóndi, sem hefur lítið af ræktuðu landi og þarf mikið vinnuafl við búreksturinn, er samkvæmt þessum ákvæðum látinn bera þyngri gjöld til almannatrygginga en stéttarbróðirinn, sem hefur vélfært land og býr við betri aðstöðu. Svipað má segja um útvegsmenn. Eftir venjulegum skattastigum vaxa gjöldin því meira sem afkoman og efnahagurinn er betri. Hér er stefnt í öfuga átt, svo að þeir eru að þessu leyti skattlagðir hlutfallslega þyngst, sem verst eru settir. Gjald það, sem atvinnurekendur eiga að greiða samkvæmt 113. gr., á að renna til þess að standast útgjöld vegna slysabóta, enda eiga launþegar, sem vinna í þjónustu annarra, rétt á slysabótum, hvaða störfum sem þeir gegna og hvernig sem aðstaða þeirra og efnahagur er. En svo furðulega er um hnúta búið, svo sem fyrr er sagt, að sá, sem lifir af einhvers konar framleiðslu, á ekki rétt til slysabóta, eins og ákvæði laganna eru nú, og ekki heldur börn hans, yngri en 16 ára, kona hans, foreldrar eða fósturforeldrar, þótt þau vinni í þjónustu hans.

Í frv. þessu er lagt til, að 112. gr. laganna falli niður og þeim þungbæra og rangláta skatti, sem nú er lagður á vissar stéttir þjóðfélagsins samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar, verði þar með af létt. Hins vegar er ætlazt til, að gjald vegna slysatrygginga samkv. 113. gr. haldist, en við ákvörðun þess skuli ekki telja vinnuvikur atvinnurekandans sjálfs eða maka hans, þótt allir öðlist rétt til slysabóta án tillits til atvinnu eða eigna.

Til að bæta tryggingasjóðnum upp þann tekjumissi, sem af þessu leiðir, leggjum við til, að auk iðgjalda samkv. 107. gr. tryggingalaganna skuli greiða í tryggingasjóðinn 2 af hundraði af skattskyldum tekjum, sem eru umfram 5000 kr. Með frv. þessu er einungis stefnt að því, sem talið var í öndverðu, að vera ætti meginmarkmið laganna um almannatryggingar, að réttur til bóta sé jafn fyrir alla án tillits til stétta eða efnahags, svo að komizt verði hjá vandasömu og hvimleiðu mati á ástæðum einstaklinganna.

Ed. 100. Frumvarp til laga

um kauprétt á jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Jörð merkir í lögum þessum hvert það býli, heimajörð eða hjáleigu utan kaupstaða og kauptúna, sem sérstaklega er metið til verðs samkvæmt fasteignamati og talið er í fasteignamatsbók eða metið sem jörð í millimati.

2. gr.

Sveitarstjórn hvers hrepps skal hafa forkaupsrétt á þeim jörðum innan hreppsins, sem ganga kaupum og sölum og ekki eru opinber eign, með þeim undantekn-

ingum, sem um getur í 4 gr. Sama gildir, ef seldur er hluti af jörð, afréttarlönd, óbyggðar lendur, ítök, skógar, vatnsnot, jarðhiti og hvers konar veiðiréttindi eða önnur gæði, sem skilin eru eða skilin verða frá jörð. Þessi forkaupsréttur sveitarstjórnar er í því fólginn, að hún skal jafnan eiga kost á að ganga fyrir um kaup á jörðum eða jarðarhlutum innan hreppsins við því verði, greiðsluskjörum og öðrum skilmálum, er seljandi þeirra getur fengið fyrir þær á hverjum tíma.

3. gr.

Næst á eftir sveitarstjórn og á sama hátt hefur leiguliði, ef til er, kauprétt á hinni fölu jörð, þó með þeim undantekningum, sem um getur í 4. gr. Skal hann jafnan eiga kost á kaupum á ábýlisjörð sinni við því verði, er seljandinn getur fengið fyrir hana, enda hafi sveitarstjórn áður hafnað forkaupsrétti sínum á jörðinni fyrir það sama verð, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

Nú hefur leiguliði sagt lausri jörð eða honum verið löglega byggt út af jörðinni frá næstu fardögum, og heldur hann þá kauprétti það sem eftir er af ábúð hans, meðan jörðin er óbyggð. En frá þeim tíma á sá kaupréttinn, er ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár og hefur fengið byggingu fyrir henni. Nú eru ábúendur á jörð þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sérhverjum þeirra til kaups. Vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðinni, annars ræður eigandi, hverjum þeirra hann selur.

4. gr.

Kaupréttarákvæði 2. og 3. gr. laga þessara ná ekki til þess, er jarðeigandi selur jörð barni sínu, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri.

Hafi leiguliði haft ábúð á leigujörð sinni a. m. k. fjögur ár samfleytt áður en söluumleitanir hefjast, hefur hann kauprétt á undan sveitarsjóði, og öðlast þá sveitarsjóður kaupréttinn næst á eftir og þó því aðeins, að leiguliði hafi hafnað honum.

5. gr.

Kaupréttur samkv. 2. og 3. gr. og 2 mgr. 4. gr. skal jafnan boðinn skriflega aðilum þeim, er hlut eiga að máli, og í þeirri röð, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Söluverð jarðar og aðrir skilmálar skal jafnframt tilgreint. Sá, er kauprétt á, skal svara skriflega kaupréttarboði sínu innan 15 daga frá því, er honum barst tilboðið. Rétt er að bjóða í senn jörðina þeim, er kauprétt hafa. Þó skal þess ávallt getið, að því aðeins eigi sá, er tilboðið fær, kost jarðarinnar, að sá, er kauprétt á framar honum, noti ekki rétt sinn. Vanræki kaupréttarhafi að svara innan þess tíma, hefur hann í það sinn glatað rétti sínum til kaupanna. Yfirlýsing um afsal kaupréttar samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi 6 mánuðum frá dagsetningu hennar.

6. gr.

Ef seljandi jarðar brýtur fyrirmæli 2. og 3. gr., 2. mgr., 4. gr. og 5. gr. og selur jörð sína án þess að hafa áður fullnægt kaupréttarákvæðum laga þessara, getur sá kaupréttarhafi, sem rétti hefur verið sviptur, krafizt þess, að salan sé ógilt, og á hann þá rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé málsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því hann fékk vitneskju um misfelluna og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rétthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55 15. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Greinargerð

Atvinnumálaráðherra hefur sent nefndinni frumvarp þetta og óskað þess, að hún flytti það. Landbúnaðarnefnd vill verða við beiðni þessari, en einstakir nefndarmenn áskilja sér sétt til þess að flytja breytingartillögur við frv. eða fylgja breytingartill., sem kunna að koma fram við það.

Svo hljóðandi fylgiskjöl fylgdu frv.:

Fylgiskjal I.

„Á búnaðarþingi 1945 var kosin milliþinganefnd til þess að gera tillögur, er miði að því að hindra varhugaverða verðhækkun á jörðum. Í nefnd þessa voru kosnir þeir Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður, Jóhannes Davíðsson bóndi, Neðri-Hjarðardal, og Jens Hólmgeirsson skrifstofustjóri. Nefnd þessi hefur samið framangreint frumvarp til laga um kauprétt á jörðum, og lét hún fylgja því eftirfarandi athugasemdir:

Að efni til er frumvarp þetta að mestu samhljóða gildandi lögum um forkaupsrett á jörðum frá 1926, en efnisröðun er með nokkuð öðrum hætti.

Aðalefnisbreyting frumvarpsins frá fyrrgreindum lögum er sú, að í frumvarpinu færist kaupréttur sveitarsjóða fram fyrir kauprétt leiguliða, ef þeir hafa búið skemur en fjögur ár samfleytt á leigujörð sinni, þegar salan fer fram. Samkvæmt frumvarpinu öðlast því leiguliði kauprétt á jörð sinni á undan sveitarsjóði eigi fyrr en eftir fjögurra ára ábúð. En samkvæmt greindum lögum öðlast hann þennan rétt nú jafnskjótt og hann hefur fengið byggingu fyrir jörðinni.

Greind breyting frá gildandi lögum er gerð til þess að hamla nokkuð gegn því, að kaupréttarákvæði laganna gagnvart sveitarsjóðunum séu sniðgengin, svo sem mjög hefur þótt bera á hin síðari ár. Afleiðingar þess hafa stundum orðið, að jarðir hafa lent í gróðabralli og orðið eign einstaklinga utan sveitanna, sem hafa ósjaldan haft annarleg sjónarmið um notkun og meðferð jarðanna.

Um frekari rökstuðning fyrir þessari breytingu vísast til greinargerðar nefndarinnar með frumvarpi til laga um sölugjald af jörðum.

Eigi virðist þörf á að fjölyrða um einstakar greinar þessa frumvarps."

Jens Hólmgeirsson. Jóhannes Davíðsson. Þorsteinn Þorsteinsson.

Fylgiskjal II.

Ályktun búnaðarþings út af frumvarpi til laga um kauprétt á jörðum og frumvarpi til laga um sölugjald af jörðum.

Búnaðarþing lítur svo á, að frumvarp til laga um kauprétt á jörðum sé til bóta frá núgildandi lögum um þetta efni og vill mæla með því, að það verði gert að lögum á Alþingi, með þeirri breytingu, að á eftir orðinu: „vatnsnot" í 2. gr., komi: jarðhiti o. s. frv.

Ed. 101. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Eiríki Einarssyni.

Niðurlag 1. gr. („Búnaðarþing skiptir“ o. s. frv.) fellur niður, en í stað þess komi: Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er hefur á hendi stjórn hans og reikningshald. — Sá helmingshluti sjóðsteknanna, er rennur til búnaðarsambanda landsins, skiptist á milli sambandanna í réttum hlutföllum við það, sem framlög reynast úr viðkomandi héruðum.

Nd. 102. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 23 1947, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17. 19. júní 1933.

Flm.: Jón Pálmason, Helgi Jónasson.

1. gr.

Í stað „500“ í 1. og 2. tölul. 1. greinar laganna komi á báðum stöðum: 700.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi voru sett lög um breyting á ljósmæðralögunum og túlkuð á þá leið, að þau þýddu 200 króna hækkun á grunnlaunum ljósmæðra, og til þess var ætlazt af heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis, að lögin væru framkvæmd þannig. Þetta hefur þó farið á aðra leið, því að lögin hafa verið framkvæmd svo, að felld hefur verið niður sú 25% og 30% hækkun, sem í gildi var áður og var 187.50 kr. Lögin hafa því reynzt aðeins 12.50 kr. hækkun á árslaunum ljósmæðranna. Þessa vegna er þetta frumvarp flutt. Er óhætt að segja, að þetta starf er vissulega eigi vel launað, þó að þessi breyting væri gerð. Er líka svo komið víða í sveitahéruðum landsins, að til vandræða horfir með að fá hæfar konur til að gegna því þýðingarmikla starfi, sem hér er um að ræða.

Sþ. 103. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar frá 5. október 1944 um undirbúning löggjafar um opinbera starfsmenn.

Frá Gísla Jónssyni.

Hvað líður undirbúningi löggjafar um opinbera starfsmenn, sem Alþingi fól ríkisstjórninni með þingsályktun 5. október 1944 að framkvæma?

Nd. 104. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgr.:

Á byggingarsjóði hvíla skyldur þær, sem nýbýlasjóður og byggingarsjóður hafa sameiginlega samkvæmt 21. gr. laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og 4. gr. laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum er ákveðið, að nýbýlasjóður og byggingarsjóður greiði að ⅓ hvor verð fyrir veggjamót, vélar og verkfæri, sem síðar endurgreiðist úr ríkissjóði.

Á sama hátt er ákveðið með lögum um byggingarsamþykktir, að nýbýlasjóður og byggingarsjóður greiði að ⅓ hvor laun byggingarfulltrúanna.

Út af þessu hefur orðið nokkur ágreiningur, af því að nýbýlasjóður var lagður undir byggingarsjóð með lögunum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, en ekkert ákveðið um þessa skyldu, sem allir munu þó hafa gert ráð fyrir, að yfirfærðist að fullu á byggingarsjóð, sem tekið hefur við öðrum verkefnum nýbýlasjóðs. Til þess að þetta sé skýrt, er þetta frumvarp flutt.

Nd. 105. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá Ed., sem hafði samþykkt það með samhljóða atkvæðum. Nefndin hefur kynnt sér ástæður þær, sem voru þess valdandi, að frumvarpið var borið fram. Telur hún, að þær séu réttmætar, og mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. nóv. 1947.

Steingr. Steinþórsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Jón Sigurðsson.

Ásg. Ásgeirsson. Sigurður Guðnason.

Nd. 106. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aftan við 34. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Komi ósk frá sölusamlögum eggjaframleiðenda eða grænmetisframleiðenda um, að framleiðsluráð hafi með höndum verðskráningu á framleiðsluvörum þeirra, getur landbúnaðarráðherra ákveðið það í samráði við framleiðsluráð með reglugerð.

Nd. 107. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 53 7. maí 1946, um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 53 1946 skal orða svo:

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, sbr. lög nr. 27 1947, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1948. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að $^3/_5$ hlutum til að greiða kostnað við lagningu þjóðvega, en að $^2/_5$ hlutum til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá í Lóni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt af sömu flm. á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Greinargerð sú, er fylgdi frv. í fyrra, fer hér á eftir örlítið breytt:

„Frumvarp þetta felur í sér tvö meginatriði: Að leggja skuli nokkurn hluta af þeim benzínskatti, sem innheimtur er, í sjóð, sem varið sé til brúargerða, og að brú á Jökulsá í Lóni skuli sitja fyrir öðrum framkvæmdum, sem gerðar verða fyrir fé úr sjóðnum.

Á undanförnum árum hefur nokkur hluti af benzínskattinum runnið í brúasjóð, en með lagabreytingu, sem gerð var á öndverðu ári 1946, sbr. lög nr. 53 1946, var þetta ákvæði um brúasjóðinn numið úr lögum og sjóðurinn þar með raunverulega afnuminn. Hér er lagt til að breyta þessu aftur í sama horf og áður var.

Jökulsá í Lóni er, eins og öllum er kunnugt, ein af stórám þessa lands. Hún er mesti farartálminn á þjóðveginum milli Hornafjarðar og Austurlands. Koma þær vegabætur, sem gerðar eru á því svæði, aldrei að fullum notum sem örugg samgönguleið milli héraða, fyrr en Jökulsá hefur verið brúuð. Sú brú er því nauðsynlegur þáttur í vegakerfi landsins. Jökulsá klýfur Lónssveitina. Augljóst er, að slíkt vatnsfall torveldar stórkostlega samskipti og félagslíf hreppsbúa. Meiri hlutinn af

bændum sveitarinnar býr austan árinnar. Verzlunarviðskipti þeirra eru öll bundin við Hornafjörð, enda eru þeir einangraðir að austanverðu af Lónsheiði. Þeir verða því að sækja yfir Jökulsá með alla aðdrætti til heimilanna, fjárrekstra til slátrunar o. s. frv. Liggur í augum uppi, hve mikla örðugleika það skapar, og verður aldrei á þeim sigrazt að fullu á annan hátt en að brúa Jökulsá."

Nd. 108. Frumvarp til laga

um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, kr. 3.00 á ári, í Reykjavík kr. 6.00. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.

Gjöld þessi skal innheimta að viðbættu álagi, er nemur meðaltali gildandi vísitölu næsta almanaksár á undan gjalddaga. Gjaldauki, sem nemur minna en kr. 0.50, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur kr. 0.50 eða meiru.

Undanþegnir þessu gjaldi til þjóðkirkjunnar eru þeir, sem teljast til utanþjóðkirkjusafnaða, er hafa löggiltan prest eða forstöðumann, enda nemi gjald þeirra til trúfélags síns hverju sinni eigi lægri upphæð en þeim hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og ekki undanþeginn gjaldi til hennar samkvæmt næstu málsgr. hér að framan, og skal þá sóknargjald hans renna í prófgjaldasjóð Háskóla Íslands.

Utanþjóðkirkjumönnum ber að sýna innheimtumanni sóknargjalda skilríki fyrir því, að þeir hafi greitt sóknargjald sitt, samkvæmt 3. og 4. málsgr., ella ber þeim að greiða gjöld þessi til sóknarkirkju sinnar.

Heimilt er sóknarnefndum, samkvæmt sérstakri umsókn þar um, að undanþiggja sóknargjaldskyldu um ákveðinn tíma þá menn, er þær telja eiga við svo bág kjör að búa, að þeim sé um megn að greiða sóknargjöld sín án þess að þurfa að leita opinberrar aðstoðar eða þola skort.

2. gr.

Af sóknargjaldi hvers þjóðkirkjumanns renna kr. 0.50 að viðbættri verðlagsuppbót í sameiginlegan kirkjumálasjóð, sem er í umsjá biskups og kirkjuráðs.

Sjóði þessum skal verja til eflingar og styrktar kirkju og kristindómi landsins, og setur kirkjumálaráðherra samkvæmt tillögum biskups reglugerð um sjóðinn.

Prófastar skulu sjá um, að gjaldi þessu sé árlega skilað í kirkjumálasjóðinn.

3. gr.

Sóknargjald skal miða við almanaksár og greiðist þeirri kirkju eða söfnuði, þar sem gjaldandi á lögheimili í ársbyrjun, og er eindagi þess 31. marz ár hvert fyrir það ár, sem er að líða.

4. gr.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkju fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar, og er henni þá rétt, að fengnu leyfi safnaðarfundar, að jafna því, sem á vantar, niður á útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum. Lægra gjaldi en einni krónu skal þó sleppt.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefur eigi tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, er niðurjöfnun aukagjalds óheimil, nema kirkjustjórn veiti til þess sérstaka

heimild fyrir eitt ár í senn, samkvæmt rökstuddri umsókn kirkjueiganda, og skal þá jafnan í leyfisbréfinu tiltekin sú upphæð, er heimilast að jafna niður á útsvarsgreiðendur.

5. gr.

Sóknargjald og niðurjöfnunargjald samkv. 4. gr. skal hver heimilisráðandi leggja fram fyrir þá, sem lögheimili eiga hjá honum, en hann á endurkröfurétt á hendur heimilismanna sinna, og má halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra.

Kjósi innheimtumaður sóknargjalda heldur að innheimta sóknargjald af hverjum einstökum gjaldanda, er honum það heimilt.

Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, greiðist úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði, ef gjaldandi hefur eigi sótt um eða fengið undanþágu frá sóknargjaldi samkv. 1. gr.

6. gr.

Presti eða öðrum þeim, er manntal skal taka, er skylt að láta sóknarnefndum eða innheimtumönnum sóknargjalda ókeypis í té skýrslur um manntal safnaðar til afnota við útreikning og innheimtu sóknargjalda.

7. gr.

Sóknarnefndir skulu hafa á hendi innheimtu sóknargjalda gegn 6% innheimtulaunum.

Þar, sem sóknarnefndir fela oddvitum eða innheimtumönnum þinggjalda innheimtu sóknargjalda, skulu þeir einnig innheimta gjöld utanþjóðkirkjumanna. Skulu þeir skila gjöldum þessum til kirkjufélaganna eða Háskóla Íslands, á sama hátt og skil eru gerð til þjóðkirkjusafnaðanna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu sóknargjöldin 1947 innheimt samkv. þeim.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld, svo og lög nr. 72 27. júní 1941, um breyting á þeim lögum, og önnur ákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frumvarp þetta að beiðni menntamálaráðherra. Hafa nefndarmenn hver um sig óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er fram borið samkvæmt ósk biskupsins yfir Íslandi. Þær meginbreytingar, sem í því felast frá gildandi lögum, hafa verið bornar undir Kirkjuráð Íslands, sóknarnefnd Dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík svo og tollstjórann í Reykjavík, og hafa allir þessir aðilar tjáð sig þeim fylgjandi.

Þar sem gildandi fyrirmæli um sóknargjöld eru nú allmjög á víð og dreif (l. nr. 40 1909, l. nr. 29 1921 og l. nr. 72 1941), þykir einfaldara og hentara að hafa um þetta efni ein samfelld lög en að bera fram sérstakt frv. um enn nýjar breytingar á hinum eldri lögum, enda mun það tvímælalaust vera ósk allra þeirra, er annast framkvæmd laganna.

Á síðari árum hefur skapazt óhæfilegt ósamræmi um sóknargjöldin í landinu. Hið lögákveðna gjald, kr. 1.25 á gjaldanda, hefur engan veginn nægt til þess að mæta hinum nauðsynlegustu útgjöldum kirknanna, er stöðugt fara hækkandi. Hefur þá verið um tvær leiðir að velja:

1) Að vanrækja viðhald kirkna og kirkjumuna úr hófi fram, svo að tekjur og útgjöld gætu staðizt á.

2) Að notfæra sér heimild gildandi laga til hækkunar kirkjugjalda eða til aukaniðurjöfnunar til þess að standast hin mest aðkallandi útgjöld.

Rúmlega sextíu af söfnuðum landsins hafa valið fyrri leiðina og haldið sóknargjöldum óbreyttum til þessa, eða kr. 1.25 á mann. Má fara nærri um, hvernig efnahagur slíkra kirkna er nú eða hvað gert muni hafa verið þeim til viðhalds, ekki sízt þegar þess er gætt, að í þessum sóknum eru gjaldendur aðeins frá 40—100, og árstekjur kirknanna því frá kr. 50.00 til kr. 125.00.

Aðrir söfnuðir hafa notfært sér ákvæði laganna um hækkun sóknargjalda. Í 70 sóknum er þó sóknargjaldið frá kr. 1.50—3.00. Í rúmlega 80 sóknum frá 3.00—5.00 og í tæpum 60 sóknum frá kr. 5.00—25.00.

Af þessu er tvennt harla augljóst:

1. Að í skjóli gildandi laga er sóknargjaldinu sums staðar haldið svo lágu, að engir möguleikar eru á að halda við kirkjunni og eignum hennar eða kosta sómasamlegar tíðagerðir.

2. Að misræmið í sóknargjöldum á landinu er orðið svo stórkostlegt, að ekki verður lengur við unað, þar sem sumir gjaldendur greiða meira en tvítugfalt á við aðra til kirkju sinnar.

Til þess að bæta úr þessu misræmi og tryggja jafnframt kirkjunum í landinu viðunandi tekjur, er frv. þetta borið fram.

Megin breytingar, sem í því felast eru þessar:

1. Sóknargjaldið er ákveðið kr. 3.00, nema í Reykjavík kr. 6.00. Hækkunin í Reykjavík er ákveðin samkvæmt óskum sóknarnefndanna þar og í samráði við tollstjórann í Reykjavík, sem telur, að innheimta gjaldanna verði hagkvæmari og einfaldari með þessu móti.

2. Gjöldin skal innheimta með meðalvísitölu kauplagsnefndar næsta almanaksár á undan gjalddaga. Þetta ákvæði er óhjákvæmilegt vegna hinnar sérstöku dýrtíðar, er nú er í landinu.

3. Gjaldskylda er aðeins látin ná til 67 ára aldurs, og er sóknarnefndum enn fremur heimilað, samkvæmt sérstakri umsókn, að undanþiggja þá menn sóknargjaldi, er við bág kjör eiga að búa. Eru ákvæði þessi sniðin eftir hliðstæðum ákvæðum í lögum um almannatryggingar.

4. Gert er ráð fyrir sérstökum kirkjuskatti, kr. 0.50 á gjaldanda, sem er innifalin í sóknargjaldinu.

Skattur þessi rennur í sérstakan sjóð til eflingar og styrktar kirkju og kristindómi í landinu. Verður eigi hjá því komizt, að kirkjan hafi árlega nokkurt fé til umráða í þessu skyni, svo sem kirkjur allra annarra menningarlanda. Þótti heppilegra að afla þessa fjár með lögbundnu árgjaldi en að sækja árlega um fjárveitingu á fjárlögum, enda gjald þetta svo lágt, að engan dregur um að greiða það.

5. Felld er niður heimild sóknarnefnda og safnaðarfunda til þess að hækka eða lækka sóknargjöld fyrir eitt ár í senn að fengnu leyfi héraðsfundar, er jafnan hefur reynzt fremur óhentug og sein í framkvæmd, enda oft valdið ágreiningi.

Í þess stað eru ákvæðin um niðurjöfnun aukagjalds, þar sem lögskipaðar tekjur kirkju hrökkva eigi fyrir útgjöldum, gerð einfaldari og skýrari með því að binda þá niðurjöfnun við hundraðsgjald af útsvörum í sóknunum. Jafnframt er með hækkun sóknargjaldsins komið í veg fyrir, að til þessara ráða þurfi að grípa, nema alveg sérstaklega standi á.

Raddir hafa að visu komið fram um það, að hagkvæmt mundi að leggja á og innheimta öll sóknargjöld sem hundraðshluta af útsvörum. Vel gæti sú leið komið til mála, og mæla með henni ýmis sanngirnisrök. Þó hefur eigi þótt fært að leggja það til hér, meðal annars vegna þess, að þar sem kirkjan er frjáls félagsskapur allra þeirra, sem henni tilheyra, sýnist rétt, að allir meðlimir hennar á vissu aldursskeiði greiði til hennar árgjald, ef þeir á annað borð eru færir um það, enda það árgjald

svo lágt, að ekki ætti að þurfa að reynast neinum mjög tilfinnanlegt eða hafa teljandi áhrif á efnahag hans eða afkomu að öðru leyti.

Hins vegar er ljóst, að væri gjaldi þessu eingöngu jafnað niður sem hundraðshluta af útsvörum, gæti svo farið, að einstakir menn þyrftu að greiða allverulegar upphæðir árlega til kirkju sinnar, og þótt segja megi, að þeir séu yfirleitt þá svo efnum búnir, að þeir væru vel um það færir, mætti þó svo fara, að þeir greiddu gjöld þessi harla ófúsir, og kynnu jafnvel sumir af þessum sökum að segja sig úr þjóðkirkjunni.

6. þar sem gera má ráð fyrir, að það fari mjög í vöxt, einkum í bæjum og kauptúnum, að sóknarnefndirnar kjósi að fela innheimtu sóknargjalda innheimtumanni þinggjalda á hverjum stað, þykir rétt að setja þetta ákvæði í frv.

Er þar meðal annars leitazt við að tryggja það, að meðlimir utanþjóðkirkjusafnaða komist eigi hjá því að greiða að minnsta kosti jafnhátt gjald og þjóðkirkjusafnaðarfólk, en á því mun nú vera verulegur misbrestur, t. d. í Reykjavík, að þetta gjald hafi verið innheimt, og sennilega fleiri bæjum. Enn fremur munu þessi ákvæði létta verulega undirbúning innheimtunnar, einkum í Reykjavík, þar sem ekki þarf þá að greina á milli þjóðkirkjumanna og annarra, sem á gjaldskyldualdri eru.

Vegna brýnna þarfa kirknanna í landinu á því, að þeim sé nú þegar séð fyrir auknum tekjum til þess að mæta hinum brýnustu útgjöldum, svo og til þess að koma innheimtu sóknargjalda í Reykjavík í einfaldara og skýrara form, sem ekki má dragast úr þessu, þolir frv. þetta ekki bið og þyrfti að verða að lögum svo snemma á þessu þingi, að innheimta sóknargjalda árið 1947 gæti farið fram samkvæmt ákvæðum þess."

Nd. 109. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Í B-kafla 2. gr. laganna bætist á eftir 34. tölulið:
Hindisvík á Vatnsnesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til, að Hindisvík á Vatnsnesi verði tekin í tölu þeirra staða, sem lögin frá 1946 um hafnargerðir og lendingarbætur ná til. Árið 1921 var fyrirhuguð höfn þar mæld og gerður uppdráttur af henni. Árið 1946 var aftur gerður uppdráttur af staðnum, og nýlega hefur einnig verið gerð lausleg kostnaðaráætlun um bryggjugerð þar. Er þó vafalaust þörf nákvæmari rannsókna og áætlana áður en til framkvæmda kemur.

Til stuðnings þeirri skoðun, að hagkvæmt geti verið að gera lendingarbætur í Hindisvík, má einkum nefna, að þaðan er stutt á fiskimið og síldveiði er oft mikil í Húnaflóa nálægt Vatnsnesi. Þess má og geta, að með lögum nr. 9 frá 4. júní 1924 var Hindisvík löggiltur verzlunarstaður.

Sþ. 110. Tillaga til þingsályktunar

um réttindi Íslendinga á Grænlandi.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar gangskör að því, að viðurkenndur verði réttur Íslendinga til atvinnurekstrar á Grænlandi og við strendur þess.

Greinargerð.

Enn hefur ekki verið gerð gangskör að því af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar, að viðurkenndur verði réttur Íslendinga til atvinnurekstrar á Grænlandi og við strendur þess. Við svo búið má ekki sitja lengur. Verður nú án tafar að taka upp mál þetta með festu og röggsemi og leggja það fyrir gerðardóm á alþjóðavettvangi, ef Danir, sem nú sitja yfir rétti Íslendinga í Grænlandi, verða ekki refjalaust við þessari kröfu vorri. Tillögu um þetta efni, samhljóða þeirri, er hér birtist, flutti ég á Alþingi 1945. Fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Það má allt til síðustu ára virða Íslendingum það til vorkunnar, þótt þeir hafi ekki gert gangskör að því að krefjast óskoraðs réttar til atvinnurekstrar á Grænlandi og við strendur þess. Stöðu Íslands var svo háttað til ársins 1918, að vér höfum fyrst þurft að leita réttar sjálfra vor og fullra yfirráða í landi voru. Viðurkenning sú, sem Íslendingar fengu fyrir fullveldi sínu 1918, gerði oss í þessu efni hægra um vik til að ná nokkru færi á að leita annars réttar vors, er oss var áður með öllu fyrirmunað og í salti hefur legið um ár og aldir. Eftir lýðveldisstofnunina 1944 höfum vér að fullu öðlazt aðstöðu til þess að krefjast hér réttar vors og fá úr málinu skorið að alþjóðalögum, ef lyktir á því takast ekki með öðrum hætti. Þegar svo er komið, er það Íslendingum engan veginn vansalaust að láta aðra þjóð þegjandi og átölulaust sitja yfir rétti vorum til hagnýtingar á auðlindum Grænlands á landi og í sjó.

Engan veginn er því þannig varið, að eigi hafi áður verið um það uppi raddir á Íslandi, að Íslendingar ættu ríkan rétt til atvinnurekstrar á Grænlandi og yfirráða þar. Skáldið og hugsjónamaðurinn Einar Benediktsson ritaði fjölda þróttmikilla og rökfastra blaðagreina um rétt vorn á Grænlandi. Á síðustu árum hefur kunnur mennta- og fræðimaður, Jón Dúason, dr. phil., varið til þess drjúgum hluta af ævistarfi sínu að viða að heimildum, sem hann hefur notað sem efnivið í merkar bækur um þetta mál, þar sem réttur vor til Grænlands, þessarar fornu íslenzku nýlendu, er studdur sterkum rökum. Hefur Alþingi viðurkennt þetta merka starf Jóns Dúasonar með því að veita nú um nokkurt árabil fé úr ríkissjóði á fjárlögum til útgáfu þessara rita.

Í fornritum vorum og samtímaritum annarra Norðurlandaþjóða fyrirfinnst fjöldamargt, sem skýtur sterkum stoðum undir réttarkröfu vora til Grænlands.

Grænland liggur næst Íslandi allra Norðurálfulanda. Þá leikur það eigi á tveim tungum, að Grænland fannst og byggðist frá Íslandi af íslenzkum þegnum eingöngu. Íslenzk nýlenda stóð þar um 500 ár. Þótt torsótt væri löngum sigling milli Grænlands og Íslands í þann tíma, var óslitið viðskiptasamband milli landanna um langan aldur. Þingið í Görðum í Einarsfirði samsvaraði að sumu leyti vorþingum hér á landi, og á Grænlandi gengu íslenzk lög. Þessu til sönnunar eru ýmsir staðir í Grágás, þar sem ákvæði eru um þá menn, sem eru „hér í landi eða í órum löndum“. „Ef maðr verðr sekr á Grænlandi ok er hverr þeira manna sekr hér, er þar er sekr. En svá skal hér sækja um björg ens sekja manns, er út þar varð sekr fullri sekd, sem hann yrði hér sekr á várþingi, þar til sagt er til sekdar hans á alþingi“ o. s. frv.

Grænland hefur verið talin nýlenda Íslands að fornu og er almennt nefnt svo í ritum útlendum sem innlendum fram á síðustu tíma. Nú er það alkunnugt, að nýlendusamband getur verið með mismunandi hætti, og þótt það geti lauslegt talizt, getur það eigi að síður verið traust og haldgott. Má vísa til skilnings mestu nýlenduþjóðar heims, Englendinga, í þeim efnum.

Bókmenntir Íslendinga bera þess ljós vitni, hversu þeir töldu landið nákomið sér. Ari Þorgilsson hinn fróði ritar heilan kapítula um fund og bygging Grænlands í hið örstutta ágrip Íslandssögu, Íslendingabók, sem alls eru 10 kapítular. Eins telja Landnámabækur Íslands ágrip landnáma í Grænlandi. Íslendingar færðu og í letur sögu Eiríks rauða og aðra merka atburði í byggðum Grænlands á þeim tíma, rituðu fornsagnir um siglingaleið þangað, kirknaskrá, bæjatölu o. s. frv. Segja má að vísu, að í þessu felist ekki sönnun um stjórnskipulegt samband landanna, en það sýnir ótvírætt, hvað Íslendingar töldu sér landið nákomið og sögu þess hluta af sögu síns heimalands. Annálar segja, að Grænlendingar hafi gengið á hönd Hákoni gamla Noregskonungi 1261. Hafa sumir talið það vitni um fullveldi Grænlands, en þetta sannar ekkert um stjórnarlegt fullveldi þess. Goðorðin íslenzku komu sama konungi í hendur á ýmsum árum þessa tímabils, en á þeim árum er „gamli sáttmáli" var ger, hafðist hér við Ólafur Grænlendingabiskup (1262—64) og kom hingað utan af Grænlandi. Það verða engin rök fundin gegn því, að Grænland hafi verið nýlenda frá Íslandi á þessu tímabili.

Þeir atburðir, sem gerast í sögu Grænlands á næstu öldum, eru engan veginn þess eðlis, að þeir rýri eða geri að engu hinn forna rétt Íslands til þessarar nýlendu. Nýlendan týndist og eyddist fyrir samningsrof konunga, siglingabann þeirra til annarra manna og fullkomið skilningsleysi af sjálfra þeirra hálfu. Hver vill halda því fram, að þessar ráðstafanir konunganna hafi svipt Ísland fornum rétti sínum til Grænlands?

Eða mundi stjórn Dana á Grænlandi og allar aðgerðir þar á síðari tímum, lokun landsins, verzlunareinokun og aðrar hliðstæðar leifar frá einveldistímanum, sem alls staðar annars staðar á norðurhveli jarðar hafa fyrir löngu verið brotnar á bak aftur og kveðnar niður, hafa frekar en hið fyrrnefnda svipt Ísland rétti til þessarar fornu nýlendu sinnar? Ég hygg, að það beri hiklaust að svara þeirri spurningu neitandi.

Þessi stjórnartilhögun Dana á Grænlandi á enga stoð í siðgæðishugsjón menningarþjóða og kemur ekki heim við alþjóðarétt. Um það geta tæplega verið skiptar skoðanir.

Undir röklegan rétt Íslands til Grænlands hníga styrkar stoðir, bæði sögulega, réttarfarslega og landfræðilega. Því verður ekki í móti mælt. Það orkar ekki tvímælis, að það getur skipt miklu máli fyrir framtíð Íslendinga, að þeir fái viðurkenndan rétt sinn til Grænlands.

Enginn vafi er á því, að veiðiskapur er mikill við Grænland. Fiskveiðaþjóðum, sem leitað hafa á Grænlandsmið, ber saman um, að fiskgengd sé þar ærin og meiri á stundum en þeir hafa annars staðar kynnzt. Nýjustu rannsóknir fiskifræðinga í norðurhöfum hafa leitt í ljós með merkingu fiska og á annan hátt, að sami fiskstofninn sé við Grænlandsstrendur og strendur Íslands og að miklar og tíðar fiskgöngur séu á milli landanna. Enn fremur leiða fiskifræðingar rök að því, að aðalklakstöðvar þess nytjafisks, sem veiðist við strendur beggja landanna, séu við strendur Íslands. Fiskigrunnið við strendur Íslands er samkvæmt þessu uppeldisstöð og fóstra þess fiskstofns, sem gengur í þéttum torfum upp að Grænlandsströndum. Fiskiflota Íslands mundi bíða mikið verkefni á Grænlandsmiðum að sumarlagi.

Nokkuð leikur á tveim tungum um aðra landkosti á Grænlandi. Þó er það alkunnugt nú orðið, að þar eru málmar í jörðu og námugröftur þar nokkur rekinn. Kol eru þar á sumum stöðum. Landbúnaður var þar allmikill meðan Íslendingar byggðu landið. Útigangur var mikill og góður. Hefur þróazt þar ágætlega fé það,

sem þangað var flutt frá Íslandi fyrir nokkrum árum og lifað hefur að miklu leyti á útigangi. Þá er þar og loðdýraveiði mikil og gagnsamleg. Gnægð er þar sela og rostunga á ísnum við strendur landsins. Hreindýr og sauðnaut þrífast þar vel.

Á Grænlandi eru margháttuð framtíðarskilyrði fyrir hrausta og harðfenga menn.

Eins og fyrr greinir, má engan veginn slá því lengur á frest, að Íslendingar krefjist réttar síns á Grænlandi, hinni fornu nýlendu vorri, og láti þar til skarar skríða. Rétturinn er vor, hvort sem litið er á fornstöðu eða nýstöðu landsins í sambandi við ríkjandi réttarhugmyndir nútímans."

Nd. 111. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 frá 14. apríl 1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta var flutt af fjárhagsnefnd efri deildar eftir beiðni fjármálaráðherra og afgreitt frá deildinni ágreiningslaust. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. nóv. 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundskr. Skúli Guðmundsson.

Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson, með fyrirvara.

Nd. 112. Lög

um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla.

(Afgreidd frá Nd. 13. nóv.)

Samhljóða þskj. 4.

Ed. 113. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. málsliður 6. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvaranna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 30. ágúst 1947 og gildir eftir það, þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept., skal framleiðsluráð verðskrá kjöt af því fé með hliðsjón af gildandi verð-

lagi og framleiðslukostnaði, en þeim mun hærra sem nemur áætluðum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

3. gr.

Aftan við 34. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Komi ósk frá sölusamlögum eggjaframleiðenda eða grænmetisframleiðenda um, að framleiðsluráð hafi með höndum verðskráningu á framleiðsluvörum þeirra, getur landbúnaðarráðherra ákveðið það með reglugerð í samráði við framleiðsluráð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 114. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun.

Frá meiri hl. heilbr.- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum. Var frv. sent til fjárhagsráðs til umsagnar, en það virtist ekki hafa áhuga fyrir því að láta málið til sín taka, og barst nefndinni ekkert svar, þrátt fyrir eftirgrennslan.

Undirritaður meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, nema að niðurlag ákvæðis til bráðabirgða leiðréttist samkv. eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Í stað „til næstu þriggja ára“ kemur: til næstu tveggja ára.

Alþingi, 13. nóv. 1947.

Sig. E. Hlíðar, form.	Jóhann Hafstein, frsm.	Katrín Thoroddsen.

Sþ. 115. Breytingartillaga

við till. til þál. um fæðingardeildina í Reykjavík.

Frá Katrínu Thoroddsen.

Orðin „undir yfirstjórn forstöðumanns handlæknisdeildar landsspítalans“ falli niður.

Nd. 116. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt án sérstakra launa úr ríkissjóði að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum samkvæmt ákvörðun ráðherra

2. Við 2. gr. Á eftir gr. komi ný málsgrein, er hljóðar þannig:
   Fyrst um sinn, meðan skortur er á dýralæknum, svo að einhver af umdæmunum, er um ræðir í 2.—9. tölulið 1. gr., eru dýralæknislaus af þeim sökum, gegnir yfirdýralæknir Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi með embætti sínu án sérstakra launa úr ríkissjóði.
3. Við 13 gr. Greinin orðist þannig:
   Meðan svo er ástatt sem segir í síðustu málsgrein 1. gr., er sýslu- og bæjarfélögum í umdæminu heimilt að semja við menn þar búsetta, sem eigi eru dýralæknar að menntun, en reyndir að meiri hæfni en almennt er til að hjálpa búpeningi, að annast dýralæknisstörf eftir því sem kunnátta þeirra leyfir, önnur en þau, er um getur í 7. og 9. gr., til hjálpar búfjáreigendum í umdæminu, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til að fengnu áliti yfirdýralæknis. Bæjar- og sýslufélög njóta styrks úr ríkissjóði til að greiða mönnum þeim, sem þannig eru ráðnir, hæfileg laun fyrir störf sín. Styrkurinn greiðist án tillits til þess, hvort hlutaðeigandi aðilar leggja fram fé á móti eður eigi. Þó skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, aldrei nema hærri upphæð en ⅔ þeirra launa, sem héraðsdýralæknum eru greidd samkv. launalögum. Leita skal tillagna yfirdýralæknis um þessar styrkveitingar. Styrkur þessi fellur niður, þegar dýralæknir fæst í umdæmið.

Sþ. 117. Tillaga til þingsályktunar

um endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vélbátum.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Eysteinn Jónsson, Pétur Ottesen, Finnur Jónsson, Bernharð Stefánsson, Stefán Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélbátum þeim, sem fluttir hafa verið til landsins eftir styrjöldina.

Greinargerð.

Allmargir vélbátar hafa verið fluttir til landsins eftir styrjöldina. Aðflutningsgjöld af bátum eru talsvert tilfinnanleg, og nú er svo ástatt, að margir þeirra, sem flutt hafa bátana inn, eiga fullt í fangi með að standa undir stofnkostnaði.

Aðflutningsgjald af bátum er sennilega í öndverðu sett til þess að veita íslenzkum bátasmíðum nokkra vernd. Undanfarið hafa íslenzkar bátasmíðastöðvar alls ekki getað með nokkru móti tekið að sér smíði allra þeirra báta, sem keyptir hafa verið. Það virðist því óeðlilegt, að þeir, sem keypt hafa báta frá öðrum löndum, greiði sérskatt af bátum þessum.

Ef til vill er ekki búið að innheimta aðflutningsgjöld af öllum innfluttum bátum, og sé svo, þá er að sjálfsögðu ætlazt til þess, að fallið verði frá innheimtunni.

Ed. 118. Lög

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 17. nóv.)

Samhljóða þskj. 113 með þeirri leiðréttingu, að niðurlagsorð 3. gr. hljóða svo: ákveðið það með reglugerð í samráði við framleiðsluráð.

Nd. 119. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Flm.: Pétur Ottesen, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun á íslenzkum höfnum á landi eða í landhelgi varða sektum, 10 þús. til 20 þús. krónum.

Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslenzku fiskiskipi en lög þessi heimila, varðar það sektum frá 500—5000 krónum. Brot gegn 4. gr. laganna varða sektum 500—2500 krónum.

Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða sektum 1000 til 10000 krónum.

Að öðru leyti varða ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar, 10 þús. til 20 þús. króna sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri og afli, sem í skipinu er, svo og umbúðir, ef um síld er að ræða, sem söltuð er í tunnur. Sama gildir um verkaðan og óverkaðan afla í skipum, sem hafa aflavinnslu um borð, hvort sem um er að ræða eigin veiði eða veiði annarra skipa. Skal andvirðið renna í ríkissjóð.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Mál eftir lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni hefur verið flutt á tveim síðustu þingum, en ekki hlotið afgreiðslu. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Eins og frv. þetta ber með sér, er þar lagt til, að sektarákvæði laganna verði hækkuð allverulega frá því, sem nú er. Er hér svo stillt til, að hæstu sektir verði jafnháar og ákveðið er í lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. Má eigi skemmra ganga um sektarákvæðin, eins og nú er komið, en gert er í þessu frv. Væri án efa einnig ástæða til að breyta nú nokkuð sektarákvæðunum í lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og er það einnig til athugunar.

Gera má ráð fyrir, að mikill grúi erlendra veiðiskipa verði á fiskimiðunum hér við land á næstu árum, bæði við þorskveiðar og síldveiðar. Eigi þarf heldur að efa, að margir hinna erlendu fiskimanna muni hafa í frammi ágengni um veiðar í landhelgi. Höfum við í því efni dæmin fyrir okkur. Veitir okkur í þeirri viðureign ekki af að brynja okkur sem bezt má verða til varnar gegn því, að landhelgin verði fótaskinn þessara manna og annarra, er þar stofna til lögbrota. Einn þáttur í því er, að sektirnar séu það háar, að þeir, sem lögbrotin fremja, stefni einnig með þeim fjárhag þeirra, er þar eiga hlut að máli, í nokkra tvísýnu. Er slíkt aðhald í alla staði réttmætt og nauðsynlegt.“

Nd. 120. Lög

um breyting á lögum nr. 28 frá 14. apríl 1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

(Afgreidd frá Nd. 18. nóv.)

Samhljóða þskj. 80.

Nd. **121. Frumvarp til laga**

um dýralækna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera 9 á landinu, og skulu umdæmi þeirra vera sem hér segir:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi, nær yfir Reykjavík, Hafnarfjörð, Gullbringu- og Kjósarsýslu.
2. Borgarfjarðarumdæmi, nær yfir Borgarfjarðarsýslu og Akranes, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu að Skógarstrandarhreppi.
3. Dalasýsluumdæmi, nær yfir Skógarstrandarhrepp í Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu að Árneshreppi.
4. Ísafjarðarumdæmi, nær yfir Vestur-Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur báðar, Ísafjarðarkaupstað og Árneshrepp í Strandasýslu.
5. Varmahlíðarumdæmi, nær yfir Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók, Húnavatnssýslur og Siglufjörð.
6. Akureyrarumdæmi, nær yfir Ólafsfjörð, Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslur.
7. Austurlandsumdæmi, nær yfir Múlasýslur báðar, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
8. Rangárvallaumdæmi, nær yfir Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.
9. Selfossumdæmi, nær yfir Árnessýslu og Vestmannaeyjar.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðslæknum skylt án sérstakra launa úr ríkissjóði að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Auk dýralækna þeirra, sem taldir eru í 1. gr., skal vera einn yfirdýralæknir, og skal hann hafa búsetu í Reykjavík. Yfirdýralæknir skal vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum, er búpening varða, hafa eftirlit með störfum héraðsdýralækna, yfirumsjón með sóttvörnum gegn næmum búfjársjúkdómum og innflutningi búfjár og búfjárafurða. Einnig skal hann annast kjötskoðun í Reykjavík og Hafnarfirði og dýralækniseftirlit á þeim heimilum, sem selja ógerilsneydda mjólk til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Einnig skal ávallt starfa að minnsta kosti einn dýralæknir sem sérfræðingur við tilraunastöð háskólans í meinafræði á Keldum.

Fyrst um sinn, meðan skortur er á dýralæknum, svo að einhver af umdæmunum, er um ræðir í 2.—9. tölulið 1. gr., eru dýralæknislaus af þeim sökum, gegnir yfirdýralæknir Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi með embætti sínu án sérstakra launa úr ríkissjóði.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar dýralækna, sem taldir eru í 1. gr., svo og yfirdýralækni.

4. gr.

Dýralæknar skulu vinna að bættu heilsufari búpenings í landinu og aukinni arðsemi hans. Þeir skulu vera á verði gegn því, að þjóðfélagið bíði tjón af völdum búfjársjúkdóma, og gegn hættum þeim, sem samfara eru neyzlu fæðutegunda, er eiga rót sína að rekja til sjúkra dýra og stafað geta af spilltum búfjárafurðum.

5. gr.

Dýralæknar samkvæmt lögum þessum eru þeir einir, sem lokið hafa embættisprófi við viðurkenndan dýralæknaháskóla og fengið hafa lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

6. gr.

Komi upp næmur búfjársjúkdómur eða grunur um næman búfjársjúkdóm í umdæmi dýralæknis, skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og forða frá tjóni, er af honum getur stafað, og tilkynna það yfirdýralækni tafarlaust. Gerir yfirdýralæknir þá þær ráðstafanir, sem þurfa þykir, í samráði við hlutaðeigandi dýralækni.

Landbúnaðarráðherra skal að fengnum tillögum yfirdýralæknis setja reglugerð um næma búfjársjúkdóma og varnir gegn þeim og meðferð þeirra.

7. gr.

Læknisaðgerðir á dýrum, höldnum næmum sjúkdómum, skulu eingöngu framkvæmdar af dýralæknum eða í samráði við þá.

8. gr.

Dýralæknar skulu halda skýrslur um sjúkdóma og heilsufar búfjár, hver í sínu umdæmi. Skulu skýrslur þessar sendar yfirdýralækni fyrir 1. febrúar ár hvert. Úr skýrslum þessum skal yfirdýralæknir vinna heildaryfirlit um heilsufar búpenings um land allt samkvæmt nánari fyrirmælum landbúnaðarráðherra.

9. gr.

Dýralæknar annast kjötskoðun, hver í sínu umdæmi, eftir því sem aðstæður leyfa. Þar, sem dýralæknar ná eigi til, skulu héraðslæknar annast kjötskoðun samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er um það gilda, en í samráði og undir eftirliti hlutaðeigandi héraðsdýralæknis.

Héraðsdýralæknar safna skýrslum frá þeim, er kjötskoðun annast í umdæmum þeirra, og senda þær yfirdýralækni.

Yfirdýralæknir setur þeim, er kjötskoðun annast, reglur um framkvæmd kjötskoðunarinnar og hefur heilbrigðiseftirlit og aðalumsjón með öllum sláturhúsum landsins og frystihúsum, þar sem kjöt er geymt.

10. gr.

Héraðsdýralæknar skulu árlega annast eftirlit með nautgripum, heilbrigði þeirra, hirðingu, umgengni í fjósum og öðru því, er lýtur að mjólkurframleiðslu á þeim heimilum, sem framleiða sölumjólk. Skulu dýralæknar halda skýrslur um þetta eftirlit samkv. nánari fyrirmælum yfirdýralæknis. Skýrslur þessar skulu vera í 2 eintökum, og fær hlutaðeigandi mjólkurbú eða samsala annað eintakið, en yfirdýralæknir hitt. Skýrslurnar skulu sendar þessum aðilum eins fljótt og við verður komið. Yfirdýralæknir segir fyrir um skýrslugerð þessa og afgreiðslu þeirra.

11. gr.

Þar, sem ekki er sérstök lyfjabúð í næsta nágrenni dýralæknis, ber honum skylda til að hafa til sölu öll algengustu dýralyf samkvæmt nánari reglum, er yfirdýralæknir setur.

12. gr.

Héraðsdýralæknar og yfirdýralæknir skulu taka laun úr ríkissjóði. Yfirdýralæknir samkvæmt V. flokki launalaganna. Honum skal greiddur skrifstofu- og ferðakostnaður samkvæmt reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Héraðsdýralæknar taka laun samkvæmt X. flokki launalaganna. Auk þess skal þeim greitt fyrir störf og ferðir fyrir einstaka menn eða hið opinbera samkvæmt

gjaldskrá, er landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum Dýralæknafélags Íslands.

13. gr.

Meðan svo er ástatt sem segir í síðustu málsgrein 1. gr., er sýslu- og bæjarfélögum í umdæminu heimilt að semja við menn þar búsetta, sem eigi eru dýralæknar að menntun, en reyndir að meiri hæfni en almennt er til að hjálpa búpeningi, að annast dýralæknisstörf, eftir því sem kunnátta þeirra leyfir, önnur en þau, er um getur í 7. og 9. gr., til hjálpar búfjáreigendum í umdæminu, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til, að fengnu áliti yfirdýralæknis. Bæjar- og sýslufélög njóta styrks úr ríkissjóði til að greiða mönnum þeim, sem þannig eru ráðnir, hæfileg laun fyrir störf sínu. Styrkurinn greiðist án tillits til þess, hvort hlutaðeigandi aðilar leggja fram fé á móti eður eigi. Þó skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, aldrei nema hærri upphæð en ⅔ þeirra launa, sem héraðsdýralæknum eru greidd samkv. launalögum. Leita skal tillagna yfirdýralæknis um þessar styrkveitingar. Styrkur þessi fellur niður, þegar dýralæknir fæst í umdæmið.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 12. júní 1939, um dýralækna, lög nr. 4 27. jan. 1943, um breytingar á lögum nr. 24 12. júní 1939, og lög nr. 31 22. apríl 1947, um breytingu á lögum nr. 4 27. jan. 1943, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, er kynnu að koma í bága við lög þessi.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Sþ. 122. Tillaga til þingsályktunar

um síldarrannsóknir.

Flm.: Finnur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leigja fyrst um sinn í allt að þriggja mánaða tíma tvö vélskip, útbúin með dýptarmælum, til þess að fylgjast með síldargöngum hér við land, svo og til þeirra rannsókna í því sambandi, er fiskifræðingar kynnu að álíta nauðsynlegar. Kostnaður vegna þessa greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hefur komið mikil síldarganga hér í Faxaflóa bæði í vetur og fyrravetur. Síldin gengur í svo þéttum torfum, að skip, sem útbúin eru með sjálfritandi dýptarmælum, geta fylgzt með göngu hennar. Mörg skip stunda þessar veiðar, og er mjög mikils um vert að vita, svo sem unnt er, hvernig síldargöngu þessari er hagað, bæði hvaða leið hún kemur inn að landinu og hvert hún fer. Kunnugt er, að vetrarsíldin, sem gengur upp að Noregsströndum, er í þéttum torfum, svo sem þessi síld, og fylgjast fiskirannsóknarskip Norðmanna rækilega með göngu hennar og leiðbeina veiðiskipunum um það, hvar hana er að finna.

Flm. er ljóst, að fiskirannsóknum okkar hefur eigi verið nægur gaumur gefinn og að mikið þarf þar úr að bæta, bæði hvað snertir fjárframlög til þeirra og aðbúnað allan þeim til handa, er þær stunda, og þarf það mál mikilla úrbóta. Hins vegar má vera, að með samþykkt þessarar tillögu væri unnt að ráða hluta úr óleystri gátu og að landsmönnum gæti orðið sú ráðning til mikils fjárhagslegs gagns.

Nd. 123. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Núgildandi lög um vinnumiðlun mæla svo fyrir, að í sérhverjum kaupstað skuli vera vinnumiðlunarskrifstofa, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða atvinnumálaráðherra ákveða. Í stjórn skrifstofunnar skulu vera fimm menn. Tveir skulu kosnir af bæjarstjórn, einn af verklýðsfélagi eða fulltrúaráði verklýðsfélaga á staðnum, einn af félagi atvinnurekenda og einn tilnefndur af atvinnumálaráðherra, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Kostnaður vegna skrifstofunnar skal að ⅔ hlutum greiðast úr bæjarsjóði, en að ⅓ hluta úr ríkissjóði. Kostnaður af símtölum, símskeytum og póstsendingum greiðist þó allur úr ríkissjóði.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er sú breyting gerð á gildandi lagaákvæðum, að hlutaðeigandi bæjarstjórn skuli kjósa 3 menn af 5 í stjórnina, en atvinnumálaráðherra skuli engan mann tilnefna. Minni hl. n. getur ekki fallizt á, að ríkisvaldið sé svipt algerlega áhrifum á stjórn vinnumiðlunarskrifstofanna. Þær eru ekki bæjarstofnanir einvörðungu. Samkvæmt 2. gr. gildandi laga er hlutverk þeirra m. a. „að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjum og ríki til atvinnubóta, svo og annarri vinnu, er ríki, bæir og opinberar stofnanir fela skrifstofunni að úthluta“, og enn fremur „að halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og milli kaupstaða og sveita, eftir því sem við verður komið“. Með tilliti til þessa verður að teljast eðlilegt, að ríkisvaldið hafi einhver áhrif á stjórn þessara stofnana, og verða áhrif þess sízt talin of mikil, meðan það tilnefnir einn mann af fimm í stjórnina, ekki hvað sízt, þegar það greiðir meira en ⅓ af kostnaðinum við rekstur stofnunarinnar, en samkvæmt frv. er ætlazt til, að ríkisvaldið haldi áfram að taka þátt í kostnaðinum, þótt það eigi engan mann að tilnefna í stjórnina.

Af þessum sökum getur minni hl. n. ekki fallizt á, að breyting sú á gildandi löggjöf, sem felst í þessu frv., sé réttmæt. Hitt er svo annað mál, að ástæða virðist til endurskoðunar á vinnumiðlunarlöggjöfinni að ýmsu öðru leyti. Í 8. gr. laga þeirra um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, sem sett voru á síðasta Alþingi, segir svo:

„Fjárhagsráð skal beita sér fyrir samvinnu atvinnurekenda og verkamanna um bætta aðstöðu verkafólks á vinnustöðum, betri hagnýtingu vinnuafls og aukin vinnuafköst.

Fjárhagsráði er heimilt að leggja fyrir vinnumiðlunarskrifstofur landsins að láta fara fram skrásetningu verkafólks almennt eða í einstökum starfsgreinum á þeim tíma og eftir þeim reglum, er fjárhagsráð ákveður.“

Í fjárhagsráði hefur komið til athugunar að stofna til reglulegrar skráningar á vinnuafli þjóðarinnar, enda mun ráðinu reynast erfitt að annast þá áætlunargerð um þjóðarbúskapinn, sem það á að hafa með höndum, án miklu nánari vitneskju um vinnuaflið og ráðstöfun þess en nú er fyrir hendi. Mun fjárhagsráð hafa augastað á vinnumiðlunarskrifstofunum til þess að annast þessa skráningu, enda má segja, að fjárhagsráðslögin geri ráð fyrir því. Hér er þó um svo mikið verkefni að ræða, að breyta mun þurfa skipulagi vinnumiðlunarskrifstofanna, ef þær eiga að geta annað því, svo að vel sé. Að óbreyttri vinnumiðlunarlöggjöfinni mun vinnumiðlunarskrifstofurnar skorta heimild til að æskja þeirra skýrslna, sem nauðsynlegt yrði að afla og auk þess er starfssvið þeirra of þröngt, enda aðeins bundið við kaupstaðina.

Með tilliti til þess, að gildandi lög um fjárhagsráð gera ráð fyrir, að fela megi umræddum stofnunum, vinnumiðlunarskrifstofunum, verkefni, sem þær geta ekki tekizt á hendur að óbreyttum þeim lögum, sem um þær gilda, og þar eð vitað er,

að í fjárhagsráði er til athugunar að endurskoða þessa löggjöf í heild, teljum við ástæðulaust, að frv. þetta sé afgreitt á þessu stigi málsins, og leggjum því til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með tilliti til þess, að í fjárhagsráði hefur komið til athugunar að endurskoða gildandi lög um vinnumiðlun, og í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi að þeirri athugun lokinni fyrir Alþingi frv. til nýrra laga um þetta efni, sér deildin ekki ástæðu til þess að afgreiða þetta frv. og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. nóv. 1947.

Gylfi Þ. Gíslason, frsm. Helgi Jónasson.

Ed. 124. Frumvarp til laga

um landshöfn í Þórshöfn.

Flm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera á sinn kostnað hafnarmannvirki í Þórshöfn á Langanesi. Skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð.

Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra.

Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar o. fl., sem nauðsynlegt má teljast við byggingu og rekstur hafnarinnar.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 4 milljónum króna, er endurgreiðist að $^2/_3$ úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir af $^2/_3$ hlutum stofnkostnaðarins auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 3 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, sem fer með hafnarmál, og tveir meðstjórnendur, annar tilnefndur af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps, en hinn kosinn af sameinuðu Alþingi.

Stjórnarmeðlimir skulu vera búsettir á staðnum.

4. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi til landshafnarinnar svo víðáttumikið land sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót eða möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, áhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt

yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði hafnarinnar.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
   b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
   e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
   f. Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölul. 2. a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsár og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir beiðni hafnarnefndar í Þórshöfn og hreppsnefndar í Sauðaneshreppi flutti ég í Nd. haustið 1945 frv. um landshöfn í Þórshöfn, í aðalatriðum sama efnis og þetta. Var það fyrsta frumvarpið um landshöfn, sem flutt var á Alþingi, en með orðinu landshöfn er nú í seinni tíð átt við hafnarmannvirki, er ríkið lætur gera án framlags úr héraði og almenna þýðingu hafa fyrir útgerð landsmanna. Síðar á sama þingi (1945) kom fram frv. um landshöfn í Hornafirði og enn síðar frv., er milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum hafði samið um landshöfn í Njarðvíkum við Faxaflóa. Frumvarp það, er komið var frá milliþinganefndinni, varð að lögum, en hin landshafnafrumvörpin voru afgreidd þannig, að samþykkt var í Nd. dagskrártillaga frá sjávarútvegsnefnd deildarinnar, svo hljóðandi:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin geri ráðstafanir til, að fram fari á komandi sumri nauðsynlegar rannsóknir á byggingu landshafnar í Hornafirði, Snæfellsnesi, Þórshöfn og á öðrum þeim stöðum, þar sem nýbyggingarráð telur nauðsyn á bættum hafnarskilyrðum vegna fiskveiða, og að jafnframt verði gerðar tillögur um

byggingu og rekstur fiskvinnslustöðva og verbúða á þessum stöðum, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Tillaga þessi var samþykkt í apríl 1946, en Alþingi 1945 var sem kunnugt er að störfum langt fram yfir áramót 1946. Engin slík rannsókn fór þó fram í Þórshöfn sumarið 1946, eins og gert var ráð fyrir í tillögunni. Hins vegar er þess að geta, að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1946 var samþykkt í sameinuðu Alþingi, eftir tillögu meiri hluta fjárveitinganefndar, að veita ríkisstjórninni heimild til að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs húseignir og lóðir Jóns Björnssonar og Jóhanns Tryggvasonar í Þórshöfn, í því augnamiði að hafa þar verbúðir eða aðra fyrirgreiðslu vegna aðkomuútgerðar. Hafði þetta mál stuðning þáverandi ríkisstjórnar, enda notaði hún heimildina og keypti þessar eignir. En með ráðstöfun þessari hefur Alþingi og ríkisstjórn í raun og veru á það fallizt, að Þórshöfn geti haft landsþýðingu sem útgerðarstaður, og má líta á umrædd lóða- og húsakaup sem undirbúning að byggingu landshafnar. Að öðrum kosti voru þessi kaup ástæðulítil af hálfu ríkisins. Virðist nú mál til komið, að fullnaðarákvörðun verði tekin um hafnargerðina. Er og þetta frumv. flutt samkvæmt ítrekuðum áskorunum.

Allýtarleg rannsókn á skilyrðum til hafnargerðar á Þórshöfn hafði farið fram áður en hugmyndin um landshöfn kom til sögunnar. Til er nákvæm uppmæling af höfninni, er gerð var fyrir ca. 10 árum, enn fremur nýlegur uppdráttur og kostnaðaráætlun frá vitamálaskrifstofunni um hafnarmannvirki, sem við það eru miðuð, að þar verði komið upp öruggri höfn og hafskipabryggju. Var áætlað (fyrir 3—4 árum), að mannvirki þessi mundu kosta 3 milljónir og 250 þús. kr. Ýmsum athugunum er þó enn ólokið. Nú er á Þórshöfn bryggja, sem bátar og smáskip geta legið við, og vísir að brimbrjót, og var að þessu unnið samkvæmt almennum hafnarlögum rétt áður en verðbólgan skall á. Þessi mannvirki veita þó ekki ekki nægilegt öryggi, sízt á vetrum, og stór skip komast ekki að bryggjunni vegna grjótrima, sem er á milli bátalegunnar og stórskipalegunnar og talinn er mjög erfiður viðfangs. Hafskipabryggja sú, sem áætluð hefur verið, mundi verða byggð utan við rimann, framan við núverandi brimbrjót og jafnframt verða skjólgarður fyrir höfnina. En Þórshafnarhreppi (sem er hluti af Sauðaneshreppi hinum forna, með rúmlega 300 íbúa) er með öllu ofvaxið að standa fyrir slíku mannvirki með venjulegum styrk til hafnargerða.

Fiskimið við Langanes eru mörgum kunn, og hafa þó ekki verið notuð af landsmönnum eins og verða mundi, ef fullkomin hafnarmannvirki yrðu gerð í Þórshöfn, þar sem veiðiskip gætu notið öryggis allt árið. Smábátaútgerð sú, er þar hefur verið rekin af heimamönnum og aðkomumönnum, hefur aðallega verið bundin við sumarið, en oft fá þó litlir bátar góðan afla á haustin og síðari hluta vetrar, þegar tíð leyfir sjósókn. Allmikið hefur verið um botnvörpuveiði að haustlagi og fyrri hluta vetrar á þessum slóðum. Oft leita skip afdreps á Þistilfirði í vondum veðrum, og hreina undantekningu má það telja, að strandferðaskip eða önnur flutningaskip fari fram hjá Þórshöfn vegna veðurs. Væri höfnin örugg, gætu stórir vélbátar stundað þaðan haust- og vetrarveiði með góðum árangri. Mikil síldveiði er við Langanes á sumrum, eins og gleggst hefur komið í ljós nokkur undanfarin ár.

Enn skortir mikið á, að Þórshafnarbúar geti notað sér hin góðu fiskimið, og veldur því mest öryggisleysi hafnarinnar í veðrum og takmarkað rúm við bryggju. Ef úr þessu yrði bætt, mundi heimaútgerðin vafalaust taka skjótum framförum, stærri bátar koma í notkun og aðkomubátar leita þangað. Hafa og ýmsar raddir komið fram um nauðsyn viðleguhafnar á Norðausturlandi. Þess má geta, að nú er í ráði að koma upp nýju og fullkomnara hraðfrystihúsi í Þórshöfn, í stað þess, sem nú er.

Auk nálægðar við góð fiskimið hefur Þórshöfn það til síns ágætis, að ræktunarskilyrði eru þar betri en hjá flestum ef ekki öllum öðrum sjóþorpum hér á landi, en víðlendar landkostasveitir liggja að kauptúninu. Vatnsafl til virkjunar er fyrir hendi og hefur verið athugað. Eru því góð skilyrði til þess, bæði á sjó og landi, að

þarna geti risið fjölmenn og blómleg byggð, með álitlegum afkomumöguleikum, ef höfnin verður gerð örugg. Verður það að teljast hagkvæmt fyrir þjóðarheildina, að ríkisvaldið beini fjármagni til slíkra staða og stuðli þannig að því, að menn geti haft uppeldi sitt af nytjastörfum við framleiðslu, í stað þess að flytjast til Reykjavíkur í von um óvissa atvinnu, ef til vill miður nauðsynlega. Telja má víst, að slík framlög borgi sig beinlínis, auk þess sem þau ættu að hafa í för með sér óbeinan sparnað, er stundir líða.

Nd. 125. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 12 2. apríl 1946 (Raforkulög).

Flm.: Ingólfur Jónsson, Sigurður Bjarnason, Jón Pálmason, Pétur Ottesen, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson, Jörundur Brynjólfsson, Jónas Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Sigurður Guðnason, Áki Jakobsson, Jón Gíslason, Páll Þorsteinsson, Stefán Stefánsson, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

C-liður 33. gr. laganna orðist svo:
Framlag úr ríkissjóði að upphæð 2.5 millj. króna ár hvert.

2. gr.

Aftan við tölulið 2 í 35. gr. laganna bætist orðin: svo og til að veita gjaldfrest á framlögum héraða til héraðsrafmagnsveitna ríkisins, sbr. 26.—29. gr., þegar með þarf, þó aldrei yfir helming framlagsins og ekki til lengri tíma en 10 ára, og greiði héruðin 2% vexti á ári af skuldinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að árlegt framlag ríkissjóðs til raforkusjóðs verði hækkað úr 2 millj. króna í 2.5 millj. króna, í þeim tilgangi að gera kleift að veita rafmagnsnotendum til sveita greiðslufrest til nokkurra ára á hinum tiltölulega háu heimtaugagjöldum, sem þeim er gert að greiða samkvæmt raforkulögunum.

Samkvæmt þeim lögum er gert ráð fyrir, að héruðin sjálf leggi fram ¼ af styrk þeim, sem héraðsrafmagnsveitum ríkisins þarf að koma, til þess að þær geti síðan orðið fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki. Er ætlazt til, að framlagið verði innheimt hjá þeim, sem rafmagnið fá, með heimtaugagjöldum, en jafnframt komið til tals, að sýslufélögin tækju lán til þess að greiða tillagið til bráðabirgða, en innheimta það síðar hjá rafmagnsnotendum.

Nú mun það hafa reynzt þannig, að lán hafa ekki fengizt, þegar leitað hefur verið eftir þeim í þessu skyni, enda engin lánsstofnun í landinu, sem telur sig sérstaklega hafa skyldur að rækja í þessu efni. Verði engin breyting gerð frá því, sem nú er, verður að innheimta tillagið um leið og veita er byggð, samtals ¼ af styrkþörf veitunnar, eða að meðaltali 6000 krónur á hvern notanda. Er alveg víst, að mörgum veitist ómögulegt að greiða heimtaugagjaldið út að öllu leyti um leið og hann verður að kaupa öll áhöld og auk þess kosta innlagnir í öll hús. En þetta verður allt að gerast á sama tíma þar, sem rafmagn hefur ekki verið áður, og stofnkostnaður þannig býsna hár.

Til þess að bæta úr þessu er frv. þetta flutt, og er gert ráð fyrir samkvæmt frv., að héraðsrafmagnsveitum ríkisins verði heimilað að veita greiðslufrest á allt

að helmingi framlags héraða og þar með á helmingi heimtaugagjalds til allt að 10 ára. Nái frumvarp þetta fram að ganga, mun það gera mörgum mögulegt að taka rafmagn, sem ella hefðu orðið að sitja hjá kostnaðarins vegna, þótt rafmagnsveita kæmi í héraðið (og raunar geta ráðið því, hvort hægt er að ráðast í að leggja veituna eða ekki).

Þegar lög um raforkusjóð voru sett, var til þess ætlazt, að sjóðurinn yrði notaður að einhverju leyti til hagkvæmra lánveitinga fyrir þá, sem mikið fé verða að leggja fram, til þess að verða rafmagnsins aðnjótandi.

Ed. 126. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög og er sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 19. nóv. 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm. Eiríkur Einarsson.
Guðm. Í. Guðmundsson. Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 127. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Við 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist nýr töluliður:

Á Akranesi 5000 mála verksmiðju. Byggingu verksmiðjunnar skal, ef unnt er, lokið fyrir 1. okt. 1948.

Til framkvæmda þessara heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs að upphæð allt að 8 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síldveiðarnar í innanverðum Faxaflóa á þessu og síðastliðnu ári hafa komið róti á hugi manna. Er það ekki að undra, að slík uppgripaveiði uppi í landsteinum hefur orðið útgerðarmönnum og sjómönnum sterk hvöt og uppörvun til þess að koma bátaflotanum á veiðar. Hafa veiðar þessar, hvað aflafeng snertir, borið mjög glæsilegan árangur. En það, sem á skortir, að þessi dýrmæti veiðifengur geti orðið landsmönnum að þeim notum, sem efni standa til, eru erfiðleikar þeir, sem við er að stríða um hagnýtingu aflans hér við Faxaflóa. Hér vantar alveg síldarbræðsluverksmiðju. Eina úrlausnin í þessu efni hér er hagnýting á lýsis- og fiskimjölsverksmiðjunni á Akranesi til síldarvinnslu. Síldarbræðsla í þessari verksmiðju

hefur gengið ágæta vel, en afköst hennar eru svo lítil, að það nær skammt til þess að vinna úr hinu mikla aflamagni. Svo er það með þessa verksmiðju og aðrar slíkar verksmiðjur, sem nú er verið að reisa við Faxaflóa, að þær eru reistar fyrst og fremst til lýsisbræðslu og fiskimjölsvinnslu og eru bundnar við þá vinnslu frá áramótum og til vetrarvertíðarloka. Á því tímabili geta þær ekki sinnt síldarbræðslu, það samræmist ekki því höfuðviðfangsefni, sem þeim er ætlað að inna af hendi í sambandi við þorskveiðarnar. Svo bætist það hér við, að alla tækni skortir gersamlega við affermingu síldarinnar. Það ráðið, sem grípa hefur orðið til, til þess að gera allan síldarfenginn verðmætan, er að senda síldina til Siglufjarðar og bræða hana þar. Þetta er vandræðaráðstöfun, sem er bæði mjög kostnaðarsöm og hefur valdið miklum töfum við afgreiðslu veiðiskipanna. Hefur mikil veiði farið forgörðum af þessum sökum. Þetta ástand er því engan veginn við hlítandi. Eigi verður tölum talið það tjón, sem þjóðin hefur beðið við það þessi tvö veiðitímabil, að engin síldarbræðsluverksmiðja er við Faxaflóa.

Með þessu frv. er lagt til, að reist verði á Akranesi 5000 mála síldarverksmiðja með fullkomnum útbúnaði, þróm og fljótvirkum löndunartækjum.

Ráð er fyrir því gert, að kostað verði kapps um að hafa verksmiðjuna fullbúna fyrir næsta haust. Með tilliti til þeirra erfiðleika, sem nú eru á því að útvega vélar, má á það benda, að norður á Siglufirði eru nú geymdar nýjar og fullkomnar vélar til síldarbræðslu með öllu tilheyrandi, sem eru byggðar fyrir 5000 mála afköst á sólarhring. Eru vélar þessar eign Óskars Halldórssonar útgerðarmanns, og er engan veginn loku fyrir það skotið, að ríkisstjórnin gæti komizt að samkomulagi við Óskar um kaup á vélum þessum eða að samningar tækjust milli hans og ríkisstjórnarinnar um byggingu og rekstur verksmiðjunnar á þeim grundvelli, að hann legði til vélarnar. Væri það mikilsverður þáttur í skjótri lausn þessa nauðsynjamáls, að samningar gætu tekizt milli fyrrgreindra aðila um það, að vélar þessar fengjust í þessa fyrirhuguðu verksmiðju við Faxaflóa.

Ég hef valið verksmiðjunni stað á Akranesi. Sá staður liggur mjög vel við með tilliti til veiðisvæðanna í Faxaflóa. Þar er landrými nóg, hafnarbætur hafa verið þar miklar gerðar á undanförnum árum, og verður þó enn um bætt á næsta sumri. Afgreiðsluskilyrði eru þar því hin æskilegustu. Það verður því tæplega bent á annan stað hér við flóann, sem jafnódýrt og hagstætt sé að setjast að með fyrirtæki þessarar tegundar.

Það orkar ekki tvímælis, að hér er um mikið og aðkallandi nauðsynjamál að ræða, sem engan veginn má skella skollaeyrum við. Síldarafurðirnar eru verðmestu og eftirsóttustu verðmætin, sem Íslendingar framleiða nú og senda á erlendan markað. Það má því ekki henda okkur í þriðja sinn, þegar slíkur afli berst upp í hendurnar á okkur, að við séum þess varbúnir að nýta hann til þess ýtrasta.

Í frv. er ríkisstjórninni veitt heimild til þess að taka allt að 8 millj. kr. lán til þessara framkvæmda, og er sú fjárhæð miðuð við það, að ríkið standi eitt að byggingu verksmiðjunnar.

Nd. 128. Lög

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

(Afgreidd frá Nd. 20. nóv.)

Samhljóða þskj. 52.

Nd. 129. Frumvarp til laga

um bann gegn minkaeldi o. fl.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Frá 1. janúar 1948 skal minkaeldi með öllu bannað í landinu, og skal öllum aliminkum lógað fyrir þann tíma.

2. gr.

Frá sama tíma skal veita verðlaun úr ríkissjóði fyrir dráp villiminka, 50 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er.

3. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, svo sem um eftirlit með eyðingu aliminka samkv. 1. gr. og um það, hverra sannana beri að krefjast fyrir drápi villiminka, til þess að verðlaun megi veita. Í reglugerð skulu sett ákvæði um viðurlög fyrir brot gegn 1. gr., þar á meðal um upptöku dýrastofns og búra, og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu að aðalefni til var flutt á Alþingi 1943 af þm. Borgfirðinga, Pétri Ottesen, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta fékk ekki afgreiðslu á þingi því, sem nýlega var lokið. Með hverjum deginum, sem líður, kemur betur og betur í ljós, hver þörf er á því, að hér sé tekið í taumana. Því er frumvarp þetta flutt að nýju. Greinargerð sú, sem því fylgdi upphaflega, er á þessa lund:

Það eru allar horfur á, að það sé nú komið á daginn, sem spáð var af ýmsum, þegar leyfður var innflutningur til landsins á minkum, að af innflutningi þessara harðgerðu, grimmu og blóðþyrstu dýra gæti stafað mikil hætta, ekki einasta fyrir dýra- og fuglalífið í landinu, heldur gæti einnig svo farið, að með þessu tiltæki væri stefnt til eyðingar á lax- og silungsstofni í ám og vötnum. Hinn mikilsmetni og góðkunni náttúrufræðingur Guðmundur Bárðarson ritaði grein um þessar mundir í Náttúrufræðinginn, þar sem hann varar mjög við þessum innflutningi. Mér þykir ástæða til að taka upp í þessa greinargerð hluta af þessari ritgerð hins merka náttúrufræðings. Segir hann svo meðal annars:

„Nýlega hafa verið flutt hingað til Íslands lítil ránd**ý**r, sem nefna mætti **sundmerði** (eru þeir ættaðir frá Norður-Ameríku og kallast **mink**, Putorius vison). Skinn þeirra þykja verðmæt vara. En þeir eru gráðug og slungin ránd**ý**r og láta fá dýr í friði, sem þeir ná til og ráða við. Sækja þeir mjög eftir alifuglum og villifuglum og beita mikilli kænsku og eru auk þess sunddýr á við otur og veiða bæði laxa og silunga og spilla sums staðar veiði í ám og vötnum. Það mun vera svo til ætlazt, að sundmerðirnir verði aldir hér í búrum, og treysta sumir því, að þeir muni ekki sleppa. En verði sundmerðirnir víða aldir hér á landi, má ganga út frá því sem vísu, að einhverjir muni sleppa og gerast villtir. Það er engin leið að hafa svo öruggt eftirlit með vörzlum þeirra á mörgum uppeldisstöðum, að eigi geti út af borið. — Það er kunnugt, að refir hafa oft sloppið úr girðingum, þar á meðal silfurrefir, og hefur þó gæzla þeirra verið tryggð eftir föngum og missir þeirra verið eigendunum mikill skaði. Þó eru refirnir ekki eins ísmeygileg dýr og ekki eins góðir að klifra og sundmerðirnir.

Talið er, að sundmerðirnir gangi næst hreysiköttunum að grimmd, kænsku og áræði, og þeir eru mestu vágestir meðal alifugla. Þeir liggja í leynum í holum og fylgsnum, þar sem slíkra veiðifanga er von á bæjum, og verða menn þeirra oft ekki varir, fyrr en þeir hafa höggvið talsvert skarð í fuglahjörðina. Þeir ásækja og alls konar villifugla og hreiður þeirra og hafa það fram yfir refi, að þeir geta bæði synt og klifrað þangað, sem fuglar verpa. Ef þeir verða hér villtir og breiðast hér út, gæti æðarvarpinu stafað stórhætta af þeim, því að æðarfuglinn væri eigi lengur öruggur með hreiður sín í umflotnum eyjum og skerjum, sem honum hafa dugað gegn tófunum. Æðarungum mundi og stafa mikil hætta af þeim í fjörum, þar sem kollurnar leita á land til hvíldar með ungana. Sundmörðurinn gæti og elt ungana á sundi og kafað eftir þeim. Í sömu hættu væru og endur, sem halda til með unga sína á tjörnum og vötnum.

Einnig er hætt við, að unglömbum stafaði hætta af sundmörðunum, og mundi þá fjármönnum reynast miklu örðugra að verja unglömbin fyrir þeim en tófunum. Það er kunnugt um hreysikettina, náfrændur sundmarðanna, að þeir ráðast oft á miklu stærri dýr en þeir eru sjálfir, t. d. héra, og hafa þá aðferð að stökkva upp á hrygg þeirra, halda sér þar föstum, bíta á hálsæðarnar og drekka blóð þeirra, unz þau hníga í valinn á flóttanum. — Sumir trúa því, að sundmerðir geti eigi þrifizt hér á víðavangi, og því muni það hættulaust, þó að nokkrir sleppi úr búrum. — En sundmerðirnir eru snjallir í því að laga sig eftir þeim bjargræðisskilyrðum, sem völ er á. Þegar fátt er um veiðidýr á landi, leita þeir í fjörur og nærast á skelfiski, sem í fjörunum finnast, eða kafa eftir slíkri björg. Þeir lifa á rottum og músum og leita heim undir bæi, þegar hart er um æti, og sitja þá um alifugla.

Ég tel það mjög misráðið að leyfa að flytja hingað slík dýr sem þessi af marðarættinni. Væri hyggilegast að banna allan innflutning á sundmörðum, en hafa þann stofn, sem þegar er kominn hingað, í strangri gæzlu, þangað til hann verður upprættur, og þyrfti það að verða sem fyrst."

Þetta er óneitanlega athyglisverð aðvörun, og hefur reynslan þegar sýnt, að hún er á rökum reist.

Nú eru liðin tólf ár, síðan þessi innflutningur hófst, og allt virðist benda til, að víðast hvar, ef ekki alls staðar þar, sem tekið hefur verið upp minkaeldi, hafi meira og minna af minkum sloppið úr girðingum. Mest brögð að þessu hafa þó verið í Reykjavík og nágrenni, og er það ekkert óeðlilegt í sjálfu sér, því að um ¾ minkastofnsins mun vera á þessu svæði.

Árið 1939 var farið að kveða svo mikið að villiminkum í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, að þáverandi landbúnaðarráðherra fól loðdýraráðunaut að hefjast handa um eftirlit með minkabúrum og að gera gangskör að því, að hafin yrði herferð gegn villiminkafaraldrinum, og var heitið verðlaunum í því skyni. Árið eftir munu framkvæmdir í þá átt að herja á villiminkana hafa að mestu legið niðri, enda var loðdýraráðunautur, sem stóð fyrir þessum framkvæmdum, þá erlendis. Eftir heimkomu hans var aftur hafin herferð í þennan ófögnuð, sem mjög hafði þá færzt í aukana og framdi spellvirki á landi og í legi. Á síðastliðnum tveimur árum hafa verið drepnir um 70 villiminkar, flestir í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þar á meðal einn inni á Austurvelli. Á þessum slóðum er aðalaðsetur villiminkanna talið vera í Hafnarfjarðarhrauni og við Elliðaár og Elliðavatn. Er einkum talið, að mjög krökkt sé af þeim meðfram Elliðaánum. Er það eðli þessara rándýra að grafa sig niður í ár- og lækjarbakka, þar sem veiði er von. Geta þeir þá skotizt úr holum sínum, sem hafa margar útgöngudyr, hvort þeir heldur vilja í vatnið til fiskifanga þar eða á land upp, því að dýr þessi eru jafnvíg á það hvort tveggja að veiða fisk og drepa dýr og fugla. Þykjast veiðimenn, er laxveiðar stunda í Elliðaám, hafa orðið þess mjög varir, síðan vargur þessi tók sér bólfestu við árnar, að laxar, sem þeir veiða, séu oft rifnir mjög og illa leiknir, og það er álitið, að það sé af völdum minkanna. Má geta

nærri eftir þessari viðureign minkanna við fullorðna laxinn, að þeir þurfa ekki að taka nærri sér að svelgja í sig laxaseiðin, sem eru af þeirri stærð, áður en þau ganga til sjávar, að hvert þeirra er réttur kjaftbiti handa þeim. Eigi má heldur leggja af sér dauðan lax á landi við árnar, því að minkarnir eru þá óðara farnir að gæða sér á þeirri krás. — Einnig hefur orðið vart við minka við fleiri veiðiár á þessu svæði, eins og t. d. við Leirvogsá og Köldukvísl. — Af þeim 70 minkum, sem getið er um hér að framan, að drepnir hafi verið, voru 40 lagðir að velli á s.l. ári. Auk þess sem herjað hefur verið á minkana með skotum og grjótkasti, þá hefur og verið gripið til þess ráðs að eitra fyrir þá og auk þess komið fyrir vítisvélum við holur minkanna og híbýli. En það er mál manna, að þrátt fyrir allt þetta sjái tæplega högg á vatni. Er þegar búið að verja úr ríkissjóði 2500 kr. í þetta minkastríð.

Þá hefur orðið upp á síðkastið allmikið vart við villiminka uppi í Borgarfirði, einkum í Lundarreykjadal. Hafa villiminkarnir þar einkum tekið sér aðsetur við Reyðarvatn, sem er nokkuð fram af byggðinni, og er þar gnægð af silungi. Einnig hefur þeirra orðið vart meðfram Tunguá og Grímsá. Leikur mikill grunur á, að villiminkar hafi lagzt á unglömb á s.l. vori á bæ einum framarlega í dalnum, og styðja ummæli Guðm. Bárðarsonar það, að svo geti verið. Voru lömb þessi bitin á barkann og sogið úr þeim blóðið, en hræ þeirra lítt étin. Fé bænda af þessum slóðum heldur sig mikið meðfram ám þessum og í kringum Reyðarvatn, því að þar eru afréttarlönd góð.

Þá er og á því sterkur grunur, svo að nærri stappar vissu, að aligæsir hafi orðið villiminkum að bráð á bæ einum neðarlega í dalnum, á bakka Grímsár. Þarna á þessum slóðum hafa villiminkar hin beztu og ákjósanlegustu lífsskilyrði, — gnægð af fiski í ám og vötnum auk annars veiðiskapar á þurra landinu, og fylgsni eru þarna nóg. Er nánar frá þessu skýrt í bréfi, sem birtist nýlega í Morgunblaðinu, frá bónda í Borgarfirði.

Þá hefur og orðið vart við minka í Botnsdal við Hvalfjörð. Guðbrandur Ísberg, sýslumaður á Blönduósi, hefur skrifað ritstjóra Morgunblaðsins bréf, sem nýlega birtist í blaðinu ásamt bréfi frá honum til landbúnaðarnefnda Alþingis og landbúnaðarráðuneytisins, en þau fjalla öll um hættu þá, sem stafar af villiminkum. Er í bréfum þessum mjög sterklega varað við þessari yfirvofandi plágu og færð fyrir því mörg sterk og veikamikil rök, að bannað verði með öllu minkaeldi og gangskör að því gerð, að skorin verði upp herör til þess að útrýma þessum bitvargi láðs og lagar. Kemur það skýrt fram í þessum bréfum Guðbrands sýslumanns, að þessi plága hefur einnig heimsótt Norðurland og er þar í uppsiglingu.

Á skal að ósi stemma, og þótt segja megi, að því hafi helzt til seint verið gaumur gefinn, hver vá hér er fyrir dyrum, þá er samt betur seint séð en eigi.

Það er ekki lengur við það hlítandi, að þjóðin ali þann snák við brjóst sér, sem henni stafar slík hætta af. Meðan leyft er minkaeldi í landinu, eykst villiminkahjörðin endalaust, því að reynslan hefur staðfest það svo greinilega, að eigi verður um deilt, að það var rétt sem Guðm. Bárðarson hélt fram þegar í öndverðu, að minkum yrði eigi haldið í búrum og ganga mætti út frá því sem vísu, að einhverjir mundu sleppa.

Það er því óumflýjanlegt, eins og komið er, að banna allt minkaeldi. Sú fjölgun, sem stafar af viðkomu hinna villtu dýra, sem nú eru dreifð um landið, mun reynast nógu erfið við að fást og það svo, að þar sé ekki á bætandi. Talið er, að hvert dýr geti átt 1—10 unga í hvert skipti, en oftast 3—6.

Í þessu frv. er lagt til, að búið verði að lóga öllum aliminkum fyrir næstu áramót. Þetta tímatakmark er sett með það fyrir augum, að þá eru skinnin verðmest. Af þeirri ástæðu er lagt til, að þessi frestur verði gefinn.

Verðlaunaveitingar þær, sem um ræðir í frv., 50 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er, virðast eigi mega öllu minni vera, þegar á það er litið, hver höfuðnauðsyn það er, að

einskis sé látið ófreistað til þess að ráða niðurlögum þessa skemmdarvargs. Þá þykir rétt að láta ákvæði þessi koma til framkvæmda um leið og endi er bundinn á minkaeldið.

Gera má og ráð fyrir nokkrum kostnaði við eitrun og kaup á sprengjum, því að á hvoru tveggja þessu mun þurfa að halda, ef nokkur von á að vera um það, að þessi ófögnuður verði kveðinn niður. Að sjálfsögðu mun verða haldið í horfi með eyðingu minka á þessu ári undir yfirumsjón loðdýraráðunauts, eins og verið hefur, en sérstök ástæða er til þess, að þess sé vel gætt á tímabili því, sem líður frá því, að frv. þetta verður að lögum, og þangað til ákvæðum 1. gr. um bann gegn minkaeldi er fullnægt, að eigi verði veitt verðlaun fyrir dráp annarra minka en villiminka.

Sennilega hefur aldrei flutzt til landsins jafn hættulegur bitvargur og minkarnir eru. Tófunni er haslaður völlur á fjöllum uppi að mestu, þar leitar hún fullnægingar sinna þarfa, að vísu oft á kostnað búandans. Eigi drepur tófan heldur meira að jafnaði en kviðfylliþörf hennar og skylduliðsins krefst í hvert sinn. En minkurinn er ekki við eina fjölina felldur í þessu efni, fullnæging hans í því að seðja hungur sitt og drápsfýsi er ekki bundin við þau gæði ein, sem við landið eru tengd. Hann er, eins og fyrr segir, jafnvígur til fiskifangs sem fugla- og dýraveiða. Og þó að t. d. unglömbum og fuglum láðs og lagar sé af þessum völdum mikil hætta búin, þá er fiskstofninn í ám og vötnum ef til vill í enn meiri hættu stefnt með hingaðkomu þessara harðgerðu og slyngu veiðidýra.

Íslendingar eiga mikinn fjársjóð fólginn í ám og vötnum þessa lands. Lax- og silungsveiði er hvort tveggja í senn gagnsamleg og fjölda manna það viðfangsefnið, sem mesta ánægju og unað gefur. Eftirspurn útlendinga og áhugi fyrir laxveiðum hér á landi, eins og hann birtist í sívaxandi mæli síðustu árin fyrir stríðið, var augljós og órækur vottur þess, hve mikill gjaldeyrisöflunarmöguleiki er fólginn í því að leigja útlendingum laxveiðiárnar.

Það mundi því þykja skarð fyrir skildi, ef fiskstofninn í ám og vötnum yrði minkavarginum að bráð. Mættu það heita hatramleg syndagjöld.

Æðarvarpinu stafar að vísu nokkur hætta sums staðar af tófunni, en hvað er það hjá þeirri hættu, sem vofir yfir varpinu af völdum minkanna, sem eru bæði láðs og lagar dýr og mundu ekki víla fyrir sér að þreyta sund um víkur og voga út í eyjar og hólma, hvort heldur er yfir eða undir sjávarborði. Hið sama má segja um andavarpið, sem sums staðar er til mikilla nytja. Má í því sambandi benda á, hverjar búsifjar það mundu vera fyrir Mývetninga, ef minkar tækju sér bólfestu við Mývatn, en þar er mest andavarp á landi hér auk silungsveiðinnar.

Þá er minkurinn gæddur þeim hæfileika að geta klifrað stall af stalli um bjögg og kletta og sótt þangað egg og fugla.

Loks er minkurinn haldinn því grimmdareðli, að hann drepur allt, sem hann nær í og ræður við, án afláts og tillits til þarfarinnar, eingöngu af áskapaðri drápgirni og blóðþorsta.

Það má því öllum vera ljóst, hver þörf er á því, að hér séu reistar skorður við."

Sú vitneskja, sem fengin var 1943 um skaðsemi minkanna, hefur síðan komið enn berlegar í ljós og í enn stærri stíl. Útbreiðsla minkanna er nú orðin miklu meiri en þá var kunnugt um, og með hverju árinu, sem líður, breiðast þeir óðfluga út og halda áfram að valda sívaxandi tjóni.

Í sumum byggðarlögum eru þeir að gera alifuglarækt með öllu ógerlega. Sums staðar er þannig komið, að ekki er unnt að hafa fuglana úti. Og hvað áhrærir öryggi alifuglanna í girðingum eða húsum, hefur það komið í ljós, að vart reynist unnt að gera varnirnar svo úr garði, að minkurinn sigrist ekki á þeim, og má nefna ýmis dæmi um það.

Þá er það og ljóst, að fuglalíf úti í náttúrunni muni minkarnir á nokkrum árum algerlega eyðileggja. Þess eru dæmi, að þar sem villigæsir halda sig í stórhópum um varptímann, hefur minkurinn legið í varplandinu og drepið gæsirnar í stórum stíl.

Og fullvíst er það, að þegar minkurinn kemst í varplönd æðarfuglsins, þá mun hann á stuttum tíma eyðileggja æðarvarpið gersamlega, og eru nú fyrir hendi mörg dæmi þess.

Þá er og fullvíst, að unglömb hefur minkurinn drepið. Þó hefur ekki fæðuskortur þjakað villiminkinn enn sem komið er á þeim tíma árs, en samt eru dæmi um það, að hann hafi lagzt á unglömbin. Um skaðsemi hans fyrir lax og silung þarf ekki að fjölyrða. Það vita allir, sem þekkja til lifnaðarhátta þessa dýrs, hvert skaðræði það er fyrir þau hlunnindi. Það hefur nú þegar komið í ljós, að á fáum árum hefur minkurinn gereytt silungi og laxi í litlum bergám.

Af því, sem nú hefur verið drepið á, má ljóslega sjá, hvert stefnir, ef ekki verður hafizt handa um útrýmingu minksins úr landinu. Útrýming villiminksins eins nægir ekki. Minkaeldi verður að hætta. Það mun koma fyrir, að þeir sleppi úr búunum hér eftir eins og hingað til, ef minkaeldi verður leyft áfram.

Nú munu til alls á landinu rúm fimm þúsund minkar í búrum (5004). Sú rýrnun á verðmæti, sem yrði við þá ráðstöfun að banna minkaeldið, er hégóminn einber, borið saman við það gífurlega tjón, sem sjáanlegt er, að landsmenn bíða af völdum þessa dýrs, ef ekki verður nú þegar hafizt handa um gereyðingu þeirra hér á landi. Verður, hvað villiminkinn áhrærir, að gera enn skarpari ráðstafanir af hálfu þess opinbera til útrýmingar honum.

Nd. 130. Frumvarp til laga

um ráðstafanir gegn dýrtíðinni og til að tryggja rekstur útvegsins.

Flm.: Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson, Lúðvík Jósefsson.

I. KAFLI

Um ríkisábyrgð á fiskverði vegna bátaútvegsins.

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1948 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við slægðan þorsk og ýsu með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsunum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsk- og ýsuflökum nái kr. 1.33 fyrir lbs. fob., þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aurum á lbs. Skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarandi.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfisksútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullstaðinn stórfisk (þorsk) I. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera tilsvarandi.

4. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en um er rætt í 2. og 3. gr., enn fremur að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma honum á markað.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til um.

5. gr.

Auglýsa skal fyrir 1. janúar 1948 lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands ísl. útvegsmanna um verðlagninguna.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessa kafla, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarmönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt gildandi lágmarksverð, enda er greiðsla þess verðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum, sem felast í þessum kafla.

II. KAFLI

Um ráðstafanir til að lækka rekstrarkostnað útvegsins.

6. gr.

Vextir af stofnlánum til útvegsins vegna báta, skipa, fiskiðjuvera eða annarra fasteigna skulu frá og með 1. jan. 1948 eigi vera hærri en 2½% árlega. Heildarupphæð þeirra lána, sem vaxtalækkunin nær til, skal til hvers aðila vera tilsvarandi því, sem veitt hefði verið úr stofnlánadeild sjávarútvegsins. Frá sama tíma skulu vextir af rekstrarlánum til útgerðar og fyrirtækja, sem starfa í beinu sambandi við útgerðina, eigi vera hærri en 2½% árlega. Óheimilt er að segja upp lánum vegna þessara vaxtalækkana.

Jafnframt skal ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess, að lán, sem ákvæði 1. málsgr. ná til, verði föst lán, og lánstími 20—30 ár, miðað við ný skip og báta og nýjar verksmiðjur. Skulu lánsstofnanir skyldar að hlíta því, að lánum útgerðarinnar hjá þeim verði þannig breytt.

Um framkvæmd þessarar greinar skal nánar ákveðið í reglugerð, að fengnu áliti samtaka útvegsmanna.

7. gr.

Ríkisstjórnin skal hlutast til um, að fyrir 1. jan. 1948 verði settar nýjar verðlagsreglur um alla vinnu vélsmiðja, báta- og skipasmíðastöðva og annarra, sem kunna að hafa með höndum viðgerðar- og viðhaldsstörf í þjónustu útgerðarinnar. Skulu hinar nýju reglur miðaðar við, að eigi sé leyft að leggja prósentuálagningu á þessi verk. Verðlagsreglur samkvæmt þessari grein skulu settar að fengnum tillögum samtaka útvegsmanna. Samtökum útvegsmanna skal gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa, sem hafi sama rétt og fulltrúar verðlagseftirlits ríkisins til þess að fylgjast með framkvæmd verðlagsreglnanna.

8. gr.

Frá og með 1. janúar 1948 skulu vátryggingariðgjöld fiskiskipa lækka þannig, að iðgjald af nýjum bátum og skipum verði ekki hærra en 4% á ári. Sé um sérstaklega vandaða eða sterka báta og skip að ræða, skal iðgjaldið þó ekki vera hærra en 3% á ári.

Vátryggingariðgjöld eldri báta skulu lækka í samræmi við ákvæði 1. málsgr.

Nánari ákvæði um vátryggingariðgjöld skulu sett með reglugerð, að fengnum tillögum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal lækka verð á beitusíld, svo að það verði ekki hærra en kr. 1.25 hvert kíló á vetrarvertíðinni 1948.

10. gr.

Ríkisstjórnin skal láta útgerðum þeirra skipa, sem töpuðu á síldarútgerð sumarið 1947, í té vaxtalaus stuðningslán, og skal lánunum úthlutað samkvæmt þeim

reglum, er felast í l. nr. 104 20. des. 1945, um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945. Lánin skulu veitt til 5 ára. Heimilt skal ríkisstjórninni f. h. ríkissjóðs að taka lán í þessu skyni allt að 5 millj. króna.

11. gr.

Ríkisstjórnin skal endurgreiða ekki síðar en 15. des. 1947 þær 4 krónur af verði hvers síldarmáls, sem haldið var eftir samkv. 6. gr. laga nr. 97 frá 28. des. 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

12. gr.

Allar afborganir af lánum útvegsins, sem tryggð eru með veði í bátum, skipum, fiskiðjuverum og öðrum fasteignum og falla til greiðslu á árinu 1947, skulu falla niður, og framlengist lánstíminn um eitt ár, nema breytingar séu gerðar á lánstíma samkv. 6. gr. hér að framan.

III. KAFLI
Um sölu sjávarafurða.

13. gr.

Til þess að annast yfirstjórn allrar sölu sjávarafurða skal skipuð 5 manna nefnd, og taki hún m. a. við hlutverki þeirra nefnda, sem nú fara með þessi mál. Skulu tveir nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og einn án tilnefningar. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Nefndin skal leitast við að samræma störf þeirra stofnana og samtaka, sem annast útflutning sjávarafurða, og skal jafnan kveðja fulltrúa þeirra á fund sinn, þegar hún fjallar um sölu á afurðum þeirra.

Nefndin tekur fullnaðarákvörðun um sölu á sjávarafurðum. Þó getur hún ekki selt sjávarafurðir undir ábyrgðarverði nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.

Nefndin getur sent menn til útlanda til að kynna sér markaðshorfur og gera sölusamninga.

14. gr.

Ef nefndin telur ástæðu til, getur hún leyft einstaklingum eða sölusamtökum framleiðenda að selja vöru sína sjálfir og veitir útflutningsleyfi fyrir þeim vörum, enda samþykki hún verð og greiðsluskilmála.

IV. KAFLI
Innkaupastofnun þjóðarinnar.

15. gr.

Innkaupastofnun þjóðarinnar skal annast öll kaup og innflutning til landsins á vörum, öðrum en þeim, sem greinir í V. og VI. kafla. Stjórn Innkaupastofnunarinnar skal hafa samráð við ríkisstjórnina, ríkisstofnanir og við sölunefnd sjávarafurða um heildarstefnu sína í verzlunarmálum. Skulu innkaupin gerð með hliðsjón 1) af þeirri áætlun um útflutning og innflutning, sem stjórnarvöldin semja, 2) af gjaldeyrisöflun landsmanna á hverjum tíma og 3) af nauðsyn útflutningsatvinnuveganna fyrir markað.

16. gr.

Stjórn innkaupastofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum. Samband íslenzkra samvinnufélaga, Alþýðusamband Íslands og samband smásölukaupmanna, ef stofnað verður, skulu tilnefna einn mann hvert, en tvo skipar ríkisstjórnin án tilnefningar.

Nú tilnefnir einhver þessara aðila ekki fulltrúa af sinni hálfu, og skal þá ríkisstjórnin skipa mann í það sæti. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, einn eða fleiri, og komi samþykki ríkisstjórnarinnar til. Stjórn og framkvæmdastjórar ákveða í sameiningu verkaskiptingu og deildafyrirkomulag. Innkaupastofnunin hefur með höndum heildsölu á vörum þeim, sem hún flytur inn.

Við úthlutun vara skulu höfð eftirfarandi sjónarmið:

1. Meðan fleiri eða færri vörur eru háðar skömmtun til neytenda, skal þeim vörutegundum úthlutað til verzlana í samræmi við afhenta skömmtunarseðla þeirra til innkaupastofunarinnar. Viðskiptamanni skal heimilt, ef verzlun hefur eigi nægilega mikið af skömmtunarvörum til þess að fullnægja eftirspurn, að afhenda henni skömmtunarseðla sína og fela henni að annast útvegun vörunnar fyrir sig.
2. Við sölu á vörum til verksmiðja skal höfð hliðsjón af innflutningshlutdeild þeirra á undanförnum árum, svo og skiluðum skömmtunarseðlum, ef þær framleiða skömmtunarvörur.
3. Við sölu á byggingarefni skal Innkaupastofnunin sjálf setja reglur um úthlutunina í samráði við Samband byggingarfélaga.

17. gr.

Álagning Innkaupastofnunarinnar skal ákveðin með reglugerð. Verðlagsstjóri annast eftirlit með álagningu Innkaupastofnunarinnar.

18. gr.

Þær ríkiseinkasölur, sem nú eru starfandi samkv. sérstökum lögum, skulu falla undir Innkaupastofnunina.

19. gr.

Nú óskar Samband ísl. samvinnufélaga, samband annarra neytendafélaga eða samband smásölukaupmanna, ef hin síðartöldu verða stofnuð, að fá í sínar hendur innkaup á skömmtunarvörum og öðrum nauðsynjavörum almennings, eða innkaupasamband iðnrekenda, ef stofnað verður, að fá í sínar hendur innkaup á vörum til iðnaðar, og skal þá Innkaupastofnunin veita þessum samböndum leyfi til slíkra innkaupa með eftirtöldum skilyrðum:

1. Samböndin starfi á grundvelli þeirra áætlana um innflutning, sem eru í gildi á hverjum tíma.
2. Innflutningsleyfin séu veitt eftir reglum 16. gr. um vöruúthlutun.
3. Innkaupastofnunin hafi fulltrúa af sinni hálfu til meðstjórnar og eftirlits hjá hlutaðeigandi sambandi, til þess að tryggja sameiginlega heildarstefnu í innkaupunum.
4. Samböndin skulu standa öllum opin, sem að eðlilegum hætti geta gert kröfu til að vera meðlimir slíkra samtaka.
5. Sérhver meðlimur innan sambandsins skal hafa eitt atkvæði.
6. Samböndin hlíti að öðru leyti þeim fyrirmælum, sem sett verða með reglugerð um stjórn og fyrirkomulag á innkaupum sambandanna.

Innkaupastofnunin skal þó sjálf annast innkaup og heildsölu allra þeirra vörutegunda, þar sem álagning er ekki aðeins miðuð við kostnaðarverð, heldur og ætluð til tekjuöflunar ríkisins.

20. gr.

Tekjur af Innkaupastofnuninni, að frádregnum kostnaði og eðlilegum varasjóðstillögum, renna í ríkissjóð. Laun stjórnar og starfsmanna skulu ákveðin af ríkisstjórn, að fengnum tillögum stjórnar Innkaupastofnunarinnar. Ríkisstjórnin skipar 2 endurskoðendur, er annast daglega endurskoðun reikninga Innkaupastofnunarinnar.

V. KAFLI

Um verzlun með veiðarfæri og aðrar útgerðarvörur og um eftirlit með verðlagi þeirra.

21. gr.

Ríkisstjórnin getur veitt samtökum útvegsmanna einkarétt til þess að flytja inn og annast heildsölu á veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, enda hafi allir útvegsmenn rétt til þátttöku í samtökunum með jöfnum atkvæðisrétti.

Komi í ljós, að nauðsynlegt sé að taka leigu- eða eignarnámi veiðarfæraverksmiðjur til þess að hægt sé að tryggja útvegsmönnum veiðarfærin með kostnaðarverði, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum samtaka útvegsmanna, að gera slíkar ráðstafanir.

Nú óska samtök útvegsmanna ekki að hagnýta sér þá heimild, sem um getur í 1. málsgr., og er ríkisstjórninni þá heimilt að taka í sínar hendur innflutning og heildverzlun með útgerðarvörur svo og að taka upp framleiðslu veiðarfæra.

Veiðarfæri og útgerðarvörur, sem ríkið flytur inn eða framleiðir, skulu seld útgerðarmönnum á kostnaðarverði.

22. gr.

Samvinnufélög útgerðarmanna hafa forgangsrétt til þess að annast smásölu á útgerðarvörum.

23. gr.

Meðan ákvæði 21. gr. eru ekki framkvæmd skal stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna hafa rétt til að tilnefna tvo trúnaðarmenn, til eins árs í senn, til þess að gæta hagsmuna útvegsmanna við verðlagningu veiðarfæra og annarra útgerðarvara.

Verðlagning veiðarfæra og annarra útgerðarvara skal miðuð við það, að þau séu seld með kostnaðarverði.

VI. KAFLI

Um verzlun með olíu.

24. gr.

Til þess að tryggja það, að olía sé seld útgerðinni á kostnaðarverði og til þess að dreifingarkostnaður verði sem minnstur skal ríkisstjórnin hafa einkaleyfi til innflutnings á hvers konar olíum og benzíni og annast heildsölu þeirra. Þar, sem félög útvegsmanna eru starfandi, skal þeim falin dreifing olíunnar til útvegsmanna á félagssvæðinu.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi fyrir olíuverzlun ríkisins eða samtök útvegsmanna hvers konar tæki til dreifingar á olíum og benzíni, sem fyrir eru í landinu, eftir því sem þörf krefur.

Í stjórn olíuverzlunarinnar skulu vera 3 menn, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna og tveir skipaðir án tilnefningar.

VII. KAFLI

Um niðurfellingu tolla á ýmsum nauðsynjavörum.

25. gr.

Árið 1948 skal ekki innheimta tolla af eftirtöldum vörutegundum:

Tollskrá:

Flokkur:	Kafli:	Nr.:	Vörutegund:
II	8.	33.	Rúsínur.
—	—	34.	Sveskjur.

Flokkur:	Kafli:	Nr.:	Vörutegund:
—	9.	1.	Kaffi óbrennt.
—	—	2.	Kaffi br. eða brennt og malað.
—	—	3.	Te.
—	10.	1—7.	Korn ómalað.
—	11.	1—15.	Kornvörur til manneldis.
III	15.	3.	Hvalfeiti, hert og hert síldarlýsi.
—	15.	9—19.	Feiti og feitar olíur úr jurtaríkinu.
IV	17.	1—2.	Strásykur og höggvinn sykur.
—	21.	1.	Kaffibætir og kaffilíki alls konar.
—	23.	3—13.	Skepnufóður og úrgangsefni frá matvælaframleiðslu.
VI	28.	57—58.	Lyf.
XI	47.	13.	Vefnaður úr ull.
—	48.	5.	Tvinni.
—	—	16—18.	Ofnar vörur úr baðmull.
—	49.	6.	Tvinni.
—	—	21—30.	Ofnar vörur úr spunaefnum greinds kafla.
—	51.	7—8.	Prjónavoð, sokkar og leistar úr gervisilki og öðrum gervi-þráðum.
—	51.	13—30.	Prjónavörur úr ull og öðrum dýrahárum, baðmull, hör og öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu.
—	52.	1—13.	Fatnaður og aðrar vörur úr vefnaði.
XII.	54	3—10.	Skófatnaður.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Ríkisstjórnin skal láta þeim ríkisverzlunum, sem stofnaðar verða samkv. lögum þessum, í té nauðsynlegt stofnfé og heimilast henni að taka lán í því skyni, að upphæð allt að 15 millj. króna.

27. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerðum sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

28. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 200000 kr. — tvö hundruð þúsund krónum — nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Ólöglegar birgðir skal gera upptækar. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 11 frá 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum, lög nr. 72 frá 5. júní 1947, um innkaupastofnun ríkisins, svo og öll önnur lagafyrirmæli, sem koma í bága við þessi lög.

Við gildistöku laga þessara skal viðskiptanefnd afnumin, og skal stjórn Innkaupastofnunarinnar annast verkefni hennar önnur en verðlagseftirlit. Störf viðskiptanefndar vegna verðlagseftirlits falla til fjárhagsráðs.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um fátt hefur verið rætt og ritað meira hér á landi í seinni tíð en svokallaða dýrtíð og nauðsyn þess að vinna bug á henni. Núverandi ríkisstjórn hefur gert

það að aðalstarfi sínu að halda uppi þessum umræðum og það án þess, að hún hafi fram að þessu borið fram nokkra tillögu um lausn vandamálanna. Rauði þráðurinn í öllum umræðunum um dýrtíðarvandamálin frá hendi núverandi ríkisstjórnar hefur verið lækkun kaupgjalds og launa. Þessi áróður hefur allur beinzt að því að reyna að sannfæra almenning um það, að eina orsök dýrtíðar séu há laun og því sé lækkun á launum eina ráðstöfunin, sem þarf til að leysa vandamálin. Það þarf raunar tæpast að taka það fram, að þetta er fjarri öllum sanni. Sú hækkun launa og kaupgjalds, sem orðið hefur, stafar að langmestu leyti af þeirri dýrtíð, sem orðið hefur í landinu. Kaupgjald og laun yfirleitt voru að vísu óeðlilega lág fyrir stríð, sem stafaði af því stöðuga kreppu- og atvinnuleysisástandi, sem borgaraflokkunum tókst að koma hér á og viðhalda, og hefur verkalýðshreyfingin leiðrétt þetta þjóðarheildinni til mikils gagns. Langmestur hluti þeirra launahækkana, sem orðið hafa, stafar af því, að dýrtíð og verðlag í landinu hefur gert þær óhjákvæmilegar.

Orsakir dýrtíðarinnar eru vitanlega mjög margvíslegar, og sumar af þeim orsökum og ekki þær veigaminnstu stafa af atburðum, sem skeð hafa erlendis og ekki er á færi Íslendinga að hindra. Aðrar stafa beinlínis af ráðstöfunum íslenzkra stjórnarvalda og eru því alveg á valdi þjóðarinnar að fyrirbyggja. Þær orsakir felast í því hvorutveggja, að ísl. stjórnarvöld hafa gert ráðstafanir, sem hafa orðið til þess að stórauka dýrtíðina, eða ekki gert í tíma ráðstafanir til þess að hindra, að áhrif af viðburðum erlendis yllu óeðlilegri dýrtíð í landinu.

Frá sjónarmiði Sósíalistaflokksins var það ein höfuðorsök gjaldeyrisskorts, atvinnuleysis og þeirra vandamála, sem atvinnuvegirnir eiga nú við að stríða vegna dýrtíðarinnar, að höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, var ekki búinn þeim tækjum, hvorki hvað snerti fiskiskip og báta né heldur verksmiðjukosti í landi til þess að geta staðið undir þörfum þjóðfélagsins fyrir gjaldeyri og atvinnu. Ástandið í þessum efnum fyrir stríð var með slíkum ósköpum, að enginn hefur treyst sér til að mæla því bót. Fiskiflotinn var bæði lítill og auk þess voru flest skipin og bátarnir of gömul og mjög dýr í rekstri. Auk þess var verksmiðjukosturinn í landi allt of lítill. Síldarverksmiðjurnar höfðu ekki nærri undan að vinna síldina, ef nokkuð veiddist, hraðfrystihús voru svo fá og smá, að þau gátu ekki unnið úr nema örlitlum hluta af fiskaflanum. Þær stjórnir, sem hér sátu að völdum fyrir stríð, létu reka á reiðanum og andavaraleysi þeirra í sjávarútvegsmálum gekk meira að segja svo langt, að eftir að flestir saltfisksmarkaðir landsins höfðu lokazt, voru ekki gerðar neinar stórfelldar ráðstafanir til þess að koma upp hraðfrystihúsum eða öðrum fiskiðjuverum.

Ástæðan fyrir því, að hægt var þó að halda úti hinum gamla og úrelta fiskiflota, og það þó ekki hafi verið hægt að gera annað við aflann en að salta hann, umfram það lítilræði, sem fyrir stríð var hægt að flytja út af ísfiski, var sú, að í landinu voru að staðaldri þúsundir manna atvinnulausar og þeir, sem atvinnu höfðu, unnu fyrir svo lítið kaup, að á engan hátt var mannsæmandi. Það var með öðrum orðum örbirgð almennings, sem gerði það kleift að halda sjávarútveginum gangandi með hinum úreltu tækjum.

Eftir að stríðið byrjaði og atvinna varð nóg handa öllum við föst störf í landi, var augljóst, að miklir erfiðleikar yrðu á því að halda sjávarútveginum gangandi með hinum lélegu tækjum. Þetta kom ekki að verulegri sök á meðan markaður í Englandi fyrir ísfisk var ótakmarkaður og það fyrir hátt verð. En það hlaut að vera öllum ljóst, að hin mikla ísfisksala var styrjaldarfyrirbrigði, enda kom það á daginn. Þegar fór að líða á stríðið, varð sá markaður sífellt óstöðugri, og eftir að stríðinu lauk, kom það fljótt í ljós, að ekki var hægt að treysta honum.

Í sjávarútveginum íslenzka var um tvennt að velja, annars vegar að láta sér nægja þau ófullkomnu og úreltu tæki, sem notazt var við fyrir stríð, og til þess að hægt væri að reka þau með að hverfa til sama ástands í atvinnumálum og var fyrir

styrjöldina, stórlækka launin og tekjurnar og koma á atvinnuleysi, til þess að ætíð væri fyrir hendi stór hópur manna, sem einskis annars átti úrkosta en að taka vinnu á úreltu fiskiskipunum fyrir lágt kaup. Hins vegar að ráðast í stórfellda nýsköpun á sviði sjávarútvegsmála, afla nýrra og fullkominna togara og fiskibáta, byggja síldarverksmiðjur, hraðfrystihús, beinamjölsverksmiðjur og fleiri verksmiðjur til vinnslu fiskmetis og leggja áherzlu á að hagnýta sem fullkomnastar vélar í hvívetna. Á þessa leið benti Sósíalistaflokkurinn sem þá einu, er gæti leitt til þess að skapa fullkomið atvinnuöryggi í landinu, þannig að ekki þyrfti að koma til atvinnuleysis og allir gætu búið við mannsæmandi kjör. Sósíalistaflokkurinn hafði þegar fyrir stríð flutt tillögur um það á þingi, að ráðizt væri í stórfellda endurnýjun fiskiflotans, en þeim tillögum var illu heilli ekki sinnt.

Rökin fyrir því að fara leið Sósíalistaflokksins voru mjög sterk, einkum þegar það var athugað, að gjaldeyrisforði sá, sem þjóðin hafði safnað á stríðstímanum, gerði þjóðinni kleift að ráðast í þessar aðgerðir án þess að stofna til skulda erlendis.

Þó að leið nýsköpunarinnar hafi verið sú eðlilegasta og raunar ekki hægt að skáka gegn henni neinum frambærilegum rökum, var þó langt frá því, að hún hlyti viðurkenningu meiri hluta Alþingis bardagalaust.

Auðmenn Reykjavíkur töldu það öruggast hagsmunum sínum, að sem allra minnstar breytingar væru gerðar. Ný og góð fiskiskip og fullkomin fiskiðjuver hlutu að verða til þess að draga völd úr höndum þeirrar stéttar manna í Reykjavík, sem rakaði að sér óhóflegum gróða í skjóli þess, að þeir fengu til ráðstöfunar gjaldeyri þjóðarinnar sér að kostnaðarlausu og án þess að taka á nokkurn hátt þátt í þeirri áhættu, sem fylgdi því að framleiða hann. Ný og fullkomin atvinnutæki dreifð um landið hlutu að rýra völd og áhrif þessara gróðamanna og þá um leið rýra gróðamöguleika þeirra. Frá hendi þessara manna var rekinn magnaður áróður fyrir því, að ekki yrði ráðizt í öflun nýrra tækja eða byggðar verksmiðjur. Þeir höfðu um fyrirætlanir sínar falleg orð og sögðu, að áður en ráðizt væri í kaup á nýjum fiskiskipum og byggingu fiskiðjuvera yrði að tryggja fjárhagsgrundvöll atvinnulífsins.

Hið þröngsýna sjónarmið auðmanna Reykjavíkur var boðað af miklum krafti af ríkisstjórn Björns Þórðarsonar. Sú stjórn taldi það sitt hlutverk að reyna að sannfæra þjóðina um, að henni bæri að hafast ekkert að í nýsköpun atvinnulífsins á Íslandi fyrr en búið væri að stórlækka kaupið og skapa hér jafnvægi í atvinnulífinu, sem svo var kallað, það er, að komið væri nægilegt atvinnuleysi til þess að menn tækju með þökkum því, sem að þeim væri rétt, bæði hvað snerti laun, vinnuskilyrði og vinnuöryggi. Stjórn Björns Þórðarsonar sat að völdum í nærri tvö ár og fylgdi fram þessari stefnu, að ekki yrði ráðizt í neina nýsköpun atvinnuveganna.

Haustið 1944 var svo komið, að stefna Sósíalistaflokksins um nýsköpun á sviði ísl. sjávarútvegs til þess að skapa almenningi öryggi um næga atvinnu við góð lífskjör, með nýjum og fullkomnum fiskiskipum og bátum og fullkomnum fiskiðjuverum til þess að hægt væri að vinna til hlýtar úr aflanum, átti svo almennu fylgi að fagna með þjóðinni, að þingmenn borgaraflokkanna gátu ekki lengur skellt skollaeyrunum við henni.

Með samstarfi þriggja flokka, Sósíalistaflokksins, Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, var í okt. 1944 mynduð ríkisstjórn, sem gerði það að aðalatriði í stefnuskrá sinni að afla atvinnuvegunum nýrra og fullkominna tækja, og þá einkum sjávarútveginum, og verja til þess megninu af hinum erlendu innstæðum. Ekki er ástæða til þess að rekja hér störf og framkvæmdir þeirrar stjórnar, það hefur verið gert oft áður.

Þegar nýsköpunarstjórnin var mynduð, skarst einn flokkurinn, Framsókn, úr leik og vildi ekki eiga þátt í því átaki, sem gera átti á sviði atvinnumálanna. Framsóknarflokkurinn tók sér hlutverk ríkisstjórnar Björns Þórðarsonar og hamraði stöðugt á því, að ekki mætti ráðast í kaup nýrra framleiðslutækja, ekki kaupa ný

skip eða báta eða byggja verksmiðjur fyrr en búið væri að skapa öruggan fjárhagsgrundvöll fyrir atvinnulífið, þ. e. lækka kaupið og minnka atvinnuna. Þessum lestri fylgdi hjáróma söngur um ægilega kreppu, óhjákvæmilegt hrun og hvers konar voða, ef út í stórhuga framkvæmdir yrði lagt. Framsóknarflokkurinn gerði sjónarmið þröngsýnustu auðmanna Reykjavíkur að sínum og hafði allt á hornum sér, sem gert var til eflingar atvinnulífinu. Þessi söngur Framsóknarflokksins var eins og gefur að skilja hjáróma og fann ekki hljómgrunn með þjóðinni, enda kom það greinilega í ljós í síðustu kosningum, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar fylgdi nýsköpunarstefnunni.

Það var og vitað frá upphafi, að innan Sjálfstæðisflokksins var mikil andstaða gegn nýsköpunarstefnunni. Það voru áhrif hinna þröngsýnu peningamanna, sem vildu fyrir hvern mun hindra framkvæmd nýsköpunarinnar og koma á sams konar ástandi í atvinnu- og fjárhagsmálum eins og hér var fyrir stríð. Þessi öfl færðu sig mjög upp á skaftið og stefndu að því að koma nýsköpunarstjórninni frá. Nýsköpunin var eitur í þeirra beinum og þeim fannst þegar búið að gera allt of mikið. Nú hafa þessi afturhaldsöfl orðið ofan á í flokknum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur snúið við blaðinu. Áður starfaði hann að framkvæmd nýsköpunar í atvinnulífinu, þrátt fyrir hrunsöng afturhaldsseggjanna. Nú er öllu snúið öfugt. Bjarni Benediktsson, hæstv. utanríkismálarh., gengur fram fyrir skjöldu til þess að ófrægja fyrrverandi ríkisstjórn og sannfæra menn um, að hennar stefna í atvinnumálum hafi verið röng. Hrunsöngurinn, sem Framsókn var mikið til ein um í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, er nú orðinn sameiginleg trúarjátning stjórnarflokkanna þriggja. Hlutverk núverandi ríkisstjórnar er í samræmi við þennan söng og hagsmuni þeirra þröngsýnu auðmanna, sem að henni standa. Stjórnin virðist hafa þessi þrjú höfuðverkefni: 1) að stöðva nýsköpunina, 2) að stöðva atvinnuframkvæmdir yfirleitt og koma á atvinnuleysi, og 3) að lækka lífskjör almennings. Þetta telur stjórnin sig þurfa að gera til þess að koma hér aftur á því ástandi, sem var fyrir stríð, en það virðist vera óskadraumur hennar.

Ríkisstjórnin hefur farið mjög dult með, hvaða tillögur hún ætlar að bera fram, ef hún er þá búin að taka um það nokkrar ákvarðanir. Hin ýmsu vandamál bíða óleyst og Alþingi er starfslaust. Almennt var búizt við því, að ríkisstjórnin, sem tók við völdum í byrjun febrúar s. l. og sífellt hefur hamrað á því, að þjóðin væri komin á glötunarbarm og að ekkert gæti bjargað henni annað en djarfar og gagngerðar, en þó umfram allt skjótar dýrtíðarráðstafanir, skuli ekki hafa haft neinar tillögur að leggja fyrir Alþingi, er það kom saman 1. okt.

Með frv. því, er hér liggur fyrir, leggur Sósialistaflokkurinn fyrir Alþingi megintillögur sínar um lausn á vandamálum dýrtíðarinnar og atvinnuveganna. Sósialistaflokkurinn er þeirrar skoðunar, að í þeim vanda, sem að þjóðinni steðjar, sé fyrst og fremst tvenns að gæta. Í fyrsta lagi að tryggja það, að aðalatvinnuveginum, sjávarútveginum, verði gert kleift að starfa óhindrað og af fullum krafti að framleiðslustarfi sínu, til þess að tryggja þjóðinni sem mestan gjaldeyri. Í öðru lagi, að breytt verði því skipulagi, sem nú ríkir í verzlunarmálunum, til þess að unnt verði að gæta meiri sparnaðar á gjaldeyri en gert er nú, og til þess að öruggt sé, að gjaldeyrinum verði fyrst og fremst varið til þess að tryggja atvinnulífið í landinu, ásamt kaupum á lífsnauðsynjum. Um þetta tvennt hljóta allar raunhæfar tillögur til lausnar á vandamálunum að snúast, því að aðalerfiðleikarnir, sem þjóðin á við að stríða, koma einmitt fram í því, að gjaldeyrisframleiðslan er of lítil og ráðstöfun þess gjaldeyris, sem aflað hefur verið, er mjög ábótavant. Höfuðefni frv. eru því ráðstafanir til að auka framleiðslugetu sjávarútvegsins og til þess að tryggja betri hagnýtingu gjaldeyrisins. Ef þjóðinni tekst að auka gjaldeyrisframleiðsluna og tryggja betri ráðstöfun gjaldeyrisins, verða öll önnur vandamál miklu auðveldari viðfangs.

Óruggur rekstur bátaútvegsins er ekki aðeins hagsmunamál sjómanna og útvegsmanna, heldur óhjákvæmileg nauðsyn heildarinnar.

Eins og nú háttar rekstri bátaútvegsins, verður að gera róttækar aðgerðir honum til hagsbóta, ef tryggja á reksturinn og afkomu þeirra, sem við hann vinna.

Þær ráðstafanir, sem frv. þetta gerir ráð fyrir til stuðnings bátaútveginum, miðar jöfnum höndum að því að tryggja bátaútgerðinni sem hagstæðast verð fyrir framleiðsluna og hinu, að lækka rekstrarkostnaðinn eftir föngum, án þess þó að ráðast á lífskjör þeirra, sem við framleiðsluna vinna.

Þeir, sem kunnugir eru rekstrarafkomu bátaútvegsins, telja, að framkvæmd á tillögum frumvarpsins um lækkun á rekstrarkostnaði útvegsins mundi nema á meðalfiskibát yfir árið sem hér segir:

	Lækkun:
1. Vaxtagreiðslur	kr. 15000.00
2. Vátryggingar	— 10000.00
3. Veiðarfæraútgjöld	— 12000.00
4. Viðhaldskostnaður	— 8000.00
5. Beitukostnaður	— 5000.00
6. Olíukostnaður	— 5000.00
Samtals	kr. 55000.00

Á sumum bátum mundi lækkunin nema talsvert hærri upphæð, en á öðrum eitthvað lægri, því að aðstæður eru mjög misjafnar.

Slík lækkun á rekstrarútgjöldum mundi að sjálfsögðu gerbreyta afkomu bátaútvegsins. Rekstrinum væri snúið úr taprekstri eða lélegri afkomu í góða afkomu.

Með lækkun á kaupi verkafólks er ómögulegt að lækka rekstrarkostnað bátaútvegsins svo nokkru verulegu nemi. Það mun t. d. láta nærri, að fella yrði niður öll vinnulaun, önnur en aflahlut, í rekstrarútgjöldum meðalfiskibáts til þess að ná eins mikilli lækkun í útgjöldum og að framan er sagt. Þá er þess einnig að gæta, að vinnulaunakostnaðurinn hvílir að mestu leyti óbeint á bátaútveginum, þ. e. í veiðarfærakostnaði, viðhaldskostnaði, olíukostnaði o. s. frv., og er því óvíst, hvort lækkun verkalauna komi útgerðinni til góða nema að nokkrum hluta.

Þær ráðstafanir, sem lagt er til í frv., að gerðar verði til stuðnings útveginum, miða að beinni lækkun á rekstrarkostnaði, sem auðveldlega mætti koma fram án þess að skerða í nokkru afkomu þeirra, sem við útgerðina starfa.

Á þessu ári hefur orðið mjög mikil verðhækkun á nær öllum útflutningsvörum landsmanna, og munu þær færa þjóðinni mun meiri gjaldeyri en nokkru sinni fyrr. Nú fer fram afarmikil verðhækkun á öllum matvörum á heimsmarkaðinum, svo að víst má telja, að á næsta ári fái Íslendingar enn stórum meira verðmæti fyrir afurðir sínar, ef stjórnarvöldin vilja selja þær fyrir fáanlegt verð. Það er því enginn grundvöllur fyrir svartsýni og barlóm. Íslendingar geta horft fram á veginn með bjartsýni og stórhug. En til þess að tryggja sem bezt öryggi í atvinnulífi þjóðarinnar, er eigi að síður nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að halda vísitölunni stöðugri og láta hana ekki fara svo nokkru nemi yfir 300 stig, eins og nú standa sakir. Þetta er auðvelt að tryggja með aðgerðum þeim, sem í þessu frumvarpi felast. Með tollalækkuninni er hægt að lækka vísitöluna um rúm 20 stig, og er ekki óvarlega áætlað, að með hinni nýju skipun verzlunarmálanna mætti enn lækka hana um annað eins. Þessi verðlækkun á erlendu vísitöluvörunum mundi svo hafa í för með sér enn frekari lækkun vísitölunnar vegna verðlækkunar á innlendum framleiðsluvörum, sem af henni leiðir. Mætti vafalaust áður en lýkur ná því marki að lækka þannig vísitöluna um alls 50—60 stig. Er þá hægt að gera hvort tveggja í senn, að láta vísitöluna lækka og minnka niðurgreiðslurnar, og má þannig hafa það í hendi sér að halda vísitölunni stöðugri á því marki, sem heppilegast þykir. Með þessum ráðstöfunum er með öðrum orðum algerlega hægt að ná valdi yfir dýrtíðinni.

Ef þetta frv. næði fram að ganga, er rétt og nauðsynlegt að gera fleiri ráðstaf-

anir, sem Sósialistaflokkurinn hefur gert tillögur um, svo sem um endurskoðun á grundvelli landbúnaðarvísitölunnar, um ráðstafanir til að lækka húsaleigu í nýjum húsum, um fjáröflun, m. a. til að mæta því, sem ríkissjóður missir í vegna afnáms tolla o. s. frv. Munu þessar tillögur verða fluttar í frumvarpsformi, þegar séð verður, hvort Alþingi vill hverfa að þeim leiðum, sem bent er á í frumv. þessu.

Samþykktir 6. flokksþings Sósialistaflokksins um lausn á vandamálum dýrtíðarinnar og ráðstafanir til að tryggja rekstur atvinnuveganna eru prentaðar sem fylgiskjal með frv. þessu.

Hér fara á eftir athugasemdir og skýringar við einstakar greinar.

Um I. kafla.

Hér eru ákvæði um fiskábyrgð fyrir bátaútveginn árið 1948. Þessi kafli er í meginatriðum samhljóða lögum nr. 97 frá 28. des. 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl. Gert er ráð fyrir sömu ábyrgðarupphæð og í fyrra, þ. e. 65 au. fyrir kg af þorski og ýsu, slægðum með haus, og kr. 1.33 fyrir pund af hraðfrystum flökum og kr. 2.25 fyrir kg af saltfiski. Er hér gengið út frá því, að þær aðrar ráðstafanir, sem frv. felur í sér, nái fram að ganga og muni þá útvegurinn betur settur með þetta verð nú en hann var í fyrra. Verði þessar ráðstafanir ekki gerðar, er óhjákvæmilegt, að fiskverðið hækki.

Á það skal bent, að öll þau sömu rök, sem lágu að því að veita fiskábyrgð á þessu ári, eru fyrir hendi nú. Rökin, sem mæla með ríkisábyrgð á fiskverði, eru í stuttu máli þessi:

1. Enn er ósamið um afurðir næsta ár og því óvissa um söluverðið á erlendum markaði.

2. Ekki er að búast við því, að hægt verði að fá menn á bátana nema þeir viti um fiskverðið fyrirfram og hafi tryggingu fyrir því, að hluturinn verði greiddur þeim nokkurn veginn jafnóðum.

3. Útvegurinn er svo illa staddur fjárhagslega, að hann þarf á miklu lánsfé að halda til rekstrar, sem ekki eru líkur til, að fáist nema vissa sé um verðið.

Ákvæði 6. gr. fiskábyrgðarlaganna um, að ríkisstjórninni væri heimilt að taka af síldarútveginum það fé, sem hún kynni að þurfa að greiða vegna fiskábyrgðarinnar, er að sjálfsögðu fellt niður hér. Þetta ákvæði var í fyllsta máta óréttlátt, þar sem síldarútgerðin var þegar í fyrra búin að verða fyrir stóráföllum bæði árin 1945 og 1946. Nú hefur þriðja síldarleysisárið bætzt við, svo að búast má við, að jafnvel ýmsir þeirra, sem greiddu atkvæði með þeim álögum á síldarútveginn í fyrra, treysti sér ekki til þess nú.

Um II. kafla.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að vextir útvegsins verði lækkaðir í 2½% p. a. Útlánsvextir stofnlánadeildarinnar eru 2½%, en svo sem kunnugt er, hafa sárafáir orðið aðnjótandi þeirra lána aðrir en þeir, sem hafa látið smíða sér skip erlendis og því getað fengið hin svokölluðu A-lán. Með lögunum um stofnlánadeild sjávarútvegsins hefur löggjafinn viðurkennt réttmæti þess að vextir útgerðarinnar séu 2½%. Það er því full ástæða til þess, að útgerðin almennt verði látin njóta þessara vaxtakjara, enda full nauðsyn að lækka útgjöld hennar. Það er engin ástæða til þess að gera nokkurn mun á því, hvort bátur er nýr eða gamall, og því síður hvort hann er smíðaður innanlands eða utan. Ef um eldri báta er að ræða, mundi verða lánað minna út á þá, en ekki höfð verri vaxtakjör. Sama má segja um fiskvinnslustöðvar. Engin ástæða er til, að vextir séu hærri á hinum eldri.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir, að vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og verksmiðja, sem vinna úr aflanum, lækki líka í 2½% p. a., þannig að sú vaxtaupphæð verði almennt gildandi fyrir sjávarútveginn.

Þá eru í 3. mgr. ákvæði, sem fela ríkisstjórninni og veita henni vald til þess að framkvæma lánabreytingar, sem tryggja öllum fiskiskipum og verksmiðjum, sem vinna úr fiskinum, 20—30 ára lán, miðað við ný skip og verksmiðjur. Þetta er mjög aðkallandi, því að ein höfuðorsök erfiðleikanna hjá stórum hluta útvegsins stafar af því, að hann hefur ekki getað fengið lán til nægilega langs tíma, heldur hefur lánin í víxlum, sem alltaf hanga eins og fallöxi yfir honum.

Um 7. gr.

Hér eru ákvæði, sem tryggja útveginum lækkun á viðgerðarkostnaði. Viðgerðarkostnaður er gífurlegur og veldur hverju útgerðarfyrirtæki stórfellum útgjöldum. Hér er verðlagsyfirvöldunum upp á lagt að afnema hina svokölluðu prósentuálagningu, sem er í alla staði mjög óeðlileg, og setja önnur fyrirmæli þar um, að fengnum tillögum samtaka útvegsmanna.

Um 8. gr.

Vátrygging hinna nýju fiskibáta og skipa er gífurlegur útgjaldapóstur. Vátryggingariðgjaldið hefur verið allt að 8% á ári. Af bát, sem er vátryggður fyrir 600 þús. kr., er hér um að ræða 48 þús. kr. útgjöld á ári, og sér hver maður, að þetta getur ekki gengið. Sum af vátryggingarfélögunum hafa lækkað nokkuð tryggingariðgjaldið úr 8%, og lengst mun tryggingarfélag vélbáta í Reykjavík hafa gengið. Nýju togararnir eru tryggðir yfirleitt fyrir 3% á ári. Ýmis hinna smærri fiskiskipa eru þannig, að engin ástæða er til að heimta af þeim hærra iðgjald en togurunum. Það er nú orðið bráðnauðsynlegt, að tryggingariðgjöld bátaflotans séu lækkuð, og því er í greininni gert ráð fyrir, að séð verði um, að lækkunin komi til framkvæmda frá næstu áramótum.

Um 9. gr.

Eftir að síld fór að veiðast mikið í Faxaflóa, hefur verð á henni til frystingar lækkað svo mikið, að fullir möguleikar eru á að lækka hana að minnsta kosti í kr. 1.25. Gengið er út frá því, að ríkisstjórnin láti rannsaka þetta atriði ýtarlega og lækka verðið svo sem unnt er. Beitukostnaður er mjög stór liður í útgerðarkostnaðinum, eða allt að 50 þús. kr. á 50—60 tonna bát.

Um 10. gr.

Eftir þriðja síldarleysisárið er óhjákvæmilegt að veita síldarútveginum einhverja aðstoð. Það hefur þegar valdið þjóðinni miklu tjóni, að stór hluti bátaflotans hefur ekki getað hreyft sig vegna þeirra tapa, sem hann varð fyrir á síldarvertíðinni, og við svo búið má ekki lengur standa. Ástæðurnar fyrir aðstoð eru miklu meiri nú en var 1945, og því óverjandi að láta útgerðinni ekki þessa aðstoð í té.

Um 11. gr.

Samkvæmt 6. gr. fiskábyrgðarlaganna (þ. e. síldarkúfnum) lét ríkisstjórnin taka kr. 4.00 af verði hvers síldarmáls á s. l. síldarvertíð. Hér er lagt til, einkum vegna þess, hvernig vertíðin fór, að síldareigendum verði endurgreiddar þessar 4 krónur. Samtals mun hér vera um nokkuð á fjórðu milljón króna að ræða.

Um 12. gr.

Þetta ákvæði mundi létta undir með útgerðinni mjög mikið. Eftirgjöf á greiðslu afborgana þetta ár er mjög eðlileg ráðstöfun, sem kemur útveginum að miklu haldi, en veldur ekki útgjöldum.

Um III. kafla.

Hér er lagt til, að mynduð verði ein allsherjarstjórn yfir útflutningsverzlun með sjávarafurðir, þar sem útvegsmönnum og sjómönnum eru tryggð úrslitayfir-

ráð. Það er mjög nauðsynlegt, að sala íslenzkra afurða erlendis og markaðsöflunin yfirleitt sé ekki dregin inn í pólitískar deilur og að um þau mál geti ríkt friður og eindrægni. Bezta trygging þess er sú, að fela afurðasöluna útvegsmönnum og sjómönnum, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við sölu afurðanna. Ef þessum aðilum er falin salan, þá er tryggt, að einskis verður látið ófreistað til þess að selja vörurnar fyrir sem hæst verð, og þá ætti enn fremur að vera hægt að komast hjá því, að pólitískir fordómar verði látnir standa í vegi fyrir því, að aflað verði nýrra markaða. Núverandi ríkisstjórn leggur á það höfuðáherzlu að beina útflutningnum sem mest til þeirra landa, sem henni falla bezt í geð, og hefur þá minna hirt um það að fá gott verð fyrir vöruna. Við svo búið má ekki standa, og þá er sú lausn að fela útvegsmönnum og sjómönnum forustu þessara mála eðlilegust, enda ætti að geta orðið eining um þá lausn.

Um IV. kafla.

Tilgangurinn með því að setja upp Innkaupastofnun þjóðarinnar er þrenns konar:

1) Lækka vöruverðið með því að gera innkaupin til landsins og heildsöluna á vörunum ódýrari. Þjóðfélagið losnar við þau miklu útgjöld, sem það er fyrir þjóðarbúið að hafa yfir 200 heildsala starfandi að innkaupunum. Enn fremur tryggir þjóðin sér, að reynt sé að kaupa sem ódýrast inn, þar sem heildsalarnir hins vegar hafa beinlínis haft hag af að kaupa dýrt, sökum þess að þeir hafa fengið að leggja því meira á vöruna, því dýrari sem hún var. Þá skapar það og þjóðinni möguleika til ódýrari innkaupa að kaupa inn í einu lagi ýmsar nauðsynjar sínar, í stað þess að láta mörg hundruð verzlanir keppast um að kaupa á erlendum markaði og beinlínis hækka vöruna með margfaldaðri eftirspurn sinni.

2) Beina viðskiptum vorum til þeirra þjóða, sem kaupa af oss. Reynslan hefur sýnt, að erfitt er, að geta svo að segja notað kaupgetu þjóðarinnar til þess að tryggja henni markað, með því að láta eins marga annast innkaupin og nú er. Ef þjóðin á að geta notið hamkvæmra viðskipta við þær þjóðir, sem hún selur mest til, þarf hún helzt að geta samið um kaup á nauðsynjum sínum um leið og hún selur útflutningsafurðirnar. Og slíkt er erfitt, nema innkaupin séu sem mest á einni hendi og gerð samkv. fyrirfram útreiknuðum þörfum þjóðarinnar.

3) Beina fjármagninu og þar með í vaxandi mæli vinnuafli og atorku þjóðarinnar að framleiðsluatvinnugreinunum. Hingað til hefur verzlunin alltaf verið ábatasamasti atvinnuvegur landsmanna, ef litið er á það frá sjónarmiði einstaklingsins. Hins vegar blandast engum hugur um, að framleiðsluatvinnuvegirnir, sjávarútvegur, iðnaður og landbúnaður, eru þeir atvinnuvegir, sem beina verður atorku þjóðarinnar að. Slíkt mun hins vegar ekki takast, meðan gróðamöguleikar eru mestir í verzluninni og lokka til sín fjármagn og framagjarna menn. Þess vegna verður að afnema gróðamöguleikana í innflutningsverzluninni. Og það yrði samkv. þessu frv. gert með því að taka innflutningsverzlunina í hendur þjóðarinnar sjálfrar, þ.e.a.s. ýmist ríkisins eða þeirra samtaka með þjóðinni, sem ynnu í hennar þágu með því að útvega þeim, sem af þeim kaupa (kaupfélögum, kaupmönnum, iðnrekendum o. s. frv.) vöruna sem ódýrast, en væru alls ekki rekin út frá því sjónarmiði að taka milliliðagróða sjálf.

Það er auðséð, að öll milliríkjaverzlun færist meir og meir í það horf að vera samningum háð milli tveggja ríkja í hvert sinn. Það væri þjóðinni stórhættulegt að láta óskadrauma um annað fyrirkomulag, „frjálsa“, almenna heimsmarkaðsverzlun, villa sér sýn. Sjálfsblekkingar í þá átt hafa þegar valdið þjóðinni stórtjóni og munu bæði spilla fyrir henni markaðsmöguleikum og torvelda henni öflun nauðsynlegra tækja, ef ekki verður horfið að því ráði að skipuleggja jafnt útflutning sem innflutning með þjóðarhag fyrir augum. Þess vegna er það fyrirkomulag, sem hér er lagt til að taka upp: Innkaupastofnun þjóðarinnar, er annast innflutningsverzlun landsmanna, óhjákvæmileg nauðsyn, ef þjóðinni á að verða fært í senn að tryggja sér

markaði með vöruskiptasamningum og tryggja sér sem hagkvæmast þær vörur, er hún þarf að afla sér.

Það skal tekið fram, að með þeirri sameiningu á innkaupum þjóðarinnar, sem farið er fram á í þessum kafla, er síður en svo átt við að draga meira vald en nú er saman á einn stað, í Reykjavík. Einmitt þau samtök, sem samkvæmt þessum lögum fengju áhrifavald á verzlunartilhögunina, mundu tryggja það, að sem mest af innflutningnum til staðanna utan Reykjavíkur færi þangað beint, og skipulag Innkaupastofnunarinnar og innkaupasamtakanna, samkvæmt reglugerð ríkisstjórnarinnar, yrði að miðast við að fullnægja miklu betur en hingað til þörfum landsmanna almennt. Sósíalistaflokkurinn hefur áður borið fram tillögur á Alþingi (brtt. við frv. um fjárhagsráð) um að tryggja rétt hinna ýmsu landshluta til innflutningsins miklu betur en nú er gert. Væri hægt bæði með tilhögun þeirri, er höfð væri á stjórn Innkaupastofnunarinnar, og með reglugerð að framkvæma höfuðatriði þeirra tillagna, og er það hin mesta nauðsyn.

Um V. kafla.

Veiðarfærakostnaður bátaútvegsins er orðinn mjög tilfinnanlegur úgjaldaliður, sem stöðugt fer hækkandi. Landssamband ísl. útvegsmanna hefur gert sér þetta ljóst, og var það því eitt af höfuðverkefnum innkaupadeildar þess, þegar hún var stofnuð, að taka upp verzlun með veiðarfæri til þess að geta aflað útveginum veiðarfæra með kostnaðarverði. Í þessari viðleitni hefur innkaupadeild L.Í.Ú. átt í mjög miklum örðugleikum og vegna þess, hvernig ýmsir innflytjendur og framleiðendur veiðarfæra gerðu þeim erfitt fyrir. Eðlilegasta lausn þessa máls er að heimila samtökum útvegsmanna að taka alla veiðarfæraverzlun í sínar hendur og þá jafnframt verzlun með þær útgerðarvörur, sem þeir teldu henta fyrir útgerðina, að samtök útvegsmanna önnuðust sjálf sölu á. Ef það væri talið heppilegt, að samtök útvegsmanna önnuðust framleiðslu veiðarfæra innanlands, er sjálfsagt að fela þeim það. Mundi þá helzt koma til greina sú veiðarfæraframleiðsla, sem rekin er í stórum stíl. Mætti í því skyni taka t. d. Veiðarfæragerð Íslands eignar- eða leigunámi til handa samtökum útvegsmanna. Það er sjálfsögð skylda löggjafans að vernda útveginn eftir beztu getu fyrir hvers konar okri, og mundi þá þessi ráðstöfun, að fela útvegsmönnum sjálfum verzlun með og framleiðslu á veiðarfærum vera bezta lausnin.

Ef samtök útvegsmanna óska ekki eftir að taka þessi störf að sér, þrátt fyrir þá miklu nauðsyn, sem á því er að lækka verð veiðarfæranna, er í þessum kafla heimild til þess, að ríkið taki að sér þessi störf, þó að sú leið sé ekki eins eðlileg og að útvegsmenn annist þessi störf sjálfir.

Verði hins vegar ekki gripið til þeirra ráða að láta útvegsmenn annast sjálfa veiðarfæraverzlun og verzlun með aðrar útgerðarvörur, né heldur að ríkið taki þessi störf að sér, er það lagt til, að útvegsmönnum verði gert kleift að fylgjast með verðlagningu veiðarfæra í landinu, til þess að sjá um, að verðlagið verði ekki hærra en svo, að veiðarfæri séu seld á kostnaðarverði.

Um VI. kafla.

Frv. leggur til, að ríkisstjórnin taki í sínar hendur allan innflutning og heildsölu á olíu og benzíni. Eins og nú er starfa að minnsta kosti þrjú stærri olíufélög, sem vinna að því að koma upp dýru dreifingarkerfi hvert fyrir sig. Auk þess er ekki ólíklegt, að fleiri olíufélög bætist þar við. Þetta verður til þess, að dreifing olíunnar verður óhóflega dýr, og verður sjávarútvegurinn að sjálfsögðu látinn greiða þann kostnað. Olíuverð til fiskiskipa hér á landi er nú 50% hærra en í Noregi. Vitað er, að innflutningsverð á olíu hér er ekki hærra en í Noregi. Verðmismunurinn stafar eingöngu af því, hve óhóflega dýr dreifing olíunnar innanlands er, auk þess milliliða gróða, sem hvert hinna mörgu olíufélaga tekur til sín. Þjóðnýting olíuverzlunarinnar mundi því hafa í för með sér stórfellda lækkun á olíuverði þegar í stað. Sjálfsagt er að veita útveginum aðstöðu til að fylgjast með í rekstri olíuverzlunarinnar, til að tryggja

hagsmuni útgerðarinnar, og því er lagt til, að Landsamband ísl. útvegsmanna tilnefni einn af þrem stjórnendum olíuverzlunarinnar.

Um VII. kafla.

Hér er lagt til, að árið 1948 skuli ekki innheimtir tollar af þeim erlendum vörutegundum, sem vísitalan er reiknuð eftir, að búsáhöldum undanskildum. Þykir ekki ástæða að taka þau með, þar sem hlutdeild þeirra í vísitölunni er mjög lítil og enn fremur mjög erfitt að greina í milli þeirra búsáhalda, sem nauðsynleg mega teljast, og ýmiss konar lúxusvarnings, er fellur undir þann lið í tollskránni.

En vitað er, að með niðurfellingu þessara tolla mætti lækka vísitölu framfærslukostnaðar og þar með dýrtíðina í landinu til verulegra muna. Sem dæmi þess má nefna að árið 1943 var að tilhlutun nefndar þeirrar, er skipuð var af ríkisstjórninni til að athuga möguleika á niðurfærslu kaupgjalds og verðlags, reiknað út, hve mikið vísitalan mundi lækka við aðgerðir sem þessar. Niðurstöður þessara útreikninga urðu þær, að þannig mætti lækka vísitöluna þegar í stað um 15 stig. Enn fremur mundi sú lækkun verka til lækkunar á ýmsa aðra liði vísitölunnar, og þannig mundi hún aftur lækka á nokkrum mánuðum um 5 stig til viðbótar. Síðan 1943 hafa vörur þær, er hér um ræðir, hækkað allmjög í verði, og voru auk þess samþykktar á síðasta þingi nýjar tollahækkanir, sem haft hafa verulega vísitöluhækkun í för með sér. Má því telja víst, að aðgerðir þær, sem hér er lagt til, að gerðar verði, muni lækka vísitöluna yfir 20 stig og síðan verka áframhaldandi til meiri lækkunar, vegna áhrifa á aðra liði, eins og áður er lýst.

Að vísu mundi þetta hafa í för með sér nokkurn tekjumissi fyrir ríkissjóð. Sá tekjumissir mundi þó að nokkru leyti vinnast upp með því, að allar launagreiðslur ríkissjóðs lækkuðu til verulegra muna.

Verður gerð frekari grein fyrir þessum atriðum við meðferð málsins.

Munu enn fremur verða fluttar tillögur um skattstofna til tekjuöflunar á móti þeim mismun, sem af þessu kann að leiða, ef útlit verður fyrir, að frumvarp þetta nái samþykki þingsins.

Fylgiskjal.

Ráðstafanir til lausnar á vandamálum dýrtíðarinnar til að tryggja og auka framleiðslu þjóðarinnar og til bættrar afkomu almennings.

(Samþykkt 6. flokksþings Sósialistaflokksins í nóv. 1947.)

Með myndun núverandi ríkisstjórnar tóku fjandmenn nýsköpunarstefnunnar við völdum í landinu. Banka- og verzlunarvaldið sem jafnan höfðu reynzt nýsköpuninni hættulegust, náðu þá enn sterkari tökum en áður á atvinnu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar.

Sú afturhaldssama fjármálastefna, sem upp hefur verið tekin, hefur ekki aðeins stöðvað áframhald nýsköpunarinnar, heldur hefur hún einnig lamað allt atvinnulíf þjóðarinnar og ógnar því nú með algerri stöðvun. Fjármálastefna bankanna og boðskapur ríkisstjórnarinnar um hrun og nauðsyn þess að rýra lífskjör almennings liggur eins og mara á þjóðinni. Það er því brýn nauðsyn, að tafarlaust verði gerðar víðtækar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þær afleiðingar, sem framhald þeirrar stefnu, sem nú er fylgt, mundi leiða yfir þjóðina. Þær ráðstafanir, sem gera þarf, verða að fela í sér eftirfarandi meginatriði:

1. Nota verður framleiðslugetu þjóðarinnar til hins ýtrasta, þannig að hvert nothæft atvinnutæki, sem þjóðin á og aflar sér, sé starfrækt og vinnuorka þjóðarinnar skynsamlega hagnýtt, svo að hver maður hafi ávallt verk að vinna og framleiðslumagn þjóðarinnar vaxi að eðlilegum hætti.

2. Að keppt verði að því með skipulögðum hætti að ná sem hagkvæmustu verði fyrir útflutningsvörurnar og að framleiðsla þjóðarinnar verði nýtt og unnin að fullu.
3. Að gjaldeyrir þjóðarinnar sé notaður til skipulagðra innkaupa á nauðsynjum hennar með hagsmuni neytendanna og atvinnuveganna fyrir augum, en milliliðagróðinn útilokaður.
4. Að þeir, sem að framleiðslunni starfa, njóti fyrst og fremst vaxandi verðmætis hennar, svo að vinnuorka og fjármagn beinist til framleiðsluatvinnuveganna. Til þess að ná þessu marki verði m. a. gerðar eftirfarandi ráðstafanir:

I. Ráðstafanir til að tryggja rekstur útgerðarinnar.

1. Ríkið ábyrgist bátaútveginum a. m. k. jafnhátt fiskverð á næsta ári og ábyrgzt hefur verið í ár. Sams konar ábyrgð verði veitt hraðfrystihúsunum og útgerðinni tryggðir sölumöguleikar á aflanum og aðstaða til að koma honum á markað.
2. Vextir af öllum lánum til útgerðarinnar verði lækkaðir niður í 2½%.
3. Lánstími fastra lána eða stofnlána útgerðarinnar og fyrirtækja,, sem rekin eru í beinu sambandi við útgerðina, skal lengdur verulega frá því, sem nú er. Þannig skal miðað við, að lán út á ný skip og báta og nýjar verksmiðjur séu 20 til 30 ára lán.
4. Til lækkunar á viðhaldskostnaði útgerðarinnar skal afnumin sú regla, sem heimilar verkstæðunum fasta hundraðstöluálagningu á efni og vinnulaun. Strangar reglur séu settar um verðlagningu verkstæðanna, og fái samtök útvegsmanna vald til að fylgjast nákvæmlega með framkvæmd þeirra.
5. Vátryggingariðgjöld vélbáta verði lækkuð verulega, eða miðað við, að iðgjöld af nýjum bátum verði 3%—4%.
6. Veiðarfærakostnaður útgerðarinnar verði lækkaður m. a. með því, að ríkisvaldið veiti samtökum útvegsmanna aðstöðu til að hafa með höndum alla verzlun og innlenda framleiðslu veiðarfæra. Á meðan samtök útvegsmanna hafa enn ekki veiðarfæraverzlunina með höndum, skulu þau hafa vald til að fylgjast nákvæmlega með, að hlýtt sé settum reglum um verðlag veiðarfæra.
7. Olíuverðið sé lækkað m. a. með því, að ríkið taki að sér allan innflutning á olíum og hafi með höndum heildsölu þeirra. Samtök útvegsmanna hafi fulltrúa í stjórn olíuverzlunar ríkisins. Olíusamlög útvegsmanna annist dreifinguna, þar sem því verður við komið.
8. Beituverð á komandi vertíð verði lækkað.
9. Stuðningslán verði veitt öllum þeim útgerðarfyrirtækjum, sem töpuðu á síldarútgerðinni í sumar. Lánið verði veitt á svipaðan hátt og gert var 1945. Endurgreiddar verði þær 4 kr. af verði hvers síldarmáls, sem haldið var eftir vegna fiskábyrgðarlaganna.
10. Ákveðið verði, að afborganir yfirstandandi árs af stofnlánum útvegsins og fyrirtækja, sem starfa í beinu sambandi við útgerðina, verða ekki innheimtar á þessu ári.

II. Ráðstafanir til þess að tryggja sölu sjávarafurða.

Þjóðin öll og þó einkum þær stéttir þjóðarinnar, sem að framleiðslu sjávarafurða starfa, eiga afkomu sína undir því, hvort allar sjávarafurðir seljast og hve góðu verði. Þess vegna verða þessar stéttir að hafa fyllstu tryggingu fyrir því, að allt sé gert, sem hugsanlegt er til þess að tryggja sem mestan og öruggastan markað og sem hæst verð. Bezta tryggingin er, að fulltrúar þessara stétta hafi sjálfir yfirstjórn sölunnar í samstarfi við þau sölusamtök, sem mynduð eru á hverju sviði. Það er líka æskilegt, að sölu sjávarafurðanna sé haldið utan við flokkabaráttuna og reynt sé að tryggja samstarf þeirra stétta, sem að sjávarútveginum starfa, hvernig

sem stjórn landsins er háttað á hverjum tíma. Því séu eftirfarandi ráðstafanir gerðar nú þegar varðandi sölu sjávarafurða:

1. Nefnd skipuð 5 mönnum hafi yfirstjórn allrar sölu sjávarafurða og taki við hlutverki þeirra nefnda, sem nú fara með þessi mál. Fulltrúar í nefndina séu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og ríkisstjórninni. Nefnd þessi skal samræma störf þeirra stofnana, er annast útflutning sjávarafurða, (Síldarverksm. ríkisins, Síldarútvegsnefnd, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda o. fl.). Fulltrúar þessara stofnana sitja fundi nefndarinnar, þegar hún fjallar um þeirra mál. Ríkisstjórnin getur neitað nefndinni um söluheimild, ef hún ætlar að selja undir ábyrgðarverði. Sölunefndin skal hafa samráð við innkaupastofnanir þjóðarinnar varðandi alla raunverulega vöruskipta- (clearing) samninga.
2. Tafarlaust séu teknir upp samningar um sölu sjávarafurða næsta árs, og þá fyrst og fremst við þær viðskiptaþjóðir vorar, sem bezt verð hafa greitt eða vilja greiða. Sé nauðsynlegt, til þess að tryggja góða og mikla sölu til slíkra þjóða, að semja um leið um mikil kaup frá þeim, skal það gert, en þess vandlega gætt að kaupa frá hverju landi þær vörur, sem viðkomandi land framleiðir samkeppnisfærastar af þeim, sem Ísland þarfnast. Skal höfð náin samvinna milli sölu- og innkaupastofnana þjóðarinnar um gerð og framkvæmd slíkra samninga og höfð hliðsjón af áætlun þeirri um út- og innflutning, sem ríkisstjórnin lætur semja. Kappkostað sé að ná samningum til margra ára, ef hagstætt verð fæst, við þau lönd, er þannig vilja semja.

III. Hagkvæm notkun gjaldeyris og lækkun vísitölu.

1. **Verzlunarskipulagið.** Innflutningsverzlun landsins verði skipulögð með heildarhagsmuni þjóðarinnar fyrir augum, þannig að hinn mikli gróði, sem nú rennur til heildsalastéttarinnar, komi allri þjóðinni að gagni með lækkuðu vöruverði og auknum tekjum til ríkissjóðs, og bundinn endi á þá hóflausu sóun verðmæta og vinnuafls og þann gjaldeyrisflótta, sem núverandi tilhögun hefur í för með sér. Þessu marki telur flokkurinn, að bezt yrði náð með því, að sett yrði á fót **innkaupastofnun þjóðarinnar**, er annist um innkaup á öllum vörum, og sé henni stjórnað með lýðræðislegu fyrirkomulagi, svo að þeir aðilar, sem innkaupin eru gerð fyrir, geti mestu ráðið um þau. En meðan ekki næst nógu almennt samkomulag um þá leið, vill flokkurinn benda á eftirfarandi fyrirkomulag, er stefnir að sama marki:
   a. Innkaupastofnun eða stofnanir, sem stjórnað sé af fulltrúum kaupfélaganna og annarra neytendafélaga og samtaka smásölukaupmanna, annist innkaup á skömmtunarvörum og öðrum nauðsynjavörum almennings.
   b. Samtök útgerðarmanna annist innkaup á vörum til útgerðar, samtök iðnaðarmanna á hráefnum til iðnaðar og heildarsamtök byggingarfélaga eða byggingarstofnun ríkisins, ef stofnuð verður, annist innkaup á byggingarefni.
   c. Ríkið annist sjálft heildverzlun með vörutegundir, sem það kaupir með milliríkjasamningum.
   d. Ríkið hafi einkasölu á vörum með hárri álagningu.

   Með slíkri tilhögun og öruggu eftirliti ríkisins með allri innflutningsverzluninni er hægt að ná þeim tilgangi að lækka mjög verulega verð á nauðsynjavörum og þar með vísitöluna, lækka verð á vörum til framleiðslunnar, hagnýta til almenningsþarfa verzlunargróða af vörum með hárri álagningu, verja gjaldeyrinum á hinn hagkvæmasta hátt fyrir þjóðarheildina og haga innkaupum erlendis með það fyrir augum að afla sem beztra og öruggastra markaða fyrir útflutningsvörur þjóðarinnar.

2. **Afnám eða lækkun tolla** á nauðsynjavörum, svo sem matvöru, vefnaðarvöru og búsáhöldum. Þannig mætti lækka vísitöluna nú þegar um 20 stig.
3. **Landbúnaðarvörur.** Vísitölugrundvöllur landbúnaðarafurða verði endurskoðaður og miðaður við heilbrigðan búrekstur við skilyrði, sem teljast mega viðunandi, á núverandi tækni- og þróunarstigi landbúnaðarins. Kjötverð sé miðað við bú, sem er sæmilega vel fallið til sauðfjárræktar, og mjólkurverð á sama hátt við bú, sem hefur viðunandi skilyrði til mjólkurframleiðslu og aðstöðu til að koma vörunni á markað. Jafnframt verði gerðar gagngerðar ráðstafanir til stuðnings smábændum með það mark fyrir augum að auka svo tækni, vélakost, samvinnu og samstillt skipulögð, vinnubrögð í landbúnaðinum, að allir þeir, sem landbúnað stunda, geti notið mannsæmandi lífskjara, er séu fullkomlega sambærileg við aðrar vinnandi stéttir, samtímis því, sem verðlag geti farið lækkandi sökum stöðugt lækkandi framleiðslukostnaðar.
4. **Ráðstafanir gegn braski.** Hafizt verði handa með margvíslegum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir brask með fasteignir og önnur verðmæti, sem svo mjög hefur orðið til að trufla allt verðlag og heilbrigt viðskiptalíf í landinu. Aflað verði upplýsinga um gjaldeyriseignir Íslendinga erlendis og leitað samkomulags við hlutaðeigandi ríkisstjórnir um afhendingu þeirra.
5. **Lækkun húsaleigu.** Til þess að lækka húsaleiguna verði gerðar eftirfarandi ráðstafanir:
   a. Vextir af lánum, sem veitt hafa verið og veitt verða til íbúðarhúsa, verði lækkaðir niður í 2½% og lánin veitt til langs tíma.
   b. Nýtt mat verði látið fara fram, er lækki húsaleiguna í nýrri húsunum með tilliti til þeirra ráðstafana, sem um getur í a-lið.
   c. Byggingarkostnaður verði lækkaður með aukinni tækni og skipulagðari vinnubrögðum, samanber tillögur flokksins um skipulag byggingarmálanna.
   d. Lagður verði á stóríbúðaskattur, sem varið verði til þess að lækka húsaleiguna í þeim húsum, sem byggð hafa verið á tímabili hins háa verðlags.
6. **Farmgjöld** verði lækkuð svo sem kostur er, og vörurnar fluttar sem mest beint til ákvörðunarstaðar.

IV. Ráðstafanir til aukinna afkasta, ódýrari framleiðslu, bættra vinnubragða og sparnaðar í opinberum rekstri.

1. Stefnt sé að hagnýtingu fullkominnar tækni við framleiðsluna. Innflutningur nýtízku véla aukinn, en framleiðslan í hverri grein og einkum hagnýting vélanna jafnframt þannig skipulögð, að hin fyllstu afköst fáist úr hverri vél eða verksmiðju. Komið sé upp vélastöðvum bæði í sveitum og bæjum, er láni hinar stórvirku vélar gegn sanngjörnu endurgjaldi og annist geymslu og viðgerðir véla. Tryggð sé sem bezt hagnýting hráefna og gernýting alls úrgangs og samstarfi komið á um slíkt í viðkomandi atvinnugrein.
2. Samstarfi sé komið á milli samtaka verkamanna og atvinnurekenda um sem skynsamlegasta hagnýtingu vinnuaflsins og vélanna, um vinnusparandi aðferðir og sparnað í rekstri, um útrýmingu hvers konar skriffinnsku eða óþarfa tafa af hálfu hins opinbera, sem tefja eða hindra framleiðsluna og gera hana dýrari.
3. Betra skipulagi og meiri sparnaði sé komið á starfskerfi ríkisins.

V. Fjáröflun.

Til að afla ríkissjóði tekna vegna framangreindra ráðstafana, verði lagðir á eftirfarandi skattar:

1. Sérstakur hár eignarskattur verði lagður á stóreignir.
2. Hækka skatta á tekjum, sem eru yfir 50 þús. kr. á ári.
3. Ríkisrekstur verði upp tekinn á ýmsum fyrirtækjum, sem gefa mikinn arð.

4. Afnumin séu skattafríðindi hlutafélaga, sem ekki fást við sjávarútveg eingöngu.
5. Ströngu eftirliti sé komið á með framtölum og þung viðurlög lögð við skattsvikum.

Til þess að þær ráðstafanir, sem að framan greinir, nái þeim höfuðtilgangi sínum að tryggja grundvöll atvinnuveganna, hverjum manni verk að vinna og framhald þeirra stórstígu atvinnuframkvæmda og nýsköpunar, sem hafin var á árunum 1945—1946, leggur flokkurinn áherzlu á, að samtímis verði hafizt handa um víðtækar nýsköpunarframkvæmdir samkvæmt áætlun, í meginatriðum á grundvelli tillagna flokksins frá 6. nóv. 1946. Í því skyni verði öllu því fjármagni, sem þjóðin hefur yfir að ráða, boðið út m. a. með skyldulánum af fjármagni stóreignamanna, og tilteknum hluta af árlegri gjaldeyrisöflun þjóðarinnar verði varið eingöngu til nýsköpunar.

Sþ. 131. Tillaga til þingsályktunar

um aukinn kaffi- og sykurskammt til sjómanna.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að kaffi- og sykurskammtur til sjómanna verði aukinn allverulega frá því, sem nú er.

Greinargerð.

Reynslan hefur sýnt, að kaffi- og sykurskammtur sá, er sjómenn eiga við að búa, er algerlega ófullnægjandi. Vegna aðstöðu sinnar nota sjómenn meira kaffi og sykur en menn, sem önnur störf vinna. Matreiðsla í fiskibátum er á margan hátt örðug, og vill því svo fara, að mataræði sjómanna verður einhæft, og er þá oft gripið til þess, sem auðveldast er að búa til. Sjómennska að vetrarlagi er kulsamt starf, sem einnig leiðir af sér, að sjómenn verða að fá sér þá hressingu öðru hverju, er heitur kaffisopi veitir. Af þessu er það meðal annars, að sjómenn nota óvenjulega mikið af kaffi og sykri.

Sþ. 132. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey.

Flm.: Jón Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara á næsta sumri ýtarlega rannsókn á því, hvort mögulegt sé að gera höfn við Dyrhólaey.

Greinargerð.

Um aldamótin síðustu mun fyrst hafa komið til tals að athuga hafnarstæði við Dyrhólaey, og þá voru það erlendir menn, Englendingar, sem buðust til þess að byggja þar hafskipahöfn, gegn því skilyrði að mega fiska í landhelgi á svæðinu frá Vestmannaeyjum að Ingólfshöfða um nokkra áratugi. Þetta leyfi fékkst ekki, og voru þar með þær áætlanir Englendinga úr sögunni. Svo á Alþingi 1942 var samþykkt ályktun um athugun á lendingabótum við Dyrhólaey eða Dyrhólaós, en úr þeim athugunum mun lítið eða ekkert hafa orðið.

Allt síðan þetta kom fyrst til tals, hefur það verið óskadraumur Skaftfellinga og eflaust líka margra fiskimanna, að þarna við Dyrhólaey yrði gerð höfn. Enda mun það svo, að þó víða á landinu sé þörf hafnarbóta, yrðu eflaust flestir eða allir menn sammála um það, að hvergi sé hafna meiri þörf en við suðurströndina, ef kleift væri að gera þær, þar sem strandlengjan frá Reykjanesi til Hornafjarðar er sem allir vita að mestu leyti hafnlaus. Ef nokkurs staðar á þessu svæði væri mögulegt að gera höfn, þá er Dyrhólaós legu sinnar vegna mjög heppilegur, fyrst og fremst sem fiskihöfn. Sjávargrunnið frá næstu fiskimiðum við Vestmannaeyjar og allt til Hornafjarðar er mjög lítið notað af íslenzkum fiskiskipum. En á öllu þessu svæði eru á vetrarvertíð afarmiklar fiskigöngur, sérstaklega af stórum þorski, og svo nærtæk fiskimið, að óvíða eða jafnvel hvergi mundi jafnskammt að sækja á mið. Sem dæmi um, hversu nærri landi þessar fiskigöngur fara, má geta þess, að alloft á vetrarvertíð, eða frá því í marz og það fram í maímánuð, er það algengt, að þorskurinn syndir upp í fjöruna og dagar þar uppi, kemur fyrir í hundraðatali. Líka má geta þess, að með söndunum eru líkur til, að oft sé mikil síld, frá því á vetrarvertíð og allt fram í ágústmánuð. Er um hana eins og þorskinn, að stundum hleypur hún í land í talsverðum torfum, og oft nokkuð kemur það fyrir, að hún fer inn í Dyrhólaós og veiðist þar í silunganet. Í fyrra sumar (1946) óð síldin í stórum torfum á Vík í Mýrdal dag eftir dag í ágústmánuði, og mátti sjá torfurnar úr fjörunni. Þegar þetta er athugað, má gluggt sjá, hversu mikilvægt það væri fyrir landið í heild, að þarna við Dyrhólaey væri höfn, sem mögulegt væri að stunda fiskveiðar frá.

Hvað við kemur samgöngum þarf ekki að lýsa því, hversu mikill hagur Vestur-Skaftafellssýslu og austurhluta Rangárvallasýslu væri að höfn við Dyrhólaey, þar sem, eins og kunnugt er, flutningaleiðir á landi eru 200—325 km langar í Vestur-Skaftafellssýslu, og flytja verður alla flutninga þessa löngu leið, bæði aðflutta vöru og eins afurðir héraðsins til sölustaða.

Með tilliti til ræktunarskilyrða væri Dyrhólaós vel settur sem höfn, hann er í miðjum Mýrdal, sem er ein með beztu og búsældarlegustu sveitum á Suðurlandi. Ræktunarland er þar gott og auðunnið; líka mundu þar möguleikar til rafvirkjunar allnærri. Enn hvort tveggja þetta eru mikilsverð skilyrði á þeim stöðum, þar sem þorp myndast og fólksfjölgun á sér stað.

Að öllu athuguðu virðist það vera mikið atriði fyrir atvinnulíf landsmanna í heild og afkomumöguleika mikils hluta Suðurlands að fá úr því skorið með ýtarlegri rannsókn, hvort ekki sé mögulegt að gera höfn við Dyrhólaey.

Ég hef talað um þetta við vitamálastjóra, og hefur hann tekið vel í málið.

Sþ. 133. Breytingartillaga

við till. til þál. um aukinn kaffi- og sykurskammt til sjómanna.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að kaffi- og sykurskammturinn til sjómanna og vegavinnumanna verði aukinn allverulega frá því, sem nú er.
2. Aftan við fyrirsögn tillögunnar bætist: og vegavinnumanna.

Sþ. 134. Nefndarálit

um till. til þál. um varnir gegn dýrtíðinni í landinu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur tekið þessa tillögu til athugunar og umræðu á fundum sínum, og telur hún ákjósanlegt, að þingmenn ættu kost á þeim upplýsingum, er tillagan ræðir um. Nokkur gögn, er að þessu lúta, eru í stjórnarráðinu, og ríkisstjórnin mun fús til að afla fleiri gagna um þetta efni.

Síðari hluti tillögugreinarinnar er almenn viljayfirlýsing um, að hverju skuli stefnt í dýrtíðarmálunum. Nefndin telur slíka yfirlýsingu þýðingarlausa, eins og sakir standa, með því að ákveðnar tillögur í dýrtíðarmálunum verða væntanlega lagðar fyrir þingið innan skamms.

Nefndin leggur því til, að þingsályktunartillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin afli þeirra upplýsinga, er um ræðir í þingsályktunartillögunni og hún telur þörf á, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. nóv. 1947.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm. Jón Gíslason.

Ásg. Ásgeirsson. Sigfús Sigurhjartarson. Sigurður Bjarnason.

Ingólfur Jónsson.

Sþ. 135. Tillaga til þingsályktunar

um hæli fyrir áfengissjúklinga í Ólafsdal í Dalasýslu

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að:

1. beita sér á þessu þingi fyrir, að sett verði löggjöf um, að áfengissjúklingar skuli dveljast á þar til gerðu sjúkraheimili og hlýða settum reglum heilbrigðisstjórnarinnar um daglega starfshætti, þessir sjúklingar fái ekki athafnafrelsi, fyrr en heilbrigðisstjórnin vottar, að þeir hafi hlotið fullan bata,
2. að gera nauðsynlegar endurbætur á gamla skólahúsinu í Ólafsdal og öðrum húsum á jörðinni, þannig að þar geti orðið starfrækt sjúkraheimili fyrir áfengissjúklinga,
3. að safna í hælið í Ólafsdal öllum þeim karlmönnum á Íslandi, sem eru áfengissjúklingar og af þeirri ástæðu óhæfir til þátttöku í nytsömum störfum og friðsömu heimilislífi.

Greinargerð.

Í Reykjavík og fleiri kaupstöðum á landinu eru allmargir áfengissjúklingar, sem sinna engri áreynslu nema leit eftir áfengi. Þeir eru í nálægð við vínbrunninn óhæfir til hvers konar nytsamra starfa. Þeir eyða öllum þeim fjármunum, sem þeir geta náð frá vandamönnum sínum, og biðja beininga, hvar sem von er um fé, til að geta, þótt ekki sé nema eitt augnablik, slökkt vínþorstann. Þar sem slíkir menn eru tímunum

saman viti sínu fjær sökum ölæðis, eyðileggja þeir heimili sín og vandamanna sinna. Þrásinnis misþyrma þessir ölóðu menn konum sínum og börnum. Er hörmuleg raun þeirra, sem hafa slíkan mann til fyrirsvars um atvinnu og uppeldi ungmenna.

Það ætti að vera öllum ljóst, að áfengissjúklingar eiga að vera sviptir frelsi eins og menn, sem hætta er á, að dreifi hættulegum, smitandi sjúkdómum. Mannfélags- og mannúðarástæður gera óhjákvæmilegt að einangra þessa sjúklinga í þar til gerðum sjúkrahúsum. Þessir menn eyðileggja sína nánustu siðferðislega og fjárhagslega. Þeir eru til mikils álitshnekkis þjóð sinni, og nægir í því efni að benda á, að ein af kunnustu götum í höfuðstaðnum er búin að hljóta sorglega landsfrægð af þessum sjúklingum. Skylda ríkisins að einangra drykkjumenn verður enn ríkari, þegar þess er gætt, að ríkissjóður hefur stórmiklar tekjur árlega af vínsölu, þar sem ofdrykkjumenn eru allra tryggustu skiptavinirnir.

Fyrir nokkrum árum var hafizt handa með tilraunir í þessu efni. Hefur stórmikið fé, vafalaust nokkuð á aðra milljón króna, verið lagt úr ríkissjóði í hæli handa drykkjumönnum. Var fyrst borið niður í Kumbaravogi og síðan í Kaldaðarnesi. Á báðum stöðunum var gerð sú meginvilla að ætla drykkjumönnunum að koma sjálfir og biðja um hælisvist og lækningu. Þeir gátu að sjálfsögðu farið, þegar þeim hentaði, hvað sem leið bata, úr því að engin bönd voru lögð á sjálfræði þeirra. Ég heimsótti í sumar hælið í Kaldaðarnesi. Voru þar þá aðeins þrír sjúklingar. En á einni götu í höfuðstaðnum voru á sama tíma áfengissjúklingar í tugatali, sem þjóðfélagið hefði átt að hafa í þar til gerðu hæli undir jafn ströngum reglum um varanlega vist eins og um væri að ræða limafallssýki eða einhvern annan mjög hættulegan sjúkdóm. Tilraunirnar í Kumbaravogi og Kaldaðarnesi hafa að líkindum verið nauðsynlegar til að sýna, hvaða leiðir má ekki fara í þessu máli.

Ríkið á Ólafsdal í Dalasýslu, hið góðfræga skólaheimili Torfa Bjarnasonar. Þar er mikið hús frá tímum búnaðarskólans með 20 íbúðarherbergjum, sem standa nú að mestu ónotuð. Túnið í Ólafsdal er stórt, slétt og grasgefið og nýrækt auðveld. Fossafl, hentugt til virkjunar, er í nánd við bæinn. Staðurinn er fagur og friðsæll. Þar mundi geta verið heilsusamlegt og ánægjulegt heimili fyrir menn, sem ráða ekki við áfengislöngun sína. Sumir sjúklingarnir mundu fá bata og hverfa aftur út í starfslífið. Aðrir ættu þar góða vist, meðan ævin entist. Að sjálfsögðu yrði lögð stund á að fá vistmennina til að vinna að búskapnum og að margbreyttum smíðum, eftir því sem hverjum sjúklingi hentaði bezt. Að öðru leyti ættu þeir, sem gistu Ólafsdal undir þessum kringumstæðum, að geta notið margháttaðra dægurdvala í tómstundum sínum: hlustað á útvarp á ýmsum málum, teflt, spilað og lesið bækur, blöð og tímarit. Þeim væru opnar allar leiðir nema að áfengisbrunninum. Að öllum líkindum mætti láta þessa vistmenn vinna að því að koma upp nauðsynlegum viðbótarhúsum, því að margir vinmenn eru vel verkfærir, þegar þeir ná ekki í áfengið.

Skólahúsið í Ólafsdal er að vísu nokkuð gamalt, en var vel vandað í upphafi. Aðgerð þess húss, ef það væri gert að hæli fyrir áfengissjúklinga, mundi vera fólgin í því að setja vírnet með sementslagi utan á alla bygginguna til að fyrirbyggja dragsúg. Hvergi á landinu mun jafn auðvelt að stofna hæli fyrir áfengissjúklinga og í Ólafsdal og hvergi mundi slíkt hæli gera jafn mikið gagn. Undir núverandi kringumstæðum eru áfengissjúklingar óvirkir við framleiðslustörf, sýkja út frá sér, eyðileggja heimili vina og vandamanna og eru til stórmikillar minnkunar fyrir alla þjóðina með því að auglýsa vanmátt sinn á langfjölförnustu stöðum landsins.

Má vænta þess, að Alþingi sjái, að sæmd þess liggur við að finna heppilega og þjóðholla lausn á þessu máli, og er hér bent á leið, sem mundi reynast vel framkvæmanleg.

Sþ. **136. Tillaga til þingsályktunar**

um námsstyrki og heiðurslaun skálda og listamanna.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að flytja á þessu þingi frv. um framtíðarskipulag á námsstyrkjum og heiðurslaunum skálda og listamanna. Skal frv. byggt á eftirfarandi stefnuatriðum:

1. Að Alþingi hafi jafnan átta skáld eða listamenn á hálfum launum háskólakennara í Reykjavík. Sá, sem eitt sinn hefur fengið þessi heiðurslaun, heldur þeim ævilangt, en enginn má fá þessi laun, nema hann sé minnst 45 ára að aldri. Heiðurslaununum úthlutar landsnefnd, og skal einn fulltrúi kosinn af hverri sýslunefnd og bæjarstjórn í landinu.
2. Að Alþingi veiti árlega jafnháa fjárhæð í námsstyrki handa átta skáldum og listamönnum. Menntamálaráð úthlutar þessum styrkjum árlega. Enginn má fá þennan styrk oftar en þrem sinnum.

Greinargerð.

Fyrir nálega 60 árum lagði Alþingi út í það stórræði að veita einu skáldi heiðurslaun á fjárlögum. Sá, sem fyrir þeim heiðri varð, var sr. Matthías Jochumsson. Hann mun þá hafa verið hálfsextugur og hafði verið þjóðskáld, frá því að hann var nemandi í latínuskólanum. Var hér ekki rasað fyrir ráð fram. Bændur í Skagafirði áttu frumkvæði að þessu nýmæli. Leið svo fram um aldamót. Þá komu til sögunnar þrjú skáld: Þorsteinn Erlingsson, Einar Kvaran og Jón Trausti. Var um alllanga stund þrálát barátta á þingi um verðleika þessara skálda, og mun þeim hafa þótt slíkt mat og endurmat á gildi þeirra fremur óskemmtilegt ævintýri. Þessum deilum lauk á þann hátt, að þremenningarnir héldu fenginni viðurkenningu.

Eftir fyrra stríðið fjölgaði smátt og smátt í þessari fylkingu, og er nú svo komið, að á annað hundrað manna nýtur mismunandi hárra launa úr ríkissjóði fyrir að iðka skáldskap eða listir. Má segja, að þar sé misjafn sauður í mörgu fé. Þar eru nokkrir mjög merkir andans menn, en mikill meiri hluti þeirra, sem nú hafa fengið þessi ríkislaun, eru ekki í neinum sýnilegum kynnum við lista- eða skáldagyðjuna. Kommúnistaflokkurinn hefur gengið mjög langt í að koma sínum flokksmönnum á framfæri í þessum efnum. En fleiri eru án sýnilegra verðleika á þessum launalista en þeir, sem kommúnistar hafa lagt til, þó að kommúnistar hafi sýnt mestan flokksdugnað við að mynda núverandi ríkisrekstur í listum og skáldskap á Íslandi. Er þetta raunar eðlilegt, þar sem sovétstjórnin hefur í landi sínu lagt undir sitt valdasvið allar greinar framleiðslunnar og alla andlega starfsemi og listir. Eftir því sem greinagóðir ferðamenn frá Rússlandi herma, hefur með gífurlegri harðstjórn tekizt að framleiða með þjóðnýtingu margháttaðar efnivörur, en með skáldskap og listir hefur farið á annan veg. Enginn Tolstoy hefur ritað heimsfræg snilldarverk í Rússlandi undir stjórn bolsevika. Virðist framleiðsla nýrra listaverka og skáldverka hafa verið mest til gagns og gleði fyrir stjórnarflokkinn, enda svo til stofnað. Mun það mál manna að ekki megi við því búast, að nokkur þjóð framleiði snilldarljóð eða háfleygar myndir eftir ákvörðunum frá valdhöfum landsins. Hér er líka sú reyndin, að hin miklu ríkisframlög hafa ekki skapað svo mikið sem eitt einasta skáld eða listamann. Bókmennta- og listasaga landsins sannar ótvírætt, að allir afburðamenn á því sviði hafa gert sín góðu og varanlegu verk af innri þörf, en aldrei fyrir laun eða kaup.

Skömmu fyrir síðari heimsstyrjöldina var svo komið, að þing og stjórn gat ekki ráðið við hinn sívaxandi straum nýliða í skáldskap og myndlist, sem sótti inn á fjár-

lögin. Var þá tekin upp sú nýbreytni að fela menntamálaráði þessi fjárskipti. Stóð svo í nokkur ár. Á þeim árum tókst að hlífa skáldum og listamönnum við að vera árlega kvikuskornir á Alþingi, en kommúnistar þóttust ekki fá fulla rétting sinna mála með þessum hætti. Töldu þeir, að skáldin og listamennirnir ættu sjálfir að skipta styrknum milli sín. Var það gert að þeirra vilja að fela stéttarfélagi skáldanna að skipta ríkisfénu milli félagsmanna. En þá gerðist í höfuðstaðnum sá leikur, sem Egill Skallagrímsson vildi upp taka á Þingvöllum, þegar dreifa skyldi fjársjóðum hans yfir þingheim. Urðu nú hrindingar og pústrar með félagsmönnum, og innan tíðar sprakk stéttarfélagið og skiptist milli borgaralegra og austrænna manna. Alþingi tók þá upp þann sið að kjósa með hlutfallskosningu sérstaka nefnd til að skipta skálda- og listamannasjóðnum. Eiga allir þingflokkar fulltrúa í nefndinni.

Kommúnistar höfðu beitt sér fyrir stöðugri hækkun á þessu ríkisframlagi. Á yfirstandandi fjárlögum er þessi upphæð um 500 þús. kr. Er þetta margfaldlega hærri upphæð, miðað við efnahag og mannfjölda hér á landi, en nokkur önnur þingstjórnarþjóð veitir til þessara mála. Nú mun kommúnistum hafa þótt hlýða, að þeirra flokksmenn sætu að mestöllu því fé, sem þingmenn þeirra höfðu lagt sig í framkróka með að útvega. En þegar þar kom, að meiri hluti nefndarinnar vildi ekki fallast á þennan skoðunarhátt, létu kommúnistar óánægju sína í ljós með því að þiggja ekki laun þau, sem þeirra mönnum voru fram borin. Létu þessir óánægðu kommúnistar gremju sína bitna á borgaraflokkunum og nefndarmönnum þeirra. Var nú svo komið, að allmikið af launum skálda og listamanna var ekki móttekið af þeim, sem það var ánafnað af þingnefndinni.

Nú má öllum heilskyggnum mönnum vera ljóst, að þetta verðlaunaskipulag er óframkvæmanlegt. Byrði ríkissjóðs til þessara útgjalda er orðin óhæfilega há. Tala þeirra, sem komnir eru á meira eða minna föst ríkislaun fyrir að leggja stund á skáldskap og listir, er hærri en hjá nokkurri frjálsri þjóð. Nálega allt það bezta, sem gert hefur verið á Íslandi í listum og bókmenntum, hefur verið skapað með tómstundavinnu án þess, að listamaðurinn eða skáldið léti sér koma til hugar peningagreiðslu eða föst laun. Að því leyti, sem reynt hefur verið að beita ríkisrekstri í listum og skáldskap, þá er árangurinn í allra minnsta lagi. Aldrei í sögu landsins hefur verið gefið út jafn mikið af algerlega þýðingarlausum skáldverkum eins og síðan tala hinna ríkislaunuðu höfunda var farin að skipta mörgum tugum. Þegar þar bætist við, að samtök eru hafin meðal allmargra af viðtakendum skálda- og listamannalauna um að taka ekki við fénu og jafnvel að verja því til að óvirða og tortryggja það mannfélag, sem leggur fram fé af litlum efnum til framdráttar hinum vanþakkláta skáldalýð, þá er sýnilegt, að hér er farið eftir lokaðri leið.

Hins vegar má telja víst, að bókmenntum og listum sé ger varanlegur greiði með því að láta á hverjum tíma vera til nokkur heiðurslaun handa mönnum, sem þjóðin metur, enda séu slík laun ekki veitt, fyrr en allur almenningur í landinu viðurkennir gildi hlutaðeigandi listamanns eða skálds. Slík heiðurslaun er ekki hyggilegt að veita ungum og óráðnum mönnum, enda mjög óvíst, að slíkur stuðningur væri heppilegur skáldum og listamönnum, sem eru að þroskast og reyna krafta sína. Má segja, að skáldalaun Matthíasar hafi ekki komið fyrr en þjóðin hafði sannfærzt um listamannshæfileika hans, og er það fordæmi til eftirbreytni.

Sýnilegt er, að ekki hlýðir að láta skáldin sjálf eða listamennina velja hina útvöldu úr sínum hóp. Alþingi hefur fyrir sitt leyti ár eftir ár sýnt í verki, að það telur sér ekki henta að skipta skálda- og listamannalaunum. Hér er lagt til að velja í skiptanefnd góða borgara, líkt og þegar kviðdómur er kjörinn. Ef hver sýslunefnd og bæjarstjórn velur einn fulltrúa til að dæma með skriflegri atkvæðagreiðslu á hverjum tíma um, hvaða umsækjandi sé hæfastur til að fá heiðurslaun, þá mun sá dómur aldrei vera langt frá skoðun almennings í landinu, sem leggur fram féð og á að njóta hinna listrænu verðmæta.

Námsstyrki handa ungum skáldum og listamönnum er eðlilegt að fela menntamálaráði til fyrirgreiðslu. Langoftast yrðu þeir styrkir notaðir til námsdvala og ferðalaga erlendis.

Nd. 137. Nefndarálit

um frv. til l. viðvíkjandi nafnbreyting Vinnuveitendafélags Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Áki Jakobsson, tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. nóv. 1947.

St. Stefánsson, form.	Finnur Jónsson, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Jóhann Hafstein.

Sþ. 138. Nefndarálit

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast allt að 2 700 000 kr. lán fyrir h/f Slippfélagið í Reykjavík.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt tillöguna á 3 fundum. Auk þess leitaði hún ýmissa upplýsinga um málið frá stjórn og framkvæmdarstjóra félagsins, sem m. a. upplýstu, að kostnaðarverð mannvirkisins mundi verða um 5 millj. kr., er því væri fullokið. Ákveðið er að taka lánið allt innanlands, og leggur nefndin áherzlu á, að það verði gert. Til tryggingar láninu verði gefinn 1. veðréttur í mannvirkinu ásamt um 5000 fermetra lóð, svo að unnt sé að starfrækja brautirnar óháð annarri starfrækslu félagsins, ef til þess kæmi, að slíkt þætti nauðsynlegt. Er þetta sama trygging sem boðin var Stofnlánadeildinni fyrir sömu lánsupphæð og talin var fullnægjandi af viðkomandi aðilum.

Nefndinni er fullljóst, að það er höfuðnauðsyn, að þessu mannvirki verði lokið sem allra fyrst, þar sem engin dráttarbraut er til í landinu, sem tekið getur á land hin nýju skip, sem nú koma hvert af öðru til landsins og stærri eru en 400 smálestir, en slíkt ástand mundi skapa hreint öngþveiti í útgerðarmálunum, ef ekki yrði úr bætt á mjög skömmum tíma, og með því að verið er að koma þessu mannvirki upp til þess einmitt að bæta úr þessu máli, leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. nóv. 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.	Ingólfur Jónsson.
Halldór Ásgrímsson.	Pétur Ottesen.	Helgi Jónasson.
Lúðvík Jósefsson.	Ásmundur Sigurðsson.	Jóhann Hafstein.

Ed. 139. Lög

um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

(Afgreidd frá Ed. 25. nóv.).

Samhljóða þskj. 63.

Nd. 140. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 67 1947, um eignakönnun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 26. nóv. 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Nd. 141. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „Ríkisstjórninni er heimilt ... samkvæmt lögum nr. 27 27. júní 1921“ í upphafi 1. gr. komi:

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1948 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921 ...

Alþingi, 26. nóv. 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Ed. 142. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Fyrsta grein laganna orðist svo:

Menntaskólar skulu vera í Reykjavík og á Akureyri.

Ef fé er veitt til þess í fjárlögum, er heimilt að koma upp fleiri menntaskólum, þar sem Alþingi þá ákveður.

Menntaskólinn í Reykjavík skal vera á sama stað og nú er, en heimilt er að reisa í Reykjavík fleiri skóla samkvæmt ákvæðum næstu mgr. á undan.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 143. Tillaga til þingsályktunar

um takmörkun á sölu áfengis.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. um takmörkun á sölu áfengis, og sé byggt á eftirgreindum atriðum:

1. Að frá ársbyrjun 1949 geti íslenzkir karlmenn, 21 árs að aldri eða meira, með nánar tilteknum skilyrðum, fengið leyfi til að kaupa ¾ lítra af sterku áfengi á hverjum mánuði.
2. Að veitingahús, sem hafa vínveitingaleyfi, megi frá sama tíma selja 1⅓ lítra af léttum vínum með venjulegri máltíð.
3. Að lögreglustjórar megi heimila, að veittur sé ½ lítri af léttum vínum með venjulegum málsverði í opinberum veizlum og samkvæmum.
4. Að læknar geti ávísað sterku og léttu áfengi til heilsubótar sjúkum mönnum, en skylt skal heilbrigðisstjórninni að birta árlega opinbera skýrslu um áfengismagn það, sem hver einstakur læknir hefur notað til lækninga undanfarið ár.

Greinargerð.

Áfengismálin eru nú mjög á dagskrá. Er það að vonum. Árið, sem leið, seldi ríkið áfengi fyrir 41 milljón króna. Neyzla áfengis í landinu er stórmikil og mjög vansæmandi fyrir landsmenn. Hinar fjölmennu áskoranir kvenna í öllum landshlutum, þar sem skorað er á Alþingi að heimila ekki tilbúning og sölu á sterku áfengi, sýna, hve mjög konur finna til skaðsemi og smánar, sem leiðir af misnotkun áfengra drykkja. Gætir í hugum margra manna ótta við, að drykkjuskapur sá, sem nú tíðkast, leiði til úrkynjunar þjóðstofnsins.

Núverandi ástand í áfengismálunum er með öllu óþolandi. Margir vilja lækna bölið með allsherjarbanni, en sú leið er ekki fær. Þegar reynt er með bannlögum að hindra drykkjuhneigða þjóð frá að neyta áfengis, brotna allar hömlur, og heimatilbúið eða smyglað vín flýtur yfir landið. Óheft sala áfengis og bann eru öfgaleiðir, eins og mannleg náttúra er í norrænu fólki. Færi vegurinn liggur milli öfganna. Sú leið er takmörkuð sala áfengis. Skal hér bent á úrræði, sem mundi stórlega draga úr áfengisnautn, en þó jafnframt hindra launsölu og brugg.

Hér er lagt til, að ekki megi selja konum sterkt áfengi og ekki karlmönnum yngri en 21 árs að aldri. Ætlazt er til, að hver fullorðinn maður geti fengið 3 pela af sterku áfengi á mánuði. Sjálfur verður hann að sækja drykkinn og kvitta fyrir í áfengisbók, sem verður að gerð hliðstæð vegabréfi. Unglingar á vaxtaraldri hafa vissulega ekki þörf fyrir sterka drykki. Er fátt óhugnanlegra tilsýndar en ölvaðir unglingar og kvenfólk. Það leiðir af eðli málsins, að menn, sem verða ölvaðir á almannafæri, eiga að tapa rétti til að fá áfengisbók.

Vafalaust mætir sú tillaga að selja konum ekki sterka drykki nokkurri gagnrýni af hálfu þeirra kvenskörunga, sem telja sæmd kvenna liggja við, að konur fái að feta á allan hátt í fótspor karlmanna. Hér kennir ónákvæmni í rökum. Karlar og konur geta ekki leyst af hendi sömu verk. Karlmenn ganga ekki með börn, leggja börn ekki á brjóst, sinna ekki börnum á vaxtaraldri með þvílíkri umhyggju sem konur. Frá upphafi Íslands byggðar og fram á síðustu ár hafa tiltölulega fáar konur

notað og enn síður misnotað áfenga drykki. Á síðustu mánuðum hafa fjölmennir kvennafundir krafizt, að allt áfengi yrði gert útlægt úr landinu. Sama skoðun hefur komið fram í hinni almennu mótstöðu kvenna gegn bjórbruggun. Má af öllu þessu draga þá ályktun, að dugandi konur muni ekki telja sér sæmdarauka að skaðlegu jafnrétti við úthlutun sterkra drykkja.

Ekki þykir fært að meina veitingahúsum, sem hafa vínveitingaleyfi, að selja takmarkað magn af léttu víni með máltíðum og í mannfagnaði. Hefur engri þjóð tekizt að komast hjá að hafa borðvín í veizlum, og í fjölmörgum löndum nota milljónir manna létt vín með mat, án þess að ölvun komi til greina. Óhugsandi er, að Ísland geti verið ferðamannaland, ef bannað er að hafa borðvín með máltíðum á vissum opinberum veitingastöðum, sem hafa ákveðnum skyldum að gegna. Það magn af hvítu og rauðu borðvíni, sem hæfilegt þykir vel siðuðum mönnum með máltíðum, er svo lítið, að ekki getur verið um ölvun að ræða. Hins vegar er áberandi hætta á ölvun í veizlulífi Íslendinga, eins og nú er komið málum. Alsiða er að bera gestum í byrjun mannfagnaðar nokkra áfenga drykki samblandaða. Með veizlukostinum fylgja létt vín, hvít og rauð, og oft að máltíðarlokum vænt glas af kampavíni. Þegar risið er frá borðum, er borið kaffi, og fylgir því að jafnaði eitt eða fleiri staup af koniaki. Að þessu búnu hefst sá þáttur veizlunnar, sem ölkærum mönnum þykir mest til koma. Hefst þá whiskydrykkja, og stendur hún, ef vel er veitt, fram undir morgun. Eru margir þá lítt færir til gangs og aðgerðarlitlir til vinnu þann dag. Þessir veizluhættir eru mjög til minnkunar þjóðinni og setja nútímamenn á Íslandi á lægri bekk meðal menntaþjóða en þeir eiga skilið, ef frá er tekin meðferð þeirra á víni. Hér er bent á nýja aðferð í veizlufagnaði sem mundi hreinsa af þjóðinni gamalt óorð. Með því að hlaupa yfir áfengisblönduna, koniakið með kaffinu og allt whiskyið í veizlulok væri engin hætta á, að veizlugestir kæmu heim ölvaðir, veikir og ófærir til vinnu. Fleira gott mundi hljótast af þessari breytingu, þó að það verði ekki talið hér.

Læknar telja sér nauðsynlegt að ávísa sjúklingum ýmsar áfengistegundir til heilsubótar. Í tíð bannlaganna fengu læknar þessa undanþágu og fóru misjafnt með. Þegar ég hafði í landsstjórninni umsjón þessara mála, 1927—32, fékk ég sr. Björn Þorláksson á Dvergasteini til að gera yfirlit um ársnotkun hvers læknis á þessum vettvangi, og var sú skýrsla birt opinberlega. Hafði þessi framkvæmd þau áhrif, að enginn læknir notaði þá um stund vín til lækninga, nema þegar hann trúði á gildi þess til heilsubótar. Á þennan hátt má enn leysa þennan vanda, gefa læknum aðstöðu til að nota til heilsubótar það vín, sem þeir vilja bera ábyrgð á.

Hér skal drepið á nokkur atriði, sem sýna, hve óviðunandi er að hafa óhefta áfengissölu. Kveinstafir giftra kvenna og mæðra hvarvetna af landinu í sambandi við ölfrumvarpið sýna, hvað konur hér á landi verða að þola í sambandi við neyzlu þess áfengis, sem í útsölu kostar 41 milljón kr. árlega. Í veizlum, þar sem meiri háttar menn skemmta sér, geta hófsamir menn átt á hættu að koma heim bláir og blóðrisa í rifnum klæðum undan áleitnum veraldargæðingum, sem hafa fengið miklu meira af sterkum drykkjum en líkamsorka þeirra þoldi. Í Reykjavík einni er alsiða, að 70—80 dauðadrukknir menn eru teknir úr umferð á einni nóttu. Þar sem akvegakerfið er fullkomnast um byggðir landsins, er í mörgum sveitum ómögulegt að hafa skemmtisamkomur, af því að þangað safnast í tugatali ölvaðir menn, sem brjóta hús og misþyrma friðsömu heimafólki. Fyrir nokkrum árum var gleðisamkoma að sumri til á Þingvöllum. Þangað komu um 4000 manns. Eftir stutta stund var talið, að 2000 af gestunum hafi verið orðnir dauðadrukknir. Brutu hinir ölvuðu menn hús og húsmuni í Valhöll, svo að hörmulegt var á að líta. Daginn eftir sá einn af kunnustu læknum í Reykjavík, sem var staddur á Þingvöllum, ungan mann liggja ósjálfbjarga og bíta gras, sem hann náði til þrátt fyrir ástand sitt. Þannig mætti lengi telja, en þess gerist ekki þörf. Þing og þjóð veit, hve hörmulegt ástandið er.

Á hinn bóginn tel ég enga ástæðu til að örvænta. Drykkjuhneigð Íslendinga er sterk, en sómatilfinningin er líka vakandi, ef þeir, sem gegna ábyrgðarstöðum, vilja styðja hinn veika reyr. Ég hef verið í undirbúningsnefndum tveggja stærstu hátíða,

sem haldnar hafa verið hér á landi, Alþingishátíðarinnar 1930 og Snorrahátíðarinnar í Reykholti 1947. Á báðum þessum samkomum voru til samans um 50 þús. manna og enginn drykkjuskapur. Í bæði skiptin vildu þeir, sem stóðu fyrir hátíðarhöldunum, ekki hafa drykkjuskap, og í bæði skiptin sýndi þjóðin, að hún getur haft mikla gleðifundi án þess að misnota áfengi.

Tilgangurinn með þessari tillögu er að gefa þeim mörgu Íslendingum, sem stendur stuggur af áfengisbölinu, bendingu um þá einu leið, sem fær er, út úr verstu ógöngum vínnautnarinnar. Að svo stöddu er bann óframkvæmanlegt. Mjög mikill hluti þjóðarinnar leggur áherzlu á að hafa nokkurt vín. Þessi ásókn er svo sterk, að vitað er, að í Reykjavík einni eru margir bifreiðareigendur, sem fá 2000 kr. á viku og stundum meira fyrir að flytja á kvöldin vín, stórlega hækkað í verði, handa ölvuðum mönnum, sem sitja yfir tómum glösum, af því að birgðir, fengnar fyrr um daginn beint úr áfengisverzluninni, eru þá þrotnar. Með þessari takmörkuðu sölu, sem hér er mælt með, er vínmönnunum gerð nokkur úrlausn. Auk þess mundu þeir vafalaust fá einhverja viðbót af skammti náungans. En sú viðbót getur aldrei orðið nema smáræði, borið saman við hina ótakmörkuðu sölu, sem nú tíðkast. Ef konur fengju úthlutað forða af áfengi, mundu fæstar þeirra nota vínið sjálfar, heldur gefa það mönnum, sem sízt hafa þess þörf.

Hér er ekki gerð tilraun til að skilgreina vínin nákvæmlega, enda er þess ekki þörf að svo stöddu. En þegar í þessari tillögu er talað um sterk vín, er átt við brennivín, whisky og koniak, en með léttum vínum er átt við hin lítið áfengu vín, sem suðrænar þjóðir nota við venjulegt borðhald. Hingað til hafa Íslendingar gert þess háttar vínum lítil skil, líklega þótt þau of létt. Hér er gert ráð fyrir, að fólk eigi að geta fengið hóflegan skammt af slíkum vínum í veizlum, sem lögreglustjórar leyfa, og á viðurkenndum gistihúsum, sem landsstjórnin telur, að hafi þörf slíkrar undanþágu og kunni með að fara.

Á undangengnum árum hafa templarar og ýmsir aðrir áhugamenn í félagsmálum talið ný bannlög eina úrræðið, þó að þeir vissu vel, að þeir höfðu enga von um að komast þá leið. Gerum ráð fyrir, að einstaka hugsjónamenn telji bann lokatakmarkið. En á meðan sú leið er algerlega lokuð og áfengið heldur áfram sigurför um landið, þá er skylda allra, sem sjá hina miklu þörf, að reyna hjálp í viðlögum. Hér er bent á slíka leið. Vel má vera, að það taki nokkur ár að sannfæra andstæðinga ofdrykkjunnar um, að þeir verða annaðhvort að sameinast um takmörkun á vínnautn eða sjá hlut sinn versna með hverju ári, sem líður. Þegar templarar, bindindismenn, hófsmenn, áhugasamar konur, íþróttamenn og skynsamir borgarar sameinast um þá leið, sem hér er bent á, mun mega kreppa svo að áfenginu í landinu, að það geri mjög takmarkað tjón, saman borið við það ástand, sem nú ríkir í þessum efnum.

Sþ. 144. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast allt að 2 700 000 kr. lán fyrir h/f Slippfélagið í Reykjavík.

(Afgreidd frá Sþ. 27. nóv.)

Samhljóða þskj. 97.

Sþ. 145. Breytingartillaga

við till. til þál. um námsstyrki og heiðurslaun skálda og listamanna.

Frá Jóhanni Hafstein.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að flytja á þessu þingi eða svo fljótt sem verða má frv. um framtíðarskipulag á heiðurslaunum og styrkjum til skálda og listamanna. Skal frv. byggt á eftirfarandi stefnuatriðum:
   a. Að miðað sé við ákveðna hámarkstölu skálda og listamanna, er Alþingi veiti jafnan föst árslaun í heiðursskyni, enda séu þau ekki veitt neinum, fyrr en viðkomandi hefur náð 45 ára aldri, og skal þá aðili halda slíkum heiðurslaunum ævilangt.
   b. Að jafnframt sé heimilt að veita af ríkisfé einstök verðlaun fyrir sérstök listaafrek.
   c. Að landsnefnd úthluti heiðurslaununum og verðlaununum fyrir sérstök listaafrek og sé hún skipuð einum kjörnum fulltrúa frá hverri sýslunefnd og bæjarstjórn í landinu.
   d. Að Alþingi veiti árlega fé til utanfararstyrkja til skálda og listamanna og til þess að greiða fyrir því, að listamenn þjóðarinnar eigi þess kost að kynna á erlendum vettvangi það bezta, sem íslenzk list hefur að geyma á hverjum tíma. Úthlutun þessara styrkja sé í höndum Menntamálaráðs.
   e. Að heiðurslaun og listastyrkir séu ríflegir til hvers, sem verður þeirra aðnjótandi, en alls ekki veittar ómerkilegar fjárupphæðir til mikils fjölda manna, enda sé einnig nokkuð tillit tekið til efnahags aðila við styrkveitingarnar.
   f. Að ákvæði séu sett til varnar því, að misnotkun listastyrkja eigi sér stað eða geti endurtekið sig.
2. Fyrirsögn tillögunnar hljóði svo:
   Tillaga til þingsályktunar um heiðurslaun skálda og listamanna og listastyrki.

Ed. 146. Nefndarálit

um frv. til l. um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 27. nóv. 1947.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskrifari.	Eiríkur Einarsson, frsm.
Guðm. Í. Guðmundsson.	Ásmundur Sigurðsson.	

Ed. 147. Nefndarálit

um frv. til l. um lokunartíma á skemmtunum og samkomum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að greinar þess verði samþykktar óbreyttar, en vill á hinn bóginn breyta fyrirsögn þess.

BREYTINGARTILLAGA.

Fyrirsögnina skal orða svo:

Frumvarp til laga um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma.

Alþingi, 27. nóv. 1947.

Guðm. Í. Guðmundsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskrifari. Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Hermann Jónasson. Brynjólfur Bjarnason.

Sþ. 148. Tillaga til þingsályktunar

um tölu lyfjabúða í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fjölga nú þegar lyfjabúðum í Reykjavík, svo að ein búð verði fyrir hverja 5000 íbúa.

Greinargerð.

Fyrir nálega 20 árum voru hér í bænum aðeins tvær lyfjabúðir, og þótti almenningi þetta mikið óhagræði. Ég átti þá þátt í, að tveimur nýjum lyfsölum var veitt leyfi til að stofnsetja nýjar lyfjabúðir. Var þá talið, að bætt væri í bili úr bráðri þörf. En síðan þá hefur höfuðborgin stækkað stórmikið og byggðin orðið miklu dreifðari en þá var. Búa hin nýju úthverfi við mikla nauð í þessu efni. Um mörg undanfarin ár hafa fjölmargir ungir lyfjafræðingar verið tilbúnir að setja á stofn nægilega margar lyfjabúðir til að bæta úr þörf allra bæjarbúa. Heilbrigðisstjórnin ein hefur ekki skilið þessa þörf. Nú vill svo til, að mjög mikill hluti þingmanna á lögheimili í Reykjavík, og þekkja þeir þess vegna til fulls, að í þessari merku grein heilbrigðismála er fullkomið einokunarástand, og sést ekki á því, að Íslendingum hafi þótt hin gamla einokun fá nægilegan reynslutíma á hálfri þriðju öld. En ef nauðsynlegt þykir að viðhalda einokunarskipulaginu, að því er snertir sölu lyfja, má tryggja rétt borgaranna að nokkru með því, að Alþingi mæli svo fyrir, að í Reykjavík skuli jafnan vera ein lyfjabúð fyrir hverja 5000 íbúa.

Sþ. 149. Tillaga til þingsályktunar

um að gera Laxá í Þingeyjarsýslu laxgenga ofan við rafstöðina á Brúum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera fullkominn laxveg fram með fossunum hjá Brúum og láta þann kostnað teljast með útgjöldum við framhaldsvirkjun á þessum stað.

Greinargerð.

Þessi tillaga var borin fram á síðasta þingi, en málið var ekki útrætt í það sinn vegna þess, að ráðunautur ríkisstjórnarinnar í klakmálum vildi athuga staðhætti, áður en ákvörðun væri tekin. Má telja víst, að hann hafi gert það í sumar, sem leið. Nú er fullráðið, að innan skamms verði hafizt handa um mjög umfangsmikla framhaldsvirkjun hjá Brúum, svo að rafmagn frá þeirri aflstöð nægi til að bæta úr orkuþörf mikils hluta Norðlendingafjórðungs. Þarf þess vegna frá upphafi að taka tillit til þeirra mannvirkja, sem gera þarf í sambandi við fiskveginn. Laxá er fegursta fallvatn í álfunni. Alla leið frá Mývatni að ósunum hjá Laxamýri er áin hið ákjósanlegasta veiðivatn. Erlendis er talið sjálfsagt að halda góðum laxám opnum fram hjá virkjunarstöðum. Ef Laxá væri lokað fyrir laxgengd, þegar verið er að reisa þar orkuver, sem kostar tugi milljóna, mundi það síðar verða sem menningarframkvæmd lagt á borð við það, þegar Geysir var seldur úr landi.

Ed. 150. Frumvarp til laga

um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með auglýsingu, hvenær skemmtunum, dansleikum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagaheimilum eða veitingahúsum, skuli í síðasta lagi slitið.

Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum varða sektum allt að 10000 kr.

2. gr.

Öll ákvæði, er koma í bága við lög þessi, falla úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 151. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1948 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1948.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Nd. 152. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 1946, um gagnfræðanám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. des. 1947.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Sigurður Bjarnason, fundaskr. Barði Guðmundsson.
Sigfús Sigurhjartarson. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 153. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 2. des. 1947.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Sigurður Bjarnason, fundaskr. Barði Guðmundsson.
Sigfús Sigurhjartarson. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 154. Breytingartillögur

við frv. til laga um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrsti málsl. greinarinnar orðist svo:
   Kjósa skal þriggja manna nautgripakynbótanefnd í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt samkv. lögum þessum og ekki er heldur starfandi nautgriparæktarfélag, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands.

b. Síðari málsgr. orðist þannig:
Nú setur búnaðarfélag sér nautgriparæktarsamþykkt eða stofnað er sérstakt nautgriparæktarfélag, sbr. 8. gr., eftir að kosin hefur verið nautgripakynbótanefnd, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við því tekur stjórn þess félags, er sett hafði samþykktina, eða þeir menn, sem félagið hafði kosið til þess sérstaklega.

3. Við 3. gr. Fyrir „sbr. 7. gr.“ komi: sbr. 6. gr.
4. Við 4. gr. Í stað fyrri málsl. kemur:
Bannað er að láta naut eldri en 7 mánaða ganga laus í afréttum eða í heimahögum. Þó getur kynbótanefnd leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef öruggt þykir, að þau geti engan skaða gert.
5. Við 6. gr.
a. 2. málsgr. orðist þannig:
Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefur auglýst, að notað skuli til undaneldis, gæzlulaust eða utan öruggrar vörzlu, og skal þá taka það í trygga geymslu og á hús og hey, ef þörf krefur.
b. 2. málsliður síðustu málsgr. orðist svo: Hafi naut ekki verið í geymslu á ábyrgð kynbótanefndar, á nefndin rétt á endurgreiðslu frá þeim, er bar ábyrgð á geymslu þess.
6. Við 7. gr. Fyrir „3. gr.“ í 1. mgr. kemur: 2. gr.
7. Við 8. gr. Fyrir „sbr. 7. gr.“ komi: sbr. 6. gr.
8. Við 9. gr. Greinin orðist þannig:
Búnaðarfélagi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum nautpenings í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi nautgriparæktarfélag. Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt, og er þá minnst 6 bændum í hreppi heimilt að stofna með sér félag til þess að vinna að þessum kynbótum. Félög þessi nefnast nautgriparæktarfélög. Samþykktir búnaðarfélaga og nautgriparæktarfélaga skulu sniðnar eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té. Þegar búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag hefur sett sér samþykkt, sendir það hana stjórn Búnaðarfélags Íslands til staðfestingar.
9. Við 10. gr.
a. Fyrsta málsgr. orðist svo:
Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af stjórn Búnaðarfélags Íslands, getur fengið styrk til starfsemi sinnar eins og hér greinir:
b. Fyrir orðin „skal ákveðið um í reglugerð“ í niðurlagi gr. komi: skal kveða á um í reglugerð.
10. Við 11. gr.
a. Upphaf greinarinnar verði:
Búnaðarfélög og nautgriparæktarfélög geta fengið, auk styrks þess, sem um ræðir í 9. gr., styrk til o. s. frv.
b. Fyrir „50%“ komi: 25%.
c. Síðari málsgr. orðist þannig:
Þau félög, sem að dómi nautgriparæktarráðunautar hafa aðstöðu til að fá flestar kýr sínar sæddar frá starfandi sæðingarstöð, fá ekki fóðurstyrk á naut sín.
11. Við 12. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
Heimilt er búnaðarsamböndum og samböndum nautgriparæktarfélaga að setja á stofn nautgripauppeldisstöðvar eða sæðingarstöðvar, en samþykkja skal Búnaðarfélag Íslands reglur um þessa starfsemi þeirra, sbr. V. kafla.
12. Við 13. gr. Fyrir „12. gr.“ í upphafi greinarinnar komi: 11. gr. — og fyrir „11. gr.“ á tveimur stöðum í 3. tölul. komi: 10. gr.

13. Við 14. gr.
    a. 1. málsl. orðist þannig:
    Að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu fimmta hvert ár í hverju búnaðarfélagi, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, og nautgriparæktarfélagi.
    b. Fyrir „kr. 300.00“ komi: kr. 180.00 — og fyrir „kr. 200.00“ komi: kr. 100.00.
14. Við 15. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
    Nú kemur búnaðarfélag, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, eða nautgriparæktarfélag sér upp girðingu ....
15. Við 16. og 17. gr.
    a. Greinarnar flytjast aftur fyrir 21. gr. (sbr. 18. brtt.).
    b. Fyrir „16. gr.“ í 17. gr. kemur: 19. gr.
16. Við 18. gr.
    a. Í stað 1.—3. málsgr. kemur:
    Búnaðarfélagi, þar sem ekki er starfandi sauðfjárræktarfélag, er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum sauðfjár á félagssvæðinu, enda séu aldrei færri en 6 félagsmenn, er uppfylla þau skilyrði, er samþykktin áskilur.
    Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér sauðfjárræktarsamþykkt, og er þá 6 mönnum eða fleirum í hreppi heimilt að stofna með sér félagsskap til að vinna að sauðfjárkynbótum, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög. Heimilt er að veita mönnum úr öðrum hreppi inngöngu í félagið, ef þar er ekki starfandi sauðfjárræktarfélagsskapur.
    Lágmarkstala kynbótafjár hjá hverjum þátttakanda skal vera 8 ær, og enginn einn félagsmaður má eiga meira en helming kynbótafjárins.
    Í samþykktum þeim, er hér um ræðir, skal tekið fram eftirfarandi:
    b. Að greinarlokum komi:
    Samþykktir þessar skal senda Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar.
17. Við 19. gr.
    a. Fyrir „18. gr.“ í upphafi 1. mgr. kemur: 15. gr.
    b. Fyrir „kr. 1.00“ kemur: 50 au.
    c. Fyrir „18. gr.“ í niðurlagi 2. mgr. kemur: 15. gr.
18. Við 20. gr.
    a. Fyrir „19. gr.“ í upphafi fyrri mgr. kemur: 16. gr.
    b. Fyrir „18. gr.“ í síðari mgr. kemur: 15. gr.
19. Á eftir 21. gr. (sem verður 18. gr.) koma 16. og 17. gr. og verða 19. og 20. gr.
20. Við 23. gr.
    a. Verðlaunafjárhæðir allar lækka um helming.
    b. Á undan síðustu málsgr. kemur ný málsgr.:
    Framlag ríkissjóðs samkv. þessari grein er bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi búnaðarsamband eða sýslusjóður leggi fram jafnt framlagi ríkissjóðs.
21. Við 24. gr. Greinin flyzt aftur fyrir núverandi 33. gr. (sbr. 31. brtt.) og verður 26. gr. Upphaf gr. skal orða svo:
    Óheimilt er að láta stóðhest ganga lausan í heimahögum o. s. frv.
22. Við 25. gr. Greinin verður 27. gr. og breytist svo:
    a. Upphaf fyrri mgr. orðast svo:
    Finnist stóðhestur utan vörzlu, sem er merktur með bókstöfunum K eða LK o. s. frv.
    b. Fyrir „marki“ í 2. málsl. sömu mgr. kemur: merki.
    c. Fyrir „graðhestur“ í upphafi síðari mgr. kemur: stóðhestur.
    d. Fyrir „26. og 27.“ kemur: 28. og 29.
    e. Fyrir „sveitarsjóð“ í 2. málsl. kemur: sjóð búnaðarfélags þess hrepps.
    f. Fyrir „graðhesta“ í síðasta málsl. kemur: „stóðhesta.

23. Við 26. gr. (sem verður 28. gr.).
    a. Fyrir „graðhestar“, „graðhestur“ og „graðhesta“ í fyrri mgr. kemur: stóðhestar, stóðhestur og stóðhesta.
    b. Fyrir „graðhest“ í síðari mgr. kemur: stóðhest.
    c. Fyrir „(sbr. 27. gr.)“ kemur: (sbr. 29. gr.).
    d. Fyrir „82. gr.“ kemur: 83. gr.
24. Við 27. gr. (sem verður 29. gr.). Fyrir „graðhesta“ í 1. mgr. og „Graðhestar“ í 3. mgr. kemur: stóðhesta og Stóðhestar.
25. Við 28. gr. (sem verður 30. gr.).
    a. Fyrir „graðhestar“ kemur: stóðhestar.
    b. Fyrir „tjóni á eignum annarra eða búfé“ kemur: tjóni á búfé eða öðrum eignum annarra.
26. Við 29. gr. (sem verður 31. gr.). Fyrir „graðhestar“ kemur: stóðhestar.
27. Við 30. gr. (sem verður 32. gr.). Greinina skal orða svo:

    Búnaðarfélagi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum hrossa í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi hrossaræktarfélag. Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt, og er þá minnst 6 bændum í hreppi heimilt að stofna með sér félag til þess að vinna að þessum kynbótum. Félög þessi nefnast hrossaræktarfélög. Samþykktir búnaðarfélaga og hrossaræktarfélaga skulu sniðnar eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té. Þegar búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag hefur sett sér samþykkt, sendir það hana stjórn Búnaðarfélags Íslands til staðfestingar.
28. Á eftir koma 3 nýjar greinar, sem verða 33.—35. gr., svo hljóðandi:
    a. (33. gr.). Búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er hefur fengið samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, getur fengið styrk til starfsemi sinnar eins og hér segir:

    Til kaupa á kynbótahestum veitist styrkur aðeins til kaupa á tveggja og þriggja vetra stóðhestum undan 1. verðlauna hryssum.

    Styrkur til kaupa á þriggja vetra stóðhesti er þessi:

    250 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi;

    200 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun fyrir afkvæmi;

    175 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun á héraðssýningu;

    150 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun á héraðssýningu.

    Styrkur til kaupa á tveggja vetra hestum er 50 kr. lægri í hverjum flokki en á þriggja vetra hesta.

    Styrkurinn er enn fremur bundinn því skilyrði, að þriggja vetra hesturinn hafi hlotið 1. verðlaun, en tveggja vetra hesturinn 2. verðlaun á héraðssýningu eða viðurkenningu hrossaræktarráðunautar um að vera styrkhæfur.

    b. (34. gr.). Búnaðarfélög og hrossaræktarfélög geta fengið, auk styrks þess, sem um ræðir í 33. gr., fóðurstyrk til stóðhestahalds, ef þau nota stóðhest, sem hlotið hefur heiðursverðlaun eða 1. eða 2. verðlaun á afkvæmasýningu. Styrkur þessi er 150 kr. á heiðursverðlaunahest, 100 kr. á 1. verðlauna hest og 50 kr. á 2. verðlauna hest. Styrkur þessi greiðist árlega, meðan hesturinn er notaður og nýtur þessarar viðurkenningar.
    c. (35. gr.). Búnaðarfélög, hrossaræktarfélög eða hreppsfélög, er láta reisa girðingu fyrir hrossakynbótastarfsemi, fá allt að 400 kr. styrk úr ríkissjóði á hverja girðingu að verkinu loknu, þó aldrei meira en nemur efniskaupum, enda sé fullnægt eftirtöldum skilyrðum:
        1. að hrossaræktarráðunautur hafi viðurkennt nauðsyn girðingarinnar;
        2. að land það, sem girt er, sé eign þess aðila, er styrksins nýtur, eða hon-

um tryggð full afnot á landinu með leigusamningi, er gildi eigi skemmri tíma en 15 ár;

3. að landið sé vel fallið til hrossabeitar að dómi hrossaræktarráðunautar eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
4. að girðingin sé minnst 5 gaddavírsstrengir eða úr öðru jafngildu efni, t. d. rafmagnsgirðing, og ekki lægri en 135 cm.
5. að styrkþegi hafi skuldbundið sig með skriflegri yfirlýsingu að halda girðingunni við í að minnsta kosti 15 ár.

29. Við 31. gr. Greinin flyzt fram, verður 23. gr. og orðast svo:

Kjósa skal þriggja manna hrossakynbótanefnd í hverjum hreppi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum og ekki er heldur starfandi hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd.

Nú setur búnaðarfélag sér hrossaræktarsamþykkt eða stofnað er sérstakt hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda í hreppnum, eftir að kosning hrossakynbótanefndar hefur farið fram, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við því tekur stjórn þess félags, er sett hefur samþykktina, eða þeir menn, er félagið felur það sérstaklega.

Hrossakynbótanefnd skal annast þau störf, sem stjórn búnaðarfélags eða hrossaræktarfélags eru ætluð í lögum þessum. Farist kosning hrossakynbótanefndar fyrir, ber hreppsnefnd að annast störf hennar.

Í lögum þessum merkir orðið „stóðhestur“ ógeltan hest 1½ árs og eldri.

30. Við 32. gr. (sem verður 24. gr.). Upphaf gr. orðast svo:

Stjórn búnaðarfélags, hrossaræktarfélags eða kynbótanefnd, sbr. 23. gr., skal sjá um, að árlega séu nógu margir og góðir stóðhestar, sem samþykktir eru, o. s. frv.

31. Við 33. gr. (sem verður 25. gr.). Greinin orðast svo:

Sé enginn stóðhestur til í hreppi, geta hrossaeigendur, er þess óska, krafizt þess, að þeim séu tryggð afnot stóðhests í öðrum hreppi eða leyft að hafa stóðhest til notkunar.

32. 34.—35. gr. verða 36.—37. gr.

33. Við 36. gr. (sem verður 38. gr.).
   a. Fyrir „graðhestum“ í 1. málsl. kemur: stóðhestum.
   b. Á eftir 1. málsl. kemur svo hljóðandi nýr málsl.: Hann skal mæta á þeim sveitasýningum, sem hross eru sýnd á og búnaðarsamböndin efna til, komi fram ósk um það og því verði við komið.

34. Við 37. gr. (sem verður 39. gr.).
   a. Fyrir „Einarssynir“ í 6. tölul. kemur: Einarsstaðir.
   b. Síðustu málsgr. skal orða svo:

Stjórnir hlutaðeigandi búnaðarsambanda skulu annast undirbúning og stjórn hrossasýninga. Þær skulu enn fremur tilnefna 2—4 meðdómendur og sýningarstjórn.

35. Við 38. gr. (sem verður 40. gr.). Greinin orðast þannig:

Til verðlauna á sýningum þeim, er um ræðir í 39. gr., leggur ríkissjóður fram 10 au. á hvert framtalið hross, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða öðrum aðilum, þar sem sýningar eru haldnar. Skal verja fé þessu til að verðlauna hryssur og enn fremur stóðhesta, er hljóta 3. verðlaun á héraðssýningum. Mega þau ekki vera hærri en hér greinir:

Heiðursverðlaun á hryssu kr. 80.00;
1. verðlaun á hryssu kr. 30.00;
2. verðlaun á hryssu kr. 20.00 og
3. verðlaun á hryssu kr. 10.00;
3. verðlaun á stóðhest kr. 40.00.

Verðlaun á aðra stóðhesta greiðast úr ríkissjóði og eru þau heiðursverðlaun kr. 200.00, 1. verðlaun kr. 100.00 og 2. verðlaun kr. 60.00.

36. Við 39. gr. (sem verður 41. gr.). Greinin orðast svo:

Heiðursverðlaun má aðeins veita hrossi, sem er fulltamið og hefur sýnt, að það býr yfir ákjósanlegum eiginleikum að dómi hrossaræktarráðunautar, og að á sömu sýningu hafi eitt eða fleiri afkvæmi þess hlotið 1. verðlaun, en ekkert 3. verðlaun.

1. verðlaun má ekki veita yngri hestum en þriggja vetra og þó því aðeins, að þeir séu tamdir og að minnsta kosti 142 cm háir (bandmál).

Hryssum má því aðeins veita 1. verðlaun, að þær séu 140 cm háar (bandmál) og nokkuð tamdar. Eigi má taka á sýningu yngri hesta en tveggja vetra og hryssur ekki yngri en 4 vetra.

37. Við 40. gr. (sem verður 42. gr.). Greinin orðast þannig:

Heimilt er að halda afkvæmasýningu fyrir stóðhesta, ef óskir koma fram um það og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Sýna skal undan hverjum stóðhesti ekki færri en 12 afkvæmi þriggja vetra og eldri, og mæður þeirra, sem fylgja þeim á sýninguna. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðast úr ríkissjóði, og eru þau þessi:

Heiðursverðlaun kr. 200.00;
1. verðlaun kr. 150.00;
2. verðlaun kr. 100.00;
3. verðlaun kr. 75.00.

Eigi má greiða heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, nema helmingur niðjanna sé taminn og sýni verðmæta kosti.

Heimilt er að endurtaka afkvæmasýningu einu sinni að 4 árum liðnum fyrir þá stóðhesta, er hafa hlotið 2. verðlaun.

Umsóknir um afkvæmasýningar skulu komnar til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí.

Stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands kýs 2 meðdómendur á afkvæmasýningu og greiðir þeim fyrir störf þeirra, en eigandi stóðhestsins leggur til sýningarstaðinn.

38. Við 41. gr. (sem verður 43. gr.). Greinin aftur að síðustu málsgr. orðast þannig:

Samtökum hestamannafélaga er heimilt að halda landssýningu 4. hvert ár, í fyrsta skipti árið 1950, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal fyrir sýningarstað og hvernig sýningunni skuli hagað. Verðlaun á þessum sýningum greiðast að hálfu úr ríkissjóði gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Um upphæð verðlauna og önnur skilyrði fer samkvæmt ákvæðum 40. og 41. gr., eftir því sem við getur átt.

Umsókn um sýningarleyfi ásamt fullnægjandi upplýsingum skal vera komin til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí næstan áður en sýningin á að fara fram.

Samtök hestamannafélaga þeirra, er hafa á hendi forgöngu og stjórn þessara sýninga, skulu tilnefna 2 meðdómendur á sýningarnar.

39. 42. gr. (sem verður 44. gr.). Greinin orðast svo:

Hrossakynbótabúi ríkisins á Hólum í Hjaltadal er heimilt með samþykki Búnaðarfélags Íslands að kaupa úrvals kynbótahross handa búinu. Hross þessi mega ekki vera yngri en 8 vetra og öruggt, að þau búi yfir verðmætum kostum, sem erfast. Heimilt er að verja úr ríkissjóði 4000 kr. í þessu skyni fjórða hvert ár, í fyrsta skipti árið 1949.

40. 43.—46. gr., að báðum meðtöldum, falla niður.

41. 47. gr. verður 45. gr., og greinatala IV. kafla breytist samkvæmt því.

42. Við 52. gr. (sem verður 50. gr.).
a. Í stað 1. málsgr. ásamt tölul. 1. a.—b. kemur:
Búnaðarsambönd, sem vinna að kynbótum búfjár með sæðisflutningum, svo og nautgriparæktarsambönd í þeim héruðum, þar sem búnaðarsambönd sinna ekki þessu verkefni, fá styrk úr ríkissjóði til þessarar starfsemi sem hér segir:
1. Stofnstyrk í eitt skipti fyrir öll, sem er ⅓ byggingarkostnaðar sæðingarstöðvar, þar með talin verkfæri og allur útbúnaður, þó ekki yfir 15 þús. kr. á stöð. Enn fremur allt að ⅓ árslauna sérfræðings í búfjársæðingu, er Búnaðarfélag Íslands ræður til að koma starfsemi stöðvarinnar í fullt lag, þar á meðal kenna væntanlegum starfsmönnum töku og geymslu sæðis og sæðingu, enda annist stöðin sæðingu nautgripa og annarra búfjártegunda.
Nú er sæðingarstöð komið upp, er einungis annast sæðingu sauðfjár eða annarra búfjártegunda en nautgripa, og greiðir ríkissjóður þá allt að ⅙ árslauna sérfræðings auk byggingarstyrks.
b. Fyrsti málsl. 2. töluliðar orðist svo:
2. Rekstrarstyrk, er nemi 2 kr. á hverja sædda kú, er fang fær, og 15 aur. á hverja á, sem sædd er, þó ekki yfir 4000 kr. á ári á eina sæðingarstöð.

43. Við 53. gr. (sem verður 51. gr.). Aftan við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Stofnstyrk má aðeins veita einni sæðingarstöð í sýslu, nema Búnaðarfélag Íslands mæli með því og samþykki landbúnaðarráðherra komi til hverju sinni.

44. Við 55. gr. (sem verður 53. gr.).
a. Fyrri málsgr. orðast svo:
Búnaðarfélögum, búfjárræktarfélögum, tilraunabúum og einstökum bændum, sem færa sönnur á, að þau eða þeir haldi fullkomnar ættartölubækur yfir búfé sitt, er heimilt að fengnu leyfi stjórnar Búnaðarfélags Íslands að gera tilraunir með myndun nýrra búfjárkynja, með blöndun við innlend og erlend búfjárkyn, sem til eru í landinu eða verða flutt til landsins með sæðisflutningum eða á annan hátt.
b. Á eftir síðari málsgr. komi: er heldur sérstaka skrá yfir leyfisveitingar þessar og árangur tilraunanna á hverjum stað. Búnaðarfélag Íslands getur svipt leyfishafa fengnu leyfi, ef hann fullnægir ekki að dómi sauðfjárræktarráðunautar þeim fyrirmælum, er sett verða um þessa starfsemi.

45. Við 56. gr. (sem verður 54. gr.). Upphaf greinarinnar orðist þannig:
Leiði ýtarlegar og margra ára endurteknar tilraunir með blöndun erlendra búfjárkynja við íslenzkt búfé í ljós o. s. frv.

46. Við 57. gr. (sem verður 55. gr.). Fyrir „þeim er óheimilt að selja slíka kynblendinga“ komi: þeim er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt slíka kynblendinga.

47. Við 58. gr. (sem verður 56. gr.). Greinin orðast þannig:
Brot gegn því að verzla með eða afhenda óleyfilega kynblendinga af erlendum kynjum varða sektum, sem aldrei nemi minni upphæð en almennu gangverði hins selda eða afhenta fénaðar. Kynblendinga, sem seldir hafa verið eða afhentir í óleyfi, skal kaupandinn afhenda sýslumanni eða hreppstjóra, sem síðan ráðstafar þeim samkvæmt tillögum Búnaðarfélags Íslands.

48. Við 59. gr. (sem verður 57. gr.). Greinin orðast svo:
Í hverjum hreppi, þar sem ekki er starfandi fóðurbirgðafélag, skulu vera fóðragæzlumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð þeirra á búpeningi. — Sýslunefnd ákveður tölu fóðragæzlumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar. Ef þeir eru fleiri en einn, getur hreppsnefndin skipt hreppnum í jafnmörg fóðragæzluumdæmi, og hefur þá hver fóðragæzlumaður sitt svæði til umsjónar.

49. Við 60. gr. (sem verður 58. gr.). Greinin orðast þannig:
Kjósa skal forðagæzlumenn og jafnmarga varamenn til 4 ára í senn, þegar hreppsnefndarkosningar fara fram. Gilda um kosningu þessa sömu reglur og um hreppsnefndarkosningar.

50. Við 61. gr. (sem verður 59. gr.). Eftirtalin orð í greininni breytast svo:
a. Fyrir „eftirlitsmanni“ komi: forðagæzlumanni. Fyrir „eftirlitsmaður“ komi forðagæzlumaður. Fyrir „Forðagæzlunefnd“ komi: Hreppsnefnd.
b. Aftan við greinina bætast 2 nýjar málsgr., svo hljóðandi:
Forðagæzlumenn skulu gera skýrslu á þar til gerð eyðublöð um það, er lýtur að fóðurásetningi búfjáreigenda, svo sem um fóðurbirgðir, tölu búpenings, skepnuhöld og fyrningar. — Skýrslu þessa skal forðagæzlumaður senda sýslumanni upp úr fardögum fyrir það fardagaár, sem þá er að enda, en sýslumaður leggur þær fyrir næsta sýslufund til athugunar. Skýrslurnar skal að því búnu senda Búnaðarfélagi Íslands, sem vinnur úr þeim í samstarfi við Hagstofu Íslands.
Fyrir starf sitt skulu forðagæzlumenn fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

51. Við 62. gr. (sem verður 60. gr.). Síðari málsliður orðast svo: Þegar slíkt félag er stofnað og tekið til starfa, er forðagæzlumaður leystur frá starfi sínu.

52. Við 66. gr. (sem verður 64. gr.). Fyrir „5“ í c-lið komi: 4.

53. Við 68. gr. (sem verður 66. gr.).
a. Fyrir „sbr. 63. gr.“ kemur: sbr. 61. gr. — og fyrir „sbr. 67. gr.“ kemur: sbr. 65. gr.
b. Fyrir „varið fé úr sjóðnum“ kemur: lánað fé úr sjóðnum.
c. Á eftir síðari málsgr. kemur ný málsgr.:
Til tryggingar láni, er stjórn félagsins eða hreppsnefnd veitir félagsmönnum eða hreppsbúum til að bjarga bústofni þeirra frá yfirvofandi felli, er bústofninn að lögveði fyrir láninu, þar til það er að fullu greitt, þó ekki lengur en 2 ár frá lántökudegi. Lánþegi má ekki selja né ráðstafa á annan hátt bústofninum úr eigu sinni frekar en svo, að jafnan sé næg trygging í eftirstöðvum hans með vöxtum og kostnaði. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum veðböndum.

54. Við 70. gr. (sem verður 68. gr.). Fyrir „66. gr.“ kemur: 64. gr.

55. Á eftir 71. gr. (sem verður 69. gr.) komi 3 nýjar greinar, er verða 70.—72. gr., svo hljóðandi:
a. (70. gr.). Ráðherra er heimilt, hvenær sem hann telur þess þörf, að krefjast skýrslu frá forðagæzlumönnum um það, hverjar horfur séu á fóðuröflun eða fóðurbirgðum í umdæmi þeirra.
b. (71. gr.). Sýni búfjáreigandi mótþróa gegn ráðstöfunum forðagæzlumanns hreppsnefndar eða stjórnar fóðurbirgðafélags honum til hjálpar eða hefur þær að engu, en fénaður hans líður eða fellur úr hor sökum fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi þess, er hafði hann undir hendi, að áliti forðagæzlumanns eða stjórnar fóðurbirgðafélags, er þessum aðilum skylt að tilkynna það tafarlaust sýslumanni, ásamt öllum málavöxtum, eða hreppstjóra og hann tilkynni það aftur sýslumanni.
c. (72. gr.). Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum samkv. 71. gr., skal sæta sektum frá 500 til 5000 kr. eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlumaður, hreppsnefnd eða stjórn fóðurbirgðafélags að gera sýslumanni eða hreppstjóra aðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps, varðar það sektum.

56. Við 72. gr. (sem verður 73. gr.).
a. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
Búnaðarsamböndum er heimilt að ráða til sín búfjárræktarráðunaut, o. s. frv.

b) Síðasti málsliður orðist svo: Sé starfssvið ráðunautar minna en meðalsýslufélag, lækkar framlag ríkisins í hlutfalli við það.

57. Við 74. gr. Fyrir „72. gr.“ kemur: 73. gr.

58. Við 75. gr. Upphaf gr. aftur að tölul. 2 orðist svo:
Verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt skal meðal annars vera sem hér segir:
1. Vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaganna sé framfylgt, stuðla að því, að búnaðarfélögin geri búfjárræktina samhliða jarðræktinni að aðalverkefni sínu, eða að stofnuð verði sérstök búfjárræktarfélög þar, sem þau eru ekki, ef það er líklegra til árangurs. Hafa eftirlit með þessum félögum og leiðbeina og aðstoða við skýrsluhald þeirra.

59. Við 78. gr.
a. Í stað „fyrir aðrar búgreinar en hross“ í fyrri mgr. kemur: fyrir annað búfé en hross.
b. Fyrir „¾“ í síðari mgr. komi: ⅔ — og fyrir „¼“ komi: ⅓.

60. Við 80. gr. Greinin orðist svo:
Landbúnaðarráðherra setur reglugerð í samráði við Búnaðarfélag Íslands, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara.

61. Við 82. gr.
a. Fyrir „kr. 1000.00“ komi: kr. 5000.00.
b. Fyrir „búfjárræktarfélags“ komi: búnaðarfélags.

Nd. 155. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða:

1. *að* III. kafli laga nr. 104 30. desember 1943, um sjúkratryggingar, skuli vera í gildi til ársloka 1948 með þeirri breytingu, að hámark framlaga ríkissjóðs og sveitarsjóða samkv. 47. gr. hækki úr 12 krónum í 18 krónur á ári, grunngjaldið, og að til sama tíma skuli frestað framkvæmd III. kafla laga nr. 50 7. maí 1946, um heilsugæzlu, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndar- og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr., til ríkissjóðsstyrks samkv. 77. gr. helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. um skipun lækna við slíkar stöðvar;
2. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1948 að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi tvöfaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr.;
3. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1948 að greiða styrki til læknisvitjanasjóða samkv. lögum nr. 59 1942, samtals allt að 100 þús. krónum auk vísitöluuppbótar, enda skiptist upphæðin milli sjóðanna að fengnum tillögum landlæknis;
4. *að* iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 112. gr. skuli á árinu 1948 lækka um 25% á II. verðlagssvæði og að þessi lækkun megi einnig ná til ársins 1947, enda eigi aðilar ekki rétt til endurgreiðslu greiddra iðgjalda fyrr en í sambandi við iðgjaldagreiðslur á árinu 1948;
5. *að* iðgjöld samkv. 107. gr. og 112. gr. og framlög sveitarfélaga samkv. 114. gr. skuli á árinu 1948 **innheimt með vísitöluálagi**, er miðist við 315 vísitölustig,

og að grunnupphæð heildarframlags sveitarfélaganna til tryggingasjóðs samkv. 114. gr. skuli á árinu lækka niður á 3.6 millj. króna;

6. *að* skrár þær, er sveitarstjórnum ber að gera samkv. 118. gr., skuli á árinu 1948 vera fullgerðar einum mánuði fyrr en greinin ákveður og annað eintak þeirra sent hlutaðeigandi innheimtumanni, svo og, að afhendingu nýrra tryggingaskírteina megi á árinu 1948 fresta, eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota skírteini ársins 1947, meðan sú frestun varir;
7. *að* bráðabirgðaákvæði 11 skuli vera í gildi til ársloka 1948;
8. að vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1948 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1949;
9. *að* lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1948 vera 5 kr. á mánuði;
10. *að* iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðastjóra skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum, er gangi fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs, og að iðgjöld samkvæmt sömu grein vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skuli hafa sams konar veðrétt í eignum þessum;
11. *að* rannsókn sú, er um ræðir í 7. tölulið bráðabirgðaákvæða, skuli hafin eigi síðar en í byrjun ársins 1948 og að heildarendurskoðun laganna skuli hafin á síðari hluta ársins 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 89 1946, um viðauka við lög um almannatryggingar.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkv. ósk hæstv. félagsmálaráðh. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartill. eða að fylgja breytingartill., er fram kunna að koma við frv.

Enn fremur leyfir nefndin sér að birta bréf Tryggingastofnunar ríkisins til félagsmálaráðh. sem greinargerð með frv., og er það svo hljóðandi:

29. nóvember 1947.

Eins og yður, hæstv. herra félagsmálaráðherra, er kunnugt um, hefur heilbrigðisstjórnin eigi talið fært að ráða eða skipa aukalækna samkv. 82. og 83. gr. almannatryggingalaganna að svo stöddu, þannig að þeim yrðu greidd laun úr ríkissjóði, og eigi heldur sett gjaldskrá þá vegna fjórðungsgjalds sjúklinga til lækna, sem um ræðir í 85. gr. laganna, sbr. bréf vort til ráðuneytisins, dags. 6. ágúst s. l.

Samkvæmt munnlegri ósk heilbrigðismálaráðherra höfum vér þó leitað samninga við stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur samkvæmt 2. málsgr. 85. greinar.

Viðræðum við stjórn Læknafélags Íslands er svo skammt á veg komið, þar sem stjórnin telur sér nauðsynlegt að hafa samráð við lækna úti um land, að enn er alveg óséð um árangur. Við stjórn Læknafélags Reykjavíkur höfum vér rætt á þeim grundvelli, að samningi félagsins við Sjúkrasamlag Reykjavíkur yrði breytt til samræmis við ákvæði greinarinnar um fjórðungsgjald, þannig að heildartekjur fastra heimilislækna, þ. e. fastagjald, aukagreiðslur og fjórðungsgjald frá sjúklingum samkvæmt gjaldskrá, yrðu á næsta ári sem næst því hinar sömu og þær voru árið 1946, að viðbættri hækkun vegna fólksfjölgunar og vísitöluhækkunar. Samningar hafa enn eigi tekizt, enda hefur gjaldskrá, eins og áður segir, enn eigi verið sett. Vér verðum því að líta svo á, að mjög litlar líkur séu til þess, að nýir samningar verði á komnir og gjaldskrá sett svo fljótlega, að samningarnir geti komið til framkvæmda um næstu áramót.

Með bréfi, dags. 19. september s. l., hefur félagsmálaráðuneytið óskað eftir því, að tryggingaráð tæki til athugunar, hvort það vilji nú þegar gera tillögur um minni háttar breytingu á almannatryggingalöggjöfinni.

Af tilefni bréfs þessa og með tilliti til þess, sem áður er sagt, hefur tryggingaráð undanfarið á nokkrum fundum rætt um breytingar á einstökum atriðum laganna, sérstaklega í sambandi við framkvæmd þeirra á næsta ári, þar á meðal einnig um frestun á framkvæmd III. kafla, um heilsugæzlu.

Á fundi tryggingaráðs hinn 25. þ. m. er fært til bókar það, sem hér fer á eftir:

„Forstjóri lagði fram frv. til laga um viðaukalög við almannatryggingalögin, og var fyrri grein þess í 11. töluliðum samþykkt í einu hljóði lið fyrir lið, svo og önnur grein. Enn fremur var samþykkt svo hljóðandi ályktun í einu hljóði:

Um leið og tryggingaráð fellst á frumvarpið í heild og mælir með því, að það verði samþykkt á Alþingi, vill það taka fram, að það telur rétt, að í sambandi við þá endurskoðun á almannatryggingalögunum, sem í frumvarpinu greinir, verði tekin til rækilegrar athugunar niðurfelling á ákvæðum 85. gr. um fjórðungsgjald.

Helgi Jónasson tekur þó fram, að þó hann fylgi þessu frumvarpi, þá telji hann sig ekki skuldbundinn til þess að vera á móti öðrum tillögum til breytingar á lögunum. Sigfús Sigurhjartarson gerir sama fyrirvara."

Með tilvísun til framanritaðs leyfum vér oss hér með að óska þess, að þér, hæstvirti herra félagsmálaráðherra, leggið fyrir Alþingi það, er nú situr, eða hlutizt til um, að lagt verði fyrir það meðfylgjandi frumvarp til laga um viðaukalög við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og beitið áhrifum yðar til þess, að það verði samþykkt svo fljótt sem unnt er.

Um einstakar greinar og töluliði frumvarpsins viljum vér taka þetta fram:

Um 1. gr. 1.

Hér er lagt til, að framkvæmd heilsugæzlu samkv. III. kafla laganna verði frestað um eitt ár og að sjúkrasamlögin haldi áfram störfum til ársloka 1948 samkvæmt gildandi lögum með þeirri breytingu einni, að hámark framlaga ríkissjóðs og sveitarsjóða hækki úr 12 krónum upp í 18 krónur, grunngjaldið, á ári fyrir hvern meðlim. Framlög þessi mega þó aldrei vera hærri en sem nemur þriðjungi iðgjaldsins. Nær hækkunin því aðeins til þeirra samlaga, sem taka ca. 10 króna iðgjald á mánuði eða hærra, og nægir sem þriðjungsgreiðsla, meðan iðgjöldin fara ekki fram úr 15 krónum á mánuði, hvort tveggja miðað við núverandi vísitölu, 326 stig.

Vegna hinnar miklu hækkunar, sem orðið hefur á sjúkrahúskostnaði samlaganna og fleiri útgjaldaliðum þeirra, taka nær öll kaupstaðasamlögin og nokkur fleiri nú þegar hærri iðgjöld en 10 krónur á mánuði. Ekki verður með vissu sagt, hversu miklu hækkun þessi nemur fyrir ríkissjóð og sveitarsjóði, en ætla má, að hún nemi nálægt 800 þús. krónum á hvorn þessara aðila frá því, sem nú er. Gert er ráð fyrir, að ákvæði laganna um rétt sveitarfélaga til styrks úr ríkissjóði til þess að koma á fót lækninga- og heilsuverndarstöðvum og um skipun lækna við slíkar stöðvar taki gildi um áramót, svo að framkvæmdir í þeim efnum þurfi eigi að tefjast.

Um 1. gr. 2.

Í 85. gr. laganna er svo fyrir mælt, að Tryggingastofnunin skuli greiða fjórðungsgjaldið fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Hér er lagt til, að Tryggingastofnunin greiði iðgjöld til sjúkrasamlaga fyrir þessa aðila, ef tekjur hlutaðeiganda eru ekki hærri en svo, að hann eigi rétt til óskerts lífeyris. Missa þá þessir aðilar einskis við frestunina. Þess má geta, að ýmis sveitarfélög munu hafa greitt sjúkrasamlagsiðgjöld fyrir gamalmenni og öryrkja, og léttir því nokkuð á þeim, ef þessi liður verður samþykktur. Ætla má, að kostnaður Tryggingastofnunarinnar samkvæmt þessum lið verði um eina milljón króna á árinu.

Um 1. gr. 3.

Samkvæmt 94. gr. ber Tryggingastofnuninni að leggja fram árlega 100 þús. krónur auk verðlagsuppbótar til sérstakra læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóða, sem stofna skal samkv. lögunum.

Með tilliti til þess, hversu miklir erfiðleikar og kostnaður er því samfara í dreifbýlinu að vitja læknis og flytja sjúklinga á sjúkrahús, þykir ekki fært að fresta framkvæmdum í þessu efni. Er hér lagt til, að styrk þessum verði skipt milli læknisvitjanasjóða þeirra, er nú hafa verið eða stofnaðir verða samkv. eldri lögum.

Um 1. gr. 4.

Hér er lagt til, að sami munur verði gerður á iðgjöldum atvinnurekenda á I. og II. verðlagssvæði og nú er gerður á persónuiðgjöldum samkvæmt 107. gr., þ. e. að þessi iðgjöld verði einnig 25% lægri á II. verðlagssvæði en á I. Lífeyrisgreiðslur eru samkv. lögunum einnig fjórðungi lægri á II. verðlagssvæði, og sama er um ýmsar aðrar tegundir bóta. Þykir því rétt að koma nú þegar á samræmi í þessu efni. Til hægðarauka er gert ráð fyrir, að sá hluti iðgjaldsins fyrir 1947, sem endurgreiða ber samkv. tölulið þessum, verði greiddur í sambandi við innheimtu iðgjaldanna á næsta ári.

Um 1. gr. 5.

Með viðaukalögum nr. 89 frá 1946 var ákveðið, að iðgjöld þau, sem hér um ræðir, svo og framlög sveitarfélaganna skyldu innheimt á yfirstandandi ári með vísitöluálagi, er svaraði til 300 stiga vísitölu. Var þetta gert til þess, að hægt yrði að ákveða iðgjöldin svo snemma, að innheimta gæti hafizt þegar um áramót. Enn er sama nauðsyn á að hraða ákvörðun iðgjalda fyrir næsta ár, svo að innheimtan tefjist eigi. Er hér lagt til, að miðað verði við 315 stiga vísitölu, og er þá miðað við það, sem ætla má, að meðalvísitalan fyrir árið 1947 verði. Þá er og lagt til, að heildarframlag sveitarfélaganna verði lækkað um 900 þús. króna grunnupphæð, vegna þess að heilsugæzlan kemur eigi til framkvæmda á árinu, og ákveðið hið sama og á yfirstandandi ári, að viðbættri vísitöluhækkun.

Um 1. gr. 6.

Hér er lagt til samkv. tilmælum innheimtumanna, að skrár þær um heimilisfasta menn á aldrinum 16—67 ára, sem sveitarstjórnum ber að semja, verði tilbúnar 1. febrúar í stað 1. marz, í Reykjavík þó 1. apríl í stað 1. maí.

Telja innheimtumenn þessa breytingu til mikils hægðarauka og léttis við iðgjaldaálagningu og fyrir fram innheimtu. Þá er og lagt til, að eigi þurfi að afhenda ný tryggingaskírteini strax í ársbyrjun 1948, heldur megi fresta afhendingunni fram eftir árinu.

Meðan ekki er séð, hvort heilsugæzla kemur til framkvæmda samkvæmt lögunum eða henni verður frestað, þykir ekki tiltækilegt að prenta ný skírteini, enda nú svo áliðið, að varla verður hægt að ljúka prentun skírteina og færa inn á þau nöfn skírteinishafa og iðgjöld fyrir janúarlok n. k. Hins vegar hafa innheimtumenn talið framkvæmanlegt að nota áfram skírteini ársins 1947.

Um 1. gr. 7.—9.

Ákvæði þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 1. gr. 10.

Í alþýðutryggingalögunum frá 1943 voru ákvæði um lögveð í skipum fyrir iðgjöldum atvinnurekenda til slysatryggingarinnar vegna sjómanna. Af vangá féllu þessi ákvæði niður, þegar lögin um almannatryggingar voru afgreidd, en innheimtumenn telja óhjákvæmilegt að hafa slík ákvæði í lögunum, a. m. k. til tryggingar iðgjöldum atvinnurekenda vegna sjómanna og bifreiðarstjóra, vegna hinna tíðu eigendaskipta á bifreiðum og skipum.

Er hér lagt til, að tekin verði slík lögveðsákvæði í lögin og þau einnig látin ná til iðgjalda vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja.

Um 1. gr. 11.

Samkv. 7. bráðabirgðaákvæði almannatryggingalaganna ber að ljúka endurskoðun á ákvæðum laganna um bótaupphæðir og verðlagssvæði eigi síðar en fyrir árslok 1950, enda hafi áður farið fram rannsókn á raunverulegum framfærslukostnaði á hæfilega mörgum stöðum á landinu. Með tilliti til þeirra óska og ábendinga, sem fram hafa komið um breytingar á ýmsum ákvæðum laganna, þykir rétt að hefja endurskoðunina svo fljótt sem nokkur kostur er á með tilliti til þess, að nægileg reynsla sé fengin af framkvæmd þeirra, og að endurskoðunin verði eigi bundin við þau ákvæði ein, sem að framan getur. Síðari hluta næsta árs liggja væntanlega fyrir skýrslur og reikningar fyrir árið 1947, og þá ætti einnig að vera hægt að fá sæmilegt yfirlit yfir a. m. k. fyrra missiri ársins 1948.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um fjárhagshlið frumvarpsins, að því er ríkissjóð varðar, skal þetta tekið fram:

Verði frumvarpið samþykkt, lækkar framlag ríkissjóðs, vegna frestunar heilsugæzlu, til tryggingasjóðs samkv. 116. gr. um ca. 5.2 millj. króna, eða niður í ca. 18.1 milljón, og áætlað aukaframlag og greiðslur til aukalækna, sbr. bréf vort, dags. 6. okt., geta þá fallið niður. Hins vegar þarf þá að taka upp framlag til sjúkrasamlaga, sem vér áætlum ca. 3.4 millj. króna, og vegna iðgjaldagreiðslna fyrir gamalmenni og öryrkja, sbr. 2. tölulið, og vegna læknisvitjanasjóða ca. 1.2 milljón. Jafnframt er þess að gæta, að um kostnað vegna berklasjúklinga o. fl. fer þá á næsta ári eftir lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Að lokum leyfum vér oss að benda á, að nauðsynlegt er, að frumvarpið fái afgreiðslu hið fyrsta vegna áramótaframkvæmda og eigi síðar en fyrir miðjan desember n. k.

Tryggingastofnun ríkisins.

Til hr. félagsmálaráðherra Stefáns Jóh. Stefánssonar, Reykjavík.

Ed. 156. Frumvarp til laga

um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Með lögum þessum er landbúnaðarráðherra heimilt að láta flytja til landsins búfé, önnur dýr og búfjársæði, eftir þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum og þeim reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra getur þó því aðeins notað heimild 1. gr. þessara laga, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn, enda sé farið eftir tillögum ráðunauta í hlutaðeigandi búfjárgrein, eftir því sem við verður komið, um val fénaðarins, sem fluttur er til landsins.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður, hvaða búfjártegundir og frá hvaða landi og héraði búféð er keypt, enda leiti yfirdýralæknir upplýsinga hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda búfjár um, að þar séu eigi til staðar þeir búfjársjúkdómar, er sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

3. gr.

Allan kostnað við kaup búfjárins skal greiða úr ríkissjóði, enda sé hið innflutta búfé eign ríkisins.

4. gr.

Áður en búfé eða önnur dýr eru flutt inn samkvæmt lögum þessum, skal ríkið byggja sóttvarnarstöð, svo og setja saman bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur, þar sem hins innflutta fénaðar er gætt og hann ræktaður eins og lög þessi mæla fyrir um og þær reglugerðir, sem eftir þeim verða settar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að kaupa eða leigja eyju eða eyjar til þessara þarfa.

5. gr.

Þegar búfé er keypt til innflutnings, skal hver einstök skepna skoðuð af viðurkenndum dýralækni, áður en hún er flutt úr landi, og skal vottorð um þá skoðun fylgja skepnunni hingað til lands. Enn fremur skal íslenzkur dýralæknir vera við skoðunina og hafa eftirlit með skepnunum á leiðinni til landsins.

Áður en fénaðurinn er fluttur úr landi, þar sem hann er keyptur, skal hann einangraður eigi skemur en 4 vikur undir eftirliti dýralæknis.

Áður en búféð er flutt í land, skal yfirdýralæknir skoða það og athuga heilbrigðisvottorð þess. Reynist ekkert athugavert við heilsufar búfjárins að lokinni skoðun yfirdýralæknis, skal skipa búfénu á land þar, sem sóttvarnarstöð ríkisins er, sbr. 4. gr., og er með öllu óheimilt, hvernig sem á stendur, að setja það á land annars staðar.

6. gr.

Einangra skal hið innflutta búfé á sóttvarnarstöðinni 16 vikna tíma undir stöðugu eftirliti yfirdýralæknis. Að þeim tíma liðnum ákveður yfirdýralæknir, hvort það skuli leyst úr sóttkví og látið ganga með búfé sömu tegundar á eynni eða haldið lengur í sóttkví.

Aldrei má flytja búfé af búi ríkisins á eynni í land eða á aðrar eyjar, þar sem búfé hefur samgang við búfé í landi.

Heimilt er þó með leyfi landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögur yfirdýralæknis, að flytja til landsins hunda, refi og önnur ræktuð rándýr, að loknum ákveðnum einangrunartíma.

7. gr.

Með sérstakri reglugerð skal ákveða allt, sem lýtur að rekstri búsins, sbr. 4. gr., þar á meðal, hvaða afurðir megi selja frá búinu í land og í hvernig ástandi, hvernig samgöngum við eyna verði örugglegast komið fyrir til að fyrirbyggja, að sjúkdómar, sem upp kynnu að koma, berist í land, svo og annað, er varðar búreksturinn og lýtur að því að gera hann sem nothæfastan fyrir landsmenn.

8. gr.

Á búi ríkisins á eynni skal hreinræktað hið erlenda búfé, en auk þess má gera þar hvers konar tilraunir með blöndun þess með innlendu búfé, eftir tillögum ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í hlutaðeigandi búgreinum.

9. gr.

Bústjórinn á eynni skal ráðinn með sérstöku erindisbréfi af landbúnaðarráðherra eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og samþykki yfirdýralæknis. Skal hann sjá um og vera ábyrgur fyrir því, að öllum fyrirmælum um einangrun fénaðarins sé hlýtt út í æsar og að starfsemin fari nákvæmlega eftir lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirmælum, sem um þetta verða gefin.

10. gr.

Eftir að hið innflutta búfé hefur verið í eitt ár í einangrun með íslenzku búfé, má, ef það er heilbrigt og grunsamlegir sjúkdómar hafa ekki komið fram í hinum innlenda bústofni, sem með því hefur gengið, flytja sæði úr því til lands. Skal það gert eftir þeim varúðarreglum, er yfirdýralæknir setur, og af þeim mönnum, er hann samþykkir.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, allt að 20000 kr., og stöðumissi, ef sjúkdómur berst til lands vegna vanrækslu ábyrgra aðila, ef ekki liggur þyngri refsing við að lögum.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 8. sept. 1931, lög nr. 45 19. júní 1933, lög nr. 8 25. júlí 1934 og lög nr. 16 28. maí 1941.

Greinargerð.

Landbúnaðarráðherra hefur sent nefndinni frumvarp þetta, eins og það var samþykkt í efri deild á síðasta þingi, og óskað eftir, að nefndin flytti það.

Við þessum tilmælum vill nefndin verða, og þykir rétt að prenta nú greinargerð þá, er fylgdi frumvarpinu í fyrra, er það var lagt fyrir Alþingi, en hún hljóðar svo:

„Landbúnaðarnefnd var sent frumvarp þetta frá búnaðarþingi með þeirri ósk, að nefndin flytti það. Þegar nefndin hafði athugað frumvarpið, ákvað hún að verða við ósk búnaðarþings og flytja málið, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um atkvæðagreiðslu.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu frá búnaðarþingi:

„Búfjárræktarnefnd hefur athugað frumvarp til laga um innflutning búfjár, sem samið hafði verið af ráðunautunum Gunnari Bjarnasyni og Halldóri Pálssyni og lagt fyrir búnaðarþing.

Nefndin hefur samið frumvarpið upp að nýju, en stuðzt í aðalatriðum við frumvarp það, er lá fyrir nefndinni, en tók jafnframt til athugunar þá þrjá kafla frumvarps til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, er lagt var fyrir Alþingi í október 1946, er fjölluðu um innflutning búfjár og sóttvarnarstöð.

Nefndin lítur svo á, að nauðsyn beri til að sett verði heilsteypt löggjöf um innflutning búfjár og annarra dýra og óviðunandi sé að búa við þau lög, er nú eru í gildi um þetta efni.

Verði frumvarp það, sem hér liggur fyrir, að lögum, lítur búfjárræktarnefnd svo á, að löggjafinn hafi búið svo vel um hnútana, að eigi þurfi að óttast, að sjúkdómar berist í búfé landsmanna, þótt erlent búfé yrði flutt inn, ef ákvæðum laganna verður trúlega fylgt.

Búfjárræktarnefnd álítur, að búfjárrækt landsmanna geti hagnazt á því, að flutt verði inn erlend búfjárkyn, en treystir því, að Búnaðarfélag Íslands og Búnaðardeild Atvinnudeildar háskólans láti gera ýtarlegar tilraunir með, hvaða árangur kynblöndun milli innlendra og erlendra kynja gefi, áður en erlendum búfjárkynjum verði blandað við innlent búfé hjá bændum yfirleitt.

Þannig samþykkt á búnaðarþingi 13. marz 1947 með 20 samhljóða atkvæðum.“ “

Ed. **157. Frumvarp til laga**

um sölugjald af jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Jörð merkir í lögum þessum hvert það býli, heimajörð eða hjáleigu, utan kaupstaða og kauptúna, sem metið er sérstaklega til verðs samkvæmt fasteignamati og talið er sérstaklega í fasteignamatsbók, eða metið sem jörð í millimati.

2. gr.

Greiða skal gjald af söluverði jarða eftir þeim reglum, er hér segir:

Af söluverði, sem er			400—500%	umfram	fasteignamat,	greiðist	10%	þeirrar upphæðar.
—	—	—	500—600%	—	—	—	20%	— —
—	—	—	600—700%	—	—	—	30%	— —
—	—	—	700% og hærra	umfram	fasteignamat	—	40%	— —

Nú er seldur aðeins hluti úr jörð eða einstakar byggingar eða ræktunarlóðir, og ágreiningur verður um fasteignamat hins selda hluta, þá skulu viðkomandi úttektarmenn (aukamatsmenn) ákveða fasteignamatsverð þess hluta jarðarinnar, sem seldur er.

3. gr.

Hafi verið gerðar verulegar umbætur á jörðum, eftir að síðasta fasteignamat fór fram, en aukamat þeirra umbóta ekki verið framkvæmt, getur seljandi óskað aukamats á umbótunum. Leggst þá sú matsupphæð við fasteignamatsverð jarðarinnar, og skal sölugjaldið þá reiknað út samkvæmt því verði.

Um aukamat samkvæmt 2. og 3. gr. þessara laga fer eftir lögum nr. 70 12. apríl 1945, um fasteignamat.

4. gr.

Seljandi jarðar greiðir sölugjaldið. Skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti innheimta gjaldið, og ber seljanda að tilkynna honum söluna eigi síðar en innan tveggja mánaða, frá því að kaupsamningur var gerður. Gjalddagi sölugjalds er, þegar afsal er út gefið, þó aldrei síðar en 15 mánuðum frá dagsetningu kaupsamningsins. Vanræki seljandi að tilkynna sölu jarðar innan þess tíma, er að framan getur, eða gefi upp rangt söluverð, skal hann greiða fimmfalt raunverulegt sölugjald. Ekki verður afsali fyrir jörð þinglýst, fyrr en sölugjaldið er greitt.

Sölugjöld samkvæmt lögum þessum hafa lögtaksrétt.

5. gr.

Sölugjald það, sem innheimtist samkvæmt lögum þessum, skal renna til viðkomandi sveitarfélags og leggjast þar í sérstakan sjóð, er nefnist fasteignasjóður. Skal hann vera eign sveitarfélagsins og í vörzlu og ábyrgð sveitarstjórnar. Fé sjóðsins, sem ekki er fest samkvæmt 6. gr., skal ávaxta í tryggri peningastofnun eða öruggum fasteignaveðslánum, eftir því sem samrýmzt getur hlutverki hans. Má lánsupphæð aldrei vera hærri en fasteignamat fasteignar þeirrar, sem lánað er út á, og skulu lánin jafnan vera tryggð með 1. veðrétti. Lán úr sjóðnum skulu uppsegjanleg með misseris fyrirvara. Leita skal samþykkis sýslunefndar fyrir lánveitingum þessum. Reikningur fasteignasjóðs skal gerður upp og endurskoðaður samtímis reikningum sveitarsjóðs og samþykktur með sama hætti.

6. gr.

Hlutverk fasteignasjóðs er:

a. Að kaupa fasteignir og lóðir innan sveitarfélagsins, eftir því sem sveitarstjórn telur til hagsbóta.
b. Að leggja fram fé til umbóta á jarðeignum, sem sveitarfélagið kann að eiga, eftir tillögum trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands eða héraðsráðunauts.
c. Þurfi eigi að nota sjóðinn til framangreindra verkefna, má verja hluta af honum til jarðræktarvélakaupa og annarra sameiginlegra ræktunarumbóta innan sveitarinnar, hvort tveggja eftir tillögum hlutaðeigandi búnaðarfélags.

Leita skal samþykkis viðkomandi sýslunefndar til framangreindra ráðstafana á fé sjóðsins.

7. gr.

Verði matsverði fasteigna breytt frá gildandi fasteignamati til samræmis við verðgildi peninga, sbr. 1. gr. laga nr. 70 12 apríl 1945, um fasteignamat, skal ráðherra með reglugerð gera tilsvarandi breytingar á sölugjaldsstiga 2. gr. laga þessara, þannig að hlutföll sölugjalds við núgildandi matsverð raskist ekki.

8. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Greinargerð.

Atvinnumálaráðuneytið hefur sent nefndinni frumvarp þetta og óskað þess, að hún flytti það. Landbúnaðarnefnd vill verða við beiðni þessari, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við frv. eða fylgja breytingartill., sem kunna að koma fram við það.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv.:

Á búnaðarþingi 1945 var kosin milliþinganefnd til þess að gera tillögur, er miði að því að hindra varhugaverða verðhækkun á jörðum o. fl. Nefndina skipuðu þeir Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður, Jens Hólmgeirsson skrifstofustjóri og Jóhannes Davíðsson bóndi að Neðri-Hjarðardal. Framangreint frumvarp til laga um sölugjald af jörðum hefur nefndin samið, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Á búnaðarþingi 18. marz 1945 var kosin milliþinganefnd til þess „að gera tillögur, er miði að því að hindra varhugaverða verðhækkun á jörðum og enn fremur á lóðum og lendum í kaupstöðum og öðru þéttbýli."

Í nefndina voru kosnir Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður, Jóhannes Davíðsson bóndi Neðri-Hjarðardal og Jens Hólmgeirsson skrifstofustjóri í Reykjavík.

Nefndin hélt fyrsta fund sinn 12. ágúst 1945. Formaður var kosinn Jens Hólmgeirsson og ritari Þorsteinn Þorsteinsson.

Með því að nefndinni var kunnugt um, að Alþingi 1943 hafði skipað milliþinganefnd til þess að gera tillögur um lóða- og jarðeignamál í kaupstöðum og kauptúnum og sú nefnd hafði skilað áliti til ríkisstjórnarinnar í septemberlok 1944, ákváðu nefndarmenn þegar á fyrsta fundi sínum að láta athuganir sínar og tillögur aðeins ná til þeirra jarða, sem taldar eru sérstök býli í fasteignamatsbók og liggja utan við takmörk kaupstaða og kauptúna.

Í ágúst 1945 skrifaði nefndin öllum sýslumönnum landsins og óskaði upplýsinga hjá þeim um sölu á jörðum frá ársbyrjun 1938. Einnig skrifaði hún stjórnum allra hreppabúnaðarfélaga og óskaði álits þeirra um málið, svo og tillagna um ráðstafanir til þess að hindra varhugaverða verðhækkun á jörðum. Einnig var beðið um upplýsingar, ef til væru, um leigukjör á jörðum í einstaklingseign síðustu 3—5 árin. Bréfin voru send út seint í ágúst og svars óskað fyrir 15. nóv. sama ár.

Var nú gert hlé á nefndarstörfum þar til 22. febr. 1946, en þá var unnið daglega að málinu til 8. n. m. Þá var aftur felld niður vinna, en jafnframt ákveðið að hefja hana á ný svo tímanlega, að hægt yrði að skila nefndaráliti í byrjun búnaðarþings 1947. Vegna þinganna Þorsteins Þorsteinssonar í febrúar og marz 1946 gat hann eigi starfað í nefndinni. Eftir tillögum hans og í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands tók Páll Pálsson bóndi á Þúfum sæti Þorsteins í nefndinni fyrrgreint tímabil.

Nefndinni bárust skýrslur um jarðasölu úr 13 sýslum og bréf frá stjórnum 23 hreppabúnaðarfélaga. Fer hér á eftir stuttur útdráttur úr svörum þessum, og skal byrjað á skýrslum sýslumannanna.

Í þeim 13 sýslum, sem skýrslurnar ná til, höfðu orðið liðlega 1400 jarðasölur frá ársbyrjun 1938. Svarar það til, að rúmlega þriðja hver jörð á þessu svæði hafi skipt um eiganda. Auk þess höfðu verið seldar nokkrar jarðir og jarðapartar, sem eigi var unnt að taka með í yfirliti nefndarinnar vegna ónógra upplýsinga. Af þessum liðlega 1400 jörðum voru að aflokinni sölu 879 jarðir teknar í sjálfsábúð, 106 í leiguábúð, 60 voru í eyði, og á 357 jörðum var tegund ábúðar ekki tilgreind. Hæsta söluverð var seytjánfalt fasteignamat. Fyrir þrefalt fasteignamat og meira voru seldar 186 jarðir. Á 60 jörðum var söluverð ekki tilgreint. Auk þess var talsvert um sölu á jarðapörtum, hitaréttindum, veiðiréttindum og öðrum hlunnindum, sem ekki var hægt að gera á samanburð við fasteignamatið, og eru þær sölur því ekki taldar með í þessum útdrætti. Ekki er ólíklegt, að þessar sölur hafi verið háar. Sömuleiðis má gera ráð fyrir, að tilgreint söluverð sé á nokkrum stöðum lægra en sú upphæð, sem raunverulega var greidd.

Jarðasölurnar skiptast þannig á sýslurnar, sem yfirlitið nær til:

	Jarðasölur alls	Ótilgreint verð	Verð þrefalt fasteignamat og þar yfir
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	149 jarðir	14 jarðir	45 jarðir
Snæf. og Hnappadalssýsla	84 —	2 —	10 —
Dalasýsla	72 —	10 —	15 —
Barðastrandarsýsla	144 —	0 —	5 —
Ísafjarðarsýslur	131 —	2 —	17 —
Eyjafjarðarsýsla	158 —	8 —	11 —
Norður-Múlasýsla	105 —	0 —	8 —
Suður-Múlasýsla	39 —	0 —	0 —
Skaftafellsýslur	50 —	0 —	10 —
Rangárvallasýsla	151 —	3 —	18 —
Árnessýsla	316 —	21 —	31 —
Gullbr.- og Kjósarsýsla (5 hr.) ...	33 —	0 —	16 —
Samtals	1402 jarðir	60 jarðir	186 jarðir

Samandreginn útdráttur úr bréfunum frá stjórnum hreppabúnaðarfélaganna er á þessa leið:

16 félög telja umbóta þörf frá núverandi ástandi, en leggja mismunandi sterka áherzlu á umbótaþörfina.

4 félög telja enga þörf umbóta, eitt þeirra þó með fyrirvara varðandi lóðir í kaupstöðum og kauptúnum og jarðir þar í grennd.

3 félög segja ekkert um þetta atriði.

Af tillögum og bendingum til umbóta má telja þetta helzt:

12 félög vilja, að söluverð jarða miðist við fasteignamat með álagi og breytingum vegna verðfalls peninga, svo og vegna umbóta á jörðunum.

6 félög vilja opinbera eign á jörðum (ríkis eða sveitarfélaga).

4 félög vilja opinbera eign á lóðum og löndum í kaupstöðum og kauptúnum.

3 félög telja óðalsrétt á jörðum æskilegan, 1 félag telur hann ranglátan.

1 félag telur verðhækkunarskatt æskilegan.
1 félag er með söluskatti á jörðum, og 1 félag mælir á móti honum.
1 félag vill, að kaupandi jarðar fyrirgeri eignarétti sínum á jörðinni, ef hann situr hana ekki sjálfur. Þá fái sveitarstjórn kaupréttinn.

Þá skýra búnaðarfélögin frá allmörgum dæmum um erfið leiguliðakjör á jörðum í einkaeign, hvað snertir hátt afgjald og ótryggan ábúðarrétt.

Af framangreindum gögnum, svo og öðrum þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér um þessi mál, þar á meðal með samtölum við athugula menn úr ýmsum héruðum landsins, virðist mega draga eftirgreindar ályktanir:

1. Að hlutfallslega sé mikið um jarðasölu fyrir óeðlilega hátt verð, einkum í nærsveitum Reykjavíkur og í grennd við aðra vaxandi kaupstaði og kauptún.
2. Að hið háa jarðarverð torveldi mjög heilbrigðan búrekstur á mörgum jörðum. Auk þess fylgir því venjulega mikill fjárflótti úr sveitunum, þar sem flestir seljendur jarðanna hafa flutzt til kaupstaðanna.
3. Að talsvert kveði að því, að „eignamenn" utan sveitanna og þá einkum Reykjavík, kaupi hlunnindajarðir (veiði, jarðhita o. fl.), svo og jarðir, sem vegna legu sinnar og annarra gæða eru líklegar til að hækka í verði, án þess að búa á jörðunum eða taka sér þar lögheimili.
4. Að leiguliðar á mörgum þessum eignarjörðum utansveitarmanna hafi mjög erfið ábúðarkjör. Víða greiða þeir mjög hátt afgjald og hafa oftast enga vissu um trygga ábúð, auk þess sem ýmis hlunnindi, þar sem þau eru til, eru stundum tekin undan jörðunum.
5. Að það er álit margra manna víðs vegar um landið, að ástandið í þessum málum sé orðið svo alvarlegt á ýmsum stöðum á landinu, að knýjandi þörf sé á gagngerðum umbótum, þótt menn að sjálfsögðu greini talsvert á um heppilegustu lausnir á málinu.

Að þessu athuguðu komst nefndin að þeirri niðurstöðu að miða tillögur sínar við það tvennt:

a. Að torvelda, eftir því sem unnt er, að einstakir menn, einkum utan sveitanna, geti náð eignarhaldi á jörðunum án þess að sitja á þeim eða reka búskap sjálfir, þar eð slík kaup hafa oft leitt til þess, að þeir, sem á jörðunum vilja sitja, hafa ekki getað búið þar við sæmileg lífskjör og viðeigandi ábúðaröryggi.
b. Að halda verði jarðanna innan hæfilegra takmarka, svo að auðveldara sé að stunda á þeim búskap, og torvelda jafnframt fjárflótta úr sveitunum í sambandi við sölu á jörðum.

Skal nú farið nokkrum orðum um hvort þessara atriða.

Varla verður um það deilt, að það ástand í jarðeignarmálunum er mjög hættulegt, að einstakir menn utan sveitanna, sem engan áhuga hafa á jarðræktarmálum, eigi meira eða minna af jörðunum. Nefndinni eru kunn ýmis dæmi um erfiða aðbúð sumra þessara jarðeigenda að leiguliðum sínum, þótt í því efni séu að sjálfsögðu til margar heiðarlegar undantekningar. Vandfundin verða og rök fyrir því, að réttur þessara manna í þjóðfélaginu sé fyrir borð borinn, þótt hamlað sé gegn því, að þeir geti eignazt meiri og minni jarðaítök úti um sveitir landsins og öðlazt með því aðstöðu til að hafa veruleg áhrif til hins verra á afkomu og lífskjör þeirra manna, sem á jörðunum búa. Það þætti að vonum lítt þolandi, ef t. d. bóndi norður í Skagafirði ætti verulegan hluta af byggingarlóðum hér í Reykjavík og gæti í skjóli þess eignarréttar síns sagt fyrir um, hvernig nota ætti lóðirnar og hvaða leiga skyldi greidd fyrir þær. Þetta tilbúna dæmi er sambærilegt því ástandi, sem allmjög ríkir í jarðeignarmálum sveitanna og í vaxandi mæli, með þeim afleiðingum, sem áður hefur verið greint frá. Það er því óhjákvæmileg nauðvörn sveitanna að sporna við þessari tegund af ásælni. Auk þess ætti það að vera unnendum sveitanna metnaðarmál, að fólkið, sem þær byggir, hafi eðlilegan umráðarétt yfir jörðununm. Nú eru flestir á einu máli um, að sjálfsagt sé, að kaupstaðir og kauptún eigi og ráði yfir löndum sínum og lóðum eða hafi þær í sanngjarnri og óuppsegjanlegri leigu. Í raun og veru

gilda sömu lögmálin um jarðir í sveitum. Fólkið, sem á jörðunum býr, þarf að hafa eignar- eða umráðarétt yfir þeim, innan þess ramma, sem löggjafinn óhjákvæmilega verður að setja um notkun og meðferð þessara landsgæða. Öll rök hníga að því, að farsælast sé fyrir sveitirnar og þjóðarheildina, að þær jarðir að minnsta kosti, sem ekki eru ríkiseign eða óðalsjarðir, verði eign sveitanna sjálfra, þ. e. eign þeirra, sem á jörðunum búa eða viðkomandi sveitarsjóða, enn fremur að sporna beri við hvers konar ásælni einstakra manna fjær og nær um að ná eignarhaldi á jörðum, sem þeir sjálfir nota ekki, þar eð þeir hafa oftast allt önnur sjónarmið um notkun landsins og leigu en samrýmast hagsmunum sveitanna.

Á síðari árum hefur löggjafinn viðurkennt þessa skoðun. Því til sönnunar má nefna lög um forkaupsrétt á jörðum frá 1926 og ábúðarlögin frá 1933 með síðari breytingum. Í ábúðarlögunum er sveitarstjórnum veittur nokkur íhlutunarréttur um meðferð leigujarða í einkaeign og auknar skyldur lagðar á eigendur þeirra. Þá er þar og ákvæði um kauprétt leiguliða og sveitarsjóða, sem í framkvæmdinni missa þó oft marks. Ákvæðið um lífstíðarábúðarrétt leiguliða í upphafi 9 gr. ábúðarlaganna er gert áhrifalítið síðar í sömu grein, þar sem heimilað er að taka jörð úr leiguábúð fyrir eiganda sjálfan og nánustu ættingja hans. Afleiðingin er algert öryggisleysi um ábúð leiguliða á þessum jörðum, og væri fróðlegt að safna um það skýrslum, hve margir þeir bændur eru, sem verða að sætta sig við slík ábúðarkjör og njóta sín því ekki.

Lög um forkaupsrétt á jörðum frá 1926 veita sveitarsjóðum forkaupsrétt á jörðum í einkaeign, næst á eftir leiguliða, þegar eigi er um skyldmennaráðstöfun á jörðum að ræða. Það er alkunnugt, að þetta ákvæði er oft sniðgengið með því að útvega málamyndaleiguliða til að fá ábúð á jörðunum og semja síðan við þá um að leppa kaup á þeim. Sama úrræði mun oft notað, þegar seldar eru jarðir í eigin ábúð, en þá hafa sveitarsjóðirnir forkaupsréttinn. Hér er því fundið ráð til þess að sniðganga þessi velmeintu lög, sem gerir þau oft lítils virði í framkvæmd, þegar um eftirsóttar jarðir er að ræða.

Líkur eru til, að þrengja megi þessa smugu á forkaupsréttarlögunum, ef ekki loka henni alveg með því að breyta þeim þannig, að sveitarsjóðirnir hafi forkaupsrétt að öllum jörðum í einkaeign með þeirri undantekningu einni, að jarðeiganda sé frjálst að ráðstafa jörð til náinna skyldmenna. Að óreyndu verður því ekki trúað, að sveitarstjórnir misbeiti þessum rétti. Stéttarvitund bændanna, fámenni sveitanna og sameiginlegir hagsmunir sveitafólksins hlýtur að efla hjá því tilfinningu fyrir að standa saman um hagsmunamál sín og styðja hvert annað gegn hvers konar erfiðleikum og utanaðkomandi ásælni. Þess eru nokkur dæmi, að röggsamir oddvitar hafa, í skjóli forkaupsréttar sveitarsjóðs, getað afstýrt því, að bændur hafi verið hraktir burtu af leigujörðum, sem þeir treystust ekki til að kaupa en voru ófúsir á að yfirgefa. Mundi þessum dæmum vafalaust fjölga, ef torveldað væri að sniðganga forkaupsréttarákvæði nefndra laga og sveitarsjóðirnir ættu handbært fé til kaupa á jörðunum, þegar nauðsyn ber til.

Eftir athugun þessa máls endursamdi nefndin lögin um forkaupsrétt á jörðum frá 1926. Meginatriði laganna eru að efni til tekin upp í frumvarpið með þeirri aðalbreytingu, að forkaupsréttur sveitarsjóða er stóraukinn frá því, sem er í lögum frá 1926. Telur nefndin þessa breytingu til bóta og væntir þess, að hún torveldi verulega að sniðganga forkaupsréttarákvæðin, svo sem hingað til hefur mjög átt sér stað.

Telja má, að tvær meginástæður skapi verðhækkun jarða. Annars vegar umbætur og mannvirki á jörðinni sjálfri og að hinu leytinu það, sem nefna má samfélagslegar orsakir. Undir það teljast opinberar framkvæmdir, vegir, sími, brýr, hafnarbætur, bygging iðju- og orkuvera o. fl. Undir þetta má og færa nýja tækni og þekkingu, sem gerir verðmæt ýmis náttúrugæði jarðanna (jarðhita, námur o. fl.), sem áður voru þeim lítt talin til gildis. Þessar og þvílíkar samfélagslegar framkvæmdir skapa skilyrði til þéttbýlis og bæjamyndunar, og fólksfjölgunin verkar aftur til verðhækkunar á landinu í grenndinni.

Eigi verður um það deilt, að verðhækkun sú, sem felst í umbótum og mannvirkjum á jörðunum sjálfum, er með öllum rétti eign þeirra, sem að framkvæmdunum standa. Hins vegar verður að telja, að sú verðhækkun, sem á sér samfélagslegar orsakir, eigi ekki, a. m. k. ekki nema að nokkru leyti, að renna í vasa þeirra, sem landið eiga, heldur sé hún eign samfélagsins, heildarinnar og eigi að koma henni til góða. Hér á landi gætir verðhækkunar af samfélagslegum ástæðum mest í grennd við kaupstaði og kauptún og í nágrannasveitum þessara staða. Áhrif Reykjavíkur, Selfoss og Akraness, svo að nokkur dæmi séu nefnd, eru í þessu efni sterkust í næsta nágrenni, en ná þó allverulega til Borgðarfjarðarhéraðs og sveitanna austan fjalls. Með vaxandi kauptúna- og bæjamyndun fer þeim svæðum fjölgandi, sem njóta verðhækkunar vegna aukins þéttbýlis.

Ísland er enn þá lítt numið og lítt byggt. Gera má ráð fyrir, að landsbúar nálgist 300 þúsund um næstu aldamót, ef mannfjölgunin verður lík og hin síðustu ár. Munu þá rísa upp margir nýir bæir og kauptún á ýmsum þeim stöðum á landinu, þar sem verðhækkun jarða af samfélagslegum ástæðum er lítt eða ekki þekkt nú. Það er því eigi að ástæðulausu, þótt nú þegar séu gerðar ráðstafanir til þess, að verðhækkun lands af félagslegum ástæðum renni að nokkru leyti til samfélagsins á þeim stöðum, þar sem hún er byrjuð, enn fremur, að hið sama gildi um þær lendur, er síðar kunna að hækka í verði af framangreindum ástæðum.

Til þess að handsama til almennra þarfa verulegan hluta af samfélagslegri verðhækkun lands, sem er í einkaeign, virðast tvær leiðir einkum koma til greina. Önnur leiðin er árlegur verðhækkunarskattur, er miðist við fasteignamat jarðanna og leggist á þær eftir því, sem þær hækka í mati af samfélagslegum ástæðum. Hitt úrræðið er að skattleggja sölu jarðanna, þegar eigendaskipti verða og söluverðið fer fram úr þeirri upphæð, sem telja má hóflegt kostnaðarverð hinnar seldu jarðar með þeim umbótum, sem á henni hafa verið gerðar.

Þótt ýmislegt mæli með því, að verkhækkunarskattsleiðin sé eðlilegri og nái betur tilætluðum árangri, hafnaði nefndin þeirri leið eftir vandlega íhugun, aðallega sökum þess, að gildandi fasteignamat og lögin um framkvæmd þess er eigi þannig úr garði gert, að talizt geti réttlátur grundvöllur verðhækkunarskatts. Nefndin valdi því sölugjaldsleiðina og hafði að ýmsu leyti til hliðsjónar frumvarp um sama efni, sem lá fyrir búnaðarþingi 1941.

Meginatriðin í frumvarpi nefndarinnar eru þau, að greiða skal stighækkandi gjald af söluverði jarða, eftir að það er komið upp fyrir þrefalt fasteignamatsverð. Sölugjald þetta renni í sjóð, er verði eign viðkomandi sveitarfélags. Sjóðnum sé varið til kaupa á jörðum í sveitinni, endurbóta á þeim, eftir því sem sveitarstjórn telur henta, og til félagslegra ræktunarmála, ef áðurgreind verkefni sjóðsins eru ekki talin aðkallandi. Miða þessar ráðstafanir að því að halda verði jarða innan hóflegra takmarka án þess þó að ganga á eðlilegan rétt eigenda þeirra og takmarka um leið fjárflótta úr sveitunum í sambandi við óeðlilega háar jarðasölur. Samhliða auknum forkaupsrétti sveitarsjóða á jörðum ætti sjóður þessi að geta hamlað á móti því, að jarðir verði seldar út úr sveitunum, auk þess sem vænta má, að hann verði nokkur lyftistöng fyrir ræktunarumbætur þeirra.

Að lokum þykir rétt að geta þess, að þótt nefndin standi saman að tillögum þessum, þá gætti nokkurs skoðanamunar um ýmis atriði í sambandi við þær. Af þeim ástæðum hefðu einstakir nefndarmenn fremur kosið, að sum atriði í tillögunum væru nokkuð á annan veg. En nefndarmenn voru á einu máli um að láta eigi smávægilegan skoðanamun hindra það, að þeir gætu sameinazt um þetta þýðingarmikla mál sveitanna. Með þessu vill nefndin undirstrika nauðsyn þess, að bændurnir og fólkið, sem í sveitunum býr, gangi sameinað og samstillt til baráttu fyrir hagsmunum sínum og velferðarmálum, í stað þess að skiptast í stærri eða smærri andstæðar fylkingar.

Þessu næst skal vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir að skilgreina, svo að ekki verði um deilt, hvaða jarðeignir geti orðið sölugjaldsskyldar. Verður að telja eðlilegast, að gjaldskyldan sé takmörkuð við þær jarðeignir, sem taldar eru sem sérstakt býli í fasteignamatsbók.

Um 2. gr.

Sölugjaldið er miðað við gildandi fasteignamat jarðanna. Með hliðsjón af verðfalli peninga, frá því matið var gert, svo og öðrum ástæðum þykir réttmætt, að sölugjaldið sé þá fyrst á lagt, er söluverð jarða er orðið hærra en þrefalt fasteignamat þeirra.

Réttmætt verður að teljast, að sölugjaldið fari hækkandi, eftir því sem söluverð jarðanna stígur, miðað við fasteignamat þeirra.

Til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins verður að telja eðlilegt, að úttektarmenn (aukamatsmenn) skeri úr, ef ágreiningur verður um fasteignamat vegna sölu á hluta úr jörð.

Um 3. gr.

Vegna þess að aukamat á jörðum fer ekki árlega fram, þótt ræktunarumbætur séu á þeim gerðar, þykir rétt, að jarðeigandi geti krafizt aukamats, áður en sala fer fram.

Um 4. gr.

Innheimtu sölugjalds þykir rétt, að sýslumenn og bæjarfógetar hafi á hendi, þar eð öll afsöl fasteigna eru send þeim til þinglestrar. Þeir innheimta þinglestrar- og stimpilgjöld og fylgjast því allra manna bezt með söluverði fasteigna. Viðurlög við vanrækslu á tilkynningum um sölu og við rangri uppgjöf söluverðs eru hér ákveðin svipuð því, sem er í stimpilgjaldslögunum.

Um 5. gr.

Rétt þykir, að sölugjaldið renni til viðkomandi sveitarfélags og verði eign þess.

Þótt sjóðurinn sé í vörzlu sveitarstjórnar, virðist eðlilegt, að sýslunefnd hafi nokkra umsjón með honum, svo sem nú á sér stað með fjárreiður sveitarfélaga.

Um 6. gr.

Um nauðsyn þess, að til sé sjóður innan sveitarfélaganna til kaupa á jörðum, vísast til greinargerðarinnar hér að framan.

Sé þetta hlutverk ekki fyrir hendi, verður að telja eðlilegt, að fé sjóðsins sé varið til ræktunarframkvæmda í sveitinni.

Telja verður öryggi í því, að sýslunefnd hafi eftirlit með ráðstöfunum á fé sjóðsins.

Um 7., 8. og 9. gr.

Greinarnar þurfa eigi skýringa við.

Jens Hólmgeirsson. Þorsteinn Þorsteinsson. Jóhannes Davíðsson.

Fylgiskjal.

Ályktun búnaðarþings 1947 út af frumvarpi til laga um sölugjald af jörðum.

Búnaðarþing telur, að frumvarp til laga um sölugjald af jörðum verði til bóta frá því, sem nú er, enda þótt það komi ef til vill ekki að fullu í veg fyrir óeðlilega verðhækkun jarða, og álítur því, að hér sé stefnt í rétta átt. Frumvarpið mun, ef að lögum verður, verða hemill á verðhækkun og auk þess festa nokkuð af því fé í sveitum landsins, sem losnar **við sölu jarða með óeðlilega háu verði, og á þann hátt**

gera sveitarstjórnum kleifara en ella að nota forkaupsrétt sinn samkvæmt framvarpi um forkaupsrétt á jörðum. Fyrir því skorar búnaðarþing á Alþingi að samþykkja frumvarp það til laga um sölugjald af jörðum, er nú liggur fyrir.

Jafnframt því, að búnaðarþing samþykkir frumvarp til laga um sölugjald af jörðum og frumvarp til laga um kauprétt á jörðum, ályktar búnaðarþing að skora á Alþingi að setja lög um sölugjald af fasteignum yfirleitt í þeim tilgangi að draga úr óeðlilegri verðhækkun þeirra og að skatturinn verði látinn renna í hlutaðeigandi sveitar- og bæjarsjóði.

(Þannig samþykkt á búnaðarþingi með 17:4 atkv.)

Sþ. 158. Tillaga til þingsályktunar

um viðstöðulausa móttöku á síld þeirri, er nú veiðist við Faxaflóa.

Flm.: Áki Jakobsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Síldarverksmiðjur ríkisins taki þegar við þeirri síld til geymslu hér í Reykjavík eða á einhverjum stað í nánd við veiðisvæðið, sem flutningaskip anna ekki að flytja jafnóðum, til þess að tryggt sé, að hægt verði að halda áfram veiðum án löndunarstöðvunar.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða nauðsynlegan kostnað af þessum ráðstöfunum úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í Reykjavíkurhöfn bíða nú (5. des.) um 70 skip með um 60 þúsund mál síldar. Fleiri skip bætast í hópinn með hverri stundinni, sem líður, og er alveg fyrirsjáanlegt, að nær allur veiðiflotinn liggur fullfermdur hér í höfn eftir örfáa daga, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir. Sum þessara skipa eru búin að bíða tæpa viku. Þeir möguleikar, sem nú eru til þess að koma síld í flutningaskip, eru mjög takmarkaðir. Skv. upplýsingum Landssambands ísl. útvegsmanna byrjar skipið Banan að taka síld í dag og ef til vill Hel á morgun. Þessi skip taka samtals 25—30 þús. mál síldar. Þegar búið er að ferma þau, eru engar líkur til þess, að hægt verði að fá skip, svo nokkru nemi, til flutninga, fyrr en eftir vikutíma, og það því aðeins, að veður verði hagstæð fyrir norðan. Ef það á að verða kleift fyrir útveginn að annast síldveiðar þessar, er óhjákvæmilegt að gera aðrar ráðstafanir, og getur þá ekki verið um annað að ræða en að skipa síldinni á land hér í Reykjavík eða í nánd við veiðisvæðið. Hér í Reykjavík eru margir staðir, sem eru vel fallnir til þess að geyma síldina, t. d. Ægisgarður og ýmis geymsluhús við höfnina, sem mætti losa til þess að hafa þau tiltæk til síldargeymslu.

Stjórn S. R. mun hafa í huga að skipa á land nokkru magni af síld til geymslu hér syðra, og skv. upplýsingum formanns stjórnar S. R. telur stjórnin sig geta fengið geymslupláss fyrir ca. 15. þús. mál síldar í Hvítanesi við Hvalfjörð. Þetta nægir engan veginn, auk þess sem löndunaraðstaða í Hvítanesi er mjög erfið, enda telur form. stjórnar S. R., að löndun í Hvítanesi geti ekki hafizt fyrr en eftir nokkra daga. Það eina, sem getur því komið að nokkru gagni, er, að skipað verði upp mjög verulegu magni síldar hér í Reykjavík eða nágrenninu, þar sem löndunaraðstaða er góð. Ef að þessu ráði væri horfið, væri mögulegt að losa öll síldveiðiskipin, sem hér bíða, á mjög skömmum tíma.

Telji ríkisstjórnin nauðsynlegt að afla sér leigunámsheimildar á geymsluplássi í þessu skyni, er að sjálfsögðu til þess ætlazt, að hún geri það, svo mikið sem hér er í húfi fyrir útveginn og þjóðina í heild.

Sþ. 159. Nefndarálit

um till. til þál. um fullgildingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og varð sammála um að samþykkja hana.

Alþingi, 5. des. 1947.

Jörundur Brynjólfsson, form. | Jón Sigurðsson, fundaskr. | Ingólfur Jónsson, frsm.
Sigfús Sigurhjartarson. | Sigurður Bjarnason. | Jón Gíslason.
Ásg. Ásgeirsson.

Nd. 160. Nefndarálit

um frv. til l. um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er lagt fyrir deildina af hæstvirtri ríkisstjórn. Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið. Þá hefur nefndin óskað umsagnar skólastjóra bændaskólanna um það.

Breytingar frá núgildandi lögum um bændaskóla eru þessar helztar:

1. Breytt er um tilhögun verklegs náms við skólana á þann veg, að verknámsskyldan er nokkuð stytt.
2. Heimilað er að setja á stofn framhaldsdeild fyrir búfræðinga.
3. Öll lagafyrirmæli varðandi bændaskóla eru sameinuð hér í þessu frumvarpi.

Skólastjórar bændaskólanna hafa báðir sent umsagnir um frumvarpið, enda voru þeir með í ráðum við samning þess. Þeir mæla báðir með, að frumvarpið verði samþykkt. Bréf skólastjóranna eru birt hér á eftir sem fylgiskjöl I og II.

Landbúnaðarnefnd leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr.
   a. Fyrir orðið „dönsku“ í fyrstu málsgrein kemur: eitthvert Norðurlandamál eða ensku.
   b. Aftan við fjórðu málsgrein bætist: Nemendur, sem stunda verknám utan skólabúanna, fá greiddan ferðakostnað til og frá kennslustað.
2. Við 15. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Heimilt er landbúnaðarráðherra, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að stofna o. s. frv.

Alþingi, 3. des. 1947.

Steingr. Steinþórsson, form., frsm. | Jón Pálmason, fundaskr. | Jón Sigurðsson.
Ásg. Ásgeirsson. | Sigurður Guðnason.

Fylgiskjal I.

BÆNDASKÓLINN Á HVANNEYRI

Hvanneyri, 2. nóv. 1947.

Háttvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga fyrir bændaskóla, er lagt var fyrir yfirstandandi Alþingi.

Í sjálfu sér get ég verið stuttorður um frumvarp þetta, þar sem ég var einn þeirra þriggja manna, er sömdu það. Og í stuttri greinargerð, er fylgir frumvarpinu, er gerð grein fyrir ástæðunum, sem liggja til grundvallar fyrir framkomu þess. Skal það ekki endurtekið hér.

Viðkomandi búnaðarnáminu í yngri og eldri deild skólanna vil ég taka þetta fram:

Ég tel ekki rétt að stytta bóklega námið frá því, sem nú er. Flestir piltanna koma hingað með lítinn eða engan undirbúning í bóklegri kunnáttu annan en þann, er barnaskólarnir veita. Bændum er þörf á almennri menntun, svo sem öðrum stéttum þjóðfélagsins. Þess vegna er allmiklum hluta námsins fyrri veturinn varið til bóklegs náms í almennum fræðum, svo sem móðurmálinu, stærðfræði, náttúrufræði o. fl. Hins vegar er ekki ólíklegt, að í náinni framtíð verði það talið hentugt, að hin almenna fræðsla verði látin í té í alþýðuskólum eða gagnfræðaskólum, en bændaskólarnir hafi þá einungis sérfræðinámið. Þannig er þetta t. d. í Danmörku. En ég tel ekki tímabært að gera þessa breytingu enn þá.

Í núgildandi lögum um bændaskóla er svo fyrir mælt, að verklegt nám skuli standa yfir sumarið á milli skólavetranna. Þetta hefur verið mjög örðugt í framkvæmd, sumpart vegna fólksfæðar í sveitunum og sumpart vegna tregðu nemendanna, sem ég hygg, að sé ekkert sérstæð fyrir okkur Íslendinga.

Ýmsum vel ritfærum mönnum, sem þó hafa lítið til brunns að bera í landbúnaðarmálum, hefur á síðari árum þótt það hentugt „sport“ að veitast að bændum þessa lands og saka þá um ódugnað, afturhaldssemi og aumingjaskap í starfi þeirra. Ég hef starfað við bændaskólann á Hvanneyri frá 1928 og á þeim tíma kynnzt verklegri og bóklegri kunnáttu þeirra pilta, sem hingað hafa komið. Ýmsir þeirra hafa verið mjög vankunnandi til bókar og handar. Alltaf hafa þó nokkrir þeirra verið frá myndarheimilum, þar sem þeir hafa lært hagnýt og rétt vinnubrögð á fjölmörgum sviðum landbúnaðarins, og ég tel, að þessi hópur stækki að tiltölu með hverju ári, sem líður. Allir hafa nemendurnir unnið meira eða minna við landbúnaðarstörf og hafa því nokkur skilyrði til þess að geta tileinkað sér bóklega fræðslu á sviði landbúnaðarins.

Þá ber þess einnig að geta, að á verklegum sviðum eru bændaskólarnir ekki nægilega vel útbúnir að húsum og áhöldum, til þess að verklega kennslan geti orðið eins og vera ber. Á báðum skólunum vantar vélaverkstæði og nægilega góðar verkfærageymslur. Er vonandi, að Alþingi sjái sér fært, að úr þessu verði bætt sem allra fyrst.

Að því athuguðu, sem að framan segir, legg ég til, að verklega námið við bændaskólana sé látið standa yfir í 780 klst., en reynt að gera það eins fjölþætt og kostur er á. Ég vil taka það fram, að allir kennarar bændaskólans á Hvanneyri eru þessari tilhögun samþykkir.

Um gildi framhaldsnámsins verður að sjálfsögðu enn ekkert fullyrt. Reynslan sker úr um það. Okkur vantar að vísu húsrúm, kennslutæki o. fl. til þess að geta jafnað okkur á móti búnaðarskólum erlendis. Hins vegar verður hér reynt að styðjast við innlenda búfræðiþekkingu og meira verklegt nám en haft er við erlenda skóla.

Virðingarfyllst.

Guðm. Jónsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík

Alþt. 1947. A. (67. löggjafarþing). 48

Fylgiskjal II.

Hólum í Hjaltadal, 12. nóv. 1947.

Háttvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur óskað eftir því, að undirritaður láti henni í té álit sitt á frumvarpi því um bændaskóla, sem liggur fyrir Alþingi.

Aðalbreytingin í þessu bændaskólafrumvarpi, frá gildandi lögum, er stytting á verknámstíma nemenda. En í þeim lögum er gert ráð fyrir því, að nemendurnir vinni hjá skólabúunum sumarið á milli námsvetranna. Fyrir þessa vinnu eiga þeir að fá fæði og þjónustu yfir sumarið og seinni námsveturinn. Þessi ákvæði voru lögfest 1936. Þá var svo háttað um verðlag fæðis og þjónustu og vinnu, að meðalkaup um heyvinnutímann nægði rúmlega fyrir fæðis- og þjónustukostnaði vetrarlangt. Það var líka tilgangur laganna, að nemendur skiluðu sem næst því fullu dagsverki og bæru úr býtum fyrir það allt að því eins og aðrir, sem vinna sambærileg störf.

Í þau ellefu ár, sem liðin eru, frá því gildandi bændaskólalög voru samþykkt, hafa vinnulaun hækkað miklu meira en fæði og þjónusta. Af þeirri ástæðu hafa nemendur verið óánægðir með það að hafa aðeins fæði og þjónustu seinni námsveturinn í kaup fyrir sumarvinnuna. Ég hef ekki séð mér fært að reka skólann á þeim grundvelli, heldur greitt þeim nemendum, sem hafa verið á Hólum um heyskapartímann, meðalkaup fyrir vinnu þeirra og þeir borgað dvalarkostnað sinn á skólanum. Það eru hrein skipti og að mínum dómi langheppilegasta fyrirkomulagið, enda vita ástæðulaust fyrir ríkið að arðræna nemendurna, eins og hefði orðið, ef lögin hefðu verið framkvæmd til hlítar. Það var heldur ekki tilgangur laganna, en stafar af mismunandi verðhækkunum.

Ég tel, að skólabúið á Hólum hafi ekki fullt verkefni fyrir alla verknemana yfir heyskapartímann. Úr þessu mætti bæta með því að gera allstórfellda nýrækt og auka töðufenginn í tíu til tólf þúsund hesta. En jafnhliða vaxandi töðuframleiðslu verður að byggja gripahús og hlöður. Nefndar umbætur mundu kosta mikið fé, ætti að koma þeim í framkvæmd á fáum árum. En reynsla mín er sú, að erfitt sé að fá fé til umbóta á Hólum, þó nauðsynlegar séu, og skal því til sönnunar drepið á það, að hæstvirt fjármálaráðuneyti hefur ekki séð sér fært að leggja til í því fjárlagafrumvarpi, sem liggur fyrir Alþingi, að veitt yrði smáupphæð, til þess að hægt yrði að byrja á byggingu kennarabústaðar við skólann. Það er þó hin mesta nauðsyn.

Þá vil ég benda á það, að mikið vantar til þess, að Hólar séu í sæmilegu akvegasambandi að vetrinum. Það stendur í vegi fyrir mikilli mjólkurframleiðslu.

Á undanförnum árum hefur fólksekla verið mikil í sveitum og margir piltar því átt afarerfitt með að vera frá heimilum sínum um heyvinnutímann. Þeir mundu margir ekki sækja bændaskólana, væru þeir skyldaðir til að vera þar heilt sumar.

Og alls þessa vegna er mjög erfitt að halda uppi langri verklegri kennslu, svo í lagi sé.

Mæli ég því með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Kristján Karlsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. **161. Frumvarp til laga**

um skráning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Eigi má skip skrá á landi hér og óheimilt er skipi að hafa íslenzkan fána, nema fullnægt sé skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann eiga ríkisfang á Íslandi og hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti samfleytt síðasta árið, eða hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign félags, þar sem félagi hver ber fulla ábyrgð á skuldum þess, þá skulu ⅔ félaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
3. Ef skip er eign félags, þar sem sumir félagar bera fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing hér á landi, enda eigi hver af stjórnendum félagsins hluti í félaginu og fullnægi einnig skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
4. Ef skip er eign félags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal félag eða stofnun eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi, enda fullnægi stjórnendur skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang, og ef félag er, þá skulu þeir einnig eiga hver hlut í því.

2. gr.

Bannað er íslenzkum skipum að hafa annan fána en þjóðfána Íslands, svo sem hann er ákveðinn í lögum nr. 34 17. júní 1944.

3. gr.

Skráningarskyld samkvæmt lögum þessum eru öll skip 6 metrar á lengd eða stærri.

Skip merkir hvert það far eða fleytu, sem skylt er að skrásetja.

Fiskiskip merkir hvert það skip, sem er skylt að hafa fiskiveiðaskírteini.

Farþegaskip eru öll skip, sem hafa leyfi til að flytja fleiri farþega en 12.

Vöruflutningaskip eru öll skip, sem gerð eru út í þeim tilgangi að annast flutninga á vörum.

Önnur skip eru öll skip, sem hvorki teljast farþega-, vöruflutninga- né fiskiskip.

4. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur yfirumsjón með mælingu skipa og skráningu.

Sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist „Skipaskráningarstofa ríkisins“ framkvæmir öll þau daglegu störf, sem lúta að endurskoðun, mælingu skipa og skráningu þeirra.

Skipaskoðunarstjóra, sem jafnframt er skipaskráningarstjóri, skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

5. gr.

Lögsagnarumdæmi hvert er skipaskráningarumdæmi, en lögreglustjórar hafa skráningu skipa á hendi. Skipaskráningarstofan löggildir skipaskrár fyrir hvert skipaskráningarumdæmi, en fiskiskipaskráin má vera lausblaðabók.

Skipaskrár skulu vera þrjár:

1. Skrá yfir öll farþega-, vöruflutninga- og fiskiskip með þilfari, 30 rúmlesta og stærri.
2. Skrá yfir öll fiskiskip án tillits til stærðar, eða hvort þau eru með þilfari eða ekki.

3. Skrá yfir öll önnur skip.

Skipaskráningarstofan skal halda aðalskipaskrá ásamt efnisskrá yfir öll skip, sem skráð eru hér á landi.

Ekkert skip má stunda fiskiveiðar, nema það hafi verið skráð á fiskiskipaskrá og fengið fiskiveiðaskírteini.

Ef fiskiskip 150 rúmlestir brúttó eða stærra hættir fiskiveiðum og er tekið til flutninga eða annarra nota, skal afhenda fiskiveiðaskírteinið til skráningarstjóra í því umdæmi, sem skipið á heima í, og skal jafnframt afmá umdæmisbókstafi og -tölur af því.

Hefji skipið fiskiveiðar á ný, skal afhenda því fiskiveiðaskírteinið og mála á það umdæmisbókstafi og -tölur.

6. gr.

Umdæmisskrár skulu greina um hvert skip sér:

1. Einkennisbókstafi skips, nafn þess, heimilisfang og smíðastöð.
2. Hvers konar skip það sé, lögun þess og aðalmál (lengd, breidd og dýpt).
3. Rúmlestatölu skips og með hvaða aðferð hún sé reiknuð.
4. Nafn, stöðu og heimildarbréf eiganda þess. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er eign hlutafélags eða stofnunar, þá skal bóka nafn þess eða hennar og heimilisfang stjórnenda og nafn útgerðarstjóra.
5. Skrásetningardag og ár.

7. gr.

Lögreglustjóri skráir hvert skip í sína skrá. Skip yfir 30 rúmlestir skal skrá í því lögsagnarumdæmi, er eigandi vill hafa heimilisfang þess, en smærri skip þar, er eigandi á heima. Nú eru þeir fleiri en einn (2. og 3. tölul. 1. gr.) og eiga ekki allir heima í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá skrá skip á heimilisfangi þess, er þeir kjósa til þess.

Nú vill eigandi skipa tryggja sér, að önnur skip verði eigi samnefnd skipi hans, og skal hann þá senda beiðni um það til skipaskráningarstofunnar, sem getur heimilað nafntökuna. Sama er um einkarétt skipseiganda til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefur verið veittur á samkvæmt framansögðu, eða nöfn svo lík þeim nöfnum og einkennum, að villum geti valdið. Þó mega haldast óbreytt nöfn skipa, sem skrásett hafa verið fyrir 13. júní 1937. Einkaréttur til skipsheitis fellur úr gildi fimm árum eftir, að skip hefur fallið út af skipaskrá, ef eigandi heitisins ekki hefur endurnýjað það á öðru skipi. Skipaskráningarstofan heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefur verið veittur á, og birtir í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum samkvæmt 25. gr.

8. gr.

Nú vill aðili láta skrá skip sitt, og skal hann þá senda lögreglustjóra, þar sem skipi er ætlað heimilisfang, skriflega beiðni um það. Ef skip er þar ekki, þá skal senda beiðni til lögreglustjóra þar, sem skipið er.

Þessi skilríki skulu fylgja skráningarbeiðni:

1. Skipasmíðaskírteini, ásamt heimildarbréfi eiganda eða eigenda, ef eigendaskipti hafa orðið að skipi, síðan það var smíðað. Vera skulu skjöl þess í frumriti og eftirriti, og skal geyma eftirrit í skjalasafni lögreglustjóra.
2. Skýrsla aðila um önnur þau atriði, er með þarf, svo að skip megi skrásetja (sbr. 6. gr.).
3. Yfirlýsing eiganda eða eigenda (2. og 3. tölul. 1. gr.), að viðlögðum drengskap, um það, að hann eða þeir sé í raun réttri eigandi eða eigendur skipsins, en ekki aðeins í orði kveðnu, og ef eigandi er félag eða stofnun (4. tölul. 1. gr.), þá skal

fylgja sams konar yfirlýsing allra um það, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er í 4. tölulið 1. gr. segir. Enn fremur skal fylgja drengskaparheit um það, að þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins eða mælingarbréf skuli ekki verða notað til þess að útvega öðru skipi réttindi skipa, skrásettra hér á landi, né sama skipi, ef það kemst í eign þess eða þeirra, sem ekki mega láta skrá skip sín hér. Yfirlýsingar þessar skal annaðhvort undirrita í viðurvist lögreglustjóra þess, er skráningu annast, eða notari publici.

Fjármálaráðuneytinu eða skráningarstofunni í umboði þess er heimilt að undanþiggja menn framlagningu þeirra skírteina, er hér segir, ef öflun þeirra er sérstökum örðugleikum bundin, enda sé réttur aðila til að láta skrá skip sitt vafalaus og nauðsynlegar upplýsingar, til þess að skráning megi fara fram með öðrum hætti, fengnar.

Nú þykir lögreglustjóra grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá hér skip sitt, eða hann eigi í raun réttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber lögreglustjóra þá að láta fram fara rannsókn að hætti opinberra mála um öll þau atriði, er máli kunna að skipta.

9. gr.

Nú telur lögreglustjóri eftir atvikum, að undangenginni rannsókn samkv. 8. gr., aðila tvímælalaust fullnægja öllum lögmæltum skilyrðum, og skal hann þá skrásetja skipið. Annars kostar sendir lögreglustjóri skráningarstofunni skjöl þau, er í 8. gr. segir, ásamt rannsókn sinni og greinargerð um málið. Skráningarstofan skal þá gera tillögur um málið og senda þær síðan fjármálaráðuneytinu ásamt rannsókn lögreglustjóra, greinargerð og öðrum skjölum. Leggur síðan ráðuneytið fyrir lögreglustjóra að skrá skipið, rannsaka málið betur eða neita skilmálalaust um skráningu. Nú býður ráðuneytið rækilegri rannsókn, og skal lögreglustjóri þá senda skráningarstofunni skjölin að nýju, þegar rannsókn er lokið, enda skal þá svo með fara sem fyrr segir.

10. gr.

Nú skrásetur lögreglustjóri skip, og skal hann þá jafnskjótt senda skráningarstofunni öll þau skilríki, sem honum hafa í hendur komið samkvæmt 8. og 9. gr., mælingu skips og aðra fræðslu um það, er hann má í té láta og máli skiptir. Skal skráningarstofan athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þörf þykir, getur skráningarstofan látið nýja mælingu fara fram. Skráningarstofan getur og krafizt nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Ef skráningarstofan telur skip ranglega skráð, þá tilkynnir hún það ráðuneytinu skriflega, sem þá getur fyrirskipað rannsókn samkvæmt 8. gr. Að því búnu sker ráðuneytið úr því, svo sem í 9. gr. er mælt, hvort skráning skuli standa eða skip aftur strikað af skrá.

11. gr.

Nú vill aðili ekki una við úrskurð fjármálaráðuneytisins samkvæmt 9. og 10. gr., og getur hann þá lagt málið undir úrlausn dómstólanna. Fer það mál að hætti opinberra lögreglumála, bæði í héraði og í æðra dómi, en leysa skal með dómi úr því, hvort skrá skuli skip aðila eða ekki.

12. gr.

Nú telur skipaskráningarstofan skip réttilega skráð, og tekur hún þá skipið á aðalskipaskrá. Ef skip er yfir 30 rúmlestir brúttó, gefur skipaskráningarstjóri út þjóðernis- og skráningarskírteini handa skipinu, en mælingarbréf fyrir minni skip. Fari skip, sem er minna en 30 rúmlestir brúttó, milli Íslands og annarra landa, skal þjóðernis- og skráningarskírteini gefið út handa því.

Rita skal mælingarskírteini skips og allt það, er greina skal í skipaskrá samkv. 6. gr., á þjóðerniskírteini. Skírteini skal síðan, ásamt fylgiskjölum, þegar senda

lögreglustjóra, og bókar hann það, er með þarf, í skipaskrá, leiðréttir rúmlestatal skips, ef þess gerist þörf, og ritar nafn skipstjóra, ásamt greinargerð um heimild hans til þeirrar atvinnu, á þjóðerniskírteini og fær aðila það síðan í hendur.

Nú er skip, þegar á að skrá það, ekki í umdæmi, þar sem því er ætlað heimilisfang (sbr. 1. málsgr. 8. gr.), og skal þá lögreglustjóri, er látið hefur af hendi þjóðernis- og skráningarskírteini eða mælingarbréf, senda skjöl þau öll, er skráningu skipsins varða, til lögreglustjóra á heimilisfangi þess, og skal hann síðan skrásetja skipið.

13. gr.

Á hvert skrásett skip skal marka nettó-rúmlestatal þess og einkennisstafi þess á þiljubitann við aðallestaropið að aftan, ef það má verða, en ella annars staðar, þar sem því verður við komið og vel fer á því. Þegar merki þessi eru orðin ólæsileg eða með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkennt skrásett íslenzkt skip.

Stöfum þeim, er skip fær á aðalskrá, má ekki breyta, meðan skráning stendur óhögguð. Eru þeir einkennisstafir skips, enda skal marka þá á það.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip, þar sem vel ber á því, með greinilegu, latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit, eða dökku letri með ljósleitum undirlit. Ef nafn skips er tvö orð eða fleiri, þá skal ávallt vera að minnsta kosti eins bókstafs bil milli orðanna.

Ef skip siglir til annarra landa, þá skal setja nafn þess þar að auki með sama hætti á báðar skipshliðar, enda skal, svo fljótt sem unnt er, marka bæði að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir, öðrum megin í desimetrum, en hinum megin í enskum fetum.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott, nema það sé gert til að forða því undan hættu í ófriði. Ekki má heldur nefna skip öðru nafni en það er skráð undir. Og eigi má breyta nafni á skrásettu skipi, nema eigendaskipti verði, enda samþykki skráningarstofan breytinguna og óbreyttir haldist einkennisstafir skipsins.

14. gr.

Nú er skip byggt erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyrr en það er komið í íslenzkt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiptafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 8. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur í fyrsta sinn í íslenzka höfn, enda sé skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki skipaskráningarstjóra komi til.

Nú þykir viðskiptafulltrúa grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi í raun réttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa úr þjóðernisskírteini til bráðabirgða, þar til fjármálaráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefur skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem viðskiptafulltrúi gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann skráningarstofunni eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar beiðist, á að afhenda honum samkvæmt 8. gr. Skráningarstofunni ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgðaþjóðernisskírteininu, ef það reynist vera ólöglega út gefið.

Í þjóðernisskírteini eða mælingarbréfi til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hvers konar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé byggt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbréfi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.

4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögun þess og lýsingu.
5. Hversu lengi skírteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rétt að krefjast þess af næsta viðskiptafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skráningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenzka höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur skírteini viðskiptafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sérstakt samþykki skipaskráningarstofunnar komi til.

15. gr.

Þjóðernis- og skráningarskírteini eða mælingarbréf skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það við tollgreiðslu skips samkvæmt kröfu yfirvalda og fyrirliða landvarnarskipa eða viðskiptafulltrúa landsins erlendis. Bannað er að rita nokkuð á skírteini eða breyta nokkru í því, nema skipaskráningarstofan eða lögreglustjóri, þar sem skip er skrásett, geri það, eða viðskiptafulltrúi landsins erlendis.

16. gr.

Nýtt þjóðernisskírteini eða mælingarbréf skal gefa út í stað eldra, ef þess er krafizt, enda sé þá eldra skírteini aftur skilað um leið:

1. Ef nafni skips er breytt.
2. Ef viðskiptafulltrúi hefur gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða. Rannsaka skal þá eftir þörfum öll atriði, er skráningu varða, svo sem í 8. sbr. 9. gr. segir.
3. Ef þjóðernisskírteini eða mælingarbréf glatast. Nú glatast skírteini erlendis, og gefur þá viðskiptafulltrúi landsins þar út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (sbr. 14. gr.), og skal þar frá því skýrt, hvers vegna skírteinið sé út gefið. Skal sá, er biður um skírteinið, gefa skýrslu um það, hvernig það hefur glatazt.
4. Ef skrásettu skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskírteini eða mælingarbréfi þess stendur um það, hvers konar skip það sé, rúmlestatal þess eða lýsing að öðru stendur ekki heima, þá skal skrá skip að nýju, nema hagkvæmara þyki að skrá breytingarnar á skírteinið. Ef breyting er skráð á skírteini, sendir lögreglustjóri skráningarstofunni þegar skýrslu um það.
5. Ef aðili fer annars fram á að fá nýtt skírteini.
6. Ef skrásett skip tekur heimilisfang í öðru skráningarumdæmi, sbr. 7. gr. Aðili skýrir þá lögreglustjóra, þar sem skip var skráð, frá ósk sinni um flutninginn, en hann sendir lögreglustjóra á hinu nýja heimili skipsins skjölin, og verður skipið skrásett að nýju.

17. gr.

Ef eigendaskipti verða að skipi eða skipshluta, enda glati skip ekki fyrir það rétti til að sigla undir íslenzkum fána, eða skipstjóraskipti verða, eða ef breyting verður á einhverjum þeirra atriða, sem skrásett eru samkvæmt 6. gr., þá ber eiganda eða eigendum, og ef eigendaskipti hafa orðið, bæði fyrrverandi og núverandi eiganda, að skýra lögreglustjóra, þar sem skip er skráð, frá því þá þegar, ásamt sönnunum fyrir heimild sinni og þeim öðrum skilríkjum, sem nauðsyn er á, svo að skráin verði leiðrétt samkvæmt því.

Svo skal skrá breytingar á þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins eða mælingarbréfið, nema út verði gefið nýtt skírteini.

Nú verða slíkar breytingar, sem hér segir, erlendis, og skal þá næsti viðskiptafulltrúi landsins rita þær á skírteinið og senda skráningarstofunni þegar skýrslu um þær.

Rétt er, að rannsókn samkvæmt 8. sbr. 9. gr. fari fram um öll þau atriði, er eigendaskipti eftir þessari grein varða.

18. gr.

Strika skal skip af skrá og skila skal lögreglustjóra þegar þjóðernisskírteini skips, ef þess er kostur, ásamt skriflegri skýrslu um atburði:

1. Ef skip ferst, er höggið upp eða ónýtt með öðrum hætti. Nú fer svo um skip erlendis, og skal þá skila viðskiptafulltrúa Íslands þar þjóðernisskírteini þess eða mælingarbréfi, en hann sendir það síðan skráningarstofunni ásamt skýrslu um atburði.
2. Ef skip eða skipshluti verður eign manns, félags eða stofnunar og fyrirgerir þess vegna rétti til að nota íslenzkan fána. Er þá eiganda eða eigendum skylt, að sama hætti sem í 17. gr. segir, að skýra lögreglustjóra strax frá breytingunni. Ef eigendaskipti verða erlendis, ber skipstjóra eða eiganda að skýra næsta viðskiptafulltrúa Íslands frá þeim og skila honum skírteininu og öðrum skjölum skipsins, enda skal hann senda skráningarstofunni þau svo fljótt sem þess er kostur. Þar, sem enginn viðskiptafulltrúi er fyrir hönd Íslands, skal skipstjóri eða eigandi skips útvega vottorð embættismanns, er löggildur sé að þarlandslögum til þess að láta slík vottorð af hendi um breytinguna, og senda skjölin síðan skráningarstofunni. Nú verða eigendaskipti að skipi eða skipshluta vegna skipta á búi eða uppboðssölu, og skal þá skiptaráðandi eða uppboðshaldari, og ef breytingin varð erlendis, viðskiptafulltrúi landsins þar, gera það, sem með þarf.
3. Ef skip er dæmt óbætandi erlendis, þá skal enn svo með fara sem áður er sagt.

   Nú er þjóðernisskírteini ekki skilað og skip er enn til, og skal þá ógilda skírteini með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

19. gr.

Lögreglustjóri skýrir skráningarstofunni jafnskjótt sem unnt er frá hverri breytingu, sem í 17. og 18. gr. segir.

Nú verður ágreiningur um rétt aðila til að hafa skip áfram skráð á Íslandi, eða grunur kemur um það, að réttur sé glataður eða hafi aldrei verið til nema í orði kveðnu, og skal þá lögreglustjóri skýra skráningarstofunni frá því svo fljótt sem auðið er, enda fer um rannsókn þessa máls og úrskurð eins og í 8., 9. og 11. gr. segir.

20. gr.

Ef eigandi æskir þess og sérstök ástæða er til þess, þá getur skipaskráningarstjóri veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til þess að fara hér hafna á milli, áður en það sé skrásett, enda hefur slíkt leiðarbréf sama gildi hér við land sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

Enn fremur er skipaskráningarstjóra heimilt að veita skipi, ef nauðsyn ber til, að það fari þegar til útlanda, þjóðernisskírteini til bráðabirgða til siglinga þangað, enda hafi skrásetningarstofan fengið í hendur skráningarskjöl skips, en þó brestur eitthvað á til þess, að skráning megi þegar fram fara. Í bráðabirgðaskírteini skal greina öll þau atriði, sem í 14. gr. 1.—5. tölul. getur. Bráðabirgðaskírteinið gildir ekki lengur en í 2 ár, en þó getur skipaskráningarstjóri lengt frestinn, ef sérstakar ástæður hamla skráningu skipsins. Um leið og skip fær bráðabirgðaskírteini, skal marka á það rúmlestatal og einkennisstafi eftir 13. gr.

21. gr.

Skylt er lögreglustjóra að láta í té ágrip úr skipaskrá, gegn kr. 40.00 gjaldi fyrir hvert skip. Skipaskráningarstofan lætur í té gegn sama gjaldi staðfest eftirrit af þjóðernis- og skráningarskírteinum svo og mælingarbréfum. Greina skal á eftirrit, hvers vegna það er af hendi látið.

Eftirtalin gjöld skal greiða í ríkissjóð:

1. Fyrir einkaleyfi á skipsnafni, sbr. 2. mgr. 7. gr. kr. 1000.00.
2. Fyrir nafnbreytingu á skipi, sem minna er en 30 rúmlestir, kr. 100.00, en sé það 30 rúml. eða stærra kr. 300.00.
3. Fyrir útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteinis kr. 60.00, fyrir útgáfu mælingarbréfs kr. 40.00, nema mælingarbréfið sé fyrir opinn bát, þá skal greiða kr. 10.00.
4. Fyrir áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini og mælingarbréf kr. 30.00, nema um opna báta sé að ræða, þá greiðist ekkert gjald.

Fjármálaráðuneytið ákveður með reglugerð gjald fyrir mælingu skipa.

22. gr.

Það varðar sektum, 500—1000 kr. á hverja brúttó-rúmlest skips:

1. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, útvegar skráningu á skipi eða þjóðernis- og skráningarskírteini með vísvitandi röngum skýrslum, enda þótt hann bresti skilyrði 1. gr. laga þessara til þess að láta skrá skipið hér.
2. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, leynir eða vanrækir að skýra frá breytingum þeim á högum sínum eða sameigenda sinna, er varða missi þeirra skilyrða, er í 1. gr. segir.
3. Ef aðili, sem fengið hefur skip skráð með þeim hætti, sem í 1. tölul. segir, áður en lög þessi öðlast gildi, heldur áfram að hafa það á skrá hér, eftir að lögin eru komin til framkvæmdar.

Nú hefur aðili, eða umboðsmaður hans, framið annað refsivert athæfi til þess að koma fram brotum þeim, er í 1.—3. tölul. greinar þessarar segir, svo sem skjalafals, og skal hann þá jafnframt sæta lögmæltri refsingu fyrir það athæfi.

23. gr.

Það varðar 200—500 kr. sektum á hverja brúttórúmlest skips, ef aðili, eða umboðsmaður hans, fremur nokkra þá athöfn, er miðar til að koma í framkvæmd þeim verknaði, er í 1. tölul. 22. gr. segir, en það tekst ekki.

Ákvæði síðustu málsgr. 22. gr. eiga hér við.

24. gr.

Skip, ásamt veiðarfærum og afla, ef því er að skipta, er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 22. og 23. gr., enda má kyrrsetja veðið og selja síðan, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

25. gr.

Ef aðili útvegar sér annars eða lætur útvega sér ranglega skráningu á skipi sínu, þjóðernis- og skráningarskírteini eða leiðarbréf (20. gr.), vanrækir skyldur sínar samkvæmt 2., 13., 14., 15., 17. eða 18. gr. laga þessara eða brýtur þær með öðrum hætti, eða brýtur fyrirmæli í reglugerð, er stjórnarvöld setja samkvæmt lögum þessum, þá varðar það sektum, allt að 10000 kr., enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

26. gr.

Taka má sektir eftir lögum þessum fjárnámi í búi hinna seku, enda ábyrgist eigandi skips eða eigendur, ef fleiri eiga skip en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla greiðslu sekta. Sama er um stjórnendur félaga og stofnana.

27. gr.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd laga þessara, að því leyti, sem þess verður þörf, og innan þeirra takmarka, sem í þeim eru sett.

28. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum og reglum, settum samkvæmt 27. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og reglum þeim, er í 27. gr. segir, skulu renna í ríkissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 37 1930, um skráning skipa, og enn fremur lög nr. 26 1937, um breyting á þeim lögum og lög nr. 39 1941, um breyting á sömu lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum sjávarútvegsmálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur, svo og að vera óbundnir af breytingartillögum, er fram kunna að koma. Frumvarpinu fylgdu frá ráðherra eftirfarandi athugasemdir:

Í skipaskráningarlögunum frá 1939 og í tilskipun nr. 2 frá 1903, um „tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi á hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland", eru engin ákvæði, sem banna, að skip sé skráð fiskiskip, enda þótt það stundi ekki fiskiveiðar. Hefur þetta leitt til þess, einkum á styrjaldarárum, að ýmsir skipaeigendur hafa látið skrá skip sín sem fiskiskip, enda þótt þau væru eingöngu eða að mestu leyti notuð til flutninga. Munu útgerðarmenn hafa talið sér þetta hagkvæmara að því er útgerðarkostnað snertir. Hins vegar hafa Farmanna- og fiskimannasambandið og sjómannafélög í Reykjavík látið í ljós óánægju sína yfir því, að með þessu væri gengið á rétt þeirra manna, er rétt hafa til skipstjórnar á vöruflutninga- og farþegaskipum, þar sem yfirmenn á fyrrgreindum skipum þyrftu ekki að hafa slík réttindi, úr því skipin væru skráð sem fiskiskip, þrátt fyrir það að þau væru höfð í flutningum á milli landa.

Ráðuneytið telur réttmætt, að skip sé ávallt skráð eins og rekstri þess er hagað, og eru því í 5. gr. frv. þessa sett ákvæði, sem ef þau verða að lögum, eiga að fyrirbyggja, að skipaskráningin sjálf geti orðið þess valdandi, að skipstjórnarmenn öðlist önnur og meiri réttindi en þeir hafa samkvæmt lögum um atvinnu við siglingar.

Í 7. gr. frv. eru sett ný ákvæði um rétt eiganda til að tryggja, að önnur skip verði eigi samnefnd skipi hans, en síðari ára reynsla hefur leitt í ljós, að þörf er á slíkum ákvæðum.

Loks er í 21. gr. sett ákvæði um gjöld fyrir útgáfu þjóðernisskírteina, mælingarbréfa og afrit úr skipaskrám. Þessi gjöld renna í ríkissjóð og innheimtist af lögreglustjóra, um leið og gjaldskylt skjal er afhent. Um aðrar greinar frumvarpsins er ekki ástæða til að fjölyrða, þar er mest um nauðsynlegar orðabreytingar að ræða, sem ekki breyta efni gildandi laga, en vegna þess, hve víða þessar breytingar koma fyrir, þótti heppilegra að búa til nýtt frumvarp, sem kæmi í stað gildandi laga um skrásetningu skipa.

Nd. 162. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 1947, um breyting á ljósmæðralögum nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Jóhann Hafstein, var fjarstaddur við afgr. málsins.

Alþingi, 5. des. 1947.

Sigurður E. Hlíðar, form. — Helgi Jónasson, fundaskr., frsm — Katrín Thoroddsen.

Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 163. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Till. til þál. um aukinn kaffi- og sykurskammt til sjómanna.

Frá viðskiptamálaráðherra.

Þar sem fyrir liggja upplýsingar frá skömmtunarstjóra um, að aukaskammtur af kaffi og sykri til sjómanna er veittur eftir því, sem farið hefur verið fram á, og samvinna hefur tekizt um lausn málsins við Landssamband ísl. útvegsmanna, sér Alþingi ekki ástæðu til að gera um málið frekari ályktanir og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 164. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

5. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Viðskiptamálaráðherra getur með reglugerð bannað að flytja til landsins eða úr landi íslenzka peningaseðla, skiptimynt, íslenzk skuldabréf og hvers konar skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í íslenzkum gjaldeyri, svo og sett ákvæði um, að hve miklu leyti megi flytja til landsins og úr landi erlendan gjaldmiðil. Með reglugerðinni skulu sett nánari ákvæði um allt, er lýtur að banninu við flutningi hins íslenzka gjaldmiðils milli landa og meðferð hins erlenda gjaldmiðils, og má ákveða í henni m. a., að þeir, er til landsins koma eða fara úr landi, skuli gefa skýrslur um gjaldmiðil þann, er þeir hafa meðferðis, svo og að menn búsettir hér skuli við eða fyrir brottför úr landinu færa sönnur á, að þeir hafi aflað sér á löglegan hátt gjaldeyris til fararinnar, og enn fremur, að tollmenn megi leita á mönnum, í vörum, farangri og póstflutningi hvers konar, í skipum og öðrum farartækjum og öðrum stöðum til þess að fyrirbyggja eða sannreyna brot á reglugerðinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin hefur haft til athugunar bráðabirgðalög um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri, og hefur meiri hluti hennar fallizt á tillögu tollstjóra um almenna heimild fyrir ríkisstjórnina til að gefa út reglugerð um útflutning og innflutning gjaldeyris, sem felst í þessu frumvarpi.

Sþ. 165. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á vegarstæði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Páll Zóphóníasson.

Sameinað Alþingi leggur fyrir ríkisstjórnina að láta vegamálastjóra á næsta vori athuga og gera áætlun um ruddan sumarveg af þjóðveginum á Þorskafjarðarheiði og á þjóðveginn á Rafnseyrarheiði.

Nd. 166. Lög

um viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun.

(Afgreidd frá Nd. 8. des.).

Samhljóða þskj. 3.

Nd. 167. Lög

um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma.

(Afgreidd frá Nd. 9. des.).

Samhljóða þskj. 150.

Nd. 168. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 21 20. maí 1942, um stríðsgróðaskatt.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

2. og 3. gr. laganna verði ein grein, svo hljóðandi:

Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignarskattur og af sömu aðilum. Ríkissjóður greiðir 75% — sjötíu og fimm af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögunum, til sveitar- og bæjarfélaga. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við lögleyfða útsvarsupphæð sveitar- og bæjarfélaga. á útsvarsárinu. Þó skal ekkert sveitar- eða bæjarfélag fá greitt meira en ⅓ hluta þeirrar fjárhæðar, sem til skipta kemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Af stríðsgróðaskatti undanfarinna ára hefur ríkissjóður fengið 50%. Að öðru leyti hefur skatturinn skipzt þannig: 1) 45% til þeirra sveitar- og bæjarfélaga, þar sem skatturinn er á lagður og innheimtur, og 2) 5% til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, sem enginn stríðsgróðaskattur fellur til í.

Reglur þessar eru óeðlilegar og óheppilegar í framkvæmd. Sveitarfélag, þar sem stríðsgróðaskattur er ekki á lagður, fær engan stríðsgróðaskatt. Sambærilegt sveitarfélag, sem á því láni að fagna að hafa sterka gjaldendur, fær 45% af stríðsgróðaskatti álögðum. Það bæjarfélag, þar sem óverulegur stríðsgróðaskattur fellur til, fær 45% af hinni lágu upphæð. Bæjarfélag, þar sem enginn stríðsgróðaskattur fellur til, getur fengið margfalt hærri upphæð af 5% upphæðinni til sýslu- og bæjarfélaga, sem þannig er ástatt um. Í framkvæmdinni hefur ekki verið hægt að fylgja þessum reglum bókstaflega, og hafa þær verið túlkaðar á sanngjarnari hátt, þannig að bæjarfélag með lítinn stríðsgróðaskatt hefur einnig fengið hluta af 5% upphæðinni. Þetta m. a. sýnir, að full þörf er að breyta lögunum.

Í frv. þessu er lagt til, að ríkissjóður fái aðeins 25% af álögðum og innheimtum stríðsgróðaskatti og 75% skiptist milli sveitar- og bæjarfélaga, án tillits til, hvort

stríðsgróðaskattur er álagður og innheimtur í viðkomandi sveitar- eða bæjarfélagi. Skal þessum 75% skipt í hlutfalli við lögleyfða útsvarsupphæð á árinu, þ. e. meðaltal útsvara sveitar- eða bæjarfélagsins 3 síðustu árin, að viðbættum fimmtungi.

Nauðsyn nýrra tekjustofna fyrir sveitar- og bæjarfélög er aðkallandi. Löggjafinn hefur mjög aukið á þessa nauðsyn með ýmissi lagasetningu, svo sem lögum um almannatryggingar, fræðslulögum o. fl.

Með því að ríkissjóður gefi nokkuð eftir af hlut sínum af stríðsgróðaskattinum og með jafnari og réttlátari skiptingu hans milli sveitar- og bæjarfélaganna, er að áliti flm. þessa frv. stefnt í rétta átt.

Óhjákvæmilegt er að tryggja bæjar- og sveitarfélögum nýja tekjustofna í framtíðinni. Má jafnvel segja, að breyting sú, sem í þessu frv. felst, sé mikils til of síðla fram borin. Stríðsgróðinn hefur á undanförnum árum svo að segja allur safnazt saman í Reykjavík. Bæjar- og sveitarfélögin úti á landi hafa haft lítið af honum að segja, en ekki síður orðið að mæta hraðvaxandi útgjöldum. Hefur þetta haft örlagaríkar afleiðingar, m. a. þær, að fólksstraumurinn burt úr þessum byggðum hefur orðið æ örari. Af því hefur svo leitt margs konar ósamræmi í lífskjörum landsmanna og jafnvægisleysi á fjölmörgum sviðum.

Gegn þessari þróun verður að spyrna. Það verður ekki gert nema með því að skapa almenningi í landinu jafnari aðstöðu til atvinnu og lífsþæginda, en til þess að það verði unnt þurfa sveitar- og bæjarfélögin á auknu fjármagni að halda til margvíslegra aðkallandi framkvæmda.

Nd. 169. Nefndarálit

um frv. til l. um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa stjórnarfrumvarps, sem er staðfesting á bráðabirgðalögum, útgefnum 3. sept. 1947. Meiri hlutinn leggur til, að samþykkt verði annað frumvarp í stað þessa og hefur lagt fram slíkt frumvarp á þskj. 164.

Ég legg til, að frv. ríkisstjórnarinnar sé samþykkt með nokkrum breytingum, og hafa breytingartillögur þessar verið útbúnar af tollstjóra í samráði við fjárhagsnefnd. Flyt ég þær á sérstöku þskj.

Alþingi, 9. des. 1947.

Einar Olgeirsson.

Nd. 170. Breytingartillögur

við frv. til l. um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

1. Við 2. gr. Fyrir „50 kr.“ komi: 150 kr.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Hver sá, sem til landsins kemur frá útlöndum, skal gefa tollyfirvöldunum skriflega, sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri (peningaseðla, skiptimynt, ávísanir í erlendum og íslenzkum gjaldeyri, hvers konar skuldabréf o. s. frv.) hann hafi í fórum sínum.

Erlenda peningaseðla og erlenda mynt, sem hér búsettir menn flytja til landsins, skal afhenda tollyfirvöldunum, og skila þau fénu til Landsbanka Íslands, sem greiðir eigandanum andvirði þess í íslenzkum krónum. Ráðherra getur þó með reglugerð sett sérstök ákvæði um meðferð þess erlends gjaldeyris, er skipverjar á íslenzkum skipum kunna að flytja með sér heim, en hafa fengið greiddan erlendis skv. settum reglum og viðurkenndum samningum.

Einstaklingar, sem búsettir eru erlendis, skulu við komu sína til landsins undirrita drengskaparyfirlýsingu um, að þeir muni aðeins eiga gjaldeyrisviðskipti við þá banka, sem hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri, eða löggiltar gjaldeyrisskiptistöðvar. Ráðherra getur heimilað Landsbanka Íslands að löggilda gjaldeyrisskiptistöðvar til þess að annast þessi viðskipti fyrir sína hönd, þar sem þurfa þykir.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Hver sá, sem fer af landi burt, skal gefa tollyfirvöldunum skriflega, sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri hann hafi meðferðis.

Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, skulu við eða fyrir brottför úr landinu, ef þess er krafizt og eins og nánar verður ákveðið í reglugerð, gera grein fyrir, að þeir hafi aflað sér gjaldeyris til fararinnar á löglegan hátt.

Einstaklingum, sem búsettir eru erlendis, skal heimilt við brottför frá landinu að taka með sér til útlenda það, sem þeir kunna að eiga afgangs af þeim erlenda gjaldeyri, er þeir hafa löglega flutt með sér til landsins. Jafnframt skulu þeir, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð, leggja fram skilríki fyrir því, að þeir hafi selt íslenzkum banka eða gjaldeyrisskiptistöð þann erlenda gjaldeyri, sem þeir hafa notað hér á landi.

4. Við greinina bætist: Upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

Sþ. 171. Fyrirspurn

til samgöngumálaráðherra um undirbúning gistihúsbyggingar í Reykjavík.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Hversu langt er komið undirbúningi að byggingu gistihúss þess, sem ríkisstjórninni var með l. nr. 36 frá 1946 heimilað að láta reisa í Reykjavík í samvinnu við bæjarstjórn Reykjavíkur, félög og einstaklinga?

Hversu miklu fé hefur verið varið úr ríkissjóði til þess að láta gera teikningar erlendis að slíkri byggingu, og er þeim teikningum fulllokið?

Nd. 172. Frumvarp til laga

um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1948.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Þar til samþykkt hafa verið og staðfest fjárlög fyrir árið 1948, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir 1947 öll venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1948.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa áskilið sér óbundið atkvæði. Frv. fylgdi þessi greinargerð:

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að fjárlög verða ekki afgreidd frá þinginu á þessu ári, þykir nauðsynlegt að veita ríkisstjórninni heimild til bráðabirgðagreiðslna úr ríkissjóði á árinu 1948, þar til fjárlög hafa verið samþykkt og staðfest, og er frv. þetta borið fram í þeim tilgangi.

Nd. 173. Breytingartillaga

við frv. til l. um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:

Námsmenn og aðrir, sem dveljast erlendis um stundarsakir og hafa keypt verkfæri og áhöld fyrir vinnulaun eða erlent arfafé, hafa heimild til innflutnings á slíkum munum án sérstaks leyfis, en gera skulu þeir grein fyrir því, hvernig gjaldeyririnn í verðið er fenginn.

Ed. 174. Nefndarálit

um frv. til l. um smíði tveggja þilfara togara í tilraunaskyni.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið ýtarlega á 4 fundum. Sendi hún frv. til umsagnar eftirfarandi aðilum: Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, hr. skipaverkfræðingum Ólafi Sigurðssyni og Viggó E. Maack, skipaskoðunarstjóra ríkisins, forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, Slysavarnafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannafélagi Reykjavíkur, Fiskifélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og að síðustu sjávarútvegsmálaráðherra ásamt innsendum umsögnum ofanritaðra aðila. Bárust nefndinni umsagnir frá öllum þessum aðilum, nema Sjómannafélagi Reykjavíkur, en formaður þess á sæti í nefndinni og flutti þar því álit félagsins á málinu.

Umsögn og álit aðila var í meginatriðum sem hér segir:

1. Að tvíþilja togari skapaði fólkinu miklu meira öryggi og meiri vinnuvernd og betri aðbúnað að öllu leyti, svo og betri vinnuskilyrði og þar af leiðandi miklu meiri vinnuafköst, enda þar möguleikar til að koma fyrir margvíslegum vinnuvélum, sem unnið gætu verk, er nú eru unnin með höndum einum, hugmyndin væri því mjög merkileg og til mjög mikilla bóta frá því, sem nú er;
2. að möguleikarnir til hagnýtingar á afla yrðu miklu meiri á slíku skipi;
3. að skipið sé einnig vel fallið til björgunarstarfsemi og hafrannsókna, en þó einkum og sér í lagi til þess að leita að nýjum fiskimiðum. Leggur Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda alveg sérstaka áherzlu á, að skipið verði byggt með það fyrir augum, að það verði notað sem leitarskip fyrir fiskiflotann og jafnframt sem hafrannsóknaskip á djúpmiðum. Hins vegar telur forstjóri Skipaútgerðar ríkisins slíkt skip óheppilegt til landhelgisgæzlu vegna þess, hve það yrði frábrugðið að útliti öðrum fiskiskipum og mundi þekkjast í milli fjarlægð.

Þá hefur og komið fram sérálit frá tveimur aðilum, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Fiskifélagi Íslands, um, að rétt sé að fresta smíði slíks skips, þar til meiri upplýsingar hafi fengizt um eftirfarandi atriði:

a. Hvernig sjóhæfni skipsins mundi reynast, enda verði fyrst gert af því líkan og það reynt, áður en smíði hefst, megi t. d. telja vafasamt, hvort unnt sé að ná sama hraða á þessu skipi og togara af venjulegri gerð, og auk þess sé vinna öll á efra þilfari enn meira áveðurs en á venjulegum togara;
b. að rannsaka þurfi nánar, hvort skilyrði til botnvörpuveiða séu jafngóð með slíku skipi og venjulegum togara;
c. að sjálfsagt sé að bíða eftir reynslu annarra þjóða í þessu efni.

Með tilvísun til þessa leggur meginþorri þeirra aðila, sem frv. var sent, til, að það nái fram að ganga, en hinir, sem sérafstöðu hafa í málinu, leggja til, að það verði athugað nánar. Eftir að ráðherra hafði kynnt sér þessi gögn, tjáði hann nefndinni, að hann sæi ekki ástæðu til þess, að leitað yrði umsagna annarra eða fleiri aðila hérlendis, en rétt mundi hins vegar að afla frekari upplýsinga erlendis hjá sérfræðingum, áður en til framkvæmda kæmi. Hann lagði því til, að frumvarpið yrði afgreitt á þessu þingi með nokkrum breytingum, er nefndin hefur fallizt á.

Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að hér er um mjög merkilega nýjung að ræða, sem getur valdið gerbreytingu til betri afkomu og meira öryggis í þessari þýðingarmestu atvinnugrein landsmanna. Og þó að ýmislegt þurfi enn að athuga í sambandi við framkvæmd málsins, telur nefndin, að það heyri til hinum tæknilega undirbúningi almennt, sem jafnan þarf að fara fram, áður en til framkvæmda kemur, svo sem vinnuteikningar, vinnulýsing, líkanssmíði og tilraunir á því og aðrir útreikningar, þar á meðal kostnaðarútreikningur eða verðtilboð, og því sé ekki ástæða til að tefja afgreiðslu málsins sérstaklega, þar til að aflað hefur verið slíkra upplýsinga, eða bíða með afgreiðslu þess eftir slíkum undirbúningi. Og einmitt vegna þess, hversu nefndin telur mál þetta mikils vert, vill hún leggja áherzlu á, að þessum tæknilega undirbúningi sé hraðað svo, að honum sé að fullu lokið eigi síðar en á næsta ári. Hins vegar fellst hún á þá skoðun ráðherra, að réttara sé að binda ekki í lögunum, hvenær smíði skipsins skuli lokið, þar sem ýmislegt getur torveldað þær framkvæmdir, þótt hitt sé æskilegast, að þetta gæti orðið sem fyrst. Einn nefndarmanna (StgrA) vill þó láta samþykkja frumvarpið óbreytt, þótt hann sjái ekki ástæðu til að kljúfa nefndina vegna þeirra breytinga, sem samkomulag hefur orðið um í nefndinni að leggja til, að gerðar yrðu á frv.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
      Ríkissjóði er heimilt að láta smíða o. s. frv.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Skal tæknilegur undirbúningur hafinn nú þegar og honum lokið fyrir árslok 1948.
2. Við 2. gr. Á eftir orðunum „að taka“ í meginmálsgr. komi: allt að.

Alþingi, 10. des. 1947.

Gísli Jónsson, form., frsm.	B. Kristjánsson, fundaskr.	Sigurjón Á. Ólafsson.
Pétur Magnússon.	Steingr. Aðalsteinsson.	

Nd. 175. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Frv. til l. um bændaskóla.

Frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

Þar sem nú fer fram allsherjarendurskoðun á skólakerfi landsins, telur deildin ekki tímabært að taka afstöðu til þessa frumvarps og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 176. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 10. des..).

Samhljóða þskj. 151.

Nd. 177. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frv. þessu er lagt til, að meðan fyrirmæli um vöruskömmtun eru í gildi, skuli úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa til verzlana og iðnfyrirtækja fyrir skömmtuðum vörum miðast við þá skömmtunarseðla, er fyrirtækin afhenda viðskiptanefnd. Enn fremur, að mönnum skuli heimilt að afhenda verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum skömmtunarseðla fyrirfram og fela þeim að útvega vörur fyrir þá, ef viðkomandi fyrirtæki hefur ekki nægilega mikið af einhverri vörutegund til að fullnægja eftirspurn.

Með þessum ákvæðum, ef þau verða í lög tekin, er tryggt, eftir því sem verða má, að menn geti keypt vörur sínar þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla, en að því er skylt að stefna samkvæmt fyrirmælum í 12. gr. laga nr. 70 frá 5. júní 1947.

Á tímum frjálsrar og haftalausrar verzlunar geta menn að jafnaði hagað viðskiptum sínum eftir því, sem þeir telja sér bezt henta. Þá geta menn valið um það tvennt að kaupa vörur, sem fyrirliggjandi eru hjá verzlunum á hverjum tíma, eða að fela einstökum verzlunarfyrirtækjum vöruútvegun fyrir sig, eftir því hvort þeir telja sér hagstæðara. Þetta frelsi í viðskiptum munu flestir helzt kjósa, því að í skjóli þess má vænta eðlilegrar samkeppni milli verzlana og heilbrigðra verzlunarhátta. Ekkert verzlunarfyrirtæki getur þá þrifizt, nema það sé að dómi viðskiptamannanna samkeppnisfært við önnur. Þær verzlanir, sem fá lakasta einkunn við það próf, hljóta þá að tapa viðskiptum, en þær hæfustu halda velli.

Því miður eru ekki horfur á því, að í náinni framtíð geti landsmenn búið við fullkomið verzlunarfrelsi. Innflutningshömlur og vöruskömmtun verður sennilega óhjákvæmilegt fyrst um sinn. En þótt slíkar takmarkanir séu óumflýjanlegar um sinn, er ekki þar með sagt, að þörf sé að útiloka allt frjálsræði í viðskiptum. Þegar takmarkað er með skömmtun það vörumagn, sem menn geta keypt, er jafnvel enn ríkari ástæða til þess að veita þeim ákvörðunarrétt um það, hvernig þeir haga vörukaupunum. Með skömmtunarseðlunum fá menn í hendur ávísanir á ákveðið magn af nauðsynjavörum, og þeir eiga sjálfir að fá að ráða því, hjá hvaða fyrirtæki þeir

kaupa vörurnar eða hverjum þeir fela útvegun þeirra. Menn þurfa að hafa frelsi til þess að gera kaupin þar, sem þau bjóðast bezt á hverjum tíma. Um þetta ætti ekki að vera ágreiningur, a. m. k. ekki meðal þeirra, sem á annað borð aðhyllast nokkurt frelsi í verzlun og viðskiptum.

Í 12. gr. laga nr. 70 frá 5. júní þ. á., um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, eru m. a. fyrirmæli um það, að reynt skuli að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. En hver á að dæma um það, hvaða fyrirtæki gera bezt og hagkvæmust innkaup og selja vörurnar ódýrast? Ekki verður hér fallizt á þá skoðun, að heppilegast sé, að opinbert ráð eða nefnd fari með dómsvaldið í þeim efnum og úrskurði um það, við hvaða verzlanir landsmenn eigi að skipta á hverjum tíma. Íhlutun yfirvalda um málefni landsmanna eru vissulega nógu mikil, þótt hún komi ekki hér til. Hitt mun hollara, að þetta dómsvald sé í höndum almennings, enda er það í fullu samræmi við það, sem segir í framhaldi lagagreinarinnar, sem vitnað var til hér að framan. Þar segir, að úthlutun innflutningsleyfanna skuli við það miðuð, „að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla".

Verði sú aðferð notuð við skiptingu vöruinnflutningsins, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, og kaupendur skömmtunarvöru hafi þannig möguleika til þess að velja um viðskiptastaði, má vænta þess, að þeir geri sér yfirleitt far um að kynna sér vöruverð og vörugæði hjá verzlunum og láti þá njóta viðskiptanna, sem bezt kjör bjóða. Slíkt verðlagseftirlit af hálfu viðskiptamannanna og frjálst val þeirra um viðskiptastaði mundi leiða til vaxandi viðskipta hjá þeim verzlunum, sem selja beztar og ódýrastar vörur, og er réttmætt, að þær njóti yfirburða sinna í auknum viðskiptum. Hins vegar mundu þær verzlanir, sem lakari eru, dragast aftur úr og eiga á hættu að tapa viðskiptum, nema þeim takist að koma rekstrinum í betra horf. Á þennan hátt gæti frjáls samkeppni í verzlun komizt að og notið sín þrátt fyrir skömmtun og innflutningshömlur, eins og á þeim tímum, þegar viðskiptin eru frjáls.

Samkvæmt framansögðu leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Framan við 1. málsgr. komi:

1. gr.

2. Við frumvarpið bætist:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 10. des. 1947.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Olgeirsson.

Sþ. 178. Tillaga til þingsályktunar

um leit að dýrmætum efnum og málmum í jörðu.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela rannsóknarráði ríkisins að láta rannsaka, hvort hér eru í jörðu dýrmæt efni eða málmar í það stórum stíl, að af því megi verða arðvænlegur atvinnurekstur.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að fundizt hafa hér í jörðu ýmis dýrmæt efni og málmar, enda þótt það hafi ekki verið í svo stórum stíl, að tiltækilegt þætti að hefja vinnslu þeirra. Það er ekki sæmandi að gera ekki meira en gert hefur verið til að rannsaka til hlítar, hvort hér eru í jörðu málmar og dýrmæt efni í það stórum stíl, að arðvænleg atvinnugrein geti af því orðið.

Með tillögu þessari er gert ráð fyrir því, að rannsóknarráði ríkisins verði falið að sjá um framkvæmd rannsóknanna. Má gera ráð fyrir, að ekki verði hjá því komizt að bæta aðstöðu ráðsins á ýmsan hátt, til þess að það geti sinnt þessu mikilvæga hlutverki í ríkari mæli en verið hefur.

Nd. 179. Frumvarp til laga

um bændaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Þar til er öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrír skólar á landi hér, er veita bændaefnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji í Skálholti í Biskupstungum, þegar lokið er byggingu skólahúss og öðrum nauðsynlegum undirbúningi. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór, fjölbreytt bú, rekin á kostnað ríkissjóðs, og veita skólastjórarnir þeim forstöðu. Fyrir bústjórnina skulu greidd sérstök laun samkvæmt samningi við ráðuneytið. Á búunum skulu færðir búreikningar.

Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir í landbúnaði, svo sem jarðrækt, garðrækt, akuryrkju, kynbótum, fóðrun búfjár og loðdýrarækt.

Áherzla skal á það lögð, að búfjárræktin á skólabúunum sé sem fjölbreyttust með hliðsjón af þeim arði, sem af slíkri starfsemi getur leitt fyrir íslenzkan landbúnað.

3. gr.

Á landi skólajarðanna skal heimilt að reisa nýbýli og bústaði fyrir kennara og starfsfólk skólans á kostnað ríkissjóðs, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til í fjárlögum. Landbúnaðarráðherra ákveður landstærð þessara nýbýla í samráði við skólastjóra.

4. gr.

Við hvern skóla skulu vera skólastjóri og þrír fastir kennarar. Laun taka þeir samkvæmt launalögum. Heimilt er ráðherra auk þess að greiða hverjum skóla upphæð, sem svarar einum kennaralaunum, er sé varið til verklegrar og bóklegrar kennslu. Skólastjóri ræður aukakennara með samþykki landbúnaðarráðuneytisins til þess að annast þessa kennslu.

Njóti kennarar landsnytja og afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

Skólastjóri hefur aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum.

5. gr.

Skólarnir séu þriggja missera skólar með bóklegu og verklegu námi. Í hverjum skóla séu tvær deildir, yngri og eldri deild. Bóklega kennslan fari fram á tímabilinu frá 15. október til 30. apríl ár hvert.

Verklega námið fari aðallega fram sumarið á milli skólavetranna, og skal hver nemandi vinna minnst 780 klukkustundir. Auk þess skulu kenndar búsmíðar og, að svo miklu leyti sem við verður komið, verkleg vélfræði að vetrinum.

Heimilt er skólastjóra að veita þeim nemendum inngöngu í eldri deild skólans, sem að hans dómi hafa næga undirbúningsmenntun til þess, en skylt skal þeim að taka þátt í verklegu námi jafnlangan tíma og aðrir nemendur.

6. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann séu þessi:

a. Að umsækjandi sé fullra 18 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með;
b. að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, sem reglugerð ákveður;
c. að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

7. gr.

Kennslan í skólanum sé bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fari fram í fyrirlestrum að því leyti, sem betur þykir henta. Þessar námsgreinar skal kenna bóklega: Íslenzku, stærðfræði (talnafræði), flatar- og rúmmálsfræði, búreikninga, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, búnaðarlandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffærafræði og lífeðlisfræði búfjár, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, jarðræktarfræði, helztu undirstöðuatriði húsabygginga í sveitum, land- og hallamælingar og eitthvert Norðurlandamál eða ensku. Enn fremur skal kenna söng, íþróttir, leikfimi og teikningu. Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjárfræði og jarðræktarfræði.

Í verklega náminu skulu kennd sem fjölbreyttust jarðræktarstörf, garðrækt, heyskapur og önnur uppskeruvinna. Einnig skal nemendum kennd hirðing og notkun þeirra véla og verkfæra, er verulega þýðingu hafa fyrir búskap.

Nemendum ber að taka þátt í hirðingu þess búfjár, sem á búunum er, undir stjórn og leiðsögn kennara. Þeir skulu og taka þátt í venjulegum bústörfum með það fyrir augum, að þeir nemi hagnýtar vinnuaðferðir, er komi bændum að sem mestum notum í starfi þeirra.

Vanti verkefni á skólabúunum, er heimilt að láta nemendur stunda verklega námið að meira eða minna leyti annars staðar, ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir náminu. Nemendur, sem stunda verknám utan skólabúanna, fá greiddan ferðakostnað til og frá kennslustað.

Í reglugerð skal kveða nánar á um fyrirkomulag kennslunnar í bóklegum og verklegum efnum.

8. gr.

Þeir nemendur, sem ljúka verklegu námi, fá hjá skólabúunum fæði og þjónustu verknámstímann. Auk þess greiðir ríkissjóður þeim kr. 100.00 styrk með verðlagsuppbót.

Ríkissjóður greiðir skólabúunum kr. 100.00 með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda, sem lýkur verklegu námi.

9. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim greinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Að loknu verklegu námi skal og fara fram verklegt próf. Þeir einir, sem lokið hafa bóklegu og verklegu fullnaðarprófi við skólana eða á hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingur. Þó skerðir það eigi rétt þeirra manna, sem tekið hafa próf eftir hinum eldri bændaskólalögum til þess að bera það nafn.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

10. gr.

Selji skólabúið nemendum fæði og þjónustu, skal það selt með kostnaðarverði. Ella sjái skólastjóri um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti.

11. gr.

Heimilt er að halda námskeið við bændaskólana fyrir bændur og bændaefni, þegar ástæður leyfa. Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið fyrir trúnaðarmenn samkvæmt jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarfélaga, forðagæzlumenn, búreikninganámskeið og enn fremur matreiðslunámskeið.

12. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá að fengnum tillögum skólastjóranna.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við skólana.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda fyrir skólaárið 1947—1948.

15. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að stofna sérstaka deild við einn bændaskólanna eða annars staðar, ef hentara þykir, þar sem búfræðingar geti fengið framhaldsmenntun. Um fyrirkomulag þessarar deildar skal ákveðið í reglugerð.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26 13. jan. 1938, lög nr. 39 30. júní 1942 og lög nr. 74 30. des. 1944.

Sþ. 180. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Till. til þál. um viðstöðulausa móttöku á síld þeirri, er nú veiðist við Faxaflóa.

Frá Gísla Jónssyni, Finni Jónssyni og Birni Kristjánssyni.

Með því að upplýst hefur verið, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafði áður en þingsályktunartill. þessi kom fram, gert ráðstafanir til að leggja síld á land hér syðra, til þess að greiða fyrir veiðiskipunum, og framkvæmd þessi er nú þegar hafin, lítur Alþingi svo á, að tillagan sé ófyrirsynju fram komin, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 181. Frumvarp til laga

um heimild handa samgöngumálaráðherra til þess að veita sjómælingamanni Páli Ragnarssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Samgöngumálaráðherra skal heimilt að veita sjómælingamanni Páli Ragnarssyni undanþágu frá að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945 og láta honum í té stýrimannsskírteini í utan- og innanlandssiglingum á íslenzkum verzlunar- og varðskipum, af hvaða stærð sem er, og skipstjóraskírteini á sams konar skipum, eftir að hann hefur fullnægt öðrum ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Skulu próf hans við skóla í Danmörku jafngilda íslenzkum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk samgöngumálaráðuneytisins, og fylgdu því gögn, er sanna, að Páll Ragnarsson hefur lokið sjóliðsforingjaprófi í Danmörku og hefur á þann hátt öðlazt kunnáttu, sem fyllilega nægir þeim kröfum, sem gerðar eru samkv. íslenzkum lögum. Meðmæli frá skólastjóra stýrimannaskólans liggja fyrir, að vísu munnleg, en mjög eindregin.

Nd. 182. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1948.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1948 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum, er gilda fyrir árið 1947, og hafa sams konar ákvæði verið í lögum um mörg undanfarin ár. Frv. er flutt að beiðni menntamálaráðherra. Hafa einstakir nefndarmenn óbundið atkvæði um það.

Ed. 183. Frumvarp til laga

um þurrkví við Elliðaárvog.

Flm.: Gísli Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Ríkissjóður lætur, að loknum nauðsynlegum undirbúningi, byggja og starfrækja á sinn kostnað þurrkví við Elliðaárvog, ásamt nauðsynlegum skjólgörðum, bryggjum, vélum og áhöldum. Skal þurrkvíin vera hæfilega stór fyrir að minnsta kosti 6000 smálesta skip dw.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni fyrir hönd ríkissjóðs allt að 15 milljónir króna, eftir því sem verkinu miðar áfram. Skal lán þetta endurgreitt að $^2/_5$ úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, en að $^3/_5$ úr sjóði þurrkvíarinnar. Skal miða afnotagjöld hennar á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjurnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir af $^3/_5$ hlutum stofnkostnaðarins auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Leita skal þegar samkomulags við hafnarstjórn Reykjavíkur um afhendingu á hæfilega stóru landi undir þurrkvína og þau mannvirki, er ætla má, að komið verði upp í sambandi við hana. Skal landið eigi ákveðið minna en land það, sem fyrirhugað var undir væntanlega skipasmíðastöð með milliþinganefndaráliti 10. nóv. 1943, og afhendast fyrirtækinu án eftirgjalds eða greiðslu. Tekjur, sem kunna að koma af landinu eftir afhendingardag, renna í sjóð fyrirtækisins og teljast með tekjum þess.

Heimilt er ráðherra að fresta byggingu kvíarinnar að nokkru eða öllu leyti, þar til samningar hafa tekizt um afhendingu á landi samkv. 1. mgr. þessarar gr.

4. gr.

Stjórn þurrkvíarinnar skipa 3 menn: Formaður skipaður af ráðherra án tilnefningar og 2 meðstjórnendur skipaðir af ráðherra, annar samkvæmt tilnefningu hafnarstjórnar Reykjavíkur, en hinn samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Skal stjórnin skipuð til 4 ára í senn.

Stjórn þurrkvíarinnar annast um allar framkvæmdir og rekstur fyrirtækisins. Ráðherra setur henni starfsreglur og ákveður þóknun til stjórnarmeðlima.

5. gr.

Hafnarsjóður Reykjavíkur skal hvenær sem er eiga rétt á því að eignast þurrkvína, með löndum, mannvirkjum og öðru, sem henni fylgir og fylgja ber, eins og það er á hverjum tíma, fyrir 60% — sextíu af hundraði — af kostnaðarverði. Færi slík afhending eignanna fram, heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, sem hafnarsjóðurinn kann að yfirtaka með eignum eða að taka að nýju vegna kaupanna, allt að 60% — sextíu af hundraði — af kostnaðarverði þeirra. Ef hafnarsjóður lætur fara fram endurbætur á mannvirkjunum eða eykur við þau, eftir að hafa yfirtekið þau, fer um fjárhagsaðstoð ríkissjóðs við þær framkvæmdir samkvæmt fyrirmælum laga nr. 111 30. des. 1943, um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 12. apríl 1943 var samþykkt till. til þál. um að skipa nefnd til að rannsaka skilyrði fyrir byggingu og starfrækslu fullkominnar skipasmíðastöðvar í Reykjavík. Þann 28. júní sama ár skipaði ráðherra nefnd þessa, með einum fulltrúa frá hverjum þingflokki. Skilaði nefndin áliti þ. 10. nóv. 1943 sama ár og leggur þar einróma til, að hafizt verði handa um byggingu skipasmíðastöðvar við Elliðaárvog. Lét nefndin gera uppdrátt að því athafnasvæði, er hún taldi nauðsynlegt að tryggja skipasmíðastöðinni. Var land þetta valið og afmarkað í samráði við hafnarstjóra og eftir mjög ýtarlega athugun á öllum þeim stöðum, sem til greina gátu komið í nágrenni Reykjavíkur.

Með því að nefndinni þótti eðlilegast, að hafnarsjóður Reykjavíkur kæmi þessum mannvirkjum upp með styrk frá ríkissjóði, lagði hún til, að gerðar yrðu breytingar á hafnarlögunum fyrir Reykjavíkurkaupstað, þannig að ríkissjóður styrkti þessar framkvæmdir sérstaklega með 40% framlagi af kostnaðarverði þeirra og veitti auk þess ríkisábyrgð fyrir láni, sem hafnarsjóðurinn kynni að taka til þessara framkvæmda, fyrir allt að 60% af kostnaðarverði. Sendi nefndin Alþingi frumvarp til laga um þetta mál, og náði það samþykki þingsins sem lög nr. 111 30. des. 1943.

Með lögum þessum er ákveðið, að mannvirkið skuli byggt og að ríkissjóður skuli veita til þess sömu fjárhagslega aðstoð eins og hann veitir til byggingar hafnarmannvirkja í landinu almennt.

Á grundvelli þessara laga lét hafnarstjóri gera nauðsynlegar rannsóknir á svæði því, sem fyrirhugað hafði verið undir skipasmíðastöðina, og jafnframt áætlanir um byggingarkostnaðinn í heild á þeim mannvirkjum, sem milliþinganefndin hafði lagt til í áliti sínu, að komið yrði upp. Reyndist byggingarkostnaðurinn samkvæmt þeirri áætlun rúmlega 36 milljónir króna, og voru þó ekki tekin með að fullu öll þau mannvirki, sem nefndin hafði gert ráð fyrir í áliti sínu. Var athugun þessari lokið í byrjun ársins 1943. Vegna margvíslegra annarra hafnarframkvæmda, sem fyrir lágu og ekki þoldu bið, treysti hafnarstjórnin sér ekki til þess að ráðast í þessi mannvirki samtímis, og með því að enn er aðkallandi að ljúka þeim framkvæmdum, en kostnaður við þær er áætlaður um 8 milljónir króna, sér hafnarstjórnin sér ekki fært að ráðast í byggingu þurrkvíarinnar á næstu árum, m. a. vegna þess, að ríkissjóður veitir hafnarsjóði enga fjárhagslega aðstoð til byggingar hafnarmannvirkjanna, hversu nauðsynleg sem þau eru flota landsmanna. Það er því ljóst, að byggingu þurrkvíar og annarra mannvirkja í sambandi við fyrirhugaða skipasmíðastöð verður ekki fyrst um sinn hrundið í framkvæmd nema fyrir sérstakar aðgerðir Alþingis.

Nú fyrir skömmu hefur Alþingi samþykkt að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs 2,7 milljón króna lán, til þess að unnt sé að ljúka byggingu dráttarbrauta hér í Reykjavík, sem koma til þess að taka allt að 1500 smálesta þunga. Er með því nokkurn veginn örugglega séð fyrir því, að hægt sé að draga á land öll fiskiskip hérlend og hin minni flutningaskip. Var öllum ljóst, hversu það var óhjákvæmilegt fyrir þennan hluta flota landsmanna, að þessu mannvirki yrði sem fyrst komið upp. Hins vegar er á engan hátt enn séð fyrir þörf hinna stærri skipa, sem sumpart koma til að verða í eigu Íslendinga og sumpart sigla hingað í vöruflutningum fyrir landsmenn, en aðstaða þeirra er á engan hátt betri en hinna smærri skipa og áhætta þeirra þeim mun meiri sem skipin eru stærri og verðmeiri, ef tjón ber að höndum hér, sem ekki verður bætt vegna vantandi þurrkvíar. Er óhjákvæmilegt, að öll vátryggingargjöld á slíkum skipum verði mjög miklu hærri, svo lengi sem þetta ástand ríkir í landinu, og þá jafnframt öll flutningsgjöld sömu skipa til og frá landinu. Þá er það og viðurkennt af milliþinganefndinni, að bygging þurrkvíar sé frumskilyrði fyrir því, að unnt sé að koma hér upp skipasmíðastöð í landinu, enda lagði hún áherzlu á, að einmitt

þessi hluti mannvirkisins yrði byggður fyrst. Enda er það öllum ljóst, sem til þessara mála þekkja, að bygging þurrkvíarinnar er jafnframt frumskilyrði fyrir því, að unnt sé að skapa sambærilega aðstöðu til viðgerða skipa hér á landi og gert hefur verið í öðrum löndum. Verður iðnaðarmönnum hér ekki tryggð þessi mikla vinna hér í framtíðinni, nema þessi sjálfsögðu skilyrði séu fyrir hendi.

Í áliti milliþinganefndarinnar var lagt til, að þessari starfsemi yrði tryggt land 1000 metra meðfram ströndinni við Elliðaárvog og 500 metra upp frá henni. Jafnframt var ætlazt til þess, að engar byggingar yrðu frekar leyfðar á þessu landi aðrar en þær, sem eftir sérstöku skipulagi skyldu reistar í sambandi við rekstur þessara mannvirkja, og að sjúkrahúsið yrði flutt svo fljótt sem henta þætti. Síðan hefur, illu heilli, sjúkrahúsið verið stækkað mjög mikið, og mun þó öllum vera ljóst, að ógerlegt er að sameina þetta tvennt á landinu, sjúkrahús og skipasmíðastöð, og jafnógerlegt að tryggja væntanlegri skipasmíðastöð nokkurt annað jafnhentugt land innan takmarka bæjarlandsins. Ber því brýna nauðsyn til þess að koma hér á föstu skipulagi nú þegar.

Í frumvarpinu er lagt til, að $^2/_5$ af kostnaði þurrkvíarinnar verði greiddir úr ríkissjóði. Er þetta sama og ákveðið er í gildandi lögum. En þau lög ákveða og, að ríkissjóður skuli tryggja lán, sem nemur $^3/_5$ af kostnaðarverðinu, ef það er tekið til þessara framkvæmda. Með tilvísun til þessara gildandi ákvæða þykir rétt, að hafnarsjóður Reykjavíkur hafi jafnan rétt til þess að kaupa mannvirkin fyrir 60% af kostnaðarverði og að ríkissjóður standi þá jafnframt ábyrgur fyrir þeim lánum, sem nauðsynleg kunna að vera til þess, að kaupin gætu farið fram.

Með tilvísun til þeirrar miklu þarfar, sem er á því, að mannvirki þetta komist upp, svo og til hins, að hér er raunverulega ekki um annað að ræða en að ríkissjóður taki sjálfur að láni 60% af kostnaðarverðinu í stað þess að ábyrgjast sömu upphæð, sem þá væri tekin af hafnarsjóði, er þess vænzt, að þingmenn sjái sér fært að samþykkja frv. á þessu þingi.

Fylgiskjal.

HAFNARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. nóv. 1947.

Herra alþingismaður Gísli Jónsson.

Samkvæmt samtali okkar í gær leyfi ég mér að senda eftirfarandi upplýsingar um svonefnda fyrirhugaða skipasmíðastöð í Elliðaárvogi.

Eftir að samþykktar höfðu verið á Alþingi síðast á árinu 1943 breytingar á hafnarlögum Reykjavíkur með tilliti til fyrirhugaðrar skipasmíðastöðvar í Elliðaárvogi, lét hafnarstjórn á sumrinu 1944 framkvæma nauðsynlegar mælingar, svo hægt væri að gera áætlanir um kostnað þessara mannvirkja.

Fyrirætlunum þessum var lýst í greinargerð fyrir lagabreytingunni. Mannvirkjunum var ætlaður staður við ströndina framundan Kleppi og nokkuð inn með voginum. Eftir að mælingum var lokið, ákvað hafnarstjórn í byrjun ársins 1945 að láta gera uppdrætti og kostnaðaráætlanir. Kom þá fljótlega í ljós, að ekki þótti tiltækilegt að nota landræmuna inn með voginum eins mikið til skipasmíðamannvirkja og uppdrættir þeir, er nefndin lagði fram með áliti sínu, gerðu ráð fyrir. Varð því úr, að kostnaðaráætlun sú, er hafnarstjórn lét gera, náði aðeins til:

1. Einnar þurrkvíar fyrir 6000 t. dw. skip.
2. Tveggja dráttarbrauta fyrir 1500 t. þunga.
3. Tveggja byggingarbrauta fyrir 3000 t. dw.
4. Eins skjólgarðs.
5. Einnar bryggju.
6. Dýpkunar.
7. Lögunar á landi, nauðsynlegrar fyrir rekstur fyrirtækisins.

Þegar þetta er borið saman við greinargerð lagafrumvarpsins, sést, að hér hefur verið sleppt:

1. Einni þurrkví fyrir 400 t. dw.
2. Einni dráttarbraut fyrir skip.
3. Tveim dráttarbrautum fyrir báta.
4. Einni byggingarbraut.
5. Rennibrautum fyrir báta.
6. Nokkrum viðlegubryggjum, sem sýndar voru á uppdrætti nefndarinnar, en naumlega gátu kallazt hluti af skipasmíðastöðinni.

Uppdráttum og áætlunum var lokið upp úr áramótum 1945 og 1946, og voru niðurstöðutölur þessar:

1.	Þurrkví fyrir 6000 t. dw.	kr.	8 010 000
2.	2 dráttarbrautir	—	4 950 000
3.	2 byggingarbrautir	—	2 965 000
4.	Bryggja	—	2 300 000
5.	Varnargarðar	—	9 285 000
6.	Stíflur	—	2 380 000
7.	Jöfnun á lóð, ræsi og vegir	—	5 500 000
8.	Dýpkun	—	735 000
		Alls kr.	36 125 000

Er hér miðað við verðlag, eins og það var um áramótin 1945—46. Hér skal á það bent, að það, sem hér er nefnt stíflur, eru þurrkunarveggir gerðir í sjó fram, svo hægt sé að steypa þurrkvína og gera undirstöður dráttarbrauta á þurru landi. Stíflurnar yrðu síðan teknar burtu, og er því kostnaður við stíflurnar raunverulegur hluti af kostnaði þurrkvíar og dráttarbrauta.

Þá má einnig benda á, að vegna þess, hve landið er óslétt og hallandi, verður kostnaður við lögun lóðar mjög mikill. Verður t. d. á lóðinni að sprengja um 48000 rúmmetra klöpp og flytja um 18600 rúmmetra af lausu efni. Grjótið, sem þannig fæst, kemur að vísu allt að notum, en auk þess þarf að flytja inn á lóðina til jöfnunar 72000 rúmmetra af fyllingarefni.

Áætlunin hefur verið gerð með það fyrir augum, að ráðizt yrði í allt fyrirtækið. Ef byggja ætti aðeins einn hlutann, t. d. þurrkvína, kemur mjög til álita, hvort ekki væri réttara að breyta fyrirkomulaginu nokkuð.

Ég hef nú reynt að gera mér í hugarlund, hvað kosta mundi þurrkví, ef hún yrði gerð nú, án þess að annað af fyrirhuguðum mannvirkjum yrði reist fyrst um sinn.

Niðurstaða mín er þessi:

Þurrkví	kr.	8 010 000
Stíflur	—	1 000 000
Varnargarður	—	4 000 000
Lóð og vegur	—	1 300 000
Dýpkun	—	500 000
	Kr.	14 810 000
Mismunur á verðlagi 1945—46 og nú	—	1 490 000
	Alls kr.	16 300 000

Það skal sérstaklega fram tekið, að ekki er í áætlununum neitt ætlað fyrir verkstæðisbyggingum eða verkstæðisvélum, lyftitækjum eða því um líku. Þá er og rétt að benda á, að sjúkrahælið Kleppur er svo nærri þessum stað, að ekki kæmi

til mála, að það yrði notað sem sjúkrahús, eftir að framkvæmdir yrðu hafnar, hvort heldur sem er um að ræða þurrkví eina eða öll mannvirkin. Þess vegna er það mjög athugavert, hvort hægt sé að finna þessu stað, svo að ekki þyrfti að rýma sjúkrahúsið strax. Innar í voginn er ekki hægt að fara, en mér virðist, að til mála gæti komið, að þurrkví yrði sett í Vatnagarða, þótt síðar meir væri hugsað til að halda áfram mannvirkjagerð inn fyrir Klepp.

Vatnagarðar eru að vísu nokkuð nærri Kleppi, en þó hygg ég, að þurrkví á þeim stað mundi ekki orsaka óhæfa truflun.

Vatnagarðar hafa að mörgu leyti ýmsa kosti til þurrkvíargerðar, en þó er ljóst, að þar mundi þurfa meiri varnargarð heldur en innan við Kleppshöfðann, en þegar á það er litið, að ætla má, að með tíð og tíma hljóti að verða gerð hafnarmannvirki inn með allri ströndinni, að minnsta kosti frá Kirkjusandi og inn fyrir Klepp, og að þetta verður ekki gert nema með því að byggja fleiri en einn varnargarð, virðast Vatnagarðar vel geta komið til greina fyrir þetta mannvirki.

Valgeir Björnsson.

Ed. 184. Breytingartillaga

við frv. til l. um kauprétt á jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir annarri málsgr. 2. greinar komi ný málsgr., er orðist svo:

Ef jörð er seld á opinberu uppboði eða lögð veðhafa út, eiga þeir, er forkaupsrétt hafa, rétt á að ganga inn í hæsta boð samkvæmt lögum þessum, enda tilkynni forkaupsréttarhafi það uppboðshaldara innan þriggja sólarhringa frá því, að uppboðsþingi var slitið, að hann ætli að nota forkaupsrétt sinn.

Nd. 185. Lög

um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla.

(Afgreidd frá Nd. 12. des.).

Samhljóða þskj. 1.

Nd. 186. Lög

um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám.

(Afgreidd frá Nd. 12. des.).

Samhljóða þskj. 2.

Nd. 187. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað „25%“ í 4. lið kemur: 90%.

Nd. 188. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 1946, um almannatryggingar.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Á eftir 1. tölulið kemur nýr (2.) tölul., svo hljóðandi (og breytist röð töluliðanna á eftir samkv. því):

að Tryggingastofnun ríkisins skuli greiða nauðsynlega sjúkrahjálp vegna slysa við tryggingarskylda vinnu, hvort sem aðili er samlagsmaður í sjúkrasamlagi eða ekki, og eigi lægri upphæð en sams konar greiðslur sjúkrasamlaga til samlagsmanna nema samkvæmt III. kafla laga nr. 104 1943.

Ed. 189. Breytingartillaga

við frv. til l. um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 12. gr. Í stað orðanna „8 25. júlí 1934“ komi: 9 25. jan. 1934.

Nd. 190. Frumvarp til laga

um dýrtíðarráðstafanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

I. KAFLI
Markmið laga þessara.

1. gr.

Til þess að vinna gegn verðbólgu og dýrtíð, tryggja áframhaldandi rekstur sjávarútvegsins, stemma stigu fyrir atvinnuleysi og auka framleiðslu til gjaldeyrisöflunar er sett löggjöf sú, sem hér fer á eftir.

II. KAFLI
Um eignaraukaskatt.

2. gr.

Á árinu 1948 skal leggja sérstakan skatt á eignarauka, sem orðið hefur á tímabilinu frá 1. janúar 1940 til 31. desember 1947. Skal sá skattur renna í framkvæmdasjóð ríkisins, sbr. lög nr. 55/1942. Skatturinn skal lagður á þá skattþegna, sem 1. janúar 1948 eiga skuldlausa eign, er nemur yfir 100 þúsund krónum um fram skuldlausa eign þeirra 1. jan. 1940.

Undanþegin eignaraukaskatti eru:

a. Eimskipafélag Íslands h/f.
b. Fé það, sem félög og einstaklingar, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnurekstri, hafa lagt í vara- og nýbyggingarsjóði og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af.

c. Fé það, sem samvinnufélög hafa lagt í varasjóði samkvæmt ákvæðum laga um samvinnufélög eða tekjuskattur hefur ekki verið greiddur af.

Skatturinn ákveðst þannig:

Af 100—200 þús. kr. eignaraukningu greiðist 5% af því, sem er umfram 100 þús. kr.

Af 200—400 þús. kr. eignaraukningu greiðist 5 þúsund kr. af 200 þús. kr. og 10% af afgangi.

Af 400—600 þús. kr. eignaraukningu greiðist 25 þúsund kr. af 400 þús. kr. og 15% af afgangi.

Af 600—800 þús. kr. eignaraukningu greiðist 55 þúsund kr. af 600 þús. kr. og 20% af afgangi.

Af 800 þús. kr. til 1 millj. kr. eignaraukningu greiðist 95 þúsund kr. af 800 þús. kr. og 25% af afgangi.

Af 1 millj. kr. eignaraukningu greiðist 145 þúsund kr. og 30% af því, sem er þar fram yfir.

Eignaraukaskattur allra samvinnufélaga svo og félaga og einstaklinga, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnurekstri, reiknast þannig:

Eignaraukning allt að 100 þús. kr. er skattfrjáls. Af eignaraukningu frá 100 þús. kr. til 200 þús. kr. greiðist 5% af því, sem er umfram 100 þús. kr. Ef eignaraukning nemur yfir 200 þús. kr., greiðist 5000 kr. af 200 þús. kr. og 10% af þeirri eignaraukningu, sem þar er fram yfir.

3. gr.

Eignarauka skal finna með því að bera saman skuldlausa eign gjaldþegns 1. janúar 1940, sem nefnist byrjunareign, og skuldlausa eign hans 31. desember 1947, sem nefnist lokaeign. Byrjunareign og lokaeign skal meta eftir skattaframtölum með leiðréttingum skattanefnda og þeim breytingum, sem þessi lög gera ráð fyrir. Ef skattaframtal 1940 er ekki til, skal miða við áætlun skattanefnda það ár, nema sannað sé, að eignir hafi verið aðrar. Ef gjaldþegn átti ekki fyrir skuldum 1. janúar 1940 eftir skattaframtali, skal taka tillit til þess, hvort eignir eru þar taldar með sannvirði. Ef skattanefndir telja vafa á því, skulu þær leiðrétta framtölin og hafa hliðsjón af vátryggingarverði eigna og sennilegu söluverði. Ef skuldir verða þrátt fyrir þær leiðréttingar meiri en eignir, skal enga byrjunareign telja (byrjunareign = 0). Ef ekki er til skattaframtal 1948, skal miða við áætlun skattanefnda. Með eignum einstaklinga skal telja eign þeirra í sameignar- og samlagsfélögum, og teljast slík félög ekki sjálfstæðir skattgreiðendur. Hlutabréf skulu bæði í byrjunareign og lokaeign metin með nafnverði.

Nú hefur maður flutzt til Íslands á tímabilinu 1. janúar 1940 til 31. desember 1947, og skal þá eign hans, er hann fluttist til landsins, talin byrjunareign.

4. gr.

Við ákvörðun eignarauka skal um einstakar eignir, sem skattþegn hefur átt óslitið frá 1. janúar 1940 til 31. desember 1947, miða við sama verð á byrjunareign og lokaeign, nema eignin hafi hækkað í verði vegna þess, að notagildi hennar hafi verið aukið verulega með endurbótum á eigninni eða viðaukum við hana. Skal eignin þá í lokaeign hækkuð í verði um það, sem skattanefndir telja verðgildi hennar hafa aukizt vegna breytinganna að frádreginni hæfilegri fyrningu endurbótanna.

Þegar búfé er metið til eignar, skal í byrjunareign og lokaeign leggja sama búfjármat til grundvallar, nema búfjármagn hafi aukizt, þá skal aukningin ákveðin eftir reglum, sem gilda um búfjármat við framtal á árinu 1948.

5. gr.

Ef skattþegn hefur selt fasteign eða skip, sem hann átti 1. janúar 1940, á tímabili því, sem getur í næstu grein hér á undan, án þess að kaupa aðra fasteign eða

annað skip í staðinn, skal leggja söluverð þessara eigna til grundvallar við ákvörðun byrjunareignar, enda sé ótvírætt sannað, hvert söluverðið hefur verið, og það í samræmi við gangverð á þeim tíma og stað, þegar salan fór fram. Liggi söluverð ekki fyrir, skal miða við fasteignamat að viðbættu sama álagi og segir í 6. gr., þegar um kaup er að ræða. Skip skulu þó talin með vátryggingarverði, þegar sala fór fram, nema sannað sé með mati dómkvaddra manna, að það hafi þá verið óeðlilega vátryggt. Ef skattþegn hefur keypt aðra fasteign eða skip í staðinn á tímabilinu eða samið um smíði skips, sem eigi er fullgert 1. janúar 1948, skal telja söluverð hinna seldu eigna í byrjunareign að svo miklu leyti, sem það gengur upp í kaupverð hinna nýju eigna.

Ákvæði þessi um hámarksverð eiga ekki við, þegar opinber aðili hefur verið kaupandi, og skal þá fara eftir samningsverði.

6. gr.

Ef um er að tefla eignir, sem skattþegn hefur eignazt á tímabilinu frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1947, skal í lokaeign miða við það verð, sem hann hefur greitt fyrir þær að frádreginni fyrningu í skattaframtali samkvæmt ákvæðum laga. Fasteignir og skip, sem skattþegn hefur eignazt á tímabilinu, skulu ekki reiknuð með lægra verði en hér segir, sbr. þó 2. og 3. mgr.:

1. Jarðeignir með tilheyrandi húsum. Ef skattþegn hefur eignazt jörðina árið 1940 eða 1941, skal telja fasteignamatsverð með 25% álagi lágmarksverð, hafi hann eignazt jörðina árið 1942, telst fasteignamatsverð með 50% álagi lágmarksverð, árið 1943 með 100% álagi, árið 1944 með 150% álagi og árin 1945—47 með 200% álagi.
2. Fasteignir, aðrar en jarðir, í sveitarfélögum með yfir 1000 íbúa. Ef skattþegn hefur eignazt fasteignina árið 1940, telst fasteignamatsverð með 25% álagi lágmarksverð, árið 1941 með 50% álagi, árið 1942 með 100% álagi, árið 1943 með 200% álagi, árið 1944 með 300% álagi, árið 1945 með 400% álagi og árin 1946—47 með 500% álagi.
3. Fasteignir, aðrar en jarðir, í sveitarfélögum með 1000 íbúum og þar undir:
   Ef skattþegn hefur eignazt fasteignina árið 1940 eða 1941, telst fasteignamat með 25% álagi lágmarksverð, árið 1942 með 50% álagi, árið 1943 með 150% álagi, árið 1944 með 200% álagi, árið 1945 með 250% álagi og árin 1946 og 1947 með 300% álagi.
4. Skip skal ekki reikna til eigna lægra verði en kaskóvátrygging þess nemur á þeim tíma, sem skattþegn eignaðist skipið. Þó skal telja með þann hluta verðmætis skips, sem samkvæmt virðingargerð vátryggingarfélags er í sjálfstryggingu eiganda. Heimilt er skattþegni þó að sanna með mati dómkvaddra manna, að skip sé vátryggt of háu verði. Skattanefndir og skattþegn geta látið fara fram yfirmat. Ef skip er óvátryggt, skulu skattanefndir meta, en bera má mat þeirra undir mat dómkvaddra manna.

Ákvæði þessi um lágmarksverð eiga ekki við, þegar opinber aðili hefur verið seljandi. Þá skal fara eftir samningsverði.

Nú þykir ótvírætt sannað, hvert verið hefur kaupverð fasteignar eða skips, sem skattþegn hefur eignazt á nefndu tímabili, og skal þá leggja það til grundvallar í lokaeign, ef það er í samræmi við gangverð eigna á þeim tíma og stað, þar sem kaupin gerðust, að frádreginni lögleyfðri fyrningu.

7. gr.

Þegar miðað er við fasteignamat í lögum þessum, skal leggja fasteignamatið frá 1942 til grundvallar. Ef fasteign eða skipi, sem skattþegn hefur eignazt á fyrrgreindu tímabili, hefur verið breytt eða endurbætt þannig, að verðgildi þess hafi aukizt verulega, eða eignin rýrnað verulega í verði, án þess að fasteignamati eða vátryggingarverði hafi verið breytt, skulu skattanefndir meta breytinguna til peningaverðs í lokaeign. Sama gildir um eignir, sem skattþegn átti 1. janúar 1940, en seldi síðar.

8. gr.

Áður en byrjunareign er ákveðin, skal draga frá henni þá fjárhæð, sem skattþegn hefur greitt í útsvar, tekjuskatt, samvinnuskatt, eignarskatt og úthlutaðan tekjuafgang í samvinnufélögum árið 1940. Á sama hátt skal draga frá lokaeign útsvar, tekjuskatt, tekjuskattsviðauka, stríðsgróðaskatt, samvinnuskatt, úthlutaðan tekjuafgang í samvinnufélögum, greiddan á árinu 1948, auk tryggingariðgjalda samkvæmt 112. og 113. gr. laga um almannatryggingar.

9. gr.

Dánarbætur, útborgað lífsábyrgðarfé vegna látins framfæranda og slysabætur, sem menn hafa fengið á árunum 1940—1947, dragast frá lokaeign. Lífsábyrgð, útborguð í lifanda lífi, fallinn útborgaður arfur og dánargjafir skulu dragast að hálfu frá lokaeign. Fyrirframgreiðsla upp í arf á árunum 1946 og 1947 leggist við lokaeign þess, sem greiðsluna innti af hendi, en dregst frá hjá viðtakanda, sem þó ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Sama er um gjafir til einstakra manna, ef numið hafa meiru en 1000 krónum til hvers.

10. gr.

Ef kona hefur gengið að eiga mann á tímabilinu 1. janúar 1940 til 31. desember 1947, skal leggja byrjunareign hennar við byrjunareign manns hennar og síðan fara með eignirnar sem einn aðili væri. Ef hjón hafa skilið á tímabilinu eða fjárfélagi þeirra verið slitið fyrir 1. nóvember 1947, skiptist byrjunareign þeirra til helminga, nema að því leyti, sem um séreign hefur verið að ræða.

11. gr.

Framtalsnefnd samkvæmt lögum nr. 67/1947 annast álagningu eignaraukaskatts. Ráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum nefndarinnar, ákvæði um álagningu skattsins, kærur út af honum, fresti, úrskurði, gjalddaga, innheimtu og fleira, er að framkvæmd laganna lýtur. Um eignaraukaskattinn skal fara eftir því, sem við á, enda sé ekki á annan veg mælt í þessum lögum, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög.

III. KAFLI

Um verðlagsuppbætur o. fl.

12. gr.

Hvarvetna þar, sem fjárhæð starfslauna eða annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvísitölu samkvæmt lögum, samningum eða á annan hátt, má ekki miða verðlagsuppbót við hærri vísitölu en 300, meðan lög þessi eru í gildi.

13. gr.

Nú fær fastlaunamaður heildarlaun, án þess að sérstök grunnlaun hafi verið ákveðin, og lækka þau þá eftir gildistöku laga þessara hlutfallslega við þá lækkun vísitölunnar, sem ákveðin er í 12. gr.

14. gr.

Undanþága sú frá greiðslu skatta og útsvara af áhættuþóknun, er getur í lögum nr. 61/1939, er úr lögum numin.

Nú stundar forsjármaður heimilis atvinnu fjarri heimili sínu, og skal þá ekki telja honum til skattskyldra tekna fæðishlunnindi, sem hann kann að hafa hjá atvinnurekanda. En verði hann hins vegar að sjá sér sjálfur fyrir fæði, skal hann eiga rétt á því, að frá tekjum hans sé dreginn hæfilegur fæðiskostnaður, áður en skattur er á þær lagður, og skulu um það sett ákvæði í reglugerð.

15. gr.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til þess að færa niður verð á hvers konar vörum, verðmæti og þjónustu til samræmingar við niðurfærslu vísitölunnar. Tekur þetta til alls þess, sem greinir í 15. gr. laga nr. 70/1947, þar á meðal til hvers konar verzlunarkostnaðar, dreifingarkostnaðar, flutningsgjalda á sjó, landi og í lofti, greiðasölu, veitinga, skemmtana, umsjónar með húsbyggingum o. s. frv. Þá tekur þetta og til hvers konar verðmæta og þjónustu, sem bæjar- og sveitarfélög selja almenningi, svo sem verðs á rafmagni, gasi, o. s. frv. Ber að gæta þess, að þeir kostnaðarliðir, sem stafa af vinnulaunum, lækki a. m. k. í fullu hlutfalli við niðurfærslu vísitölunnar. Vald það, er verðlagsyfirvöld hafa til frekari verðlækkunar samkvæmt lögum, eru í engu skert. Brot gegn fyrirmælum verðlagsyfirvalda samkvæmt þessari málsgrein varða viðurlögum samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1947.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fyrir húsaleigunefndir að færa niður um allt að 10% húsaleigu í húsum, sem reist hafa verið eftir árslok 1941, svo og húsaleigu í eldri húsum, þar sem nýr leigusamningur hefur verið gerður eftir árslok 1941. Ákvæði þetta skerðir í engu vald húsaleigunefnda samkvæmt gildandi lögum til niðurfærslu húsaleigu. Brot gegn ákvæðum þessarar málsgreinar varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 39/1943.

16. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, þegar er lög þessi hafa tekið gildi, verðskrá landbúnaðarvörur af nýju. Skal þá við það miða, að laun þeirra, er að framleiðslunni vinna, bænda og annarra, haldist í sama hlutfalli við laun þeirra stétta, sem við var miðað við verðákvörðun varanna sumarið 1947, þangað til ný landbúnaðarverðlagsvísitala hefur verið ákveðin samkvæmt lögum nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

IV. KAFLI

Um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

17. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 18.—20. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1948 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

18. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsk- og ýsuflökum nái kr. 1.33 lbs. fob., þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aurum á lbs. Skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi.

19. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfisksútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan.

20. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 18. og 19. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

21. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1947 til 1. sept. 1948 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

22. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í ríkissjóð, unz hann er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum svo og lögum nr. 97/1946.

23. gr.

Auglýsa skal svo fljótt sem unnt er lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura verð, sbr. 17. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

24. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessa kafla laganna, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 17. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

25. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

26. gr.

Þegar innflutnings- og gjaldeyrisdeild, sbr. III. kafla laga nr. 70/1947, tekur ákvarðanir varðandi verðlagningu á veiðarfærum og viðgerðum skipa, skal kveðja til tvo fulltrúa, annan frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og hinn frá Fiskifélagi Íslands. Skulu þeir hafa atkvæðisrétt um þau mál.

V. KAFLI

Um aðstoðarlán til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1947.

27. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 3 milljónum króna eða ábyrgjast jafnháa fjárhæð, er varið skal til aðstoðar síldarútvegsmönnum árið 1947.

28. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar með herpinót sumarið 1947, geta sótt um lán samkvæmt lögum þessum, ef þeir eða þau eiga vegna aflabrests á síldarvertíðinni erfitt með áframhaldandi rekstur.

29. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd til að hafa á hendi lánveitingar samkvæmt þessum kafla laganna. Umsóknir um lán skulu sendar nefndinni. Nefndin ákveður, hve langan frest umsækjendur hafa til lánbeiðninnar.

Lánbeiðnir skulu vera skriflegar. Þeim skulu fylgja skilríki sem hér segir:

1. staðfest eftirrit af skattaframtali umsækjanda 1947.
2. efnahagsreikningur umsækjanda pr. 31. des. 1947,
3. rekstrarreikningur síldarútgerðar umsækjanda 1947,
4. veðbókarvottorð skipa og fasteigna umsækjandans.

Auk þess er umsækjanda skylt að gefa nefndinni allar þær skýrslur, er hún telur nauðsynlegar. Með allar skýrslur varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

30. gr.

Þegar lánveitinganefnd hefur fengið tilskilin skjöl í hendur, skal hún sannprófa, eins og unnt er, hvort þau eru rétt. Ef nefndin telur, að umsækjandi eigi erfitt með áframhaldandi rekstur, skal honum veitt lán, ef hann getur sett tryggingar, sem nefndin metur gildar. Nú sækir hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð um lán eftir lögum þessum, og skal þá setja það skilyrði fyrir lánveitingunni, að aðalhluthafar eða aðaleigendur fyrirtækisins taki persónulega ábyrgð á láninu í hlutfalli við hlutafjáreign eða stofnfjáreign þeirra í félaginu, nema aðrar fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir láninu. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera. Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Lánstími má þó ekki vera yfir 5 ár. Ársvextir skulu vera 5%.

31. gr.

Ekkert lán má afgreiða fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

32. gr.

Ef lántakandi selur skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið að tryggingu fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

33. gr.

Þeir, sem fá lán samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

34. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar, ef þurfa þykir.

VI. KAFLI

Um framlengingu á ákvæðum laga nr. 28/1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum.

35. gr.

Vörumagnstollur.

Til ársloka 1948 skal innheimta vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari lögum um breytingu á þeim lögum með þeim hækkunum, sem hér greinir:

a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárlaganna, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi með þeim undantekningum, sem getur í 37. gr.

36. gr.

Verðtollur.

Á sama tíma skal verðtollur innheimtur með 65% álagi, með þeim undantekningum, sem getur í 37. gr.

37. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, sem í 35. og 36. gr. getur, eru eftirtaldar vörur:
Tollskrárkafli 9 nr. 1—2, kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.
— 10 nr. 1—7, korn ómalað.
— 11 — 1—12, mjöl og grjón.
— 17 — 1—6, sykur.
— 22 — 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
— 24 — 1—9, tóbak.
— 25 — 10, salt.
— 27 — 1—4, kol.
— 27 — 14, steinolía.

Enn fremur eru allar vörur, sem tollur er greiddur af samkvæmt milliríkjasamningum, undanskildar tollhækkun samkvæmt þessum kafla laganna.

38. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollhækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollhækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki í krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

VII. KAFLI

Um álagningu söluskatts vegna ábyrgðar á fiskafurðum og niðurgreiðslu á innlendum vörum.

39. gr.

Einstaklingar og félög, sem hafa með höndum skattskyldan atvinnurekstur, skulu greiða skatt í ríkissjóð af sölu ársins 1948 eftir reglum þeim, sem settar eru í þessum kafla laganna.

40. gr.

Söluskattur skal greiðast af heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, án frádráttar nokkurs kostnaðar, þar með talið andvirði vöru seldrar í umboðssölu svo og tilboðasöfnun, úttekt eigenda úr sjálfs sín fyrirtæki og skipti gegn vöru eða þjónustu. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa, krafna eða annarra slíkra verðmæta og iðgjaldstekjur vátryggingarfélaga eru undanþegnar söluskatti svo og sala eigin vinnu. Söluskattur greiðist hins vegar af andvirði vinnu, sem seld er með álagningu (smíði, viðgerðir o. þ. h.), af andvirði vinnu, sem gjaldandi hefur umsjón með gegn álagningu (málun, raflögn, trésmíði o. þ. h.), af greiðslum til verktaka, flutningsgjöldum og afgreiðslugjöldum, heildartekjum prentsmiðja, bókaútgefenda, þvottahúsa, fatapressna, rakara- og hárgreiðslustofa og þess háttar fyrirtækja, af sölu klæðskeraverkstæða og saumastofa, af matsölu og sölu veitinga- og gistihúsa, af aðgangseyri að skemmtunum, sem skemmtanaskattur er greiddur af, og yfirleitt af heildartekjum þeirra fyrirtækja, sem selja vöru, efni, vinnu eða aðra þjónustu með álagningu.

41. gr.

Söluskattur skal nema því, sem hér segir:

1. Af heildsölu og umboðssölu 2%,
2. Af smásölu 1½%,
3. Af sölu iðju- og iðnfyrirtækja sem og allra annarra fyrirtækja, sem gjaldskyld eru samkvæmt 40. gr. 1½%.

Eigi skal þó greiða skatt af sölu þeirri, sem hér segir:

1. a. andvirði vöru, sem seld er úr landi,
   b. andvirði mjólkur- og mjólkurafurða, kjöts, nýs, frosins, reykts, niðursoðins og saltaðs, fisks, nýs, frosins, niðursoðins og saltaðs, að síld meðtalinni.
   c. sölu á veiðarfærum, salti og olíu svo og á viðgerðum á skipum,
2. sölu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 62 11. júní 1938.

42. gr.

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt lögum þessum, skulu innan tveggja vikna eftir 31. marz, 30. júní, 30. september og 31. desember senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um viðskipti sín og sölu á undangengnu tímabili. Skulu hinir síðarnefndu ákveða gjaldið innan tveggja vikna og það síðan greiðast tollstjóranum í Reykjavík eða sýslumönnum og bæjarfógetum utan Reykjavíkur fyrsta dag næsta mánaðar. Ef skatturinn hefur eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir, ½% á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.

43. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma, eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu gjaldandans og ákveða gjaldið eftir því. Komi í ljós, að söluskatturinn hafi verið ákveðinn á röngum forsendum, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að breyta fyrri ákvörðun sinni. Telji gjaldþegn söluskatt ranglega ákveðinn, hefur hann rétt til að áfrýja þeirri ákvörðun til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

44. gr.

Skattstjóri og skattanefndir skulu hafa aðgang að gögnum innflutnings- og gjaldeyrisdeildar fjárhagsráðs, verðlagsstjóra og tollyfirvalda til notkunar við endurskoðun skattaframtala og ákvörðun skattsins.

45. gr.

Verð vöru má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans.

46. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda auk þeirra, sem áður voru nefndir, skuli undanþegnir söluskatti, ef álagning hans er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Í reglugerð skal og ákveða um meðferð kærna og kærufrest.

47. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn þessum kafla laganna fer samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 9/1935, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit o. fl.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

48. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera tillögur um árlegan vísitöluútreikning, miðaðan við magn og verðmæti útflutningsframleiðslunnar.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er alkunna, að dýrtíð og verðbólga eru komnar á það stig hér á landi, að ýmsar atvinnugreinar landsmanna fá ekki lengur undir risið, og vofir yfir þeim stöðvun. Er því með sama framhaldi fjárhag atvinnuvega, einstaklinga og opinberra aðila stýrt í bráðan voða. Má hverjum manni vera ljóst, að ekki verður lengur skotið á frest að hefjast handa um raunhæfar aðgerðir til að stemma stigu fyrir framhaldandi verðbólgu og fjárhagshruni, sem af henni mundi leiða. En það er og augljóst mál hverjum þeim, sem kynna vill sér af hreinskilni og alvöru, hvernig nú er háttað verðlagsmálum og atvinnumálum hér á landi, að ekki verður ráðin bót á verðbólgu þeirri, sem nú ægir landsmönnum og öllu fjárhagslífi þeirra, án þess að þjóðin taki á sig nokkrar byrðar um tíma, meðan verið er að koma fjárhagsmálunum í heilbrigðara og öruggara horf.

Ríkisstjórnin hefur nú um skeið unnið að því að finna leiðir, er að haldi mættu koma við úrlausn þessara mála. Hefur hún í því skyni látið ýmsa trúnaðarmenn framkvæma margháttaðar rannsóknir svo og aflað margvíslegra gagna og skýrslna frá ýmsum stofnunum og einstaklingum. Hafa við þær rannsóknir mörg sjónarmið komið til greina, og undirbúningur allur því óhjákvæmilega tekið nokkuð langan tíma.

Framangreindar rannsóknir og undirbúningur hafa leitt til þeirra úrlausna, sem felast í frumvarpi þessu. Skal hér á eftir gerð grein fyrir efni frumvarpsins í aðalatriðum og þeim sjónarmiðum, sem lögð hafa verið til grundvallar við samningu þess.

Þess höfuðsjónarmiðs hefur verið gætt, að byrðar þær, sem þjóðin verður að taka á sig vegna lækningar á dýrtíðarbölinu, komi sem réttlátlegast niður á þjóðfélagsþegnana, þannig að þeir, sem mest mega sín efnalega, taki á sig hlutfallslega þyngstu byrðarnar. Hefur þetta sjónarmið verið haft fyrir augum við ákvarðanir leiða þeirra, sem valdar hafa verið, og fyrirhugaðar aðgerðir við það miðaðar.

Aðalmarkmið ríkisstjórnarinnar með aðgerðum þeim, sem í frumvarpinu felast, er að greiða svo fyrir atvinnuvegum þjóðarinnar, að tryggður sé áframhaldandi rekstur þeirra og þar með komið í veg fyrir atvinnuleysi, sem stöðvun atvinnuveganna mundi hafa í för með sér. Til þess að ná þessu markmiði er óhjákvæmilegt að ráðast beint gegn verðbólgunni með festingu vísitölunnar. Með því að verðbólgan er þegar orðin óbærileg sumum atvinnugreinum, verður ekki heldur komizt hjá nokkurri niðurfærslu vísitölunnar. Þessari niðurfærslu er þó stillt í hóf, svo sem frekast er unnt, og jafnframt gerðar ráðstafanir til lækkunar verðlagi á vörum og öðru, sem verðlagseftirlit nær til, til samræmingar við niðurfærslu vísitölunnar. Verður og haldið áfram niðurgreiðslum úr ríkissjóði á innlendri framleiðslu, svo að lækkun á verði hennar vegna niðurfærslu vísitölunnar komi öll fram í útsöluverði til neytenda. Mun ríkisstjórnin leggja allt kapp á, að niðurfærsla vísitölunnar komi fram í lækkuðu verðlagi, eftir því sem frekast eru föng á, svo að kjör launþega rýrni sem minnst vegna niðurfærslunnar. Jafnframt mun ríkisstjórnin eindregið stuðla að framhaldandi rekstri atvinnuveganna og að uppi sé haldið nægilegri og stöðugri atvinnu í landinu með svo góðum kjörum fyrir almenning sem unnt er.

Þá er ákveðið í frumvarpinu, að tekjur þeirra, sem ekki taka laun með vísitölu, færist niður, svo að þeirra hluti af byrðunum verði ekki hlutfallslega minni en launþeganna, sbr. 13. og 15. gr. Tekur þetta m. a. til alls konar atvinnurekenda. Loks er lagður sérstakur eignaraukaskattur á þá einstaklinga og fyrirtæki, sem safnað hafa mestum gróða á undanförnum árum. Þykir sanngjarnt, að þeir leggi svo um muni af mörkum til lækningar verðbólgunni.

Þó að framangreindar ráðstafanir um niðurfærslu verðlags í landinu miði að því að gera atvinnuvegunum fært að standa á eigin fótum og ríkisstjórnin muni gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að því marki verði náð, þá er samt víst, að þessar ráðstafanir nægja ekki til þess einar saman. Það þykir því nauðsynlegt að tryggja hag og áframhaldandi rekstur bátaútvegsins með ábyrgð ríkissjóðs með svipuðum hætti og verið hefur. En þá þarf og að sjá ríkissjóði fyrir fé til að standa straum af ábyrgðum þessum. Eru ákvæði VI. kafla, þar sem framlengd eru ákvæði eldri laga um hækkun á aðflutningsgjöldum, svo og ákvæði VII. kafla um söluskatt einkum sett í þessu skyni.

Um I. kafla.

Hér er greint markmið laganna, og vísast um það nánar til þess, er segir hér að framan í greinargerðinni.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um eignaraukaskatt. Skatturinn skal lagður á eignarauka, sem orðið hefur á tímabilinu frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1947 og nemur hjá einstökum skattgreiðanda yfir 100 þús. kr. Skatturinn fer stighækkandi frá 5—30 af hundraði eftir hæð eignaraukans. Ákvæði kaflans taka til allra aðilja, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 6/1935, ef þeir fullnægja framangreindum skilyrðum um eignarauka. Undanþegin eignaraukaskattinum eru þó aðiljar, sem greinir í a—c-liðum 2. gr. af því fé, sem þar segir. Svo eru og sérreglur um samvinnufélög og þá, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi.

Þegar eignaraukaskattur er á lagður, skal ákveða eign skattþegns 1. jan. 1940, og nefnist hún byrjunareign. Svo skal og ákveða skuldlausa eign hans 31. des. 1947, er nefnist lokaeign, og finnst eignaraukinn með því að draga byrjunareign frá lokaeign. Í 3.—10. gr. eru rækileg ákvæði um það, hvernig byrjunareign og lokaeign skuli ákveðnar. Þar eru og ýtarlegar reglur um mat eignanna. Þess skal getið, að hafi skattþegn átt einstakar eignir óslitið frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1947, skal við ákvörðun eignaraukans miða við sama verð á byrjunareign og lokaeign, nema eignin hafi hækkað í verði vegna endurbóta eða viðauka á nefndu tímabili, sbr. 4. gr. Í 8. gr. eru ákvæði um áhrif skatta á ákvörðun eigna. Þar sem sérákvæði laganna taka ekki til, skal farið eftir almennum ákvæðum skattalaga, eftir því sem við verður komið.

Um III. kafla.

Í þennan kafla er safnað ákvæðum, er varða niðurfærslu verðlags í landinu. Í 12. gr. er ákvæðið um festingu og niðurfærslu vísitölunnar. Með 14. gr. eru numin úr lögum skatt- og útsvarshlunnindi, sem á sínum tíma voru sett af styrjaldarástæðum. En í 2. mgr. sömu gr. eru ákveðin skatthlunnindi þeim til handa, sem framfæra heimili, en verða að vera fjarvistum frá því vegna atvinnu sinnar. Í 15. og 16. gr. er verðlagsyfirvöldum fengið vald og skylda til að færa niður verðlag í samræmi við niðurfærslu vísitölunnar.

Um IV. kafla.

Þessi kafli er að miklu leyti framlenging laga nr. 97/1946 um ábyrgð ríkissjóðs á nokkrum útflutningsafurðum. Í 21. gr. eru nýmæli um ábyrgð ríkissjóðs á verði kjöts, sem til fellur á tímabilinu frá 31. ágúst 1947 til 1. sept. 1948 og flutt er úr landi. Ástæða er til að benda á ákvæði 25. gr. um ráðstafanir til verðlækkunar á beitu.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er ríkisstjórninni veitt heimild til þess að veita útvegsmönnum, sem stunduðu síldveiðar með herpinót sumarið 1947, lán til þess að rétta við hag sinn og gera þeim kleifan áframhaldandi rekstur. Er ríkissjóði heimilað að taka allt að 3 milljóna króna lán í þessu skyni.

Um VI. og VII. kafla.

Eins og áður getur, varð ekki komizt hjá því að sjá ríkissjóði fyrir tekjum til að standa straum af ábyrgðum vegna atvinnuveganna, sem á hann eru lagðar með lögum þessum. Eru ákvæði VI. kafla um aðflutningsgjöld framlenging laga nr. 28/1947 um sama efni.

Sþ. 191. Tillaga til þingsályktunar

um hreinsun Hvalfjarðar.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að hreinsað verði í burtu úr Hvalfirði allt það, sem eftir hefur verið skilið þar af setuliðinu, svo sem keðjur, akkeri, vírar og annað, er truflun veldur við veiðar á firðinum.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa um 100 skip og bátar stundað síldveiði á Hvalfirði á yfirstandandi síldarvertíð. Hafa skip þessi orðið fyrir margvíslegu og miklu tjóni á veiðarfærum vegna alls konar drasls, sem liggur í botni fjarðarins frá þeim tíma, er setuliðið hafði þar bækistöðvar, svo sem akkeri, keðjur, vírar o. fl. Hafa svo mikil brögð verið að þessu, að sumir bátar hafa flett í sundur veiðarfærunum við að festa þau í þessu drasli, sem kostað hefur hvort tveggja í senn, veiðitöp og viðgerðir, svo að tugþúsundum hefur numið fyrir viðkomandi aðila. Ber því brýna nauðsyn til, að hafizt sé handa nú þegar um að hreinsa þetta í burtu úr firðinum. Kostnaðurinn berist að sjálfsögðu af þeim aðilum, sem tekið hafa á sig þær kvaðir að hreinsa til leifar setuliðseigna og bæta skemmdir.

Ed. 192. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Frv. til l. um innflutning búfjár.

Frá Gísla Jónssyni.

Með því að vitað er, að með innflutningi búfjár hefur borizt til landsins margvísleg búfjárveiki, er valdið hefur bændum og ríkissjóði þegar tugmilljóna króna skaða og engan veginn er enn séð fyrir, hve mikill muni verða um það er lýkur, lítur deildin svo á, að stöðva beri nú þegar og framvegis allan innflutning dýra, hverju nafni sem nefnast, og í trausti þess, að ríkisstjórnin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að svo verði gert, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 193. Frumvarp til laga

um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði.

Flm.: Finnur Jónsson, Sigurður Bjarnason, Áki Jakobsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita bæjarstjórn Ísafjarðar leyfi til þess að koma upp og reka hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði, einkaleyfi til þess að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið, þar sem bæjarstjórn ákveður, og einkarétt til þess að selja heitt vatn til upphitunar á húsum, sem ná til hitaveitunnar. Bæjarstjórn setur reglugerð um rekstur hitaveitunnar, sem ríkisstjórnin staðfestir.

2. gr.

Þegar bæjarstjórn hefur reist hitaaflstöð og hitaveitu, getur hún bannað, að hús, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá hitaveitunni. Vatnshitunarkerfi, sem nú eru eða sett verða í ný hús eða gömul, skulu þannig gerð eða breytt svo, að þau megi tengja við hitaveituna.

3. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar vatnsæðar hitaveitunnar skuli lagðar um bæinn. Húseigendur kosta lagningu heimæða eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórn setur, en ríkisstjórn staðfestir, og skal ákveða gjaldið með hliðsjón af hitaþörf húseignarinnar. Heimæðarnar verða eign hitaveitunnar, sem sér um viðhald þeirra, húseigendum að kostnaðarlausu. Bæjarstjórnin sér um lagningu heimæða og getur samið við húseiganda um, að hann greiði heimæðagjaldið, auk 6% ársvaxta, með jöfnum afborgunum á allt að 5 árum, enda hefur bæjarstjórn þá veðrétt í húseigninni, er gengur fyrir öllum samningsveðskuldum í eitt ár frá gjalddaga, og þarf ekki að þinglýsa þeim veðrétti.

4. gr.

Bæjarstjórn hefur rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga sem henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar þær, sem húseigendur kosta, og tengja þær við kerfi hitaveitunnar, og skulu þeir fara eftir reglum, sem bæjarstjórn setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá hitaveitunni inn í hús í bænum.

5. gr.

Hitaveita Ísafjarðar selur húseigendum heitt vatn til upphitunar húsa og annarra nota, eftir því sem reglugerð ákveður, með verði, sem skal ákveðið í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ríkisstjórn staðfestir.

6. gr.

Lóðareigendur og lóðarleigjendur í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem með þarf, til þess að veita megi vatninu um bæinn, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hitaveitan kann að hafa í för með sér, gegn bótum fyrir landsspjöll eftir fyrirmælum vatnalaganna.

7. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefur leyft að koma upp hitaaflsstöð og hitaveitu samkvæmt lögum þessum, ábyrgist hún fyrir hönd ríkissjóðs gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, lán, er bæjarstjórn Ísafjarðar tekur til framkvæmdanna, allt að 5.5 milljónum króna, þó ekki yfir 90% af stofnkostnaði, enda samþykki ríkisstjórnin lánskjörin.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrá, sem verða settar samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir og skýringar:

Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur fá raforku frá orkuveri í Engidal, um 9 km frá kaupstaðnum.

Orkuverið samanstendur af tveim vatnsaflsvélum. Önnur vélasamstæðan, sem er 680 kw, hagnýtir Fossavatn, en hin vélasamstæðan, sem er 550 kw, er í sambandi við Nónvatn. Vélasamstæður þessar, sem eru um 1230 kw alls, fullnægja á engan hátt orkuþörf þeirra 3250 manna, sem eru nú á orkuveitusvæðinu, ásamt því að sjá ýmsum iðnaði fyrir nægilegri orku. Hamlar því orkuskortur allri venjulegri þróun alls þess iðnaðar, sem þarf að nota vélar til iðnrekstrar.

Fyrir utan það, að uppsett vélaafl fer ekki að nægja til framleiðslu við mesta álag, verður svo að segja á hverjum vetri að draga úr orkunotkun vegna vatnsskorts. Í því sambandi má geta þess, að s. l. vetur varð að skammta raforkuna yfir 3 mán. tímabil, og að síðustu varð að stöðva vélarnar frá kl. 1 e. h. til kl. 6 e. h. daglega og aftur frá kl. 10 að kvöldi til kl. 6 að morgni.

Þrátt fyrir þessar víðtæku ráðstafanir mátti ekki gleggra standa, að hinn nauðsynlegasti iðnrekstur, eins og t. d. frystihús, gæti fengið nægilega orku til nauðsynlegs viðhalds til frystingar fiskjar. Mátti ekki tæpara standa, að verðmæti, sem námu hundruðum þúsunda, eyðilegðust vegna orkuskorts.

Má þó bæta úr þessum vatnsskorti að nokkru með því að stækka uppistöðu Fossavatns og bæta miðlun í Nónvatni, og er hvort tveggja í athugun. Verður þessi úrbót þó ekki til annars en þess að bæta nýtni vélasamstæðnanna, og er því ekki um neina framtíðarlausn að ræða. Hafa því verið gerðar nokkrar athuganir á leiðum til framtíðarumbóta, og hafa rannsóknir leitt í ljós, að skynsamlegasta leiðin muni verða sú að byggja á Ísafirði hitaaflsstöð til orkuframleiðslu. Hefur í því sambandi sú hugmynd komið fram að leggja hitaveitukerfi um bæinn og reisa eimtúrbínustöð, sem hvort tveggja í senn sæi íbúum fyrir rafmagni ásamt vatnsaflsvélunum og heitu vatni til húsahitunar, þvotta o. fl. Voru 3 verkfræðingar, þeir Ben. Gröndal, Eiríkur Briem og Gunnar Böðvarsson, fengnir til að athuga og gera frumáætlun yfir slíkt mannvirki. Hafa þeir skilað áliti sínu, og leiða rannsóknir þeirra í ljós, að vandfundin muni öllu betri lausn á hitunar- og rafmagnsmálum Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps. Gera þeir ráð fyrir, að byggð verði eimtúrbínustöð með dieselvélasamstæðu 1700 ha, er hiti kaupstaðinn og framleiði 4.3 millj. kwst. af raforku á ári. Í sambandi við þessar tillögur hafa þeir gert svo hljóðandi kostnaðaráætlun:

Aflstöð ásamt húsi og öllu tilheyrandi	kr.	2650000.00
Hitaveita ásamt vatnsgeymum, dælum, ventlum, pípukerfi o. fl.	—	2450000.00
Hitaveituheimtaugar	—	340000.00
Baðvatnstaugar í húsum	—	140000.00
Innanbæjarkerfi vegna raflagna og spennistöðva	—	550000.00
Alls	kr.	6130000.00

Rekstraráætlun:

Tekjur	kr.	2260000.00
Gjöld	—	2018000.00
Tekjur umfram gjöld	kr.	242000.00

Stofnkostnaður er, sem áður er getið, um 6.13 millj. kr. Af þessu mun um 70% verða innlendur kostnaður, en um 30%, eða um 2 millj. kr., þarf í erlendum gjaldeyri fyrir vélakaup og ýmislegt byggingarefni ásamt pípum í hitaveitukerfið. Þetta er mikill gjaldeyrir, en benda má á það, að með því að hita upp kaupstað eins og Ísafjörð með jarðolíu í stað kola sparast á ári hverju veruleg upphæð í erlendum gjaldeyri. Þá hefur verið leitað umsagnar raforkumálastjóra um framkvæmdir þessar. Bendir raforkumálastjóri á það, að enda þótt áætlanirnar bendi til þess, að slíkt fyrirtæki muni verða hagkvæmt fyrir kaupstaðinn, sé ástæða til nokkru nánari athugana ýmissa atriða í þessu sambandi. Í umsögn raforkumálastjóra eru nokkur atriðin þegar tekin fyrir, og er þar þegar sýnt fram á, 1) að fyrirtækinu yrði ekki í hættu stofnað, þótt fólksfjölgun yrði minni á Ísafirði en áætlunin gerir ráð fyrir, 2) að framleiðslukostnaður þeirrar raforku, sem úr hitaveiturafstöðinni fæst, mundi í dieselrafstöð verða 33% hærri að minnsta kosti.

Frá vatnsaflsorkuveri mundi raforkan að vísu undir vissum kringumstæðum geta orðið nokkru ódýrari, en eins og segir í umsögn raforkumálastjóra, „kemur ekki til greina að virkja Dynjanda eða annað fallvatn, sem um munar, á Vestfjörðum í bili". Eins og kunnugt er, varð sú niðurstaðan af rannsókn þeirri um virkjun Dynjandisánna, sem Ísafjarðarkaupstaður ásamt öðrum bæjar- og sveitarfélögum á Vestfjörðum hefur látið gera á undanförnum árum, að sú framtíðarúrbót raforkumála Vestfjarða er ekki talin eins álitleg og vonir stóðu til.

Í umsögn raforkumálastjóra er talið, að gjaldeyrissparnaður af hitaveitunni verði 220000 kr. á ári, og er þar miðað við, að kolanotkun til húsahitunar á væntanlegu hitaveitusvæði sé 3000 tonn á ári. Er þá gengið út frá reynslutölum um hitagildi sæmilega góðra kola. En skýrslur sýna hins vegar, að raunverulega hefur kolanotkunin til húsahitunar á Ísafirði orðið sem svarar 4100 tonnum á ári, enda sjálfsagt oft allléleg kol sem til landsins flytjast. En samkvæmt því verður þá gjaldeyrissparnaðurinn 300000 kr. á ári.

Til tals hefur komið að reisa sementsverksmiðju á Önundarfirði. Til rekstraröryggis gæti reynzt heppilegt, að sementsverksmiðjan væri tengd við orkuver Ísafjarðarkaupstaðar.

Það er ekki ástæðulaust að benda á, að um nýjung er að ræða hér á landi, þar sem sameinað er í einu orkuveri: framleiðsla á raforku og hita fyrir heilt bæjarfélag. Þessi sameining hefur reynzt mjög hagkvæm í bæjum og borgum erlendis.

Einnig má benda á, að þjóðhagslega mun það vera rétt að búa þannig um allar aðstæður fyrir íbúa stærstu bæja landsins, að þeir geti vel unað hag sínum og notið krafta sinna sem góðir og gegnir borgarar, en það geta þeir, ef sömu lífsþægindi eru fyrir hendi og höfuðstaður landsins býður upp á.

Með því að þær áætlanir og umsagnir, sem fram hafa komið um þetta mál, hníga allar að því, að hér sé um mikilvægt hagsmunamál fyrir Ísafjörð að ræða, og með því að telja má, að fullnaðarathuganir muni sýna, að framkvæmdir þessar brjóti ekki í bág við hagfelldustu lausn raforkumála Vestfjarða í heild, en brýn nauðsyn er fyrir Ísafjörð, eins og áður er á bent, að bæta úr hinum tilfinnanlega raforkuskorti, teljum við nauðsynlegt að fara fram á, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til að veita nauðsynleg leyfi og ríkisábyrgð vegna framkvæmdanna.

Nd.

194. Frumvarp til laga

um innflutning búfjár.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Með lögum þessum er landbúnaðarráðherra heimilt að láta flytja til landsins búfé, önnur dýr og búfjársæði, eftir þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum og þeim reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra getur þó því aðeins notað heimild 1. gr. þessara laga, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn, enda sé farið eftir tillögum ráðunauta í hlutaðeigandi búfjárgrein, eftir því sem við verður komið, um val fénaðarins, sem fluttur er til landsins.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður, hvaða búfjártegundir og frá hvaða landi og héraði búfé er keypt, enda leiti yfirdýralæknir upplýsinga hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda búfjár um, að þar séu eigi til staðar þeir búfjársjúkdómar, er sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

3. gr.

Allan kostnað við kaup búfjárins skal greiða úr ríkissjóði, enda sé hið innflutta búfé eign ríkisins.

4. gr.

Áður en búfé eða önnur dýr eru flutt inn samkvæmt lögum þessum, skal ríkið byggja sóttvarnarstöð, svo og setja saman bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur, þar sem hins innflutta fénaðar er gætt og hann ræktaður eins og lög þessi mæla fyrir um og þær reglugerðir, sem eftir þeim verða settar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að kaupa eða leigja eyju eða eyjar til þessara þarfa.

5. gr.

Þegar búfé er keypt til innflutnings, skal hver einstök skepna skoðuð af viðurkenndum dýralækni, áður en hún er flutt úr landi, og skal vottorð um þá skoðun fylgja skepnunni hingað til lands. Enn fremur skal íslenzkur dýralæknir vera við skoðunina og hafa eftirlit með skepnunum á leiðinni til landsins.

Áður en fénaðurinn er fluttur úr landi, þar sem hann er keyptur, skal hann einangraður eigi skemur en 4 vikur undir eftirliti dýralæknis.

Áður en búfénu er flutt í land, skal yfirdýralæknir skoða það og athuga heilbrigðisvottorð þess. Reynist ekkert athugavert við heilsufar búfjárins að lokinni skoðun yfirdýralæknis, skal skipa búfénu á land þar, sem sóttvarnarstöð ríkisins er, sbr. 4. gr., og er með öllu óheimilt, hvernig sem á stendur, að setja það á land annars staðar.

6. gr.

Einangra skal hið innflutta búfé á sóttvarnarstöðinni 16 vikna tíma undir stöðugu eftirliti yfirdýralæknis. Að þeim tíma liðnum ákveður yfirdýralæknir, hvort það skuli leyst úr sóttkví og látið ganga með búfé sömu tegundar á eynni eða haldið lengur í sóttkví.

Aldrei má flytja búfé af búi ríkisins á eynni í land eða á aðrar eyjar, þar sem búfé hefur samgang við búfé í landi.

Heimilt er þó með leyfi landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að flytja til landsins hunda, refi og önnur ræktuð rándýr, að loknum ákveðnum einangrunartíma.

7. gr.

Með sérstakri reglugerð skal ákveða allt, sem lýtur að rekstri búsins, sbr. 4. gr., þar á meðal, hvaða afurðir megi selja frá búinu í land og í hvernig ástandi, hvernig samgöngum við eyna verði örugglegast komið fyrir til að fyrirbyggja, að sjúkdómar, sem upp kynnu að koma, berist í land, svo og annað, er varðar búreksturinn og lýtur að því að gera hann sem nothæfastan fyrir landsmenn.

8. gr.

Á búi ríkisins á eynni skal hreinræktað hið erlenda búfé, en auk þess má gera þar hvers konar tilraunir með blöndun þess með innlendu búfé, eftir tillögum ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í hlutaðeigandi búgreinum.

9. gr.

Bústjórinn á eynni skal ráðinn með sérstöku erindisbréfi af landbúnaðarráðherra eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og samþykki yfirdýralæknis. Skal hann sjá um og vera ábyrgur fyrir því, að öllum fyrirmælum um einangrun fénaðarins sé hlýtt út í æsar og að starfsemin fari nákvæmlega eftir lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirmælum, sem um þetta verða gefin.

10. gr.

Eftir að hið innflutta búfé hefur verið í eitt ár í einangrun með íslenzku búfé, má, ef það er heilbrigt og grunsamlegir sjúkdómar hafa ekki komið fram í hinum innlenda bústofni, sem með því hefur gengið, flytja sæði úr því til lands. Skal það gert eftir þeim varúðarreglum, er yfirdýralæknir setur, og af þeim mönnum, er hann samþykkir.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, allt að 20000 kr., og stöðumissi, ef sjúkdómur berst til lands vegna vanrækslu ábyrgra aðila, ef ekki liggur þyngri refsing við að lögum.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 8. sept. 1931, lög nr. 45 19. júní 1933, lög nr. 9 25. jan. 1934 og lög nr. 16 28. maí 1941.

Ed. 195. Frumvarp til laga

um smíði á tveggja þilfara togara í tilraunaskyni.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóði er heimilt að láta smíða í tilraunaskyni einn tveggja þilfara dieseltogara með öllum nýtízku vélum og útbúnaði til fullkominnar hagnýtingar á fiski og vinnuafli, þannig að hirða megi allan afla, hverju nafni sem nefnist, og breyta honum jafnóðum í skipinu í sem verðmætasta vöru með sem minnstum framleiðslukostnaði.

Skal tæknilegur undirbúningur hafinn nú þegar og honum lokið fyrir árslok 1948.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. þessara laga heimilast ríkisstjórninni að taka allt að 4 milljóna króna lán fyrir hönd ríkissjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 196. Breytingartillögur

við frv. til l. um kauprétt á jörðum.

Frá Páli Zóphóníassyni, Ásmundi Sigurðssyni og Guðmundi Í. Guðmundssyni.

1. Við 4. gr. Á eftir 1. málsgr. kemur ný málsgr., er orðast svo:
   Falli jörð við erfðir til skyldmenna eftir 6., 7. og 8. gr. tilskipunar frá 25. sept. 1850, á hreppsnefnd rétt á að fá jörðina keypta á því verði, sem hún er lögð erfingjum til arfs.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „2. og 3. gr. og 2. málsgr. 4. gr.“ komi: 2. og 3. gr. og 2. og 3. málsgr. 4. gr.

Ed. 197. Breytingartillaga

við frv. til l. um kauprétt á jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir 2. málslið 5. gr. komi:
Ef um er að ræða makaskipti á fasteignum, tilgreinir seljandi, hversu hátt hann metur hina framboðnu jörð til peningaverðs, og hafa þá kaupréttareigendur heimild til þess að kaupa hana því verði.

Nd. 198. Nefndarálit

um frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið, og leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1947.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Hallgr. Benediktsson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm. I.—III. kafla.
	Jóhann Hafstein, frsm. IV.—VIII. kafla.	

Ed. 199. Breytingartillaga

við frv. til l. um smíði á tveggja þilfara togara í tilraunaskyni.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. 2. mgr. orðist svo: Skal tæknilegur undirbúningur hafinn svo fljótt sem verða má, en að honum loknum skal málið að nýju lagt fyrir Alþingi, er þá tekur nánari ákvarðanir um byggingu togarans og framtíðarrekstur.

Ed. 200. Breytingartillaga

við frv. til l. um smíði á tveggja þilfara togara í tilraunaskyni.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 1. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða o. s. frv.

Nd. 201. Frumvarp til laga

um smíði á tveggja þilfara togara í tilraunaskyni.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða í tilraunaskyni einn tveggja þilfara dieseltogara með öllum nýtízku vélum og útbúnaði til fullkominnar hagnýtingar á fiski og vinnuafli, þannig að hirða megi allan afla, hverju nafni sem nefnist, og breyta honum jafnóðum í skipinu í sem verðmætasta vöru með sem minnstum framleiðslukostnaði.

Skal tæknilegur undirbúningur hafinn nú þegar og honum lokið fyrir árslok 1948.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. þessara laga heimilast ríkisstjórninni að taka allt að 4 milljóna króna lán fyrir hönd ríkissjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 202. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1948.

Frá Einari Olgeirssyni.

Aftan við 1. gr. bætist: Heimild þessi gildir þó eigi lengur en til 1. marz 1948.

Ed. 203. Lög

um dýralækna.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.)

Samhljóða þskj. 121.

Nd. 204. Breytingartillaga

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson, Einar Olgeirsson.

Við 12. gr. Við greinina bætist:
Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til fastra lífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.

Nd. 205. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá minni hl. fjárhagsn. (EOl).

1. Við III. kafla.
   Fyrirsögn kaflans verði:
   Um niðurfellingu tolla á ýmsum nauðsynjavörum.
   12., 13., 14., 15. og 16. gr. falli niður, en í stað komi ný grein, sem verði 12. gr. (og breytist greinatalan samkv. því), svo hljóðandi:
   Árið 1948 skal ekki innheimta tolla af eftirtöldum vörutegundum:
   Tollskrá:

Flokkur	Kafli	Nr.	Vörutegund
II	8.	33.	Rúsínur.
—	—	34.	Sveskjur.
—	9.	1.	Kaffi óbrennt.
—	—	2.	Kaffi br. eða brennt og malað.
—	—	3.	Te.
—	10.	1—7.	Korn ómalað.
—	11.	1—15.	Kornvörur til manneldis.
III	15.	3.	Hvalfeiti, hert og hert síldarlýsi.
—	15.	9—19.	Feiti og feitar olíur úr jurtaríkinu.
IV	17.	1—2.	Strásykur og höggvinn sykur.
—	21.	1.	Kaffibætir og kaffilíki alls konar.
—	23.	3—13.	Skepnufóður og úrgangsefni frá matvælaframleiðslu.
VI	28.	57—58.	Lyf.
XI	47.	13.	Vefnaður úr ull.
—	48.	5.	Tvinni.
—	—	16—18.	Ofnar vörur úr baðmull.
—	49.	6.	Tvinni.
—	—	21—30.	Ofnar vörur úr spunaefnum greinds kafla.
—	51.	7—8.	Prjónavoð, sokkar og leistar úr gervisilki og öðrum gerviþráðum.
—	51.	13—30.	Prjónavörur úr ull og öðrum dýrahárum, baðmull, hör og öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu.
—	52.	1—13.	Fatnaður og aðrar vörur úr vefnaði.
XII	54.	3—10.	Skófatnaður.

2. Við IV. kafla.
   A. Á eftir 24. gr. frv., sem verður 20. gr., komi nýjar greinar svo hljóðandi:
   a. (21. gr.). Vextir af stofnlánum til útvegsins vegna báta, skipa, fiskiðjuvera eða annarra fasteigna skulu frá og með 1. jan. 1948 eigi vera hærri en

2½% árlega. Heildarupphæð þeirra lána, sem vaxtalækkunin nær til, skal til hvers aðila vera tilsvarandi því, sem veitt hefði verið úr stofnlánadeild sjávarútvegsins. Frá sama tíma skulu vextir af rekstrarlánum til útgerðar og fyrirtækja, sem starfa í beinu sambandi við útgerðina, eigi vera hærri en 2½% árlega. Óheimilt er að segja upp lánum vegna þessara vaxtalækkana.

Jafnframt skal ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess, að lán, sem ákvæði 1. málsgr. ná til, verði föst lán, og lánstími 20—30 ár, miðað við ný skip og báta og nýjar verksmiðjur. Skulu lánsstofnanir skyldar að hlíta því, að lánum útgerðarinnar hjá þeim verði þannig breytt.

Um framkvæmd þessarar greinar skal nánar ákveðið í reglugerð, að fengnu áliti samtaka útvegsmanna.

b. (22. gr.). Frá og með 1. janúar 1948 skulu vátryggingariðgjöld fiskiskipa lækka þannig, að iðgjald af nýjum bátum og skipum verði ekki hærra en 4% á ári. Sé um sérstaklega vandaða eða sterka báta og skip að ræða, skal iðgjaldið þó ekki vera hærra en 3% á ári.

Vátryggingariðgjöld eldri báta skulu lækka í samræmi við ákvæði 1. málsgr.

Nánari ákvæði um vátryggingariðgjöld skulu sett með reglugerð, að fengnum tillögum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

c. (23. gr.). Ríkisstjórnin skal endurgreiða ekki síðar en 1. jan. 1948 þær 4 krónur af verði hvers síldarmáls, sem haldið var eftir samkv. 6. gr. laga nr. 97 frá 28. des. 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

d. (24. gr.). Allar afborganir af lánum útvegsins, sem tryggð eru með veði í bátum, skipum, fiskiðjuverum og öðrum fasteignum og falla til greiðslu á árinu 1947, skulu falla niður, og framlengist lánstiminn um eitt ár, nema breytingar séu gerðar á lánstíma samkv. 6. gr. hér að framan.

e. (25. gr.). Ríkisstjórnin getur veitt samtökum útvegsmanna einkarétt til þess að flytja inn og annast heildsölu á veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, enda hafi allir útvegsmenn rétt til þátttöku í samtökunum með jöfnum atkvæðisrétti.

Komi í ljós, að nauðsynlegt sé að taka leigu- eða eignarnámi veiðarfæraverksmiðjur til þess að hægt sé að tryggja útvegsmönnum veiðarfærin með kostnaðarverði, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum samtaka útvegsmanna, að gera slíkar ráðstafanir.

Nú óska samtök útvegsmanna ekki að hagnýta sér þá heimild, sem um getur í 1. málsgr., og er ríkisstjórninni þá heimilt að taka í sínar hendur innflutning og heildverzlun með útgerðarvörur svo og að taka upp framleiðslu veiðarfæra.

Veiðarfæri og útgerðarvörur, sem ríkið flytur inn eða framleiðir, skulu seld útgerðarmönnum á kostnaðarverði.

Samvinnufélög útgerðarmanna hafa forgangsrétt til þess að annast smásölu á útgerðarvörum.

Meðan ákvæði 1.—3. mgr. þessarar gr. eru ekki framkvæmd, skal stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna hafa rétt til að tilnefna tvo trúnaðarmenn, til eins árs í senn, til þess að gæta hagsmuna útvegsmanna við verðlagningu veiðarfæra og annarra útgerðarvara.

Verðlagning veiðarfæra og annarra útgerðarvara skal miðuð við það, að þau séu seld með kostnaðarverði.

f. (26. gr.). Til þess að tryggja það, að olía sé seld útgerðinni á kostnaðarverði, og til þess að dreifingarkostnaður verði sem minnstur, skal ríkisstjórnin hafa einkaleyfi til innflutnings á hvers konar olíum og benzíni og

annast heildsölu þeirra. Þar, sem félög útvegsmanna eru starfandi, skal þeim falin dreifing olíunnar til útvegsmanna á félagssvæðinu.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi fyrir olíuverzlun ríkisins eða samtök útvegsmanna hvers konar tæki til dreifingar á olíum og benzíni, sem fyrir eru í landinu, eftir því sem þörf krefur.

Í stjórn olíuverzlunarinnar skulu vera 3 menn, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna og tveir skipaðir án tilnefningar.

B. 26. gr. frv. (sem verður 27. gr.) orðist svo:

Ríkisstjórnin skal hlutast til um, að fyrir 1. jan. 1948 verði settar nýjar verðlagsreglur um alla vinnu vélsmiðja, báta- og skipasmíðastöðva og annarra, sem kunna að hafa með höndum viðgerðar- og viðhaldsstörf í þjónustu útgerðarinnar. Skulu hinar nýju reglur miðaðar við, að eigi sé leyft að leggja prósentuálagningu á þessi verk. Verðlagsreglur samkvæmt þessari grein skulu settar að fengnum tillögum samtaka útvegsmanna. Samtökum útvegsmanna skal gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa, sem hafi sama rétt og fulltrúar verðlagseftirlits ríkisins til þess að fylgjast með framkvæmd verðlagsreglnanna.

3. Við V. kafla.

Í stað 27.—34. gr. frv. komi ný grein (sem verður 28. gr.) svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal láta útgerðum þeirra skipa, sem töpuðu á síldarútgerð sumarið 1947, í té vaxtalaus stuðningslán, og skal lánunum úthlutað samkvæmt þeim reglum, er felast í l. nr. 104 20. des. 1945, um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945. Lánin skulu veitt til 5 ára. Heimilt skal ríkisstjórninni f. h. ríkissjóðs að taka lán í þessu skyni allt að 5 millj. króna.

Nd. 206. Breytingartillaga

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Hermann Guðmundsson.

Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Komi til þess, að ríkissjóður þurfi að greiða með útfluttum sjávarafurðum vegna ákvæða þessara laga, skal jafnframt greiða kjötframleiðendum tilsvarandi verðhækkun á útflutt kjöt, sem framleitt hefur verið verðlagsárið 31. ágúst 1947 til 1. sept. 1948. Skal við það miðað, að kjötframleiðendur fái jafnmikla hundraðstöluhækkun á erlendu verði sinnar vöru og fiskframleiðendur fá á sínar afurðir.

Nd. 207. Nefndarálit

um frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um þetta mál, og var ég í minni hluta, andvígur frumvarpinu.

Aðalástæðurnar til þess, að ég er á móti frumvarpinu, eins og það kemur frá ríkisstjórninni, eru þær, að í fyrsta lagi er hér með lögum fyrirskipuð almenn launalækkun hjá launþegum, og í öðru lagi eru gerðar ráðstafanir til þess að auka dýrtíðina í landinu.

Launalækkunarfyrirmælin er að finna í 12. gr. frv. og eru höfuðatriði frv. frá sjónarmiði flutningsmanna. Með þeirri grein er vísitalan, sem laun og aðrar greiðslur, er miðast við verðlagsvísitölu, skulu greidd eftir, fest í 300, hvernig sem raunveruleg kauplagsvísitala hækkar.

Þetta ákvæði þýðir, þegar vísitalan nú er 328, samstundis 8½% launalækkun fyrir alla launþega í landinu. Undir eins og afleiðingar þessa frv., ef að lögum yrði, kæmu í ljós, mundi vísitalan vegna söluskattsins o. fl. hækka verulega. Þá er og vitað, að erlendis fer vöruverð enn hækkandi, svo að viðbúið er, að vísitala hækki einnig sökum þess. Þetta hvort tveggja mun valda hækkun raunverulegrar vísutölu, er mundi jafngilda því, að launalækkun samkvæmt þessari grein yrði skjótlega yfir 10%.

Þá ber þess enn fremur að gæta, að raunveruleg vísitala er nú um 380, en er hins vegar greidd niður í 328 með niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Ef þessi lög yrðu samþykkt, yrði það á valdi ríkisstjórnarinnar að draga úr þessum niðurgreiðslum, eins og henni þóknaðist, og lækka þar með laun alls verkafólks og launþega í landinu enn þá meir.

Launagreiðslur til allra launþega á Íslandi munu á s. l. ári vera a. m. k. 500 milljónir króna. Launalækkun sú, sem framkvæmd yrði í krafti þessara laga, yrði því til að byrja með um 50 milljónir króna á öllum launþegum Íslands, en gæti orðið miklu hærri fúlga, er á liði.

Liggur í augum uppi, hvílíkt ranglæti væri framið með slíkri stórkostlegri rýrnun á kjörum almennings, auk þess sem með lögum þessum væru ógilduð hin veigamestu samningsákvæði í frjálsum samningum verklýðsfélaganna á Íslandi, sem verið hafa íslenzkri alþýðu hin drýgsta vörn gegn dýrtíðinni. Sérstaklega hart kæmu þessi lög niður á öllum starfsmönnum ríkis og bæja, sem fæstir hafa verkfallsrétt og því útilokaðir frá þeim möguleika að bera hönd fyrir höfuð sér með því að beita því vopni. Væru með lögum þessum eyðilagðar að nokkru mikilvægar réttarbætur, sem starfsmenn hins opinbera fengu eftir langa baráttu fyrir 2 árum síðan.

Þá er og með þessari sömu launalækkunargrein lækkuð sú verðlagsuppbót, sem gamalt fólk, ekkjur, munaðarleysingjar og aðrir, sem einhvers konar bætur fá samkvæmt alþýðutryggingalögunum, eiga að fá útborgaða. Kemur það úr hörðustu átt, að nú skuli lagt til að skera niður nokkuð af lágum styrkjum til þessa fólks, þegar þjóð vor er ríkari en nokkru sinni fyrr.

Þá er enn fremur með frv. þessu lækkuð sú lágmarkskauptrygging, sem sjómenn hafa knúið fram sér til handa, svo að frv. miðar beinlínis að því að skerða kjör sjómanna. En það er hins vegar vitanlegt, að alveg sérstök nauðsyn var á að bæta þau, en eigi skerða, ef sjómenn eiga að fást á skip vor og báta.

Allar þessar tilfinnanlegu launa- og réttindaskerðingar gagnvart alþýðu þeirri, er hér um ræðir, verða því óréttlátari sem byrðarnar eru með frv. þessu einvörðungu lagðar á herðar alþýðu manna. Auðmannastétt landsins er beinlínis hlíft með þessu frumvarpi, því þó að nokkrar milljónir yrðu teknar af handahófi af nokkrum mönnum, er auðgazt hafa síðustu ár, þá yrði það smáupphæð samanborið við það, sem tekið er af launþegum með frumvarpi þessu og afhent auðmannastéttinni.

Nú eiga samkvæmt skattaframtali fyrir 1946 200 ríkustu félög og einstaklingar í Reykjavík 103 milljónir króna í skuldlausum eignum, ef miðað er við fasteignamat og nafnverð hlutabréfa, **en yfir 500 milljónir króna** í skuldlausum eignum, ef miðað er við matsákvæði í fyrirmælum II. kafla **þessa frv.**

Auður þessara 200 milljónamæringa er vart snertur með frv. þessu, en margir þeirra yrðu beinlínis ríkari eftir.

Verzlunargróðinn verður frekar aukinn en skertur með frumvarpi þessu og engar raunhæfar ráðstafanir gerðar til þess að koma í veg fyrir það óhóflega brask, sem átt hefur sér stað.

Aðalatriði þessa frv. er því óréttlæti gagnvart alþýðu þessa lands, sem með engu móti verður varið.

Launalækkunartillögur þessar eru fluttar undir því yfirskini að vera barátta gegn dýrtíðinni.

Enn annað aðalatriði frumvarps þessa eru beinlínis ráðstafanir til þess að auka dýrtíðina, sem sé allur VI. og VII. kafli frv. Þær ráðstafanir, sem þar eru gerðar, hækka vöruverðið í landinu tafarlaust. Allt tal um baráttu gegn dýrtíð í sambandi við frv. þetta er því hræsni tóm. Hins vegar verða afleiðingar þess, ef að lögum verður, áframhaldandi verðbólga og tilfinnanlegri dýrtíð fyrir almenning en áður.

Með tilliti til þess, að ég hef ásamt tveim öðrum þingmönnum Sósialistaflokksins flutt frv. á þskj. 130, sem felur í sér raunhæfar ráðstafanir til lækkunar á dýrtíðinni og á framleiðslukostnaði við sjávarútveginn án þess að rýra kjör launþega, þá er aðalafstaða mín til frv. ríkisstjórnarinnar sú, að það sé fellt í þeirri mynd, sem það nú er, en frv. okkar sósialista samþykkt, því að það, sem nýtilegt er í frv. stjórnarinnar, er og að finna í frv. okkar, sem hefur þó margt annað gott að geyma. En hvað tekjuhlið snertir, þá lofuðum við flutningsmenn frv. á þskj. 130 að leggja fram tillögur um tekjuöflun, strax og sýnt væri, að frv. okkar næði fram að ganga, og mundum þá koma með betri og réttlátari tillögur en þær tekjuöflunartillögur, sem eru í frv. ríkisstjórnarinnar.

Þar sem hins vegar er rétt að gera ráð fyrir, að frv. ríkisstjórnarinnar nái fram að ganga í einhverri mynd, vil ég freista þess að gera við það nokkrar breytingartillögur, er til bóta mættu verða, og flyt ég þær á sérstöku þskj. og mun gera grein fyrir þeim í framsögu. Jafnframt vil ég taka fram, að ég álít, að fella beri VI. og VII. kafla frumvarpsins.

Sökum skamms tíma og óvenjulegra aðfara við afgreiðslu máls þessa er ekki tími til þess að gera ýtarlegri grein fyrir frv. og brtt. mínum í þessu áliti.

Ég hef sent frv. til umsagnar til nokkurra aðila og áskil mér því rétt til að birta umsögn þeirra sem framhaldsnál., ef þær koma í tæka tíð til að birtast í Nd.

Alþingi, 16. des. 1947.

Einar Olgeirsson.

Nd. 208. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 1. gr. 4. lið. Á eftir 4. lið komi nýr liður, er hljóði svo (liðatala breytist samkvæmt því):

Að störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelur og starfar á heimili foreldra sinna, skuli metin til vinnuviku samkv. 112. gr. á sama hátt og nú er gert um störf unglinga á aldrinum 16—20 ára.

Nd. 209. Breytingartillaga

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Hallgrími Benediktssyni.

Við 2. gr. Aftan við fyrstu málsgr. c-liðar bætist: Sama gildir um fé það, er lagt hefur verið í varasjóði hlutafélaga, annarra en þeirra, er að framan getur, og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af.

Nd. 210. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Áka Jakobssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 22. gr.

1. Við fyrri mgr. Í lok fyrri mgr. fyrir orðin „og er ríkisstjórninni“ og út mgr. komi: og skal ríkisstjórnin í því skyni láta þeim, sem kaupa vilja þær fiskafurðir, sem minni eftirspurn er eftir, á góðu verði, tilsvarandi hluta af þeim vörum, sem mest er sótzt eftir, án þess að verðjafnað verði milli vöruflokka.
2. Orðin „svo og lögum nr. 97/1946“ í niðurlagi síðari mgr. falli niður.

Sþ. 211. Fyrirspurnir.

1. Til atvinnumálaráðherra um undirbúning að byggingu áburðarverksmiðju.

Frá Ingólfi Jónssyni og Páli Zóphóníassyni.

Hvað líður starfi nefndar þeirrar, sem Nýbyggingarráð skipaði til athugunar og undirbúnings byggingar og starfrækslu áburðarverksmiðju?

2. Til ríkisstjórnarinnar um framlag ríkissjóðs til endurbyggingar sveitabýla.

Frá Páli Zóphóníassyni og Ingólfi Jónssyni.

Hver er orsök þess, að ekki hefur verið greitt til Búnaðarbankans lögboðið framlag, kr. 4899785.70, eins og bar að gera 1. júlí síðast liðinn samkvæmt 12. gr. laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum?

3. Til ríkisstjórnarinnar um framlag ríkissjóðs til Ræktunarsjóðs Íslands.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Hvers vegna hefur ekki enn verið greitt til Ræktunarsjóðs hið árlega framlag ríkissjóðs, eins og ber að gera samkvæmt 3. gr. laga nr. 66 1947?

4. Til ríkisstjórnarinnar um lánsfjáröflun til Ræktunarsjóðs Íslands.

Frá Páli Zóphóníassyni og Ingólfi Jónssyni.

Hvað hefur verið gert og hvað hyggst ríkisstjórnin að gera til þess að hrinda í framkvæmd 8. gr. laga nr. 66 1947?

Ed. 212. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 90 17. des. 1946, skulu gilda til ársloka 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagt er til, að framlengdar verði á árinu 1948 þær heimildir, sem nú eru í gildi, samkvæmt lögum nr. 90 17. des. 1946.

Nd. 213. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 2. grein. Á eftir „sbr. lög nr. 55/1942“ í upphafi greinarinnar komi ný málsgrein:
   Nú verður stofnaður afla- og hlutatryggingasjóður fyrir bátaútveginn með lögum, og skal þá skatturinn skiptast að jöfnu milli hans og framkvæmdasjóðsins.
2. Við 12. gr. Aftan við greinina bætist:
   Elli- og örorkulífeyri skv. lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, má þó greiða með verðlagsuppbót, er nemur allt að 315 vísitölustigum.
3. Við 19. gr. Aftan við greinina bætist:
   Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði rýrnun á saltfiski, er stafar af langri geymslu, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.
4. Við 22. gr. Orðin „svo og lögum nr. 97/1946“ í lok greinarinnar falli niður.
5. Við 26. gr. Ný grein, er verður 27. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því:
   Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins, sbr. 17.—20. gr., er í gildi, má ekki hækka vexti af rekstrarlánum útgerðarinnar frá því, sem nú er.
6. Við 27. gr. Í stað „allt að 3 milljónum króna“ komi: allt að 5 milljónum króna.

Nd. 214. Frumvarp til laga

um Reykjavíkurhöfn.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Hallgrímur Benediktsson, Jóhann Hafstein, Gylfi Þ. Gíslason, Sigfús Sigurhjartarson, Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Reykjavíkurhöfn takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnarumdæmisins. Sjávarmegin ræður mörkum:

1. að sunnan skipalægi við strandlengju lögsagnarumdæmisins við Skerjafjörð;
2. að norðan skipalægi við strandlengjuna og undan henni, að undanskildu svæði, sem takmarkast af netlögum Engeyjar, Viðeyjar og Lundeyjar. Þó hefur Viðey óskertan og kvaðalausan rétt til bryggju- og hafnargerðar, þótt lengra nái frá landi en netlög.

Þar sem svo hagar til, að lögsagnarumdæmi Reykjavíkur er öðrum megin víkur eða vogar, en annað lögsagnarumdæmi hinum megin, fara hafnarmörk eftir miðjum vogi.

Skipa má mörkum nánar með reglugerð, og skal þess þá gætt eftir föngum, að með hafnarsvæði Reykjavíkur verði talin skipalægi, þar sem skip leggjast á svæðinu, er greinir í 2. og 3. mgr., og hafa aðallega samband við Reykjavík.

2. gr.

Um framlag úr ríkissjóði til hafnargerðar og hafnarbóta í Reykjavík, svo og heimildir ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til þeirra framkvæmda, fer eftir ákvæðum í 1. gr. og 2. gr. A., sbr. 3. gr. laga um hafnargerðir og lendingarbætur nr. 29 23. apríl 1946, eða lagaákvæðum, sem sett verða í þeirra stað.

Til hafnargerða, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við skipasmíðastöð við Elliðaárvog veitir ríkissjóður ⅖ kostnaðar, allt að 2 millj. króna, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin samþykkir, og þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, gegn framlagi að ⅗ hlutum frá Reykjavíkurhöfn.

Ríkisstjórninni veitist og heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, allt að 3 millj. króna, sem Reykjavíkurhöfn kann að taka, með ábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur, til mannvirkjagerðar við Elliðaárvog, samkv. 2. mgr.

Ekki er heimilt að taka slíkt lán eða leita eftir því erlendis, nema með sérstöku samþykki ráðherra.

Það er skilyrði fyrir framlagi og ábyrgð ríkissjóðs samkv. 2. og 3. mgr., að yfirumsjón með framkvæmdum og reikningshald allt verði falið mönnum, sem ráðherra samþykkir.

Með reglugerðarákvæði skal tryggja almenningi jafnan rétt til afnota hafnarmannvirkjanna við Elliðaárvog, sem verða gerð samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera hafnarmannvirki eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem mannvirkjagerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnað við matið greiðir Reykjavíkurhöfn. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 3 dómkvöddum mönnum, og fer um dómkvaðningu samkv. 6. eða 7. gr. laga um

framkvæmd eignarnáms, nr. 61 14. nóv. 1917. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil um 10% eða meira. Ella greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

4. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, þar á meðal hvorki dýpkanir né uppfyllingar, né breyta mannvirkjum, sem nú eru, nema með samþykki hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

Beiðnir um slíkar framkvæmdir skal senda hafnarstjórn, með uppdráttum og lýsingum, sem hún telur fullnægjandi, en hafnarstjórn sendir málið til bæjarstjórnar, með rökstuddum tillögum og ályktunum sínum.

Sá, sem fengið hefur leyfi til slíkra framkvæmda, skal halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því að dómi hafnarstjórnar.

Sé leyfi til mannvirkjagerðar á hafnarsvæðinu eigi notað innan 2 ára frá veitingu þess, eða framkvæmdum ekki lokið innan hæfilegs frests, sem settur er, þegar leyfið er veitt, þá fellur leyfið úr gildi, og eru framkvæmdir óheimilar, nema nýtt leyfi komi til.

Heimilt er hafnarstjórn að nema í burtu án endurgjalds, bryggjur eða önnur mannvirki meðfram strandlengju hafnarinnar, sem hafa staðið ónotuð í 5 ár eða lengur.

Brot gegn þessari grein varða sektum, allt að 10 þús. krónum, og getur hafnarstjórn látið nema í burtu á kostnað eiganda mannvirki, sem gerð eru án leyfis eða án þess, að settum skilyrðum sé hlýtt, svo og mannvirki, sem hætta er talin stafa af, enda ræki eigandi ekki viðhaldsskyldu sína eftir kröfu hafnarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum og 5 varafulltrúum, er bæjarstjórn kýs, 3 úr tölu bæjarfulltrúa og 2 utan bæjarstjórnar. Fulltrúar þeir, er kosnir eru utan bæjarstjórnar, skulu vera úr tölu þeirra manna, er þekkingu hafa á verzlun, útgerð og siglingum. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúana úr tölu bæjarfulltrúanna sér og fulltrúa utan bæjarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er 4 ár, hið sama og bæjarstjórnar. Skal kjósa hafnarstjórn á fyrsta eða öðrum fundi nýkosinnar bæjarstjórnar, og lýkur þá kjörtímabili fráfarandi hafnarstjórnar. Núverandi hafnarstjórn heldur umboði sínu fram yfir næstu bæjarstjórnarkosningar.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn. Auk hinna kjörnu fulltrúa mæta borgarstjóri og hafnarstjóri á fundum hafnarstjórnar, og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má borgarstjóra eða hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi þeir þar atkvæðisrétt.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

7. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Aðra fasta starfsmenn ræður hafnarstjórn.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir Reykjavíkurhafnar.

Samþykktir, er snerta fjárhag hafnarinnar, öðlast eigi gildi, nema samþykki hafnarstjórnar komi til.

9. gr.

Ekki er heimilt, án samþykkis ráðherra, að selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standast kostnað við byggingu og endurbætur hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að leggja á og innheimta skipagjöld af öllum skipum og bátum, sem hafna sig á hafnarsvæði Reykjavíkur (sbr. 1. gr.), þ. e. lestagjald, vitagjald, bryggjugjald, festargjald.

Herskip og varðskip eru undanþegin þessum gjöldum, og skemmtiferðaskip eru undanþegin lesta- og vitagjaldi.

Þá er heimilt að leggja vörugjald á þær vörur, sem fluttar eru úr skipi eða fluttar í skip á hafnarsvæðinu, þ. á m. kjölfestu.

Þessi gjöld, sem og gjöld fyrir afnot af eignum og tækjum hafnarinnar, þ. á m. mannvirkjum, sem gerð kunna að verða við Elliðaárvog, skal ákveða með reglugerð, er hafnarstjórn og bæjarstjórn setja, en ráðherra staðfestir, og skal þar kveðið á um, hver greiða skuli gjöldin og innheimta.

Fela má þeim embættismanni, sem innheimtir skipagjöld fyrir ríkissjóð (tollstjóra) innheimtu hafnargjalda, eftir því sem við á og gegn þóknun, er ráðherra ákveður. Skal heimilt að neita um afgreiðslu skips hjá nefndum innheimtumanni ríkisins, nema greidd séu öll hafnargjöld, sem skipinu ber að greiða.

Öll hafnargjöld, sem krafin verða skv. staðfestri reglugerð, má taka lögtaki, og þau hafa forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b. tölulið 3 skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin, sem og hafnsögugjöld, tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

11. gr.

Reikningsár Reykjavíkurhafnar er almanaksárið.

12. gr.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skulu hafnarstjórn og bæjarstjórn hafa samið áætlun um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlunina ber að senda fyrir árslok til ráðherra til samþykktar, ásamt nauðsynlegum skýringum.

13. gr.

Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðherra þarf til, og skal þá senda ráðuneytinu tilkynningu um slíkar fyrirætlanir hafnarstjórnar og bæjarstjórnar svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki þess verði fengið, áður en lokið er samþykkt á fjárhagsáætlun hafnarinnar.

14. gr.

Óheimilt er að hefja framkvæmdir, sem fé er ekki veitt til í fjárhagsáætlun, eða að fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis hafnarstjórnar og bæjarstjórnar og staðfestingar ráðherra.

15. gr.

Hafnarstjóra ber að halda reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar. Við lok hvers reikningsárs skal, svo fljótt sem unnt er, gera reikning yfir tekjur og gjöld á liðnu reikningsári og efnahagsreikning.

Getur ráðherra fyrirskipað, að reikningana skuli gera á eyðublöð, sem ráðuneytið lætur í té.

Reikningana skal endurskoða á sama hátt og reikninga bæjarsjóðs, og skulu þeir lagðir fyrir hafnarstjórn og bæjarstjórn til úrskurðar.

Samrit úrskurðaðra reikninga hafnarinnar skal jafnan sent ráðuneytinu.

16. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, sem hafnarstjórn og bæjarstjórn setja, en ráðherra staðfestir, allt það, er lýtur að stjórn hafnarinnar og hafnarsjóðs, hafnsögu og hafnsöguskyldu, greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru varðandi höfnina, eftir því sem þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á henni, allt að 10 000 krónum.

Sektir samkv. lögum þessum og reglugerðum, sem verða settar samkvæmt þeim, renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem verða settar samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 26. töluliður í A-lið 2. greinar laga nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, lög nr. 111 30. des. 1943, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við þau.

Reglugerðir, sem settar voru samkvæmt hafnarlögum fyrir Reykjavík nr. 19 11. júlí 1911, með áorðnum breytingum, halda gildi, þar til nýjar reglugerðir verða settar samkvæmt þessum lögum.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk hafnarstjórnar Reykjavíkur, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Með lögum um hafnargerðir og lendingarbætur nr. 29 23. apríl 1946, voru afnumin hafnarlög fyrir Reykjavík, nr. 19 11. júlí 1911, ásamt l. nr. 49 23. júní 1932 og l. nr. 36 19. júní 1933, um breytingu á þeim lögum.

Það má fullyrða, að ekki hefur vakað fyrir löggjafanum að breyta hafnarlögum Reykjavíkur til óhagræðis fyrir starfsemi hafnarinnar, en við nánari athugun telur hafnarstjórn Reykjavíkur, að svo hafi verið gert með afnámi framanskráðra lagaákvæða, sem í sumum greinum veittu Reykjavíkurhöfn nokkra sérstöðu.

Það ber einkum tvennt til, að hafnarstjórnin telur hina nýju löggjöf lítt viðunandi fyrir Reykjavíkurhöfn. Fyrra atriðið er afnám ákvæðisins um lögveð fyrir skipagjöldum, sem sett var með l. nr. 36 1933. Hitt atriðið er ákvæði 4. mgr. 9. gr. laganna nr. 29 1946, sem er nýmæli, að því er tekur til Reykjavíkurhafnar, og til þess fallið að valda ágreiningi, svo að ekki sé sterkara að kveðið.

Vegna þessara ákvæða óskar hafnarstjórnin breytinga á hafnarlögunum, og að athuguðu máli telur hafnarstjórnin þá réttast, að sett verði sérlög um Reykjavíkurhöfn, enda verður því ekki mælt í mót, að Reykjavíkurhöfn hefur jafnan haft nokkra sérstöðu, m. a. að því leyti, að framlög úr ríkissjóði til hafnargerðar í Reykjavík hafa verið mun minni hlutfallslega en framlög til hafnargerða annars staðar. Stofn-

kostnaðarreikningur Reykjavíkurhafnar nemur nú ca. 22 400 000 kr., þar af framlag úr ríkissjóði á fyrstu árum hafnargerðarinnar kr. 400 000, en ekkert síðan.

Því til stuðnings, að rétt sé að setja sérlög fyrir Reykjavíkurhöfn, bendir hafnarstjórnin og á, að með almennu hafnargerðalögunum nr. 29 1946 voru ekki afnumin l. nr. 111 30. des. 1943, um breytingu á hafnarlögum Reykjavíkur, sem sett voru vegna fyrirhugaðra mannvirkja við Elliðaárvog. Þau lög eru því talin halda gildi enn, eftir að hafnarlögin, sem þar er vísað til, eru að öðru leyti numin úr gildi, og mega allir sjá, að það lagaform fær ekki staðizt.

Hafnarstjórn óskar því þess, að sérstök hafnarlög verði nú þegar sett fyrir Reykjavík, og hefur látið semja meðfylgjandi frv., sem er að efni til sniðið eftir hafnargerðalögunum nr. 29 1946 og lögum nr. 111 1943, með þeim breytingum, sem hafnarstjórn telur æskilegar eða horfi til bóta, en jafnframt haldið þeim ákvæðum eldri hafnarlaga fyrir Reykjavík, sem beinlínis þykir miður farið, að felld séu úr gildi, eða réttara þykir að skipa með lögum, ef sérstök hafnarlög verða á annað borð sett fyrir Reykjavíkurhöfn. Verður nánar vikið að þessu í sambandi við umsögn um einstakar frumvarpsgreinar, en um þær skal tekið fram:

Um 1. gr.

Skv. þessari grein eru skilgreind takmörk hafnarsvæðisins mjög samkv. ákvæðum laga nr. 49 1932, en með breytingum, sem leiðir af stækkun lögsagnarumdæmisins síðan.

Skv. frv. er hafnarsvæðið að vísu fært nokkuð út að norðanverðu, þannig að t. d. mundu skipalægin fyrir utan Engey og Viðey teljast með hafnarsvæði Reykjavíkur, enda eðlilegt eins og nú hagar til. Þar leggjast ekki önnur skip en þau, sem fá afgreiðslu í Reykjavík, ef þau fá nokkra afgreiðslu hér.

Með frv.greininni eru dregin mörk hafnarsvæðisins, þar sem svo hagar til, að það er vík eða vogur, þar sem annað lögsagnarumdæmi á land hinum megin.

E. t. v. mætti fella þessa mgr. niður, en láta nægja 5. mgr., um að skipa hafnarmörkum nánar með reglugerð (heldur en gert er skv. 2. og 3. mgr.) og hafa það aðalsjónarmið að telja með hafnarsvæði Reykjavíkur þau skipalægi undan lögsagnarumdæminu, þar sem skip leggjast, sem fá afgreiðslu í Reykjavík.

Um 2. gr.

Skv. þessari grein halda gildi framvegis núgildandi ákvæði l. nr. 29 1946 og laga nr. 111 1943, um framlag úr ríkissjóði til mannvirkjagerða í Reykjavíkurhöfn og fyrirhugaðrar skipasmíðastöðvar við Elliðaárvog, og ákvæði um heimildir ríkisstjórnar til þess að ábyrgjast lán fyrir hafnarsjóð til þeirra framkvæmda.

Tilsvarandi ákvæði þeim, er gilda um lánaumleitanir og lántöku erlendis til hafnargerða og lendingarbóta skv. l. nr. 29 1946, eru skv. frv. einnig látin ná til lántöku og umleitana erlendis vegna framkvæmdanna við Elliðaárvog.

Um 3. gr.

Ákvæðin um skyldur manna til að þola eignarkvaðir vegna hafnarmannvirkjanna eru sams konar og gildandi 4. gr. l. nr. 29 1946.

Tilnefning yfirmatsmanna og greiðsla yfirmatskostnaðar skal skv. frv. fara eftir tilsvarandi ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 61 1917, sem sýnist í alla staði eðlilegast.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru að efni til mjög samhljóða 5. gr. l. nr. 29 1946, sbr. l. nr. 49 1932. Skýrt er tekið fram, að hafnarstjórn geti látið nema í burtu á kostnað eiganda mannvirki, sem gerð eru án leyfis eða án þess, að settum skilyrðum sé hlýtt, svo og mannvirki, sem hætta er talin stafa af, ef eigandi hlítir ekki fyrirmælum hafnarstjórnar um viðhald mannvirkisins

Um 5.—8. gr.

Með þessum gr. er kveðið á um stjórn hafnarinnar, og er horfið að því fyrirkomulagi, sem áður var. Yfirstjórnin verður í höndum bæjarstjórnar undir umsjón ráðherra, og er það í samræmi við 6. gr. laganna nr. 29 1946, en hafnarstjórninni, sem kosin skal af bæjarstjórn, er fengið áhrifavald um málefni hafnarinnar til jafns við bæjarstjórn, sbr. og ákvæði 1. mgr. 4. gr. og þó einkum 2. mgr. 8. gr.

Það nýmæli er sett í 6 gr., að kjósa skuli hafnarstjórnina til 4 ára, kjörtímabils bæjarstjórnar. Er það í samræmi við önnur nýleg ákvæði um kjörtímabil nefnda, sem bæjarstjórnir kjósa, t. d. barnaverndarnefnd, skólanefndir (fræðsluráð), og má reyndar ætla, að allar nefndir bæjarstjórnar verði kosnar með þessum hætti, áður en langt um líður.

Um 9. gr.

Að efni samhljóða 8. gr. l. nr. 29 1946.

Um 10. gr.

Þessi grein er að efni frábrugðnari gildandi ákvæðum (sbr. 9. gr. l. nr. 29 1946) en aðrar greinar frv. Í fyrstu mgr. eru talin skipagjöld, þau gjöld, sem verða tryggð með lögveði skv. 6. mgr.

Með reglugerð verður að ákveða nánar, hvenær skipi beri að greiða skipagjöldin, svo sem nú er.

Bryggjugjöld og festargjöld verða ekki krafin nema fyrir afnot hafnarmannvirkja og tækja, sem nöfnin benda til.

Lestagjald og vitagjald er ætlað að krefja með sama hætti og áður, en þessi gjöld voru lögfest með hafnarlögunum 1911.

Skv. 2. mgr. verður lögfest að krefja ekki skipagjöld af varðskipum ríkisins, en það hefur ekki verið gert hingað til, skv. reglugerðarákvæðum.

Ákvæðin um vörugjald, skv. 3. mgr., eru í samræmi við reglur, sem gilt hafa til þessa, og ganga sízt lengra en tilsvarandi ákvæði l. nr. 29 1946.

Í 4. mgr. er lagt svo fyrir, að skipagjöld og vörugjöld, sem og gjöld fyrir afnot af eignum og tækjum hafnarinnar, skuli sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir, svo sem verið hefur, og í samræmi við l. nr. 29 1946. Þykir rétt að skipa afnotagjöldum af mannvirkjum, sem gerð kunna að verða við Elliðaárvog, í flokk með gjöldum af öðrum eignum og tækjum heldur en vísað er til með skipagjöldunum. Annars verður þar um svo mikil mannvirki að ræða, þegar að því rekur, að þau verði gerð, að sennilega þarf nýja löggjöf þar um, þó að gildandi lagaákvæðum um þær fyrirætlanir sé haldið í frv. þessu. Þá er í 5. mgr. ákvæði um, að fela megi tollstjóra innheimtu hafnargjalda, eftir því sem við á og hentugt þykir. Er það í samræmi við ákvæði hafnarlaganna frá 1911. Þykir þá sanngjarnt, að ráðherra geti ákveðið, að hafnarsjóður greiði þóknun fyrir þau innheimtustörf.

Það er nýmæli í lögum, en sams konar ákvæði eru í gildandi hafnarreglugerðum fyrir Reykjavíkurhöfn, að heimilt sé að neita um afgreiðslu skipa hjá innheimtumanni ríkissjóðs, nema þau gjöld séu greidd, sem skipinu ber að greiða. Þykir sjálfsagt að lögfesta slíkt ákvæði, sem einkum kemur til greina um erlend skip, sem koma hingað örsjaldan eða hafa engan fastan umboðsmann.

Þá er í 6. mgr. ákvæði um, að auk lögtaksréttar og forgangsréttar sem opinber gjöld, skv. 83. gr. b. 3 skiptalaganna, skuli vera lögveð í skipi fyrir skipagjöldum og hafnsögugjöldum. Lögveðsrétturinn tekur því ekki til vörugjalda né afnotagjalda af eignum og tekjum hafnarinnar annarra en bryggju- og festargjalda. Þau gjöld ein njóta lögtaks- og forgangsréttar, sem verða lögð á og krafin skv. staðfestri reglugerð.

Gert er ráð fyrir, að lögveðsrétturinn haldist í tvö ár frá gjalddaga skipagjaldanna, og er það í samræmi við fyrningarákvæði laga um fasteignarskatt til ríkis og sveitarfélaga.

Ákvæðin í 3., 4. og 5. mgr. 9. gr. l. nr. 29 1946 eru ekki tekin í þetta frv., sumpart vegna þess, að þau sýnast ekki eiga við um Reykjavíkurhöfn vegna staðhátta, en jafnframt vegna þess, að hafnarstjórnin leggur ríka áherzlu á, að ákvæði 4. mgr. nái ekki til Reykjavíkurhafnar og að öll tvímæli verði tekin af um það efni.

Um 11.—15. gr.

Þessar greinar eru að efni til nokkuð samhljóða 10.—14. gr. l. nr. 29 1946, með þeirri breytingu, sem leiðir af því, að skv. frv. þessu er haldið „jafnræðinu" milli hafnarstjórnar og bæjarstjórnar, sem var sett með l. nr. 49 1932.

Um 16.—17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Fyrri mgr. þarfnast ekki skýringa, en síðari mgr. er sett vegna ákvæðis 3. mgr. 15. gr. l. nr. 29 1946, til þess að um það geti ekki orðið deilur, að núgildandi hafnarreglugerðir haldi gildi, þar til nýjar verða settar skv. lögum.

Ed. 215. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 196 (um kauprétt á jörðum).

Frá Páli Zóphóníassyni, Ásmundi Sigurðssyni og Guðm. Í Guðmundssyni.

Í stað orðanna „á hreppsnefnd" komi: eiga forkaupsréttarhafar.

Nd. 216. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða:

1. *að* III. kafli laga nr. 104 30. desember 1943, um sjúkratryggingar, skuli vera í gildi til ársloka 1948, með þeirri breytingu, að hámark framlaga ríkissjóðs og sveitarsjóða samkv. 47. gr. hækki úr 12 krónum í 18 krónur á ári, grunngjaldið, og að til sama tíma skuli frestað framkvæmd III. kafla laga nr. 50 7. maí 1946, um heilsugæzlu, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndar- og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr., til ríkissjóðsstyrks samkv. 77. gr., helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. um skipun lækna við slíkar stöðvar;
2. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1948 að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi tvöfaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr.;
3. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1948 að greiða styrki til læknisvitjanasjóða samkv. lögum nr. 59 1942, samtals allt að 100 þús. krónum auk vísitöluuppbótar, enda skiptist upphæðin milli sjóðanna að fengnum tillögum landlæknis;
4. *að* iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 112. gr. skuli á árinu 1948 lækka um 25% á II. verðlagssvæði og að þessi lækkun megi einnig ná til ársins 1947, enda

eigi aðilar ekki rétt til endurgreiðslu greiddra iðgjalda fyrr en í sambandi við iðgjaldagreiðslur á árinu 1948;

5. *að* störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelur og starfar á heimili foreldra sinna, skuli metin til vinnuviku samkv. 112. gr. á sama hátt og nú er gert um störf unglinga á aldrinum 16—20 ára;
6. *að* iðgjöld samkv. 107. gr. og 112. gr. og framlög sveitarfélaga samkv. 114. gr. skuli á árinu 1948 innheimt með vísitöluálagi, er miðist við 315 vísitölustig, og að grunnupphæð heildarframlags sveitarfélaganna til tryggingasjóðs samkv. 114. gr. skuli á árinu lækka niður á 3.6 millj. króna;
7. *að* skrár þær, er sveitarstjórnum ber að gera samkv. 118. gr., skuli á árinu 1948 vera fullgerðar einum mánuði fyrr en greinin ákveður og annað eintak þeirra sent hlutaðeigandi innheimtumanni, svo og, að afhendingu nýrra tryggingaskírteina megi á árinu 1948 fresta, eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota skírteini ársins 1947, meðan sú frestun varir;
8. *að* bráðabirgðaákvæði 11 skuli vera í gildi til ársloka 1948;
9. *að* vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1948 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1949;
10. *að* lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1948 vera 5 kr. á mánuði;
11. *að* iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðastjóra skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum, er gangi fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs, og að iðgjöld samkvæmt sömu grein vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skuli hafa sams konar veðrétt í eignum þessum;
12. *að* rannsókn sú, er um ræðir í 7. tölulið bráðabirgðaákvæða, skuli hafin eigi síðar en í byrjun ársins 1948 og að heildarendurskoðun laganna skuli hafin á síðari hluta ársins 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 89 1946, um viðauka við lög um almannatryggingar.

Nd. 217. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 14. gr. Framan við greinina komi:
   Undanþága hlutafélaga, sem ekki hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, um framlag í varasjóð án skattlagningar, samkv. 3. gr. l. nr. 20 1942, skal niður falla.
2. Við 14. gr. 2. málsgr. Í stað orðanna „forsjármaður heimilis“ komi: skattþegn.

Nd. 218. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 213 [Dýrtíðarráðstafanir].

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 5. tölulið. Í stað orðanna „rekstrarlánum útgerðarinnar“ komi: lánum til útgerðarinnar.

Sþ. 219. Breytingartillaga

við till. til þál. um hreinsun Hvalfjarðar.

Frá Áka Jakobssyni.

Aftan við tillögugreinina komi:

Ríkisstjórnin skal bæta úr ríkissjóði þeim útvegsmönnum, sem orðið hafa fyrir því að eyðileggja eða glata veiðarfærum eða tækjum skipa sinna, vegna rusls, sem setuliðin hafa skilið eftir í Hvalfirði, tjón sitt. Bæturnar skulu ákveðnar með mati óvilhallra, dómkvaddra manna. Ríkisstjórnin skal leitast við að fá fé þetta endurgreitt frá ríkisstjórnum Bretlands og Bandaríkjanna.

Nd. 220. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 13. gr. Í stað „vísitölunnar“ komi: kaupvísitölunnar.
2. Við 15. gr. Í stað „vísitölunnar“ á tveim stöðum í greininni komi: kaupvísitölunnar.

Ed. 221. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1948.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það nái samþykki deildarinnar. Einn nefndarmanna (BrB) var fjarstaddur, þegar frv. var rætt í nefndinni.

Alþingi, 17. des. 1947.

Bernh. Stefánsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Pétur Magnússon, frsm.

Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 222. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það nái samþykki deildarinnar. Einn nefndarmanna (BrB) var fjarstaddur, þegar frv. var rætt í nefndinni.

Alþingi, 17. des. 1947.

Bernh. Stefánsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Pétur Magnússon, frsm.

Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 223. Lög

um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1948.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 172.

Nd. 224. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, nr. 85 frá 9. okt. 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

2. gr. laga nr. 85 frá 9. október 1946 orðist þannig:

Meðan eigi er lokið samningum þeim, er nú standa yfir vegna niðurfellingar dansk-íslenzka sambandslagasamningsins 30. nóvember 1918, heimilast ríkisstjórn Íslands að gera þær ráðstafanir, sem þörf er á til að láta Færeyinga halda þeim rétti, er þeir hafa haft til fiskveiða með handfæri á þilskipum með eða án gangvéla og opnum bátum hér við land fyrst um sinn, þó eigi lengur en til ársloka 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samningaviðræður standa nú yfir milli ríkisstjórnar Danmerkur og sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn varðandi ýmis atriði, er snerta skilnað Íslands og Danmerkur og enn hefur eigi náðst fullnaðar samkomulag um. Meðan þeim viðræðum er eigi lokið, þykir rétt að láta Færeyinga halda þeim réttindum, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. laga nr. 85 frá 9. október 1946, og er því í frumvarpi þessu lagt til að þeirri grein verði breytt þannig, að í stað orðanna „til ársloka 1947“ komi orðin „til ársloka 1948“.

Nd. 225. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 40. gr. Orðin „svo og sala eigin vinnu“ falli burt.
2. Við 42. gr. Orðin „31. marz“ falli burt.

Ed. 226. Frumvarp til laga

um dýrtíðarráðstafanir.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Markmið laga þessara.

1. gr.

Til þess að vinna gegn verðbólgu og dýrtíð, tryggja áframhaldandi rekstur sjávarútvegsins, stemma stigu fyrir atvinnuleysi og auka framleiðslu til gjaldeyrisöflunar er sett löggjöf sú, sem hér fer á eftir.

II. KAFLI
Um eignaraukaskatt.

2. gr.

Á árinu 1948 skal leggja sérstakan skatt á eignarauka, sem orðið hefur á tímabilinu frá 1. janúar 1940 til 31. desember 1947. Skal sá skattur renna í framkvæmdasjóð ríkisins, sbr. lög nr. 55/1942.

Nú verður stofnaður afla- og hlutatryggingasjóður fyrir bátaútveginn með lögum, og skal þá skatturinn skiptast að jöfnu milli hans og framkvæmdasjóðsins.

Skatturinn skal lagður á þá skattþegna, sem 1. janúar 1948 eiga skuldlausa eign, er nemur yfir 100 þúsund krónum umfram skuldlausa eign þeirra 1. jan. 1940.

Undanþegin eignaraukaskatti eru:

a. Eimskipafélag Íslands h/f.
b. Fé það, sem félög og einstaklingar, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnurekstri, hafa lagt í vara- og nýbyggingarsjóði og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af.
c. Fé það, sem samvinnufélög hafa lagt í varasjóði samkvæmt ákvæðum laga um samvinnufélög eða tekjuskattur hefur ekki verið greiddur af.

Skatturinn ákveðst þannig:

Af 100—200 þús. kr. eignaraukningu greiðist 5% af því, sem er umfram 100 þús. kr.

Af 200—400 þús. kr. eignaraukningu greiðist 5 þúsund kr. af 200 þús. kr. og 10% af afgangi.

Af 400—600 þús. kr. eignaraukningu greiðist 25 þúsund kr. af 400 þús. kr. og 15% af afgangi.

Af 600—800 þús. kr. eignaraukningu greiðist 55 þúsund kr. af 600 þús. kr. og 20% af afgangi.

Af 800 þús. kr. til 1 millj. kr. eignaraukningu greiðist 95 þúsund kr. af 800 þús. kr. og 25% af afgangi.

Af 1 millj. kr. eignaraukningu greiðist 145 þúsund kr. og 30% af því, sem er þar fram yfir.

Eignaraukaskattur allra samvinnufélaga svo og félaga og einstaklinga, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnurekstri, reiknast þannig:

Eignaraukning allt að 100 þús. kr. er skattfrjáls. Af eignaraukningu frá 100 þús. kr. til 200 þús. kr. greiðist 5% af því, sem er umfram 100 þús. kr. Ef eignaraukning nemur yfir 200 þús. kr., greiðist 5000 kr. af 200 þús. kr. og 10% af þeirri eignaraukningu, sem þar er fram yfir.

3. gr.

Eignarauka skal finna með því að bera saman skuldlausa eign gjaldþegns 1. janúar 1940, sem nefnist byrjunareign, og skuldlausa eign hans 31. desember 1947,

sem nefnist lokaeign. Byrjunareign og lokaeign skal meta eftir skattaframtölum með leiðréttingum skattanefnda og þeim breytingum, sem þessi lög gera ráð fyrir. Ef skattaframtal 1940 er ekki til, skal miða við áætlun skattanefnda það ár, nema sannað sé, að eignir hafi verið aðrar. Ef gjaldþegn átti ekki fyrir skuldum 1. janúar 1940 eftir skattaframtali, skal taka tillit til þess, hvort eignir eru þar taldar með sannvirði. Ef skattanefndir telja vafa á því, skulu þær leiðrétta framtölin og hafa hliðsjón af vátryggingarverði eigna og sennilegu söluverði. Ef skuldir verða þrátt fyrir þær leiðréttingar meiri en eignir, skal enga byrjunareign telja (byrjunareign = 0). Ef ekki er til skattaframtal 1948, skal miða við áætlun skattanefnda. Með eignum einstaklinga skal telja eign þeirra í sameignar- og samlagsfélögum, og teljast slík félög ekki sjálfstæðir skattgreiðendur. Hlutabréf skulu bæði í byrjunareign og lokaeign metin með nafnverði.

Nú hefur maður flutzt til Íslands á tímabilinu 1. janúar 1940 til 31. desember 1947, og skal þá eign hans, er hann fluttist til landsins, talin byrjunareign.

4. gr.

Við ákvörðun eignarauka skal um einstakar eignir, sem skattþegn hefur átt óslitið frá 1. janúar 1940 til 31. desember 1947, miða við sama verð á byrjunareign og lokaeign, nema eignin hafi hækkað í verði vegna þess, að notagildi hennar hafi verið aukið verulega með endurbótum á eigninni eða viðaukum við hana. Skal eignin þá í lokaeign hækkuð í verði um það, sem skattanefndir telja verðgildi hennar hafa aukizt vegna breytinganna að frádreginni hæfilegri fyrningu endurbótanna.

Þegar búfé er metið til eignar, skal í byrjunareign og lokaeign leggja sama búfjármat til grundvallar, nema búfjármagn hafi aukizt, þá skal aukningin ákveðin eftir reglum, sem gilda um búfjármat við framtal á árinu 1948.

5. gr.

Ef skattþegn hefur selt fasteign eða skip, sem hann átti 1. janúar 1940, á tímabili því, sem getur í næstu grein hér á undan, án þess að kaupa aðra fasteign eða annað skip í staðinn, skal leggja söluverð þessara eigna til grundvallar við ákvörðun byrjunareignar, enda sé ótvírætt sannað, hvert söluverðið hefur verið, og það í samræmi við gangverð á þeim tíma og stað, þegar salan fór fram. Liggi söluverð ekki fyrir, skal miða við fasteignamat að viðbættu sama álagi og segir í 6. gr., þegar um kaup er að ræða. Skip skulu þó talin með vátryggingarverði, þegar sala fór fram, nema sannað sé með mati dómkvaddra manna, að það hafi þá verið óeðlilega vátryggt. Ef skattþegn hefur keypt aðra fasteign eða skip í staðinn á tímabilinu eða samið um smíði skips, sem eigi er fullgert 1. janúar 1948, skal telja söluverð hinna seldu eigna í byrjunareign að svo miklu leyti, sem það gengur upp í kaupverð hinna nýju eigna.

Ákvæði þessi um hámarksverð eiga ekki við, þegar opinber aðili hefur verið kaupandi, og skal þá fara eftir samningsverði.

6. gr.

Ef um er að tefla eignir, sem skattþegn hefur eignazt á tímabilinu frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1947, skal í lokaeign miða við það verð, sem hann hefur greitt fyrir þær að frádreginni fyrningu í skattaframtali samkvæmt ákvæðum laga. Fasteignir og skip, sem skattþegn hefur eignazt á tímabilinu, skulu ekki reiknuð með lægra verði en hér segir, sbr. þó 2. og 3. mgr.:

1. Jarðeignir með tilheyrandi húsum. Ef skattþegn hefur eignazt jörðina árið 1940 eða 1941, skal telja fasteignamatsverð með 25% álagi lágmarksverð, hafi hann eignazt jörðina árið 1942, telst fasteignamatsverð með 50% álagi lágmarksverð, árið 1943 með 100% álagi, árið 1944 með 150% álagi og árin 1945—47 með 200% álagi.

2. Fasteignir, aðrar en jarðir, í sveitarfélögum með yfir 1000 íbúa. Ef skattþegn hefur eignazt fasteignina árið 1940, telst fasteignamatsverð með 25% álagi lágmarksverð, árið 1941 með 50% álagi, árið 1942 með 100% álagi, árið 1943 með 200% álagi, árið 1944 með 300% álagi, árið 1945 með 400% álagi og árin 1946—47 með 500% álagi.
3. Fasteignir, aðrar en jarðir, í sveitarfélögum með 1000 íbúum og þar undir:
   Ef skattþegn hefur eignazt fasteignina árið 1940 eða 1941, telst fasteignamat með 25% álagi lágmarksverð, árið 1942 með 50% álagi, árið 1943 með 150% álagi, árið 1944 með 200% álagi, árið 1945 með 250% álagi og árin 1946 og 1947 með 300% álagi.
4. Skip skal ekki reikna til eigna lægra verði en kaskóvátrygging þess nemur á þeim tíma, sem skattþegn eignaðist skipið. Þó skal telja með þann hluta verðmætis skips, sem samkvæmt virðingargerð vátryggingarfélags er í sjálfstryggingu eiganda. Heimilt er skattþegni þó að sanna með mati dómkvaddra manna, að skip sé vátryggt of háu verði. Skattanefndir og skattþegn geta látið fara fram yfirmat. Ef skip er óvátryggt, skulu skattanefndir meta, en bera má mat þeirra undir mat dómkvaddra manna.

Ákvæði þessi um lágmarksverð eiga ekki við, þegar opinber aðili hefur verið seljandi. Þá skal fara eftir samningsverði.

Nú þykir ótvírætt sannað, hvert verið hefur kaupverð fasteignar eða skips, sem skattþegn hefur eignazt á nefndu tímabili, og skal þá leggja það til grundvallar í lokaeign, ef það er í samræmi við gangverð eigna á þeim tíma og stað, þar sem kaupin gerðust, að frádreginni lögleyfðri fyrningu.

7. gr.

Þegar miðað er við fasteignamat í lögum þessum, skal leggja fasteignamatið frá 1942 til grundvallar. Ef fasteign eða skipi, sem skattþegn hefur eignazt á fyrrgreindu tímabili, hefur verið breytt eða endurbætt þannig, að verðgildi þess hafi aukizt verulega, eða eignin rýrnað verulega í verði, án þess að fasteignamati eða vátryggingarverði hafi verið breytt, skulu skattanefndir meta breytinguna til peningaverðs í lokaeign. Sama gildir um eignir, sem skattþegn átti 1. janúar 1940, en seldi síðar.

8. gr.

Áður en byrjunareign er ákveðin, skal draga frá henni þá fjárhæð, sem skattþegn hefur greitt í útsvar, tekjuskatt, samvinnuskatt, eignarskatt og úthlutaðan tekjuafgang í samvinnufélögum árið 1940. Á sama hátt skal draga frá lokaeign útsvar, tekjuskatt, tekjuskattsviðauka, stríðsgróðaskatt, samvinnuskatt, úthlutaðan tekjuafgang í samvinnufélögum, greiddan á árinu 1948, auk tryggingariðgjalda samkvæmt 112. og 113. gr. laga um almannatryggingar.

9. gr.

Dánarbætur, útborgað lífsábyrgðarfé vegna látins framfæranda og slysabætur, sem menn hafa fengið á árunum 1940—1947, dragast frá lokaeign. Lífsábyrgð, útborguð í lifanda lífi, fallinn útborgaður arfur og dánargjafir skulu dragast að hálfu frá lokaeign. Fyrirframgreiðsla upp í arf á árunum 1946 og 1947 leggist við lokaeign þess, sem greiðsluna innti af hendi, en dregst frá hjá viðtakanda, sem þó ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Sama er um gjafir til einstakra manna, ef numið hafa meiru en 1000 krónum til hvers.

10. gr.

Ef kona hefur gengið að eiga mann á tímabilinu 1. janúar 1940 til 31. desember 1947, skal leggja byrjunareign hennar við byrjunareign manns hennar og síðan fara með eignirnar sem einn aðili væri. Ef hjón hafa skilið á tímabilinu eða fjárfélagi þeirra verið slitið fyrir 1. nóvember 1947, skiptist byrjunareign þeirra til helminga, nema að því leyti, sem um séreign hefur verið að ræða.

11. gr.

Framtalsnefnd samkvæmt lögum nr. 67/1947 annast álagningu eignaraukaskatts. Ráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum nefndarinnar, ákvæði um álagningu skattsins, kærur út af honum, fresti, úrskurði, gjalddaga, innheimtu og fleira, er að framkvæmd laganna lýtur. Um eignaraukaskattinn skal fara eftir því, sem við á, enda sé ekki á annan veg mælt í þessum lögum, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög.

III. KAFLI

Um verðlagsuppbætur o. fl.

12. gr.

Hvarvetna þar, sem fjárhæð starfslauna eða annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvísitölu samkvæmt lögum, samningum eða á annan hátt, má ekki miða verðlagsuppbót við hærri vísitölu en 300, meðan lög þessi eru í gildi. Elli- og örorkulífeyri samkv. lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, má þó greiða með verðlagsuppbót, er nemur allt að 315 vísitölustigum.

13. gr.

Nú fær fastlaunamaður heildarlaun, án þess að sérstök grunnlaun hafi verið ákveðin, og lækka þau þá eftir gildistöku laga þessara hlutfallslega við þá lækkun kaupvísitölunnar, sem ákveðin er í 12. gr.

14. gr.

Undanþága sú frá greiðslu skatta og útsvara af áhættuþóknun, er getur í lögum nr. 61/1939, er úr lögum numin.

Nú stundar forsjármaður heimilis atvinnu fjarri heimili sínu, og skal þá ekki telja honum til skattskyldra tekna fæðishlunnindi, sem hann kann að hafa hjá atvinnurekanda. En verði hann hins vegar að sjá sér sjálfur fyrir fæði, skal hann eiga rétt á því, að frá tekjum hans sé dreginn hæfilegur fæðiskostnaður, áður en skattur er á þær lagður, og skulu um það sett ákvæði í reglugerð.

15. gr.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til þess að færa niður verð á hvers konar vörum, verðmæti og þjónustu til samræmingar við niðurfærslu kaupvísitölunnar. Tekur þetta til alls þess, sem greinir í 15. gr. laga nr. 70/1947, þar á meðal til hvers konar verzlunarkostnaðar, dreifingarkostnaðar, flutningsgjalda á sjó, landi og í lofti, greiðasölu, veitinga, skemmtana, umsjónar með húsbyggingum o. s. frv. Þá tekur þetta og til hvers konar verðmæta og þjónustu, sem bæjar- og sveitarfélög selja almenningi, svo sem verðs á rafmagni, gasi, o. s. frv. Ber að gæta þess, að þeir kostnaðarliðir, sem stafa af vinnulaunum, lækki a. m. k. í fullu hlutfalli við niðurfærslu kaupvísitölunnar. Vald það, er verðlagsyfirvöld hafa til frekari verðlækkunar samkvæmt lögum, er í engu skert. Brot gegn fyrirmælum verðlagsyfirvalda samkvæmt þessari málsgrein varða viðurlögum samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1947.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fyrir húsaleigunefndir að færa niður um allt að 10% húsaleigu í húsum, sem reist hafa verið eftir árslok 1941, svo og húsaleigu í eldri húsum, þar sem nýr leigusamningur hefur verið gerður eftir árslok 1941. Ákvæði þetta skerðir í engu vald húsaleigunefnda samkvæmt gildandi lögum til niðurfærslu húsaleigu. Brot gegn ákvæðum þessarar málsgreinar varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 39/1943.

16. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, þegar er lög þessi hafa tekið gildi, verðskrá landbúnaðarvörur af nýju. Skal þá við það miða, að laun þeirra, er að framleiðslunni vinna, bænda og annarra, haldist í sama hlutfalli við laun þeirra stétta, sem við var miðað við verðákvörðun varanna sumarið 1947, þangað til ný landbúnaðarverðlagsvísitala hefur verið ákveðin samkvæmt lögum nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

IV. KAFLI

Um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

17. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 18.—20. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1948 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

18. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsk- og ýsuflökum nái kr. 1.33 lbs. fob., þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aurum á lbs. Skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi.

19. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfisksútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði rýrnun á saltfiski, er stafar af langri geymslu, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

20. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 18. og 19. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

21. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1947 til 1. sept. 1948 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

22. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í ríkissjóð, unz hann er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

23. gr.

Auglýsa skal svo fljótt sem unnt er lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura verð, sbr. 17. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

24. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessa kafla laganna, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 17. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

25. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

26. gr.

Þegar innflutnings- og gjaldeyrisdeild, sbr. III. kafla laga nr. 70/1947, tekur ákvarðanir varðandi verðlagningu á veiðarfærum og viðgerðum skipa, skal kveðja til tvo fulltrúa, annan frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og hinn frá Fiskifélagi Íslands. Skulu þeir hafa atkvæðisrétt um þau mál.

27. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins, sbr. 17.—20. gr., er í gildi, má ekki hækka vexti af rekstrarlánum útgerðarinnar frá því, sem nú er.

V. KAFLI

Um aðstoðarlán til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1947.

28. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 5 milljónum króna eða ábyrgjast jafnháa fjárhæð, er varið skal til aðstoðar síldarútvegsmönnum árið 1947.

29. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar með herpinót sumarið 1947, geta sótt um lán samkvæmt lögum þessum, ef þeir eða þau eiga vegna aflabrests á síldarvertíðinni erfitt með áframhaldandi rekstur.

30. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd til að hafa á hendi lánveitingar samkvæmt þessum kafla laganna. Umsóknir um lán skulu sendar nefndinni. Nefndin ákveður, hve langan frest umsækjendur hafa til lánbeiðninnar.

Lánbeiðnir skulu vera skriflegar. Þeim skulu fylgja skilríki sem hér segir:

1. staðfest eftirrit af skattaframtali umsækjanda 1947.
2. efnahagsreikningur umsækjanda pr. 31. des. 1947,
3. rekstrarreikningur síldarútgerðar umsækjanda 1947,
4. veðbókarvottorð skipa og fasteigna umsækjandans.

Auk þess er umsækjanda skylt að gefa nefndinni allar þær skýrslur, er hún telur nauðsynlegar. Með allar skýrslur varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

31. gr.

Þegar lánveitinganefnd hefur fengið tilskilin skjöl í hendur, skal hún sannprófa, eins og unnt er, hvort þau eru rétt. Ef nefndin telur, að umsækjandi eigi erfitt með áframhaldandi rekstur, skal honum veitt lán, ef hann getur sett tryggingar, sem nefndin metur gildar. Nú sækir hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð um lán eftir lögum þessum, og skal þá setja það skilyrði fyrir lánveitingunni, að aðalhluthafar eða aðaleigendur fyrirtækisins taki persónulega ábyrgð á láninu í hlutfalli við hlutafjáreign eða stofnfjáreign þeirra í félaginu, nema aðrar fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir láninu. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera. Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Lánstími má þó ekki vera yfir 5 ár. Ársvextir skulu vera 5%.

32. gr.

Ekkert lán má afgreiða fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

33. gr.

Ef lántakandi selur skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið að tryggingu fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

34. gr.

Þeir, sem fá lán samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

35. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar, ef þurfa þykir.

VI. KAFLI

Um framlengingu á ákvæðum laga nr. 28/1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum.

36. gr.

Vörumagnstollur.

Til ársloka 1948 skal innheimta vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari lögum um breytingu á þeim lögum með þeim hækkunum, sem hér greinir:

a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárlaganna, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi með þeim undantekningum, sem getur í 38. gr.

37. gr.

Verðtollur.

Á sama tíma skal verðtollur innheimtur með 65% álagi, með þeim undantekningum, sem getur í 38. gr.

38. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, sem í 36. og 37. gr. getur, eru eftirtaldar vörur:

Tollskrárkafli 9 nr. 1—2, kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.
— 10 nr. 1—7, korn ómalað.
— 11 — 1—12, mjöl og grjón.

— 17 — 1—6, sykur.
— 22 — 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
— 24 — 1—9, tóbak.
— 25 — 10, salt.
— 27 — 1—4, kol.
— 27 — 14, steinolía.

Enn fremur eru allar vörur, sem tollur er greiddur af samkvæmt millirikjasamningum, undanskildar tollhækkun samkvæmt þessum kafla laganna.

39. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollhækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollhækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki í krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

VII. KAFLI

Um álagningu söluskatts vegna ábyrgðar á fiskafurðum og niðurgreiðslu á innlendum vörum.

40. gr.

Einstaklingar og félög, sem hafa með höndum skattskyldan atvinnurekstur, skulu greiða skatt í ríkissjóð af sölu ársins 1948 eftir reglum þeim, sem settar eru í þessum kafla laganna.

41. gr.

Söluskattur skal greiðast af heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, án frádráttar nokkurs kostnaðar, þar með talið andvirði vöru seldrar í umboðssölu svo og tilboðasöfnun, úttekt eigenda úr sjálfs sín fyrirtæki og skipti gegn vöru eða þjónustu. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa, krafna eða annarra slíkra verðmæta og iðgjaldstekjur vátryggingarfélaga eru undanþegnar söluskatti. Söluskattur greiðist hins vegar af andvirði vinnu, sem seld er með álagningu (smíði, viðgerðir o. þ. h.), af andvirði vinnu, sem gjaldandi hefur umsjón með gegn álagningu (málun, raflögn, trésmíði o. þ. h.), af greiðslum til verktaka, flutningsgjöldum og afgreiðslugjöldum, heildartekjum prentsmiðja, bókaútgefenda, þvottahúsa, fatapressna, rakara- og hárgreiðslustofa og þess háttar fyrirtækja, af sölu klæðskeraverkstæða og saumastofa, af matsölu og sölu veitinga- og gistihúsa, af aðgangseyri að skemmtunum, sem skemmtanaskattur er greiddur af, og yfirleitt af heildartekjum þeirra fyrirtækja, sem selja vöru, efni, vinnu eða aðra þjónustu með álagningu.

42. gr.

Söluskattur skal nema því, sem hér segir:

1. Af heildsölu og umboðssölu 2%,
2. Af smásölu 1½%,
3. Af sölu iðju- og iðnfyrirtækja sem og allra annarra fyrirtækja, sem gjaldskyld eru samkvæmt 40. gr. 1½%.

Eigi skal þó greiða skatt af sölu þeirri, sem hér segir:

1. a. andvirði vöru, sem seld er úr landi,
   b. andvirði mjólkur og mjólkurafurða, kjöts, nýs, frosins, reykts, niðursoðins og saltaðs, fisks, nýs, frosins, niðursoðins og saltaðs, að síld meðtalinni,
   c. sölu á veiðarfærum, salti og olíu svo og á viðgerðum á skipum,
2. sölu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 62 11. júní 1938.

43. gr.

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt lögum þessum, skulu innan tveggja vikna eftir 30. júní, 30. september og 31. desember senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um viðskipti sín og sölu á undangengnu tímabili. Skulu hinir síðarnefndu ákveða gjaldið innan tveggja vikna og það síðan greiðast tollstjóranum í Reykjavík eða sýslumönnum og bæjarfógetum utan Reykjavíkur fyrsta dag næsta mánaðar. Ef skatturinn hefur eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir, ½% á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.

45. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma, eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu gjaldandans og ákveða gjaldið eftir því. Komi í ljós, að söluskatturinn hafi verið ákveðinn á röngum forsendum, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að breyta fyrri ákvörðun sinni. Telji gjaldþegn söluskatt ranglega ákveðinn, hefur hann rétt til að áfrýja þeirri ákvörðun til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

44. gr.

Skattstjóri og skattanefndir skulu hafa aðgang að gögnum innflutnings- og gjaldeyrisdeildar fjárhagsráðs, verðlagsstjóra og tollyfirvalda til notkunar við endurskoðun skattaframtala og ákvörðun skattsins.

46. gr.

Verð vöru má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans.

47. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda auk þeirra, sem áður voru nefndir, skuli undanþegnir söluskatti, ef álagning hans er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Í reglugerð skal og ákveða um meðferð kærna og kærufrest.

48. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn þessum kafla laganna fer samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 9/1935, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit o. fl.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

49. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera tillögur um árlegan vísitöluútreikning, miðaðan við magn og verðmæti útflutningsframleiðslunnar.

50. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Nd. 227. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1948.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 182.

Ed. 228. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi. Kvaddi hún til sín á fundinn forstjóra tryggingastofnunarinnar og ræddi við hann um málið. Nefndinni er ljóst, að fjöldi erinda hefur borizt Alþingi og einstökum alþingismönnum um óskir og kröfur um margvíslegar breytingar á lögunum. Er af þessu ljóst, að brýna nauðsyn ber til þess, að víðtæk endurskoðun verði látin fara fram á lögunum í heild. Þetta er hins vegar svo mikið vandaverk, að sýnt er, að þingnefnd getur ekki annað því á stuttum tíma með öðrum störfum. En þar sem óhjákvæmilegt er að fá samþykktar á þessu ári breytingar á lögunum vegna óhjákvæmilegrar frestunar á framkvæmd III. kafla laganna, um heilsugæzlu, þykir rétt, að frv. þetta nái fram að ganga, með því að breytingar þessar eru allar í rétta átt og mæta að nokkru sumum þeim kröfum, sem fram hafa komið. Hins vegar leggur nefndin áherzlu á, að heildarendurskoðun laganna verði hraðað, svo sem unnt er. Í 6. tölulið frumvarpsins er ákveðið, að iðgjöld og framlög skuli árið 1948 miðast við vísitölustig 315. Í dýrtíðarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar er hins vegar gert ráð fyrir því, að verðlagsuppbót verði eigi greidd með hærri vísitölu en 300, að undanskildum þó elli- og örorkulífeyri, sem ákveðið er að greiða skuli með vísitölu 315. En með því að þessi gjöld stofnunarinnar munu nema sem næst ⅗ af heildarútgjöldum, ætti að vera nægilegt að reikna iðgjöld og framlög með vísitölu 308. En þar sem hér er aðeins um heimild að ræða fyrir ríkisstjórnina til þess að ákveða, með hve háu vísitölustigi iðgjöld og framlög skuli innheimt á árinu, og í trausti þess, að þetta verði ekki ákveðið hærra en 310 stig hæst, vill nefndin ekki gera tillögur til breytinga á þessum tölulið, svo að frv. þurfi ekki af þeim ástæðum að endursendast neðri deild. Hún leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (BrB) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 18. des. 1947.

Páll Zóphóníasson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
	Lárus Jóhannesson.	

Ed. 229. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 2. gr.
   A. Á eftir c-lið komi tveir nýir liðir, er verða d- og e-liðir og orðist svo:
      1. Fé það, sem greitt hefur verið til sjómanna sem áhættuþóknun á árunum 1940 til 1945 að báðum meðtöldum og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af.

2. Fé það, sem lagt hefur verið í varasjóði hlutafélaga, annarra en þeirra, sem að framan getur, og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af.

B. Á eftir orðinu „samvinnufélaga“ í næstsíðustu málsgr. komi: hlutafélaga, sem njóta skattívilnana vegna framlags til varasjóðs.

2. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „árið 1945 o. s. frv.“ undir tölulið 2 og til enda töluliðarins komi: 1945, 1946 og 1947 með 400% álagi.
   b. Töluliður 4 orðist svo: Skip skal reikna á bókfærðu eignarverði án tillits til vátryggingarupphæðar, enda hafi skattanefndir viðurkennt það mat skipanna við framtal.
3. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „að hálfu“ í 2. málsl. komi: að fullu.
   b. 3. og 4. málsl. falli niður.
4. Við 12. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., er orðist svo:
   Í byrjun hvers mánaðar, eftir að verðlagsuppbót hefur verið greidd í fyrsta skipti samkv. lögum þessum, skal útgreidd verðlagsuppbót lækka um 1 stig. Vinnuveitandi greiði þó, þar til öðruvísi verður ákveðið, verðlagsítölu á laun samkvæmt fyrirmælum 1. málsgr. þessarar greinar. Mismuninum skal varið til niðurgreiðslu á neyzluvörum landsmanna fram yfir það, sem nú er greitt úr ríkissjóði.
5. Við 15. gr.
   a. Á eftir orðunum „til þess að færa niður“ í upphafi 1. málsgr. komi: útlánsvexti og.
   b. Ef sannað verður, að verk, sem unnin eru í ákvæðisvinnu, eftir að lög þessi öðlast gildi, gefa verksala hærri launatekjur en 25% yfir gildandi grunnlaunataxta, að viðbættri verðlagsvísitölu samkv. 12. gr., skulu verðlagsyfirvöldin lækka greiðsluna niður í þá upphæð.
6. Við 18. gr. Orðin „þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aurum á lbs.“ í 1. málsl. falli niður.
7. Við 22. gr. Í stað orðanna „og er ríkisstjórninni heimilt“ í 1. málsgr. komi: enda sé aðilum heimilt að selja vörur sínar sjálfir, ef þeir eiga þess kost að fá þannig hærra verð fyrir þær, og ríkisstjórninni.
8. Við 27. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, er orðist svo: Framlengingargjöld og stimpilgjöld af slíkum lánum greiði lánveitandi.
9. Við 46. gr. Greinin orðist svo:
   Söluskattinn er óheimilt að telja í kostnaðarverði vöru eða að taka á annan hátt tillit til hans við verðákvörðun. Er skatturinn frádráttarbær við ákvörðun skatta á tekjur .

Ed. 230. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 2. gr.
   a. Síðari málsl. 1. málsgr. og 2. málsgr.: „Skal sá skattur renna í framkvæmdasjóð ríkisins, sbr. lög nr. 55/1942. — Nú verður stofnaður afla- og hlutatryggingasjóður fyrir bátaútveginn með lögum og skal þá skatturinn skiptast að jöfnu milli hans og framkvæmdasjóðsins.“ — falli burt.
   b. a-liður falli burt (Eimskipafélag Íslands h/f) og breytast stafliðir samkv. því.
   c. Í stað „30%“ komi: 40%.
   d. Síðustu tvær málsgr. greinarinnar orðist svo:

Eignaraukaskattur af eignaraukningu hjá samvinnufélögum, útgerðarfélögum og einstaklingum, sem hafa sjávarútgerð að aðalatvinnu, og sem ekki stafar af eignaraukningu sjóða þeirra, er um getur í a- og b-lið þessarar gr., skal vera 5% af eignaraukningu, sem er yfir 100 þús. krónur.

2. Við 3. gr. Orðin „Ef skuldir verða þrátt fyrir þær leiðréttingar meiri en eignir, skal enga byrjunareign telja (byrjunareign = 0).“ — falli burt.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Við mat eigna í lokaeign skal meta fasteignir allar með fjórföldu verði, skip á vátryggingarverði, vörubirgðir með kostnaðarverði og aðrar eignir með söluverði ÷ 30%.

Skattstjórar og skattanefndir meta eignirnar, en skjóta má mati þeirra til yfirnefnda eftir sömu reglum og gilda um almennar skattakærur (sbr. lög um tekju- og eignarskatt).

4. Við 5., 6. og 7. gr. Greinarnar falli niður, og breytist greinatala samkv. því.
5. Við 9. gr. Á eftir orðunum „til einstakra manna“ bætist: á árinu 1947.
6. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Skattstjórar og skattanefndir skulu hver í sínu umdæmi gera upp lokaeign skattþegna, en framtalsnefnd sú, er skipuð er samkvæmt lögum nr. 67/1947, skal bera saman byrjunareign og lokaeign, endurskoða eignamat skattanefnda og reikna út eignaraukaskattinn og tilkynna hann skattainnheimtumanni og skattþola fyrir 1. júlí 1948.

Ráðherra setur með reglugerð o. s. frv.

7. Þriðji kafli byrji með nýrri grein, er orðist svo:

Á árinu 1948 er öllum bannað að hækka grunnkaup frá því, sem það var í des. 1947.

8. Við 15. gr. Í stað orðanna „10% húsaleigu í húsum“ komi: 20% húsaleigu í húsum.
9. Fyrirsögn IV. kafla verði:

Um verðuppbætur á útflutningsvörur.

10. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður verðbætir útfluttar sjávarvörur, sem aflað er á árinu 1948, eftir lögum þessum, svo að útvegsmenn geti greitt 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

11. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður verðbætir hraðfrystan fisk til hraðfrystihúsanna, seljist hann ekki á 1.35 lbs. fob. Samsvarandi verðbætur greiðist á aðrar fisktegundir, seljist þær ekki með tilsvarandi verði.

12. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Fái saltfisksútflytjendur ekki kr. 2.30 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. fl., verðbætir ríkissjóður hann allt að því verði. Á aðrar fisktegundir greiðast verðbætur, svo að þær komist í tilsvarandi verð.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem hentast þykir eftir markaðshorfum.

13. Við 27. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Meðan vörur eru verðbættar samkvæmt 18. og 19. gr., má ekki hækka o. s. frv.

14. Við VII. kafla Fyrirsögnin orðist svo:

Um álagningu gjaldeyrisskatts.

15. Við 40. gr. Greinin orðist svo:

Á árinu 1948 skal hver sá, er fær keyptan gjaldeyri hér á landi, greiða af honum 8% skatt til ríkissjóðs.

16. Við 41. gr. Greinin orðist svo:

Bankarnir skulu, um leið og þeir selja gjaldeyri, reikna út gjaldeyrisskattinn samkvæmt 40. gr. og veita honum móttöku fyrir hönd ríkissjóðs, og er þeim óheimilt að afhenda nokkurn gjaldeyri, nema gjaldeyrisskatturinn sé greiddur til þeirra.

17. Við 42. gr. Greinin orðist svo:
Tollyfirvöld skulu sannfæra sig um, að gjaldeyrisskattur sé greiddur af öllum vörum, áður en þau afgreiða þær úr tollskoðun, og reynist svo ekki vera (gjafavörur), skal áætla verð þeirra og viðtakandi greiða gjaldeyrisskattinn til tollyfirvaldanna.
18. Við 43. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisstjórnin ákveður nánar með reglugerð um innheimtu gjaldeyrisskattsins.
19. Við 44. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist eftir því.
20. Við 46. gr. Greinin orðist svo:
Verð á vöru má hækka, sem nemur hálfum gjaldeyrisskatti, en óheimilt er að hækka vöruverð frekar vegna hans.
21. Við 47. gr. Greinin falli niður og breytist greinatala í samræmi við það.
22. Á eftir VII. kafla (48. gr.) komi nýr kafli, er heiti:
VIII. kafli. Um verðuppbætur og niðurgreiðslur á vöruverði.
23. Ný grein, er verði 49. gr. (sbr. þó breyting á tölu greina), orðist svo:
Tekjum þeim, er inn koma eftir VI. og VII. kafla laga þessara, skal fyrst og fremst verja til að verðbæta útfluttar vörur samkvæmt IV. kafla laga þessara og til þess að greiða niður verð á vörum.
24. Ný grein, er verði 50. gr. (sbr. þó breyting á tölu greina), orðist svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að greiða niður verð á einstöku vörutegundum, ef henni þykir ástæða til, og verja til þess fé úr ríkissjóði.
Ríkisstjórninni er og heimilt, ef henni þykir ástæða til eða fé er ekki fyrir hendi, að verðbæta útfluttar vörur, er verðbæta skal samkv. 18., 19. og 20. gr., svo, að verð þeirra verði lægra en það er tiltekið í 18., 19. og 20. gr., en vanta skal þá hlutfallslega jafnt á verð allra varanna.
25. Ný grein, er verði 51. gr. (sbr. þó breyting á tölu greina), orðist svo:
Gjaldi því, er inn kemur eftir II. kafla laga þessara, skal varið til að efla þær lánsstofnanir, er sérstaklega er ætlað að veita ódýr lán til framleiðslunnar, og skiptast milli þeirra, eftir því er Alþingi síðar ákveður.
26. VIII. kafli verði IX. kafli.

Ed. 231. Breytingartillaga

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 13. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, er orðist svo:
Taka skal upp almennt 48 klst. vinnuviku án sérstakrar launahækkunar.

Ed. 232. Breytingartillaga

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 18. gr.
a. Í stað orðsins „ýsuflökum“ í 1. málslið komi: lönguflökum.
b. Aftan við greinina bætist: Ríkissjóður greiði ábyrgðarverðið eigi síðar en 3 mán. eftir að varan er tilbúin til útflutnings.

Ed. 233. Nefndarálit

um frv. til laga um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið á einu máli um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar, þeir BSt, GÍG, PM og ÞÞ, leggja til að frv. verði samþ., en minni hlutinn, BrB, leggur til að frv. verði fellt. Meiri hlutinn mun ekki bera fram breytingartillögur við frv. fyrir 2. umr. um málið, en mun hins vegar athuga nánar fyrir 3. umr., hvort hann telji rétt að bera fram breytingartillögur.

Alþingi, 18. des. 1947.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.

Pétur Magnússon.

Ed. 234. Nefndarálit

um frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Ég er andvígur frumvarpinu og legg til, að það verði fellt, nema deildin vilji fallast á að gera á því svo gagngerðar breytingar, að um algera stefnubreytingu sé að ræða.

Ástæðurnar fyrir því, að ég er andvígur frumvarpinu, eru þessar:

Það miðar ekki að því að lækka dýrtíðina, heldur verður það til að auka hana stórlega.

Það nær ekki þeim tilgangi að aðstoða sjávarútveginn, eins og nauðsyn ber til.

Það hefur í för með sér mikla almenna launalækkun, sem mun nema um 10% nú þegar og að öllum líkindum miklu meira, er frá líður. Um leið og launamenn eru þannig rændir þeim vinnulaunum, sem þeir hafa tryggt sér með löglegum samningum, er mjög dregið úr réttindum alþýðutrygginganna og lífeyrisgreiðslur þeirra, sem verst eru staðir í þjóðfélaginu, rýrðar verulega.

Skattaákvæði frumvarpsins eru mjög ranglát og koma að mjög litlu leyti niður á þeim, sem bezt gætu borið þau.

Launarán frumvarpsins leysir ekki vandamál dýrtíðarinnar og ekki vandkvæði sjávarútvegsins. Hér er blátt áfram verið að misnota löggjafarvaldið til þess að hjálpa atvinnurekendum til að stórlækka laun verkamanna sinna. Með frumv. þessu er því óhjákvæmilega verið að stofna til vinnuófriðar í landinu.

Ég mun því bera fram breytingartillögur til gerbreytinga á frumvarpinu. Eru þar ýmis meginmálsatriði þess frv., sem Sósialistafl. hefur lagt fram í neðri deild, um lausn dýrtíðarvandamálanna, um raunhæfar ráðstafanir til aðstoðar bátaútgerðinni og um niðurfellingu tolla á nauðsynjavörum, sem mundi lækka vísitöluna raunverulega allt niður í 300 stig. Hins vegar verði kaflinn um festingu vísitölunnar felldur niður. Auk þess mun ég bera fram tillögur í samræmi við óskir þær, sem fjárhagsnefnd hafa borizt frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem virðast sanngjarnar, og Sölumiðstöðin telur nauðsynlegt, að samþykktar verði, til þess að hægt sé að halda áfram rekstri hraðfrystihúsanna.

Alþingi, 19. des. 1947.

Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 235. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (BrB).

1. Við 18. gr.
   a. Orðin: „þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aurum á lbs.“ falli niður.
   b. Aftan við greinina komi ný mgr. svo hljóðandi:
   Þegar 3 mánuðir eru liðnir frá því, að freðfiskur, sem ríkissjóður ábyrgist útflutningsverð á, er framleiddur, skal ríkisstjórnin greiða hraðfrystihúseiganda sem svarar 85% af ábyrgðarverðinu, og eftir það greiðir ríkissjóður geymslugjald fyrir fiskinn kr. 35.00 pr. tonn á mánuði.
2. Við 19. gr. Eftir orðunum „er stafar af langri geymslu“ komi: og geymslukostnað.
3. Eftir 19. gr. komi ný grein, er verði 20. gr., svo hljóðandi (og greinatalan breytist skv. því):
   Við afskipun vara, sem ríkissjóður hefur ábyrgzt verð á, skal útflytjendum greitt fullt ábyrgðarverð.
4. Við 21. gr. (sem verður 22. gr.) Greinin orðist svo:
   Komi til þess, að ríkissjóður þurfi að greiða með útfluttum sjávarafurðum vegna ákvæða þessara laga, skal jafnframt greiða kjötframleiðendum tilsvarandi verðhækkun á útflutt kjöt, sem framleitt hefur verið verðlagsárið 31. ágúst 1947 til 1. sept. 1948. Skal við það miðað, að kjötframleiðendur fái jafnmikla hundraðstöluhækkun á erlendu verði sinnar vöru og fiskframleiðendur fá á sínar afurðir.
5. Við 22. gr. (sem verður 23. gr.).
   a. Við fyrri mgr. Í lok fyrri mgr. fyrir orðin „og er ríkisstjórninni“ og út mgr. komi: og skal ríkisstjórnin í því skyni láta þeim, sem kaupa vilja þær fiskafurðir, sem minni eftirspurn er eftir, á góðu verði, tilsvarandi hluta af þeim vörum, sem mest er sótzt eftir, án þess að verðjafnað verði milli vöruflokka.
   b. Síðari málsgr. falli niður.
6. Aftan við 24. gr. (sem verður 25. gr.) komi 5 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (26. gr.). Frá og með 1. janúar 1948 skulu vátryggingariðgjöld fiskiskipa lækka þannig, að iðgjald af nýjum bátum og skipum verði ekki hærra en 4% á ári. Sé um sérstaklega vandaða eða sterka báta og skip að ræða, skal iðgjaldið þó ekki vera hærra en 3% á ári.
   Vátryggingariðgjöld eldri báta skulu lækka í samræmi við ákvæði 1. málsgr.
   Nánari ákvæði um vátryggingariðgjöld skulu sett með reglugerð, að fengnum tillögum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.
   b. (27. gr.). Ríkisstjórnin skal endurgreiða ekki síðar en 1. jan. 1948 þær 4 krónur af verði hvers síldarmáls, sem haldið var eftir samkv. 6. gr. laga nr. 97 frá 28. des. 1946, um ríkisábyrgð vegna bútaútvegsins o. fl.
   c. (28. gr.). Allar afborganir af lánum útvegsins, sem tryggð eru með veði í bátum, skipum, fiskiðjuverum og öðrum fasteignum og falla til greiðslu á árinu 1947, skulu falla niður, og framlengist lánstíminn um eitt ár, nema breytingar séu gerðar á lánstíma samkv. 6. gr. hér að framan.
   d. (29. gr.). Ríkisstjórnin getur veitt samtökum útvegsmanna einkarétt til þess að flytja inn og annast heildsölu á veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, enda hafi allir útvegsmenn rétt til þátttöku í samtökunum með jöfnum atkvæðisrétti.
   Komi í ljós, að nauðsynlegt sé að taka leigu- eða eignarnámi veiðarfæraverksmiðjur til þess að hægt sé að tryggja útvegsmönnum veiðarfærin

með kostnaðarverði, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum samtaka útvegsmanna, að gera slíkar ráðstafanir.

Nú óska samtök útvegsmanna ekki að hagnýta sér þá heimild, sem um getur í 1. málsgr., og er ríkisstjórninni þá heimilt að taka í sínar hendur innflutning og heildverzlun með útgerðarvörur svo og að taka upp framleiðslu veiðarfæra.

Veiðarfæri og útgerðarvörur, sem ríkið flytur inn eða framleiðir, skulu seld útgerðarmönnum á kostnaðarverði.

Samvinnufélög útgerðarmanna hafa forgangsrétt til þess að annast smásölu á útgerðarvörum.

Meðan ákvæði 1.—3. mgr. þessarar gr. eru ekki framkvæmd, skal stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna hafa rétt til að tilnefna tvo trúnaðarmenn, til eins árs í senn, til þess að gæta hagsmuna útvegsmanna við verðlagningu veiðarfæra og annarra útgerðarvara.

Verðlagning veiðarfæra og annarra útgerðarvara skal miðuð við það, að þau séu seld með kostnaðarverði.

e. (30. gr.). Til þess að tryggja það, að olía sé seld útgerðinni á kostnaðarverði, og til þess að dreifingarkostnaður verði sem minnstur, skal ríkisstjórnin hafa einkaleyfi til innflutnings á hvers konar olíum og benzíni og annast heildsölu þeirra. Þar, sem félög útvegsmanna eru starfandi, skal þeim falin dreifing olíunnar til útvegsmanna á félagssvæðinu.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi fyrir olíuverzlun ríkisins eða samtök útvegsmanna hvers konar tæki til dreifingar á olíum og benzíni, sem fyrir eru í landinu, eftir því sem þörf krefur.

Í stjórn olíuverzlunarinnar skulu vera 3 menn, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna og tveir skipaðir án tilnefningar.

7. Við 26. gr. (er verður 31. gr.). Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin skal hlutast til um, að fyrir 1. jan. 1948 verði settar nýjar verðlagsreglur um alla vinnu vélsmiðja, báta- og skipasmíðastöðva og annarra, sem kunna að hafa með höndum viðgerðar- og viðhaldsstörf í þjónustu útgerðarinnar. Skulu hinar nýju reglur miðaðar við, að eigi sé leyft að leggja prósentuálagningu á þessi verk. Verðlagsreglur samkvæmt þessari grein skulu settar að fengnum tillögum samtaka útvegsmanna. Samtökum útvegsmanna skal gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa, sem hafi sama rétt og fulltrúar verðlagseftirlits ríkisins til þess að fylgjast með framkvæmd verðlagsreglnanna.

8. Við 27. gr. (sem verður 32. gr.). Greinin orðist svo:

Vextir af stofnlánum útvegsins vegna báta, skipa, fiskiðjuvera eða annarra fasteigna skulu frá og með 1. janúar 1948 eigi vera hærri en 2½% árlega. Heildarupphæð þessara lána, sem vaxtalækkunin nær til, skal til hvers aðila vera tilsvarandi því, sem veitt hafði verið úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Frá sama tíma skulu vextir af rekstrarlánum til útgerðar og hraðfrystihúsa og annarra fyrirtækja, sem starfa í beinu sambandi við útgerðina, eigi vera hærri en 2½% árlega. Óheimilt er að segja upp lánum vegna þessara vaxtalækkana.

Jafnframt skal ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess, að lán, sem ákvæði 1. málsgr. ná til, verði föst lán og lánstími 20—30 ár, miðað við ný skip og báta og nýjar verksmiðjur. Skulu lánsstofnanir skyldar að hlíta því, að lánum útgerðarinnar hjá þeim verði þannig breytt.

Um framkvæmd þessarar greinar skal nánar ákveðið í reglugerð að fengnu áliti samtaka útvegsmanna.

Ed. 236. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (BrB).

Við III. kafla:

1. Í stað 12.—16. gr. kemur ein grein, sem verður 12. gr., svo hljóðandi:
Árið 1948 skal ekki innheimta tolla af eftirtöldum vörutegundum:

Tollskrá: Flokkur:	Kafli	nr.	Vörutegund:
II	8.	33.	Rúsínur.
—	—	34.	Sveskjur.
—	9.	1.	Kaffi óbrennt.
—	—	2.	Kaffi br. eða brennt og malað.
—	—	3.	Te.
—	10.	1—7.	Korn ómalað.
—	11.	1—15.	Kornvörur til manneldis.
III	15.	3.	Hvalfeiti, hert og hert síldarlýsi.
—	15.	9—19.	Feiti og feitar olíur úr jurtaríkinu.
IV	17.	1—2.	Strásykur og höggvinn sykur.
—	21.	1.	Kaffibætir og kaffilíki alls konar.
—	23.	3—13.	Skepnufóður og úrgangsefni frá matvælaframleiðslu.
VI	28.	57—58.	Lyf.
XI	47.	13.	Vefnaður úr ull.
—	48.	5.	Tvinni.
—	—	16—18.	Ofnar vörur úr baðmull.
—	49.	6.	Tvinni.
—	—	21—30.	Ofnar vörur úr spunaefnum greinds kafla.
—	51.	7—8.	Prjónavoð, sokkar og leistar úr gervisilki og öðrum gerviþráðum.
—	51.	13—30.	Prjónavörur úr ull og öðrum dýrahárum, baðmull, hör og öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu.
—	52.	1—13.	Fatnaður og aðrar vörur úr vefnaði.
XII	54.	3—10.	Skófatnaður.

2. Fyrirsögn kaflans verði:
Um niðurfellingu tolla á ýmsum nauðsynjavörum.

Nd. 237. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild handa samgöngumálaráðherra til þess að veita sjómælingamanni Páli Ragnarssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Einnig heimilast samgöngumálaráðherra að veita vélstjóra Jóhanni Rist undanþágu frá að ganga undir vélstjórapróf, annað en rafmagnspróf við vélskólann í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 71 23. júní 1936, og láta honum í té vélstjóraskírteini, þegar hann fullnægir öðrum tilskyldum skilyrðum.
Ljúki hann rafmagnsprófi við vélskólann í Reykjavík, öðlast hann þau réttindi, sem það próf veitir.
Skal próf hans við skóla í Danmörku jafngilda íslenzku vélstjóraprófi að undanskildu rafmagnsprófi.

2. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
Frumvarp til laga um heimild handa samgöngumálaráðherra til þess að veita stýrimannsskírteini og vélstjóraskírteini.

Ed. 238. Breytingartillaga

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

Við 6. gr., 4. lið. Á eftir orðunum í 2. mgr. „Ákvæði þessi um lágmarksverð eiga ekki við, þegar opinber aðili hefur verið seljandi“ komi: eða fasteign er seld félagi, þar sem seljandi er aðaleigandi í félaginu.

Ed. 239. Frumvarp til laga

um kaup á skipi til síldarbræðslu o. fl.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Björn Kristjánsson, Guðm. Í. Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa skip og láta breyta því þannig, að hægt sé að bræða í því allt að 10000 málum síldar á sólarhring.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að láta reisa við Faxaflóa, þar sem bezt þykir henta, síldarþrær, síldarlýsisgeyma, síldarmjölsgeymslur og önnur nauðsynleg mannvirki í sambandi við síldarbræðslu í skipi því, er um ræðir í 1. málsgrein.

2. gr.

Til þeirra framkvæmda, er um ræðir í 1. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka fyrir hönd ríkissjóðs allt að 14 millj. kr. lán.

3. gr.

Nú óskar Reykjavíkurbær, eða aðrir aðilar, að gerast þátttakendur í fyrirtækinu, og er ríkisstjórninni þá heimilt að semja um slíka þátttöku, enda sé þá framlög og ábyrgðir ríkissjóðs í samræmi við hlutdeild hans í fyrirtækinu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hin mikla síldarganga hér sunnanlands hefur sem eðlilegt er vakið umræður um það, hversu betur megi en nú er kostur á hagnýta mikinn síldarafla, ef svo færi sem ástæða virðist til að vona, að slíkar veiðar endurtækju sig.

Verði framhald þessara veiða eitthvað svipað því, sem nú er, virðist auðsætt, að gera þurfi ráðstafanir til síldarvinnslu í stórum stíl hér við Faxaflóa til viðbótar því, sem nú er. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að sú viðleitni til umbóta á þessu sviði, sem átt hefur sér stað á Akranesi, í Keflavík, Njarðvíkum og á Patreksfirði, er vissulega stórt spor í rétta átt og ber vott um framsýni og dugnað þeirra manna, sem að þessum verksmiðjum standa. Fyrir þær aðgerðir er þegar miklu verðmæti bjargað fyrir þjóðarbúið. Hvalfjarðarsíldin í svo stórum stíl, sem hún hefur

reynzt, kom mjög að óvörum og ekki óeðlilegt, að tafsamt reynist með flutninga á því veiðimagni alla leið til Siglufjarðar. Af hálfu ríkisstjórnar og Síldarverksmiðja ríkisins með aðstoð L. Í. Ú. hefur svo verið unnið að því, eftir því sem aðstæður frekast hafa leyft, að koma síldinni norður til vinnslu.

Eimskipafélagið hefur og veitt þessum aðilum mjög mikils verða aðstoð.

Þrátt fyrir það þótt þannig hafi verið reynt eftir föngum að taka á móti síldinni, bíða margir tugir þúsunda mála afgreiðslu í Reykjavíkurhöfn sólarhringum saman, jafnvel þótt nokkur hinna stærri veiðiskipa hafi sjálf farið með afla sinn í stöku tilfellum.

Af því, sem nú hefur sagt verið, er auðsætt, að ekki er unnt að hagnýta nema að nokkru leyti þá aflagnægð, sem að getur borizt, á þann hátt að flytja síldina norður til vinnslu, og þarf því að gera þær ráðstafanir sem fyrst, er tryggt geta mjög aukna vinnslu á síldinni hér syðra.

Frv. hefur nú komið fram á Alþingi (Flm.: PO) um byggingu nýrrar 5000 mála verksmiðju á Akranesi til síldarbræðslu, og mundi sú verksmiðja að vísu vera til mikilla bóta, hvort sem hún væri á Akranesi eða á öðrum hentugum stað við Faxaflóa. Það mál liggur nú fyrir sjávarútvegsnefnd Nd.

Með frumvarpi því, er að framan greinir, er lagt til, að skip verði keypt og útbúið sem síldarverksmiðja. Er hér haft í huga e/s Lagarfoss, skip Eimskipafélags Íslands h/f. Skip þetta er smíðað 1904 og mun eiga að fara í stóra klössun að ári liðnu, en slík klössun mundi að líkindum ekki hafa mikinn kostnað í för með sér, ef skipinu yrði breytt. Styrkleiki skipsins hefur verið talinn mikill og stöðugleiki mjög góður.

Vélsmiðjan Héðinn h/f hefur gert uppdrátt, sem sýnir staðsetningu véla í ofannefnt skip, miðað við 10000 mála afköst á sólarhring. Fyrirkomulagið sýnir, að alls staðar reynist nægilegt rými, enda þótt aðalvél skipsins sé látin vera óhreyfð. En skipta verður um eimketil vegna mikillar gufuþarfar í verksmiðjunni.

Hugsanlegt er einnig að koma fyrir eimtúrbínu til framleiðslu á rafmagni fyrir vinnsluna.

Skip þetta er hægt að taka upp í hina nýju dráttarbraut Slippfélagsins. Varðandi flutning og staðsetningu, þá getur skipið gengið fyrir eigin vélum milli hafna án dráttarbáta. Með þessu fyrirkomulagi þyrfti að vera í landi geymsla fyrir olíu og mjöl, auk þess síldarþrær að öllu leyti.

Ef horfið yrði að því ráða að nota e/s Lagarfoss eða annað skip sem síldarverksmiðju, má nota það í beinu sambandi við starfandi síldarverksmiðjur á Norðurlandi og Austurlandi, eftir því sem þörf krefði á hverjum tíma yfir sumarið.

Framkvæmdastjórarnir Sveinn Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson hafa í bréfi, dags. 18. desember þ. á., gert frumáætlun um fyrirkomulag og kostnað við byggingu síldargeymslu, mjölgeymslu og olíugeymslu í landi, og er bréf þeirra prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Þá hefur Vélsmiðjan Héðinn h/f í bréfi, dags. 18. des. 1947, gert frumáætlun um kostnað við 10000 mála síldarverksmiðjuvélar byggðar inn í e/s Lagarfoss, og er bréf þetta prentað hér á eftir.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 18. des. 1947.

Hr. sjávarútvegsmálaráðherra Jóhann Þ. Jósefsson,
Reykjavík.

Í framhaldi af tillögum um síldarvinnsluvélar í e.s. Lagarfoss, þá höfum við nú gert eftirfarandi frumáætlun um fyrirkomulag og kostnað við síldar-, mjöl- og olíugeymslu í landi.

Þessi áætlun er gerð með tilliti til staðsetningar í Örfirisey, eins og meðfylgjandi teikning ber með sér. Áætlunin mun þó geta staðizt í aðaldráttum, þótt staðsetning sé valin annars staðar í nágrenni bæjarins, enda séu hafnarskilyrði fyrir hendi.

Við höfum gengið út frá, að verksmiðjan ynni úr 750000 málum síldar yfir vetrarvertíðina, einnig að mjöl verði 24 kg úr máli og lýsi 15 kg.

I. Löndunartæki.

Reiknað er með 4×400 mála löndunartækjum, sem afkasta ca. 25000 málum á sólarhring. Tækjunum sé komið fyrir á tveim löndunarbryggjum og flutningsbönd frá þeim upp á síldarplan.

Þar sem ganga má út frá það miklum veiðihrotum, að verksmiðjan geti ekki annað vinnslu, heldur verði að flytja töluvert magn norður, þá hafa löndunartækin verið áætluð af tvöfaldri stærð, enda sé þá hægt að landa beint í flutningaskip á stærð við e.s. Fjallfoss eða bíla.

Áætlaður kostnaður tækja og einnig færibanda að síldarplani og skipum er **kr. 1500000.**

Til samanburðar má geta þess, að ef landað yrði með bílum, eins og nú er gert, þá kostar bílaflutningurinn kr. 1.50 pr. mál, eða fyrir 750000 mál kr. 1125000.

II. Síldargeymsla.

Ekki er óhugsandi, að á n. k. hausti verði skip, sem hafa samanlagt 150 nætur, við síldveiðar hér í Faxaflóa. Sé reiknað með góðri veiði og hindrunarlausri löndun, þá má reikna með 1000 mála afköstum pr. nót á 5 daga fresti, en það gefur 30000 mál síldar á sólarhring. Má ganga út frá, að smáverksmiðjur hér við flóann geti móttekið að staðaldri ca. 7000 mál á sólarhring, en það þýðir, að 23000 mál kæmu til Reykjavíkur. Þannig yrðu 13000—15000 mál umfram hvern sólarhring. Ef verksmiðjan á að geta geymt síld úr ½ mánaðar síldarhrotu, þá þarf geymslurúmið að vera 200000 mál, og höfum við gengið út frá því, en ef veiðin héldi áfram, þá yrði að sjálfsögðu flutningur á síldinni að hefjast.

Síldargeymsluna höfum við hugsað sem steypt plan 63×160 m, samtals 10000 m² með 3 m háum veggjum og flutningsbandi að verksmiðjuskipi eftir miðju planinu. Reynslan sýnir, að sjálflosandi prær koma ekki að tilætluðum notum fyrir Faxaflóasíld vegna þess, hve illa hún rennur. Yrði því að hafa mikinn mannafla í þrónni, sem við teljum að megi spara með flötum botni og vélknúnum ýtum eða moksturstækjum.

Rannsókn á jarðvegi getur leitt í ljós, að hagkvæmara sé að hafa þróna minni að flatarmáli en dýpri.

Áætlaður kostnaður síldargeymslu af þessari gerð með nauðsynlegum útbúnaði er **kr. 2500000.**

III. Mjölgeymsla.

Ef verksmiðjuskipið afkastar að jafnaði ca. 8000 málum á sólarhring, þá yrði mjölframleiðslan 200 tonn. Þar sem við höfum gengið út frá, að verksmiðjan framleiddi 750000 mál yfir vinnslutímabilið, þá yrði það 18000 tonn af mjöli. Slíkt mjölgeymsluhús yrði mjög stórt og dýrt (2—2.5 millj. kr.), og viljum við því að svo stöddu leggja til, að nú yrði farin eftirfarandi leið:

Byggt yrði mjölmóttökuhús 750 m² að flatarmáli (stálgrindahús), aðeins til sekkjunar og kælingar á mjöli.

Úr þessu húsi skyldi síðan mjölið keyrt beint í skip, vörugeymslur við höfnina eða geymslur í nágrenni bæjarins, t. d. flugskýli á Reykjavíkurflugvelli (ca. 3000 m) eða í braggabyggingar víðs vegar.

Hentugast væri þó að keyra mjölið beint að skipshlið, en í fullri framleiðslu má ganga út frá, að afköstin samsvari lestun í dagvinnu við tvær lúgur, eftir þeim gangi sem er við útskipun hér í Reykjavík. Í því tilfelli yrði mun ódýrari meðferð mjölsins heldur en nú er almennt í síldarverksmiðjum.

Ef mjölið er hins vegar flutt í framangreindar skemmur til geymslu, þá kemur á það aukaflutningskostnaður, sem nemur pr. tonn kr. 5.50, eða samtals um kr. 100 000, ef allt mjölið er flutt á bílum til geymslustaða. Að sjálfsögðu kæmi svo eðlileg leiga eftir geymslur.

Enda þótt tillit sé tekið til þessa aukakostnaðar, þá mun hann samt sem áður verða minni heldur en rentur og eðlilegar afborganir af áðurnefndu mjölgeymsluhúsi.

Mjölmóttökuhús með flutningatækjum innanhúss áætlum við kr. 500000.00.

IV. Lýsisgeymsla.

Miðað við fyrrnefnda framleiðslu mun lýsismagnið verða um 11000 tonn yfir vinnslutímabilið.

Þar sem heppilegt mun vera að festa sem minnstar fjárupphæðir í föstum mannvirkjum að svo stöddu, þá leggjum við til eftirfarandi:

Byggður sé einn 5000 tonna lýsisgeymir með tilheyrandi olíulögnum. Geymirinn mun nægja fyrir ca. 40 daga vinnslu verksmiðjunnar. Þegar langt væri komið með að fylla hann, þá yrði að sjálfsögðu hentugast að setja lýsið beint í flutningaskip til útflutnings. Að öðrum kosti flytja úr geyminum upp í Hvalfjörð, t. d. með olíuskipinu m/s Þyrli, sem lestar 750 tonn. Í Hvalfirði eru nægilegir geymar fyrir það lýsismagn, sem umfram yrði.

Aukakostnaður, sem hlytist af flutningi upp í Hvalfjörð, áætlast pr. tonn af lýsi kr. 12.50, eða ef ca. 7000 tonn af lýsi yrði flutt, kr. 87500.00.

Minna en 5 000 tonna lýsisgeymi teljum við ekki heppilegt að byggja hér, þar sem eðlilegast verður, að afskipun til útflutnings sé beint úr honum.

Verð 5 000 tonna geymis með nauðsynlegum hitalögnum og undirstöðubyggingu áætlum við samtals kr. 500 000.00.

V. Flutningatæki.

a. Flutningaband frá síldarplani að vinnsluskipi.
b. Mjölleiðsla frá vinnsluskipi að móttökuhúsi.
c. Lýsis-, vatns- og rafmagnsleiðslur á vinnslusvæði.

Áætlað verð samtals kr. 500 000.00.

Samanlagt áætlum við því kostnað í landi við ofannefnda vinnslustöð:

I.	Löndunartæki	kr. 1 500 000.00
II.	Síldargeymsla	— 2 500 000.00
III.	Mjölmóttökuhús	— 500 000.00
IV.	Lýsisgeymsla	— 500 000.00
V.	Flutningatæki	— 500 000.00
	Samtals	kr. 5 500 000.00

Virðingarfyllst.

Sveinn Guðmundsson. Ólafur Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

VÉLSMIÐJAN HÉÐINN H/F

Reykjavík, 18. des. 1947.

Hr. sjávarútvegsmálaráðherra Jóhann Þ. Jósefsson,
Reykjavík.

Samkvæmt tilmælum yðar þá höfum vér gert eftirfarandi frumáætlun um 10000 mála síldarverksmiðjuvélar byggðar inn í e.s. Lagarfoss.

I.	Kaupverð e.s. Lagarfoss	kr. 1200000.00
II.	Breytingar á skipinu	— 750000.00
III.	Vinnslutæki, uppsett í skipið, tilbúin til starfrækslu	— 6500000.00
		Samtals kr. 8450000.00

Viljum vér skýra kostnaðarliðina á eftirfarandi hátt:

I. Kaupverð skipsins er áætlað nálægt sölumati, sem hefur verið framkvæmt fyrir nokkru í Kaupmannahöfn.

II. Breytingar, sem nauðsynlegar yrðu á skipinu, eru að nokkru fólgnar í því að rífa burt skilrúm, núverandi eimketil og ónauðsynleg tæki, en aðalkostnaðurinn yrði við smíði á þilfarshúsum, undirstöðubyggingu undir vélar svo og það, sem þyrfti að endurnýja vegna aldurs skipsins. Reikna verður með, að þessar aðgerðir yrðu það haldgóðar, að skipið þyrfti ekki til viðgerða mörg ár á eftir, miðað við þessa notkun.

III. Vinnslutæki, sem sett væru í skipið, eru í stórum dráttum eftirfarandi:

1. Inntakskassi fyrir síld frá síldarplani.
2. 2 stk. síldarsjóðarar með forsíum og hraðabreytitækjum.
3. 2 stk. síldarpressur af stafagerð, einnig með hraðabreytitækjum.
4. 2 stk. pressukökurífarar af slaghamragerð.
5. 2 stk. eimþurrkarar með nauðsynlegum búnaði og tengirörum.
6. 1 stk. rafsegull til að fyrirbyggja járn í mjöli, með segulmagnara.
7. 2 stk. mjölkvarnir af laushamragerð.
8. 1 stk. mjölflutningsblásari með inntaksútbúnaði.
9. 4 stk. hristisíur af tvöfaldri gerð.
10. 20 stk. lýsisskilvindur.
11. 6 stk. dælur fyrir pressuvökva, lýsi og vatn.
12. Geymslutankar fyrir vatn, lýsi og pressuvökva.
13. Ýmiss konar smátæki viðkomandi vinnslu.
14. Flutningstæki milli véla, svo sem lyftur og flutningsskrúfur.
15. Eimketill af vatnsröragerð fyrir allar vinnsluvélar og fyrir aðalvél skipsins. Ketillinn sé með olíukyndibúnaði.
16. Nauðsynlegir rafmótorar, raflagnir, tengipípur og annað efni.
17. Uppsetning og frágangur véla og tækja.

Samkvæmt framangreindu eru vélakerfin tvö, óháð hvort öðru, þannig að ef ein af vinnsluvélunum bilar, er hægt að halda vinnslu áfram óhindrað með hinu.

Tækin eru öll reiknuð af fullkomnustu gerð, sem þekkist, svo sem eimþurrkarar, er nú hafa hlotið góða reynslu hér, olíukynditæki fyrir eimketil og ketillinn af vatnsröragerð, eins og fyrr segir.

Ekki er reiknað með, að skipið hafi nú í byrjun eigin rafstöð nema ljósasamstæðu þá, sem nú er um borð, en auðvelt er að koma fyrir eimtúrbínu, sem framleiddi rafmagn nægilegt fyrir verksmiðjuna eða 500 kw.

Gjaldeyrisþörf, sem framangreint útheimtir, áætlast ca. 2 millj. krónur, þar með talið járn til breytinga á skipinu.

Virðingarfyllst.

Vélsmiðjan Héðinn h/f.

Sveinn Guðmundsson.

Sþ. 240. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið ásamt breytingartillögunni á þskj. 98.

Málið var sent viðskiptanefnd til umsagnar.

Nefndinni barst bréf um málið frá formanni viðskiptanefndar, en engar upplýsingar voru í því um, hvernig háttað er um gjaldeyrisyfirfærslur til námsmanna erlendis. Nefndinni hefur borizt vitneskja um það, að sumir námsmennirnir erlendis muni nú lifa við helzt til skarðan kost.

Verður að reyna að sjá svo um, að námsmennirnir fái yfirfærðan gjaldeyri til brýnustu lífsnauðsynja sinna.

Ingólfur Jónsson óskaði ekki eftir að eiga þátt í afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta námsmönnum þeim, er nú stunda eða vilja stunda nám erlendis í gagnlegum fræðum, sem ekki verða numin hérlendis, nauðsynlegan gjaldeyri í té, miðað við framfærslu- og námskostnað í hverju landi, þar sem þeir dvelja, og sé þá jafnframt tekið tillit til, hvort aðili stundar nám allt árið eða aðeins hluta af árinu.

Enn fremur telur þingið, að rétt sé að leyfa nokkru ríflegri yfirfærslu til einstakra námsmanna, ef sérstök nauðsyn er fyrir hendi.

Menntamálaráði sé falið að veita umsóknum um slík gjaldeyrisleyfi móttöku og jafnframt afla sér vitneskju um framfærslu- og námskostnað erlendis, þar sem hlutaðeigandi námsmenn dvelja, og kynna sér einnig, hvort námsmennirnir stundi námið af alúð.

Menntamálaráð sendir umsóknirnar ásamt tillögum sínum til viðskiptanefndar.

Alþingi, 18. desember 1947.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Gíslason.
Ásg. Ásgeirsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Sþ. 241. Tillaga til þingsályktunar

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 1947, enda verði það kvatt saman aftur eigi síðar en 20. janúar næstkomandi.

Ed. 242. Breytingartillaga

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 12. gr. Á eftir orðunum „lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar“ komi: svo og lífeyri starfsmanna ríkisins samkv. lögum nr. 101 30. des. 1943, lífeyri barnakennara og ekkna þeirra samkv. lögum nr. 102 30. des. 1943 og lífeyri hjúkrunarkvenna samkv. lögum nr. 103 30. des. 1943.

Ed. 243. Lög

um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 216.

Ed. 244. Lög

um breyting á lögum um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, nr. 85 frá 9. okt. 1946.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 224.

Ed. 245. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 18. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum nái kr. 1.33 hvert enskt pund fob. og samsvarandi verði á öðrum flökum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði hluta af geymslukostnaði hraðfrysts vetrarvertíðarfisks, sem fluttur er út eftir 1. ágúst.
2. Við 27. gr. Á eftir „útgerðarinnar“ komi: og fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings.
3. Við 42. gr.
   a. Á eftir „mjólkurafurða“ í tölulið 1. b. komi: garðávaxta.
   b. Töluliður 1. c. orðist þannig: sölu á veiðarfærum, hvers konar fiskumbúðum, salti, hráolíu, brennsluolíu, smurningsolíum öllum, svo og viðgerðum á skipum.

Sþ. 246. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á rafmagnsþörf austurhluta Rangárvallasýslu og Mýrdals í Vestur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Jón Gíslason, Helgi Jónasson.

Alþingi felur ríkisstjórninni:

a. að láta fram fara á árinu 1948 rannsókn á því, hvort heppilegra sé til þess að fullnægja rafmagnsþörf austurhluta Rangárvallasýslu og Mýrdals að virkja Skógaá undir Eyjafjöllum eða leiða rafmagn frá Sogsvirkjuninni, frá Hvolsvelli, austur með Eyjafjöllum og yfir Mýrdal að Vík;
b. að leggja að rannsókninni lokinni fram frumvarp um öflun raforku fyrir þessar sveitir, byggt á þeim niðurstöðum, sem af rannsókninni leiðir.

Greinargerð.

Í Eyjafjallahreppum báðum eru 97 bændabýli og í Mýrdal 70, eða alls eru í þessum 4 hreppum milli 160 og 170 býli. Allt eru þetta ágætar sveitir og vel fallnar til búskapar og ræktunar.

Svo er kauptúnið í Vík í Mýrdal. Það telur nú um 300 íbúa. Kauptúnið hefur gamla rafstöð til sinna þarfa, sem fyrir löngu er orðin langt of lítil, og hefur nú verið bætt við rafmagnið þar með olíumótor. Íbúum í Víkurkauptúni hefur farið fjölgandi nú síðustu ár, og er alveg óumflýjanlegt að bæta úr rafmagnsþörf þess sem fyrst, bæði vegna fólksfjölgunar og eins vegna þess, að þar er talsverð þörf fyrir rafmagn til vélaverkstæða og fleira.

Þá er það héraðsskólinn að Skógum. Byggingu hans er nú það langt komið, að telja má líkur til, að hann geti tekið til starfa næsta haust. En þar er engin rafvirkjun fyrir hendi og ekki heldur heitt vatn til upphitunar. Verður því rafmagnsþörf skólans talsverð, bæði til hitunar húsum og sundlaug auk annars. Virðist því vera líkur fyrir því, að heppilegt geti verið að leysa rafmagnsþörf nærliggjandi sveita og skólans í sameiningu.

Þar sem væntanlega verður lokið við að leiða rafmagn frá Soginu austur í Hvolhrepp snemma á næsta ári, er það nauðsynlegt að ákveða sem fyrst, hvort halda skal áfram með þá leiðslu eða koma upp sérstakri virkjun fyrir þessi byggðarlög.

Ed. 247. Frumvarp til laga

um dýrtíðarráðstafanir.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 226 með þessum breytingum:

27. gr. hljóðar svo:

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins, sbr. 17.—20. gr., er í gildi, má ekki hækka vexti af rekstrarlánum útgerðarinnar og fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, frá því sem nú er.

42. gr. hljóðar svo:

Söluskattur skal nema því, sem hér segir:

1. Af heildsölu og umboðssölu 2%.
2. Af smásölu 1½%,

3. Af sölu iðju- og iðnfyrirtækja, sem og allra annarra fyrirtækja, sem gjaldskyld eru samkvæmt 40. gr. 1½%.
   Eigi skal þó greiða skatt af sölu þeirri, sem hér segir:
1. a. andvirði vöru, sem seld er úr landi,
   b. andvirði mjólkur og mjólkurafurða, garðávaxta, kjöts, nýs, frosins, reykts, niðursoðins og saltaðs, fisks, nýs, frosins, niðursoðins og saltaðs, að síld meðtalinni.
   c. sölu á veiðarfærum, hvers konar fiskumbúðum, salti, hráolíu, brennsluolíu, smurningsolíum öllum, svo og viðgerðum á skipum.
2. sölu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 62 11. júní 1938.

Ed. 248. Breytingartillaga

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 14. gr. Í stað orðanna „forsjármaður heimilis“ komi: maður.

Ed. 249. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 245.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. tölul. Í stað „flökum“ í endi 1. málsl. komi: fisktegundum.

Ed. 250. Breytingartillaga

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 14. gr. Í stað orðanna „forsjármaður heimilis“ í 2. málsgr. komi: sjómaður.

Ed. 251. Breytingartillaga

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Flm.: Gísli Jónsson, Guðmundur Í. Guðmundsson, Björn Kristjánsson.

Við 27. gr. Greinin orðist svo:

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkv. 17.—20. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

Nd. 252. Frumvarp til laga

um dýrtíðarráðstafanir.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 226 með þessum breytingum:

14. gr. hljóðar svo:

Undanþága sú frá greiðslu skatta og útsvara af áhættuþóknun, er getur í lögum nr. 61/1939, er úr lögum numin.

Nú stundar sjómaður atvinnu fjarri heimili sínu, og skal þá ekki telja honum til skattskyldra tekna fæðishlunnindi, sem hann kann að hafa hjá atvinnurekanda. En verði hann hins vegar að sjá sér sjálfur fyrir fæði, skal hann eiga rétt á því, að frá tekjum hans sé dreginn hæfilegur fæðiskostnaður, áður en skattur er á þær lagður, og skulu um það sett ákvæði í reglugerð.

18. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum nái kr. 1.33 hvert enskt pund fob. og samsvarandi verði á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði hluta af geymslukostnaði hraðfrysts vetrarvertíðarfisks, sem fluttur er út eftir 1. ágúst.

27. gr. hljóðar svo:

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkv. 17.—20. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

42. gr. hljóðar svo:

Söluskattur skal nema því, sem hér segir:

1. Af heildsölu og umboðssölu 2%,
2. Af smásölu 1½%,
3. Af sölu iðju- og iðnfyrirtækja sem og allra annarra fyrirtækja, sem gjaldskyld eru samkvæmt 40. gr., 1½%.

Eigi skal þó greiða skatt af sölu þeirri, sem hér segir:

1. a. andvirði vöru, sem seld er úr landi.
   b. andvirði mjólkur og mjólkurafurða, garðávaxta, kjöts, nýs, frosins, reykts, niðursoðins og saltaðs, fisks, nýs, frosins, niðursoðins og saltaðs, að síld meðtalinni,
   c. sölu á veiðarfærum, hvers konar fiskumbúðum, salti, hráolíu, brennsluolíu, smurningsolíum öllum, svo og viðgerðum á skipum,
2. sölu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 62 11. júní 1938.

Nd. 253. Breytingartillaga

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Einari Olgeirssyni.

III. kafli, 12.—16. gr., að báðum meðtöldum, falli burt, og greina- og kaflatala breytist samkvæmt því.

Nd. 254. Breytingartillögur

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Áka Jakobssyni.

1. Við 18. gr. Aftan við greinina bætist: og vexti af 85% af ábyrgðarverðinu frá þeim tíma.
2. Við 19. gr. Á eftir orðunum „er stafar af langri geymslu“ komi: og geymslukostnað.
3. Við 27. gr. Í stað „4%“ komi: 3%.

Nd. 255. Lög

um dýrtíðarráðstafanir.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 252 (sbr. 226).

Nd. 256. Lög

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 212.

Sþ. 257. Þingsályktun

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Samhljóða þskj. 241.

Nd. 258. Frumvarp til laga

um búfjárrækt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um nautgriparækt.

1. gr.

Kjósa skal þriggja manna nautgripakynbótanefnd í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt samkv. lögum þessum og ekki er heldur starfandi nautgriparæktarfélag, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands.

Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. Í bæjum skal kynbótanefnd kosin af bæjarstjórn. Þar, sem starfandi er naut-

griparæktarfélag, sem í er meiri hluti kúaeigenda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd.

Nú setur búnaðarfélag sér nautggriparæktarsamþykkt eða stofnað er sérstakt nautggriparæktarfélag, sbr. 8. gr., eftir að kosin hefur verið nautgripakynbótanefnd, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við því tekur stjórn þess félags, er sett hafði samþykktina, eða þeir menn, sem félagið hafði kosið til þess sérstaklega.

2. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan séu til hæfilega mörg kyngóð og efnileg naut til afnota fyrir hreppsbúa. Naut þau, er kynbótanefnd velur, skal hún, eftir því sem við verður komið, velja fyrir vorhreppaskilaþing og á þeim tilkynna hreppsbúum, hver þau séu.

Heimilt er kynbótanefnd að kaupa naut eða taka á leigu eða semja um það á annan hátt, eftir því sem henni þykir bezt við eiga.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótum, t. d. með því að nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann o. fl.

Leyft getur kynbótanefnd einstökum mönnum, sem vegna aðstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin eða taka annan þátt í starfinu, að vera utan við það. Allir, sem ekki fá slíka undanþágu, eru skyldir til að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði, sem leiðir af nautahaldinu, að réttri tiltölu við tölu kúa með kálfi, sbr. 6. gr.

3. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 7 mánaða ganga laus í afréttum eða í heimahögum. Þó getur kynbótanefnd leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef öruggt þykir að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða og það er í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á, ef tjón hlýzt af, en sé um leigunaut að ræða, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

4. gr.

Öll naut, sem eru 7 mánaða eða eldri og ekki eru valin af kynbótanefnd til að vera notuð til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu yfir beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, eftir nánari fyrirmælum, sem skulu sett í reglugerð. Taka má slík naut utan heimahaga eiganda, ef þau eru ekki í öruggri vörzlu, og fara með þau sem óskilafénað og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefur auglýst, að notað skuli til undaneldis, gæzlulaust eða utan öruggrar vörzlu, og skal þá taka það í trygga geymslu og á hús og hey, ef þörf krefur.

Sá, sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún þá svo fljótt sem við verður komið taka nautið og greiða áfallinn kostnað. Hafi naut ekki verið í geymslu á ábyrgð kynbótanefndar, á nefndin rétt á endurgreiðslu frá þeim, er bar ábyrgð á geymslu þess. Hafi kynbótanefndin ekki vitjað nautsins innan hálfs mánaðar, skal sá, sem tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, sem þá selur það með mánaðar innlausnarfresti.

6. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóðri, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum o. s. frv., jafnar kynbótanefnd niður á allar kýr, sem haldið er undir naut í hreppnum á því ári, að undanskildum kúm þeirra manna, sem hafa fengið undanþágu frá að taka

þátt í sameiginlegum kostnaði við nautahaldið, sbr. 2. gr. Hið niðurjafnaða gjald má taka lögtaki. Heimilt er nautgriparæktarfélagi að taka hærri nautstoll af utanfélagsmönnum.

Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um er að ræða, og telst hún með öðrum árlegum kostnaði.

Sameinuðu þjóðirnar skulu innan meðlimsríkjanna eigi njóta verri kjara en fulltrúar erlendra ríkja að því er snertir forgangsleyfi og gjöld fyrir póstsendingar, símskeyti og önnur fjarskipti; þá skulu þær og í sambandi við fréttaflutning og upplýsingar til blaða og útvarps eiga rétt á sama gjaldtaxta og notaður er við fréttasendingar blaða. Ritskoðun skal eigi beita að því er snertir opinber bréfaviðskipti Sameinuðu þjóðanna.

ARTICLE III
Facilities in Respect of Communications.

Section 9.

The United Nations shall enjoy in the territory of each Member for its official communications treatment not less favourable than that accorded by the Government of that Member to any other Government including its diplomatic mission in the matter of priorities, rates and taxes on mails, cables, telegrams, radiograms, telephotos, telephone and other communications; and press rates for information to the press and radio. No censorship shall be applied to the official correspondence and other official communications of the United Nations.

10. gr.

Sameinuðu þjóðunum skal heimilt að nota dulmál og senda og taka á móti pósti með sérstökum sendiboðum eða í póstpokum, sem háðir séu sömu reglum og gilda um slíkar sendingar fulltrúa erlendra ríkja.

Section 10.

The United Nations shall have the right to use codes and to despatch and receive its correspondence by courier or in bags, which shall have the same immunities and privileges as diplomatic couriers and bags.

IV. KAFLI
Fulltrúar meðlimsríkja.

11. gr.

Fulltrúar aðila hjá aðal- og aukastofnunum Sameinuðu þjóðanna svo og á alþjóðafundum, sem kvaddir eru saman á vegum Sameinuðu þjóðanna, skulu njóta eftirtalinna sérréttinda, meðan þeir rækja skyldustörf sín eða eru á ferðalagi til fundar eða frá:

(a) undanþágu frá handtökum og gæzluvarðhaldi, löghaldi á farangri, svo og frá lögsókn vegna ummæla í ræðu eða riti, meðan þeir gæta starfa sinna;

(b) friðhelgi varðandi skjöl öll og plögg;

(c) réttar til að nota dulmál og taka á móti póstsendingum með sendiboðum eða í innsigluðum póstpokum;

(d) undanþágu fyrir sjálfa sig og maka

ARTICLE IV
The Representatives of Members.

Section 11.

Representatives of Members to the principal and subsidiary organs of the United Nations and to conferences convened by the United Nations, shall, while exercising their functions and during their journey to and from the place of meeting, enjoy the following privileges and immunities:

(a) immunity from personal arrest or detention and from seizure of their personal baggage, and, in respect of words spoken or written and all acts done by them in their capacity as representatives, immunity from legal process of every kind;

(b) inviolability for all papers and documents;

sína frá innflytjendahömlum, skráningu útlendinga eða þegnskyldu í því ríki, sem þau dvelja í eða ferðast gegnum við skyldustörf sín;

(e) sömu réttinda og fulltrúar erlendra ríkja, sem í landinu dvelja um stundarsakir, að því er snertir gjaldeyris- eða yfirfærsluhömlur;

(f) sömu sérréttinda varðandi farangur og fulltrúar erlendra ríkja njóta;

(g) annarra þeirra sérréttinda, sem ekki eru ósamrýmanleg því, er að ofan segir og fulltrúar erlendra ríkja njóta, þó þannig, að embættismenn þessir skulu ekki eiga rétt á undanþágu frá tollgreiðslum á innfluttum vörum (öðrum en persónulegum farangri) eða frá leyfisgjöldum og söluskatti.

(c) the right to use codes and to receive papers or correspondence by courier or in sealed bags;

(d) exemption in respect of themselves and their spouses from immigration restrictions, aliens registration or national service obligations in the state they are visiting or through which they are passing in the exercise of their functions;

(e) the same facilities in respect of currency or exchange restrictions as are accorded to representatives of foreign governments on temporary official missions;

(f) the same immunities and facilities in respect of their personal baggage as are accorded to diplomatic envoys, and also

(g) such other privileges, immunities and facilities not inconsistent with the foregoing as diplomatic envoys enjoy, except that they shall have no right to claim exemption from customs duties on goods imported (otherwise than as part of their personal baggage) or from excise duties or sales taxes.

12. gr.

Til þess að tryggja fulltrúum meðlimsríkja hjá aðal- eða aukastofnunum Sameinuðu þjóðanna og á alþjóðafundum, sem kvaddir eru saman á vegum Sameinuðu þjóðanna, fullkomið málfrelsi og óháða framkvæmd skyldustarfa, skal undanþága þeirra frá lögsókn vegna ummæla þeirra í ræðu eða riti og hvers konar verknaðar við framkvæmd skyldustarfa haldast óbreytt, enda þótt aðilar þessir séu eigi lengur fulltrúar meðlimsríkja.

Section 12.

In order to secure, for the representatives of Members to the principal and subsidiary organs of the United Nations and to conferences convened by the United Nations, complete freedom of speech and independence in the discharge of their duties, the immunity from legal process in respect of words spoken or written and all acts done by them in discharging their duties shall continue to be accorded, notwithstanding that the persons concerned are no longer the representatives of Members.

13. gr.

Þar sem skattgreiðsla er bundin lögheimili, skal dvöl fulltrúa aðila hjá aðal- eða aukastofnunum Sameinuðu þjóðanna og á alþjóðafundum, sem kvaddir eru saman á þeirra vegum, eigi talin til lögheimilis.

Section 13.

Where the incidence of any form of taxation depends upon residence, periods during which the representatives of Members to the principal and subsidiary organs of the United Nations and to conferences convened by the United Nations are present in a state for the discharge of their duties shall not be considered as periods of residence.

14. gr.

Eigi eru sérréttindi veitt fulltrúum aðila þeirra sjálfra vegna, heldur til þess að tryggja óháða framkvæmd skyldustarfa þeirra í þágu Sameinuðu þjóðanna. Meðlimsríki er því eigi einungis heimilt, heldur ber því skylda til að falla frá undanþágu fulltrúa síns, hvenær sem það ríki telur, að undanþága mundi hefta réttan gang máls og brottfall hennar sé samrýmanlegt því sjónarmiði, sem til grundvallar undanþágunni liggur.

15. gr.

Ákvæði 11., 12. og 13. gr. eiga ekki við, þegar um er að ræða samband fulltrúa við yfirvöld ríkis þess, sem hann er ríkisborgari í eða er eða hefur verið fulltrúi fyrir.

16. gr.

Í kafla þessum skal hugtakið „fulltrúi" talið ná yfir alla aðalfulltrúa, varafulltrúa, ráðunauta, sérfræðinga og ritara sendinefnda.

V. KAFLI
Embættismenn.

17. gr.

Aðalritari mun ákveða flokka þeirra embættismanna, sem fyrirmæli þessa kafla og VII. kafla skuli ná til. Skal hann leggja flokkun þessa fyrir allsherjarþingið. Síðan skal flokkunin tilkynnt ríkisstjórnum allra meðlimsríkja Sameinuðu þjóðanna. Nöfn embættismanna þeirra, sem til hinna ýmsu flokka teljast, skal jafnan tilkynna ríkisstjórnum meðlimsríkja.

18. gr.

Embættismenn Sameinuðu þjóðanna skulu:

(a) undanþegnir lögsókn vegna ummæla sinna í ræðu eða riti svo og vegna allra embættisverka sinna;

(b) undanþegnir sköttum af launum sínum og tekjum frá Sameinuðu þjóðunum;

Section 14.

Privileges and immunities are accorded to the representatives of Members not for the personal benefit of the individuals themselves, but in order to safeguard the independent exercise of their functions in connection with the United Nations. Consequently a Member not only has the right but is under a duty to waive the immunity of its representative in any case where in the opinion of the Member the immunity would impede the course of justice, and it can be waived without prejudice to the purpose for which the immunity is accorded.

Section 15.

The provisions of Sections 11, 12 and 13 are not applicable as between a representative and the authorities of the state of which he is a national or of which he is or has been the representative.

Section 16.

In this article the expression "representatives" shall be deemed to include all delegates, deputy delegates, advisers, technical experts and secretaries of delegations.

ARTICLE V
Officials.

Section 17.

The Secretary-General will specify the categories of officials to which the provisions of this Article and Article VII shall apply. He shall submit these categories to the General Assembly. Thereafter these categories shall be communicated to the Governments of all Members. The names of the officials included in these categories shall from time to time be made known to the Governments of Members.

Section 18.

Officials of the United Nations shall:

(a) be immune from legal process in respect of words spoken or written and all acts performed by them in their official capacity;

(b) be exempt from taxation on the salaries and emoluments paid to them by the United Nations;

(c) undanþegnir þegnskyldu;
(d) undanþegnir ásamt mökum sínum og skyldmennum á framfæri þeirra innflytjendahömlum og skráningu útlendinga;
(e) njóta sömu sérréttinda varðandi gjaldeyrisyfirfærslu og veitt eru hliðstæðum embættismönnum, sem eru fulltrúar erlendra ríkja í hlutaðeigandi landi;
(f) eiga, þegar ófriður vofir yfir, kost á fyrir sjálfa sig, maka og skyldmenni á þeirra framfæri sömu hlunnindum varðandi heimflutning og fulltrúar erlendra ríkja njóta;
(g) eiga rétt á að flytja inn án tollgreiðslu húsgögn sín og búsmuni, þegar þeir í fyrsta sinn flytjast til embættisstarfa í hlutaðeigandi landi.

(c) be immune from national service obligations;
(d) be immune, together with their spouses and relatives dependent on them, from immigration restrictions and alien registration;
(e) be accorded the same privileges in respect of exchange facilities as are accorded to the officials of comparable ranks forming part of diplomatic missions to the Government concerned;
(f) be given, together with their spouses and relatives dependent on them, the same repatriation facilities in time of international crisis as diplomatic envoys;
(g) have the right to import free of duty their furniture and effects at the time of first taking up their post in the country in question.

19. gr.

Auk þeirra sérréttinda, sem til eru tekin í 18. gr., skulu aðalritari og allir aðstoðaraðalritarar njóta, að því er sjálfa þá varðar, maka þeirra og ófjárráða börn þeirra, sömu sérréttinda, sem veitt eru fulltrúum erlendra ríkja samkvæmt þjóðarétti.

Section 19.

In addition to the immunities and privileges specified in Section 18, the Secretary-General and all Assistant Secretaries-General shall be accorded in respect of themselves, their spouses and minor children, the privileges and immunities, exemptions and facilities accorded to diplomatic envoys, in accordance with international law.

20. gr.

Sérréttindi eru veitt embættismönnum vegna hagsmuna Sameinuðu þjóðanna, en eigi sjálfra þeirra vegna. Aðalritara skal heimilt og skylt að falla frá sérréttindum embættismanna, þegar þau að hans áliti mundu hefta réttan gang máls og brottfall undanþágunnar er samrýmanlegt sjónarmiðum þeim, sem til grundvallar undanþágunni liggja. Öryggisráði skal heimilt að falla frá sérréttindum aðalritara.

Section 20.

Privileges and immunities are granted to officials in the interests of the United Nations and not for the personal benefit of the individuals themselves. The Secretary-General shall have the right and the duty to waive the immunity of any official in any case where, in his opinion, the immunity would impede the course of justice and can be waived without prejudice to the interests of the United Nations. In the case of the Secretary-General, the Security Council shall have the right to waive immunity.

21. gr.

Sameinuðu þjóðirnar skulu hafa samvinnu við hlutaðeigandi yfirvöld meðlimsríkjanna til þess að auðvelda réttan gang mála, tryggja framkvæmd lögreglusamþykkta og koma í veg fyrir sérhverja

Section 21.

The United Nations shall co-operate at all times with the appropriate authorities of Members to facilitate the proper administration of justice, secure the observance of police regulations and prevent the

misnotkun í sambandi við sérréttindi þau, er um ræðir í þessum kafla.

VI. KAFLI

Sérfræðingar á vegum Sameinuðu þjóðanna.

22. gr.

Sérfræðingar (aðrir en embættismenn, sbr. V. kafla), sem í sendiförum eru fyrir Sameinuðu þjóðirnar, skulu, meðan á slíku ferðalagi stendur eða í sambandi við það, njóta þeirra sérréttinda, sem nauðsynleg eru til þess að þeir fái óháðir rækt skyldustörf sín.

Sérstaklega skal þeim veitt:

(a) undanþága frá handtöku, gæzluvarðhaldi og löghaldi á farangri;

(b) undanþága frá lögsókn varðandi ummæli sín í ræðu eða riti svo og hvers konar verk, sem unnin eru í sambandi við sendiförina.

Undanþága þessi skal haldast einnig eftir að sendiförinni er lokið;

(c) friðhelgi fyrir hvers konar skjöl og plögg;

(d) réttindi til að nota dulmál gagnvart Sameinuðu þjóðunum og taka á móti pósti og skjölum frá sérstökum sendiboðum eða í innsigluðum póstpokum;

(e) sömu hlunnindi og fulltrúar erlendra ríkja í sérstökum sendiförum njóta, að því er snertir gjaldeyrisyfirfærslu og gjaldeyrishömlur;

(f) sömu réttindi og fulltrúum erlendra ríkja eru veitt varðandi persónulegan farangur.

23. gr.

Sérréttindi eru veitt sérfræðingum vegna hagsmuna Sameinuðu þjóðanna, en ekki vegna persónulegra hagsmuna sérfræðinganna. Aðalritara skal heimilt og ber skylda til að falla frá undanþáguheimild sérfræðings, ef slík undanþága mundi að hans áliti hefta réttan gang máls

occurrence of any abuse in connection with the privileges, immunities and facilities mentioned in this Article.

ARTICLE VI

Experts on Mission for the United Nations.

Section 22.

Experts (other than officials coming within the scope of Article V) performing missions for the United Nations shall be accorded such privileges and immunities as are necessary for the independent exercise of their functions during the period of their missions, including the time spent on journeys in connection with their missions. In particular they shall be accorded:

(a) immunity from personal arrest or detention and from seizure of their personal baggage;

(b) in respect of words spoken or written and acts done by them in the course of the performance of their mission, immunity from legal process of every kind. This immunity from legal process shall continue to be accorded notwithstanding that the persons concerned are no longer employed on missions for the United Nations;

(c) inviolability for all papers and documents;

(d) for the purpose of their communications with the United Nations, the right to use codes and to receive papers or correspondence by courier or in sealed bags;

(e) the same facilities in respect of currency or exchange restrictions as are accorded to representatives of foreign governments on temporary official missions;

(f) the same immunities and facilities in respect of their personal baggage as are accorded to diplomatic envoys.

Section 23.

Privileges and immunities are granted to experts in the interests of the United Nations and not for the personal benefit of the individuals themselves. The Secretary-General shall have the right and the duty to waive the immunity of any expert in any case where, in his opinion,

og brottfall hennar er samrýmanlegt hagsmunum Sameinuðu þjóðanna.

VII. KAFLI
Ferðabréf Sameinuðu þjóðanna (laissez-passer).

24. gr.

Sameinuðu þjóðunum skal heimilt að gefa út ferðabréf (laissez-passer) fyrir embættismenn sína. Ferðabréf þessi skulu viðurkennd og virt sem löggild ferðaskírteini af yfirvöldum meðlimsríkja, sbr. 25. gr.

25. gr.

Umsóknir um áritanir á ferðabréf Sameinuðu þjóðanna (þar sem þeirra er krafizt), skulu afgreiddar svo fljótt sem auðið er, enda fylgi þeim yfirlýsing um, að handhafar þeirra séu á ferðalagi á vegum Sameinuðu þjóðanna. Auk þess skal greitt fyrir tafarlausu ferðalagi handhafa ferðabréfa þessara.

26. gr.

Sams konar hlunnindi og veitt eru skv. 25. gr. skulu einnig veitt sérfræðingum og öðrum aðilum, sem í stað ofangreindra ferðabréfa sýna skírteini um það, að þeir ferðist á vegum Sameinuðu þjóðanna.

27. gr.

Aðalritari, aðstoðar-aðalritarar og forstjórar, sem ferðast með ferðabréf Sameinuðu þjóðanna og á vegum þeirra, skulu njóta sömu hlunninda og fulltrúar erlendra ríkja njóta.

28. gr.

Ákvæðum þessa kafla má einnig fylgja að því er snertir hliðstæða embættismenn sérstofnana Sameinuðu þjóðanna, enda séu ákvæði þessa efnis í samningum við þær stofnanir, sbr. 63. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

the immunity would impede the course of justice and it can be waived without prejudice to the interests of the United Nations.

ARTICLE VII
United Nations Laissez-Passer.

Section 24.

The United Nations may issue United Nations laissez-passer to its officials. These laissez-passer shall be recognized and accepted as valid travel documents by the authorities of Members, taking into account the provisions of Section 25.

Section 25.

Applications for visas (where required) from the holders of United Nations laissez-passer, when accompanied by a certificate that they are travelling on the business of the United Nations, shall be dealt with as speedily as possible. In addition, such persons shall be granted facilities for speedy travel.

Section 26.

Similar facilities to those specified in section 25 shall be accorded to experts and other persons who, though not the holders of United Nations laissez-passer, have a certificate that they are travelling on the business of the United Nations.

Section 27.

The Secretary-General, Assistant Secretaries-General and Directors travelling on United Nations laissez-passer on the business of the United Nations shall be granted the same facilities as are accorded to diplomatic envoys.

Section 28.

The provisions of this article may be applied to the comparable officials of specialized agencies if the agreements for relationship made under Article 63 of the Charter so provide.

VIII. KAFLI

Lausn deilumála.

29. gr.

Sameinuðu þjóðirnar skulu kveða á um viðeigandi lausn

(a) ágreiningsatriða, sem rísa kunna í sambandi við samninga, eða annarra deilumála á einkamálaréttarsviðinu, sem Sameinuðu þjóðirnar eru aðilar að;

(b) deilumála, sem snerta embættismann Sameinuðu þjóðanna, sem vegna embættis síns nýtur sérréttinda, enda hafi aðalritari eigi fallið frá þeim sérréttindum.

30. gr.

Hvers konar ágreiningi um skýringu eða framkvæmd samnings þessa skal skotið til milliríkjadómsins, nema því aðeins, að samkomulag verði með aðilum um að notfæra aðra leið til úrskurðar. Ef ágreiningur rís milli Sameinuðu þjóðanna annars vegar og meðlimsríkis hins vegar, skal óskað álitsgerðar um lögfræðileg atriði, sem um er deilt í samræmi við 96. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og 65. gr. samþykktar milliríkjadómsins. Álitsgerð dómsins skal talin bindandi fyrir aðila.

LOKAKAFLI

31. gr.

Samningur þessi skal lagður fyrir öll meðlimsríki Sameinuðu þjóðanna til staðfestingar.

32. gr.

Staðfesting fer fram með afhendingu staðfestingarskjals til aðalritara Sameinuðu þjóðanna. Samningurinn gengur í gildi fyrir hvern aðila þann dag, sem staðfestingarskjal þess aðila er afhent.

33. gr.

Aðalritari skal tilkynna öllum meðlimsríkjum Sameinuðu þjóðanna afhendingu hinna ýmsu staðfestingarskjala.

ARTICLE VIII

Settlement of Disputes.

Section 29.

The United Nations shall make provisions for appropriate modes of settlement of:

(a) disputes arising out of contracts or other disputes of a private law character to which the United Nations is a party;

(b) disputes involving any official of the United Nations who by reason of his official position enjoys immunity, if immunity has not been waived by the Secretary-General.

Section 30.

All differences arising out of the interpretation of application of the present convention shall be referred to the International Court of Justice, unless in any case it is agreed by the parties to have recourse to another mode of settlement. If a difference arises between the United Nations on the one hand and a Member on the other hand, a request shall be made for an advisory opinion on any legal question involved in accordance with Article 96 of the Charter and Article 65 of the Statute of the Court. The opinion given by the Court shall be accepted as decisive by the parties.

FINAL ARTICLE

Section 31.

This convention is submitted to every Member of the United Nations for accession.

Section 32.

Accession shall be affected by deposit of an instrument with the Secretary-General of the United Nations and the convention shall come into force as regards each Member on the date of deposit of each instrument of accession.

Section 33.

The Secretary-General shall inform all Members of the United Nations of the deposit of each accession.

34. gr.

Afhending staðfestingarskjals skal skilin svo, að hlutaðeigandi ríki hafi samrýmt löggjöf sína ákvæðum samnings þessa.

Section 34.

It is understood that, when an instrument of accession is deposited on behalf of any Member, the Member will be in a position under its own law to give effect to the terms of this convention.

35. gr.

Samningur þessi skal halda gildi sínu milli Sameinuðu þjóðanna og hvers þess ríkis, sem afhent hefur staðfestingarskjal sitt, meðan það ríki er meðlimur hinna Sameinuðu þjóða, eða þangað til allsherjarþingið hefur fallizt á endurskoðun samnings þessa og það ríki hefur gerzt aðili að hinum endurskoðaða samningi.

Section 35.

This convention shall continue in force as between the United Nations and every Member which has deposited an instrument of accession for so long as that Member remains a Member of the United Nations, or until a revised general convention has been approved by the General Assembly and that Member has become a party to this revised convention.

36. gr.

Aðalritara skal heimilt að gera viðbótarsamninga við meðlimsríki um breytingar á samningi þessum að því er snertir það ríki. Slíkir viðbótarsamningar skulu háðir samþykki allsherjarþingsins.

Section 36.

The Secretary-General may conclude with any Member or Members supplementary agreements adjusting the provisions of this convention so far as that Member or those Members are concerned. These supplementary agreements shall in each case be subject to the approval of the General Assembly.

Nd. 260. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Kauplagsnefnd skal nú þegar reikna út nýja húsaleiguvísitölu, er gildi frá 1. janúar til 31. marz 1948, þar sem lögð er til grundvallar hin almenna vísitala 300.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér eftirfarandi:

Hinn 19. des. s. l. reiknaði Kauplagsnefnd út húsaleiguvísitölu samkvæmt 6. gr. laga nr. 39/1943, og lagði þá til grundvallar hina almennu vísi-

tölu eins og hún var 1. des. 1947. Nú er svo mælt í 12. gr. laga nr. 128/1947, að hvarvetna, þar sem fjárhæð starfslauna og annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvísitölu, megi ekki, meðan þau lög eru í gildi, miða við verðlagsuppbót hærri en 300, og í 15. gr. sömu laga er m. a. svo ákveðið, að gerðar skuli ráðstafanir til að færa niður verð á hvers konar vörum, verðmæti og þjónustu til samræmingar við niðurfærslu vísitölunnar, enda er þar sérstök áherzla lögð á það, að þeir kostnaðarliðir, sem stafa af vinnulaunum lækki a. m. k. í fullu hlutfalli við niðurfærslu vísitölunnar. Þegar þessi ákvæði voru samin og sett, var til þess ætlazt, að húsaleiguvísitalan yrði frá 1. janúar 1948 reiknuð út á grundvelli almennrar vísitölu 300. Samkvæmt þessu kveðst forsætisráðherra hafa með bréfi, dags. 30. des. s. l., falið Kauplagsnefnd að reikna út nýja húsaleiguvísitölu, þar sem hin almenna vísitala 300 væri lögð til grundvallar, en Kauplagsnefnd hafi í bréfi sama dag neitað að verða við þessum fyrirmælum og vefengt heimild til þeirra. Til þess að girða fyrir þá töf, sem þessi neitun Kauplagsnefndar gæti valdið á framkvæmd laga nr. 128/1947, þykir brýna nauðsyn til bera að setja henni í lagaformi þau fyrirmæli, er hún fái ekki vefengt.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Kauplagsnefnd skal nú þegar reikna út nýja húsaleiguvísitölu, er gildi frá 1. janúar til 31. marz 1948, þar sem lögð er til grundvallar hin almenna vísitala 300.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1947.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 261. Frumvarp til laga

um nýtízku ullarverksmiðju ríkisins í Hafnarfirði.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin lætur byggja nýtízku ullarverksmiðju í Hafnarfirði, sem unnið geti úr 350—400 smálestum af þveginni ull á ári.

2. gr.

Ullarverksmiðja ríkisins skal rekin sem sjálfseignarstofnun.

3. gr.

Stjórn ullarverksmiðju ríkisins skipa 5 menn, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn, og tilnefnir landbúnaðarráðherra einn þeirra sem formann stjórnarinnar.

Kosnir skulu með sama hætti 5 varamenn í stjórnina til jafn langs tíma. Eigi skal þó kveðja varamann til starfa, nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá.

Stjórnin hefur heimili og varnarþing í Hafnarfirði eða Reykjavík.

Landbúnaðarráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda.

Til að skuldbinda ullarverksmiðju ríkisins þarf undirskrift þriggja stjórnar meðlima.

Stjórn ullarverksmiðjunnar ræður í samráði við landbúnaðarráðherra framkvæmdastjóra, er annast daglegar framkvæmdir fyrir stjórnina.

Stjórn verksmiðjunnar annast sölu á framleiðsluvörum verksmiðjunnar í samráði við landbúnaðarráðherra.

Stjórn verksmiðjunnar ákveður með erindisbréfi starfssvið framkvæmdastjóra og laun hans.

4. gr.

Endurskoðendur fyrir ullarverksmiðju ríkisins séu þrír, kosnir á fundi í sameinuðu Alþingi til eins árs í senn.

5. gr.

Ullarverksmiðja ríkisins kaupir ull fyrir verð, sem landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

6. gr.

Reikningsár ullarverksmiðjunnar skal vera almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir starfsárið eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum fyrir 30. apríl ár hvert. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ríkisstjórninni afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum ullarverksmiðjunnar, undirritað af stjórn hennar og áritað af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur verksmiðjunnar á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

7. gr.

Ullarverksmiðjan skal greiða ½% af brúttóandvirði seldrar framleiðsluvöru ár hvert til bæjarsjóðs, þar sem hún er starfrækt. Þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í bæjarfélaginu það ár.

Ullarverksmiðjan greiðir ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

8. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur nánari ákvæði um rekstur og tilhögun ullarverksmiðjunnar í sérstakri reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmda samkvæmt lögum þessum, allt að 5—6 milljónum króna.

Greinargerð.

Láta mun nærri, að ullarframleiðslan í landinu sé nú um 800—1000 tonn af vorull á ári, en getur þó aukizt að allmiklum mun, ef haustull væri tekin með. Sem stendur munu þær ullarverksmiðjur, sem nú eru til í landinu, vinna úr ca. 300 tonnum af ull. Þar af mun Gefjun á Akureyri ein vinna um helming, eða úr 150 tonnum. Nú mun það í ráði, eða hefur að minnsta kosti komið til orða, að ullarverksmiðjan Gefjun yrði stækkuð til muna, þannig að hún ynni úr helming

núverandi ullarframleiðslu, eða ca. 400—450 tonnum á ári, en þótt þessi áætlun yrði framkvæmd, og það vonandi fyrr en seinna, fullnægir það hvergi nærri ullarframleiðslunni.

Er það sannast frá að segja ömurlegt tímanna tákn, að á sama tíma sem miklar birgðir liggja í landinu af lítt seljanlegri ull skuli landsmenn vera í svo miklum vandræðum með fatnað, að skammta verði, og það í þrengra lagi, þessa vöru til einstaklinga.

Svo og er það hörmulegt, hversu skortur á unninni ull (bandi og lopa) háir heimilisiðnaði, en eins og nú er, virðist óþrjótandi markaður fyrir þá vöru. Sé gert ráð fyrir, að ullarverksmiðjan Gefjun vinni úr ullinni frá Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi og þótt tvær litlar ullarverksmiðjur séu nú á Suðurlandi, er augljóst, að brýn þörf er á nýrri, stórri ullarverksmiðju hér sunnanlands, sem unnið geti úr ull Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðungs.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að slík verksmiðja verði reist á hagkvæmum stað.

Er það skoðun mín, að eðlilegast og hagkvæmast sé, að ríkið reisi og reki þessa verksmiðju.

Ég hef beðið hr. Þorvald Árnason, ullarmatsformann og yfirullarmatsmann Suðurlandsumdæmis um álit hans á byggingu nýrrar ullarverksmiðju, og fer hér á eftir álitsgerð hans, en hann er elzti og fyrsti sérfræðingur okkar Íslendinga á þessu sviði.

Fylgiskjal I.

Hafnarfirði, 15. des. 1947.

Herra alþingismaður.

Um leið og ég sendi yður hér með bráðabirgða rekstrar- og kostnaðaráætlun fyrir væntanlega ullarverksmiðju, sem þér báðuð mig um, vil ég óska yður til hamingju með þetta mál og vona, að yður takist að vinna að framgangi þess.

Í meir en 20 ár hef ég barizt fyrir þessu máli. Það getur vel verið, að ég sé ekki mikill bardagamaður, og kannske mér hafi fundizt þetta mál svo augljóst, að ekki ætti að þurfa til orustu að koma því til framgangs, en hingað til hef ég ávallt mætt meira skilningsleysi heldur en skilningi, svo hið fyrrnefnda hefur ávallt borið hærra hlut.

Það er svo sem ekki í fyrsta skipti núna, sem ég sendi frá mér tillögur og áætlanir, þó að málið sé ekki lengra á veg komið.

Árið 1925, skömmu eftir að ég kom heim frá Englandi að námi loknu, þá fullur af áhuga og starfslöngun, samdi ég ýtarlega áætlun fyrir þáverandi ríkisstjórn, og vitna ég til hennar nú.

Ég endaði hana með orðunum: „Þeim heiður sem heiður ber," en það passaði nú ekki alveg í kramið. Sjálfstæðisflokkurinn sat þá að völdum, og samdi ég tillögurnar fyrir tilmæli Magnúsar heitins Guðmundssonar, þáverandi atvinnumálaráðherra, sem bar málið fram á Alþingi, en auðvitað mátti Sjálfstæðisflokkurinn ekki hafa heiður af slíku nytjamáli, því að sjálfsagt var að gera það pólitískt, og stjórnarandstaðan, sem þá var aðallega Framsóknarflokkurinn, drap það með köldu blóði, og mátti segja, að þar hjó sá, sem hlífa skyldi.

Og viti menn, ég var stimplaður sem rammur íhaldsmaður, óalandi og óferjandi, af einum aðalforustumanni Framsóknarflokksins, hr. Jónasi Jónssyni, sem þá stóð á tindi sinnar frægðar.

Árið áður hafði ég skrifað mjög athyglisverða grein, sem ég sendi heim frá Englandi, og ælaðist til, að birtist bæði í Tímanum og Verði, svo að sem flestir landsmenn, einkum bændur, ættu kost á að lesa hana. Blaðið Vörður varð viðbragðsfljótara, og þá gat Tíminn auðvitað ekki verið þekktur fyrir að birta hana!

Að vísu langaði Tímann í greinina, því að Tryggvi heitinn Þórhallsson fór þess á leit, að ég bara breytti orðalaginu, svo væri allt í lagi, en ég hefði nú ekki geð í mér til slíkra skrípaláta, og varð því ekkert úr því.

Leið svo langur tími.

Næst samdi ég tillögur fyrir nýbyggingarráð um áramótin 1945—1946, og fóru þær, eftir því sem ég veit bezt til Sambands íslenzkra samvinnufélaga, að minnsta kosta til umsagnar, svo að segja má, að þær hafi, að einhverju leyti verið samdar fyrir Framsóknarflokkinn, þó að árangur sé ekki enn þá kominn í ljós. Og nú hef ég samið þær eftir beiðni yðar, og verð svo sennilega stimplaður kommúnisti í nánustu framtíð: Það væri nú í sjálfu sér meinlaust, ef það mætti verða málinu til framdráttar, því að það er aðalatriðið.

Árið 1924 lagði ég til, að heimaþvottur ullarinnar yrði afnuminn. Fengnar yrðu fullkomnar ullarþvottavélar, því að með því eina móti væri hægt að framkvæma gæðamat og koma samræmi á í mati og verkun ullarinnar. En það var nú ekki alveg við það komandi. — Einn af forustumönnum bænda taldi það alveg útilokað, að bændur mættu missa þá vinnu og það fé, sem slík breyting hefði í för með sér. Ég taldi nú, að aukin ræktun heima fyrir gæti fljótt fyllt það skarð, en slík röksemd var nú ekki takin til greina

En svo fóru bændur sjálfir að sjá þetta, og er þó sagt, að bændasálin sé frekar þung í vöfum og ekki alltaf snúningaliðug né nýjungagjörn, en á umliðnum 20 árum hafa augu bændanna algerlega upplokizt fyrir þessari skoðun minni, og er það meira en hægt er að segja um forystumennina, að minnsta kosti ef dæma skal eftir framtakinu Og nú hafa bændur almennt alveg neitað að þvo ullina eða annast verkun hennar, en samt eru ennþá engar fullkomnar ullarþvottavélar til í landinu, og meðal annars þess vegna varð nýlega að flytja út nokkuð af óhreinni ull, svo að hægt væri að gutla úr afganginum, áður en nýr árgangur bættist við.

Já, miklir menn erum við, Hrólfur minn.

Þegar ég var sendur til Englands haustið 1945, taldi ég víst, að skriður færi að koma á þetta mál, og eitt er víst,, að almenningur, bæði til sjávar og sveita, væri því ekki mótfallinn, að slík verksmiðja yrði byggð, svo margir hafa spurt mig, — hvenær verður ullarverksmiðjan byggð, og hvenær koma vélarnar? Því miður hef ég ekki verið fær um að svara þessum spurningum hingað til. En ég vona, að nægur fjöldi heimti það, áður en líður á löngu, en þá verður líklega allt undan að láta.

Ég hef aldrei verið mótfallinn einkarekstri á þessu sviði, sbr. þeim heiður, sem heiður ber, en á hinn bóginn sé ég ekkert, sem mælir á móti því, að ríkið eigi sína ullarverksmiðju, engu síður en síldarverksmiðju. Aðalatriðið er, að verksmiðjurnar séu ekki fleiri en hráefnið og aðrar aðstæður gefa tilefni til, en á hinn bóginn er sjálfsagt að hafa þær eins margar og vel úr garði gerðar og ástæður leyfa.

Ég gat þess eitt sinn í útvarpserindi, en þau hef ég haldið allmörg, að ég teldi það meiri ávinning fyrir þjóðina í heild að fá góða og fullkomna ullarverksmiðju heldur en 5 mótorbáta, og ég er ennþá þeirrar skoðunar. Ekki svo að skilja, að ég viðurkenni ekki sjávarútveginn sem aðalmáttarstoð okkar athafnalífs og því sjálfsagt að reyna að eignast mikinn og góðan skipastól. En atvinnuhættir okkar mega samt ekki verða of einhæfir, og það eru takmörk fyrir því, hve stóran skipastól við getum mannað og hvað hafið getur í té látið, einkum á meðan eintóm rányrkja er rekin af okkar hálfu, bæði á þeim vettvangi eins og öðrum. Eða hvar eru klakstöðvarnar? — Og það mega allir vita, að enginn brunnur er svo djúpur, að ekki sé hægt að þurausa hann, ef ekki er svo um hnútana búið, að öruggt sé um nægilegt aðrennsli í hann.

Þetta var nú svolítill útúrdúr, og þar sem ekki var meiningin að tala um allt milli himins og jarðar, er víst bezt, að ég fari að slá hér botninn í.

Ég endurtek ósk mína um, að þetta mál nái fram að ganga og fái góðar undir-

tektir, og ég er ávallt albúinn að veita alla þá hjálp og aðstoð, sem ég get í té látið, hverjum þeim, sem vill fyrir þetta mál vinna.

Því að þetta er áreiðanlega eitt af þeim góðu málum, sem of lengi hafa verið á döfinni, og áreiðanlega höfum við ekki efni á því, án mikils tjóns, að deila um það lengur eða draga það frekar á langinn.

Það væri óskandi, að um þetta máli gæti náðst eining og samkomulag allra flokka, því að deilur og sundrung er dauði hvers máls.

Þar sem hver höndin er upp á móti annarri, er kyrrstaðan vís, og þjóð, sem er sjálfri sér sundurþykk, á enga framtíð.

Beztu kveðjur og árnaðaróskir.

Yðar einlægur.

Þorv. Árnason.

Til hr. alþingismanns Hermanns Guðmundssonar.

Fylgiskjal II.

Bráðabirgða rekstrar- og kostnaðaráætlun fyrir væntanlega ullarverksmiðju.

Ullin.

Íslenzka ullin er gróf „crossbred" ull og á útlendum markaði aðallega notuð sem teppa-ull, bæði í gólfteppi, værðarvoðir og áklæði, en minna til fatnaðar, einkum sökum þess, hve miklum erfiðleikum er bundið að aðskilja þelið frá toginu, og vegna hins mikla togs, sem hingað til hefur fylgt íslenzku ullinni, en það er aftur afleiðing hins mikla útigangs, sem íslenzka sauðkindin hefur orðið að þola hingað til.

Ef á hinn bóginn sauðfjárræktun kæmist hér á, sauðkindin væri hýst og alin yfir vetrarmánuðina og gefið gott fóður, bæði gott hey og fóðurbætir, er ég ekki í neinum vafa um, að allar afurðir mundu stóraukast og batna, bæði ullin, ketið og mjólkin, og þá mætti klippa (rýja) bæði haust og vor og þannig útiloka allt tog, en skilningur fyrir jafnmiklu menningar- og hagsmunamáli á vafalaust langt í land og því tómt mál að tala um þetta hér, en að þessu ber að stefna, ef sauðfjárrækt á annað borð á að eiga hér tilverurétt og framtíðarmöguleika.

Íslenzka ullin er einnig vel nothæf í „tweed" — tau og prjónles, sérstaklega haustullin.

Ullarmagnið hefur á undanförnum árum numið sem næst 750—900 smál. af vorull, og samsvarar það ca. 1½ kg eða 3 pundum af hverri kind. Sýnir það eitt meðal annars, hversu sauðfjárræktin hjá oss er ófullkomin, því að af vel hirtu og vel öldu fé ætti meðalreyfi að vera frá 5—7 pund eða 2½—3½ kg að meðaltali. Er ég ekki í neinum vafa um, að ná megi lægri tölunni fljótlega og án mikillar fyrirhafnar, en við það ykist vorullarmagnið alls um ca. 500 smál. á ári. Þess má einnig geta, að á stríðsárunum hefur rúning verið mjög slælega framkvæmd, svo að ekki sé meira sagt.

Hér við bætist svo haustullarmagnið, sem nemur ca. 400—500 smál. af þeim gærum, sem afullaðar eru vegna núverandi skinna- og leðurframleiðslu til iðnaðar, og gærum, sem enn þá eru fluttar út úr landinu. Mér finnst á hinn bóginn ástæðulaust að senda út gærurnar óunnar fyrir lítið verð og kaupa svo aftur dýran skófatnað og annan leðurvarning. Það er ekki búmannlegt frekar en svo margt annað hér hjá okkur. Það ætti að vinna úr öllum skinnum og gærum og allri haustullinni hér heima nytjavörur, og það er eitt af framtíðarverkefnum hins íslenzka framtaks.

Af því, sem hér að framan er sagt, sést glögglega, að auðvelt er að hafa til umráða og vinnslu af íslenzkri ull ca. 1800—2000 smál. ársframleiðslu, en gerandi ráð fyrir núverandi ástandi áframhaldandi, nemur núverandi ullarmagn ca. 1200—1400 smál. árlega, bæði vorull og haustull, og af þeim verksmiðjum, sem nú starfa í landinu, mun vera unnið úr ca. 300 smál. auk heimilisiðnaðar, og vinnur Gefjun úr ca. helmingnum, eða ca. 150 smál. á ári.

Það verður því að stækka Gefjuni, ekki um helming, heldur 4-falt, til þess að hún megni að vinna úr helmingi ullarinnar, svo að þótt slíku átaki væri hrundið í framkvæmd, sem er enn ekki ráðið, þá vantar samt verksmiðju til þess að vinna úr nálega helmingi ullarinnar, eða allt upp að 600 smálestum árlega.

Væri eðlilegast, að unnið væri úr þessum 600 smálestum í verksmiðjum hér á Suðurlandi, þannig að á Akureyri eða þar í grennd væri unnin ullin úr Austfirðinga- og Norðlendingafjórðungi, en í Reykjavík eða þar í grennd væri unnin ullin úr Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðungi. — Við það yrði flutningskostnaður minnstur, dreifing afurðanna bezt, samræming í mati og verkun ullarinnar auðveld, sem alls ekki er framkvæmanlegt, fyrr en fullkomnar ullarþvottastöðvar eru komnar á fót, er þær eru ekki til hér á landi sem stendur.

Nú þegar eru nokkrar litlar ullarvinnslustöðvar starfandi hér á Suðurlandi, bæði Álafoss, Framtíðin og e. t. v. fleiri, og munu þær vinna úr nú sem stendur ca. 150 smálestum af ull, aðallega lopa, og þó að standi til, að Álafoss færi eitthvað út kvíarnar á næstunni, mun þessi framleiðsla ekki fara mikið fram úr 200 tonnum, svo að það virðist vera til hér á Suðurlandi verkefni að vinna úr ca. 400 smál. of ull, einmitt nú sem stendur.

Framleiðslan.

En hvað á að vinna úr þessu ullarmagni? Um það geta verið skiptar skoðanir, en mín tillaga er sú, að framleiða skuli lopa, band, prjónles, teppi (værðarvoðir), gólfteppi, áklæði og „tweed"tau í hversdagsföt og yfirhafnir.

Að minnsta kosti á meðan ullin okkar er að útliti og gæðum eins og hún er nú, á meðan ullarræktunin er ekki lengra á veg komin og á meðan tæki til þess að jafna háralengd hennar eru ekki fullkomnari á markaðnum en nú er, þá eru þetta þær vörutegundir, sem hún er hæfust í og bezt fallin til notkunar fyrir og auðveldast að framleiða með góðum árangri, enda eftirspurn mikil eftir öllum þessum vörutegundum, einkum á okkar innlenda markaði. Þess má geta, að það er rifizt og slegizt um hverja lopahönk og taupjötlu, sem úr vélunum koma, svo er eftirspurnin mikil. Mér skilst, að aukin lopaframleiðsla sé helzt í vændum hjá þeim fyrirtækjum, sem fyrir eru, svo að ég reikna hana aðeins 50 smál., en tel það æskilegt, að hægt sé að auka hana með því að fjölga kembivélunum, og þeirri fjölgun sé ætlað rúm í verksmiðjubyggingunni eða stækkun hennar sé auðveld.

Ég reikna með, að úr 400 smál. af vélþveginni ull fáist 350 smál. af framleiðsluvöru, og er þá gert ráð fyrir 12½% rýrnun, og mun það mjög vel í lagt, þegar um vélþvegna ull er að ræða, enda nærtæk reynsla, þar sem Gefjun fær 125 smál. af framleiðsluvöru úr 140 smál. af ull.

Framleiðslunni skipti ég þannig: 50 smál. lopi, 30 smál. band, 40 smál. prjónles, 80 smál. teppi (værðarvoðir), 90 smál. gólfteppi og áklæði og 60 smál. „tweed"tau. Ég hygg, að innlendi markaðurinn mundi fljótlega taka þetta vörumagn til sín, en ef svo reyndist ekki, væru vöruskipti auðveld.

Kostnaðaráætlun.

a. Verksmiðjubyggingin.

Það er margs að gæta og mörg atriði, sem þarf að taka tillit til. Hef ég minnzt á mörg þeirra í áætlunum mínum frá 1925, sem nú eru í höndum atvinnumálaráðuneytisins, og vísa ég til þeirra, en einnig verður nánar út í þau farið, er nær dregur framkvæmdum.

Ég geri ráð fyrir einlyftu húsi, stærð 300 fet á lengd og 135 fet á breidd og 20—22 fet á hæð frá gólfi í mæni (þ. e. veggir 12—13 fet og ris 8—9 fet). — Með því yrði gólfflötur verksmiðjunnar ca. 40500 ferfet, og ætti það að vera hæfilegt, en má alls ekki vera minna, því að mjög er það óhagkvæmt og slæmt að setja vélarnar niður of þétt, veldur það þrengslum og erfiðum vinnuskilyrðum, þar af leiðandi minni afköstum og hættara við alls konar slysum og margvíslegum mistökum.

Álitamál getur það verið, úr hvaða efni skuli byggja, og er þá aðallega um tvær

leiðir að velja, annaðhvort gólf og veggir úr járnbentri steinsteypu, veggir tvöfaldir með tróði á milli, eða á annan hagkvæman hátt einangraðir, en þakið úr timbri, járni, stáli og gleri, eða gólf úr járnbentri steinsteypu, en veggirnir úr stálgrind, klæddri járni og þiljaðri vikurplötum, timbri eða öðru hagkvæmu einangrunarefni, en þakið úr timbri, járni, stáli og gleri.

Þar sem veggir eru allir sléttir og því sem næst gluggalausir, því að öll birta, eða því sem næst, kemur að ofan í gegnum þakið, og tiltölulega fá og einföld skilrúm, en salir stórir, verður allur byggingarkostnaður mun minni en þegar um almennar húsabyggingar er að ræða, þ. e. a. s. pr. teningsmetra.

Ég hef leitað umsagnar fagmanns hér að lútandi og fengið þær upplýsingar, að kr. 80.00 pr. teningsmetra væri mjög vel og varlega áætlað, hvað slíka byggingu snertir. En auk þess kæmu svo raflagnir, hitalagnir, hreinlætistæki og fleira nauðsynlegt í sambandi við bygginguna, og hef ég áætlað þann gjaldalið ca. ¼ úr milljón, eða ca. kr. 10.00 pr. teningsmetra, þar sem ég reikna stærð verksmiðjuhússins 100 ×45×5.5 metra, eða alls 24750 teningsmetra. Yrði þá allur byggingarkostnaður verksmiðjubyggingarinnar, ef byggt er úr steinsteypu, sem næst kr. 2230000.00. Ef á hinn bóginn byggt yrði samkvæmt síðarnefndu byggingaraðferðinni, yrði kostnaðurinn sem næst þessi: Húsið samkvæmt tilboði frá h/f Héðni í Reykjavík ca. kr. 1000000.00 og annar kostnaður hinn sami og áður, eða ca. kr. 250000.00, eða alls kr. 1250000.00, eða sem næst 1 millj. kr. ódýrara, og sýnir það vafalaust að einhverju leyti, að áætlunin um kr. 80.00 pr. teningsmetra er sennilega óþarflega há.

b. Vélarnar.

Þar er einnig margs að gæta, og vísa ég líka í því efni til áætlunar minnar frá 1925. Ég hef miðað vélafjöldann og innbyrðis fjöldahlutföll þeirra við framleiðsluþörf hinna ýmsu vörutegunda annars vegar og afkastamögulcika og afkastahlutföll vélanna hins vegar, svo að samræmið sé sem bezt og allar vélarnar hafi sem lengst af tímanum nægilegt að starfa, en slíkt er afar þýðingarmikið atriði, eins og liggur í augum uppi, en eftir því sem verksmiðjan er minni og vélarnar færri, er þetta atriði því meiri erfiðleikum bundið, einkum þegar um fjölbreytta framleiðslu er að ræða.

Eftirtöldum vélum er ætlað að vinna úr 400 smál. af þveginni ull, og er gert ráð fyrir, að ullin sé tekin óþvegin í verksmiðjuna, metin, þvegin og unnin þar að öllu leyti. Verð vélanna er það, sem mér var gefið upp af ýmsum vélafirmum í Englandi, sem ég heimsótti haustið 1945 og aftur s. l. sumar, og var gert frekar ráð fyrir lækkun en hækkun, áður en pantanir yrðu afgreiddar. Ég miða hér við enskar vélar, ekki vegna þess, að slíkar vélar séu ekki framleiddar víðar (t. d. í Ameríku), heldur vegna þess, að enskar ullarvinnsluvélar eru langöruggastar og endingarbeztar, enda langmest reynsla þar í landi á þessu sviði.

Gengið er reiknað kr. 26.00 pr. £, en alls staðar hækkað upp, svo að upphæðin standi á 100 kr.

Tala vélanna verður þá 102, fyrir utan ýmsar smávélar, svo sem mótora, drifvélar ýmsar o. fl. þess háttar, og skiptast þannig:

	£	Kr.
1 ullarþvottavél (4 skálar) með tilheyrandi	6660—0—0	156000.00
2 ullartætarar með tilh.	1600—0—0	41600.00
1 ullarþurrkari með tilh.	2100—0—0	54600.00
1 ullarblöndunarvél með tilh.	600—0—0	15600.00
2 litunarvélar með tilh.	5000—0—0	130000.00
12 kembivélar með kembi og öðru tilheyrandi	60000—0—0	1560000.00
1 kembiskerpari með tilh.	400—0—0	10400.00
10 spunavélar (alls 3500 spólur)	12000—0—0	312000.00
2 tvinningarvélar (alls 300 spólur)	1200—0—0	31200.00
1 spólingarvél (100 spólur) með tilh.	300—0—0	7800.00
3 rakgrindur með tilh.	800—0—0	20800.00
30 vefstólar með tilh.	7000—0—0	182000.00

	£	Kr.
2 tauþvottavélar með tilh.	800—0—0	20800.00
2 þæfarar með tilh.	800—0—0	20800.00
1 tauvinda með tilh.	500—0—0	13000.00
1 tauþurrkunarvél með tilh.	3000—0—0	78000.00
2 ýfingarvélar með tilh.	1000—0—0	26000.00
2 afdömpunarvélar með tilh.	1200—0—0	31200.00
1 lóskurðarvél með tilh.	600—0—0	15600.00
1 mælinga- og strangavél með tilh.	500—0—0	13000.00
2 pressur, mismunandi gerðir, með tilh.	1000—0—0	26000.00
2 saumavélar, mismunandi gerðir, með tilh.	100—0—0	2600.00
20 prjónavélar, mismunandi gerðir, með tilh.	4000—0—0	104000.00
Mótorar, varahlutir, spólur, reimar o. m. fl., áætlað	3000—0—0	78000.00
		Kr. 2951000.00

Ullarþvotta- og þurrkunarvélin afkasta að þvo og þurrka miklu meira en þá ull, sem unnið er úr í verksmiðjunni, og er svo til ætlazt, að öll ull, sem unnið er úr í öðrum verksmiðjum eða send yrði út úr landinu, yrði þvegin hér.

Hvað spunavélarnar snertir, þá er hér gert ráð fyrir „Mule"-spuna eingöngu, en hringspuni getur einnig komið til greina og er meira að segja æskilegur fyrir t. d. „tweed"tau o. fl. En því má haga eins og hagkvæmast þykir án aukins kostnaðar.

Þar sem verð vélanna er miðað við fob. í enskri höfn og þyngdin mun vera ca. 400 tonn og núverandi farmgjald ca. kr. 300.00 pr. tonn, verður allur flutningskostnaður vélanna ca. kr. 120000.00.

Stofnkostnaður allur verður þá:

a. Ef byggt er úr steinsteypu o. s. frv.:

Verksmiðjubyggingin	kr.	2230000.00
Vélarnar	—	2951000.00
Flutningskostnaður	—	120000.00
Samtals	kr.	5301000.00

b. Ef byggt er stálgrindahús samkv. tilboði h/f Héðins o. s. frv.:

Verksmiðjubyggingin	kr.	1250000.00
Vélarnar	—	2951000.00
Flutningskostnaður	—	120000.00
Samtals	kr.	4321000.00

og verður þá mismunurinn sem næst kr. 1000000.00, og liggur allur sá mismunur í byggingarkostnaðinum, eftir því, hvor leiðin farin er í því efni.

60 tonn af „tweed"taui eru ca. 75000 metrar, og er 8 vefstólum ætlað að vefa það á 300 dögum, eða ca. 30—32 metrar pr. vefstól á dag.

80 smál. af teppum (værðarvoðum) eru ca. 75000 metrar, og er 10 vefstólum ætlað að vefa það á 300 dögum, eða ca. 25 metra pr. vefstól á dag.

90 smál. af gólfteppi og áklæði eru ca. 90000 metrar, og er 12 vefstólum ætlað að vefa það á 300 dögum, eða ca. 25 metra pr. vefstól á dag, — og er þetta allt saman mjög varlega áætlað.

Starfsfólk yrði sem næst 80 manns, þar af ca. 50 kvenfólk og unglingar og ca. 30 karlmenn, og er 1 framkvæmdastjóri og 4 deildarstjórar meðtaldir í þessum fjölda.

Rekstraráætlun.

Á þessu stigi málsins verður rekstraráætlun slíkrar verksmiðju ekki fyllilega nákvæm, enda varla við því að búast. Það ætti þó að gefa nokkuð glögga mynd af afkomunni, þegar framleiðslumagnið er þekkt stærð. Jafnvel við verksmiðju af þessari stærð, sem er þó í minnsta lagi, höfum við ekkert sambærilegt hér á landi, því að

bæði eru þær verksmiðjur, sem til eru, miklu minni, og litlar ullarverksmiðjur bera sig venjulega verr en þær, sem stærri eru (dauði kostnaðurinn hlutfallslega meiri), og eins hafa ullarverksmiðjurnar hér á landi ávallt notazt við notaðar og úreltar vélar með fáeinum undantekningum, og ónóga faglega kunnáttu starfsfólksins, auk margs annars, sem úrslitaáhrif hefur á afkomuna.

Ég hef með vilja miðað tekjurnar við verðlag hér á landi, en áætlað þær allmiklu lægri en núverandi verðlag gefur tilefni til, en aftur á móti hef ég reiknað útgjöldin eins há og hugsanlegt er, að þau geti orðið. Samt er afkoman góð, en verður án efa enn betri í reyndinni.

Áætlunin lítur þá þannig út:

Tekjur:

Þvottur og mat á 600 smál. af ull á kr. 1.50 pr. kg	kr.	900000.00
50 smál. lopi á kr. 18.00 pr. kg	—	900000.00
30 — band á kr. 25.00 pr. kg	—	750000.00
40 — prjónles á kr. 35.00 pr. kg	—	1400000.00
80 — teppi (værðarvoðir) á kr. 30.00 pr. kg	—	2400000.00
90 — gólfteppi og áklæði á kr. 40.00 pr. kg	—	3600000.00
60 — „tweed"tau á kr. 35.00 pr. kg	—	2100000.00
350 smál. Samtals	kr.	12050000.00

Gjöld:

600 tonn af ull (óþveginni) á kr. 10.00 pr. kg	kr.	6000000.00
Vinnulaun, 12×50 × kr. 1100.00 + 12×25 × kr. 1700.00 + 12×5 × kr. 3000.00	alls —	1350000.00
Afl, olíur, þvottaefni, litur, sýrur og önnur kemisk efni og óviss útgjöld 15% af kr. 5350000.00	—	800000.00
Samgöngumálaráðherra skal heimilt að veita sjómælingamanni Páli Ragnarssyni undanþágu frá að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945 og láta honum í té stýrimannsskírteini í utan- og innanlandssiglingum á íslenzkum verzlunar- og varðskipum, af hvaða stærð sem er, og skipstjóraskírteini á sams konar skipum, eftir að hann hefur fullnægt öðrum ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Skulu próf hans við skóla í Danmörku jafngilda íslenzkum prófum.

Einnig heimilast samgöngumálaráðherra að veita vélstjóra Jóhanni Rist undanþágu frá að ganga undir vélstjórapróf, annað en rafmagnspróf við vélskólann í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 71 23. júní 1936, og láta honum í té vélstjóraskírteini, þegar hann fullnægir öðrum tilskildum skilyrðum. Ljúki hann rafmagnsprófi við vélskólann í Reykjavík, öðlast hann þau réttindi, sem það próf veitir. Skal próf hans við skóla í Danmörku jafngilda íslenzku vélstjóraprófi að undanskildu rafmagnsprófi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 269. Breytingartillaga

við frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1948.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 270. Frumvarp til laga

um tekjuskattsviðauka árið 1948.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1948 leggja á tekjur ársins 1947 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.
Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000, greiðast 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist	20	kr.	af	9	þús.	og	4 % af afgangi.
—	10—	12	—	—	—	60	—	—	10	—	—	5 % — —
—	12—	14	—	—	—	160	—	—	12	—	—	6 % — —
—	14—	17	—	—	—	280	—	—	14	—	—	7 % — —
—	17—	20	—	—	—	490	—	—	17	—	—	8 % — —

Af	20—	25	þús.	kr.	greiðist	730	kr.	af	20	þús.	og 9 % af afgangi.
—	25—	30	—	—	—	1180	—	—	25	—	— 10 % — —
—	30—	40	—	—	—	1680	—	—	30	—	— 11 % — —
—	40—	100	—	—	—	2780	—	—	40	—	— 12 % — —
—	100—	125	—	—	—	9980	—	—	100	—	— 10 % — —
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	— 7 % — —
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	— 5 % — —
—	200		—	—	—	16730	—	—	200	—	

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 271. Lög

um tekjuskattsviðauka árið 1948.

(Afgreidd frá Ed. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 270.

Nd. 272. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Sigurði Guðnasyni og Hermanni Guðmundssyni.

Eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. grein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. l. nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir, skal miða verðlagsuppbót á allar launagreiðslur í janúar 1948 við vísitölu desembermánaðar 1947, 328 stig.

Ed. 273. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Niðurlag 1. málsgreinar 31. gr. laga nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun, orðist á þessa leið:

Þetta tekur þó ekki til inneigna lánsstofnana hverrar hjá annarri, né heldur til sparisjóðsinnstæðna, annarra en á ávísanabókum, er nema 200 kr. eða lægri fjárhæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. sjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 67 1947, um eignakönnun, er skylt að skrá allar innstæður í bönkum og lánsstofnunum. Mikill fjöldi þessara innstæðna er svo óverulegur að upphæð, að skráning þeirra getur ekki talizt hafa þýðingu í sambandi við eignakönnunina almennt. Hins vegar veldur hún miklum töfum og og fyrirhöfn fyrir alla aðila. Telur fjármálaráðherrann því brýna nauðsyn bera til þess, að sett verði bráðabirgðalög um breyting á fyrrgreindum lögum að þessu leyti.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33 1944, á þessa leið:

1. gr.

Niðurlag 1. málsgreinar 31. gr. laga nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun, orðist á þessa leið:

Þetta tekur þó ekki til inneigna lánsstofnana hverrar hjá annarri, né heldur til sparisjóðsinnstæðna, annarra en á ávísanabókum, er nema 200 kr. eða lægri fjárhæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. janúar 1948.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 274. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948).

1. gr.

Fyrsta málsgr. 41. gr. laganna hljóði þannig:

Söluskattur skal greiðast af heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, þar með talin úttekt eiganda úr sjálfs sín fyrirtæki og skipti gegn vöru eða þjónustu.

2. gr.

1. töluliður 42. gr. orðist svo:

Af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði — skal greiða 2%.

3. gr.

Síðasta málsgr. 42. gr. laganna (2. töluliður) hljóði þannig:

Sölu þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald nr. 62 11. júní 1938. Undanþága þessi nær þó eigi til þeirra, sem greiða söluskatt við innflutning vara samkv. 1. tölulið 42. gr.

4. gr.

Framan við 44. gr. laganna bætist: Söluskattur samkv. 1. tölulið 42. gr. skal innheimtur af innheimtumönnum ríkisins (sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, í Reykjavík tollstjóra) um leið og varan er tollafgreidd og nýtur skatturinn sömu lögverndar og önnur aðflutningsgjöld.

5. gr.

Upphaf 46. gr. orðist svo: „Verð vöru og þjónustu“ . . . .

6. gr.

47. gr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda og vissar vörutegundir og þjónusta, auk þess, sem áður er nefnt, skuli undanþegið söluskatti, ef álagning hans og innheimta er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Ráðherra er einnig heimilt að ákveða, að ríkisstofnanir eða aðrir skattfrjálsir aðilar, sem selja samskonar vörur eða þjónustu, sem um ræðir í 41. gr., skuli greiða söluskatt samkv. lögum þessum. Í reglugerð skal ákveða um meðferð kæra og kærufresti.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Komið hefur í ljós, að ákvæði VII. kafla laga nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir, er varða söluskatt af umboðssölu, eru lítt framkvæmanleg og hafa allverulegan kostnað og óþægindi í för með sér. Auk þess virðast ákvæðin um að undanþiggja ríkisstofnanir söluskatti geta leitt til þess, að misjafnt verðlag gæti skapazt á sömu vörutegundum víðs vegar á landinu, eftir því hvort um væri að ræða ríkisfyrirtæki eða einkafyrirtæki.

Af framangreindum ástæðum telur fjármálaráðherrann brýna nauðsyn bera til, að sett verði bráðabirgðalög um breyting á fyrrgreindum lögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28 gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Fyrsta málsgr. 41. gr. laganna hljóði þannig:

Söluskattur skal greiðast af heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, þar með talin úttekt eiganda úr sjálfs sín fyrirtæki og skipti gegn vöru eða þjónustu.

2. gr.

1. töluliður 42. gr. orðist svo:

Af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði — skal greiða 2%.

3. gr.

Síðasta málsgr. 42. gr. laganna (2. töluliður) hljóði þannig:

Sölu þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald nr. 62 11. júní 1938. Undanþága þessi nær þó eigi til þeirra, sem greiða söluskatt við innflutning vara samkv. 1. tölulið 42. gr.

4. gr.

Framan við 44. gr. laganna bætist: Söluskattur samkv. 1. tölulið 42. gr. skal innheimtur af innheimtumönnum ríkisins (sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, í Reykjavík tollstjóra) um leið og varan er tollafgreidd og nýtur skatturinn sömu lögverndar og önnur aðflutningsgjöld.

5. gr.

Upphaf 46. gr. orðist svo: Verð vöru og þjónustu ....

6. gr.

47. gr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda og vissar vörutegundir og þjónusta, auk þess, sem áður er nefnt, skuli undanþegið söluskatti, ef álagning hans og innheimta er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Ráðherra er einnig heimilt að ákveða, að ríkisstofnanir eða aðrir skattfrjálsir aðilar, sem selja sams konar vörur eða þjónustu, sem um ræðir í 41. gr., skuli greiða söluskatt samkv. lögum þessum. Í reglugerð skal ákveða um meðferð kæra og kærufresti.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. janúar 1948.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

Sþ. 275. Tillaga til þingsályktunar

um ákvæðisvinnu og kaupgreiðslur eftir afköstum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja á þessu ári nýtt skipulag í vinnu- og kaupgjaldsmálum, þar sem byggt verður á reynslu Rússa og Bandaríkjamanna um ákvæðisvinnu og greiðslu á kaupi eftir afköstum.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum var samþykkt á Alþingi tillaga frá mér, þar sem leitað var eftir stuðningi ríkisstjórnarinnar við að afla heimilda frá Bandaríkjunum og Rússlandi um ákvæðisvinnu og fyrirkomulag, þar sem kaup er greitt eftir af-

köstum. Mun nú mál komið að hreyfa að nýju þessu mikla vandamáli þjóðarinnar. Er það alkunnugt, að hér á landi eru mjög mikil brögð að því, að heimtað er fullt kaup fyrir lélega vinnu, og hitt, sem ekki er betra, að þess eru mörg dæmi, að duglegir menn verða fyrir aðkasti frá silakeppum fyrir að vinna vel og trúlega. Úr þessu er ekki hægt að bæta nema með nýju skipulagi, þar sem hver vinnandi maður fær kaup í hlutfalli við það, sem hann afkastar. Í tveim mestu stórveldum heimsins er þetta nýja fyrirkomulag lengst á veg komið. Það er í Bandaríkjunum og Rússlandi. Er enginn vafi á, að í báðum þessum löndum er þetta vinnuskipulag beinlínis undirstaða hinna miklu tækniframfara í þessum löndum. Hafa hinir voldugu iðnrekendur, eins og Henry Ford, mótað þetta skipulag. Lenin kunni vel að meta tækni Ameríkumanna og bar gott skyn á, hvers virði hún var. Fékk hann, og síðar Stalin, frá Bandaríkjunum mikinn fjölda kunnáttumanna til að reisa iðnaðinn frá grunni og koma nútímaskipulagi á framleiðsluna. Þar sem Rússar hafa staðið í þessum efnum á byrjendastigi með mjög litla tækni, þegar riki þeirra hófst, er meira af þeim að læra í þessu efni en Bandaríkjamönnum, sem hafa að baki sér langa þróun í iðnaðar- og verkamálum. Verður meir vitnað til Rússa í þessari greinargerð, þó að skipulagið sé upprunalega amerísk uppgötvun og þaðan komið í austurveg.

Eftir byltinguna 1917 var látið heita svo, að verkamannaráðin tækju við allri stjórn á framleiðslumálum iðnaðarins. Var þá í fyrstu gert ráð fyrir jöfnu kaupi við sömu vinnu, eins og verkamenn í Vesturlöndum hafa talið rétt vera og óhjákvæmilegt. En brátt sá Lenin, að ríki hans þyldi ekki það jafnrétti. Afköst vinnunnar voru svo misjöfn, að ekki þótti við hlítandi. Eftir eins árs reynslu ákvað Lenin að skipa verkamönnum í mismunandi launaflokka eftir verkkunnáttu og eðli starfanna. Voru flokkarnir í fyrstu 5, en tveim áðum síðar voru þeir orðnir 12 í sumum iðngreinum. Kaupið var mjög mishátt og ekki jafnt bil milli launaflokkanna. Árið 1921 hóf Lenin hina nýja fjármálastefnu, og varð þá enn meiri munur á kaupi og kjörum launaflokkanna. Valt á ýmsu í þessu efni, þar til fyrsta 5 ára áætlunin hófst 1928. Stalin reyndi þá að auka vinnuhraðann og afköstin með því að koma á samkeppni um afköst milli tiltekinna vinnuflokka, sem stóðu jafnt að vígi. Auk þess var reynt að skapa sérstaka vinnugarpa og láta þá menn hvetja aðra til meiri afkasta. Þessir úrvals dugnaðarmenn fengu ýmiss konar sérréttindi: Meiri matarskammt, ódýra eða ókeypis leikhúsmiða, aðgang að sumarhvíld á Krím eða í Kákasus. Á þessu tímabili var þó hjá stjórnarvöldunum hneigð til að jafna kaupgreiðslur, frá jafnréttissjónarmiði. En til að bæta agann og afköstin var meiri stund en áður lögð á að koma við ákvæðisvinnu.

En öll þessi úrræði reyndust ónóg til að koma iðnaði landsins á fastan fót. Í júní 1931 hélt Stalin ræðu um þetta stórmál og fleygði frá sér öllum hinum gömlu verkalýðskenningum varðandi jafna kaupgreiðslu fyrir góða og svikna vinnu og lagði leið sína inn á reynslulönd ameríska dugnaðarmanna. Stalin byrjar ræðu sína með því að kvarta undan miklu losi á verkalýðnum, eilífu flakki frá einni verksmiðju til annarrar. Hann spyr: „Hver er ástæðan?“ — og svarar sér sjálfur á þessa leið:

„Ástæðuna er að finna í röngum launastiga, launakerfi, sem er á misskilningi byggt, í vinstri jafnaðartilhneigingu í launagreiðslum. Í mörgum iðngreinum er launakerfið þannig, að það gerir út af við allan mun milli þeirra, sem kunna til verka, og hinna, sem ekkert kunna, milli erfiðisvinnu og léttavinnu. Afleiðing þessarar jafnaðarstefnu er sú, að sá, sem ekkert kann, sér engan hag í að læra til verka. Hann verður þannig af möguleikanum á því að komast áfram, og afleiðingin er sú, að honum finnst hann ekki vera nema lausamaður í iðnaðinum, maður, sem erfiðar um tíma í því skyni að vinna sér svolítið inn og fara síðan og freista gæfunnar annars staðar. Árangur jafnaðarstefnunnar er sá, að verkamaður, sem kann til verka, sér sig tilneyddan að leita frá einu fyrirtæki til annars, unz hann loks er svo heppinn að finna stað, þar sem það er einhvers metið að kunna

til verka. Til þess að binda enda á þennan ófarnað verðum vér að losna við jafnaðartilhneiginguna og hrinda gamla launakerfinu í rústir. Vér verðum að skapa launakerfi, sem tekur til greina muninn á því að kunna til verks eða ekki, á erfiðu verki og léttu .... Marx og Lenin sögðu, að mismunurinn á verki, sem kunnáttu þyrfti til, og verki, sem ekki þarfnaðist kunnáttu, mundi haldast, jafnvel þótt sósíalismi komist á og þótt stéttir verði afnumdar. Það væri ekki fyrr en á öld kommúnismans, sem þessi munur ætti fyrir sér að hverfa, og því yrði jafnvel í ríki sósíalismans að greiða vinnulaun eftir afköstum, en ekki eftir þurftum manna. En jafnaðarherrarnir í iðnaði vorum og verkalýðssamtökum eru þessu ósamþykkir og þykjast halda, að munurinn hafi þegar horfið undir ráðstjórnarskipulagi voru. Hvorir hafa rétt fyrir sér Marx og Lenin eða jafnaðarherrarnir? Ég held, að oss sé óhætt að gera ráð fyrir því, að Marx og Lenin hafi rétt fyrir sér. Sé svo, þá leiðir aftur af því, að hver sá, sem reisir launakerfi á jafnaðargrundvelli og gleymir muninum á verki, sem kunnáttu þarf til eða ei, hann stendur á öndverðum meið gegn Marxisma og Leninisma. Í hverri iðngrein, hverri verksmiðju, hverri verksmiðjudeild er leiðandi hópur verkamanna, sem kunna að meira eða minna leyti til verka, og þá verðum vér umfram allt að hnýta traustum böndum við framleiðsluna, ef vér óskum að hafa fast verkalið. Þessi leiðandi hópur verkamanna er stoð og stytta framleiðslunnar. Með því að fá þá til að vera um kyrrt í verksmiðjunni eða innan verksmiðjudeildarinnar, fáum vér allt verkafólkið til að vera kyrrt og bindum enda á vinnuflakkið. Og hvernig eigum vér að fara að því að fá þá til að vera um kyrrt í verksmiðjunni? Með því að láta þá komast áfram, hækka laun þeirra, efna til launakerfis, sem geldur þeim, sem kann til verka, það, sem honum ber."

Svo mörg eru þessi orð Stalins. Eftir nokkurra ára reynslu við fyrstu 5 ára áætlunina sér hann ekki önnur ráð en að taka upp í fyllsta mæli vinnuskipulag Fords og annarra forustumanna í iðju Vesturheims. Þess vegna endar hann þessa merkustu ræðu ævi sinnar með því að krefjast réttlátra launa fyrir vinnugarpinn í samanburði við silakeppinn. Kenning þessi var lítt vinsæl í Rússlandi, eins og hún mun verða hér á landi, í fyrstu, en Stalin lét ekki sitja við orðin tóm. Hann bjó til spámann vinnumálanna. Nóttina milli 30. og 31. ágúst 1935 gerðist sá mjög auglýsti atburður, að rússneski kolanámumaðurinn Stakhanov margfaldaði afköst sín við að höggva kol. Af þessu litla atviki varð þjóðarvakning, enda blés Stalin að kolunum eftir mætti. Nú risu upp í hverri iðngrein af annarri nýir spámenn, vinnugarpar, sem beittu verkvélunum með þeim árangri, að afköstin voru aukin stórkostlega. Leið ekki á löngu, þar til öllum þorra verkamanna og miklu af skrifstofufólki var borgað kaup eftir hinum nýju fyrirmælum ákvæðisvinnunnar. Jafnframt þessu var lögð stund á að bæta lífsskilyrði verkamanna. Vinnuaginn var aukinn með breytingum á stjórn verksmiðjanna. Mörgum verkamönnum í Rússlandi var í fyrstu lítið gefið um þessa nýbreytni, en sá mótþróa var bældur niður með því að láta þess óspart getið, að Stakhanov hafi fengið spámannsinnblástur sinn beint úr ræðu Stalins, þeirri, sem vitnað er til hér að framan.

Grundvöllur rússneskrar ákvæðisvinnu er fundinn með því að ákveða, hvað sé ákvæðisafköst meðalverkamanna við meðalvinnuskilyrði. Síðan er kaup annarra miðað við þetta alinmál. Sumir fá minna, aðrir meira, allt eftir vinnudugnaði, sem kemur fram í mælanlegum afköstum.

Hér á landi er þessi Ford-Stalin-Stakhanov-aðferð engan veginn alger nýjung. Hlutarsjómennskan er eins konar ákvæðisvinna. Framleiðsla bænda í mjólkurbúum og sláturhúsum er verðlögð eftir afköstum og vinnugæðum. Milli heimsstyrjaldanna beitti húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson, ákvæðisvinnu við fjölmargar opinberar byggingar, eftir því sem venjur og landshættir leyfðu. Nú hefur vinnuhraðinn og verkdugnaður í landinu minnkað stórlega á undangengnum stríðs- og stríðsgróðaárum, og það svo mjög, að hugsandi mönnum stendur

stuggur af. Er það eitt hið mesta stórmál hér á landi að endurskapa vinnudugnað og vinnugleði í landinu. Bíður þjóðmálanna á Íslandi sami vandi nú eins og Stalins, er hann hélt sína nafntoguðu ræðu fyrir 17 árum. Er hér á landi hægara um vik í þessu efni sökum hinna margháttuðu verkvéla, sem landsmenn hafa nú fengið, flestar frá Ameríku, móðurlandi nútíma ákvæðisvinnu. Má í þessum efnum hefja vinnubragðabreytingu í öllum þeim starfsgreinum, þar sem vélum er beitt til stórra muna. Þessi breyting er engu síður nauðsynleg hér en í stóru löndunum. Smáþjóðirnar eiga nógu erfitt í samkeppni við volduga nábúa, þó að þær vandi grundvöll framleiðslunnar eins og bezt má verða.

Að líkindum má gera ráð fyrir nokkurri mótstöðu hér á landi gegn þessu ameríska og rússneska kaupkerfi og þá allra mest frá svo kölluðum foringjum verkamanna, sem eru þó ekki verkamenn. En nú er málum svo háttað hér á landi, að sem stendur eru margir verkamenn í Kommúnistaflokknum, og spara leiðtogar þeirra ekki að halda Rússlandi fram sem fyrirmynd og Stalin, forkólfi bolsévika, sem æðsta spámanni verðalýðshreyfingarinnar í öllum löndum. Nú hefur þessi spámaður kommúnista talað í málinu og auk þess látið verkin tala. Hann hefur talið þessa umbót svo mikilsverða, að líf og lán hins fjölmenna verkamannaríkis væri komið undir því, að tilraunin gæti heppnazt. Stalin lét sér ekki nægja að tala sem einvaldspersóna, heldur leiddi í vitnastúkuna spámann allra verkamanna, Karl Marx, og fyrsta spámann bolsévika, Lenin, til að sanna mál sitt. Þess vegna má fullyrða fyrir fram, að íslenzku kommúnistarnir hljóta að styðja þessa breytingu vegna upprunans. Kratar munu tæplega afneita Marx. Af borgarastéttunum er það að segja, að bændur og margir útvegsmenn hafa notað þetta skipulag eftir því sem við varð komið. Um aðra atvinnurekendur má fullyrða, að þeir mundu hafa hinn mesta áhuga fyrir þessari umbót, ef þeir ættu þess nokkurn kost. Ætti lausn þessa máls að verða sameiginlegt áhugamál allra landsmanna, jafnt verkamanna og framleiðenda, að gera tvennt í senn: viðurkenna í orði og verki rétt og göfgi vinnunnar og koma á því réttláta skipulagi, að hver maður í landinu beri úr býtum réttlátt kaup, eins og hann á skilið fyrir áreynslu sína og erfiði. Mun það verða sök íslenzkra framleiðenda, ef ekki tekst að leysa þetta mikla nauðsynjamál þjóðarinnar á þann hátt, sem hér er lagt til, þar sem æðstu spámenn verkamannastéttarinnar hafa viðurkennt í orði og verki, að verkalaun eftir afköstum sé réttlátt og eðlilegt skipulag.

Menn, sem ekki eiga aðgang að rússneskum heimildum, en vilja fá um þetta efni ýtarlegan fróðleik, geta fengið mikla fræðslu um málið í merku ensku fræðiriti: Hubbard: Soviet Labour and Industry, London 1942.

Ed. 276. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 12. febrúar 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Á eftir 2. málsgrein 1. greinar laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra, ef í hlut eiga hin fámennustu læknishéruð eða héruð, sem af öðrum ástæðum telst um megn að standa undir kostnaði af að reisa læknisbústaði með þeim styrk, sem ákveðinn er í 1. málsgrein þessarar greinar, að auka styrki frá því, sem þar greinir, upp í allt að ⅗ byggingarkostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta eftir beiðni menntamálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um frumvarpið sjálft, að flytja við það breytingartillögur og að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Með frumvarpi þessu er gengið til móts við kröfur, sem uppi eru um að auka byggingarstyrki til læknisbústaða í héruðum, sem teist um megn að rísa undir slíkum framkvæmdum með þeim styrk, sem ákveðinn er í gildandi lögum, og tekur þetta einkum til hinna fámennustu og afskekktustu héraða.

Nd. 277. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Síðari málsgrein 37. greinar laga nr. 29 9. apríl 1947 orðist svo:

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 35. og 36. gr. getur, fer samkv. lögum nr. 78 1936. Þegar leitað er samninga um vist á slíkum hælum, skal það gert í samráði við barnaverndarráð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum um vernd barna og ungmenna er yfirleitt fylgt þeirri reglu að láta foreldra eða forráðamenn þeirra barna, sem barnaverndarnefndir eða barnaverndarráð verða að ráðstafa, bera sem minnstar fjárhagslegar byrðar af þeim ráðstöfunum. Eru til þess þær eðlilegu ástæður, að þessir aðilar taka aldrei börn eða ungmenni af heimilum þeirra nema af mjög brýnni nauðsyn, og stundum án samþykkis eða jafnvel gegn vilja aðstandenda þeirra. Þessar framkvæmdir eru ákaflega erfiðar og óvinsælar og mundu verða næstum óframkvæmanlegar í sumum tilfellum, ef þeim fylgdu miklar fjárhagslegar byrðar fyrir aðstandendurna.

Mestur kostnaður af slíkum ráðstöfunum er venjulega sá, þegar barni er komið fyrir til langdvalar á opinberu barnahæli. Fer þá um greiðslu kostnaðarins eftir lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, þ. e. að ríkissjóður greiðir ⅘ kostnaðarins, en sveitar- eða bæjarsjóður ⅕ hluta, sbr. 37. gr. laganna. En um greiðslu kostnaðar við dvöl barns eða ungmennis á athugunarstöð eða upptökuheimili eru engin sérákvæði í lögunum, og er því allur sá kostnaður endurkræfur frá lögskyldum framfærslumanni þess. — Mun ákvæði um þetta hafa fallið niður af vangá, og er frv. þetta flutt til að bæta úr því.

Kostnaður við dvöl barna og ungmenna á athugunarstöð eða upptökuheimili er mjög hár á hvern dvalardag, fyrst og fremst vegna þess, að tala þeirra, sem þar dvelja, er mjög mismunandi, en kostnaður við starfsmannahald, húsnæði, ljós, hita o. s. frv. sá sami, hvort sem dvalarbörn eru fá eða heimilið fullsetið. Er greiðsla eðlilegs kostnaðar því ofvaxin flestum foreldrum, ef um lengri dvöl er að ræða en nokkra daga. Einnig er þess að gæta, að flutningur barns eða ung-

mennis á athugunarstöð eða upptökuheimili er venjulega erfiðasti hlutinn af þeirri nauðsynlegu framkvæmd að koma því burtu úr óhæfum uppeldisaðstæðum. Fjárhagshliðin má því undir engum kringumstæðum torvelda þá framkvæmd.

Ríkissjóður rekur nú upptökuheimili að Elliðahvammi við Reykjavík, og er ráðstafað þangað börnum og ungmennum víðs vegar að af landinu. Er samþykkt þessa frv. nauðsynleg til að koma rekstri þess á eðlilegan grundvöll.

Ed. 278. Breytingartillaga

við frv. til l. um kauprétt á jörðum.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

8. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 279. Frumvarp til laga

um kauprétt á jörðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Jörð merkir í lögum þessum hvert það býli, heimajörð eða hjáleigu utan kaupstaða og kauptúna, sem sérstaklega er metið til verðs samkvæmt fasteignamati og talið er í fasteignamatsbók eða metið sem jörð í millimati.

2. gr.

Sveitarstjórn hvers hrepps skal hafa forkaupsrétt á þeim jörðum innan hreppsins, sem ganga kaupum og sölum og ekki eru opinber eign, með þeim undantekningum, sem um getur í 4 gr. Sama gildir, ef seldur er hluti af jörð, afréttarlönd, óbyggðar lendur, ítök, skógar, vatnsnot, jarðhiti og hvers konar veiðiréttindi eða önnur gæði, sem skilin eru eða skilin verða frá jörð. Þessi forkaupsréttur sveitarstjórnar er í því fólginn, að hún skal jafnan eiga kost á að ganga fyrir um kaup á jörðum eða jarðarhlutum innan hreppsins við því verði, greiðslukjörum og öðrum skilmálum, er seljandi þeirra getur fengið fyrir þær á hverjum tíma.

3. gr.

Næst á eftir sveitarstjórn og á sama hátt hefur leiguliði, ef til er, kauprétt á hinni fölu jörð, þó með þeim undantekningum, sem um getur í 4. gr. Skal hann jafnan eiga kost á kaupum á ábýlisjörð sinni við því verði, er seljandinn getur fengið fyrir hana, enda hafi sveitarstjórn áður hafnað forkaupsrétti sínum á jörðinni fyrir það sama verð, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

Ef jörð er seld á opinberu uppboði eða lögð veðhafa út, eiga þeir, er forkaupsrétt hafa, rétt á að ganga inn í hæsta boð samkvæmt lögum þessum, enda tilkynni forkaupsréttarhafi það uppboðshaldara innan þriggja sólarhringa frá því, að uppboðsþingi var slitið, að hann ætli að nota forkaupsrétt sinn.

Nú hefur leiguliði sagt lausri jörð eða honum verið löglega byggt út af jörðinni frá næstu fardögum, og heldur hann þá kaupréttti það sem eftir er af ábúð hans, meðan jörðin er óbyggð. En frá þeim tíma á sá kaupréttinn, er ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár og hefur fengið byggingu fyrir henni. Nú eru ábú-

endur á jörð þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sérhverjum þeirra til kaups. Vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðinni, annars ræður eigandi, hverjum þeirra hann selur.

4. gr.

Kaupréttarákvæði 2. og 3. gr. laga þessara ná ekki til þess, er jarðeigandi selur jörð barni sínu, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri.

Hafi leiguliði haft ábúð á leigujörð sinni a. m. k. fjögur ár samfleytt áður en söluumleitanir hefjast, hefur hann kauprétt á undan sveitarsjóði, og öðlast þá sveitarsjóður kaupréttinn næst á eftir og þó því aðeins, að leiguliði hafi hafnað honum.

5. gr.

Kaupréttur samkv. 2. og 3. gr. og 2 mgr. 4. gr. skal jafnan boðinn skriflega aðilum þeim, er hlut eiga að máli, og í þeirri röð, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Söluverð jarðar og aðrir skilmálar skal jafnframt tilgreint. Ef um er að ræða makaskipti á fasteignum, tilgreinir seljandi, hversu hátt hann metur hina framboðnu jörð til peningaverðs, og hafa þá kaupréttareigendur heimild til þess að kaupa hana því verði. Sá, er kauprétt á, skal svara skriflega kaupréttarboði sínu innan 15 daga frá því, er honum barst tilboðið. Rétt er að bjóða í senn jörðina þeim, er kauprétt hafa. Þó skal þess ávallt getið, að því aðeins eigi sá, er tilboðið fær, kost jarðarinnar, að sá, er kauprétt á framar honum, noti ekki rétt sinn. Vanræki kaupréttarhafi að svara innan þess tíma, hefur hann í það sinn, glatað rétti sínum til kaupanna. Yfirlýsing um afsal kaupréttar samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi 6 mánuðum frá dagsetningu hennar.

6. gr.

Ef seljandi jarðar brýtur fyrirmæli 2. og 3. gr., 2. mgr., 4. gr. og 5. gr. og selur jörð sína án þess að hafa áður fullnægt kaupréttarákvæðum laga þessara, getur sá kaupréttarhafi, sem rétti hefur verið sviptur, krafizt þess, að salan sé ógilt, og á hann þá rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé málsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því hann fékk vitneskju um misfelluna og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rétthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55 15. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 280. Breytingartillögur

við frv. til laga um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 9. gr. 1.—4. málsgr. orðist þannig:

Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af stjórn Búnaðarfélags Íslands, getur fengið styrk til starfsemi sinnar, eins og hér greinir, á hverja reiknaða árskú, en tala slíkra kúa á hverju búi fæst með því að leggja saman fóður- og mjólkurskýrsludaga allra kúnna og deila í þá útkomu með 365:

1. Kr. 1.00, ef ekki eru gerðar fitumælingar eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar á ári.
2. Kr. 1.80, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst þrisvar á ári.
3. Kr. 2.50, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst sex sinnum á ári.

2. Við 11. gr. Í stað fyrsta málsl. komi 2 nýir málsl., er orðist þannig:
Búnaðarsambandi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að hvers konar umbótum í búfjárrækt á sambandssvæðinu, þar á meðal nautgriparækt, og ráða til þess sérstakan héraðsráðunaut, sbr. 73. gr., enda sé þar ekki fyrir starfandi nautgriparæktarsamband. Heimilt er nautgriparæktarfélögum í þeim búnaðarsamböndum, er ekki óska að sinna þessum verkefnum, að stofna með sér samband, ef þau hafa minnst 1000 kýr innan félaganna.
3. Við 12. gr. Töluliður 1, síðari málsliður orðist svo:
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að sambandið hafi fastan starfsmann, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir, eða héraðsráðunaut samkv. 73. gr., er jafnframt annast störf fyrir nautgriparæktarsambandið, þar sem það er starfandi.
4. Við 13. gr.
a. Fyrir orðin „fimmta hvert ár“ komi: fjórða hvert ár.
b. Fyrir orðin „eiga dætur á sýningunni“ komi: eiga afkvæmi á sýningunni.
c. Fyrir orðin: „ef þær hafa sýnt með afkvæmum sínum“ komi: ef afkvæmi þeirra sýna.
5. Við 15. gr. Síðasta málsgr. orðist þannig:
Samþykktir, sem settar eru samkv. þessari grein, skal sníða eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur félögunum í té. Þegar slík samþykkt hefur verið sett, skal hún send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar.
6. Við 16. gr., síðasta málslið 1. málsgreinar. Fyrir orðin: „sem í félaginu er“ komi: sem félagsmenn eiga.
7. Við 24. gr. Fyrir orðin: „eða uppsetningu á nýrri girðingu“ komi: eða að reisa nýja girðingu.
8. Við 26 gr. Fyrir orðið „skapnaðarlýta“ komi: skapnaðargalla.
9. Við 33. gr. Fyrir orðið „fengið“ í 4., 5. 6., 7. málsgr. komi alls staðar: hlotið.
10. Við 39. gr. Upphafsorð töluliðanna 1—8 að báðum meðtöldum verði þannig:
1. Þjórsártúni, 2. Ferjukoti, 3. Sveinsstöðum, 4. Sauðárkróki, 5. Akureyri, 6. Einarsstöðum, 7. Egilsstöðum, 8. Hornafirði.

Nd. 281. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Áka Jakobssyni og Hermanni Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 2. og 3. gr., svo hljóðandi:

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsráð starfrækir innflutnings- og gjaldeyrisdeildir á eftirtöldum stöðum: Í Reykjavík, á Ísafirði, á Akureyri og í Neskaupstað.

Í Reykjavík skal deildin skipuð 5 mönnum og jafnmörgum til vara, en 3 mönnum á hverjum hinna staðanna og jafnmörgum til vara.

Fjárhagsráð skipar menn í innflutnings- og gjaldeyrisdeildirnar, og skulu þeir vera búsettir á starfssvæði viðkomandi deildar.

Reykjavíkurdeildin gegnir hlutverki sínu skv. 12. gr. 1—2 í þessum sýslum og kaupstöðum: Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Vestmannaeyjum, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.

Ísafjarðardeildin í: Ísafirði, Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.

Akureyrardeildin í: Siglufirði, Akureyri, Ólafsfirði, Vestur- og Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu.

Neskaupstaðardeildin í: Neskaupstað, Seyðisfirði, Norður- og Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu.

Fjárhagsráð ákveður fyrir hvert ár í senn hlutdeild þá, sem hverri innflutnings- og gjaldeyrisdeild ber af gjaldeyri þeim, sem ráðstafa á til vörukaupa erlendis. Við skiptingu á gjaldeyri milli gjaldeyris- og innflutningsdeildanna skal fjárhagsráð einkum taka tillit til íbúafjölda og þess, hve mikill gjaldeyrir verður til á starfssvæðinu.

Innflutnings- og gjaldeyrisdeildin í Reykjavík hefur með höndum allt verðlagseftirlit.

Heimilt er þó fjárhagsráði að fjölga úthlutunarumdæmum með því að setja á stofn innflutnings- og gjaldeyrisdeildir í fleiri kaupstöðum, ef henta þykir.

3. gr.

Síðari málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Innflutnings- og gjaldeyrisdeildinni í Reykjavík er heimilt, ef nauðsyn krefur, að ákveða vöruskömmtun, að fengnu samþykki fjárhagsráðs.

Nd. 282. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Jóni Pálmasyni og Ingólfi Jónssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina kemur ný grein, sem verður 1. gr. (og breytist greinatalan samkv. því):

Síðari mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Þó þarf ekki fjárfestingarleyfi til íbúðarhúsabygginga og útihúsabygginga í sveitum og kauptúnum með færri en 500 íbúa né annarra smærri framkvæmda. Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.

Ed. 283. Frumvarp til laga

um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Atvinnusveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn rekur eða stundar eða hefur rekið eða stundað atvinnu, án þess að eiga þar lögheimili.

Dvalarsveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem aðili kann að verða eða hefur orðið útsvarsskyldur vegna dvalar, án þess að hann eigi þar lögheimili.

Gjaldár: Það ár, er niðurjöfnun útsvara fer fram.

Gjaldársútsvar: Útsvar, þar sem miðað er við gjaldstofn sama árs og útsvarið er á lagt.

Heimilissveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn á lögheimili.

Niðurjöfnunarnefnd: Niðurjöfnunarnefnd í kaupstöðum og hreppsnefnd í sveitum, nema sérstaklega sé öðruvísi um mælt.

Ráðherra: Sá ráðherra, sem útsvarsmál heyra undir.

Skattanefnd: Bæði skattanefnd og skattstjóra, eftir því sem við á.

Sveit: Bæði hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn: Bæði hreppsnefnd og bæjarstjórn.

Útsvarsár: Árið næst á undan niðurjöfnun.

2. gr.

Reikningsár sveitarfélaga er almanaksárið.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skal sveitarstjórn gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélags næsta reikningsár. Ræða skal áætlun kaupstaðar á tveim fundum, með a. m. k. viku millibili, en í hreppum á einum fundi, nema hreppsnefnd ákveði annað. Við síðari umræðu ber að athuga áætlunina lið fyrir lið, og greiða skal atkvæði um hverja grein fyrir sig og áætlunina í heild sinni. Áætlun skal vera til sýnis almenningi 2 vikur í desembermánuði á hentugum stað, er sveitarstjórn ákveður.

Áætlunin gildir síðan um fjárstjórn sveitarstjórnar á reikningsárinu.

3. gr.

Að því leyti, sem aðrar tekjur sveitarfélags hrökkva ekki til að greiða gjöldin, skal jafna niður á gjaldþegna hennar því, er á vantar, að viðbættum 5%—10%, og heitir það útsvör. Þau mega ekki nokkru sinni nema meiru en meðaltali útsvara í sveitarfélaginu 3 síðustu árin, að viðbættum fimmtungi, nema sýslunefnd veiti hreppsnefndum til þess samþykki sitt, en ráðherra bæjarstjórnum.

Nú þykir sveitarstjórn sýnt á gjaldárinu, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda, og getur þá sveitarstjórn, að fengnu samþykki áðurnefndra stjórnarvalda, ákveðið framhaldsniðurjöfnun til greiðslu þess, er á vantar, þannig að því verði bætt við útsvar hvers einstaks gjaldanda eftir ákveðnu hundraðshlutfalli.

II. KAFLI
Um útsvarsskyldu.

4. gr.

Útsvarsskyldir eru:

A. Aðilar heimilisfastir á Íslandi:

I. Allir einstaklingar, karlar og konur, ungir og gamlir, í hverri stöðu sem eru, svo framarlega sem þeir teljast færir um að greiða útsvar.
Undanþegnir eru útsvari:

a. Forseti Íslands.
b. Fyrirsvarsmenn annarra ríkja hingað sendir og þjónustufólk þeirra, ef það er annarra ríkja þegnar.
c. Starfsmenn ríkisins samkv. 4. gr. launalaga, nr. 60 frá 1945, þó heimilisfastir séu á Íslandi, enda dveljist þeir erlendis meira en 9 mánuði af útsvarsárinu.
d. Konur, sem giftar eru, þegar niðurjöfnun fer fram. Þó má leggja útsvar á gifta konu:
1. Ef hún á séreign eða hjúskapareign, sem útsvarshæf þykir.
2. Ef hún hefur atvinnu, aðra en eigin heimilisstörf.
3. Ef hún hefur slitið samvistir við bónda sinn.

II. Félög. Þar til teljast:

1. Félög með ótakmarkaðri ábyrgð og félög með takmarkaðri ábyrgð, svo sem hlutafélög og gagnkvæm ábyrgðarfélög. Þegar útsvar hefur verið lagt á félag, má ekki leggja útsvar á félagsmann þess vegna eignar hans í félaginu og tekna né gagnkvæmt.
2. Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar, enda láti félagið fylgja skattaframtali sínu glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Ella áætlar niðurjöfnunarnefnd arð af skiptum þessum og byggir útsvarið á því.

Kæru yfir áætlun niðurjöfnunarnefndar samkvæmt þessum lið má skjóta til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, eftir sömu reglum og gilda um áfrýjun útsvara, hvort heldur er sérstakri eða ásamt kæru yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd hefur lagt á arð af þessum viðskiptum.

Undanþegin útsvari eru:

a. Félög, sem leyst eru undan útsvarsskyldu með lögum, að því er snertir lögákveðin eða starfsviðsbundin verkefni þeirra.
b. Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmálafélög, trúarbragðafélög o. s. frv.
c. Félög, sem að vísu reka atvinnu, en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almenningsheilla samkvæmt samþykktum sínum.

III. Aðrar stofnanir og sjóðir.

Undanþegin útsvari eru:

1. Ríkissjóður og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, svo sem Ræktunarsjóður, Söfnunarsjóður, Thorkillisjóður o. fl.
2. Sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka.
3. Sjóðir og stofnanir, sem samkvæmt skipulagsskrá sinni verja tekjum sínum beinlínis til almenningsheilla.
4. Stofnanir og sjóðir, sem undanþegin eru útsvari samkvæmt sérstökum lögum, að því er snertir lögákveðna starfsemi þeirra.

IV. Bú, er skiptameðferð sæta og tekjur, eignir eða rekstur hafa.
Útsvarsskylda félaga og dánarbúa hefst:
a. Félags, þegar það hefur verið tilkynnt til firmaskrár.
b. Dánarbús: Við fráfall einstaklings, sem hefur eftir sig látið útsvarshæfar eignir, tekjur eða rekstur.

Útsvarsskylda hvílir á einstaklingi allan starfstíma eða dvalartíma hans hér á landi, og er heimilt að leggja á hann gjaldársútsvar, þegar svo stendur á, að hann hverfur af landi burt og einhver hluti af starfstíma eða dvalartíma hans hefur fallið undan útsvarsálagningu.

Hætti félag störfum eða sé dánarbúi skipt á þeim tíma árs, að ekki verði útsvar á lagt fyrir útsvarsár, má leggja gjaldársútsvar á, svo enginn tími, sem félag hefur starfað eða dánarbú staðið óskipt, falli undan útsvarsskyldu. Eigendur félags og erfingjar dánarbús bera sameiginlega og gagnkvæma ábyrgð á greiðslu útsvars, sem lagt kann að verða á, eftir að félagi er slitið eða dánarbúi skipt.

B. Aðilar heimilisfastir erlendis:
1. Þeir, er verið hafa á gjaldárinu starfandi á skipi eða flugfari, skrásettu hér á landi eða gerðu út héðan, einn mánuð eða lengur eða hafa stundað hér atvinnu eða dvalizt hér ekki skemmri tíma á gjaldárinu. Nú hefur aðili ekki dvalizt hér svo lengi, og er hann þá samt sem áður útsvarsskyldur, ef hann hefur hér a. m. k. 3 þús. kr. tekjur.
2. Þeir, er reka hér atvinnu í landi eða landhelgi á gjaldárinu, svo sem verzlun og hvers konar viðskipti, sjávarútveg, fiskverkun, iðnað, hafa hér laxveiði fyrir atvinnu eða laxár á leigu, afnot af jörð eða lóð, eiga hér arðbærar eignir, þar með talin verðbréf, sem vextir eða arður er greiddur af hér á landi, o.s.frv.
3. Erlend tryggingarfélög.

Aðili, sem hefur dvalizt hér svo lengi, að hann verður útsvarsskyldur, skal bera útsvar í hlutfalli við það, hve dvalartími hans er mikill hluti úr ári. Ef aðili stundar hér atvinnu, rekur hér atvinnu eða á hér eignir, þá skal einungis leggja á þá atvinnu, er hann hafði hér á landi á gjaldárinu, eignir hans hér og tekjur af þeim.

Útsvör erlendra tryggingarfélaga skal miða við skattskyldar tekjur þeirra hér á landi á útsvarsárinu og iðgjöld þess árs af tryggingum, er þau hafa tekizt á hendur fyrir milligöngu umboðsmanna sinna hér.

III. KAFLI

Hvar leggja skal á gjaldþegn hvern og hvaða sveit fær útsvar hans.

5. gr.

Útsvar skal jafnan leggja á gjaldþegn þar, sem heimildir eru fyrir, að hann eigi lögheimili, er niðurjöfnun fer fram, eða hafi átt samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Nú leikur vafi á um lögheimili manns eða úrslit um það bíða dómsúrskurðar, og skal þá leggja á aðila þar, sem hann dvelur, er niðurjöfnun fer fram. Kröfuréttur á útsvarsgreiðslu hans þar fellur þó niður, ef dómsúrskurður fellur eða fullnægjandi upplýsingar koma á annan hátt fram um, að hann eigi lögheimili annars staðar, enda sé þá lagt á hann útsvar í þeirri sveit. Ef óvissa er á um lögheimili manns, sem lögskráður er á skip eða flugfar, sem gert er út hér á landi, telst dvalarsveit hans í þessu sambandi þar, sem skipið eða flugfarið er gert út.

Það skal vera aðalregla, að í heimilissveit gjaldþegns sé útsvar lagt á allar eignir hans og tekjur á útsvarsárinu. Þó má leggja á hann í annarri sveit, enda sé þá ekki lagt á hann að því leyti í heimilissveit:

1. Ef hann hefur heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, utan heimilissveitar sinnar.

2. Ef hann hefur utan heimilissveitar sinnar ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot af landi, þó ekki fylgi ábúðarréttindi að lögum, þar með talin laxveiði-, selveiði- og rekaréttindi. Enn fremur ef um fasteign, tekjur af fasteign eða hvort tveggja er að ræða.
3. Ef hann er erlendis búsettur, en rekur atvinnu hér á landi, stundar hér atvinnu eða dvelst hér á gjaldárinu, á einum stað eða fleirum, svo að útsvarsskyldur verði, sbr. 4. gr. B. Á hverjum stað má þó aðeins leggja á þær eignir, sem hann á þar, og þær tekjur, sem þar er aflað, eða með tilliti til dvalartíma hans.
4. Ef hann rekur atvinnu utan heimilissveitar sinnar, enda þótt ekki sé um heimilisfasta atvinnustofnun að ræða, svo sem verzlun, iðnað, síldarverkun, síldarbræðslu eða síldarverzlun o. s. frv.
5. Ef viðleguskip stundar veiðar eða aðra atvinnu frá ákveðnum stað utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda í einn mánuð að samtöldu eða lengur á gjaldárinu.
6. Ef veiðiskip hefur það samband við ákveðinn stað utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda um tveggja mánaða skeið að samtöldu á gjaldárinu, að það býr sig þaðan á veiðar eða til söluferða, enda þótt afli þess sé hvergi lagður upp hér á landi, svo að útsvarsskylt verði samkv. næsta tölulið hér á undan.
7. Ef maður stundar atvinnu utan heimilissveitar sinnar og fær meira í kaup í atvinnusveit á því ári, sem útsvar miðast við, en 4000 krónur. Sama máli gegnir um þann, sem lögskráður er á skip eða flugfar og fær meira í kaup um skráningartímann en 6000 krónur. Til kaupgjalds í þessu sambandi reiknast fæði og önnur hlunnindi, er aðili kann að fá, verðlagt eins og yfirskattanefnd í umdæmi atvinnusveitar metur það til skattframtals.

   Heimilt er hvorri um sig, atvinnusveit og heimilissveit, að leggja heildartekjur aðila á árinu til grundvallar útsvarsútreikningi á hann og leggja á þær eftir gjaldstiga sínum, en aldrei skal gjaldkræft til atvinnusveitar meira en ⅗ hlutar þess útsvars, sem samkvæmt þessu kemur hlutfallslega á tekjur gjaldþegns í atvinnusveit. Heimilissveit er skylt að taka fullt tillit til atvinnusveitarútsvars, svo tryggt sé, að þar falli ekki útsvar á þann hluta tekna hans, sem ber uppi gjaldkræft útsvar í atvinnusveit.
8. Ef stjórn fyrirtækis eða félags, sem atvinnu rekur, er búsett í annarri sveit en fyrirtækið hefur atvinnustöðvar sínar í og reikningshald félagsins, meira en endurskoðun, fer fram þar, sem stjórnin er búsett, þá er heimilt að leggja þar á allt að 10% af útsvarsbærum tekjum fyrirtækisins á útsvarsárinu. Geymi fyrirtækið birgðir og hafi afgreiðslu eða útsölu annars staðar en atvinnustöðvar þess og framleiðsla eru, skal heimilt að leggja þar á allt að 25% af útsvarsbærum tekjum þess á útsvarsárinu. Miðast hámark þeirrar hlutdeildar við, að mestöll söluafgreiðsla félagsins fari þar fram. Heildartekjur gjaldþegns má leggja til grundvallar stighækkun á útsvari hans samkv. þessum lið.

6. gr.

Útsvör samkvæmt 4.—6. lið 5. gr. má ekki, nema sérstakt leyfi ráðherra komi til, nema meiru en ½% af söluverði framleiðslu, áætluðu, ef svo ber undir, og 1% af útsöluverði seldrar vöru þar á staðnum. Nái söluverðsupphæð gjaldþegns á því ári, sem útsvar miðast við, ekki 3 þús. krónum, fellur réttur atvinnusveitar til þeirrar útsvarsálagningar niður.

Útsvör samkv. 4.—7. lið 5. gr. má atvinnusveit leggja á með aukaniðurjöfnun á því ári, sem atvinna fer fram, enda hefur hún rétt til þá þegar að krefjast af gjaldþegnum og atvinnurekendum þeirra allra upplýsinga, sem til þess þarf og þeir geta í té látið. Eigi fellur þó álagningarréttur samkvæmt þessum tölulíðum niður til næstu aðalniðurjöfnunar.

Skylt er niðurjöfnunarnefnd, sem leggur á útsvör samkv. nefndum tölulíðum 5. gr., að senda hlutaðeigandi heimilissveit strax og niðurjöfnun hefur farið fram,

skrá yfir nöfn gjaldenda, upphæðir útsvara þeirra, tekjumagn, sem á hefur verið lagt, og vöruumsetningu, sem miðað hefur verið við.

Skylt er heimilissveit að taka hæfilegt tillit til útsvarsupphæðar, sem miðast við hundraðsgjald af umsetningu, sbr. 4.—6. lið 5. gr.

7. gr.

Nú flyzt maður milli sveita, og skal þá skipta því útsvari, sem á hann er lagt næst eftir flutninginn, milli þeirra sveita, sem hann hefur átt heima í, að tiltölu við þann tíma af útsvarsárinu, sem hann hefur átt heima í hvorri um sig. Þó fær sveit eigi hluta af slíku skiptaútsvari, ef heimilisfesta aðila þar hefur eigi staðið fulla 2 mánuði á því ári.

Heimilissveit gjaldþegns, þeirri er leggur útsvar á samkvæmt þessari grein, er skylt að innheimta útsvarið allt, en eigi ber hún ábyrgð á greiðslu fulls útsvarshluta samkvæmt skiptingarúrskurði, ef það sannast með árangurslausri lögtaksgerð, að útsvarið eða einhver hluti þess fáist ekki greitt.

Ef útsvarsþungi í þeirri sveit, sem úr er flutt, reynist hærri, svo að nemi 10% eða meira en í hinni, ber þeirri síðarnefndu að innheimta hjá gjaldþegni viðauka við útsvarshlutann, eftir því sem mismunurinn segir til, og standa brottflutningssveitinni skil á honum, að því tilskildu, að innheimta beri árangur, sbr. það, sem sagt var áður um sjálft útsvarið. Reynist útsvarsþungi lægri, svo að jafnmiklu nemi, í þeirri sveit, sem úr er flutt, ber heimilissveitinni að endurgreiða gjaldþegni tilsvarandi hluta af þeirri útsvarshlutdeild, sem brottflutningssveitinni taldist.

Sveit, sem leggur útsvar á innflytjanda úr annarri sveit, á rétt á 10% af innheimtu útsvari sem þóknun fyrir starf sitt og innheimtuna, en 90% af útsvarsupphæðinni greiðist heimilissveit eða skiptist samkvæmt ákvæðum laga þessara.

8. gr.

Sú sveit, sem telur sig eiga kröfu til útsvarshluta frá annarri sveit samkv. 7. gr., sendi um það tilkynningu til viðkomandi sveitar fyrir 1. febrúar það ár, sem útsvar kemur til skiptingar. Heimilt er þó að taka slíka tilkynningu til greina, ef hún kemur niðurjöfnunarnefnd í hendur, áður en niðurjöfnun skal vera lokið á því ári. Tilkynningunni skulu fylgja greinilegar upplýsingar um niðurjöfnunarreglur þeirrar sveitar, svo að séð verði, hve mikið útsvar mundi falla á gjaldþegn samkvæmt þeim. Tilkynninguna ásamt nefndum fylgiskjölum svo og upplýsingum um álagt útsvar á gjaldþegn og öðrum gögnum, sem málið varða, sendir heimilissveitin til yfirskattanefndar þess umdæmis, sem hún er í. Kveður yfirskattanefnd á um skiptingu útsvarsins og um breytingu á útsvarshluta til greiðslu, en skjóta má úrskurði hennar til ríkisskattanefndar, sem fellir endanlegan úrskurð.

Greiðsla útsvarshluta til annarrar sveitar skal innt af höndum innan mánaðar frá því úrskurður yfirskattanefndar hefur komið hlutaðeigandi sveitarstjórn í hendur.

IV. KAFLI

Um niðurjöfnunarnefndir og störf þeirra.

9. gr.

Utan kaupstaða jafnar hreppsnefnd niður útsvörum. Þar, sem hreppsnefnd er skipuð 5 mönnum eða fleirum, er henni heimilt að kjósa úr sínum hópi eigi færri en þrjá menn hlutbundinni kosningu, ef einhver nefndarmanna krefst þess, til að framkvæma niðurjöfnunarstarfið, samkvæmt þeim fyrirmælum, er hún kann að setja, og á hennar ábyrgð.

Heimilt er hreppsnefnd að ákveða þóknun fyrir niðurjöfnunarstörf, þó ekki yfir 10 kr. á dag til hvers nefndarmanns. Greiðist hún úr sveitarsjóði.

10. gr.

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Utan Reykjavíkur er bæjarstjóri formaður niðurjöfnunarnefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni fjórir menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kýs bæjarstjórn á sama hátt og til sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd og einn þeirra formann nefndarinnar. Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til vara, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórnar. Skylt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskylt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri, fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Í Reykjavík skal skrifstofustjóri skattstjóra aðstoða við starf niðurjöfnunarnefndarinnar og veita allar upplýsingar, sem hægt er.

Áður en niðurjöfnunarnefndarmaður tekur í fyrsta skipti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samvizkusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

11. gr.

Áður en niðurjöfnun hefst, ber formanni viðkomandi skattanefndar (skattstjóra) að afhenda niðurjöfnunarnefnd framtöl gjaldþegna til tekjuskatts og eignarskatts í þeirri sveit, ásamt afriti af síðustu skattskrá, til afnota við niðurjöfnunina.

Alla þá, sem veita öðrum atvinnu, getur nefndin krafið skýrslna um kaup vinnuþega, svo og banka, sparisjóði og aðrar stofnanir, sem vitað er um, að varðveiti fé fyrir menn, um inneignir á viðkomandi stöðum, svo og um vexti af þeim á útsvarsárinu. Stjórnarvöldum er skylt að veita niðurjöfnunarnefndum upplýsingar, eftir því sem þörf er til og föng eru á. Nú er skýrslu samkvæmt þessari málsgrein haldið fyrir nefndinni, og skal þá ráðherra, ef nefndin krefst þess, leggja fyrir aðila, að viðlögðum dagsektum, að gefa skýrsluna, ef ráðherra telur hana geta það og vera það skylt. Þessi atriði verða ekki borin undir dómstóla.

Niðurjöfnunarnefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag gjaldþegna.

12. gr.

Ef gjaldþegn hefur ekki talið fram eignir sínar og tekjur til skatts og veitir niðurjöfnunarnefnd ekki heldur nægilegar upplýsingar um hagi sína, þá skal hún áætla honum tekjur og eignir svo ríflega, að fullvíst megi telja, að hann vinni ekki á því að halda upplýsingum fyrir nefndinni. Nú telur niðurjöfnunarnefnd, að framtal gjaldþegns eða upplýsingar til nefndarinnar séu ófullnægjandi, tortryggilegar eða jafnvel sýnilega rangar í einhverjum atriðum, og skal hún þá áætla honum eignir og tekjur eftir beztu vitund.

Ef þeir, sem bókhaldsskyldir eru að lögum, láta eigi greinilega færða rekstrar- og efnahagsreikninga fylgja framtölum sínum og leggja þá eigi heldur fram við niðurjöfnunarnefnd, að framkominni kröfu um það — enda valdi því eigi veikindi eða önnur forföll, sem gild eru tekin, — missa þeir rétt til kæru yfir því útsvari, sem á þá er lagt að því sinni. Þá hefur og nefndin rétt til að krefja hvern þann, sem sjálfstæða atvinnu rekur, um nákvæm reikningsskil viðvíkjandi rekstri hans.

Nú fellir meiri hluti niðurjöfnunarnefndar fram komna tillögu í nefndinni um að krefjast skýrslu af einstökum gjaldþegni eða um hann, og getur þá minni hluti nefndarinnar leitað heimildar yfirskattanefndar í því umdæmi til að krefjast skýrslunnar, enda færi hann fram greinilegar ástæður fyrir heimildarbeiðninni.

13. gr.

Útsvör skal leggja á eftir efnum og ástæðum, nema öðruvísi sé sérstaklega tiltekið í lögum. Skal þá til greina taka:

1. Þegar álagning er miðuð við útsvarsár, eignir gjaldþegns á því ári, hverjar þær eru og hversu verðmætar og hve miklar skuldir á þeim hvíla. Í öðru lagi tekjur gjaldþegns á því ári, í hverju þær eru fólgnar og hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.
2. Þegar um gjaldársútsvar er að ræða, þær tekjur, sem gjaldþegn hefur aflað sér á því ári, enda verði hvergi á þær lagt hér á landi á næsta ári.
3. Ástæður gjaldþegns að öðru leyti: Vanheilsu hans eða fjölskyldu hans, óhöpp eða tjón, sem bagað hafa afkomu gjaldþegns meira en tekjurýrnun og eignaskerðing sýna, sérstakan menningarkostnað skattþegns, barna, kjörbarna eða fósturbarna hans. Á hinn bóginn höpp og hagsmuni, sem ekki er skylt að telja fram til skatts (svo sem vegna eignahreyfinga), uppgripatekjur og batnandi atvinnurekstraraðstöðu. Skal yfirleitt allur hagur skattþegns vandlega skoðaður, áður en ákvörðun er tekin um útsvar hans.
4. Rekstur gjaldþegns. Fer það eftir mati niðurjöfnunarnefndar hverju sinni, hve mikið skal lagt á reksturinn, en þess skal jafnan gætt, að innbyrðis samræming sé í álagningunni.

14. gr.

Sýslunefndum ber að vinna að samræmingu á reglum og aðferðum við álagningu útsvara, hverri í sínu umdæmi. Nú kemur fram í sýslunefnd fylgi við þá hugmynd að setja sýslusamþykkt um meginreglur fyrir álagningu útsvara, og skal þá sýslunefnd, í samvinnu við yfirskattanefnd héraðsins, gera frumvarp að slíkri samþykkt, er síðan sé sent öllum hreppsnefndum í umdæminu til umsagnar. Fallist hreppsnefndir í fullum helmingi allra hreppanna á, að samþykkt sé gerð um þau aðalatriði, sem í frumvarpinu felast, tekur sýslunefndin það fyrir á ný, ásamt breytingartillögum, sem fram kynnu að hafa komið við það. Hljóti frumvarpið í heild atkvæði ⅗ hluta mættra sýslunefndarmanna, telst það samþykkt, en tekur þá fyrst gildi, er það hefur hlotið staðfestingu ráðherra.

Fallið frumvarp má eigi taka upp til sömu meðferðar fyrr en að ári liðnu.

Í samþykkt má tiltaka:

1. Um hlutfall milli álagningar á tekjur og eignir.
2. Um stighækkun álagningar á sömu gjaldstofna.
3. Um frádrátt fyrir ómögum og öðrum framfæringum gjaldþegna.
4. Um hámark álagningar að hundraðshlutfalli á tekjur og eignir og hversu með skuli fara, ef það fullnægir eigi þörfum.
5. Um beitingu álagningar á aðra sérstaka álögustofna, ef til þarf að taka.
6. Um heimild til uppfærslu á mati tiltekinna eignaliða, að því er til álagningar tekur, til samræmis við verðlag í landinu.
7. Um sérákvæði fyrir hreppa, þar sem verulega fleiri verkefni til fullnægingar almennum þörfum falla undir sveitarsjóðsrekstur en í öðrum, enda sé útsvarsþungi þar meiri að tiltölu við tekjur og eignir.
8. Um aðferð við útreikning útsvara.

Í ákvæðum undir tölulið 1—3 sé veitt hæfilegt svigrúm til mismunar eftir ástæðum í hreppum um breytilega álagningarþörf, í hlutfalli við tekjur og eignir.

Félagsmálaráðuneytið gefur út nánari fyrirmæli um setningu slíkra samþykkta og veitir að öðru leyti þær leiðbeiningar og upplýsingar þeim viðvíkjandi, sem föng eru á.

15. gr.

Nefndin gerir skrá yfir alla þá, er hún leggur útsvör á, í stafrófsröð eða eftir boðleið, og útsvarsupphæð fyrir aftan hvert nafn, enda skal nefndin undirrita skrána, þá er henni er lokið.

16. gr.

Niðurjöfnunarnefnd er ályktunarfær, ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Skylt er öllum nefndarmönnum að greiða atkvæði, nema mál varði sjálfa þá, maka þeirra, frændur þeirra að feðgatali eða niðja eða systkin og jafnnána að mægðum. Afl atkvæða ræður úrslitum. Nú eru atkvæði jöfn, og skal þá sá hlutinn ráða, sem formaður fylgir.

17. gr.

Aðalniðurjöfnun útsvara fer fram á tímabilinu febrúar—maí, að báðum mánuðunum meðtöldum, eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Þó getur ráðherra heimilað sveitarstjórn, eftir beiðni hennar, að láta aðalniðurjöfnun útsvara fara fram síðar á árinu, ef ríkar ástæður mæla með því. Útsvarsskrá skal liggja frammi á þingstað hrepps eða öðrum hentugum stað í hreppnum, en í kaupstöðum í skrifstofu bæjargjaldkera eða öðrum hentugum stað, 4 vikur í hreppum, en 2 vikur í kaupstöðum, enda skal auglýsa framlagning skrár í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti.

18. gr.

Rétt er gjaldþegni að finna að útsvari sínu eða að því, ef honum hefur verið sleppt af skrá, eða að útsvör annarra gjaldþegna séu of lág, samanborið við hans, eða að öðrum gjaldþegnum hafi verið sleppt af skrá. Kærur skulu bréflegar vera, stílaðar til niðurjöfnunarnefndar og koma í hendur formanns hennar áður liðinn er sá tími, er niðurjöfnunarskrá á að liggja frammi. Skal nefndin úrskurða kærur svo fljótt sem unnt er og ekki síðar en 14 dögum eftir kærufrest. Nefnd er heimilt að breyta útsvörum bæði til hækkunar og lækkunar, enda hafi aðila verið send tilkynning um það, að annar gjaldþegn hafi borið sig saman við hann, eða að nefndin hafi í hyggju að hækka útsvar hans, enda þótt enginn gjaldþegna hafi borið sig saman við hann. Enn fremur er heimilt að hækka útsvar kæranda, enda þótt hann hafi kært það til lækkunar.

Nefndin skal jafnan, svo fljótt sem þess er kostur, senda aðila tilkynningu, ef hún tekur hann á skrá samkvæmt kæru eða breytir útsvari gjaldþegns, eða ef kæru er ekki sinnt.

Ef útsvari gjaldþegns er breytt samkvæmt þessari grein, er honum heimilt að kæra það fyrir yfirskattanefnd, enda þótt hann hafi ekki kært til niðurjöfnunarnefndar.

19. gr.

Nú vill gjaldþegn ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndar, og er honum þá rétt að áfrýja honum með kæru til viðkomandi yfirskattanefndar, enda sé slík kæra komin formanni yfirskattanefndar í hendur áður liðnar séu 4 vikur frá dagsetningu úrskurðar í hreppum eða 2 vikur í kaupstöðum. Nú berst yfirskattanefnd kæra á tilsettum tíma, og er formanni hennar þá — eða ekki síðar en kærufrestur er með vissu útrunninn — skylt að senda viðkomandi niðurjöfnunarnefnd tilkynningu um, frá hverjum kæra hefur borizt eða kærur, ef fleiri eru, svo að hún geti haft aðstöðu til að færa vörn í máli sínu, ef hún telur þurfa. Skylt er henni hins vegar að senda yfirskattanefnd innan tiltekins frests upplýsingar um niðurjöfnunarreglur sínar, einnig um útsvarsupphæðir kæranda og samanburðarmanna hans, og þær undirstöður, sem þau útsvör eru lögð á, svo og þær upplýsingar aðrar, sem yfirskattanefnd kann að krefjast og málið varða. Þá hefur og yfirskattanefnd sama

rétt og 11.—12. gr. veita niðurjöfnunarnefndum til að krefjast skýrslna um hagi kæranda og samanburðarmanna hans, eftir því sem hún telur þurfa.

Yfirskattanefnd úrskurðar kæru innan mánaðar, frá því að kærufresti til hennar er lokið, nema draga verði úrskurð af því, að afla þurfi frekari upplýsinga.

Fyrir störf samkv. lögum þessum reiknast yfirskattanefnd kaup eftir sama taxta og gildir fyrir störf hennar samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Greiðist það úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Ef ágreiningur rís um kaupgreiðslur yfirskattanefndar, sker ráðherra úr.

20. gr.

Sá gjaldþegn eða sú sveitarstjórn, er ekki vill hlíta úrkurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 mánuði eftir dagsetningu úrskurðar hennar skotið honum til ríkisskattanefndar. Ríkisskattanefnd skal hafa lokið úrskurði eigi síðar en 2 mánuðum eftir að kæra kemur til nefndarinnar. Ríkisskattanefnd hefur sama rétt til þess að krefjast upplýsinga og yfirskattanefnd, en nefndin breytir aðeins þeim útsvörum, sem úrskurður yfirskattanefndar hefur gengið um og síðan hefur verið áfrýjað til hennar.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

21. gr.

Kærum, sem koma eftir kærufrest, verður ekki sinnt. Ekki má yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd heldur breyta útsvari, nema svo reynist, að það hafi verið að minnsta kosti 10% of hátt eða of lágt.

22. gr.

Aukaniðurjöfnun má framkvæma samkv. ákvörðun sveitarstjórnar eða niðurjöfnunarnefndar í umboði hennar, þegar þörf krefur. Þá skal leggja útsvör á þá gjaldþegna:

1. er teknir skyldu hafa verið á aðalskrá, en hefur verið sleppt;
2. er að vísu voru teknir á aðalskrá, en síðan hefur orðið víst um, að framtöl þeirra til skatts eða aðrar upplýsingar um hagi þeirra væru að verulegu leyti ófullnægjandi;
3. sem útsvarsskyldir eru vegna aðgerða og aðstæðna á gjaldárinu. Tekur þetta til þeirra gjaldþegna, sem flytjast af landi burt, búa, sem lokið er skiptum í, og félaga, sem uppleyst eru, sbr. 4. gr. IV;
4. sem útsvarsskyldir hafa orðið eftir að aðalniðurjöfnun fór fram og leggja skal á gjaldársútsvar samkv. 4. gr. A. og B. eða samkv. 5. gr. 5.—7. tölulið.

Skrá skal gera um aukaniðurjöfnun með sama hætti og aðalskrá. Um framlagningu skrár, kæru og úrskurði fer eftir sömu reglum og um aðalniðurjöfnun.

V. KAFLI

Um gjalddaga útsvara, ábyrgð á þeim, innheimtu o. fl.

23. gr.

Gjalddagar útsvara eftir niðurjöfnun skulu vera tveir, hinn fyrri næsta virkan dag eftir að útsvarsskrá hefur verið lögð fram almenningi til sýnis, hinn síðari 1. september í kaupstöðum, en 15. október í hreppum. Fellur helmingur útsvarsupphæðar til greiðslu hvorn þessara gjalddaga. Eigi getur gjaldandi vegna kæru eða áfrýjunar losazt undan að greiða útsvarið á ákveðnum gjalddaga, en verði það fært niður, skal mismunurinn endurgreiddur honum. Nú er heimilað að jafna síðar niður en 15. júlí, sbr. 17. gr., og ákveður þá hreppsnefnd gjalddaga.

Eindagi útsvara eftir aukaniðurjöfnun fer eftir ákvörðun niðurjöfnunarnefndar, en má þó ekki síðar vera en 1. október, ef útsvar var lagt á fyrir þann dag, en ella ekki síðar en 31. desember.

Eindagi á öllu útsvari erlendis búsettra gjaldþegna (4. gr. B. 1—3) skal ávallt vera sá dagur, er útsvarsálagningu á þá er hverju sinni lokið.

24. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum en 23. gr. segir, eftir þessum reglum:

a. Með fjórum jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi samtals allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. febr. ár hvert og auglýsa þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkv. þessum staflið. Niðurjöfnunarnefnd ákveður lækkunina.

Nú verður ljóst, þegar niðurjöfnun útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlum sveitarsjóðs.

b. Álagt útsvar við aðalniðurjöfnun að frádregnu því, sem greitt hefur verið samkvæmt a-lið, ber gjaldanda að greiða með þremur eða fjórum jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóvember, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember. Heimilt er sveitarstjórn þó að leyfa kaupgreiðendum að greiða þann hluta útsvars fastra starfsmanna sinna með sex jöfnum greiðslum, þannig að gjalddagar verði einnig 2. janúar og 1. febrúar næsta ár eftir gjaldárið.

Allar greiðslur samkv. þessari grein skulu inntar af höndum í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Falli greiðslur undan samkv. a-lið hér að ofan, er fyrirframgreiðslan öll fallin í gjalddaga og lögtakskræf 15 dögum eftir greiðslufall. Eftir að niðurjöfnunarskrá hefur verið lögð fram eru eftirstöðvar útsvars og fyrirframgreiðsla, ef ógoldin er, allar fallnar í gjalddaga 15 dögum eftir að greiðslufall hefur í eitt skipti orðið á útsvarshluta.

25. gr.

a. Kaupgreiðendur ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkv. 23. og 24. gr., eða þegar kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa frá sveitarstjórn til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir af kaupinu fyrir útsvarsgreiðslunni.

b. Vilji sveitarstjórn haga innheimtunni á þann veg, sem segir í a-lið, skal hún senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem kaupgreiðandi hefur í þjónustu sinni og ætlazt er til, að kaupgreiðandi greiði, og senda jafnframt tvíritaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glöggt, að um útsvarsgreiðslur sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta útsvarsgreiðanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samrit af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila, um leið og hann afhendir útsvarsgreiðsluna til sveitarsjóðs.

c. Orðið „kaup“ tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.

d. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.

e. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupi kaupþega til greiðslu á eldri útsvarsskuldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

f. Til lúkningar greiðslum samkv. e-lið skal þó ekki haldið eftir meira en ⅕ af því kaupi, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella ⅓. Ekki má krefja útsvarshluta af manni samkvæmt e- og f-liðum, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans að dómi framfærslunefndar.

g. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslur, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaupi.

Sveitarstjórn getur krafið um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri, svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendunum frest til að skila skýrslum.

h. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfur um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaupi eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.

Kaupgreiðanda er skylt að tilkynna sveitarstjórn jafnskjótt og utansveitarmaður ræðst til vinnu hjá honum. Skal þar fram tekið fullt nafn mannsins, heimilisfang hans í dvalarsveit, lögheimili, fæðingardagur og ár.

i. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupi samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupi útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir til greiðslu samkvæmt a-lið og heimilt er að draga af kaupi samkvæmt e- og f-liðum, svo og 10% af kaupi daglaunafólks, þó ekki af lægri kaupupphæð en 100 krónum, og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan sex virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.

j. Nú hættir útsvarsgreiðandi að taka kaup hjá kaupgreiðandanum, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafin útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda.

k. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldanda.

l. Ef kaupgreiðandi
   1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
   2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt er samkv. þessari grein,
   3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem fyrir er mælt í i-lið,
   4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í j-lið,

   þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvars-

gjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein.

Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum, eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.

m. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkv. þessari grein, á rétt til endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.

n. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

26. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 25. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafizt útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldþegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. g- og h-lið, þó ekki með almennri auglýsingu.

27. gr.

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda búi þau saman, þegar niðurjöfnun fer fram.

28. gr.

Umboðsmaður erlends tryggingarfélags ber ábyrgð á útsvari þess, eins og það væri sjálfs hans útsvar.

Kaupgreiðandi þeirra, er gjaldársútsvar leggst á, sbr. 4. gr. B. 1. og 5. gr. stafl. 7, ábyrgist sem sína eigin útsvarsskuld útsvar slíkra gjaldþegna, án tillits til þess, hvernig kaupgjaldi og kaupgreiðslum er varið. Til þess að standast þá ábyrgð er kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af vinnulaunum kaupþegns:

a.	ef grunnlaun eru undir 500 kr. á mánuði		10%
b.	— — — 500—800 — — —		15—
c.	— — — yfir 800 — — —		20—

Ef kaupgreiðandi manns, sem um útsvarsskyldu gæti fallið undir ákvæði 5. gr. stafl. 7, færir niðurjöfnunarnefnd gögn, er hún tekur gild, fyrir því, að dvöl gjaldþegns og kaupgjald í atvinnusveit á því ári geti ekki varðað útsvarsskyldu þar, getur hún fyrirfram leyst báða aðila undan fyrirmælum þessarar greinar.

Nú er dvöl manns í atvinnusveit lokið, og getur þá hvort heldur hann eða kaupgreiðandi hans krafizt úrskurðar niðurjöfnunarnefndar þá þegar um, hvort aðili hafi orðið þar útsvarsskyldur vegna dvalar sinnar, enda séu lögð fram gögn, er báðir staðfesta, fyrir dvalartíma og kaupgjaldsupphæð. Falli útsvarsskylda á, eiga þessir aðilar kröfu á að fá tilkynningu um útsvarsupphæð gjaldþegns innan 10 daga frá því úrskurðar var beiðzt, ella falli kröfuréttur á útsvarsgreiðslu hans þar niður.

Eignir erlendis búsetts atvinnurekanda, þær er hann á hér á landi, skulu vera að lögveði til tryggingar útsvari, sem lagt er á hann hér á landi, næst á eftir sköttum, er á þeim kunna að hvíla til ríkissjóðs Íslands, enda má kyrrsetja þær til tryggingar útsvarsgreiðslum, án þess að beiðandi þurfi að setja tryggingu, og halda kyrrsetningarmáli til laga fyrir bæjarþingi eða aukarétti þar, sem kyrrsetning fór fram.

29. gr.

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, 1% fyrir tvo fyrstu mánuðina og 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður þar fram yfir frá gjalddaga, unz skuldin er að fullu greidd.

30. gr.

Útsvör og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

31. gr.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við töluna 100 í jan.—marz 1939, skulu allar fjárhæðir í lögum þessum, sem tilteknar eru í krónum, hækkaðar, áður en þær eru lagðar til grundvallar útsvarsákvörðun, svo sem meðalvísitala á útsvarsárinu segir til, þegar um útsvarsársútsvör er að ræða. Þegar um gjaldársútsvör ræðir, skal hækkunin miðuð við meðalvísitölu þess tímabils, sem útsvarsstofninn hefur skapazt á.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Lög nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.
2. Lög nr. 96 frá 9. des. 1946, um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga, að því er tekur til ákvæða um útsvör.
3. Lög nr. 59 24. maí 1947, um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, svo og önnur lagaákvæði, er koma í bága við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan í gildi eru ákvæði 3. gr. laga nr. 20 1942, sbr. b- og g-lið 14. gr. sömu laga, skal við ákvörðun útsvarsskyldra tekna draga frá hreinum tekjum þess, sem hlunninda nýtur vegna framlags í nýbyggingarsjóð samkv. 2. efnismálsgr. 3. gr. nefndra laga, þá fjárhæð, sem gjaldþegn hefur lagt í sjóðinn á útsvarsárinu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði í októbermánuði 1946, til þess að taka til endurskoðunar lög um útsvör, nr. 106/1936, og athuga þær tillögur, sem uppi höfðu verið þá um skeið til breytinga á útsvarslögunum, en jafnan verið frestað vegna væntanlegrar heildarendurskoðunar útsvarslaganna.

Einn helzti ásteytingarsteinn núgildandi útsvarslaga er skipting útsvaranna, og var því sérstaklega lagt fyrir nefndina að reyna að finna lausn á því máli.

Ráðuneytið telur rétt að leggja frumvarpið fyrir Alþingi eins og það kom frá nefndinni og láta greinargerð hennar ásamt fylgiskjölum fylgja því. Það mun hins vegar senda nefnd þeirri, er frumvarpið fær til meðferðar á Alþingi, nokkrar tillögur til breytinga á frumvarpinu, sem ráðuneytið óskar, að komi til álita.

Frá nefndinni fylgdi frumvarpi þessu svo hljóðandi

Greinargerð.

Með bréfi, dags. 28. október 1946, kvaddi félagsmálaráðherra eftirtalda menn í nefnd til að endurskoða lög nr. 106 frá 23. júní 1936, um útsvör, og síðari breytingar á þeim lögum, og skyldi þessu starfi lokið fyrir 1. febr. 1947.

Nefndarmenn voru þessir:

Adolf Björnsson bankafulltrúi, Hafnarfirði, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Gunnar Viðar hagfræðingur, Reykjavík.

Ingólfur Jónsson lögfræðingur, Reykjavík.

Jón Gauti Pétursson bóndi, Gautlöndum.

Nefndin kom saman í Reykjavík hinn 5. nóvember s. á. Skipti hún þannig með sér verkum, að Jón Gauti Pétursson var, jafnframt því að vera kosinn fundaritari nefndarinnar, einnig ráðinn til að starfa fyrir hana að útvegun gagna og heimilda og til að vinna úr þeim, eftir nánari ákvörðunum.

Með bréfi félagsmálaráðuneytisins, dags. 7. nóv. s. á., var nefndinni tjáð, að ráðuneytið teldi æskilegt, að nefndin, auk aðalverkefnis síns, ræddi og gerði tillögur

um nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin, því yrði hún sammála um slíkar tillögur, mundi henni einnig falið að semja frumvarp til laga um það efni.

Helztu heimildargögn, er nefndin tók til rannsóknar, voru:

a. Lög öll og lagabreytingar, er útsvör snerta, ásamt umræðum um þau á Alþingi.
b. Úrskurðir ríkisskattanefndar um útsvarskærur, allt frá því að slík mál féllu undir valdssvið hennar.
c. Hæstaréttardómar um útsvarskærur um síðustu 15 ár.
d. Tillögur til breytinga á lögum um útsvör frá nefnd, er Samband íslenzkra sveitarfélaga hafði skipað 1945 til að vinna að endurskoðun laganna og leggja fyrir fund Sambandsins 1946. — Tillögum þessum fylgdu upplýsingar um gjaldstiga og aðrar reglur við niðurjöfnun útsvara í sveitarfélögum víðs vegar af landinu, svo og bréf frá ýmsum oddvitum, almennara efnis um þessi málsatriði.
e. Löggjöf Norðurlandaríkjanna um sveitarskattamálefni.
f. Útdrættir úr skattskrám og sveitarsjóðsreikningum til rannsóknar á útsvarsþunga á hverjum stað, miðað við afkomu og efnahag.

Að starfinu vann nefndin þannig, að hún hélt fundi frá kl. 5—7 síðdegis, a. m. k. þrisvar í viku. Þegar dró að febrúarlokum 1947 og nefndin átti að hafa lokið störfum, hafði hún að sönnu formað nálega allar þær breytingartillögur, er hún hugðist gera við löggjöfina, og fært þær inn á samfelldan texta með því, sem óbreytt stóð af lögunum. Aftur á móti hafði hún nálega ekkert sinnt því aukaverkefni, er tekur til nýrra tekjustofna fyrir sveitarfélögin. Varð þá að samkomulagi við félagsmálaráðuneytið, að nefndin frestaði störfum til næsta hausts, einnig með tilliti til þess, að þá kynni að liggja fyrir staðbetri vitneskja en áður um reynslu nágrannalandanna um sveitarskattamál.

Nefndin kom svo saman að nýju í Reykjavík hinn 30. sept. 1947 og tók upp sömu starfstilhögun og áður. Störfum nefndarinnar var lokið 4. desember s. á., og hafði hún þá alls haldið 76 fundi.

Það skal tekið fram, að skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins, Jónas Guðmundsson, sem jafnframt hefur eftirlit sveitarfélaga með höndum, hefur haft samvinnu við nefndina um megindrættina í verkefnum hennar og að sjálfsögðu veitt henni ýmsar mikilsvarðandi upplýsingar og leiðbeiningar í starfinu.

Framar því, sem nú hefur verið sagt um starfsframkvæmd nefndarinnar, vill hún taka þetta fram um verkefnið í heild sinni.

I.

Sérstök löggjöf um útsvör á sér ekki langa sögu að baki hér á Íslandi. Allt fram á árið 1926 voru öll lagaákvæði viðvíkjandi útsvarsálagningu utan kaupstaða falin í nokkrum greinum sveitarstjórnarlaganna frá 10. nóv. 1905, ásamt minni háttar breytingum, sem á þeim höfðu verið gerðar á tímabilinu, sem í milli lá. En jafnhliða þessum lögum voru og í gildi ýmis ákvæði varðandi útsvarsálagningu í sérstökum lögum um bæjarstjórn fyrir hvern kaupstað. Voru þau ærið mismunandi innbyrðis, enda sett á ýmsum tímum, en öll voru þau um margt frábrugðin ákvæðum sveitarstjórnarlaganna, sem í raun réttri tóku ekki til kaupstaðanna nema um almennustu atriði. Einkum voru ákvæðin um álagningarrétt atvinnusveitar mjög sundurleit í umdæmunum, og olli það óánægju og misklíð, sem vonlegt var.

Með útsvarslögunum frá 1926 voru öll sérákvæði fyrir einstök umdæmi felld niður og ein lög látin gilda fyrir allt landið. Auk þeirrar samræmingar voru þær breytingar gerðar mestar á lögunum, að öll sveitarfélög skyldu hafa almanaksárið að reikningsári, og svo hitt, að með tiltölulega fáum undantekningum skyldi heimilissveit gjaldþegns ein hafa rétt til að leggja á hann útsvar. Aftur á móti skyldi skipta útsvörum þeirra gjaldþegna, sem stunduðu — og í vissum tilfellum ef þeir ráku — atvinnu utan heimilissveitar sinnar, milli hennar og atvinnusveitar. Þó skyldi heimilissveitin eiga allan álagningarréttinn, ef tekjur aðila í atvinnusveit náðu ekki vissu marki, og ávallt skyldi heimilissveit eiga nokkurn hluta þeirra út-

svara, sem til skipta komu, jafnvel þó gjaldþegn hefði ekki unnið fyrir neinum tekjum þar á útsvarsárinu.

Þessi nýbreytni, að skipta útsvörum milli sveita, olli miklum deilum á Alþingi 1926. Var því spáð, sem að verulegu leyti hefur og komið á daginn, að þessi tilhögun mundi reynast seinvirk og vafningasöm og skapa óvissu um, í 1—2 ár, hverjar yrðu endanlegar tekjur sveitarsjóðanna af útsvörum, þar sem búast mátti við, að ýmislegur ágreiningur um skiptinguna yrði að ganga undir æðri úrskurð. Fyrir því þingi lágu einnig tillögur um skiptingu álögustofna þeirra gjaldþegna, sem ynnu utan heimilissveitar sinnar, milli hennar og atvinnusveitar, þannig að báðar hefðu álögurétt, og skiptist fylgi þingmanna nær að jöfnu um þessar tvær leiðir. Öllu dýpri ágreiningur kom fram í umræðum þessum um, hver væri réttur atvinnusveitar til útsvarsgreiðslu yfir höfuð, og þá hversu langt hann skyldi ná. Hafði hann verið lítt takmarkaður af fyrri löggjöf, einkum í sérákvæðum ýmissa kaupstaða um útsvör, þeim er fyrr getur, og því þegar komin á nokkur venja í þessu efni. Þó hlaut réttur heimilissveitar þá viðurkenningu í löggjöf þessari, svo sem áður er greint, að útsvör á lágar tekjur komu ekki til skipta og að hún fær aldrei minna en ⅓ hluta af álagðri útsvarsupphæð.

Á næsta áratug eru engar verulegar breytingar gerðar á útsvarslöggjöfinni. En á Alþingi 1936 er hún tekin til allverulegrar endurskoðunar. Helztu breytingar, sem Alþingi gerði þá á lögunum, voru:

a. Að útsvör útlendinga skuli miðast við tekjur þeirra hér á gjaldárinu.
b. Ný og aukin ákvæði sett um innheimtu útsvara og ábyrgð atvinnuveitenda á greiðslum launþega, er þeir hafa í sinni þjónustu.

Breytingar þær, sem síðar hafa verið gerðar á lögunum, má í aðalatriðum telja að sé útfærsla á þessum áðurnefndu atriðum. Á Alþingi 1945 voru m. a. felld inn í lögin ný ýtarleg ákvæði um innheimtu útsvara og ábyrgð á greiðslu þeirra, og hefur nefndin ekki séð ástæður til að gera tillögur til verulegra breytinga á þeim kafla laganna.

Hér hefur þá, í fáum dráttum, verið rakin þróun útsvarslöggjafarinnar um tvo síðustu áratugi. En þótt allmiklar breytingar, og þá einkum viðaukar, hafi verið gerðar á þeirri löggjöf um þetta tímabil, kom það oftsinnis fram á Alþingi, að gagngerð endurskoðun laganna væri óhjákvæmileg. Á Alþingi 1945—46 kom fram tillaga til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að framkvæma þá endurskoðun, með þeim forsendum, að á tveim síðustu þingum hefðu legið fyrir frumvörp til laga um breytingar á útsvarslögunum, en Alþingi ekki tekið afstöðu til þeirra, af því fullkomin endurskoðun þeirra væri ráðgerð af hálfu ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Hafði sambandið, eins og áður er vitnað til, skipað nefnd til þess að endurskoða lögin, og lagði hún álit sitt og tillögur fyrir ársþing sambandsins 1946, en þar komu einnig fram ýmsar athyglisverðar breytingartillögur til viðbótar, og hefur nefndin tekið allar þessar tillögur til yfirvegunar.

Þeir annmarkar á útsvarslöggjöfinni, sem tíðast hafa komið í ljós á undanförnum árum, standa ýmist beinlínis eða óbeinlínis í sambandi við þau ákvæði laganna, sem taka til heimilisfestu gjaldþegna, — en þau grundvallast að hinu leytinu á lögunum um heimilisfang, svo langt sem þau ná. Er það til marks um óvissuna, sem ríkir í meðvitund manna um lögfulla heimilisfestu eða lögheimili, með tilliti til útsvarsskyldu, að á síðustu 15 árum hafa gengið nær 20 hæstaréttardómar um ágreining sveitarfélaga í þessu efni. Er það ljóst vitni um, að brýn þörf er á að gera þau ákvæði ákveðnari og ótvíræðari, og leit nefndin á það sem eitt aðalviðfangsefni sitt að gera þar um tillögur, sem til bóta mættu verða.

Samkvæmt eðli málsins hljóta öll þau ákvæði útsvarslaganna, sem vitna til heimilisfestu gjaldþegna, að byggjast á og vera í samræmi við lög nr. 95 frá 1936, um heimilisfang. Tók nefndin sér því fyrir hendur að gaumgæfa sem bezt þá löggjöf, og komst að raun um, að mjög tilfinnanlegur brestur væri á um, að skilgreining

þeirra laga á hugtakinu lögheimili væri nægjanlega skýr og tæmandi — og þá sízt viðvíkjandi heimilisfestu atvinnustofnana, en um það atriði hefur margvíslegur ágreiningur risið undanfarið, með tilliti til útsvarsskyldu. Þá eru og nokkur fleiri missmíði á löggjöf þessari.

Jafnframt því, sem nú var sagt um heimilisfangslögin, er þess að geta, að mjög ófullnægjandi lagaákvæði eru um skrásetningu árlegs manntals í landinu, utan Reykjavíkur. Með lögum nr. 3 frá 1945, um kirkju- og manntalsbækur, er að vísu lagt fyrir alla presta í landinu að færa „sálnaregistur" árlega, eftir kirkjusóknum, en án þess brigður séu bornar á samvizkusemi þeirra í því starfi, þá er víst um, að ýmsar misfellur eru á þeirri framkvæmd, og hljóta að verða, eins og þeim er í hendur búið, einkum síðan tilflutningur fólks í landinu á ýmsum árstímum fór í vöxt. Er þá oft svo, að þar, sem það átti áður heima, getur enginn gefið óyggjandi vitneskju um, hvort heimilisfang þess haldist óbreytt eða ekki. Hefur það þráfaldlega leitt til, að fólk er tekið upp á manntal á tveim stöðum, en hitt mun þó tíðara, að það sé hvergi talið, enda hafa aðalmanntölin, á 10 ára fresti, leitt í ljós, að veruleg brögð muni að því, að fólk eigi hvergi skrásett lögheimili.

Nefndin lítur svo á, að með öllu sé óviðunandi, að jafnlauslega og raun er á sé búið um svo mikilsvarðandi undirstöðuatriði fyrir útsvara- og skattalöggjöf sem manntals- og heimilisfangsákvæðin eru. Þó það væri ekki innifalið í verkefni hennar að gera tillögur um endurbætta lagasetningu í þessu efni, þá taldi hún þessi málsatriði svo miklu varða í sambandi við útsvarslöggjöfina, að hún hófst handa í samráði við félagsmálaráðuneytið um að semja frumvarp til laga um heimilisfang og einnig um skrásetningu árlegs manntals í hverju sveitarfélagi í landinu.

Í bréfum þeim, sem fyrr getur að útsvarslaganefnd Sambands ísl. sveitarfélaga hefðu borizt og þessi nefnd fékk til afnota, kemur mjög víða fram, að sveitarstjórnirnar æskja ákveðnari fyrirmæla en að þessu hafa verið í lög sett um, eftir hvaða reglum og með hvaða aðferðum skuli jafna niður útsvörum. Beindust breytingartillögur nefndar sambandsins, svo og fulltrúaþings þess, einkum að því að gera um þetta afmörkuð fyrirmæli, þó fleiri athyglisverðar tillögur kæmu þar og fram. Nú liggja fyrir nefndinni sæmilega greinagóðar upplýsingar frá nær 50 sveitarfélögum um niðurjöfnunaraðferðir og gjaldstiga á hverjum stað. Samanburður á þeim leiðir glögglega í ljós, að aðferðir niðurjöfnunarnefndanna eru næstum svo sundurleitar sem verða má, og þó einkum í sveitahreppunum. Með kaupstöðum og hinum stærri kauptúnum gætir að vissu marki meira samræmis — þó gjaldstigar séu vitanlega mismunandi háir, vegna ólíkra útsvarsþarfa. En að því leyti sem útsvörin í kaupstöðum hafa verið lögð á rekstur eða viðskiptaveltu, hafa sveitarstjórnir þar farið mjög sína leiðina hver, eftir geðþótta.

Í umræðum nefndarinnar um þessi málsatriði kom fram, að einn nefndarmanna — Jón Gauti Pétursson — taldi aðalákvæði núgildandi útsvarslaga um niðurjöfnunarreglur — þ. e. að jafna skuli niður eftir efnum og ástæðum — allt of óljóst og ófullnægjandi sem undirstöðufyrirmæli og leiðbeiningu um starfið, enda væri það arfur frá þeim tíma, er engin almenn framtöl á tekjum og eignum voru gerð í landinu. Lagði hann til, að skattskrár og skattaframtöl væru beinlínis gerð að undirstöðu niðurjafnana, en leiðbeiningar gefnar um, hvað meta mætti til ástæðna gjaldþegns, framar því sem skattframtöl upplýsa. Meiri hluti nefndarinnar féllst ekki á slíkar breytingar, og kemur því fram minnihlutanefndarálit viðvíkjandi þessu ákvæði.

Þrátt fyrir ágreining þann innan nefndarinnar, er hér var um getið, er hún á einu máli um, að meiri samræming um niðurjöfnunarreglur væri æskileg. Gagnvart umgetnum tillögum nefndar sveitarfélagasambandsins um þau málsatriði höfðu nefndarmenn þá afstöðu, að þær væru of skorðaðar við sérstök atvinnuskilyrði til að geta tekizt upp sem gildandi regla fyrir allt landið, enda álitamál, hvort ekki mundi heppilegt að vinna að samræmingu um álagningaraðferðir í 2—3 flokkskerfum, þ. e. fyrir sveitahreppa, kaupstaði og jafnvel kauptún hvað fyrir sig. Í samræmi

við þetta féllst nefndin á að setja nýtt ákvæði í frumvarpið (sbr. 14. gr.), þar sem sýslunefndum, að fengnu leyfi ráðherra, er heimilað að setja reglugerðir um niðurjöfnun útsvara fyrir sitt umdæmi. Má ætla, að Samband ísl. sveitarfélaga mundi vinna að samræmingu um niðurjöfnunaraðferðir á þeim grundvelli, en annars verður reynslan að skera úr um það, hvort eða á hvern hátt þessi leið verður notuð, og þá síðan, hvort bindandi lagafyrirmæli fyrir allt landið eða sérstaka flokka sveitarfélaga eiga við í þessu efni.

Reynslan um síðastliðna tvo áratugi af skiptingu útsvara milli heimilissveitar og atvinnusveitar hefur orðið á þá leið, að sú aðferð væri tafsöm og torveld í framkvæmd og reikningsskilum milli hreppa. Þess vegna leggur nefndin til, að frá henni sé horfið, nema þegar um búferlaflutning er að ræða, og atvinnusveit í þess stað veittur tiltekinn réttur til álagningar á þá utansveitarmenn, sem verulegar tekjur hafa þar. Sú nýbreytni fylgir þeirri tillögu, að atvinnusveit hafi heimild til að leggja þau útsvör á og innheimta á sama ári og teknanna er aflað.

Nefndin ræddi allmikið þá hugmynd, að útsvör af sérstakri starfsemi, sem nær til landsins alls, svo sem tryggingum, bankarekstri og sparisjóða, siglingum o. fl., ef útsvarsskylt yrði, rynnu í sameiginlegan sjóð, eins konar jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Þótt nefndarmenn virtust aðhyllast þessa hugmynd meira og minna, greindi svo mikið á um form og efni slíkra tillagna, og svo hitt, hvort tímabært væri að bera slíkt fram, að bersýnilegt þótti, að nefndin mundi ekki sameinast um að setja nein slík ákvæði inn í frumvarpið, en nefndarmenn hefðu hins vegar óbundnar hendur um að bera fram sértillögur, er að þessu lúta.

Þá gerði nefndin nokkrar breytingartillögur á efnisskipun í lögunum. Er það hið helzta, að hún flutti tvær fyrstu greinarnar úr II. kafla laganna, sem eingöngu á að fjalla um útsvarsskyldu almennt, aftur í IV. kafla. Þessar tvær greinar eru um niðurjöfnunarreglur og valdsvið niðurjöfnunarnefnda og eiga því ekki heima í kaflanum um útsvarsskyldu, en að öllu leyti rökréttara, að þær komi fram þar, sem rætt er um starfsframkvæmd við niðurjöfnun.

Að öðru leyti vísast hér til umsagnar um einstakar greinar frumvarpsins.

II.

Um einstakar greinar frumvarpsins finnur nefndin ástæðu til að taka fram:

Um 1. gr.

Hér er bætt við þrem orðaskýringum til að losna við málalengingar í sjálfum lagatextanum. Orðalag einnig glöggvað á stöku stað.

Um 2. gr.

Á greininni eru gerðar nokkrar breytingar á orðalagi, en efnisbreyting sú ein, að lagt er til, að undirbúningur fjárhagsáætlana fyrir sveitarsjóðina fari fram á sama tíma í hreppum og kaupstöðum, en geti þó orðið með nokkuð einfaldari hætti í hinum fyrrtöldu.

Um 3. gr.

Óbreytt að efni til.

Um 4. gr. (áður 6.—7. gr.).

Að ótöldum orðalagsbreytingum til skýringar eða til útfyllingar er lagt til að gera þessar breytingar helztar á efni greinarinnar (þ. e. um útsvarsskyldu):

1. Að fyrirmæli um lágmarksupphæð útsvars og um skemmstan búsetutíma í landinu sem skilyrði fyrir útsvarsskyldu falli niður í þessu sambandi. Fyrra atriðið virðist þarflaust, en af hinu gat leitt, að innfluttir menn til landsins gátu dvalið hér meira en ár, áður en hægt var að leggja á þá útsvar.
2. Að tekið sé upp í lögin um undanþágu fyrir forseta Íslands, sem ákveðin er í sérstökum lögum.

3. Að ákvæðunum um undanþágu sendimanna ríkisins, sem utanlands dvelja, sé breytt þannig, að þau taki til viðkomandi starfsmanna ríkisins í sendisveitunum, og þó þeirra einna, er laun taka samkvæmt lögum nr. 60 frá 1945 (þ. e. launalögunum).
4. Að undanþága sjóða, stofnana og félaga frá útsvarsskyldu samkvæmt sérstökum lögum sé afmörkuð við aðaltilgang þeirra og starfssvið. Má það vera augljóst, að löggjafinn hefur ekki ætlazt til, að slík hlunnindi næðu til þess, ef viðkomandi ræki ábatavænlega atvinnu, sem óháð og óskyld væri því starfssviði, sem undanþágan miðast við.
5. Að ný og sérstök fyrirmæli séu sett um, hvenær útsvarsskylda félaga, dánarbúa og þeirra manna, er flytjast að og frá landinu, hefst og hvenær hún fellur niður, svo og um ábyrgð á greiðslu slíkra útsvara. Vöntun slíkra ákvæða í útsvarslögin hefur leitt til réttaróvissu undanfarið og alloft valdið ágreiningi.
6. Að undir tilteknum skilyrðum megi leggja útsvörin á gjaldþegn á sama ári og tekna er aflað eða annar álögustofn útsvars kemur fram (þ. e. gjaldársútsvar). Sams konar ákvæði koma fram í lögum nr. 96 frá 1946, um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga, en nefndin telur rétt, að lögin veiti aðstöðu til að beita þessari aðferð undir fleiri skilyrðum, eins og fram kemur í öðrum tillögum hennar.
7. Að skilyrði fyrir dvalartíma heimilisfastra manna erlendis, sem útsvarsskyldir verða hér, sé fært niður úr 3 mán. í einn mánuð, og sé þó ekki bundið við þann lágmarkstíma, ef tekjur aðila á dvalartíma hans hér ná 3 þús. kr. upphæð. Er þetta einnig í samsvörun við lög nr. 96 frá 1946. Jafnframt er lagt til, að ýmis önnur ákvæði, er snerta útsvarsskyldu sömu aðila, séu færð út og nákvæmar tiltekin, og byggist það á framkominni reynslu í þessu tilliti.

Ágreiningur kom fram í nefndinni um ákvæði viðvíkjandi útsvarsskyldu samvinnufélaga, sbr. 4. gr. A. II. 2. Var sú breyting gerð á þeim lið, að niðurjöfnunarnefndir ákvæðu útsvarsskyldan arð slíkra félaga, í stað skattanefnda áður. Hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur gagnvart þeirri breytingu og liðnum í heild sinni.

Um 5.—6. gr. (áður 8.—9. gr.).

Hér er um margháttaðar breytingar að ræða, bæði að efni og orðalagi. Hefur þegar í hinni almennu greinargerð verið drepið á ýmsa annmarka á gildandi löggjöf um þessi atriði, svo sem ófullnægjandi fyrirmæli um heimilisfang og árekstra í sambandi við skiptingu útsvara. Miða tillögur nefndarinnar sérstaklega að því að bæta úr þessu, svo og að tilgreina betur ýmis þau atriði og ákvæði, sem leiðir af breyttum atvinnuháttum í landinu.

Þessar eru helztu breytingartillögur nefndarinnar:

1. Að skerpt séu ákvæðin um óyggjandi heimildir fyrir lögheimili gjaldþegna í sambandi við álagningu, en þó séð fyrir því, að á þá sé lagt skilyrðisbundið útsvar í dvalarsveit þeirra, ef vafi leikur á um þeirra rétta lögheimili. Ákvæði núgildandi laga um, að menn geti átt lögheimili á tveimur stöðum, falli að sjálfsögðu niður.
2. Að skipting útsvara milli heimilissveitar og atvinnusveitar falli niður, nema þegar um búferlaskipti er að ræða, en atvinnusveit öðlist sjálfstæðan álagningarrétt, innan ákveðinna takmarka, á þá, sem þar reka eða stunda atvinnu eða dvelja þar, svo útsvarsskyldir verði.

Þessu til skýringar vill nefndin taka fram:

a. Til tryggingar því, að atvinnusveit fari ekki á mis við eðlilega hlutdeild í útsvari ýmissa atvinnufyrirtækja, er hafa rekstraraðstöðu eða viðskipti innan takmarka hennar, án þess að hafa þar heimilisfestu, ber nefndin fram nokkur nýmæli, einkum varðandi viðleguskip og veiðiskip (sbr. 5.—6. tölul. 5. gr. og að nokkru leyti 4. tölul.). Jafnframt er það tillaga nefndarinnar (sbr. 6. gr.), að útsvör samkv. þessum töluliðum séu tiltekið hundraðs-

gjald af ákveðnum liðum í rekstri gjaldþegna. Má til sanns vegar færa, að hér sé að formi til fremur um skatt en útsvar að ræða, en tillögur nefndarinnar um viðmiðun þessara útsvara lúta að því annars vegar að afstýra misbeitingu af hálfu atvinnusveitar og hins vegar að gera álagninguna vafningaminni og fljótvirkari, þar eð nefndin leggur jafnframt til, að útsvör þessi geti orðið lögð á og innheimt á gjaldárinu.

b. Í samsvörun við núgildandi lagaákvæði er tillaga nefndarinnar, að útsvarsréttur atvinnusveitar á þá, sem þar stunda atvinnu, komi ekki til greina, nema tekjur aðila þar nái töluverðri upphæð, og taki aðeins til ákveðins hlutfalls af tekjunum, þó þær nái settu lágmarki, — en aftur á móti sé heimilað að láta stighækkun útsvarsins miðast við heildartekjur aðila, sem atvinnusveit verður sennilega oft að gera áætlun um, ef þeirra er ekki allra að leita í hennar umdæmi. — Í núgildandi lögum (sbr. 9. gr., 2.—3. tölul.) er lágmark tekna, sem útsvarsskipting til atvinnusveitar getur náð til, 3000 kr. í almennri atvinnu og 5000 kr. hjá skráðum sjómönnum, hvort tveggja að viðbættri verðlagsuppbót. Enn fremur er þar svo til tekið (sbr. 10. gr.), að heimilissveit skuli aldrei fá minna en ⅓ hluta af álögðu útsvari. Að sjálfsögðu eru allar þessar tölur álitamál, því enga sjálfgerða undirstöðu er að finna, er segi ákveðið til um, hvar mörkin eigi að liggja.

Meiri hluti nefndarinnar (A. Bj., I. J. og J. G. P.) er þeirrar skoðunar, að auka beri hlutdeild heimilissveitar frá því, sem verið hefur, þar sem álagningarrétturinn skiptist. Fyrst og fremst sýnir framkomin reynsla, að ýmsum hreppum hefur blætt meira en nokkru hófi gegnir og þeir fá undir risið vegna útsvarsskiptingar undanfarið. Eru þess jafnvel dæmi, að hreppar hafi orðið að greiða til annarra hreppa ¼—⅓ þeirrar upphæðar, sem niður var jafnað. Í annan stað hafa með tryggingalögunum, skólalöggjöfinni o. fl. lögum lagzt nýjar og í heild sinni mjög auknar kvaðir og ábyrgðir á heimilissveit gagnvart þeim, sem þar eiga heima. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að grunntala lágmarkstekna, sem álagning í atvinnusveit nái til, verði 1000 kr. hærri í hvorum flokki en það takmark, sem réttur til útsvarsskiptingar náði til áður. Nemur slík hækkun þó ekki nema broti af þeirri almennu grunnlaunahækkun, sem orðið hefur í landinu á undanförnum árum. Enn fremur er lagt til, að útsvar atvinnusveitar nái aldrei nema til ⅗ hluta þeirra tekna, sem gjaldþegn hefur aflað þar, en tilsvarandi hlutfall í gildandi lögum er ⅔ hlutar.

Einn nefndarmanna, Jón Gauti Pétursson, tekur fram, að hann telur hæfilegt og sanngjarnt, að hlutfall þetta væri helmingur tekna, þótt hann, til að kljúfa ekki nefndina um þetta atriði, hafi gengið til samkomulags um þá hlutfallstölu, sem hér er greind.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á, að atvinnusveit mun aftur á móti hafa töluvert aukna hagsmuni af ákvæðum 5.—6. tölul. 5. gr., því hingað til hefur reynzt torvelt fyrir atvinnusveit að ná verulegum útsvarstekjum af slíkri starfsemi.

Til skýringar framkvæmd álagningar samkv. 7. tölul. 5. gr. skulu tilfærð svofelld dæmi:

A. Útsvar í atvinnusveit:

Bruttótekjur í atvinnusveit	kr. 15000.00	
Bruttótekjur í heimilissveit	— 10000.00	
		kr. 25000.00
Hér frá lögleyfður frádráttur		— 1000.00
	Álagningarbærar tekjur	kr. 24000.00
Gjaldstigaútsvar á þær (miðað við einhleypan mann)		— 3000.00
Af því ber sveitinni réttur til $^{15}/_{25} \times {}^{3}/_{5} = {}^{9}/_{25}$ hluta		— 1080.00

B. Útsvar í heimilissveit:

Álagningarbærar tekjur samkvæmt ofanrituðu	kr.	24000.00
Gjaldstigaútsvar á þær (miðað við einhleypan)	—	2400.00
Af því ber sveitinni réttur til 16/25 hluta	—	1536.00

c. Eins og um var getið í hinni almennu greinargerð, hefur margháttaður ágreiningur risið undanfarið um útsvarsálögurétt á atvinnustofnanir, er svo háttar til um, að þær hafa ýmist atvinnustöðvar, reikningshald, birgðageymslu eða útsölu á öðrum stað en þær eða útibú frá þeim eru skrásettar til heimilis. Ákvæði núgildandi laga í þessu tilliti eru bæði reikul og ófullnægjandi, enda eru þær ástæður, sem nú var lýst, aðallega komnar fram síðan útsvarslöggjöfin var síðast tekin til verulegrar endurskoðunar. — Til þess að koma samræmdu skipulagi á þennan þátt álagningarinnar leggur nefndin til (sbr. 8. tölul. 5. gr.), að atvinnusveit fái sjálfstæðan álagningarrétt í þessu tilliti, takmarkaðan við tiltekinn hundraðshluta útsvarsbærra tekna gjaldþegna. Er þetta að nokkru sniðið eftir norskum lagafyrirmælum, sem talið er að gefið hafi góða raun og slitið áður gengnum deilum um álöguréttinn.

Játa verður, að tillögur nefndarinnar um hlutdeild atvinnusveitar í útsvarsbærum tekjum gjaldþegns samkv. 8. tölul. byggjast ekki á neinum útreikningi, enda er reikningsleg undirstaða fyrir slíku vandfundin eða naumast til. En nefndin er á einu máli um, að meginhluti álagningarréttarins eigi að vera þar, sem fastar atvinnustöðvar og framleiðsla fyrirtækis er.

3. Ákvæði 6. gr. frv., sem hafa að nokkru verið gerð að umtalsefni samhliða 5. gr., bera í sér nýmæli, annars vegar um það, að um vissa þætti útsvara í atvinnusveit gildi ekki venjulegar niðurjöfnunarreglur, heldur sé tiltekið hundraðsgjald af framleiðslu eða viðskiptum, og hins vegar að þau megi leggja á og innheimta á sama ári og atvinnan fer fram, og er það jafnt til hægðarauka og öryggis fyrir atvinnusveit.

Rétt þótti að hafa hámark hundraðsgjaldsins mismunandi eftir álögustofnunum. Ekki vildi nefndin leggja til, að það væri hærra en í frumvarpinu stendur, nema sérstakt leyfi yfirvalda kæmi til. Er þess að gæta, að það mundi nær ávallt notað í hámarki, og þar sem það fellur á án tillits til rekstrarafkomu, má það alls ekki vera hátt.

Að sjálfsögðu verða útsvör samkv. þessum tölul. að koma að meira eða minna leyti til frádráttar álögðum útsvörum aðila í heimilissveit þeirra. Þar sem útsvör þessi mega að verulegu leyti skoðast sem aðstöðugjald til atvinnusveitar, kemur fullur frádráttur varla til greina, enda gæti það, í vissum föllum, leitt til þess, að heimilissveitarútsvar þurrkaðist alveg út. Verður reynslan að skera úr um það, hvort setja þarf skorðaðri fyrirmæli til heimilissveitar um framkvæmd þessa atriðis en nefndin leggur til.

Minni hluti nefndarinnar, Gunnar Viðar, ber fram breytingartillögu við 7. tölul. 5. gr., og mun gera grein fyrir þeirri afstöðu sinni í sérstöku áliti.

Um 7. og 8. gr.

Ákvæði greina þessara um skiptingu útsvara vegna búferlaflutnings eru mjög hin sömu og núgildandi lög tiltaka um sama efni. Þó er hert á og aukin nokkuð fyrirmæli til þeirrar sveitar, er kröfu gerir til útsvarsskiptingar, um að leggja yfirskattanefnd ýtarleg gögn í hendur til að byggja skiptinguna á. Þá er og gerð ríkari skylda heimilissveitar, sem útsvar leggur á, er til skipta kemur, að innheimta útsvarið, enda fái hún 10% af innheimtri útsvarsupphæð, áður en til skipta kemur, fyrir álagningu og innheimtu.

Um 9. og 10. gr.

Efni greina þessara má teljast óbreytt frá því, sem er í 16. og 17. gr. núgildandi útsvarslaga. Þó leggur nefndin til, að sveitarstjórn, sem skipuð er 5 mönnum eða fleirum, sé heimilt að fela færri mönnum úr sínum hópi niðurjöfnunarstarfið, og sýnist sú heimild vera áhættulaus. Heimild til þóknunar fyrir starfið er rýmkuð nokkuð og að öllu lagt á vald sveitarstjórnar, hvort notuð sé, enda virðist óþarft og óviðeigandi, að sýslunefnd hafi á hendi fjárforráð sveitarsjóðanna í þessu tilliti.

Um 11. og 12. gr. (áður 5. og 18. gr.)

Hér er nokkrum efnisatriðum bætt inn, og eru þessi helzt:

1. Skattanefndum gert að skyldu að afhenda niðurjöfnunarnefndum, til afnota við starf þeirra, skattaframtöl og skattskrá umdæmisins.
2. Niðurjöfnunarnefndum veitt heimild til að krefja hvern þann, sem sjálfstæða atvinnu rekur, um nákvæm reikningsskil viðvíkjandi rekstri hans. Séu upplýsingar frá þeim, hvort heldur er í skattaframtali eða sérstökum svörum til nefndarinnar, ófullnægjandi eða tortryggilegar að hennar dómi, hafi hún heimild til að áætla gjaldþegni eignir og tekjur eftir beztu vitund.
3. Látið sé varða missi á kærurétti yfir útsvari, ef framtölum þeirra gjaldþegna, sem bókhaldsskyldir eru að lögum, fylgja ekki greinilega færðir efnahags- og rekstrarreikningar.

Hér er niðurjöfnunarnefndum lagt allmikið aukið vald í hendur. Reynslan hefur sýnt, að þær standa oft máttlausar gagnvart tortryggilegum upplýsingum af gjaldþegna hálfu, og var því full þörf á að bæta aðstöðu þeirra. Í aðalatriðum er þeim með tillögum nefndarinnar veittur sams konar réttur og skattanefndum í þessu tilliti.

Um 13. gr.

Í sambandi við tillögu nefndarinnar um, að bókhaldsskyldir gjaldþegnar missi rétt til kæru yfir útsvari, ef greinilega færðir efnahags- og rekstrarreikningar fylgja ekki framtölum þeirra, vekur hún athygli á, að full þörf væri á, að lagaákvæðin um bókhaldsskyldu næðu í framkvæmdinni til fleiri gjaldþegna og væru viðtækari.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála um, að grundvöllur niðurjöfnunar verði eftir efnum og ástæðum, eins og verið hefur, enda tilvera niðurjöfnunarnefnda í núverandi formi úr gildi fallin, ef þessum grundvelli væri breytt.

Það hefur um nokkurt skeið verið viðtekin regla að leggja útsvar á að nokkru leyti í hlutfalli við rekstur gjaldþegns, án þess að það væri beinlínis tekið fram í lögum. Til þess að forðast árekstra vegna þessa, er talið rétt að lögfesta það hér, án þess þó að skerða aðalregluna um vald niðurjöfnunarnefnda.

Minni hluti nefndarinnar í þessu efni, Jón Gauti Pétursson, leggur til, að grein þessari sé breytt mjög verulega, og ber því fram sérstaka tillögu ásamt greinargerð fyrir sérstöðu sinni.

Um 14. gr. (ný grein).

Hér er um algert nýmæli að ræða, og vísast að nokkru til hinnar almennu greinargerðar nefndarinnar um þetta efni. Ákvæðin um undirbúning og setningu samþykkta samkv. þessari grein eru sniðin eftir fyrirmælum um aðrar sambærilegar samþykktarheimildir, og virðist því megi vel hlíta.

Í töluliðum greinarinnar er lagður rammi um það, hvað megi taka upp í slíka samþykkt. Nefndin vill ætla, að þar sé hvergi farið út fyrir anda og tilgang útsvarslaganna, en hitt má vera, að þar gætu fleiri málsatriði komið til greina.

Um 15.—16. gr. (áður 19.—20. gr.)

Óbreyttar að öðru leyti en því, að niður er felld lokamálsgrein 20. gr. um að hjón, foreldrar eða börn megi ekki sitja saman í niðurjöfnunarnefnd. Er hvort tveggja,

að ekki blasir við, hver hætta mundi af slíku stafa, og svo hitt, að ekki er sýnilegt, hvernig því mætti afstýra, að lögleg kosning gæti fallið þannig, enda brestur alveg ákvæði í núgildandi útsvarslög um, hver ætti að víkja sæti, ef svo bæri undir.

Um 17. gr. (áður 21. gr.).

Óbreytt að öðru en því, að felldur er niður íhlutunarréttur sýslunefnda um, hvenær niðurjöfnun útsvara fari fram í hreppum.

Um 18. gr. (áður 22. gr.).

Óbreytt, nema felld er niður tilkynningarskylda til kæranda um fyrirhugaða hækkun á útsvari hans, þó kært hafi til lækkunar.

Um 19. gr. (áður 23. gr.).

Hér er bætt inn ákvæðum um, að yfirskattanefnd sé skylt að senda viðkomandi niðurjöfnunarnefnd, í tæka tíð áður úrskurður gengur, tilkynningu um, frá hverjum kæra hefur borizt, svo hún geti haft aðstöðu til málsvarnar. Jafnframt er lagt fyrir niðurjöfnunarnefnd, sem er málsaðili um útsvarskæru, að senda yfirskattanefnd öll þau gögn, er hún kann að krefja um og málið varða.

Um 20. og 21. gr. (áður 24. og 26. gr.).

Óbreyttar.

Um 22. gr. (áður 25. gr.).

Nefndin leggur hér til, að aukaniðurjöfnun geti farið fram hvenær sem er á árinu, enda sýnir reynsla, að atvik geta krafizt þess. Töluliðirnir skýra sig sjálfir með tilvísunum í fyrri frumvarpsgreinar.

Um 23. gr. (áður 27. gr.).

Hér er um þá eina efnisbreytingu að ræða, að fyrri gjalddagi útsvara er settur næsta virkan dag eftir birtingu útsvarsskrár. Er lagt til, að þetta ákvæði nái jafnt til hreppa og kaupstaða, en á því hefur verið nokkur skilsmunur.

Um 24. gr. (áður 28. gr.).

Hér er lagt til að orða nokkru skýrar og víðtækar niðurlagsmálsgreinina, er snertir viðurlög við því, ef greiðslufall verður á útsvari eða útsvarshluta.

Um 25. gr. (áður 29. gr.).

Hér er lagt til að bæta við staflið h. ákvæði um skyldu kaupgreiðanda til að tilkynna niðurjöfnunarnefndum strax og utansveitarmaður ræðst til vinnu hjá honum. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 26.—27. gr. (áður 30.—31. gr.).

Óbreyttar.

Um 28. gr. (áður 32. gr.).

Hér er bætt við fyrirmælum, er leiðir beinlínis af upptöku nýrra ákvæða í öðrum greinum laganna um gjaldársútsvör. Virðist óhjákvæmilegt að setja tilteknar reglur, er kaupgreiðendur slíkra gjaldþegna mættu beita við að halda eftir af vinnulaunum þeirra, til tryggingar útsvarsgreiðslu, sem á kynni að falla. Er þetta í samsvörun við ákvæði laga nr. 96 9. des. 1946, um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga, enda hefur nefndin og að öðru leyti fellt útsvarsákvæði þeirra laga inn í þetta frumvarp.

Um 29.—30. gr. (áður 33. og 34. gr.).

Óbreyttar.

Um 31. gr.

Hér er fært í sérstaka grein niðurlagsákvæði 5. gr. núgildandi laga um hækkun tilgreindra fjárhæða samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar á hverjum tíma.

Um 32. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er orðalag núgildandi laga einungis fært í það horf, að ákvæðið fellur sjálfkrafa úr gildi án lagabreytingar, ef lagafyrirmæli þau, er það miðast við, eru afnumin.

Reykjavík, 4. des. 1947.

Adolf Björnsson. Ingólfur Jónsson.

Með skírskotun til minnihlutanefndarálita:

Gunnar Viðar. Jón Gauti Pétursson.

Fylgiskjal I.

Breytingartillögur

við frv. til laga um útsvör,

frá minni hluta útsvarslaganefndar, Jóni Gauta Péturssyni.

Við 4. gr. Liðurinn A. II. 2. orðist þannig:

Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum þeirra við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn á staðnum. Skattanefnd ákveður arð þennan, enda láti félagið fylgja skattframtali sínu glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn á árinu og ágóða af þeim. Ella áætlar skattanefnd arð af viðskiptum þessum, og byggist útsvarið á því. Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, eftir sömu reglum og gilda um áfrýjun útsvara, hvort heldur er sérstökum eða ásamt kæru yfir útsvari því, sem lagt hefur verið á arð af þessum viðskiptum.

Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Niðurjöfnunarnefnd hverri er skylt við niðurjöfnun útsvara að beita innbyrðis samræmdum reglum, sem lagðar séu innan þeirra takmarka, sem lög þessi eða staðfestar samþykktir á þeirra grundvelli nánar setja.

Við aðalniðurjöfnun útsvara skulu framtöl tekna og eigna gjaldþegns til skatts fyrir umliðið ár vera aðalundirstaða útsvarsálagningar, en til ástæðna gjaldþegns, sem áhrif hafi á útsvarsupphæð hans, skal meta það, sem ekki kemur tölulega fram í skattaframtölum, en snertir eigi að síður hag hans og afkomu. Kemur þar meðal annars til greina: vanheilsa, að því leyti sem kostnaður hennar vegna hefur eigi komið til frádráttar í framtali, óhöpp og tjón, sem bagað hafa afkomu gjaldþegns meira en tekjuskerðing og eignarýrnun sýna, sérstakur menningarkostnaður barna á framfærslualdri o. s. frv. Á hinn bóginn höpp og hagsmunir, sem ekki er skylt að telja fram til skatts (t. d. af eignahreyfingum), uppgripatekjur með lítilli fyrirhöfn og áhættu, atvinnurekstraraðstaða, betri en almennt gerist, og þá einkum, ef gildi hennar hefur aukizt vegna almennra athafna o. s. frv. Ástæður slíkar skal niðurjöfnunarnefnd meta í tölulegar upphæðir, áður en til álagningar kemur, til viðbótar eða frádráttar því, sem fram hefur komið á skattskrá. Þá skal og beita ákveðnum reglum um frádrátt fyrir ómegð og öðrum framfærsluþunga gjaldþegns.

Þegar um gjaldársútsvar er að ræða, skal útsvar miða við þær tekjur, sem gjaldþegn hefur aflað sér á því ári, og þá aðra álögustofna, er lög þessi heimila til undirstöðu gjaldársútsvari, enda sé ekki á þetta lagt á næsta ári.

Nú er útsvarsþungi í sveitarfélagi meiri en svo, að hóflegt þyki að jafna gjöldum niður einvörðungu í hlutfalli við framtaldar og metnar tekjur og eignir, og skal þá niðurjöfnunarnefnd taka ákvarðanir um, eftir hvaða reglum niðurjöfnun leggst á aðra álögustofna, innan þessara takmarka:

A. Á brúttótekjur af atvinnurekstri ekki yfir 1%, og þó því aðeins svo hátt gjald, að ekki hafi orðið halli á rekstrinum á útsvarsárinu.
B. Á vörusölu í heildverzlunum, almennum smásöluverzlunum svo og matvöruverzlunum allt að 1%. Á vörusölu í sérverzlunum allt að 2%.

Greinargerð.

Eins og minnihlutatillögur þær, sem hér birtast, bera með sér, hef ég ekki getað orðið meðnefndarmönnum mínum sammála um einstök atriði útsvarslöggjafarinnar og tel því rétt að gera nokkra grein fyrir þeim ágreiningi.

Með þeirri afgreiðslu, sem í nefndarálitinu er gerð á 4. gr. frv., liðnum A. II. 2, er svo fyrir lagt, að niðurjöfnunarnefndir ákveði arð þann, sem samvinnufélög hafi af viðskiptum við utanfélagsmenn og útsvar leggst á, en samkv. núgildandi lögum er sú ákvörðun á valdi viðkomandi skattanefnda. Tillaga mín er sú, að þetta standi óbreytt í lögunum. Færi ég þau rök til, að eðlilegast sé, að skattanefndir búi þetta atriði sem önnur, er til skattaframtals heyra, í hendur niðurjöfnunarnefndum. Í annan stað er því minni ástæða til að gera þessa breytingu nú, að í öðrum greinum frv. er lagt til, að aðstaða niðurjöfnunarnefnda til að krefjast skýrslna og upplýsinga út af ófullnægjandi eða tortryggilegum framtalsliðum sé verulega bætt, og getur það vitanlega komið að haldi um þetta. Þá má minna á, að í gildandi ákvæðum um þetta atriði svo og í tillögu minni er niðurjöfnunarnefndum tryggður skýlaus málskotsréttur út af gerðum skattanefnda í þessu efni.

Sérstaða mín með tilliti til 13. gr. frv. byggist á því, að ég tel ákvæði núgildandi útsvarslaga um, að útsvör skuli leggja á „eftir efnum og ástæðum", allt of óákvörðuð og afslepp til að vera einu undirstöðufyrirmælin um álagningu. Orðalag þessa ákvæðis mun vera jafngamalt sveitarstjórnarlögunum frá 1872, en þá og lengi síðan tóku þau einnig til álagningar útsvara. Um þessar mundir og allt til 1921, að lög um tekjuskatt og eignarskatt voru sett, höfðu sveitarstjórnir engar skýrslur að byggja álagningu á, sambærilegar við það, sem skattskrár og skattframtöl hafa verið síðan. Var því eðlilegt, meðan svo stóð, að þeim væru ekki sett nein afmörkuð fyrirmæli um niðurjöfnunarreglur, enda voru útsvör yfirleitt lítilfjörlegar upphæðir á þeim dögum og atvinna og viðskiptalíf fábreytt.

Þegar sérstök útsvarslöggjöf var sett 1926, virtist liggja beinast við að gera þá þegar þau tengsl milli skatta- og útsvarslöggjafar, að skattaframtalið yrði aðalundirstaða útsvarsálagningar. Því fór þó fjarri, að svo væri gert, því að orðalag á fyrirmælum 4. gr. núgildandi útsvarslaga — sem telja má óbreytt frá 1926 — bendir helzt til þess, að niðurjöfnunarnefndir eigi að gera sjálfstætt mat á eignum og tekjum gjaldþegna. Á framtöl og skattskrá er ekkert minnzt í því sambandi og því að sönnu ekkert bann lagt á að hafa þær heimildir til hliðsjónar, en heldur engan veginn gert ráð fyrir, að þær skapi hinn tölulega grundvöll álagningarinnar.

Jafnvel þótt ætla megi, að á síðari árum hafi þorri niðurjöfnunarnefnda í landinu, þrátt fyrir tilgreind fyrirmæli 4. gr., notað skattframtöl — endurskoðuð og leiðrétt eftir föngum — sem aðalundirstöðu við niðurjöfnun útsvara, virðist nú liggja beinast við, að löggjöfin beinlínis mæli fyrir, að svo skuli gert. Allar nágrannaþjóðir okkar hafa smám saman hneigzt að því í löggjöf sinni um sveitarskatta að setja þeim skorður, bæði um heildarþunga þeirra og álagningarreglur. Hér á landi er ekki nema um tímabundinn hemil að ræða gegn því, að útsvör í einni sveit hækki

svo sem verkast vill, og um niðurjöfnunaraðferðir eru engin fyrirmæli. Sá margbreytileiki, sem viðgengizt hefur í framkvæmd niðurjöfnunarstarfa hér á landi, veldur því, að tilgangslítið mundi að setja um þetta mjög skorðaðar reglur í einu vetfangi. En það, sem helzt mundi búa í haginn fyrir farsæla framkvæmd og gagn slíkra ákvæða, væri annars vegar að leggja fyrir niðurjöfnunarnefndir að hafa skattframtölin að aðalundirstöðu í starfi sínu, eins og lagt er til í brtt. við 13. gr. að framan, og hins vegar að stuðla að framkvæmd ákvæða 14. gr. frv., sem heimilar að gera sýslusamþykktir um niðurjöfnunarstarfið.

Enda þótt hér sé talað um skattskrár og skattframtöl sem aðalundirstöðu útsvarsálagningar, er víst um, að ýmsar ástæður gjaldþegna, sem sanngjarnt er og tilhlýðilegt, að hafi áhrif á útsvarsupphæð þeirra, koma ekki fram á skattframtölum. Í núgildandi lögum eru því mjög óljós takmörk sett, hvað telja megi til „ástæðna“ í þessu sambandi, enda er hugtakið æði teygjanlegt. Afleiðingin hefur orðið sú, að niðurjöfnunarnefndir hafa lagt í þetta sinn skilninginn hver eftir geðþótta og sótt á að heimfæra undir „ástæður“ hvers konar tilvik í atvinnu og viðskiptalífi, sem þeim hefur þótt henta að gera að útsvarsálögustofni. Í því sambandi er sérstök ástæða til að minna á, að samkv. gildandi lögum hefur engin niðurjöfnunarnefnd heimild til að leggja útsvar á í hlutfalli við viðskiptaveltu eða rekstrartekjur. Þó er slíkri útsvarsálagningu beitt í flestum kauptúnum landsins, með þeim rökstuðningi, að verið sé að leggja á „ástæður“ verzlunarrekanda. Ástæður þeirra í þessu sambandi eru þær, að þeir munu yfirleitt geta velt þessu gjaldi yfir á vöruverðið, og með því á herðar almennings, og er þá komið alllangt frá tilgangi laganna um álagningu eftir efnum og ástæðum. Um útsvör á rekstrartekjur getur gegnt líku máli, þó að yfirflutningurinn á almenning fari þar ekki jafnbeina leið.

Í tillögugreininni að framan er gerð tilraun til að setja því ákveðnari takmörk en áður, hvað til greina geti komið sem ástæður gjaldþegna við útsvarsálagningu. Hins vegar er því ekki að neita, að í sumum sveitarfélögum er útsvarsþungi það mikill, miðað við tekjur og efnahag, að leyfa verður, sem illa nauðsyn, að beita veltu- og rekstrarútsvörunum, en þá innan ákveðinna takmarka. Í því sambandi verður að hafa hugfast, að þar, sem á annað borð er hægt að velta slíku útsvari yfir á almenning í vöruverðlaginu, fellur það jöfnum höndum á þá viðskiptamenn, sem búa utan verzlunarstaðarins og njóta því hvorki beint né óbeint þeirra tekna, sem þar eru innheimtar með þessari aðferð. Því fremur ber nauðsyn til að halda slíkri álagningaraðferð við hófleg takmörk.

Fylgiskjal II.

Breytingartillaga

við frv. til laga um útsvör,

frá minni hluta útsvarslaganefndar, Gunnari Viðar.

Við 5. gr. tölulið 7:
Í fyrstu setningu 1. mgr. „4000 kr.“ verði: 2000 kr.
Í annarri setningu 1. mgr. „6000 kr.“ verði: 3000 kr.
Í fyrstu setningu 2. málsgr. „⅗ hlutar“ verði: ⅔ hlutar.

Greinargerð.

Viðvíkjandi ákvæðum 5. gr. 7. tölul. vill minni hlutinn, Gunnar Viðar, láta þess getið, að hann er ósammála meiri hluta nefndarinnar, bæði viðvíkjandi hlutfalli því, er atvinnusveitinni ber af útsvörunum, og þó sérstaklega að því er snertir lágmarkstekjuupphæðir þær í atvinnusveit, sem krafizt er til þess að álagning þar sé leyfileg. Er í báðum þessum atriðum um að ræða breytingu í tillögum meiri

hlutans frá því, sem verið hefur, hlutfallið er lækkað úr ⅔ í ⅗, en grunntala álagningarbærra tekna er hækkuð úr 3000 eða 5000 upp í 4000 eða 6000, eftir því hvort um menn vinnandi í landi eða sjómenn er að ræða. Um hlutfallið er það að segja, að þótt röksemdafærsla meiri hlutans hafi þar við nokkuð að styðjast, er hins ekki getið, að frá því að útsvarslögin voru sett hafa orðið miklar breytingar á ákvæðunum um sveitfesti, sem gert hafa það að verkum, að fátækraframfæri er að mestu leyti létt af heimilissveit sem slíkri. Auk þess er heimilissveit eða lögheimili í fjölda tilfella notað sem skálkaskjól, þegar útsvarsþungi er meiri í atvinnusveit en heimilissveit, og er varla hægt að vænta þess, að hin nýju lagaákvæði, sem nefndin ber fram um þau mál, geti valdið neinum verulegum breytingum í því efni. Vill því minni hlutinn leggja til, að þessu hlutfalli verði haldið óbreyttu.

Um álagningarbærar lágmarkstekjur vill minni hlutinn hins vegar taka það fram, að hann telur, að þær reglur hafi upprunalega aðallega verið settar til að forðast málarekstur milli sveita, og þau óþægindi og vafninga, sem skiptingu útsvara fylgja, nema um verulegar upphæðir væri að ræða, því að í sjálfu sér verður ekki um neinn eðlismismun að ræða á innbyrðis rétti atvinnusveitar og heimilissveitar við það, að tekjur í atvinnusveit nái ákveðinni upphæð. Nú er í þessu frumvarpi lagt til, að sú breyting verði upp tekin í þessum föllum, sem hér er um að ræða, að atvinnusveit leggi sinn útsvarshluta beint á, í stað þess að krefjast skiptingar frá heimilissveit. Er þá ástæðan fyrir lágmarkstekjum í þessu tilliti að mestu niður fallin, þó að hins vegar sé óskemmtilegt og illframkvæmanlegt að eltast við mjög smáar upphæðir. Þá vill minni hlutinn og benda á, að því hærra sem tekjulágmarkið er sett, þess hættara er við, þar sem útsvarsþungi er meiri í atvinnusveit, að gjaldendur reyni að vinna aðeins upp að lágmarkinu, án þess að ná því, en flytji sig síðan um set, eins og reynslan var með útlendinga hér, áður en dvalartími þeirra hér sem skilyrði fyrir útsvarsskyldu var styttur með lögum nr. 96 9. des. 1946. Vill því minni hlutinn leggja til, að nefndar lágmarksupphæðir verði lækkaðar niður í 2000 kr. fyrir þá, sem vinna í landi, en 3000 kr. fyrir sjómenn.

Gagnvart sérákvæðum frumvarpsins um samvinnufélög vill sami minni hluti, Gunnar Viðar, taka það fram, að hann álítur, að þeim eigi að breyta meira en gert hefur verið. Þar sem lögin um tekju- og eignarskatt eru einnig í almennri endurskoðun, vill hann þó eigi bera fram breytingartillögur að sinni, þar sem slíkum tillögum má koma á framfæri í sambandi við endurskoðun nefndra laga.

Ed. 284. Frumvarp til laga

um fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Ríkið lætur reisa í Höfn í Hornafirði fiskiðjuver, er fullnægi væntanlegri þörf bátaflotans á vetrarvertíð. Skulu afköst og vinnutæki vera allt að því, er hér segir:

Hraðfrystihús, er hraðfrystir 30 tonn af flökum, og niðursuðuverksmiðja, er getur soðið niður 10 tonn, hvort tveggja miðað við 8 tíma vinnslu. Þá skulu og í fiskiðjuverinu vera fiskimjölsverksmiðja og lifrarvinnslustöð, er nægi til að vinna úr öllum fiskúrgangi og lifur, er til fellur. Enn fremur skal vera fiskmóttökustöð til aðgerðar, og aðstaða til flatningar og söltunar á þeim hluta aflans, sem ekki reynist unnt að vinna á annan hátt, svo og önnur þau tæki, sem hagkvæm kunna að reynast til frekari vinnslu aflans.

2. gr.

Til byrjunarframkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán f. h. ríkissjóðs að upphæð allt að 4 millj. króna.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir fiskiðjuverið. Skulu tveir þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu hreppsnefndar Hafnarhrepps, en einn án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar. Stjórnin hefur aðsetur og varnarþing á Hornafirði.

Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda. Til þess að skuldbinda fiskiðjuverið þarf undirskrift tveggja stjórnenda. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, er hefur á hendi daglega stjórn fiskiðjuversins og umsjón með rekstrinum. Hann annast og sölu afurða í samráði við stjórnina. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir fyrirtækið og skuldbindur það eftir reglum um prókúru, sé ekki öðruvísi ákveðið. Stjórnin ákveður með erindisbréfi starfssvið framkvæmdastjórans og laun.

4. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir skipaðir af ráðherra.

5. gr.

Áður en ráðizt er í framkvæmdir, skal gera fullkomnar áætlanir og teikningar um stærð og fyrirkomulag fiskiðjuversins, enn fremur stofnkostnaðaráætlun og rekstraráætlun, sem lagðar skulu fyrir atvinnumálaráðherra til samþykktar.

6. gr.

Fiskiðjuverið kaupir fisk og annan sjávarafla af útgerðarmönnum og sjómönnum, fyrir verð, er miðist við markaðsverð, að frádregnum nauðsynlegum kostnaði, sbr. 8. gr. Atvinnumálaráðherra ákveður verðið, að fengnum tillögum stjórnar fiskiðjuversins.

7. gr.

Stjórn fiskiðjuversins skal jafnan tryggja því nægan sjávarafla til vinnslu með samningum við útgerðarmenn og sjómenn, enda gangi samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um afhendingu fisks.

Áætlun um fiskmagn það, sem iðjuverið getur tekið á móti á hverjum tíma, skal jafnan liggja fyrir, þegar starfræksla hefst.

8. gr.

Útgerðarmönnum og sjómönnum skal greitt söluverð afurða þess fisks, sem þeir afhenda til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem nú greinir:

1. Öllum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði eins og hann er á hverjum tíma.
2. 2% fyrningargjaldi af húsum og mannvirkjum og 8% af vélum og áhöldum.
3. 2% gjaldi af keyptu hráefni í varasjóð.
4. Sköttum og útsvari eftir 11. gr. þessara laga.

Verði tap á rekstri iðjuversins, má vinna það upp á næstu tveimur árum. Komi í ljós við ársuppgjör, að andvirði afurða þess fisks, sem viðskiptamenn hafa látið iðjuverinu í té til vinnslu, sé meira að verðmæti en áætlað hafi verið og útborgað, þá skal viðskiptamönnum greiddur mismunurinn í réttu hlutfalli við fiskmagn það, sem hver og einn þeirra afhenti til vinnslu á árinu.

9. gr.

Reikningsár fiskiðjuversins er almanaksárið. Skal stjórn þess gera reikningsskil fyrir starfsárið eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum fyrir 30. apríl ár hvert. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ríkisstjórninni afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum iðjuversins, undirritað af stjórn þess og áritað af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur iðjuversins á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

10. gr.

Þegar ársuppgjöri iðjuversins er lokið og reikningar samþykktir, skal halda sérstakan fund með þeim sjómönnum og útgerðarmönnum, sem skipt hafa við það, samkvæmt nánari reglum, er atvinnumálaráðherra setur.

Verkefni þessa fundar eru:

1. Lagðir fram reikningar fiskiðjuversins og þeir ræddir. Jafnframt séu ræddar þær athugasemdir, sem viðskiptamenn hafa að gera við reksturinn á liðnu ári.
2. Rædd starfstilhögun á næsta ári, og gerðar tillögur til stjórnar iðjuversins um fiskverð.
3. Ræddar nýjungar viðkomandi rekstrinum og óskir um aukningu á starfsemi iðjuversins eða breytingar á honum, ef fram koma.
4. Önnur mál.

Fundurinn sendi tillögur sínar til atvinnumálaráðherra.

11. gr.

Iðjuverið skal greiða í útsvar ½% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til sveitarsjóðs Hafnarhrepps, þó ekki yfir 25% af útsvörum hreppsins hvert ár.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur og tilhögun iðjuversins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var að tilhlutun fyrrverandi atvinnumálaráðherra flutt frumvarp um fiskiðjuver ríkisins, þar sem gert var ráð fyrir, að ríkið tæki forgöngu í fiskiðnaðinum á svipaðan hátt og gert hefur verið fyrr með síldariðnaðinn. Voru tilnefndir fjórir staðir, þar sem hafizt skyldi handa hið allra fyrsta með framkvæmdir. Voru það Suðurnes, Hornafjörður, Vestmannaeyjar og Ísafjörður. Frv. þetta fékk ekki afgreiðslu og hefur málinu ekki verið hreyft aftur á yfirstandandi þingi.

Um það verður ekki deilt, að mjög mikil nauðsyn sé að auka fiskiðnaðinn í landinu og bæta nýtingu aflans að miklum mun frá því, sem nú er. Þótt Íslendingar hafi komizt lengra en flestar eða jafnvel allar aðrar þjóðir í saltfiskverkun, eru þegar liðin mörg ár, síðan sýnt var, að leita varð inn á nýjar brautir, ef þjóðin ætti að hafa trygga markaði fyrir alla sína fiskframleiðslu. Enda hefur nú vaxið upp allmikill hraðfrystiiðnaður, sem fullnægir þó alls ekki þörfinni, og enn fremur skortir mjög á, að hinir verðminni hlutir séu nýttir sem skyldi, og fara þar árlega milljónaverðmæti forgörðum.

Öllum ber saman um, að til frambúðar getum við ekki treyst á ísfiskmarkað fyrir framleiðsluna að neinu verulegu leyti. Ísfiskmarkaður í Englandi hefur alltaf

verið ótryggur á friðartímum, og eru ástæðurnar augljósar. Bretar eru sjálfir ein mesta fiskveiðaþjóð heimsins og leggja nú eftir styrjöldina hið mesta kapp á að auka sína fiskframleiðslu og verða sjálfum sér nógir í þeim efnum. Og þótt nú hafi tekizt að semja um sölu á nokkru af ísvörðum fiski til Vestur-Þýzkalands á þessu ári, má telja nokkurn veginn víst, að þar sé aðeins um stundarfyrirbrigði að ræða og því sé góð og fullkomin vinnsla eina tryggingin fyrir því, að við getum selt okkar fiskafurðir góðu verði í framtíðinni.

Nú hefur fiskiskipafloti landsmanna verið aukinn nærri því um helming frá því, sem var 1944. Er þá augljóst, hve stórra átaka er þörf í fiskiðnaðarmálum okkar og hve örlagaríkar afleiðingar það muni hafa, ef þau verkefni verða vanrækt.

Þótt Hornafjörður hafi nú um langt skeið verið aðalfiskihöfn Austurlands á vetrarvertíð, vantar algerlega aðstöðu til fiskverkunar á staðnum. Stríðsárin var fiskurinn eingöngu fluttur út ísvarinn, en s. l. ár var mikið af aflanum saltað. En vegna húsnæðisleysis og annarrar ófullkominnar aðstöðu urðu bátarnir stundum að liggja í landi, þótt veiðiveður væri og mokafli, og urðu þannig bæði sjómenn og útgerðarmenn fyrir stórtjóni, vegna þess að móttökuskilyrði vantaði.

Til þess að tryggja hag vélbátaútgerðarinnar á Austurlandi þarf því að koma stórt og vandað fiskiðjuver á Hornafirði, svo sem hér er gert ráð fyrir. Í því þarf að vera fullkomið hraðfrystihús, niðursuðuverksmiðja, fiskimjölsverksmiðja, lýsisvinnslustöð og önnur þau tæki, er nauðsynleg kunna að vera til gjörnýtingar aflans. Dr. Jakob Sigurðsson, forstjóri fiskiðjuvers ríkisins í Reykjavík, hefur hafizt handa með niðursuðu á þeim hlutum fisksins, sem ekki eru hæfir til hraðfrystingar, svo sem þunnildum o. fl. Þannig hefur honum tekizt að gera verðmæta vöru úr hráefni, sem annars verður að litlu eða engu gagni. Í slíku fiskiðjuveri sem þessu væri því sjálfsagt að sjóða niður allan slíkan fisk, vinna fiskimjöl úr þeim hlutum fisksins, sem ekki verður notaður til manneldis. Þannig yrði aflinn fullnýttur og gæfi þeim, er fiskveiðarnar stunda, svo mikinn arð sem unnt er.

Þá skal vikið að nauðsyn þess, að ríkið taki að sér framkvæmdir þessa verks á Hornafirði. Eins og áður er sagt, er Hornafjörður aðalviðleguhöfn Austfjarðabáta á vetrarvertíð, en kauptúnið, sem er sérstakur hreppur, fámennt og því ekki von til, að hreppsfélagið fái leyst þetta mál. Hins vegar er þörf útgerðarinnar í heilum landsfjórðungi viðfangsefni, sem verður að leysa, ef þjóðin á ekki að bíða fjárhagslegt tjón vegna stöðvunar í framleiðslunni og minni gjaldeyrisöflunar en ella. Þar sem svo er ástatt, verður að teljast eðlilegt, að ríkið taki framkvæmdir að sér forystu í síldariðnaðinum, og verður ekki um það deilt, að þar hafi verið en ekki er von til, að einstaklingar eða félagasamtök leysi. Áður hefur ríkið tekið að sér forystu í síldariðnaðinum, og verður ekki um það deilt, að þar hafi verið stigið spor þjóðinni til heilla. Svo mun einnig fara, ef ríkið tekur að sér forgöngu í fiskiðnaðinum, a. m. k. þar sem þörfin er svo aðkallandi sem á Hornafirði, þar sem segja má með sanni, að framkvæmdir þoli enga bið.

Sþ. 285. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur sent þingsályktunartillögu þessa til umsagnar bæði Fiskifélagi Íslands og vita- og hafnamálastjóra. Svör hafa borizt frá báðum þessum aðilum og eru þau birt hér sem fylgiskjöl. Í samræmi við þau svör hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á næsta sumri rannsókn á því, hvort unnt sé að gera höfn við Dyrhólaey. Kostnaðurinn við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði.“

Alþingi, 27. jan. 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jón Gíslason, frsm.
Ásg. Ásgeirsson.	Sigfús Sigurhjartarson.	Ingólfur Jónsson.

Fylgiskjal I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 10. des. 1947.

Með bréfi, dags. 5. des. s. l., hefur háttvirt allsherjarnefnd óskað umsagnar tillögu til þingsályktunar um rannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey. Á fundi í gær samþykkti félagsstjórnin svofellda ályktun í þessu máli:

„Félagsstjórnin mælir með því, að rannsókn þessi verði framkvæmd.“

Virðingarfyllst

f. h. fiskimálastjóra

Arnór Guðmundsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs þings, Alþingi.

Fylgiskjal II.

VITA- OG HAFNAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 17. des. 1947.

Með bréfi, dags. 5. des. s. l., hefur háttvirt allsherjarnefnd óskað umsagnar minnar um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey.

Það geta tæplega verið neinar deilur um það, að höfn við Dyrhólaey væri æskileg, ef hún gæti fengizt með því verði, sem samsvaraði notagildi hennar á þessum stað, jafnvel þótt ekki væri um stórskipahöfn að ræða, heldur aðeins bátahöfn, er tæki þó það stóra báta, að þeir gætu áhættulítið átt athvarfshöfn í Vestmannaeyjum, þegar innsiglingin að Dyrhólahöfn væri vafasöm eða ófær.

Því miður verð ég að segja það, að mér finnst öll líkindi benda til þess, að náttúruhamfarirnar þarna geri hafnargerð kostnaðarsamari en svo, að til mála geti komið fyrir jafn lítið byggðarlag. En hins vegar er þó til svo mikils að vinna, ef vel tækist til, að tiltækilegt væri að verja til þess nokkrum þúsundum króna að gera fyrstu yfirlitsrannsókn. Síðan mætti ráðgast um það, hvort möguleikarnir væru það miklir, að frekari athuganir væru æskilegar.

Ég vil leyfa mér að stinga upp á allt að 20 þús. kr. fjárveitingu til þessara fyrstu rannsókna. Þó er hér gert ráð fyrir, að rannsóknarmennirnir verði fyrir nokkrum töfum vegna óhagstæðs veðurs, svo að líkindi eru til þess, að nægjast mætti með nokkru minni fjárhæð í reyndinni, ef heppnin yrði með.

Axel Sveinsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs þings, Reykjavík.

Sþ. 286. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar varðandi tiltekna greiðslu úr byggingarsjóði þjóðleikhússins.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvað hefur verið gert með 60 þús. kr., sem fyrrverandi menntamálaráðherra, Brynjólfur Bjarnason, fékk til annarra þarfa en byggingar hússins, að óvilja þjóðleikhúsnefndar? Óskast sundurliðuð skýrsla um notkun þessarar fjárhæðar.

Ed. 287. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja fékk heimild Alþingis til þess að starfa áfram sjálfstætt, þegar lögin um vátryggingarfélög fyrir vélbáta voru sett. Undanþága bátaábyrgðarfélagsins var tímabundin, en hefur nokkur undanfarin ár verið framlengd til tveggja ára í senn. Núverandi undanþága félaginu til handa er í bráðabirgðaákvæði laga nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, og gildir til ársloka 1948. Hér er lagt til, að undanþága þessi haldist, en verði ótímabundin, þar sem það er nauðsynlegt, til þess að félagið hafi öruggan starfsgrundvöll að byggja á.

Reynslan hefur sýnt, að félagið á fullan rétt á því að öðlast slíkt starfsöryggi.

Ed. 288. Breytingartillaga

við frv. til l. um sölugjald af jörðum.

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Páli Zóphóníassyni.

2. gr. orðist svo:

Greiða skal gjald af söluverði jarða eftir þeim reglum, sem hér segir:

Af söluverði, sem er 400—500% umfram fasteignamat, greiðist 10% þeirrar upphæðar.

— — sem er 500—600% umfram fasteignamat, greiðist 25% þeirrar upphæðar.

Af söluverði, sem er 600—700% umfram fasteignamat, greiðist 40% þeirrar upphæðar.
— — sem er 700% og hærra umfram fasteignamat, greiðist 60% þeirrar upphæðar.

Nú er seldur aðeins hluti úr jörð eða einstakar byggingar eða ræktunarlóðir, og ágreiningur verður um fasteignamat hins selda hluta, þá skulu viðkomandi úttektarmenn (aukamatsmenn) ákveða fasteignamatsverð þess hluta jarðarinnar, sem seldur er.

Sþ. 289. Nefndarálit

um till. til þál. um ráðstafanir til að draga úr áfengisnautn.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu á nokkrum fundum, og mætti hæstvirtur fjármálaráðherra á einum þeirra. Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu hennar. Meiri hluti nefndarinnar gat ekki fallizt á að mæla með henni, eins og hún liggur fyrir, en undirritaður minni hluti leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. jan. 1948.

Sigfús Sigurhjartarson.

Sþ. 290. Nefndarálit

um till. til þál. um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu á nokkrum fundum, og mætti hæstvirtur fjármálaráðherra á einum þeirra. Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu hennar. Meiri hluti nefndarinnar gat ekki fallizt á að mæla með henni, eins og hún liggur fyrir, en undirritaður minni hluti leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. jan. 1948.

Sigfús Sigurhjartarson.

Sþ. 291. Nefndarálit

um till. til þál. um afnám sérréttinda í áfengiskaupum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu á nokkrum fundum, og mætti hæstvirtur fjármálaráðherra á einum þeirra. Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu hennar. Meiri hluti nefndarinnar gat ekki fallizt á að mæla með henni, eins og hún liggur fyrir, en undirritaður minni hluti leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. jan. 1948.

Sigfús Sigurhjartarson.

Sþ. 292. Tillaga til þingsályktunar

um viðgerðarstöð talstöðva, útvarpsviðtækja og símaáhalda á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir stjórnendur landssímans og ríkisútvarpsins, að komið verði upp fyrir næsta haust viðgerðarstöðvum talstöðva, útvarpsviðtækja og símaáhalda á Ísafirði fyrir Vestfirði og í Neskaupstað eða á Hornafirði fyrir Austfirði.

Greinargerð.

Á vélbátaflotanum á Vestfjörðum og Austfjörðum er mikill fjöldi talstöðva. Í þessum landshlutum eru einnig komnar allmargar talstöðvar á afskekkta sveitabæi. Landssíminn er eigandi talstöðvanna og tekur fyrir þær árlega leigu. Hann einn hefur því rétt og skyldu til að sjá um viðgerðir og viðhald þessara tækja. Viðgerðarverkstæði eru nú aðeins í Reykjavík og á Akureyri, og er það því mjög miklum erfiðleikum bundið austan lands og vestan að fá gert við talstöðvar og önnur slík tæki, fyrr en seint og síðar meir.

Talstöðvarnar eru af sjómönnum taldar beztu öryggistækin, sem enn þá hafa verið tekin í notkun hér á landi. Þýðing þeirra fyrir afskekktar byggðir er og ómetanleg, og útvarp og sími eru orðin svo þýðingarmikill þáttur í daglegu lífi fólksins, að við það verður ekki unað, ef ekki er allt, sem unnt er, til þess gert að auðvelda öruggt viðhald þessara dýrmætu tækja.

Að vísu hefur lengi starfað á Ísafirði ágætur símaviðgerðarmaður, en hann er illa búinn að tækjum og kemst auðvitað ekki yfir nema lítið eitt af því, sem að kallar, af viðgerðum talstöðva og símatækja. Hins vegar er viðgerðarmaður útvarpsviðtækja venjulega sendur um Vestfirði einu sinni á ári. Þess á milli verður að senda öll viðtæki, sem bila, til Reykjavíkur með ærnum kostnaði og vera þannig án þeirra svona mánaðartíma, þegar ferðir eru með hagkvæmasta móti, en stundum miklu lengur. Hitt er þó alvarlegast, að þótt ein eða tvær talstöðvar séu jafnan hafðar til vara á Ísafirði, kemur það iðulega fyrir, að bátar verða að sætta sig við að vera lengri eða skemmri tíma með bilaða talstöð eða bíða þess, að hún komi aftur úr viðgerð frá Reykjavík.

Líkt þessu mun ástandið vera í þessum málum austan lands. Er þess skemmst að minnast, er vélbáturinn Björg hraktist dögum saman um hafið með bilaða talstöð, sem ekki hafði fengizt gert við í hálfan mánuð. Gat báturinn með engu móti náð sambandi við flugvélar þær og skip, sem voru að leita hans. Munaði þar minnstu, að fjórir vaskir Íslendingar gistu hina votu gröf vegna þess, hvernig ástatt er í þessum málum.

Nei, svo búið má ekki lengur standa. Viðgerðarstöð þarf að koma á Ísafirði fyrir Vestfirði og í Neskaupstað eða á Hornafirði fyrir Austfirði, og virðist eðlilegast, að landssíminn og ríkisútvarpið reki þessar stofnanir, eins og hér er lagt til.

Sþ. 293. Nefndarálit

um till. til þál. um ljóskastara í skipum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og sent hana til umsagnar Fiskifélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi íslenzkra útvegs-

manna. Frá tveim hinum fyrrtöldu hafa borizt umsagnir, og eru þær birtar hér á eftir sem fylgiskjöl. Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 28. jan. 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Sigfús Sigurhjartarson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Ásg. Ásgeirsson.	Jón Gíslason.	Sigurður Bjarnason.

Fylgiskjal I.

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 8. des. 1947.

Stjórn F.F.S.Í. hefur borizt bréf frá hæstvirtri allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, þar sem leitað er umsagnar sambandsins varðandi þingsályktunartillögu um ljóskastara í skipum o. fl.

Stjórn F.F.S.Í. lýsir sig samþykka fram kominni tillögu og telur mjög mikilsvert, að hún nái samþykki á yfirstandandi Alþingi.

Ljóskastarar munu nú almennt vera settir í hin nýju skip, sem til landsins koma, t. d. togarana, en allt virðist mæla með því, að sem flest skip fái slík öryggistæki um borð. Kæmi það sérstaklega að góðum notum í eftirfarandi tilfellum:

1. Ef skipið lendir í ís í dimmviðri eða að næturlagi.
2. Við að leita hafnar eða lægis í myrkri og dimmviðri.
3. Ef maður fellur fyrir borð í myrkri.

Sambandsstjórnin telur einnig mjög þýðingarmikið, að fylgt sé fast eftir í reglugerð ákvæðum um, að nauðsynleg öryggistæki séu höfð um borð í skipunum.

Virðingarfyllst

Guðm. Jensson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal II.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 10. des. 1947.

Með bréfi, dags. 5. þ. m., óskaði hv. nefnd eftir umsögn Fiskifélagsins um meðfylgjandi tillögu til þingsályktunar um ljóskastara í skipum o. fl.

Félagsstjórnin samþykkti á fundi í gær svofellda ályktun um þetta mál:

„Félagsstjórninni er það ljóst mál, hve mikið öryggi felst í því, að bátar séu búnir ljóskösturum. Nú er í smíðum reglugerð samkv. lögum um eftirlit og öryggi skipa, og gengur stjórnin út frá, að tekið verði upp í þá reglugerð m. a. fyrirmæli um ljóskastara. Með tilliti til þessa er stjórnin sammála efni þingsályktunartillögunnar og leggur áherzlu á, að hraðað verði setningu þessarar reglugerðar og málið leyst á þann hátt."

Virðingarfyllst

f. h. fiskimálastjóra

Arnór Guðmundsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs þings, Alþingi.

Sþ. 294. Þingsályktun

um fullgildingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 28. jan.)

Samhlj. þskj. 67.

Ed. 295. Frumvarp til laga

um búfjárrækt.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 258 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af stjórn Búnaðarfélags Íslands, getur fengið styrk til starfsemi sinnar, eins og hér greinir, á hverja reiknaða árskú, en tala slíkra kúa á hverju búi fæst með því að leggja saman fóður- og mjólkurskýrsludaga allra kúnna og deila í þá útkomu með 365:

1. Kr. 1.00, ef ekki eru gerðar fitumælingar eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar á ári.
2. Kr. 1.80, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst þrisvar á ári.
3. Kr. 2.50, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst sex sinnum á ári.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánar skal kveða á um í reglugerð.

11. gr. hljóðar svo:

Búnaðarsambandi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að hvers konar umbótum í búfjárrækt á sambandssvæðinu, þar á meðal nautgriparækt, og ráða til þess sérstakan héraðsráðunaut, sbr. 73. gr., enda sé þar ekki fyrir starfandi nautgriparæktarsamband. Heimilt er nautgriparæktarfélögum í þeim búnaðarsamböndum, er ekki óska að sinna þessum verkefnum, að stofna með sér samband, ef þau hafa minnst 1000 kýr innan félaganna. Skulu þau þá setja sér samþykktir og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í þessum samþykktum sé m. a. ákveðið um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu beztu kýrstofnanna, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu vera sjaldnar en annan hvern mánuð, og spjaldbókarfærslu þeirra kúa, sem gefa yfir 13000 fitueiningar árlega.

Heimilt er búnaðarsamböndum og samböndum nautgriparæktarfélaga að setja á stofn nautgripauppeldisstöðvar eða sæðingarstöðvar, en samþykkja skal Búnaðarfélag Íslands reglur um þessa starfsemi þeirra, sbr. V. kafla.

12. gr. hljóðar svo:

Sambönd þau, sem um ræðir í 11. gr., njóta framlags úr ríkissjóði sem hér greinir:

1. Kr. 1.00 á ári á hverja reiknaða árskú, sem skýrslur eru sendar yfir til Búnaðarfélags Íslands. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að sambandið hafi fastan starfsmann, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir, eða héraðsráðunaut samkvæmt 73. gr., er jafnframt annast störf fyrir nautgriparæktarsambandið, þar sem það er starfandi.

2. Til nautgripauppeldisstöðva fá samböndin framlag, sem nemur kr. 75.00 á hvern nautkálf, er það hefur á eldi, enda séu kálfarnir valdir í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt og seldir við því verði, sem hann samþykkir.
3. Sæðingarstöðvar fá fóðurstyrk á öll naut á stöðinni, fyrstu og annarra verðlauna

24. gr. hljóðar svo:

Stjórn búnaðarfélags, hrossaræktarfélags eða kynbótanefnd, sbr. 23. gr., skal sjá um, að árlega séu nógu margir og góðir stóðhestar, sem samþykktir eru af hrossaræktarráðunaut, til afnota fyrir hrossaeigendur. Stjórnin skal enn fremur útvega girðingar fyrir þá, koma þeim í fóður og sjá um annan kostnað, er af starfseminni leiðir. Þegar um er að ræða kaup á kynbótahesti eða að reisa nýja girðingu, þarf stjórnin samþykki lögmæts hreppsfundar, og er þá hreppssjóði skylt að greiða að minnsta kosti helming kostnaðar. Öðrum kostnaði, sem leiðir af kynbótastarfseminni innan hreppsins, skal árlega jafna niður með hliðsjón af tölu fæddra folalda, og eru gjöld þessi lögtakskræf.

26. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að láta stóðhest ganga lausan í heimahögum eða á afréttum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann og flytja til hreppstjóra, er skal taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við handsömun. Sömu ákvæði gilda fyrir hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðargalla.

33. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er hefur fengið samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, getur fengið styrk til starfsemi sinnar eins og hér segir:

Til kaupa á kynbótahestum veitist styrkur aðeins til kaupa á tveggja og þriggja vetra stóðhestum undan 1. verðlauna hryssum.

Styrkur til kaupa á þriggja vetra stóðhesti er þessi:

250 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem hlotið hefur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi;

200 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem hlotið hefur 1. verðlaun fyrir afkvæmi;

175 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem hlotið hefur heiðursverðlaun á héraðssýningu;

150 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem hlotið hefur 1. verðlaun á héraðssýningu.

Styrkur til kaupa á tveggja vetra hestum er 50 kr. lægri í hverjum flokki en á þriggja vetra hesta.

Styrkurinn er enn fremur bundinn því skilyrði, að þriggja vetra hesturinn hafi hlotið 1. verðlaun, en tveggja vetra hesturinn 2. verðlaun á héraðssýningu eða viðurkenningu hrossaræktarráðunautar um að vera styrkhæfur.

39. gr. hljóðar svo:

Heimilt er, ef Búnaðarfélag Íslands samþykkir, að halda hrossasýningar á eftirtöldum stöðum, eða í grennd við þá, fjórða hvert ár á hverjum stað:

1. Þjórsártúni, fyrir sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.
2. Ferjukoti, fyrir sambandssvæðin á Suðvestur- og Vesturlandi.
3. Sveinsstöðum, fyrir búnaðarsambandssvæðin í Húnavatnssýslum.
4. Sauðárkróki, fyrir búnaðarsambandssvæði Skagfirðinga.
5. Akureyri, fyrir búnaðarsambandssvæði Eyfirðinga.
6. Einarsstöðum í Reykjadal, fyrir búnaðarsambandssvæði Þingeyinga.

7. Egilsstöðum á Völlum, fyrir Múlasýslur.
8. Hornafirði, fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að leyfa fleiri hrossasýningar, ef þess er sérstaklega óskað og það telur vera ástæðu til.

Búnaðarfélag Íslands ákveður, hvar sýningar skuli haldnar fyrsta sýningarár og í hvaða röð.

Stjórnir hlutaðeigandi búnaðarsambanda skulu annast undirbúning og stjórn hrossasýninga. Þær skulu enn fremur tilnefna 2—4 meðdómendur og sýningarstjórn.

naut samkvæmt ákvæðum 10. gr., en ung naut, sem verið er að reyna, fá sama fóðurstyrk og 2. verðlauna naut samkv. 10. gr., enda séu þau valin í samráði við nautgriparæktarráðunaut.

13. gr. hljóðar svo:

Að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu fjórða hvert ár í hverju búnaðarfélagi, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, og nautgriparæktarfélagi. Landinu skal skipt í 5 sýningarsvæði, og skal halda sýningar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningum þessum leggur ríkissjóður fram kr. 0.50 fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Skal fé þessu varið til verðlauna á kúm. Verðlaun á naut greiðast eingöngu úr ríkissjóði, og eru þau kr. 180.00 1. verðlaun og kr. 50.00 2. verðlaun. Fyrstu verðlaun geta þau naut ein hlotið, sem eiga afkvæmi á sýningunni, sem tvímælalaust taka fram mæðrum sínum. Enn fremur er heimilt að veita einstökum kúm heiðursverðlaun, ef afkvæmi þeirra sýna, að þær hafa verulega kynbætandi áhrif á nautgripastofninn. Verðlaun þessi eru kr. 100.00 og greiðast úr ríkissjóði. Nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands er formaður dómnefnda á sýningum, sér um fyrirkomulag sýninga og úthlutar verðlaunum. Stjórnir nautgriparæktarfélaganna tilnefna meðdómendur á sýningar og greiða kostnað við framkvæmd þeirra.

15. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélagi, þar sem ekki er starfandi sauðfjárræktarfélag, er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum sauðfjár á félagssvæðinu, enda séu aldrei færri en 6 félagsmenn, er uppfylla þau skilyrði, er samþykktin áskilur.

Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér sauðfjárræktarsamþykkt, og er þá 6 mönnum eða fleirum í hreppi heimilt að stofna með sér félagsskap til að vinna að sauðfjárkynbótum, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög. Heimilt er að veita mönnum úr öðrum hreppi inngöngu í félagið, ef þar er ekki starfandi sauðfjárræktarfélagsskapur.

Lágmarkstala kynbótafjár hjá hverjum þátttakanda skal vera 8 ær, og enginn einn félagsmaður má eiga meira en helming kynbótafjárins.

Í samþykktum þeim, er hér um ræðir, skal tekið fram eftirfarandi:

1. Að halda skuli fóður-, afurða- og vigtarskýrslur fyrir kynbótafé.
2. Að halda skuli ættbók fyrir kynbótafé og merkja skuli hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
3. Ákveðið, hvernig haga skuli skýrsluhaldi, til að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
4. Önnur atriði, er varða félagsskapinn.

Samþykktir, sem settar eru samkvæmt þessari grein, skal sníða eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur félögunum í té. Þegar slík samþykkt hefur verið sett, skal hún send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar.

16. gr. hljóðar svo:

Félög þau, sem um ræðir í 15. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent skýrslur

um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur er kr. 50.00 fyrir hvern fyrstu verðlauna hrút og allt að 50 aura á hverja kynbótaá, sem félagsmenn eiga og skýrslur eru haldnar yfir og sendar til Búnaðarfélags Íslands.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að veita einstökum mönnum, eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands, sama styrk og sauðfjárræktarfélögum, ef þeir fullnægja skilyrðum 1., 2. og 3. liðs 15. gr.

Sæðingarstöðvar, sem eru stofnaðar og starfræktar samkv. V. kafla þessara laga, fá árlega styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 50.00 fyrir hvern hrút, sem notaður er þar og sauðfjárræktarráðunautur hefur samþykkt.

Nd. 296. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tryggja skal hjá Samábyrgðinni öll skip, er ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stjórn Samábyrgðarinnar hefur falið flutningsmanni þessa frumvarps að flytja það. Lítur stjórn stofnunarinnar svo á, að eðlilegast sé, að ríkið feli sinni eigin sjóvátryggingarstofnun að tryggja skip sín. Ríkið hefur með lögum skyldað flestalla eigendur fiskiskipa til að tryggja skip sín hjá þessari stofnun sinni. Því er það óviðeigandi, að það tryggi þar ekki sín eigin skip.

Nd. 297. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Flm.: Pétur Ottesen, Hermann Guðmundsson, Finnur Jónsson, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. bætist:

Árin 1948—1952 er þó sérleyfishafa heimilt að nota þrjú erlend skip til veiðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í janúarmánuði 1947 var stofnað hér á landi hvalveiðafélag, er ber heitið h/f Hvalur. Tilgangur þessa félags er að reka hvalveiðar hér við land. Félagið fékk

leyfi nýbyggingarráðs til starfa, og framkvæmdum félagsins er svo langt komið, að veiðar geta hafizt þegar á komandi vori. Hvalvinnslustöð félagsins í Hvalfirði er fullbyggð, og flestum vélum hefur verið komið fyrir. Félagið hefur fengið erlenda sérfræðinga til að sjá um byggingu hvalvinnslustöðvarinnar, og vinnslustöð félagsins er talin hin fullkomnasta, hvað nýtingu allra hvalafurða snertir, auk þess sem allt fyrirkomulag verksmiðjunnar er við það miðað, að vinnuafl sé sparað sem mest. Þetta er í fyrsta skipti, sem Íslendingar stofna til hvalveiða með þeim hætti, að notuð sé til hlítar sú reynsla og þekking, sem aðrar þjóðir hafa aflað sér á mörgum áratugum.

Hvalur h/f hefur á margan hátt notið stuðnings fyrrv. og núverandi ríkisstjórnar og annarra opinberra aðila. Þannig hefur félagið fengið 10 ára sérleyfi til hvalveiða. Fyrir milligöngu ríkisstjórnarinnar festi félagið kaup á ýmsum eignum setuliðsins í Hvalfirði, sem gerði því fært að byggja stöðina á svo skömmum tíma sem raun ber vitni um. Ríkisstjórnin gekkst fyrir því, að Ísland gerðist aðili að alþjóðasamtökum hvalveiðiþjóða, en það var skilyrði til þess, að útflutningsleyfi fengist fyrir hvalvinnslutækjum. Þá hefur félagið og fengið innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir öllum hvalvinnsluvélum.

Eins og kunnugt er, eru engin hvalveiðiskip til hér á landi, og enn höfum við ekki á að skipa sjómönnum, sem þekkingu hafa á hvalveiðum. Þær þjóðir, sem stofnað hafa til hvalveiða hin síðustu ár, hafa allar fengið norska hvalveiðisjómenn fyrst í stað, en síðan hafa innlendir sjómenn lært af þeim. Þannig var það um Þjóðverja, er þeir hófu hvalveiðar, og sama er að segja um Rússa og Hollendinga, er tóku að stunda hvalveiðar eftir styrjaldarlok. Stjórn Hvals h/f hyggst að fara svipaða leið, að leigja erlend hvalveiðiskip, en ráða á þau nokkra íslenzka sjómenn, er læri allar veiðiaðferðir, í því skyni, að áhafnir skipanna geti síðar orðið alíslenzkar. Alþingi hefur áður veitt tveimur félögum heimild til að nota erlend hvalveiðiskip við veiðar hér á landi.

Það er mjög athyglisvert fyrir Íslendinga að láta ekki útlendinga eina sitja að hvalveiðum hér við land, og það því fremur sem hvalafurðir eru mjög eftirsóttar og í háu verði á erlendum markaði. Færeyingar hafa stundað hér hvalveiðar á undanförnum árum af miklu kappi og flutt héðan mikinn og dýrmætan afla. Fyrir stríð höfðu Norðmenn hér við land, utan landhelgi, hvalvinnslustöðvar í Faxaflóa og víðar, sem tóku við afla veiðiskipanna.

Ed. 298. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febrúar 1945 um breyting á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 1. efnismálsgrein 1. gr. laganna komi nýr málsliður svo hljóðandi:

Þó skal framlag til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli í læknishéruðum með færri en 850 íbúum greiðast með ⅘ kostnaðarverðs.

Nd. 299. Frumvarp til laga

um samkomudag reglulegs Alþingis 1948.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1948 skal koma saman fyrsta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vitað er, að Alþingi, er nú situr, mun eigi ljúka störfum fyrir 15. febrúar þ. á. Ber því nauðsyn til að ákveða með lögum annan samkomudag reglulegs Alþingis 1948 en ráðgerður er í 35. gr. stjórnarskrárinnar. Er lagt til, að þingið verði kvatt til fundar eigi síðar en 1. október n. k.

Sþ. 300. Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um ríkisreikninga fyrir árin 1944, 1945 og 1946.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvernig stendur á því, að ríkisreikningar fyrir árin 1944, 1945 og 1946 hafa enn ekki verið lagðir fyrir Alþingi til úrskurðar, og hvenær má vænta þess, að þetta verði gert?

Ed. 301. Breytingartillögur

við frv. til l. um skráning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 4. gr. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í upphafi 1. mgr. komi Ráðuneytið.
2. Við 5. gr. Tvær síðustu mgr. orðist þannig:

   Ef skip, sem skráð hefur verið sem fiskiskip og er meira en 350 smálestir, hættir veiðum eða flutningum með ísvarinn fisk og er jafnframt tekið til annarra afnota, skal afhenda fiskveiðaskírteinið til skráningarstjóra í því umdæmi, sem skipið á heima í, og skal þá þegar afmá umdæmisbókstafi og tölur af því. Þetta gildir þó ekki um skip, sem smíðuð hafa verið sem fiskiskip eða síðar breytt í fiskiskip, þótt þau séu yfir 350 smálestir. Sé ágreiningur um flokkun skipanna, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skráningarstjóra.

   Hefji skipið fiskveiðar eða flutninga á ísvörðum fiski á ný, skal afhenda því fiskveiðaskírteinið og mála á það umdæmisbókstafi og tölur.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „hversu hver þeirra“ í 4. tölulið komi: hversu mikinn hluta hver þeirra

4. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „yfirlýsing allra um það“ í 3. tölulið komi: yfirlýsing allra stjórnenda um það.
   b. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytisins“ í upphafi 3. mgr. komi: Ráðuneytisins.
5. Við 11. gr. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytisins“ í meginmálsgreininni komi: ráðuneytisins.
6. Við 13. gr. Í stað orðanna „nema eigendaskipti verði“ í síðustu mgr. komi: nema eigendaskipti verði eða leyfi ráðherra komi til.
7. Við 14. gr. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 3. mgr. komi ráðuneytið.
8. Við 16. gr. Orðið „aftur“ í 1. mgr. falli niður.
9. Við 18. gr. Í stað orðanna „er löggildur sé að þarlandslögum“ í 2. tölulið komi: sem þar er löggildur.
10. Við 20. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo: Þar til samningar um samræmingu á mælingu skipa ganga í gildi, er skipaskráningarstjóra o. s. frv.
11. Við 23. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Það varðar 200—500 kr. sektum á hverja brúttórúmlest skips, ef aðili, eða umboðsmaður hans fremur nokkuð það, er miðar til að koma í framkvæmd þeim verknaði, er í 1. tölul. 22. gr. segir, enda þótt það mistakist
12. Við 25. gr. Orðið „annars“ í meginmálsgr. falli niður.
13. Við 27. gr. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í upphafi greinarinnar komi: Ráðuneytið.

Ed. 302. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi sameinuðu þjóðanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 4. febr. 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
Brynjólfur Bjarnason. Lárus Jóhannesson.

Ed. 303. Nefndarálit

um frv. til l. viðvíkjandi nafnbreyting Vinnuveitendafélags Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 4. febr. 1948.

Guðmundur Í. Guðmundsson, formaður. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Brynjólfur Bjarnason. Lárus Jóhannesson.

Sþ. **304. Nefndarálit**

um till. til þál. um endurskoðun gildandi laga um hlutafélög og laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur sent tillöguna til hæstaréttar til umsagnar og borizt svarbréf, dags. 10. des. 1947, sem birt er hér sem fylgiskjal. Leggur nefndin til í samræmi við álit hæstaréttar, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 4. febr. 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Ásg. Ásgeirsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Sigfús Sigurhjartarson.	Sigurður Bjarnason.

Fylgiskjal.

HÆSTIRÉTTUR

Reykjavík, 10. des. 1947.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi 21. f. m. beiðzt umsagnar dómara hæstaréttar um tillögu Gylfa Þ. Gíslasonar alþingismanns til þingsályktunar, varðandi endurskoðun laga nr. 77/1921, um hlutafélög, og laga nr. 42/1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð.

Er lög nr. 77/1921 voru sett, stóðust þau fyllilega samanburð við lög nálægra landa um sama efni. En síðan hefur reynsla manna í öðrum löndum svo og rannsóknir fræðimanna leitt til þess, að miklu fullkomnari lög hafa verið sett um hlutafélög, og í sumum löndum hefur löggjöfinni á þessu sviði verið breytt oftar en einu sinni umrætt tímabil. Einkum hefur verið unnið að því að setja ýtarlegar reglur til tryggingar almenningi og þjóðfélaginu gegn misferli í sambandi við stofnun og rekstur hlutafélaga. En reynslan víða um lönd hefur sýnt, að mikil brögð eru að því, að reynt sé að misnota þetta félagaform og smjúga fram hjá ákvæðum þeim, sem sett eru til verndar almenningi í þessu sambandi. Löggjafinn í öðrum löndum hefur því talið sig þurfa að vera á stöðugum verði og breyta lögunum, jafnóðum og efni hefur verið til. Svo ætti og að vera hér. Íslenzku lögin eru nú orðin langt á eftir tímanum, og í þau vantar veigamiklar reglur, sem nauðsynlegar teljast með öðrum þjóðum. Þykir víst, að á síðustu árum hafi af þessu leitt margvíslega óreiðu og undanbrögð frá réttum viðskiptaháttum. Ber því brýna nauðsyn til, að sett verði ný og miklu ýtarlegri hlutafélagalög en þau, sem nú gilda hér á landi.

Hins vegar verður að telja vafasamt, að rétt sé að breyta firmalögunum í höfuðatriðum að svo stöddu. Ný löggjöf um hlutafélög kann þó að gera vissar breytingar á þeim nauðsynlegar. Enn fremur má benda á, að hagkvæmt mundi að hafa fyrir allt landið sameiginlega verzlunar- og firmaskrá. Sú skrá þyrfti að vera í umsjá sérfróðs lögfræðings, er jafnframt hefði eftirlit með verzlunarfélögum og framkvæmd kaupsýslulöggjafar landsins.

Jónatan Hallvarðsson, (sign)		Gizur Bergsteinsson, (sign)
Þórður Eyjólfsson, (sign)	Árni Tryggvason, (sign)	Jón Ásbjörnsson. (sign)

Sþ. 305. Þingsályktun

um rannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey.

(Afgreidd frá Sþ. 4. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á næsta sumri rannsókn á því, hvort unnt sé að gera höfn við Dyrhólaey. Kostnaðurinn við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 306. Þingsályktun

um ljóskastara í skipum o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 4. febr.)

Samhljóða þskj. 51.

Ed. 307. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni og Birni Kristjánssyni.

1. gr. frv. hljóði þannig:

Á eftir 2. málsgr. 1. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra, ef í hlut eiga fámenn og afskekkt læknishéruð eða hérað, sem af öðrum ástæðum er illkleift að greiða af höndum kostnað við að reisa eða endurbyggja læknisbústaði með þeim styrk, sem ákveðinn er í 1. málsgr. þessarar greinar, að auka styrki frá því, sem þar greinir, upp í allt að ¾ byggingarkostnaðar.

Þó skal framlag til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli í læknishéruðum með færri en 850 íbúum greiðast með ⅘ kostnaðarverðs.

Ed. 308. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild handa samgöngumálaráðherra til þess að veita stýrimannaskírteini og vélstjóraskírteini.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá Nd., sem hafði afgreitt það ágreiningslaust. Nefndin hefur leitað um það álits stjórnar Vélstjórafélags Íslands og skólastjóra Vélstjóraskólans, og leggja báðir þessir aðilar til, að Jóhanni Rist verði veitt undanþága frá að ganga undir vélstjórapróf. Þá hefur nefndin athugað prófskírteini Páls Ragnarssonar og sér ekki ástæðu til að leita umsagnar annarra aðila um réttindi hans. Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna (PM) var fjarstaddur, þegar málið var afgr.

Alþingi, 5. febrúar 1948.

Gísli Jónsson, form.	B. Kristjánsson, fundaskr., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Nd. 309. Nefndarálit

um frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1948.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um, að rétt sé að fresta samkomudegi reglulegs Alþingis til hausts, og leggur n. því til, að frv. verði samþykkt. Hins vegar hafa nefndarmenn óbundnar hendur um að bera fram eða fylgja breytingartillögum um tímatakmark frumvarpsins.

Alþingi, 6. febr. 1948.

St. Stefánsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr., frsm. Áki Jakobsson.
Jörundur Brynjólfsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 310. Breytingartillaga

um frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1948.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Stefán Stefánsson, Finnur Jónsson, Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson, Jóhann Hafstein.

Við 1. gr. Í stað „fyrsta dag októbermánaðar“ komi: tíunda dag októbermánaðar.

Ed. 311. Nefndarálit

um frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði fellt, en við undirritaðir viljum láta samþykkja það óbreytt og færum einkum fyrir því eftirtaldar ástæður:

Úti fyrir suðausturströnd landsins eru mjög auðug fiskimið, sem ekki notast eins og efni standa til vegna slæmra hafnar- og viðleguskilyrða. Höfn í Hornafirði er eina sjávarþorpið, sem til greina kemur sem verstöð fyrir fiskibáta, er á þessi mið sækja. Með þeirri stækkun, sem á síðari árum hefur orðið á fiskibátum landsmanna, eru hafnarmannvirki í Hornafirði orðin gersamlega ófullnægjandi fyrir þá báta, sem annars mundu vilja hafa þar viðlegu á vertíð. Leiðir þetta til þess, að sjósókn þaðan mun fara minnkandi, nema byggð verði þar góð fiskihöfn hið bráðasta. Nú er hins vegar sýnilegt, að hinu fámenna hreppsfélagi, sem þarna á hlut að máli, er ofvaxið fjárhagslega að byggja þau hafnarmannvirki, sem þarna þarf að gera og áætlanir liggja fyrir um, þó að til kæmi sú aðstoð, sem ríkið veitir samkv. hinum almennu hafnarlögum. Enda er það líka svo, að hafnargerð þarna er ekki einkamál staðarins, heldur hefur miklu almennari þýðingu, þar sem Hornafjörður hefur verið vertíðarverstöð fyrir allt Austurland og mun verða svo áfram, ef hinir stækkandi fiskibátar fá þar viðhlítandi viðleguskilyrði.

Með tilliti til þessara sérstæðna virðist sanngjarnt og nauðsynlegt, að ríkið láti gera hafnarmannvirki, enda hefur vitamálastjóri fallizt á þá skoðun og mælir með samþykkt frv. Sömuleiðis hafa borizt mjög eindregnar óskir um þessa lausn málsins frá hreppsnefndinni í Höfn í Hornafirði og sömuleiðis frá útvegsmönnum og sjómönnum á Austurlandi, sem stundað hafa fiskveiðar frá þessari verstöð.

Bréf vitamálastjóra um þetta efni er birt sem fylgiskjal með áliti meiri hluta nefndarinnar.

Alþingi, 6. febrúar 1948.

Steingr. Aðalsteinsson, frsm. B. Kristjánsson.

Ed. 312. Frumvarp til laga

um skráning skipa.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Eigi má skip skrá á landi hér og óheimilt er skipi að hafa íslenzkan fána, nema fullnægt sé skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann eiga ríkisfang á Íslandi og hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti samfleytt síðasta árið, eða hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign félags, þar sem félagi hver ber fulla ábyrgð á skuldum þess, þá skulu ⅔ félaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
3. Ef skip er eign félags, þar sem sumir félagar bera fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing hér á landi, enda eigi hver af stjórnendum félagsins hluti í félaginu og fullnægi einnig skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
4. Ef skip er eign félags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal félag eða stofnun eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi, enda fullnægi stjórnendur skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang, og ef félag er, þá skulu þeir einnig eiga hver hlut í því.

2. gr.

Bannað er íslenzkum skipum að hafa annan fána en þjóðfána Íslands, svo sem hann er ákveðinn í lögum nr. 34 17. júní 1944.

3. gr.

Skráningarskyld samkvæmt lögum þessum eru öll skip 6 metrar á lengd eða stærri.

Skip merkir hvert það far eða fleytu, sem skylt er að skrásetja.

Fiskiskip merkir hvert það skip, sem er skylt að hafa fiskiveiðaskírteini.

Farþegaskip eru öll skip, sem hafa leyfi til að flytja fleiri farþega en 12.

Vöruflutningaskip eru öll skip, sem gerð eru út í þeim tilgangi að annast flutninga á vörum.

Önnur skip eru öll skip, sem hvorki teljast farþega-, vöruflutninga- né fiskiskip.

4. gr.

Ráðuneytið hefur yfirumsjón með mælingu skipa og skráningu.

Sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist „Skipaskráningarstofa ríkisins“ framkvæmir öll þau daglegu störf, sem lúta að endurskoðun, mælingu skipa og skráningu þeirra.

Skipaskoðunarstjóra, sem jafnframt er skipaskráningarstjóri, skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

5. gr.

Lögsagnarumdæmi hvert er skipaskráningarumdæmi, en lögreglustjórar hafa skráningu skipa á hendi. Skipaskráningarstofan löggildir skipaskrár fyrir hvert skipaskráningarumdæmi, en fiskiskipaskráin má vera lausblaðabók.

Skipaskrár skulu vera þrjár:

1. Skrá yfir öll farþega-, vöruflutninga- og fiskiskip með þilfari, 30 rúmlesta og stærri.
2. Skrá yfir öll fiskiskip án tillits til stærðar, eða hvort þau eru með þilfari eða ekki.
3. Skrá yfir öll önnur skip.

Skipaskráningarstofan skal halda aðalskipaskrá ásamt efnisskrá yfir öll skip, sem skráð eru hér á landi.

Ekkert skip má stunda fiskiveiðar, nema það hafi verið skráð á fiskiskipaskrá og fengið fiskiveiðaskírteini.

Ef skip, sem skráð hefur verið sem fiskiskip og er meira en 350 smálestir, hættir veiðum eða flutningum með ísvarinn fisk og er jafnframt tekið til annarra afnota, skal afhenda fiskveiðaskírteinið til skráningarstjóra í því umdæmi, sem skipið á heima í, og skal þá þegar afmá umdæmisbókstafi og tölur af því. Þetta gildir þó ekki um skip, sem smíðuð hafa verið sem fiskiskip eða síðar breytt í fiskiskip, þótt þau séu yfir 350 smálestir. Sé ágreiningur um flokkun skipanna, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skráningarstjóra.

Hefji skipið fiskveiðar eða flutninga á ísvörðum fiski á ný, skal afhenda því fiskveiðaskírteinið og mála á það umdæmisbókstafi og tölur.

6. gr.

Umdæmisskrár skulu greina um hvert skip sér:

1. Einkennisbókstafi skips, nafn þess, heimilisfang og smíðastöð.
2. Hvers konar skip það sé, lögun þess og aðalmál (lengd, breidd og dýpt).
3. Rúmlestatölu skips og með hvaða aðferð hún sé reiknuð.
4. Nafn, stöðu og heimildarbréf eiganda þess. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er eign hlutafélags eða stofnunar, þá skal bóka nafn þess eða hennar og heimilisfang stjórnenda og nafn útgerðarstjóra.
5. Skrásetningardag og ár.

7. gr.

Lögreglustjóri skráir hvert skip í sína skrá. Skip yfir 30 rúmlestir skal skrá í því lögsagnarumdæmi, er eigandi vill hafa heimilisfang þess, en smærri skip þar, er eigandi á heima. Nú eru þeir fleiri en einn (2. og 3. tölul. 1. gr.) og eiga ekki allir heima í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá skrá skip á heimilisfangi þess, er þeir kjósa til þess.

Nú vill eigandi skipa tryggja sér, að önnur skip verði eigi samnefnd skipi hans, og skal hann þá senda beiðni um það til skipaskráningarstofunnar, sem getur heimilað nafntökuna. Sama er um einkarétt skipseiganda til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefur verið veittur á samkvæmt framansögðu, eða nöfn svo lík þeim nöfnum og einkennum, að villum geti valdið. Þó mega haldast óbreytt nöfn skipa, sem skrásett hafa verið fyrir 13. júní 1937. Einkaréttur til skipsheitis fellur úr gildi fimm árum eftir, að skip hefur fallið út af skipaskrá, ef eigandi heitisins ekki hefur endurnýjað það á öðru skipi. Skipaskráningarstofan heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefur verið veittur á, og

birtir í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum samkvæmt 25. gr.

8. gr.

Nú vill aðili láta skrá skip sitt, og skal hann þá senda lögreglustjóra, þar sem skipi er ætlað heimilisfang, skriflega beiðni um það. Ef skip er þar ekki, þá skal senda beiðni til lögreglustjóra þar, sem skipið er.

Þessi skilríki skulu fylgja skráningarbeiðni:

1. Skipasmíðaskírteini, ásamt heimildarbréfi eiganda eða eigenda, ef eigendaskipti hafa orðið að skipi, síðan það var smíðað. Vera skulu skjöl þess í frumriti og eftirriti, og skal geyma eftirrit í skjalasafni lögreglustjóra.
2. Skýrsla aðila um önnur þau atriði, er með þarf, svo að skip megi skrásetja (sbr. 6. gr.).
3. Yfirlýsing eiganda eða eigenda (2. og 3. tölul. 1. gr.), að viðlögðum drengskap, um það, að hann eða þeir sé í raun réttri eigandi eða eigendur skipsins, en ekki aðeins í orði kveðnu, og ef eigandi er félag eða stofnun (4. tölul. 1. gr.), þá skal fylgja sams konar yfirlýsing allra stjórnenda um það, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er í 4. tölulið 1. gr. segir. Enn fremur skal fylgja drengskaparheit um það, að þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins eða mælingarbréf skuli ekki verða notað til þess að útvega öðru skipi réttindi skipa, skrásettra hér á landi, né sama skipi, ef það kemst í eign þess eða þeirra, sem ekki mega láta skrá skip sín hér. Yfirlýsingar þessar skal annaðhvort undirrita í viðurvist lögreglustjóra þess, er skráningu annast, eða notari publici.

Ráðuneytinu eða skráningarstofunni í umboði þess er heimilt að undanþiggja menn framlagningu þeirra skírteina, er hér segir, ef öflun þeirra er sérstökum örðugleikum bundin, enda sé réttur aðila til að láta skrá skip sitt vafalaus og nauðsynlegar upplýsingar, til þess að skráning megi fara fram með öðrum hætti, fengnar.

Nú þykir lögreglustjóra grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá hér skip sitt, eða hann eigi í raun réttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber lögreglustjóra þá að láta fram fara rannsókn að hætti opinberra mála um öll þau atriði, er máli kunna að skipta.

9. gr.

Nú telur lögreglustjóri eftir atvikum, að undangenginni rannsókn samkv. 8. gr., aðila tvímælalaust fullnægja öllum lögmæltum skilyrðum, og skal hann þá skrásetja skipið. Annars kostar sendir lögreglustjóri skráningarstofunni skjöl þau, er í 8. gr. segir, ásamt rannsókn sinni og greinargerð um málið. Skráningarstofan skal þá gera tillögur um málið og senda þær síðan ráðuneytinu ásamt rannsókn lögreglustjóra, greinargerð og öðrum skjölum. Leggur síðan ráðuneytið fyrir lögreglustjóra að skrá skipið, rannsaka málið betur eða neita skilmálalaust um skráningu. Nú býður ráðuneytið rækilegri rannsókn, og skal lögreglustjóri þá senda skráningarstofunni skjölin að nýju, þegar rannsókn er lokið, enda skal þá svo með fara sem fyrr segir.

10. gr.

Nú skrásetur lögreglustjóri skip, og skal hann þá jafnskjótt senda skráningarstofunni öll þau skilríki, sem honum hafa í hendur komið samkvæmt 8. og 9. gr., mælingu skips og aðra fræðslu um það, er hann má í té láta og máli skiptir. Skal skráningarstofan athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þörf þykir, getur skráningarstofan látið nýja mælingu fara fram. Skráningarstofan getur og krafizt nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Ef skráningarstofan telur skip ranglega skráð, þá tilkynnir hún það ráðuneytinu skrif-

lega, sem þá getur fyrirskipað rannsókn samkvæmt 8. gr. Að því búnu sker ráðuneytið úr því, svo sem í 9. gr. er mælt, hvort skráning skuli standa eða skip aftur strikað af skrá.

11. gr.

Nú vill aðili ekki una við úrskurð ráðuneytisins samkvæmt 9. og 10. gr., og getur hann þá lagt málið undir úrlausn dómstólanna. Fer það mál að hætti opinberra lögreglumála, bæði í héraði og í æðra dómi, en leysa skal með dómi úr því, hvort skrá skuli skip aðila eða ekki.

12. gr.

Nú telur skipaskráningarstofan skip réttilega skráð, og tekur hún þá skipið á aðalskipaskrá. Ef skip er yfir 30 rúmlestir brúttó, gefur skipaskráningarstjóri út þjóðernis- og skráningarskírteini handa skipinu, en mælingarbréf fyrir minni skip. Fari skip, sem er minna en 30 rúmlestir brúttó, milli Íslands og annarra landa, skal þjóðernis- og skráningarskírteini gefið út handa því.

Rita skal mælingarskírteini skips og allt það, er greina skal í skipaskrá samkv. 6. gr., á þjóðerniskírteini. Skírteini skal síðan, ásamt fylgiskjölum, þegar senda lögreglustjóra, og bókar hann það, er með þarf, í skipaskrá, leiðréttir rúmlestatal skips, ef þess gerist þörf, og ritar nafn skipstjóra, ásamt greinargerð um heimild hans til þeirrar atvinnu, á þjóðerniskírteini og fær aðila það síðan í hendur.

Nú er skip, þegar á að skrá það, ekki í umdæmi, þar sem því er ætlað heimilisfang (sbr. 1. málsgr. 8. gr.), og skal þá lögreglustjóri, er látið hefur af hendi þjóðernis- og skráningarskírteini eða mælingarbréf, senda skjöl þau öll, er skráningu skipsins varða, til lögreglustjóra á heimilisfangi þess, og skal hann síðan skrásetja skipið.

13. gr.

Á hvert skrásett skip skal marka nettó-rúmlestatal þess og einkennisstafi þess á þiljubitann við aðallestaropið að aftan, ef það má verða, en ella annars staðar, þar sem því verður við komið og vel fer á því. Þegar merki þessi eru orðin ólæsileg eða með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkennt skrásett íslenzkt skip.

Stöfum þeim, er skip fær á aðalskrá, má ekki breyta, meðan skráning stendur óhögguð. Eru þeir einkennisstafir skips, enda skal marka þá á það.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip, þar sem vel ber á því, með greinilegu, latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit, eða dökku letri með ljósleitum undirlit. Ef nafn skips er tvö orð eða fleiri, þá skal ávallt vera að minnsta kosti eins bókstafs bil milli orðanna.

Ef skip siglir til annarra landa, þá skal setja nafn þess þar að auki með sama hætti á báðar skipshliðar, enda skal, svo fljótt sem unnt er, marka bæði að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir, öðrum megin í desimetrum, en hinum megin í enskum fetum.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott, nema það sé gert til að forða því undan hættu í ófriði. Ekki má heldur nefna skip öðru nafni en það er skráð undir. Og eigi má breyta nafni á skrásettu skipi, nema eigendaskipti verði eða leyfi ráðherra komi til, enda samþykki skráningarstofan breytinguna og óbreyttir haldist einkennisstafir skipsins.

14. gr.

Nú er skip byggt erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyrr en það er komið í íslenzkt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiptafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 8. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til

skipið kemur í fyrsta sinn í íslenzka höfn, enda sé skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki skipaskráningarstjóra komi til.

Nú þykir viðskiptafulltrúa grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi í raun réttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, þar til ráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefur skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem viðskiptafulltrúi gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann skráningarstofunni eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar beiðist, á að afhenda honum samkvæmt 8. gr. Skráningarstofunni ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgðaþjóðernisskírteininu, ef það reynist vera ólöglega út gefið.

Í þjóðernisskírteini eða mælingarbréfi til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hvers konar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé byggt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbréfi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögun þess og lýsingu.
5. Hversu lengi skírteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rétt að krefjast þess af næsta viðskiptafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skráningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenzka höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur skírteini viðskiptafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sérstakt samþykki skipaskráningarstofunnar komi til.

15. gr.

Þjóðernis- og skráningarskírteini eða mælingarbréf skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það við tollgreiðslu skips samkvæmt kröfu yfirvalda og fyrirliða landvarnarskipa eða viðskiptafulltrúa landsins erlendis. Bannað er að rita nokkuð á skírteini eða breyta nokkru í því, nema skipaskráningarstofan eða lögreglustjóri, þar sem skip er skrásett, geri það, eða viðskiptafulltrúi landsins erlendis.

16. gr.

Nýtt þjóðernisskírteini eða mælingarbréf skal gefa út í stað eldra, ef þess er krafizt, enda sé þá eldra skírteini skilað um leið:

1. Ef nafni skips er breytt.
2. Ef viðskiptafulltrúi hefur gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða. Rannsaka skal þá eftir þörfum öll atriði, er skráningu varða, svo sem í 8. sbr. 9. gr. segir.
3. Ef þjóðernisskírteini eða mælingarbréf glatast. Nú glatast skírteini erlendis, og gefur þá viðskiptafulltrúi landsins þar út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (sbr. 14. gr.), og skal þar frá því skýrt, hvers vegna skírteinið sé út gefið. Skal sá, er biður um skírteinið, gefa skýrslu um það, hvernig það hefur glatazt.
4. Ef skrásettu skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskírteini eða mælingarbréfi þess stendur um það, hvers konar skip það sé, rúmlestatal þess eða lýsing að öðru stendur ekki heima, þá skal skrá skip að nýju, nema hagkvæmara þyki að skrá breytingarnar á skírteinið. Ef breyting er skráð á skírteini, sendir lögreglustjóri skráningarstofunni þegar skýrslu um það.
5. Ef aðili fer annars fram á að fá nýtt skírteini.
6. Ef skrásett skip tekur heimilisfang í öðru skráningarumdæmi, sbr. 7. gr. Aðili skýrir þá lögreglustjóra, þar sem skip var skráð, frá ósk sinni um flutninginn,

en hann sendir lögreglustjóra á hinu nýja heimili skipsins skjölin, og verður skipið skrásett að nýju.

17. gr.

Ef eigendaskipti verða að skipi eða skipshluta, enda glati skip ekki fyrir það rétti til að sigla undir íslenzkum fána, eða skipstjóraskipti verða, eða ef breyting verður á einhverjum þeirra atriða, sem skrásett eru samkvæmt 6. gr., þá ber eiganda eða eigendum, og ef eigendaskipti hafa orðið, bæði fyrrverandi og núverandi eiganda, að skýra lögreglustjóra, þar sem skip er skráð, frá því þá þegar, ásamt sönnunum fyrir heimild sinni og þeim öðrum skilríkjum, sem nauðsyn er á, svo að skráin verði leiðrétt samkvæmt því.

Svo skal skrá breytingar á þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins eða mælingarbréfið, nema út verði gefið nýtt skírteini.

Nú verða slíkar breytingar, sem hér segir, erlendis, og skal þá næsti viðskiptafulltrúi landsins rita þær á skírteinið og senda skráningarstofunni þegar skýrslu um þær.

Rétt er, að rannsókn samkvæmt 8. sbr. 9. gr. fari fram um öll þau atriði, er eigendaskipti eftir þessari grein varða.

18. gr.

Strika skal skip af skrá og skila skal lögreglustjóra þegar þjóðernisskírteini skips, ef þess er kostur, ásamt skriflegri skýrslu um atburði:

1. Ef skip ferst, er höggið upp eða ónýtt með öðrum hætti. Nú fer svo um skip erlendis, og skal þá skila viðskiptafulltrúa Íslands þar þjóðernisskírteini þess eða mælingarbréfi, en hann sendir það síðan skráningarstofunni ásamt skýrslu um atburði.
2. Ef skip eða skipshluti verður eign manns, félags eða stofnunar og fyrirgerir þess vegna rétti til að nota íslenzkan fána. Er þá eiganda eða eigendum skylt, að sama hætti sem í 17. gr. segir, að skýra lögreglustjóra strax frá breytingunni. Ef eigendaskipti verða erlendis, ber skipstjóra eða eiganda að skýra næsta viðskiptafulltrúa Íslands frá þeim og skila honum skírteininu og öðrum skjölum skipsins, enda skal hann senda skráningarstofunni þau svo fljótt sem þess er kostur. Þar, sem enginn viðskiptafulltrúi er fyrir hönd Íslands, skal skipstjóri eða eigandi skips útvega vottorð embættismanns, sem þar er lögildur til þess að láta slík vottorð af hendi um breytinguna, og sendi skjölin síðan skráningarstofunni. Nú verða eigendaskipti að skipi eða skipshluta vegna skipta á búi eða uppboðssölu, og skal þá skiptaráðandi eða uppboðshaldari, og ef breytingin varð erlendis, viðskiptafulltrúi landsins þar, gera það, sem með þarf.
3. Ef skip er dæmt óbætandi erlendis, þá skal enn svo með fara sem áður er sagt.

   Nú er þjóðernisskírteini ekki skilað og skip er enn til, og skal þá ógilda skírteini með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

19. gr.

Lögreglustjóri skýrir skráningarstofunni jafnskjótt sem unnt er frá hverri breytingu, sem í 17. og 18. gr. segir.

Nú verður ágreiningur um rétt aðila til að hafa skip áfram skráð á Íslandi, eða grunur kemur um það, að réttur sé glataður eða hafi aldrei verið til nema í orði kveðnu, og skal þá lögreglustjóri skýra skráningarstofunni frá því svo fljótt sem auðið er, enda fer um rannsókn þessa máls og úrskurð eins og í 8., 9. og 11. gr. segir.

20. gr.

Ef eigandi æskir þess og sérstök ástæða er til þess, þá getur skipaskráningarstjóri veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til þess að fara hér hafna á milli, áður en það sé skrásett, enda hefur slíkt leiðarbréf sama gildi hér við land sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

Enn fremur er skipaskráningarstjóra heimilt að veita skipi, ef nauðsyn ber til, að það fari þegar til útlanda, þjóðernisskírteini til bráðabirgða til siglinga þangað, enda hafi skrásetningarstofan fengið í hendur skráningarskjöl skips, en þó brestur eitthvað á til þess, að skráning megi þegar fram fara. Í bráðabirgðaskírteini skal greina öll þau atriði, sem í 14. gr. 1.—5. tölul. getur. Bráðabirgðaskírteinið gildir ekki lengur en í 2 ár, en þó getur skipaskráningarstjóri lengt frestinn, ef sérstakar ástæður hamla skráningu skipsins. Um leið og skip fær bráðabirgðaskírteini, skal marka á það rúmlestatal og einkennisstafi eftir 13. gr.

21. gr.

Skylt er lögreglustjóra að láta í té ágrip úr skipaskrá, gegn kr. 40.00 gjaldi fyrir hvert skip. Skipaskráningarstofan lætur í té gegn sama gjaldi staðfest eftirrit af þjóðernis- og skráningarskírteinum svo og mælingarbréfum. Greina skal á eftirrit, hvers vegna það er af hendi látið.

Eftirtalin gjöld skal greiða í ríkissjóð:

1. Fyrir einkaleyfi á skipsnafni, sbr. 2. mgr. 7. gr. kr. 1000.00.
2. Fyrir nafnbreytingu á skipi, sem minna er en 30 rúmlestir, kr. 100.00, en sé það 30 rúml. eða stærra kr. 300.00.
3. Fyrir útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteinis kr. 60.00, fyrir útgáfu mælingarbréfs kr. 40.00, nema mælingarbréfið sé fyrir opinn bát, þá skal greiða kr. 10.00.
4. Fyrir áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini og mælingarbréf kr. 30.00, nema um opna báta sé að ræða, þá greiðist ekkert gjald.

Ráðuneytið ákveður með reglugerð gjald fyrir mælingu skipa.

22. gr.

Það varðar sektum, 500—1000 kr. á hverja brúttó-rúmlest skips:

1. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, útvegar skráningu á skipi eða þjóðernis- og skráningarskírteini með vísvitandi röngum skýrslum, enda þótt hann bresti skilyrði 1. gr. laga þessara til þess að láta skrá skipið hér.
2. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, leynir eða vanrækir að skýra frá breytingum þeim á högum sínum eða sameigenda sinna, er varða missi þeirra skilyrða, er í 1. gr. segir.
3. Ef aðili, sem fengið hefur skip skráð með þeim hætti, sem í 1. tölul. segir, áður en lög þessi öðlast gildi, heldur áfram að hafa það á skrá hér, eftir að lögin eru komin til framkvæmdar.

Nú hefur aðili, eða umboðsmaður hans, framið annað refsivert athæfi til þess að koma fram brotum þeim, er í 1.—3. tölul. greinar þessarar segir, svo sem skjalafals, og skal hann þá jafnframt sæta lögmæltri refsingu fyrir það athæfi.

23. gr.

Það varðar 200—500 kr. sektum á hverja brúttórúmlest skips, ef aðili, eða umboðsmaður hans, fremur nokkuð það, er miðar til að koma í framkvæmd þeim verknaði, er í 1. tölul. 22. gr. segir, enda þótt það mistakist.

Ákvæði síðustu málsgr. 22. gr. eiga hér við.

24. gr.

Skip, ásamt veiðarfærum og afla, ef því er að skipta, er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 22. og 23. gr., enda má kyrrsetja veðið og selja síðan, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

25. gr.

Ef aðili útvegar sér eða lætur útvega sér ranglega skráningu á skipi sínu, þjóðernis- og skráningarskírteini eða leiðarbréf (20. gr.), vanrækir skyldur sínar

samkvæmt 2., 13., 14., 15., 17. eða 18. gr. laga þessara eða brýtur þær með öðrum hætti, eða brýtur fyrirmæli í reglugerð, er stjórnarvörld setja samkvæmt lögum þessum, þá varðar það sektum, allt að 10000 kr., enda liggi ekki þyngri refsingar við samkvæmt öðrum lögum.

26. gr.

Taka má sektir eftir lögum þessum fjárnámi í búi hinna seku, enda ábyrgist eigandi skips eða eigendur, ef fleiri eiga skip en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla greiðslu sekta. Sama er um stjórnendur félaga og stofnana.

27. gr.

Ráðuneytið setur reglur um framkvæmd laga þessara, að því leyti, sem þess verður þörf, og innan þeirra takmarka, sem í þeim eru sett.

28. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum og reglum, settum samkvæmt 27. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og reglum þeim, er í 27. gr. segir, skulu renna í ríkissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 37 1930, um skráning skipa, og enn fremur lög nr. 26 1937, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 39 1941, um breyting á sömu lögum.

Nd. 313. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Aftan við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Forseti getur þó veitt þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, lausn frá embætti, enda njóti hann þá sömu eftirlauna, sem hann hefði fengið, ef hann hefði gegnt starfinu til 70 ára aldurs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir að sett voru lög nr. 5 frá 31. jan. 1947, um breyting á lögum nr. 27 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna, hafa héraðsdómendur rétt til að sitja í embætti til 70 ára aldurs. Hins vegar má, samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar, veita þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, lausn frá embætti, þegar þeir eru fullra 65 ára að aldri. Þykir óeðlilegt, að héraðsdómendur hafi að þessu leyti meiri rétt en hæstaréttardómendur, og er frumvarp þetta flutt af þeim sökum.

Ed. 314. Frumvarp til laga

um ákvörðun fésekta.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Hvarvetna þar, sem fésektir eru ákveðnar í lögum án tillits til núgildandi verðlags, skal lágmark þeirra og hámark breytast eftir vísitölu, sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í öllum lögum, sem sett hafa verið fyrir hið síðasta stríð eða í byrjun þess og hafa sektaákvæði að geyma, eru sektirnar, svo sem vænta má, miðaðar við allt aðrar aðstæður og annað verðlag en nú gildir. Eru lög þessi sett til að samræma sektirnar við núgildandi verðlag.

Sþ. 315. Tillaga til þingsályktunar

um mælingu á siglingaleiðum um norðurhluta Breiðafjarðar.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta fara fram þegar á þessu ári mælingar á siglingaleiðum um norðurhluta Breiðafjarðar.

Greinargerð.

Mörg undanfarin ár hefur allverulegri upphæð verið veitt á fjárlögum til sjómælinga. Á fjárlagafrumvarpi fyrir 1948 er gert ráð fyrir rúmlega 150 þús. krónum til þessara framkvæmda. Ein af þeim siglingaleiðum, sem mjög er aðkallandi, að mæld verði hið bráðasta, er leiðin um norðurhluta Breiðafjarðar.

Með nýrri skipulagningu strandferðanna er ætlazt til, að flóabátar þeir, er nú halda uppi samgöngum um Breiðafjörð, hætti störfum og fjórðungsbátar ríkisins taki við, þar sem því verður við komið. En til þess að þetta megi verða, er nauðsynlegt, að mæld verði upp siglingaleiðin um norðurhluta Breiðafjarðar, þar sem ógerningur er að láta þau skip sigla þessa leið, fyrr en hún hefur verið að fullu mæld og uppdráttur gerður af henni. Er þetta mjög mikið áhugamál þeirra, sem í héruðum norðan Breiðafjarðar búa, að það sé ekki látið dragast lengur, að þessu verði hrundið í framkvæmd. Læt ég hér með fylgja áskorun með greinargerð, undirritaða af 49 íbúum þessara héraða. Er þess vænzt, að Alþingi fallist á nauðsyn þessa máls og samþykki þál.

Fylgiskjal.

Við undirritaðir kjósendur í Gufudals- og Múlahreppi, skorum hér með á yður, herra alþingismaður, að beita yður fyrir því, að á næsta vori verði mæld sjóleiðin frá Flatey til þeirra staða í áðurnefndum hreppum, sem til greina geta komið sem hafnarstaðir á hinu ómælda svæði, það er frá Múlanesi til Þorskafjarðar.

Um nauðsyn þessa máls vísast til meðfylgjandi greinargerðar:

Ástand það, sem ríkir í samgöngumálum hér við norðanverðan Breiðafjörð, þar sem engir bílvegir hafa enn verið lagðir, er þannig, að telja má, að það sé alveg óviðunandi, hvað snertir flutning á þungavöru, vegna hins dýra umskipunarkostnaðar í Flatey. Þrátt fyrir það, að ærnu fé er nú árlega varið til samgöngubóta hér á norðanverðum Breiðafirði og bátaferðir það tíðar nú orðið, að það má teljast nægilegt, miðað við framleiðsluháttu og þörf fólks til ferðalaga, þá kemur þetta fé ekki að tilætluðum notum fyrr en breytt verður um tilhögun skipaferðanna á þessu svæði.

Á þessu svæði, sem hér um ræðir, eru flestir bændur einyrkjar, ræktun lítil, og vélavinna til heyskapar hvergi sem nokkru nemur.

Af þessu leiðir fyrst og fremst það, að bændur verða að kaupa mikinn fóðurbæti til þess að geta haldið við bústofni sínum. Í öðru lagi verða þeir að hefjast handa um ræktun. Af því leiðir það, að auka verður til stórra muna kaup á tilbúnum áburði. Sá siður er nú af tekinn að brenna búfjáráburði, og þýðir það stórum aukin kolakaup, því mór er tæplega neins staðar til, sem einhlítur sé til eldiviðar, og víða enginn til.

Auk þessa, sem áður er talið, er mikið verkefni fyrir hendi í uppbyggingu íbúðarhúsa, peningshúsa, áburðarhúsa o. fl., sem vænta má, að tekið verði á samhliða ræktuninni, eftir því sem þörfin krefur, og hún er víða mikil eftir kyrrstöðu stríðsáranna.

Til dæmis um það, hve umhleðsla í Flatey er dýr, skal tekið dæmi. Uppskipun á 50 kg af tilbúnum áburði er samkvæmt reikningi kr. 3.50, þ. e. kr. 0.07 á kg, en útskipun kr. 4.00 á poka, eða alls kr. 7.50 á hvern 50 kg poka, og er það kr. 0.15 hækkun á hvert kg áburðar, og hliðstæður því er umskipunarkostnaður á annarri þungavöru.

Sömu sögu er að segja um þungavöru, sem keypt er í Flatey, nema að á hana verður að greiða fullt farmgjald til ákvörðunarstaðar, annars framhaldsflutningur á því, sem flutt er til kaupenda lengra að með Ríkisskip. T. d. var í desember síðast liðnum (eftir upplýsingum kaupfélagsstjórans í Flatey) ekki hægt að selja kol (þá nýlega komin) undir kr. 500.00 tonn. Þar við bætist útskipun og flutningsgjald. Slíkt ofurverð sem þetta verður þess valdandi, að mönnum er ókleift að kaupa svo mikið af þeirri vöru sem þörf þeirra krefur.

Fyrsta sporið til þess að bæta úr þessu ástandi teljum við, að eigi að vera uppmæling á sjóleiðinni, sem nefnd er í áskoruninni. Það næsta yrði svo að fá þann bát, sem annast flutninga frá Reykjavík (eða annarri innflutningshöfn) til Breiðafjarðarhafna, áætlaðan til þeirra hafna, sem kynnu að verða löggiltar á því svæði, sem áskorunin tekur til, svo oft á ári sem nauðsyn bæri til, vegna flutnings á þungavöru. Á þennan hátt teljum við, að fjótast sé hægt að bæta úr þessum samgönguerfiðleikum, sem há svo mjög allri framfaraviðleitni manna í þessu byggðarlagi og hafa verið í því tilliti okkur fjötur um fót og verða, ef ekki verður úr því bætt.

Við væntum þess fastlega, að þessu máli verði tekið með vinsemd og skilningi af öllum aðilum, sem þar eiga hlut að, enda teljum við þetta mjög í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á strandferðum með auknum og bættum skipakosti.

Í desember 1947.

Jóhannes Jóhannsson, Bæ.
Kristján Arason, Bæ.
Jón Jóhannsson, Kirkjubóli.
Gunnar Jóhannsson, Kirkjubóli.
Valborg Jóhannsdóttir, Kirkjubóli.
Jóhann Sigurðsson, Kirkjubóli.
Jóhannes Arason, Múla.
Sæmundur Guðmundsson, Kvígindisf.
Guðmundur Guðmundsson, Kvígindisf.
Sæmundur Brynjólfsson, Kletti.
Soffía Ólafsdóttir, Kletti.
Jóakim Arason, Seljalandi.

Vigdís Sigurðardóttir, Seljalandi.
Haukur Guðmundsson, Fjarðarhorni.
Þóra K. Þórólfsdóttir, Fjarðarhorni.
Þórólfur Jónsson, Fjarðarhorni.
Sigríður Valgeirsdóttir, Fjarðarhorni.
Kristín Pétursdóttir, Múla.
Guðmundur Arason, Múla.
Óskar Arinbjörnsson, Eyri.
Guðrún Jóhanna Guðmundsd., Eyri.
Sæm. M. Óskarsson, Eyri.
Elín G. I. Ingimundardóttir, Eyri.
Guðm. Óskarsson, Eyri.
Pétur Pétursson, Galtará.
Guðm. Jónsson, Kleifastöðum.
Þóra Jónsdóttir, Kleifastöðum.
Jón E. Jónsson, Skálanesi.
Ingibjörg Jónsdóttir, Skálanesi.
Ágúst Sigurbrandarson, Hofstöðum.
Þórður Jónsson, Hofstöðum.
Rebekka Þórðardóttir, Hofstöðum.
Nanna Þórðardóttir, Hofstöðum.
Gísli Ágústsson, Hofstöðum.
Björn Lýðsson, Fr.-Gufudal.
Valgerður Andrésdóttir, Fr.-Gufudal.
Kristín Sveinsdóttir, Neðri-Gufudal.
Bergsveinn Finnsson, Neðri-Gufudal.
Aðalsteinn Arason, Barmi.
Ólafur Ólafsson, Hallsteinsnesi.
Ólafur Þórarinsson, Hallsteinsnesi.
Guðrún Jónsdóttir, Hallsteinsnesi.
Sigríður Andrésdóttir, Þórisstöðum.
Oddur Jónsson, Þórisstöðum.
Ásgerður Andrésdóttir, Þórisstöðum.
Þórður Andrésson, Hjöllum.
Þórey J. Stefánsdóttir, Hjöllum.
Gunnar H. Jónsson, Hjöllum.
Páll Hjálmarsson, Hjöllum.

Nd. 316. Frumvarp til laga

um samkomudag reglulegs Alþingis 1948.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1948 skal koma saman tíunda dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 317. Breytingartillaga

við frv. til l. um skráning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 5. gr. Á eftir orðunum „Ef skip, sem skráð hefur verið sem fiskiskip“ í 5. málsgr. komi: og stundað hefur fiskveiðar.

Nd. 318. Frumvarp til laga

um skráning skipa.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 312 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Lögsagnarumdæmi hvert er skipaskráningarumdæmi, en lögreglustjórar hafa skráningu skipa á hendi. Skipaskráningarstofan löggildir skipaskrár fyrir hvert skipaskráningarumdæmi, en fiskiskipaskráin má vera lausblaðabók.

Skipaskrár skulu vera þrjár:

1. Skrá yfir öll farþega-, vöruflutninga- og fiskiskip með þilfari, 30 rúmlesta og stærri.
2. Skrá yfir öll fiskiskip án tillits til stærðar, eða hvort þau eru með þilfari eða ekki.
3. Skrá yfir öll önnur skip,

Skipaskráningarstofan skal halda aðalskipaskrá ásamt efnisskrá yfir öll skip, sem skráð eru hér á landi.

Ekkert skip má stunda fiskiveiðar, nema það hafi verið skráð á fiskiskipaskrá og fengið fiskiveiðaskírteini.

Ef skip, sem skráð hefur verið sem fiskiskip og stundað hefur fiskveiðar og er meira en 350 smálestir, hættir veiðum eða flutningum með ísvarinn fisk og er jafnframt tekið til annarra afnota, skal afhenda fiskveiðaskírteinið til skráningarstjóra í því umdæmi, sem skipið á heima í, og skal þá þegar afmá umdæmisbókstafi og tölur af því. Þetta gildir þó ekki um skip, sem smíðuð hafa verið sem fiskiskip eða síðar breytt í fiskiskip, þótt þau séu yfir 350 smálestir. Sé ágreiningur um flokkun skipanna, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skráningarstjóra.

Hefji skipið fiskveiðar eða flutninga á ísvörðum fiski á ný, skal afhenda því fiskveiðaskírteinið og mála á það umdæmisbókstafi og tölur.

Sþ. 319. Nefndarálit

um till. til þál. um ráðstafanir til að draga úr áfengisnautn.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið alls kostar sammála um afgreiðslu þessa máls. Minni hl. (Sigfús Sigurhjartarson) vill samþykkja tillöguna óbreytta, en meiri hlutinn sér sér ekki fært að leggja það til. Meiri hlutinn telur, að svo framarlega sem ætlazt er til, að skömmtun áfengis og héraðabönn takmarki nokkuð verulega notkun áfengis, þá hljóti af þeim ráðstöfunum að leiða mjög mikla rýrnun á tekjum ríkissjóðs. Auk þess verður að hafa allmikinn undirbúning undir skömmtun áfengis, áður en henni er komið á. Fyrir þessar sakir leggur meiri hluti nefndarinnar til, að ríkisstjórnin fái málið til undirbúnings með það fyrir augum, að verulegum takmörkunum á áfengisneyzlu verði komið á, og jafnframt verði ríkissjóði séð fyrir tekjum í stað þeirra fjármuna, sem hann missir við minnkandi sölu áfengis.

Um aðrar tillögur í áfengismálinu, sem fyrir nefndinni liggja, mun meiri hl. ekki skila sérstöku áliti.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinina skal orða svo:

1. Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka til gagngerðrar athugunar þær helztu leiðir, sem komið geta að haldi til þess að draga úr neyzlu áfengra drykkja meðal þjóðarinnar, svo sem:
   a. skömmtun áfengis;
   b. að lög um héraðabönn komi til framkvæmda;
   c. að gerðar verði róttækar ráðstafanir til að uppræta leynisölu áfengra drykkja.

   Enn fremur að taka til athugunar, hvernig bæta megi ríkissjóði þann tekjumissi, er af þessum ráðstöfunum leiðir og hann hlýtur að verða fyrir.

Athugunum þeim, er að ofan getur, verði hraðað, eftir því sem unnt er, og niðurstöður rannsóknanna lagðar fyrir Alþingi ásamt tillögum ríkisstjórnarinnar í málinu.

2. Enn fremur ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að koma á þeirri skipan, að engir fái áfengi undir útsöluverði, þó að óbreyttri þeirri venju, sem gilt hefur áður um þetta efni gagnvart æðstu stjórnarvöldum landsins, þeim er fara með framkvæmdarvaldið.

Alþingi, 7. febr. 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Sigurður Bjarnason, með fyrirvara.	Jón Gíslason.	Ásg. Ásgeirsson.

Sþ. 320. Tillaga til þingsályktunar

varðandi rekstur gistihúss við flugvöllinn í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að freista að fá vel hæfan gistihússtjóra til að starfrækja gistihúsið á flugvelli Reykjavíkur, undir eftirliti forstöðumanns Ferðaskrifstofu ríkisins, með þeim hætti, að samstarf takist með ríkinu, Reykjavíkurbæ og Eimskipafélagi Íslands um að útvega sameiginlega lán til rekstrar gistihússins og greiða, eftir því sem við má koma, fyrir því, að þessum gististað verði ekki lokað sökum ónógrar aðhlynningar frá hálfu mannfélagsins.

Greinargerð.

Hér á landi eru ekki nema tvö vel útbúin gistihús, sem starfa allt árið: Hótel Borg og Hótel Kea. Þessi fyrirtæki eru stofnsett af tveim áhugamönnum frá Akureyri: Jóhannesi Jósefssyni og Vilhjálmi Þór. Atvinnuvegurinn er nauðsynlegur, en ekki arðvænlegur. Þess vegna hafa efnamenn síðustu ára hvergi á landinu og jafnvel ekki í höfuðstaðnum lagt út í að byggja og starfrækja gistihús. Hótel Borg var tapfyrirtæki frá 1931—40 og gerir ekki betur en að standa undir sköttum og viðhaldi síðan stríðinu lauk. Hótel Kea mun ekki vera bókfært með hærra verði en myndarleg tveggja íbúða hús í Reykjavík. Samt er þar ekki um gróða að ræða, en fyrirtækið er til sóma Kaupfélagi Eyfirðinga og Akureyri. Áhugamenn í Reykjavík fundu, hve mikil þörf var á að bæta úr ónógum gistihúsakosti í bænum. Þess vegna var með umfangsmikilli löggjöf undirbúið, að ríkið, bærinn og Eimskip stofnsettu vandað gistihús í Reykjavík, og skyldi hver af þessum aðilum leggja fram allt að 5 millj. kr. Með lögum var tryggt, að fyrirtækið mátti velja úr lóðum í bænum. En þegar lokið var þessum viðbúnaði, var kreppan komin, og af mörgum ástæðum er sýnilegt, að þessi stórbygging verður ekki reist í bráð. En þörfin fyrir bráðabirgðaúrræði a. m. k. var meira knýjandi, þar sem byggingu stóra gistihússins var frestað.

Á flugvellinum við Nauthólsvík er gistihús, sem Bretar reistu á stríðsárunum handa foringjum sínum og góðum gestum. Þetta gistihús fékk Ísland að gjöf með flugvellinum. Þar eru svefnherbergi fyrir allt að hundrað gesta, rúmmiklir borðsalir, setustofur, lestrarherbergi, eldhús, frystiklefar og húsbúnaður, ýmist góður eða sæmilegur. Strætisvagnar ganga úr bænum að þessu gistihúsi á hálftímafresti.

Þegar Áki Jakobsson tók við flugvellinum, lét hann bæta húsakynnin nokkuð og hefja þar ríkisrekstur, en nokkru eftir stjórnarskiptin var hallinn á þeirri útgerð, með umbótum á húsunum, orðinn 400 þús. kr. Lét ríkisstjórnin þá ungan og efnilegan veitingamann fá húsið til rekstrar. Hefur sá maður staðið vel í stöðu sinni, en skortir rekstrarfé, og liggur við borð, að hann muni verða að hætta, og er þá sennilegt, að húsinu verði lokað til fulls, nema ef sett yrði þar á stofn áfengisútsala, en það mun tæplega þykja við eigandi. Höfuðstaðinn vantar gistihús. Þúsundir gesta, sem koma til bæjarins, verða að þrengja sér inn í íbúðir vina og hálfkunningja til að fá þak yfir höfuðið. Það er talað um að reisa með stuðningi skattþegnanna gistihús fyrir 15 milljónir. Þessi ákvörðun var byggð á réttmætri þörf, en vegna fjárhagserfiðleika líða ár og dagar, án þess að bærinn fái þessa úrbót. Hve vel, sem nýja hótelið hefði verið starfrækt, mundi hafa þurft í byrjun að afskrifa að minnsta kosti 10 milljónir af stofnkostnaðinum, því að gistihúsrekstur er nauðsynlegur, en ekki févænlegur á Íslandi.

Ef til þess kemur, að leggja verði niður og rífa 100 manna gististað í útjaðri Reykjavíkur, hús með þeim útbúnaði til gestamóttöku, sem hefur um ára skeið þótt fullboðlegur frægustu forustumönnum helztu menningarþjóðanna, þá er slíkt háttalag vottur um óskemmtilegt úrræða- og manndómsleysi. Hér þarf að sýna nokkra rögg, og böndin berast í þeim efnum að þeim þrem aðilum, sem sáu, að hér þarf að gera myndarlegt átak. Ríkið, bærinn og Eimskip ættu að standa saman um að hlynna að vel færum manni til að starfrækja þetta flugvallargistihús, meðan það er nothæft og þess þörf. Tilvonandi eigendur stóra gistihússins gætu með þessari ódýru tilraun fengið margháttaða reynslu, sem komið getur að gagni við stærri og fjárfrekari framkvæmdir.

Í Svíþjóð og fleiri menntalöndum eiga borgir og bæjarfélög mjög oft vönduð gistihús, en leigja þau kunnáttumönnum til starfrækslu. Bæir og borgir viðurkenna með þessu skyldu sína gagnvart gestum, sem þangað sækja. Hins vegar hefur fleirum en Áka Jakobssyni orðið hált á að þjóðnýta gistihúsastarfsemina. Hér er bent á áhættulitla leið til að leysa málið. Þeir aðilar, sem vildu hætta á að taka margar milljónir að láni til að bæta úr gistihúsleysi Reykjavíkur, fá hér heppilegt tækifæri til að vinna gagn landi og þjóð með því að ráða vel fram úr málinu. Bærinn hefur góða aðstöðu til að létta fyrir þessum rekstri með því að láta gistihúsinu í té mjög ódýrt hitaveituvatn um vor og sumartímann og að láta ókeypis afgangsvatn að sumarlagi renna í Nauthólsvíkina. Þúsundir Reykvíkinga geta þá haft þar sjóbaðstað, sem er yljaður með þeirra eigin hitaveituvatni.

Sþ. 321. Tillaga til þingsályktunar

um bráðabirgðafrestun nokkurra laga.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Alþingi frv. um að fresta til ársins 1958 framkvæmd allrar þeirrar löggjafar um kennslu- og fræðslumál, sem sett var á árunum 1945 og 1946.

Greinargerð.

Fjármálum landsins er nú þann veg komið, að skattar og aðrar lögmæltar tekjur ríkissjóðs nægja ekki fyrir venjulegum útgjöldum, og hlýtur sú aðstaða að fara versnandi enn um stund. Ríkið og ríkisstofnanir munu nú skulda um tæpar 90

milljónir í lausaskuldum, en auk þess er ætlazt til, að stjórnin bæti við þá skuld yfir 20 milljónum vegna fiskábyrgðar 1947. Nálega öll þessi lán frjósa á vegum þjóðfélagsins, og er um leið eytt miklu af því handbæru fé, sem atvinnuvegirnir verða að styðjast við til daglegra þarfa.

Undir forustu Brynjólfs Bjarnasonar í menntamálaráðherratíð hans var gerð margbreytt og ákaflega dýr breyting á skólalöggjöfinni. Gert var ráð fyrir að bókmennta alla Íslendinga með skólagöngu, en um leið var allt gert til að fæla æskuna frá líkamlegri vinnu, og ekki stofnsett eitt einasta verkstæði á öllu landinu til skólakennslu, þó að milljónum króna væri eytt í húsakynni til bókfræðslu. Samkvæmt þessari löggjöf hefur komið til orða að safna öllum sveitabörnum úr heilli sýslu í einn heimavistarskóla, og sviplíkar ráðagerðir eru uppi hafðar víðar á landinu. Skipulagið stefnir að því að geyma börnin í heimavistarskóla frá 7—13 ára. Bæta síðan við heimavistarskólum ungmenna 13—15 ára. Enn á að vera til heimavist fyrir unglingana til 16—17 ára aldurs, en þá tekur við menntaskólanám fyrir þá Íslendinga, sem hægt er með daglegri elju að koma gegnum þar til heyrandi próf. Allir geta þá orðið stúdentar tvítugir. Síðan tekur háskólinn við. Einna lengst er komið námsskipulagi lækna. Þeir þurfa, með minni háttar spítalanámi, 8 ár til að fá læknaréttindi. Síðan þykir flestum hóflegt að bæta við 4 ára framhaldsnámi erlendis. Aðrar háskóladeildir sækja fram með svipuðum vinnubrögðum. Þessi skólaganga er sennilega allhentug fyrir lítinn hóp manna, sem eiga að gegna vissum embættisstörfum. Hitt verður að telja fráleitt, að 15—20 ára bóknám á skólabekk geri menn mjög hæfa til að verða vinnugarpar við búskap, fiskveiðar, siglingar, vefnað eða smíði. Nýverið voru auglýst 10 læknislaus sveitahéruð. Menn, sem hafa verið hálfa ævina á skólabekk, sækja ekki í þær stöður, þó að landsfólkið allt hafi eytt miklum fjárhæðum í skólakostnað þeirra vegna.

Hin nýja löggjöf var vanhugsað fljótfærnisverk. Gagnið af þess háttar ítroðningi er vafasamt, en útgjöldin óviðráðanleg. Í eina tegund skóla þarf, eftir kröfum laganna, að bæta við 100 kennurum. Hver kennslustofa með öllu tilheyrandi kostar 100 þús. kr. Skálholtsskóli uppkominn, með 50 heimavistum, mundi nú kosta 10 milljónir. Lágt launaðir kennarar kosta ríkið 25—30 þús. kr. En kennarar í betri stöðum komast með aukakennslu upp í 59—60 þús. Dýra aukakennslan margfaldast við þörf hins mikla fjölda barna og unglinga, sem eru lögskylduð inn í hið nýja skólakerfi. Samkvæmt skýrslu fræðslumálaskrifstofunnar til Alþingis þarf á núgildandi fjárlögum nærfellt 14 milljónir kr. til húsagerðar fyrir barna- og unglingafræðslu. Þar fyrir utan koma kröfur menntaskóla, háskóla, iðnfræðslu sjómanna og bænda.

Ef ekki tekst að spara á fjárlögum yfirstandandi árs 20—30 milljónir, verður ekki hægt að halda áfram verklegum framkvæmdum, svo sem hafnarbótum, vitabyggingum og gerð vega og smíð brúa. Skólakerfi Brynjólfs Bjarnasonar er strandað að flestu leyti nema útgjöldum, og það verður aldrei framkvæmt, sökum dýrleika og smíðisgalla. Er hér lagt til að fella kerfið allt úr gildi um 10 ára skeið. Aðrir þingmenn munu benda á ýmis önnur atriði, sem þarf að gerbreyta, t. d. þegar efnamenn fá ríkismeðgjöf með börnum sínum, eða þegar 20 bændur í efnalítilli sveit verða að gjalda 30 þús. kr. í ellitryggingarsjóð. Þetta fé er tekið úr framleiðslu efnalítilla, en harðduglegra manna og raunverulega fryst. Mér er ljóst, að gerbreyta þarf fjölmörgum liðum fjárlaganna, en legg til, að tekinn sé sá útgjaldaliðurinn, sem á minnstan rétt á sér af allri hinni vafasömu fjársóunarlöggjöf síðustu ára.

Sþ. 322. Tillaga til þingsályktunar

um bann gegn því, að heimilt verði að kaupa farseðla með erlendum flugvélum milli Íslands og útlanda fyrir íslenzka peninga, án þess að fá til þess venjuleg gjaldeyrisleyfi.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma nú þegar í veg fyrir, að hægt verði að kaupa farseðla með erlendum flugvélum milli Íslands og útlanda, án leyfis gjaldeyrisstjórnarinnar.

Greinargerð.

Mitt í því gjaldeyrisleysi, sem þrengir að landsmönnum, svo að takmarkaður er innflutningur lyfja og fjölmargra nauðsynlegra vörutegunda, hefur fjöldi innlendra og erlendra manna keypt farseðla milli Íslands og útlanda fyrir íslenzka peninga utan við gjaldeyriseftirlitið. Talið er af kunnugum mönnum, að frá Keflavíkurflugvellinum geti komið í dollurum í gjaldeyrissjóð landsmanna allt að 10 milljónir króna árlega. Er þar um að ræða gjöld fyrir viðkomu flugvéla, kaup íslenzkra manna, sem vinna við völlinn, og andvirði íslenzkra matvæla, sem starfsliðið við völlinn kaupir. Bandaríkjamenn greiða allar slíkar fjárhæðir í dollurum, en fyrir óaðgæzlu í gjaldeyrismálunum virðist mikið af þessu fé hafa farið til að endurgreiða erlendum flugfélögum fargjöld, sem upphaflega voru greidd að mestu í íslenzkum peningum. Eins og þessari framkvæmd hefur verið háttað, gat maður á Íslandi keypt fyrir íslenzkar krónur farseðil til Suður-Afríku, þaðan til Argentínu og síðan um New York til Keflavíkur án þess að spurt væri um heimild gjaldeyrisyfirvaldanna. Vitaskuld þarf að síðustu að borga þetta fé í dollurum. Og úr því að dollaravöntun er jafntilfinnanleg og alþjóð manna er kunnugt, þá er sannarlega ekki ástæða til að láta tekjurnar af Keflavíkurvellinum renna út í sandinn. Þessi leki á gjaldeyri er okkur að kenna, en ekki forráðamönnum flugvallarins. Þetta er algerlega innlent málefni, og er vonandi, að ríkisstjórnin sjái sér fært að hagnýta betur en hingað til dollaratekjur frá Keflavíkurvelli.

Sþ. 323. Tillaga til þingsályktunar

varðandi notkun Kópavogshælis.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að veita limafallssjúklingum þeim, sem nú eru í Kópavogshæli, tryggingu fyrir því, að þeir fái þetta hæli til fullra og varanlegra afnota, með sama öryggi og þeim var ætlað að njóta í Laugarnesi samkvæmt fyrirmælum hinna erlendu mannvina, sem reistu þann spítala.

Greinargerð.

Fyrir nálega 20 árum varð ég þess vís, að sjúklingar í Laugarnesspítala nutu ekki að öllu leyti þeirrar aðbúðar, sem vænta mátti, eftir rausn þeirra, sem stofnsett höfðu þennan spítala. Voru þá að minni tilhlutun gerðar ýmsar umbætur á híbýlum og aðbúð sjúklinga þessara. Höfðu þeir áður haft blikkdiska og fleiri þess háttar tæki við borðhaldið, en ég lét þá fá í þess stað nægilega mikið af borðbúnaði frá Þingvalla-hátíðinni 1930, en hann var þá talinn beztur sinnar tegundar

hér á landi. Mynduðust á þennan hátt lausleg kynni milli mín og þessara sjúklinga. Hafa þeir þess vegna leyft mér að sjá afrit af bréfum, sem þeir hafa sent Alþingi og stjórn Oddfellowreglunnar hér á landi, þar sem þeir lýsa ugg sínum í sambandi við hugsanlegan hrakning þeirra frá Kópavogi. Það verður að telja óhugsanlegt, að forstöðumönnum heilbrigðismálanna kom til hugar að hrekja sjúklingana úr því hæli, sem þeim var fengið, þegar þeirra eigið lögtryggða heimili var brunnið í höndum erlendra hermanna. En sá ótti, sem hefur gripið sjúklingana í sambandi við umtal valdamanna í þessum efnum, er ekki í samræmi við þá ró, sem þarf að ríkja á þvílíkum stað. Þess vegna er eðlilegt og sjálfsagt, að Alþingi geri í þessu efni fullar yfirbætur, og það verður ekki gert á annan hátt en þann, að þingið gefi landsstjórninni um þetta efni ákveðin fyrirmæli, sem veiti sjúklingunum fullkomið öryggi. Ef nú yrði hafizt handa um burtflutning sjúklinganna úr því hæli, sem þeim var var fengið fyrir Laugarnes, væri það bein brigðmælgi gagnvart Oddfellow-reglunni og mundi ekki standast fyrir dómstólum, en væri auk þess fáheyrt mannúðarleysi, sem fáir þingmenn vilja fremja. Annars skýra bréf sjúklinganna málið svo glögglega, að ekki er þörf að bæta þar við fleiri rökum.

Fylgiskjal I.

Kópavogshæli, 25. janúar 1948.

Við undirritaðir sjúklingar í Kópavogshæli leyfum okkur að senda Alþingi eindregin mótmæli gegn því, að við verðum flutt burtu frá þessum stað, meðan okkur endist aldur.

Svo sem alþjóð manna er kunnugt, urðu útlendir mannvinir til að reisa á Laugarnesi stærsta og fullkomnasta sjúkrahús, sem fram að þeim tíma hafði verið byggt hér á landi, og þeir gáfu þjóðinni þetta hús með því skilyrði, að þar skyldi vera lækninga- og griðastaður fyrir alla þá Íslendinga, sem sjúkir væru af limafallssýki. Hinir útlendu gefendur lýstu yfir, að þeir áskildu sér rétt til að ráðstafa Laugarnesspítala, eftir því sem þeim þætti við eiga, þegar enginn limafallssýki væri lengur til í landinu.

Okkur sjúklingunum leið eins vel og unnt var í Laugarnesspítala. Staðurinn var fallegur, nokkuð úr alfaraleið, og þó svo nærri höfuðborginni, að kalla mátti, að hún blasti við sjónum okkar. Svo kom stríðið. Útlendur her kom til landsins og tók spítalann með rétti hins sterka. Þá vorum við flutt hingað og því heitið, að þetta skyldi vera okkar heimili, meðan limafallssýki væri til í landinu. Okkur tók sárt að vera flutt frá Laugarnesi. Hvergi var okkur jafnhugstætt að vera eins og þar. En við væntum, þó að erlendur her hefði hrakið okkur frá löglegu og réttmætu heimili, þá mundu okkar eigin landar aldrei feta í fótspor hermannanna.

Nú hefur okkur borizt sú fregn, að enn eigi að hrekja okkur héðan, eitthvað, við vitum ekki hvert. Okkur er sagt, að heilbrigðisstjórn sé tvívegis búin að biðja fjárveitinganefnd að mæla með miklu fjárframlagi úr ríkissjóði til að stækka þetta sjúkrahús og safna hingað öllum fávitum af landinu. Nú í vetur, skömmu fyrir jól, komu hingað þrír æðstu embættismenn heilbrigðismálanna, ráðherra, landlæknir og forstöðumaður ríkisspítalanna. Þetta var óvænt heimsókn. Við vorum því ekki vön, að þess háttar gestir kæmu til að skoða hælið í krók og kring. Litlu síðar komu frá stjórnarvöldunum menn til að mæla allar stofur í spítalanum. Þá sáum við, að ekki var um að villast. Það var verið að undirbúa að flytja okkur nauðungarflutningi í annað sinn.

Við sendum Alþingi þessa bænarskrá í þeirri von, að sú virðulega stofnun láti ekki verða alvöru úr þessum fráleitu áformum. Við erum haldin af einhverjum hættulegasta og þrálátasta sjúkdómi, sem mannkynið þekkir. Við höfum ekki fengið þennan sjúkdóm fyrir eigin tilverknað. En við erum dæmd til að bera þennan sjúkdómskross lengi, oft í áratugi. Aðstaða okkar til lífsins er önnur og erfiðari en allra annarra manna í landinu. Það þykir mikil hreysti, þegar hermenn horfast í

augu við dauðann á vígvöllunum. En hvað er að segja um örlög þeirra manna, sem fá sýkina í bernsku, en ná háum aldri? Er það ekki mannraun? Okkur var raunverulega gefið Laugarnes til hjálpar í bágindum okkar. Við höfum verið svipt þessu hæli. Það brann og hefur ekki verið endurbyggt. Við okkur hefur verið gerður sáttmáli, fyrst um Laugarnes, sem var tekið án þess að innlend stjórnarvöld fengju við ráðið, og síðan um Kópavog. Nú virðist líka eiga að rjúfa þennan sáttmála og nota sér umkomuleysi okkar og vanmátt til að vernda augljós mannréttindi. Hópur okkar er að vísu fámennur, og dagar okkar eru brátt taldir. Nálega helmingur sjúklinganna um áttrætt. Sú yngsta er 46 ára.

Við vonum, að Alþingi leyfi okkur að bera beinin í þeim stað, sem þjóðfélagið afhenti okkur, þegar gjafaheimilið var tekið með valdi af útlendum her.

Héðan af eru ekki mörg ár eftir fyrir okkur, sem erum sjúklingar í Kópavogi.

Virðingarfyllst.

(Nöfn sjúklinganna.)

Fjárveitinganefnd Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Kópavogshæli, 25. janúar 1948.

Við undirritaðir sjúklingar í Kópavogshæli höfum ástæðu til að óttast, að heilbrigðisstjórnin hafi í huga að flytja okkur héðan frá Kópavogi til einhvers, okkur ókunnugs staðar á Íslandi. Við álítum þetta samningsbrot, bæði gagnvart okkur og gagnvart Oddfellowreglunni, sem var gefandi Laugarnesspítalans. Við sendum Alþingi mótmæli og leyfum okkur að heita á hjálp yðar í þessu efni. Við vitum, að forganga Oddfellowreglunnar í þessu efni hlýtur að mega sín mikils við stjórn landsins. Okkur finnst, að þessi ráðgerði flutningur sé átakanlegt brot á móti þeirri góðvild, sem Oddfellowreglan sýndi íslenzku þjóðinni, með því að gefa Laugarnesspítala til að útrýma limafallssýkinni úr landinu.

Við leyfum okkur að senda yður hjálagt afrit af mótmælabréfinu til Alþingis.

Um leið og við vonum að njóta yðar mikilsverða stuðnings, eins og jafnan fyrr, þökkum við Oddfellowreglunni gamla og nýja vinsemd.

Virðingarfyllst.

(Nöfn sjúklinganna.)

Til stjórnar Oddfellowreglunnar, Reykjavík.

Ed. 324. Nefndarálit

um frv. til l. um landshöfn í Höfn á Hornafirði.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið hefur verið rætt ýtarlega á 4 fundum í nefndinni. Leitaði hún umsagnar ýmissa stofnana um málið, og bárust henni svör frá eftirfarandi aðilum: Vitamálastjóra og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Eru umsagnir þeirra birtar hér með sem fylgiskjöl.

Mál þetta var borið fram á Alþingi 1946 (þskj. 136). Var í því frv. einnig gert ráð fyrir byggingu fiskiðjuvers í sambandi við hafnarmannvirkin. Meiri hl. sjávarútvegsnefndar lagði þá til, að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá (sbr.

þskj. 825 12. maí 1947), en dagskráin var felld í deildinni og frv. samþykkt til 3. umr., en náði þó ekki frekari afgreiðslu á því þingi.

Frv. er nú að því leyti frábrugðið því, sem áður var, að ekki er gert ráð fyrir, að fiskiðjuverið sá byggt í sambandi við hafnarmannvirkin. Hér er því um það eitt að ræða, hvort komið skuli upp landshöfn í Hornafirði, í stað þess að styrkja hafnarframkvæmdir þar samkvæmt gildandi hafnarlögum, en þau mæla svo fyrir, að ríkissjóður skuli leggja fram 40% af kostnaði sem styrk til hafnargerðar í Hornafirði og ábyrgjast lán, allt að 60% af kostnaði, er hafnarsjóður kynni að taka vegna hafnarframkvæmdanna. Vill minni hlutinn (StgrA og BK) láta samþykkja frv. óbreytt, og gefur hann því út sérstakt nefndarálit. Meiri hlutinn lítur svo á, að óeðlilegt sé að ákveða landshafnir af handahófi, eins og hér er ætlazt til með frv. þessu, heldur eigi þetta að gerast skipulega og ríkisstjórnin að hafa um það frumkvæði, að lokinni nákvæmri athugun. Meiri hl. lítur einnig svo á, að það eitt, að gera Hornafjörð að landshöfn, flýti á engan hátt fyrir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum, nema síður sé. Ríkissjóður hefur orðið að draga úr framkvæmdum við byggingu landshafnarinnar í Njarðvíkum vegna erfiðleika á útvegun lánsfjár til þeirra framkvæmda, svo að engin líkindi eru til, að fé lægi lausara fyrir til hafnarframkvæmda við landshöfn í Hornafirði. Lánsmöguleikar hafnarsjóðs með fullri ábyrgð ríkissjóðs eru engu minni en lánsmöguleikar ríkissjóðsins sjálfs, og ríkissjóður mundi tæplega ætla meira fé til framkvæmda hafnarmannvirkja á Hornafirði fyrst um sinn, þótt frv. yrði að lögum, en sem svaraði árlegum styrk skv. fyrirmælum gildandi hafnarlaga. Er þetta og skoðun samgöngumálaráðherra á málinu. Með tilvísun til þessa leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 9. febr. 1948.

Gísli Jónsson, form., frsm. Pétur Magnússon. Sigurjón Á. Ólafsson.

Fylgiskjal I.

VITA- OG HAFNAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 6. jan. 1948.

Sjávarútvegsnefnd hefur óskað umsagnar minnar um frv. til laga um landshöfn í Þórshöfn. Enn fremur spyr nefndin, hvort ég telji æskilegt, að farið sé inn á þá braut almennt að fjölga landshöfnum, og þá í hvaða röð.

Ég ætla að leyfa mér að svara þessum síðari spurningum fyrst.

Þar sem svo hagar til, að nauðsyn er á höfn vegna þjóðarbúskaparins, en hreppsfélögin eru svo fátæk, að þau hafa ekki getu til þessara framkvæmda, þá álít ég það fjárhagslega réttmætt, að ríkið byggi höfn og iðjuver.

Það, hvort hafnir eigi almennt að vera ríkisfyrirtæki, er annað mál, og vel mætti hugsa sér höfn og iðjuver fyrst byggt af ríkinu sem nokkurs konar gróðursetning á atvinnulífi, en gangi síðar í það að verða hrepps- eða bæjarhöfn, og fiskiðjuverin verði samvinnubúskapur.

Því, í hvaða röð ég telji, að landshafnir eigi að koma, vil ég því til svara, að ég set númer eitt Höfn í Hornafirði, annaðhvort sem landshöfn eða þá að séð verði um með öðrum hætti, að fiskútflutningshöfn geti vaxið þar fljótlega upp. Næsta stað tel ég Rif á Snæfellsnesi. Þar álít ég landshöfn heppilega lausn, bæði til þess að nytja dýrmæt fiskimið og til að bjarga stórum byggðarlögum, sem þegar eru farin að leysast upp vegna hafnleysis og þar sem sjómenn og reyndar landmenn líka eru ekki nema hálfdrættingar að afköstum af sömu ástæðu.

Fyrir báða þessa staði, Höfn og Rif, liggja fyrir uppdrættir og kostnaðaráætlanir, og á hvorugum staðnum þarf að binda mjög mikið fé fyrst í stað.

Þá kem ég að meginmálinu: Landshöfn í Þórshöfn: Er það þjóðarbúskapnum nokkur knýjandi nauðsyn, að fljótlega vaxi upp stór höfn í Þórshöfn? Ekki get ég séð það. Er ekki til annar staður, sem getur tekið á móti fiski og síld frá svæðinu norðan Langaness og austan Sléttu? Jú, hann er til, það er Raufarhöfn. Þar er hægt að stækka höfnina með dýpkun án þess að kosta miklu til, og þessa dýpkun væri hægt að gera strax í sumar.

Þó að hafnargerð á Þórshöfn sé engin knýjandi nauðsyn sem stendur, þá er það engan veginn meining mín, að þorpið með aðliggjandi byggð eigi að nægjast með þá bryggju, sem nú er, um langt árabil, heldur hitt, að aukin virkjun Raufarhafnar kallar bráðara að og er miklu fljótunnari og ódýrari. Á Raufarhöfn hefur náttúran lagt til öll ytri hafnarvirki, aðeins er eftir að ljúka við að fullnytja hið varða svæði. Á Þórshöfn yrði, eins og málið liggur nú fyrr, að fara með garð og bryggjur út á dýpi, sem enn er óvarið. Ég harma það ekki, að þetta frumvarp um landshöfn í Þórshöfn hefur komið fram. Það heldur málinu um hafnarþörf þarna vakandi.

Eins og um getur í greinargerð, þá er bátahafnarsvæðið á Þórshöfn afgirt frá dýpinu með grjótrima. Ef viðráðanlegt væri að grafa sundur þennan rima, mundi það gerbreyta viðhorfinu til hafnargerðar. Þó að riminn sé erfiður, þá er ekki óhugsandi, að dýpkunarskipið Grettir gæti ráðið við hann, en til þess að gera þá tilraun verður að láta á skipið sérstakar grjótskóflur, sem eru hér til, en þessa tilraun er að minnsta kosti ekki hægt að gera í sumar, því að svo mörg önnur knýjandi verkefni kalla að. Enn fremur mætti sitja um hugsanlegt tækifæri til þess að leigja skip, sem sérstaklega væri gert fyrir erfiðan grjótmokstur. Aðeins ríkið hefði bolmagn til að gera þessa tilraun, en það er líka til mikils að vinna, ef þarna gæti farið saman góð og ódýr höfn, nærtæk fiski- og síldarmið og gott uppland.

Axel Sveinsson.

Til sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis, Alþingi.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 5. des. 1947.

Vér höfum móttekið frv. til laga um landshöfn á Hornafirði og Þórshöfn, sem þér æskið umsagnar vorrar um, svo og, hvort vér teljum æskilegt, að landshafnir yrðu byggðar víðar á landinu, og þá á hvaða stöðum og í hvaða röð.

Fylgja tillögur vorar í stórum dráttum hér á eftir:

Hugtakið landshöfn skiljum vér þannig, að þá sé átt við fyrsta flokks höfn, sem lokist ekki af brimi, en sé tilgengileg fyrir skip af öllum þeim stærðum, sem tíðkast hér við land, veiti gott skjól og afdrep í öllum áttum og rúmi allstóran flota af bátum og skipum. Þar sem Hornafjörður fullnægir ekki ofangreindum skilyrðum og ekki er heldur að vorum dómi hægt að skapa þau þar, hvernig sem að yrði farið, erum vér eindregið mótfallnir því, að slík tilraun verði gerð. Þar sem oss er kunn þýðing staðarins fyrir landróðrarbáta á vetrarvertíð, teljum vér æskilegt, að skilyrði til löndunar afla og viðlegu báta séu endurbætt.

Tillögur vorar í landshafnarmálinu eru að öðru leyti þessar: Vér viljum fyrst láta nota þær góðu hafnir, sem til eru frá náttúrunnar hendi, þar sem hægt er að koma því við. Slíkum höfnum, teljum vér, að eigi að veita meiri athygli, en gert hefur verið til þessa. En þar sem oss er ljós nauðsyn þess, að skipafloti landsins sé hæfilega dreifður á hinum ýmsu árstíðum, en safnist ekki saman á allt of fáum stöðum, teljum vér hafnargerðir sums staðar nauðsynlegar, að því tilskildu þó, að viss grundvallarskilyrði sé hægt að skapa með viðráðanlegum kostnaði. Þessi skilyrði eru, eins og áður er sagt, nægilegt dýpi, gott afdrep og

svigrúm. Myndarlegar framkvæmdir, sem lokið er við á sómasamlegan hátt, eiga rétt á sér, annað ekki.

Með tilliti til ofanritaðs, leggjum vér til, að eftirtöldum stöðum verði gaumur gefinn, eftir því sem landið hefur efni á og í þessari röð:

Akranes, Hafnarfjörður, Skagaströnd, Húsavík, Vestmannaeyjar og Þórshöfn. Um fjóra fyrst töldu staðina er það að segja, að nauðsynlegt er að ljúka þeim framkvæmdum, sem þar eru á döfinni, sem fyrst og gera það á þann hátt, að hafnirnar komi að sem fyllstum notum. Vestmannaeyjar liggja, svo sem kunnugt er, úti fyrir hinni hafnlausu suðurströnd. Þar er mikil útgerð landróðrabáta, togaraútgerð er byrjuð þar, staðurinn liggur við hin auðugustu grunnmið landsins og er viðkomustaður póst- og millilandaskipa. Þar hefur verið byggð höfn, sem verið er að dýpka. Búið er að byggja þar margar myndarlegar hafskipabryggjur.

Það sem háir Vestmannaeyjahöfn þrátt fyrir allt, sem gert hefur verið, er innsiglingin, sem snýr mót suðaustri, en einmitt úr þeirri átt kemur óbrotinn hafsjórinn æðandi í vondum veðrum. Þetta torveldar mjög innsiglingu í höfnina, hinum stærri skipum að minnsta kosti, og veldur súg og drætti í höfninni. Þetta mundi gerbreytast til batnaðar, væri búið að loka fyrir innsiglinguna, sem nú er að suðaustan, og gera aðra nýja að norðvestan frá, þar sem nú kallast Eiðið.

Það eru því tillögur vorar, að rannsókn verði látin fara fram á því, hvort þetta sé gerlegt. Sýni rannsóknin jákvæðan árangur, leggjum vér til, að leiðinni að austan verði lokað, en önnur opnuð í gegnum Eiðið að vestan, því þar með væri komin fyrsta flokks höfn í Vestmannaeyjum.

Þegar búið er að ljúka þeim framkvæmdum, sem hér hafa verið nefndar, viljum vér ekki leggjast gegn landshafnarbyggingu á Þórshöfn, komi það í ljós við gaumgæfilega rannsókn, að nauðsynleg skilyrði til landshafnarbyggingar séu þar fyrir hendi.

Að öllu þessu loknu, eða þegar séð verður fyrir endann á ofangreindum hafnargerðum, erum vér reiðubúnir til að gera nýjar tillögur.

Virðingarfyllst,

f. h. Farmanna og Fiskimannasambands Íslands,
Guðm. Jensson.

Til sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis.

Ed. 325. Nefndarálit

um frv. til l. um landshöfn á Þórshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta hefur verið rætt á 4 fundum. Var það sent til umsagnar nokkrum aðilum, og bárust nefndinni svör frá vitamálastjóra, Fiskifélagi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Með því að svör tveggja aðilanna voru jafnframt svör við fyrirspurnum nefndarinnar um landshöfn á Hornafirði og eru birt sem fylgiskjöl með nefndaráliti meiri hlutans um það mál, þykir ekki þörf á að birta þau hér, heldur vísast hér með til þeirra á þskj. 324. Ræddi nefndin einnig málið á fundi við vitamálastjóra, sem upplýsti, að vel gæti komið til mála, að unnt væri að koma upp fullkomnum hafnarmannvirkjum á Þórshöfn fyrir miklu minna fé en áður hefðu verið gerðar áætlanir um, ef takast mætti að grafa leið inn að fyrirhugaðri bryggju í gegnum malarrif, sem liggur fyrir utan hafnarsvæðið.

Hann teldi því nauðsynlegt, að láta fara fram tilraun á slíkum grefti áður en frekari ákvarðanir yrðu gerðar um hafnarframkvæmdir á Þórshöfn. En með því að hafnarsjóður hefði ekki ráð á því að kosta slíka tilraun, en hins vegar ljóst, að hún mundi spara hundruð þúsunda, ef vel tækist, teldi hann rétt, að ríkissjóður bæri fyrst um sinn kostnaðinn af henni, en honum yrði síðar skipt á milli hafnarsjóðs og ríkissjóðs í sömu hlutföllum og öðrum kostnaði við hafnarframkvæmdir þar, ef sýnt yrði, að tilraunin tækist, og spöruðust þannig báðum aðilum óþarfa útgjöld. Fellst nefndin á þetta sjónarmið og leggur því til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að upplýst er, að kostnaður við byggingu hafnarmannvirkja á Þórshöfn mundi verða allverulega lægri, ef takast mætti að grafa skipaskurð í gegnum malarrif, sem liggur fyrir utan fyrirhugað hafnarsvæði, enda líkur til, að þetta sé framkvæmanlegt, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti eins fljótt og því verður við komið gera slíka tilraun, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. febr. 1948.

Gísli Jónsson, form., frsm.	B. Kristjánsson, fundaskr.	Sigurjón Á. Ólafsson.
Steingr. Aðalsteinsson.		Pétur Magnússon.

Fylgiskjal I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 6. nóv. 1947.

Með bréfi, dags. 29. f. m., óskaði nefndin umsagnar vorrar um meðfylgjandi frumvarp til laga um landshöfn í Þórshöfn. Stjórnarnefndin afgreiddi þetta mál á fundi sínum í gær með svofelldri ályktun:

„Jafnframt því sem stjórn Fiskifélagsins leggur á það megináherzlu, að veitt sé á Alþingi sem ríflegast fé til hafnargerða, og þá alveg sérstaklega á þeim stöðum, þar sem góð skilyrði eru til útgerðar, þá telur hún heppilegast, að þetta verði gert á grundvelli núgildandi heildarlöggjafar um hafnar- og lendingarbætur."

Virðingarfyllst

f. h. fiskimálastjóra
Arnór Guðmundsson.

Til sjávarútvegsmálanefndar Ed. Alþingis, Alþingi.

Fylgiskjal II.

VITA- OG HAFNAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 27. jan. 1948.

Formaður sjávarútvegsnefndar hefur beðið mig að gera áætlun um, hvað kosta muni að gera tilraun til að grafa sundur grandann, sem umlykur hafnarsvæðið á Þórshöfn, sbr. bréf mitt, dags. 6. jan. 1948.

Það, sem ég leyfi mér að leggja til, er þetta:

Settar verði sérstakar grjótskóflur á Gretti (og þær eru til hér). Reynt verði að haga þannig til, að fleiri nálægir staðir þurfi um leið að láta moka harðan botn. Byrjað verði með því að reyna að grafa prufuholur í grandann til þess að fá úr því skorið, hvort Grettir ræður við það eða ekki. Og ef það reynist fært, þá að grafa 30 m breiða rennu gegnum grandann.

Kostnaðaráætlun:

Skipta um skóflur, sigla skipinu á staðinn, bíða eftir stilltum sjó og gera tilraun til að grafa prófholur	kr.	80000.00
Ef allt reynist ókleift, nær kostnaðurinn ekki lengra, en ef mögulegt er að grafa, má áætla viðbótarkostnað	—	200000.00
Samtals	kr.	280000.00

Eins og ég gat um við nefndina, tel ég engin líkindi til, að hægt verði að sinna þessari tilraun á komandi sumri, vegna þess, hve mörg og áríðandi verk kalla að.

Axel Sveinsson

Til formanns sjávarútvegsnefndar, Alþingi.

Ed. 326. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 12. febrúar 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 1. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra, ef í hlut eiga fámenn og afskekkt læknishéruð eða hérað, sem af öðrum ástæðum er illkleift að greiða af höndum kostnað við að reisa eða endurbyggja læknisbústaði með þeim styrk, sem ákveðinn er í 1. málsgr. þessarar greinar, að auka styrki frá því, sem þar greinir, upp í allt að ¾ byggingarkostnaðar.

Þó skal framlag til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli í læknishéruðum með færri en 850 íbúum greiðast með ⅘ kostnaðarverðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 327. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. gr.

1., 2., 10. og 14. gr. laganna falli burt, og breytist greinatalan samkvæmt því.

2. gr.

Orðin „gildi uppsagnar og önnur“ í 2. málsgr. 8. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar húsaleigulögin voru sett vorið 1940, lágu til þess aðallega tvær ástæður. Önnur var sú, að óttazt var, að byggingarstarfsemi legðist niður að mestu leyti vegna ófriðarástandsins, þannig að húsnæðisskortur mundi verða mjög mikill. Hin var að stemma stigu fyrir vaxandi dýrtíð með því að takmarka rétt húseigenda til þess að taka þeirri húsaleigu, er í boði kynni að vera.

Það hefur nú komið í ljós, að lögin hafa verkað mjög ósanngjarnt á hagsmuni húseigenda, og hafa þeir margir hverjir verið verr settir en aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Meiri hluti nefndarinnar treystir sér þó ekki til, enn sem komið er, að leggja til að gefa húsaleiguna frjálsa, þótt að því hljóti bráðlega að reka. Hins vegar telur hann sjálfsagt að ganga svo langt til móts við húseigendur, að þeim sé í sjálfsvald sett, hverjum þeir leigja húsnæði sitt. Hefur frelsisskerðing þeirra í því efni leitt til óþolandi árekstra og ranglætis. Þetta ætti því frekar að vera óhætt, þar sem meira hefur verið byggt undanfarin ár hér á landi en nokkru sinni fyrr og leigjendaskipti munu hafa orðið í miklum hluta þeirra íbúða, sem lögin taka til, síðan þau voru sett.

Ed. 328. Nefndarálit

um frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1948.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ., en tveir nefndarmanna (BrB og PZ) áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur.

Alþingi, 10. febrúar 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson, form., frsm.
Lárus Jóhannesson, fundaskr.
Þorst. Þorsteinsson.
Páll Zóphóníasson.
Brynj. Bjarnason.

Ed. 329. Breytingartillaga

við frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1948.

Frá Páli Zóphóníassyni og Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 1. gr. Í stað „tíunda“ komi: fyrsta.

Sþ. 330. Fyrirspurnir.

I. Til menntamálaráðherra varðandi þjóðleikhúsið.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Hvenær má vænta þess, að byggingu þjóðleikhússins verði að fullu lokið, svo hægt sé að hefja þar leikstarfsemi?
2. Hve miklu fé hefur verið varið til byggingar þjóðleikhússins og hvað er áætlað, að það muni kosta fullgert? Er þess óskað, að lögð verði fram nákvæm

sundurliðuð skýrsla um allar greiðslur úr þjóðleikhússjóði frá upphafi og sérstaklega tilgreint, hve mikið fé hefur farið til byggingarinnar, frá því að vinna við hana var hafin að nýju eftir hernámið.

II. Til félagsmálaráðherra um upphæð áhættuiðgjalda og slysabóta hjá Tryggingastofnun ríkisins árið 1947.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvað nema áhættuiðgjöld, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur innheimt árið 1947, samkvæmt 113. gr. laga um almannatryggingar, hárri upphæð samtals, og hvað hefur Tryggingastofnunin borgað miklar bætur vegna slysa á því ári?

Ed. 331. Nefndarálit

um frv. til l. um ákvörðun fésekta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Brynjólfur Bjarnason var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 11. febrúar 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Páll Zóphóníasson.
Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 332. Breytingartillaga

við frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1948.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Við 1. gr. Í stað „tíunda“ komi: ellefta.

Nd. 333. Frumvarp til laga

um samkomudag reglulegs Alþingis 1948.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1948 skal koma saman ellefta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 334. Lög

viðvíkjandi nafnbreyting Vinnuveitendafélags Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 11. febr.)

Samhljóða þskj. 91.

Ed. 335. Lög

um heimild handa samgöngumálaráðherra til þess að veita stýrimannsskírteini og vélstjóraskírteini.

(Afgreidd frá Ed. 11. febr.)

Samhljóða þskj. 268.

Nd. 336. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Áki Jakobsson var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 12. febr. 1948.

St. Stefánsson, form. — Finnur Jónsson, fundaskr. — Jóhann Hafstein, frsm.

Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 337. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Áki Jakobsson var fjarverandi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 12. febr. 1948.

Stefán Stefánsson, form. — Finnur Jónsson, fundaskr. — Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Jóhann Hafstein.

Ed. 338. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 12. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hafa frystihús keypt síld til beitufrystingar fyrir misjafnt verð, og er þá ráðherra heimilt að ákveða verðjöfnun á beitusíldinni. Beitunefnd skal annast framkvæmd þessarar verðjöfnunar samkvæmt nánari fyrirmælum ráðherra. Frystihúsum er skylt að láta beitunefnd eða Fiskifélagi Íslands í té upplýsingar um beitubirgðir og innkaupsverð á síld til beitufrystingar, og getur ráðherra, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ráðuneytið hefur óskað þess, að nefndin flytti frv. þetta. Hefur nefndin orðið við þeirri ósk, en nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að koma fram með breytingar eða fylgja breytingum, sem fram kynnu að koma.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Beitunefnd hefur óskað eftir því við atvinnumálaráðuneytið, að sett yrðu ný ákvæði inn í lög nr. 45 7. maí 1946, um beitumál, þess efnis að heimila ráðherra að ákveða verðjöfnun á beitusíld. Beitunefndin gerir eftirfarandi grein fyrir nauðsyn þessa máls.

Svo sem kunnugt er, hefur öflun beitusíldar á undanförnum árum að langmestu leyti verið tvíþætt. Annars vegar er um að ræða síld þá, sem veiðist fyrir Norðurlandi á sumarmánuðunum og fryst er til beitu, en það mun láta nærri, að hér sé um að ræða tæplega ⅓ hluta allrar þeirrar beitusíldar, er notaþörf fiskibátaflotans krefst. Hins vegar er um að ræða reknetasíldina, sem veidd er í Faxaflóa og suður af Reykjanesi á síðsumar- og haustmánuðum, og loks nú tvö síðustu árin Hvalfjarðarsíldina, sem veidd er í herpinót og allmikið hefur verið fryst af til beitu.

Eins og að líkum lætur, hefur verð á þessum beitusíldarflokkum orðið afar misjafnt. Norðurlandssíldin er að sjálfsögðu dýrust, ekki síst vegna þess, að flytja verður hana langar leiðir frá frystihúsum til notkunarstaða. Í næsta verðflokknum verður síldin, sem veidd er í reknet í Faxaflóa, og svo loks herpinótasíldin úr Hvalfirði, sem er langsamlega ódýrust, en sambærileg við aðra Faxasíld að gæðum.

Með hliðsjón af þeirri síldveiði, sem fengizt hefur í Hvalfirði og Kollafirði undanfarin tvö ár, telur beitunefndin litlar líkur fyrir því, að bátar verði gerðir út til beitusíldaröflunar í reknet eða að frystihús fáist til frystingar á beitusíld við Faxaflóa á sumar- og haustmánuðum, nema jafnframt sé tryggð sala þessarar síldar jöfnum höndum til fiskibáta sem þeirrar síldar, er síðar kann að veiðast á árinu og fæst til frystingar með miklu minni tilkostnaði og þar af leiðandi fyrir lægra verð. Hins vegar lítur beitunefndin þannig á, að ekki sé forsvaranlegt vegna afkomu fiskibátaflotans að gera ekki allar hugsanlegar ráðstafanir tímanlega á hverju ári, sem fyrirbyggja það, að beitusíldarskortur verði á vetrarvertíðinni. Þess vegna verður ekki hjá því komizt að afla beitusíldar fyrir Norðurlandi á sumrin og í reknet við Faxaflóa á síðsumar- og haustmánuðum, á meðan ekki er fengin frekari vissa fyrir því, að treysta megi á síldveiði í Hvalfirði eða Kollafirði á hverju hausti.

Með tilvísun til framanritaðs og þeirrar reynslu, sem fyrir hendi er hjá beitunefnd í þessum efnum, telur hún verðjöfnunarleiðina á beitusíld vænlegasta til að tryggja hvort tveggja í senn: öflun beitusíldar og dreifingu áhættunnar.

Nd. 339. Nefndarálit

um frv. til l. um sementsverksmiðju.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á 6 fundum, og hefur hún átt viðræðu um málið við Harald Ásgeirsson verkfræðing, sem haft hefur með höndum undirbúning þess, Gísla Þorkelsson, forstöðumann iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans, og Vilhjálm Guðmundsson verkfræðing, og enn fremur atvinnumálaráðherra. Nefndin er sammála um, að hér sé um hið mesta nauðsynjamál að ræða, og telur hún, að rannsóknir hafi leitt í ljós, að hér á landi séu hráefni, sem hæf séu til sementsvinnslu, og að slík framleiðsla gæti verið samkeppnisfær við erlent sement og þess vegna sé eðlilegt, að ríkisstjórnin fái heimild til framkvæmda á þessu sviði.

Nefndin leitaðist við að gera sér grein fyrir því, hver áhrif það hefði á framleiðslukostnað verksmiðju, sem miðuð væri við 75 þús. smálesta afkastagetu, ef eftirspurn eftir sementi reyndist ekki svo mikil, að hún gæti starfað með fullum afköstum. Athuganir Haralds Ásgeirssonar leiddu í ljós, að framleiðslukostnaður hverrar smálestar ykist ekki verulega. Ykist hann úr 120 kr. pr. smálest, miðað við 75 þús. smálesta afköst, í 136 kr. pr. smálest, miðað við 45 þús. smálesta afköst. Ætti verksmiðjan að geta verið samkeppnisfær, þótt afköstin væru ekki meiri. Umsögn verkfræðingsins um þetta efni er prentuð hér á eftir sem fylgiskjal.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, og nánari greinargerðar í framsögu, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má þó leggja á hana hærra útsvar en nemi helmingi af tekjuafgangi hennar eða fjórðungi af samanlögðum útsvörum sveitarfélagsins.
2. Við 8. og 9. gr. Í stað greinanna komi ein grein, er verði 8. gr. (og breytist greinatalan samkvæmt því):
   Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er. Af byggingarkostnaði húsa og annarra mannvirkja skal afskrifa a. m. k. 3% og a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. Tekjuafgangur skal lagður í varasjóð.
   Reikningsskilum skal lokið svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Að henni lokinni skulu reikningarnir sendir atvinnumálaráðherra, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Skulu þeir síðan birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Alþingi, 9. febrúar 1948.

Sigurður E. Hlíðar, form. — Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr., frsm. — Ingólfur Jónsson.
Páll Þorsteinsson. — Hermann Guðmundsson.

Fylgiskjal.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS

Reykjavík, 28. nóv. 1947.

Varðandi sementsverksmiðju.

Skv. fyrirspurnum nefndarmanna á fundi 25. nóv. s. l. sendi ég yður hér með útreikninga á áætluðum framleiðslukostnaði sements frá fyrirhugaðri 75 þús. tonna sementsverksmiðju, miðað við mismunandi framleiðslumagn verksmiðjunnar.

Áætlun þessi er samin eftir útreikningum, sem birtir eru á bls. 11 í því frumvarpi, sem nú liggur fyrir nefndinni. Sömu skýringar fylgja því hinum einstöku liðum þessarar áætlunar og umræddum reikningum, og ber að hafa þær til hliðsjónar.

Fastur kostnaður í áætluninni felst í liðunum nr. 4, 10, 11, 13 og 15, en ætla má, að aðrir liðir breytist í réttu hlutfalli við framleiðslumagnið, eða a. m. k., að hækkun þeirra í öfugu hlutfalli við framleiðslumagnið hafi engin veruleg áhrif á heildarkostnaðinn. Sérstöðu hefur liður nr. 3, því að ætla má, þótt slíkt tíðkist ekki hjá síldarverksmiðjunum, að ef verksmiðjan er ekki starfrækt nema í 225 daga á ári (45 þúsund t. framl.) í stað 300, verði hún að sjá verkamönnum sínum fyrir áframhaldandi vinnu. Hér er gert ráð fyrir, að arðbær steinsteypuiðja og önnur atvinna á staðnum vinni upp á móti þessu. Reikningarnir verða því svo sem hér fer á eftir:

	Kostnaður pr. tonn. Árleg framleiðsla			
	45 þús. tonn	50 þús. tonn	60 þús. tonn	75 þús. tonn
1. Sandnám	2.00	2.00	2.00	2.00
2. Hreinsun hráefna	10.00	10.00	10.00	10.00
3. Vinnulaun í verksm.	24.10	24.10	24.10	24.10
4. Laun fastra manna	5.00	4.50	3.75	3.00
5. Eldsneyti	18.00	18.00	18.00	18.00
6. Dieselolía (orka)	8.00	8.00	8.00	8.00
7. Rekstrarefni	5.00	5.00	5.00	5.00
8. Viðhaldsefni	5.00	5.00	5.00	5.00
9. Innpökkun	9.60	9.60	9.60	9.60
10. Rentur og afborganir	27.30	24.60	20.50	16.45
11. Tryggingar	1.35	1.20	1.00	0.80
12. Opinber gjöld	2.20	2.20	2.20	2.20
13. Sölukostn.	2.65	2.40	2.00	1.60
14. Gips	2.25	2.25	2.25	2.25
15. Áhætta 10%	13.55	13.15	12.60	12.00
Framleiðslukostnaður pr. t. kr.	136.00	132.00	126.00	120.00

Kostnaður pr. framleidd

45 þús. tonn	kr. 6 120 000.00
50 — —	— 6 600 000.00
60 — —	— 7 560 000.00
75 — —	— 9 000 000.00

Bent hefur verið á, að verksmiðja, sem framleiði árlega 75 000 tonn af sementi, sé ef til vill óþarflega stór hér á landi, þar sem sementsþörf landsmanna hefur aðeins tvö síðustu árin samsvarað því framleiðslumagni. Í þessu sambandi ber að benda á, að verðmismunur á verksmiðju, sem framleiddi aðeins 50 þús. tonn, og þeirri, sem hér hefur verið áætluð, muni vart verða meiri en ein milljón kr., og svarar það til 6.7% lækkunar á lið nr. 10, eða kr. 1.65 lækkunar á framleiðsluverði frá því, sem það mundi verða í 75 þús. tonna verksmiðju.

Ef byggð væri aðeins 50 þús. tonna verksmiðja, mundi það útiloka alla möguleika á því, að hægt væri að uppfylla þarfir landsmanna, þegar fram líða stundir og betur áraði. Ég tel því fjarstæðu að byggja afkastaminni verksmiðju en þá, sem hér hefur verið áætluð.

Að lokum vil ég benda hv. iðnaðarnefnd á það, að möguleikarnir fyrir því að reisa sementsverksmiðju hér á landi eru e. t. v. fyrsta og stærsta tækifærið, sem við höfum nú til þess að greiða braut stóriðju framtíðarinnar hér á landi.

Virðingarfyllst.

Har. Ásgeirsson.

Til iðnaðarnefndar Nd. Alþingis, Alþingishúsinu, Rvík.

Ed. 340. Frumvarp til laga

um iðnskóla í sveit.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Stofna skal skóla í húsasmíði. Skólinn skal vera heimavistarskóli, og leggur ríkið skólanum til stað einhvers staðar þar í sveit, sem vel hentar, svo og nauðsynleg húsakynni til að geta tekið móti allt að 30 nemendum árlega. Einnig skal ríkið leggja til vélar og áhöld til náms og starfs í skólanum.

2. gr.

Skólinn skal rekinn á ábyrgð ríkisins sem sjálfstæð stofnun, er ber sjálf kostnað af skólahaldinu, eftir því sem tekjur hrökkva, enda njóti hún þess ágóða, er verða kann af smíðarekstri skólans, svo og af þeim atvinnurekstri, er hann tekur að sér samkvæmt lögum þessum. Heimilt er skólanum að taka lán til framkvæmda sinna, eftir því sem nauðsyn krefur, að fengnu samþykki ráðherra hverju sinni.

3. gr.

Rétt til skólavistar eiga þeir nemendur héraðsskólanna og gagnfræðaskólanna, sem lokið hafa miðskólaprófi í verknámsdeild með I. einkunn. Einnig eiga þeir rétt á skólavist, sem með prófi geta sannað, að þeir hafi eins mikla fræðilega og verklega kunnáttu og þeir, er slíks náms hafa notið.

4. gr.

Í skólanum skal fram fara bæði fræðileg og verkleg kennsla, og skal námstími hvers nemanda vera allt að tveimur árum. Hefst námið að jafnaði að vorlagi og skal vera lokið að vori. Námi lýkur með verklegu prófi, er jafngildi sveinsprófi í húsasmíði.

5. gr.

Fræðileg kennsla skólans skal fram fara í íslenzku, reikningi, verkteiningu og bókfærslu. Einnig skal nemendum gefinn kostur á nokkurri kennslu í þróttum og söng.

6. gr.

Verklegt nám í skólanum skal miðað við það, að nemendurnir verði færir um að veita húsasmíði forstöðu. Það heyrir undir verklega námið að veita nemendum skólans rækilega leiðbeiningu um meðferð helztu mótorvéla, rafmagnsvéla og hvers konar vinnuvéla, sem nota má við iðn þeirra.

7. gr.

Verklega námið skal fram fara í verkstæðum skólans og við húsbyggingar, er skólinn tekur að sér og veitir forstöðu.

Skólinn hefur rétt til að takast á hendur byggingar, hvar sem er í sveitum og kauptúnum með minna en 300 íbúa, svo og annars staðar með samþykki iðnráðs í héraði.

Þess skal gætt, að aldrei séu fleiri nemendur að starfi við hverja byggingu en svo, að þeir geti haft þar með höndum verkefni, er þeir læra af iðn sína, og að kennarar komi því vel við að kenna þeim réttar starfsaðferðir.

8. gr.

Verklegt skyldunám nemenda að sumrinu skal vera 7 stundir á dag alla virka daga. Að vetrinum er verknámið í vinnustofum skólans 4—5 stundir, en bóklegt nám 2—3 stundir á dag.

Nú vinnur nemandi að ósk skólans umfram þetta, og fær hann þá greiðslu samkvæmt verkamannataxta fyrra árið og 15% hærra kaup síðara námsárið.

9. gr.

Nemendur eiga sumarleyfi 12 virka daga hvort sumar og vetrarleyfi frá 16. desember til 5. janúar.

10. gr.

Við skólann skal skipaður forstöðumaður, er sé húsameistari að menntun eða arkitekt. Hann hefur aðalumsjón með skólanum og sér um allar framkvæmdir og kennslu. Um meiri háttar mál, svo sem verulegar undanþágur frá námi, styttingu eða sviptingu skólavistar, kveður hann kennara til meðráða og umsagnar. Hann hefur og á hendi allt reikningshald skólans.

11. gr.

Við skólann skulu starfa tveir fastir kennarar, en auk þess getur skólastjóri ráðið fleiri smiði til kennslu við húsabyggingar að sumrinu.

12. gr.

Launakjör skólastjóra og kennara skulu vera þau sömu og skólasstjóra og kennara við bændaskólana.

13. gr.

Yfirstjórn skólans er í hendi þess ráðherra, sem með iðnaðarmál fer. Skal hann gefa út reglugerð, sem sett er eftir tillögum forstöðumanns skólans. Í reglugerðinni skal m. a. ákveða nánar um almennar skólareglur, tilhögun kennslu, próf, kennslukrafta, skyldur og réttindi kennara, nemenda og annarra fastra starfsmanna.

Greinargerð.

Á þingunum 1945 og 1946 flutti Hermann Jónasson, þingmaður Strandamanna, frumvarp um iðnskóla í sveitum. Í hvorugt skiptið náði frumvarpið fram að ganga. Að þessu sinni er frumvarpið fram borið í mjög breyttri mynd.

Í bæði fyrri skiptin var gert ráð fyrir, að skólinn tæki árlega móti 50 nemendum. Nú er skólanum samkvæmt ákvæðum 1. greinar ætlað að geta tekið við allt að 30 nemendum á ári.

Þegar frumvarpið var flutt í sinni fyrri mynd, var það skilyrði fyrir skólavist, að nemandi hefði verið einn vetur í héraðsskóla eða gagnfræðaskóla og fengið þar eigi lakari en II. einkunn, eða sem því svaraði.

Nú er það gert að inntökuskilyrði í skólann, að nemendur hafi hlotið I. einkunn við miðskólapróf verknámsdeildar í héraðsskóla eða gagnfræðaskóla — eða þeir geti sannað, að þeir hafi öðlazt hliðstæða undirbúningsþekkingu með

öðru móti. Með þessari breytingu eru gerðar margfalt strangari kröfur til þekkingar nemenda, er þeir hefja nám í skólanum.

Samkvæmt frumvarpinu, eins og það áður var, var gert ráð fyrir því, að skólinn skiptist í tvær deildir: húsasmíðadeild og húsgagna- og búsáhaldasmíðadeild.

Nú er skólanum einungis ætlað að einbeita sér að því hlutverki að gera nemendur sína sem allra færasta í húsasmíði.

Upphaflega var til þess ætlazt, að fræðileg kennsla skólans færi fram í íslenzku, teikningu, bæði almennri teikningu, og verkteikningu, iðnsögu, eðlisfræði og efnisfræði og auk þess í íþróttum og söng.

Ýmsir óttuðust það, að fræðileg kennsla í svo mörgum greinum kynni að verða kák eitt. Þess vegna er nú einungis gert ráð fyrir, að fræðileg kennsla fari fram í skólanum í íslenzku, reikningi, verkteikningu og bókfærslu. Þó skal nemendum auk þessa gefinn kostur á kennslu í íþróttum og söng, eins og áður var til ætlazt.

Enn er þess að geta, að í frumvarpinu í sinni fyrri mynd var til þess ætlazt, að nemendur skólans fengju aðeins iðnréttindi í sveitum og kauptúnum.

Nú er tilætlunin sú, að skólanum sé að vísu valinn staður í sveit og að auk þeirra smíða, sem fram fara í vinnustofum skólans að vetrinum, verði aðallega unnið á vegum skólans á sumrin að byggingu íbúðarhúsa og peningshúsa í sveitum og kauptúnum, en ekki í kaupstöðum landsins, nema samþykki iðnráðs komi til. Hins vegar þykir ekki rétt að takmarka réttindi þeirra manna, sem útskrifazt hafa úr skólanum, einungis við sveitir og kauptún með færri en 300 íbúum. Slíkt mundi verða lítt framkvæmanlegt.

Ákvæði eru nú um það í frumvarpinu, að forstöðumaður skólans skuli vera húsameistari eða arkitekt að menntun, og einnig ráð fyrir því gert, að tveir fastir kennarar, er við skólann starfi, séu færir fagmenn í húsamíði. Þá er til þess ætlazt, að skólinn geti ráðið til sín fleiri húsasmiði á sumrin til þess að kenna nemendum, ef svo mörg hús eru undir í einu, að skólastjóri og kennarar geta ekki séð fyrir nægilegri kennsluaðstoð. Ætti þannig að vera alltryggilega fyrir því séð, að nemendur eigi jafnan kost góðrar faglegrar handleiðslu og tilsagnar.

Kjör nemenda samkvæmt frumvarpinu eru þau í aðalatriðum, að nemandinn vinni í skólans þágu allt að 7 klukkustundum á dag, meðan unnið er úti við að húsabyggingum. Hins vegar er skylduvinna nemenda í verkstæðum skólans að vetrinum ekki nema 4—5 stundir á dag, en við það bætist bóklegt nám 2—3 stundir á dag. Vinni nemandi umfram þetta, skal greiða honum kaup samkvæmt verkamannataxta fyrra árið og verkamannakaup með 15% álagi seinna námsárið. Auk þess hafa nemendur frítt fæði, húsnæði, ljós, hita, þjónustu og kennslu, og kemur það á móti skylduvinnu þeirra í þjónustu skólans samkvæmt framansögðu.

Mun því láta nærri, að námskjör þessi svari nokkurn veginn til þeirra kjara, er iðnnemar njóta hjá meisturum samkv. gildandi lögum. Þó eru flutningsmenn þessa frumvarps sannfærðir um, að með þessu námsfyrirkomulagi sé tryggilegar um það búið, að nemendur slíks skóla fái skilyrði til að ljúka námi bæði fljótt og vel og verða færir iðnaðarmenn í sinni grein.

Þegar frumvarpið var flutt í fyrsta sinn á Alþingi, var leitað umsagnar Teiknistofu landbúnaðarins um það og einnig umsagnar Landssambands iðnaðarmanna.

Var svar Teiknistofunnar á þessa leið orðrétt:

Reykjavík, 19. des. 1945.

Ég undirritaður hef kynnt mér frumvarp til laga um iðnskóla í sveitum samkvæmt beiðni háttvirtrar iðnaðarnefndar. Ég álít, að frumvarp þetta sé komið fram af ríkri nauðsyn og sé mjög mikilsvert, að það verði að lögum sem allra fyrst. Í frumvarpinu virðist tekið fram allt það helzta, sem máli skiptir, og vil ég því eindregið mæla með því, eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Þórir Baldvinsson.

Í svari Landssambandsins sagði meðal annars svo:

„Stjórn sambandsins er sammála flutningsmanni frumvarpsins um það, að það er langt frá því, að ástandið í byggingarmálum sveitanna sé viðunandi, og að því valdi að miklu leyti þekkingarleysi á þessu sviði og skortur kunnáttumanna til þess að sjá um smíði sæmilegra húsa. Rétt er þó í því sambandi að benda á, að löggjafinn hefur ekki hingað til viljað ætla sveitunum kunnáttumenn á þessu sviði og að skortur kunnáttumanna stafar af því.

Ráðstafana til úrbóta í þessum efnum er því þörf, og sennilegt, að opinber skóli verði eina ráðið, er að gagni kemur, enda séu kennarar skólans fulllærðir iðnaðarmenn.

Stjórnin vill því fyrir sitt leyti mæla með þeirri grundvallarhugmynd, sem frumvarpið byggist á, en leyfir sér jafnframt að gera við frv. eftirfarandi athugasemdir: „— Efni athugasemdanna er birt hér í styttu máli. Var fyrsta athugasemd Landssambands iðnaðarmanna á þessa leið:

Verkstæði, sem rúmar 100 manns að vinnu við trésmíðar (glugga, hurðir, skápa og önnur húsgögn), ásamt geymslum fyrir efni og smíðisgripi auk skólahúsnæðis og kennaraíbúða, er feiknamikið bákn. Ætti til að byrja með að nægja, að skólinn rúmaði aðeins helming þess fjölda, sem í frumvarpinu er nefndur, enda viðráðanlegra að öllu leyti.

Eins og frumvarpið liggur nú fyrir, hefur þessi athugasemd verið tekin til greina og nemendatala miðuð við allt að 30 á ári — eða 50—60 nemendur í tveggja ára skóla.

Í annarri athugasemd sinni lét stjórn sambandsins í ljós það álit, að skólinn gæti ekki veitt full iðnaðarréttindi, heldur ætti hann að láta hæfum nemendum, sem námi lykju, í té burtfararskírteini.

Þessari athugasemd er nú mætt með miklu strangari kröfum til þekkingar nemenda í upphafi námstímans, svo og með ströngum kröfum um, að kennarar og forstöðumaður skólans verði mjög vel menntaðir iðnaðarmenn í húsagerðarlist.

Í þriðju athugasemd sinni bendir stjórn Landssambandsins á, að í frumvörpum milliþinganefndarinnar í skólamálum sé gert ráð fyrir, að tveggja ára framhaldsnám og miðskólapróf þurfi til inngöngu í iðnskóla og aðra framhaldsskóla.

Í núverandi mynd frumvarpsins er þessi ábending að fullu tekin til greina, enda var það sjálfsagt til þess að tryggja sem bezta undirstöðumenntun þeirra iðnaðarmanna, er nám stunduðu í skólanum.

Fjórða athugasemd Landssambandsins var þess efnis, að ekki væri gert ráð fyrir reikningskennslu í skólanum, en það væri sú fræðigrein, sem iðnaðarmenn rækju sig oftast á, að þá skorti tilfinnanlega þekkingu í.

Þessi ábending er viðurkennd réttmæt og tekin til greina í frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir. Skólinn skal veita fræðilega kennslu í íslenzku, reikningi, verkteikningu og bókfærslu. Námsgreinabreytingin er sem sé sú frá því, sem áður var í frumvarpinu, að niður eru felldar ýmsar greinar, sem Landssambandið lagði lítið upp úr, og kennslu í reikningi og bókfærslu bætt við í staðinn. Mun það flestra mál, að iðnaðarmönnum sé það næsta nauðsynlegt að kunna nokkur skil á helztu undirstöðuatriðum bókfærslunnar, og þess vegna var sú grein tekin upp ásamt reikningnum.

Í seinustu athugasemd sinni lét stjórn Landssambandsins í ljós, að skólanum væri ætlað að grípa yfir allt of margar iðngreinar, og gæti verið hæpið fyrir ríkisvaldið að bera ábyrgð á hálfkunnáttu, er af því gæti leitt.

Einnig þessi ábending er tekin til greina, og er skólanum nú ætlað að einbeita sér að kennslu í húsasmíði með það fyrir augum að skila nemendum sínum sem allra færustum iðnaðarmönnum í þeirri grein.

Eins og frumvarpið er nú, ætti það því að vera í fullu samræmi við skoðun landssambandsstjórnarinnar, eins og hún kom fram í umsögn hennar um málið, þegar það var fyrst flutt á Alþingi.

Þá er þess að gæta, að frumvarp þetta er borið fram af bráðri þörf. Bæði í sveitum og kauptúnum er aðkallandi nauðsyn mikilla byggingarframkvæmda á næstu árum, en hins vegar eru þar aðeins til fáir faglærðir menn, er veitt geti slíkum byggingarframkvæmdum forstöðu. Kaupstaðirnir geta heldur enga hjálp veitt um þetta, því að þar skortir faglærða byggingarmenn.

Á því sex ára tímabili, sem styrjöldin stóð yfir, var mjög lítið byggt í sveitum og smákauptúnum. Ein af mörgum orsökum þessarar kyrrstöðu í byggingarmálum sveita og kauptúna var sú, að flestir þeir, sem helzt kunnu þar eitthvað til smíða, gerðust „gervismiðir" við byggingar fyrir setuliðið eða fyrir innlenda iðnaðarhölda í kaupstöðum landsins. Síðan hefur sú raun á orðið, að margir þessara manna hafa setzt að í Reykjavík og kaupstöðunum og vinna þar enn að ýmiss konar iðnaðarstörfum. Af þessu leiðir, að í sveitum og kauptúnum er nú næsta fátt manna, sem nokkuð verulega kunna til bygginga, og reynslan er sú, að úr kaupstöðunum eru smiðir ófáanlegir til að veita byggingum í sveitum eða kauptúnum forstöðu, jafnvel hvaða kaup og fríðindi sem í boði eru.

Það er því augljóst mál, að fram úr þessum vanda verður að ráða með sérstökum aðgerðum. Kemur mönnum þá helzt í hug að byggja á verknámi því, sem nú er hafið í nokkrum héraðsskólum og gagnfræðaskólum landsins, og gefa í viðbót við það kost á tveggja ára skipulegu iðnaðarnámi í heimavistarskóla í sveit, eins og hér um ræðir.

Er það von flutningsmanna þessa frumvarps, að með því móti mætti takast að ala smám saman upp meðal þeirra, sem í sveitum og kauptúnum búa, allálitlegan hóp iðnlærðra manna til þess að takast það nauðsynlega verkefni á herðar að koma byggingarmálum sveita og kauptúna í sómasamlegt horf.

Um ástand byggingarmála í sveitum eru til nokkrar skýrslur, og skal nú vikið að nokkrum atriðum, er þau mál varða, til þess að sýna fram á, hversu brýn þörf er á því að auðvelda svo fljótt sem verða má viðtækar byggingarframkvæmdir í sveitum og sjávarþorpum.

Árið 1910 voru byggð býli talin vera 6796. Þá voru torfbæir 5035 eða 74%. Timburhús í sveitum voru það ár talin 1628 eða 24%. En þá voru steinhús aðeins 136 talsins eða rétt tæpast 2%. — Fæst af þessum svo nefndu steinhúsum voru þó úr steinsteypu, heldur munu þau flest hafa verið hlaðin úr steini á einn eða annan hátt. Þetta voru samt einu byggingarnar, sem talizt gátu nokkurn veginn varanlegar. Að því er timburhúsin snertir, er rétt að vekja athygli á, að tala þeirra er óeðlilega há. Stafar það af því, að þegar þessi skýrsla var gerð, voru talin með sveitum ýmis smærri þorp, sem í síðari skýrslum voru talin sjálfstæð kauptún. Ekki er þess að dyljast, að allmörg timburhúsanna munu hafa verið fremur lélegar byggingar, sem ekki þurftu síður endurbyggingar við en flestir torfbæirnir. Flest munu timburhúsin hafa verið í sjóþorpunum. Sést það meðal annars af því, að 700 þeirra, eða nærri helmingurinn var í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Ísafjarðarsýslum og Suður-Múlasýslu, en eins og kunnugt er, er mikið útræði í þessum sýslufélögum og búskapur og sjósókn víða rekin þar jöfnum höndum af sömu mönnum.

Af þessu sést þá greinilega, að um 1910, eða fyrir svo sem 38 árum síðan, þurfti um það bil 80—90 % af húsakosti sveita og kauptúna fljótlegrar endurnýjunar við. Er þetta, eins og menn sjá, allömurlegt ástand, sem fæstir mundu vilja una við.

Svona slæmt er þá ástandið í þessum málum heldur ekki í dag. Dálítið hefur þokazt í áttina, þótt lítið sé

Árið 1931 eru torfbæirnir taldir 2253 að tölu, eða 38.5% af öllum íbúðarhúsum. Úr ýmsu efni (aðallega timbri og torfi) eru talin 1052 hús, eða um 18%. Samtals gerir þetta 3305 íbúðir, eða 56.5%.

Timburhúsin eru þetta ár 1617, eða heldur færri en þau voru 1910. Steinhúsin eru orðin 934, eða 16%. Hefur þeim fjölgað um ca. 800 á þessum 20 árum. Nú er það steinsteypan, sem hefur haldið innreið sína sem aðalbyggingarefnið í sveitunum eins og í kaupstöðunum.

Í árslok 1940 eru byggðar jarðir taldar 6006. Þá eru húsalausar jarðir 526. Miðað við tölu íbúðarhúsa á jörðum 1932 hefur byggðum jörðum fjölgað um 150 á þessu árabili. Byggist þessi fjölgun á því, að reist voru um 250 nýbýli á þessum umrædda áratug.

Torfbæir eru nú 1398 og bæir úr ýmsu efni 658, eða samtals 2056. Í þessum flokki íbúðarhúsa eru þannig enn í árslok 1940 34.2% allra íbúðarhúsa í sveitum og kauptúnum.

Timburhúsin eru þá enn 1918 eða 32%, en steinhúsin eru þá orðin 2032, eða 33.8%. Svarar það, eins og menn sjá, til þess, að steinhús séu komin á þriðju hverja jörð í landinu

Þetta er sem sé nokkuð í áttina, miðað við það, sem var 1910, en hinu má þó ekki gleyma, að þessi skýrsla sýnir berlega, að fullur þriðjungur íbúðarhúsanna eru fallandi torfkofar, auk þess sem reikna má með því, að um það bil helmingur timburhúsanna séu fremur lélegar mannaíbúðir.

Þannig eru það því samkvæmt ofangreindum skýrslum rétt um 50 % af íbúðarhúsum sveita og sjávarþorpa, sem ekki geta talizt mannsæmandi íbúðir og þurfa því bráðrar endurbyggingar við.

Enn er þess að geta, að samkvæmt athugun, sem skipulagsnefnd atvinnumála lét gera á árinu 1944 á íbúðarhúsnæði í sveitum og kauptúnum, eru það fast að þremur þúsundum fjölskyldna, sem þar verða enn að sætta sig við allsendis ófullnægjandi húsnæði. Er sú niðurstaða í fyllsta samræmi við það, sem áður greinir.

Það þarf því ekki í neinar grafgötur um það að fara, að Íslendingar verða á næstu árum að endurbyggja þúsundir íbúða í sveitum og kauptúnum. Farist það fyrir, verður fólk það, sem í þeim er, húsnæðislaust með öllu og leitar athvarfs í braggahverfum Reykjavíkur eða öðrum þvílíkum húsakynnum. Mundi þó hvorki hugsandi Reykvíkingum né öðrum finnast það æskileg þróun í þessum málum.

Í viðbót við það, sem að framan er sagt um byggingarþörf íbúðarhúsa í sveitum, er rétt að taka það fram, að geysileg verkefni bíða líka í sveitunum eftir byggingafróðum mönnum vegna lélegra peningshúsa, svo þúsundum skiptir. Útihúsin eru allt of víða jafn óviðunandi fyrir búpeninginn eins og íbúðarhúsin eru það fyrir heimilisfólkið. En auk kofanna, sem falla á næstu árum, hagar víða svo til, að verið er að breyta sauðfjárbúum í kúabú, og leiðir af því, að mjög víða verður alls ekki hjá því komizt að breyta skipun peningshúsa í samræmi við breytta búskaparhætti. Er þetta eitt út af fyrir sig stórbrotnara verkefni en margur hyggur í fljótu bragði.

Það er álit fróðra manna, að fjárfesting flestra bænda sé eins mikil eða meiri í byggingum en í ræktun og bústofni til samans. Hér er því ekki um neitt smámál að ræða, þegar á það er litið í heild.

Þá hefur það ekki litla þjóðhagslega þýðingu, að vel sé vandað til allra bygginga, jafnt í sveitum sem í kaupstöðum. Og víst er um það, að þegar til lengdar lætur, verða illa byggðu húsin ávallt jafnframt dýrustu húsin, auk þess sem þau svara aldrei sínum tilgangi til hlítar. Það getur því orðið þjóðinni harla dýrt, ef sveitirnar verða látnar skorta sérmenntaða iðnaðarmenn til þeirrar stórkostlegu endurbyggingar, sem fram hlýtur að fara þar á næstu árum.

Það væri myndarleg úrbót og vænleg varnarráðstöfun í þessum málum að samþykkja frumvarp það, sem hér liggur fyrir, og verður að vænta þess, að Alþingi beri gæfu til þess.

Með þessum skóla mundi vera stofnað til nýjungar í skólamálum okkar, þannig að ekki er um verulegar fyrirmyndir að ræða. Því er frumvarpið þannig samið, að leitazt er við að láta það koma skýrt fram, hvaða verkefni skólanum er ætlað og hvernig hugsað hefur verið, að hann leysi það í aðalatriðum. En hins vegar er svo um búið, að sá maður, sem valinn verður til að veita skólanum forstöðu, hafi sem frjálsastar hendur til að haga störfum hans eftir því, sem fyrsta reynsla

sýnir, að bezt hentar. Forstöðumanninum er ætlað að gera tillögur um þá reglugerð, sem skólanum verður sett og skólinn á að starfa eftir, og mætti það vel dragast, þar til skólinn hefði verið starfræktur eitt til tvö ár.

Ekki hefur þótt fært að benda á ákveðinn stað fyrir skólann, enda er það naumast hægt, nema að undangenginni athugun og samningum, sem ríkisstjórnin ein getur látið framkvæma.

En sjálfsagt þykir þó, að skólanum verði valinn staður í sveit, þar sem góður kostur væri rafmagns til þess að knýja þær vélar og verkfæri, er hann kann að nota í verkstæðum sínum. Æskilegt væri einnig, að honum væri valinn staður, þar sem gnægð væri jarðhita til upphitunar híbýla hans og verkstæða, og í þriðja lagi væri hagkvæmt, að hann væri þannig settur strax í upphafi, að verkefni væru nærtæk til byggingar íbúðarhúsa í næstu framtíð.

Sem dæmi um stað, sem fyrir margra hluta sakir væri vel fallinn til handa slíkum skóla, mætti nefna Varmahlíð í Skagafirði, þar sem vatnsorka til rafvirkjunar er nærtæk, mikill jarðhiti til hitunar híbýla er fyrir hendi og mikil verkefni fyrir byggingarmenn í stórri, samfelldri byggð umhverfis staðinn. Það skal þó jafnframt tekið fram, að á landinu eru sjálfsagt til ýmsir fleiri staðir, sem áþekk skilyrði hafa að bjóða og gætu þannig engu síður komið til álita, er skólastaður yrði valinn.

Alþingi fær nú enn að taka afstöðu til þessa máls. Eftir því, hvernig sú afstaða verður, má gera sér hugmyndir um kröfur alþingismanna til húsnæðis — fyrir hönd alþýðu manna — og jafnframt, hversu alvarlegum augum þeir líta á flóttann úr sveitunum til kaupstaðanna og þá alveg sérstaklega til Reykjavíkur.

Nd. 341. Lög

um samkomudag reglulegs Alþingis 1948.

(Afgreidd frá Nd. 12. febr.)

Samhljóða þskj. 333.

Nd. 342. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með þeirri breytingu, að sérleyfistíminn verði styttur í þrjú ár. Leggur nefndin því til, að á frv. verði gerð eftirfarandi

BREYTING:

Við 1. gr. Fyrir „Árin 1948—1952“ í upphafi greinarinnar kemur: Árin 1948—1950.

Alþingi, 13. febr. 1948.

Finnur Jónsson, form. Pétur Ottesen, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.

Sig. Kristjánsson. Áki Jakobsson.

Sþ. **343. Nefndarálit**

um till. til þál. um hreinsun Hvalfjarðar.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft tillögu þessa til athugunar nú um nokkurt skeið ásamt viðaukatillögu við hana áhrærandi skaðabótagreiðslur til útvegsmanna vegna skemmda og eyðileggingar á veiðarfærum í Hvalfirði af þeim sökum, er í aðaltillögunni greinir.

Nefndin er sammála um nauðsyn þess, að hafizt sé handa, svo fljótt sem verða má, um hreinsun fjarðarins og verði þannig að því verki gengið, að allar leifar styrjaldarráðstafana, sem þar eru á sjávarbotni og valdið geta skemmdum á veiðarfærum, verði þaðan teknar og fluttar á brott.

Þá telur nefndin, eins og líka er að vikið í greinargerð þeirri, sem tillögunni fylgir, sjálfsagt, að þau erlend ríki, sem á sínum tíma höfðu með höndum þessar hernaðaraðgerðir í Hvalfirði, framkvæmi á sinn kostnað þessa hreinsun. Eru því tekin upp í meginmál tillögunnar ákvæði um, að ríkisstjórnin skuli beita sér fyrir því að fá þessu framgengt. Leggur fjárveitinganefnd á það megináherzlu, að framkvæmdum þeim, sem hér um ræðir, verði að fullu lokið, svo fljótt sem verða má og eigi síðar en á sumri komanda. Þá leggur nefndin einnig til, að í tillögunni verði ríkisstjórninni falið að bera fram við þessa sömu aðila kröfur um skaðabætur til handa fiskimönnum vegna þess tjóns, sem þeir hafa beðið og kunna að bíða sökum þessa viðskilnaðar í Hvalfirði. Það er álit fjárveitinganefndar, að krafa þessi sé á fyllstu rökum reist og í alla staði sanngjörn og eðlileg. Er með þessu tekið upp í tillögu nefndarinnar efnislega það, sem farið er fram á í fyrr umgetinni viðaukatillögu, þó að nokkuð sé breytt um orðalag.

Fjárveitinganefnd leggur því til, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að hreinsað verði burt úr Hvalfirði allt það, sem eftir hefur verið skilið þar á sjávarbotni af setuliðinu, svo sem keðjur, akkeri, vírar og annað, sem truflun veldur við veiðar í firðinum og skemmdum á veiðarfærum. Skal ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að þau erlend ríki, sem hér eiga hlut að máli, framkvæmi á sinn kostnað hreinsun þá, sem hér um ræðir. Enn fremur er stjórninni falið að bera fram við þessa sömu aðila kröfur um, að þeir greiði tjón það, sem fiskimenn hafa beðið og kunna að bíða vegna þessa viðskilnaðar í Hvalfirði.

Alþingi, 12. febr. 1948.

Gísli Jónsson, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Pétur Ottesen, frsm.
Helgi Jónasson.	Ingólfur Jónsson.	Halldór Ásgrímsson.
Sig. Kristjánsson.	Ásmundur Sigurðsson.	Lúðvík Jósefsson.

Nd. 344. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft mál þetta til meðferðar nú um skeið og sent það dómsmálaráðuneytinu til umsagnar. Með bréfi, dags. 14. jan. s. l., telur dómsmálaráðherra sig fylgjandi þeirri skoðun, að sektarákvæði þessara laga nái of skammt, miðað við núverandi ástand. Telur hann, að þótt heppilegt gæti talizt að ýmsu leyti, að endurskoðun ákvæðanna færi fram í sambandi við heildarafgreiðslu landhelgismálsins, þá sé ekki nauðsynlegt að fresta afgreiðslu þessa frv. af þeim sökum.

Samkomulag varð um það í nefndinni að lækka nokkuð lágmarkssektarákvæði frv. með tilliti til þess, að sektirnar eru miðaðar við gullkrónur. Sjávarútvegsnefnd telur mikla þörf á því, að sektarákvæðin verði hækkuð frá því, sem þau eru í núgildandi lögum, og mælir því eindregið með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

a. Fyrir „10 þús.“ í 1. málsgr. kemur: 5 þús.
b. Fyrir „500“ á tveimur stöðum í 2. málsgr. kemur: 200.
c. Fyrir „1000“ í 3. málsgr. kemur: 500.
d. Fyrir „10 þús.“ í 4. málsgr. kemur: 5 þús.

Alþingi, 13. febr. 1948.

Finnur Jónsson, form. — Pétur Ottesen, fundaskr., frsm. — Sigurður Kristjánsson.
Halldór Ásgrímsson. — Áki Jakobsson.

Nd. 345. Nefndarálit

um frv. til l. um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá efri deild. Flutti landbúnaðarnefnd þeirrar deildar frumvarpið að beiðni landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarnefnd þessarar deildar hefur kynnt sér mál þetta mjög ýtarlega. Nefndin hefur leitað álits yfirdýralæknis og tekið tillit til umsagnar hans við afgreiðslu frumvarpsins.

Nefndin er sammála um það, að ekki sé algerlega hægt að banna innflutning erlendra búfjártegunda, en telur hins vegar, að gæta verði ýtrustu varfærni í þeim efnum, vegna þess, hver reynslan hefur orðið að undanförnu. Nefndin leggur því til með breytingartillögum sínum, að hert verði á ýmsum ákvæðum frumvarpsins, er snerta innflutning dýra.

Landbúnaðarnefnd leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Bannað er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt, þar með taldir fuglar.

Landbúnaðarráðherra getur þó vikið frá banni þessu, sbr. 2. gr., og leyft innflutning á búfé, öðrum dýrum og búfjársæði, enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim.

Komi það fyrir, að einhverjir flytji inn dýr án heimildar, skulu þau tafarlaust drepin og skrokkarnir brenndir.

2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
   Fjárframlög ríkissjóðs í þessu skyni skulu ákveðin í fjárlögum.
3. Við 5. gr. Fyrir „4 vikur“ í annarri málsgr. komi: 6 vikur.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Að fengnum tillögum yfirdýralæknis setur landbúnaðarráðherra reglugerð um allt, er lýtur að rekstri búsins. Þar skulu vera glögg og ákveðin fyrirmæli um, hvaða afurðir megi selja frá búinu í land og í hvaða ástandi. Einnig skulu þar vera ströng ákvæði um, hvernig samgöngum við eyjuna skuli fyrir komið til að hindra, að sjúkdómar, sem upp kynnu að koma í hinu einangraða búfé, berist í land, svo og annað, er varðar búreksturinn.
5. Við 11. gr. Í stað orðanna „allt að 20 000 kr.“ komi: 1000 til 20 000 kr.

Alþingi, 12. febr. 1948.

Steingr. Steinþórsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Jón Sigurðsson.
Ásg. Ásgeirsson. Sigurður Guðnason.

Ed. 346. Nefndarálit

um frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á 5 fundum. Sendi hún það til umsagnar til Landssambands iðnaðarmanna, Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands ísl. útvegsmanna, Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknarráðs ríkisins og Fjárhagsráðs. Bárust nefndinni umsagnir frá öllum þessum aðilum nema Landssambandi ísl. útvegsmanna og Fjárhagsráði. Allir þeir aðilar, sem sendu nefndinni umsögn, mæla eindregið með því, að frv. verði samþykkt, en nokkrir þeirra leggja til, að gerðar verði á því breytingar, sem þó á engan hátt eru verulegar efnisbreytingar. Eru umsagnir aðila birtar hér með sem fylgiskjöl.

Málið var einnig rætt við ráðherra þann, sem fer með iðnaðarmál, og tjáði hann sig því fylgjandi, að frv. næði fram að ganga.

Minni hl. nefndarinnar, þeir PZ og StgrA, vill ekki láta samþykkja frumvarpið og mun því skila séráliti.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er ætlazt til þess, að stjórn iðnaðarmálanna verði komið fyrir á líkan hátt og stjórn landbúnaðarmála og sjávarútvegsmála. Með tilliti til þess, að þessi atvinnuvegur er sívaxandi í landinu, svo að telja má, að hann sé nú þjóðinni engu minna nauðsynlegur til fjárhagslegrar og menningarlegrar afkomu en hinir tveir aðalatvinnuvegir hennar, verður það ekki einasta talið sanngjarnt og rétt að skipa þessum málum svo vel sem unnt er, heldur verður það að teljast lífsnauðsyn fyrir þjóðina, að það sé gert, svo mjög sem afkoma hennar nú veltur á því, að fyrir þessum málum sé séð á sem beztan og öruggastan hátt. Hingað til hefur þjóðin lifað á allt of mikilli rányrkju. Náttúrugæði til lands og

sjávar eru ótæmandi. Aðeins brot af þessum mikla fjársjóði hefur þjóðin enn notfært sér. Í stað þess að vinna að fullu verðmætin úr hráefnum landsins, þannig að engu sé kastað og varan flutt út í sem allra verðmætustu ásigkomulagi, hefur allt of lengi miklu magni verið fleygt, og margt af því, sem hirt hefur verið, flutt út sem óunnið eða hálfunnið hráefni, þjóðinni til ómetanlegs tjóns. Iðjuver, sem reist hafa verið í landinu, hafa orðið að glíma við margvíslega erfiðleika, fyrir skort á skipulögðum leiðbeiningum frá hendi hins opinbera. Á þennan hátt er sóað að óþörfu hundruð þúsunda króna verðmætum. Úr þessum ágöllum er frv. ætlað að bæta, ef að lögum verður. Öll ummæli þeirra aðila, sem umsagnir hafa sent til nefndarinnar, hníga í þá átt, að brýn nauðsyn sé til þess, að mál þetta nái fram að ganga. Þær ábendingar til breytinga á frv., sem framkomnar eru, hefur meiri hluta nefndarinnar þótt rétt að taka til greina, þær miða sumpart að því að bæta frv., sumpart að því að skýra nánar hugtökin „iðja og iðnaður", og sumpart að því að auka íhlutunarrétt þeirra aðila, sem mest eiga undir afgreiðslu málsins. Með tilvísun til þessa leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „vélaverkfræðingur" í 1. mgr. komi: verkfræðingur.
   b. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Skal það skipað til 4 ára í senn: einum að fengnum tillögum frá Landssambandi iðnaðarmanna, öðrum að fengnum tillögum frá Félagi ísl. iðnrekenda og þeim þriðja án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins.
2. Við 5. gr.
   a. Upphaf 1. töluliðar orðist svo: Að stuðla að rannsóknum á skilyrðum . . .
   b. Í stað orðsins „iðnaðarmála" undir 2. tölulið komi: iðju- og iðnaðarmála.
   c. Í stað orðanna „iðnaðarmálum, og láta þær iðnrekendum í té" í 3. tölulið a. komi: iðju- og iðnaðarmálum, og láta þær hlutaðeigandi atvinnurekendum í té.
   d. Í stað orðsins „iðnrekendum" í tölul. 3. b. og c. komi: iðju- og iðnrekendum.
   e. Töluliður 3. d. orðist svo:
      Að hvetja til tilrauna til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðju og iðnaðar.
   f. Aftan við 4. tölulið bætist: og smiðjum.
   g. Í stað orðsins „iðnaðarvörur" í 6. tölulið komi: iðju- og iðnaðarvörur.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Til þess að jafnan sé unnt að hafa heildaryfirlit yfir iðju- og iðnaðarmálin í landinu, lætur framleiðsluráð safna og gefa út ár hvert skýrslu um eftirfarandi atriði: Skrásetningu þeirra iðju- og iðnaðarfyrirtækja, sem starfrækt eru í landinu, hversu margir menn starfa við fyrirtækið og hversu mikinn tíma af árinu það er starfrækt og á hvaða árstíðum, hve mikil vinnulaunagreiðslan er, hver tegund framleiðslunnar er og hvaða framleiðslumagn, úr hvaða efnum er unnið og hvaða meðferð þau hafa fengið, hve mikill hráefnakostnaðurinn og hráefnaþörfin er og hvernig þetta skiptist á erlendan og innlendan gjaldeyri, hve mikill innflutningstollur er á efni, sem notað er til framleiðslunnar, og hve mikill útflutningstollur er greiddur, ef varan er flutt út, hve mikill framleiðslutollur er greiddur, hvert sé verðlag vörunnar, þegar hún hefur verið fullunnin, og hvernig það er samanborið við verðlag á sambærilegum innfluttum vörum, hve mikill erlendur gjaldeyrir sparast við að framleiða vöruna fyrir innlendan markað, og hve mikinn erlendan gjaldeyri varan skapar í útflutningi.
4. Við 8 gr. Aftan við greinina bætist nú mgr., er orðist svo:
   Upplýsingar um tæknilegt fyrirkomulag og skipulagningu einstakra fyrirtækja, er iðnaðarmálastjóri, starfsmenn hans eða framleiðsluráð kunna að kom-

ast að í starfi sínu, en ekki hefur verið opinbert almenningi, skal fara með sem einkamál og gæta þagnarskyldu um.

Alþingi, 12. febr. 1948.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Gísli Jónsson, frsm. Lárus Jóhannesson.

Fylgiskjal I.

RANNSÓKNARÁÐ RÍKISINS

Reykjavík, 16. nóv. 1947.

Umsögn rannsóknaráðs ríkisins.

Bréf háttvirtrar iðnaðarnefndar, dags. 4. þ. m., ásamt frumvarpi til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð, er nefndin hefur sent rannsóknaráði til umsagnar, hefur verið móttekið.

Rannsóknaráði er ljúft að verða við þeirri beiðni og óskar að taka þetta fram.

Iðnaður hér á landi hefur frá öndverðu notið harla lítillar aðstoðar eða leiðbeiningar af hálfu hins opinbera.

Af eðlilegum ástæðum hefur iðnaðurinn sérstaklega risið upp í skjóli framleiðslunnar til sveita og sjávar, en að minna leyti orðið til sem atvinnugrein, er væri óháð hinum atvinnuvegum vorum, landbúnaði og sjávarútvegi. Af þessum sökum hefur iðnaðurinn því máske orðið í skugganum frá þessum atvinnuvegum, meir en heppilegt hefur verið.

Þó má segja, að síðustu áratugi hafi risið upp allmargvíslegur iðnaður, er sett hefur sér það markmið að vinna úr sjálfvöldu efni, ef svo mætti að orði komast, og hafa þá einkum orðið fyrir valinu hráefni af erlendum toga, en einnig innlend efni, sem ekki verða rakin til landbúnaðar né sjávarútvegs.

En það hlýtur að verða hlutskipti iðnaðar, hér á landi sem annars staðar, að hann eigi ekkert sérstakt ættarland, að því er efniviðinn snertir, heldur beri niðri á vettvangi erlends efnavarnings, engu síður en innlends, á miður þörfum viðfangsefnum sem nauðsynlegum, eftir viðhorfi manna til þeirra verkefna, er við blasa.

Af þessu er ljóst, að iðnaðurinn hlýtur að vera lausari í böndum heldur en framleiðslustarfsemin, sem er svo mjög háð tiltölulega einhliða náttúrugæðum lands og sjávar. Er því sú hætta á ferðum, að iðnaðurinn geti komizt að einhverju leyti á villigötur, en að öðru leyti megi finna ótroðnar slóðir, þar sem eðlilegt væri þó, að brautir iðnaðarins lægju.

Þess vegna er einmitt mikil þörf á því að fylgjast með þróun iðnaðarins frá einhverri miðstöð, er hafi styrk ríkisvaldsins á bak við sig, og tryggja það sem bezt, að iðnaðurinn stefni hvarvetna í farsælar áttir fyrir landið og að réttilega sé haldið á vinnuafli og efnanotkun, sérstaklega þeirra efna, sem aðkeypt eru.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir til athugunar, er því fyllilega tímabært, og virðist frumvarpið byggt upp frá því sjónarmiði, að full vitneskja sé ávallt fyrir hendi um það ástand, er ríkir í iðnaðarmálum vorum á hverjum tíma; hvað iðnaðurinn hefst að; hvert stefnir í málum hans, og inn á hvaða leiðir beri að beina þróun iðnaðarins.

Þótt iðnaður sé orðinn hér stórstígur á mörgum sviðum, gætir þó ekki fulls þroska í uppbyggingu hans. En þar sem fram undan eru máske enn stærri verkefni, á nýjum sviðum, má öllum vera ljóst, hver nauðsyn er, að vel sé á iðnaðarmálum vorum haldið.

Ein hin merkari afskipti hins opinbera af iðnaðarmálum landsins var stofnun atvinnudeildar háskólans.

Hlutverk þessarar stofnunar er að starfa í þágu allra atvinnuvega landsins, og er henni skipt í þrjár deildir til þess, og nefnist sú iðnaðardeild, sem hefur sérstaklega verkefni iðnaðarins á sinni könnu.

Hliðstætt atvinnudeild háskólans starfar rannsóknarstofa Fiskifélags Íslands, sem sérstaklega hefur tekið að sér iðnaðarmál sjávarútvegsins og stendur í tengslum við hann fyrir milligöngu Fiskifélagsins.

Þá má geta þess, að öðrum deildum atvinnudeildar háskólans, svo sem búnaðardeild, er séð fyrir tengslum við landbúnaðinn með tilraunaráðum búfjárræktar og jarðræktar, en slíkra tengsla við atvinnulífið nýtur iðnaðardeildin ekki enn þá.

Með þeirri tilhögun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að iðnaðurinn fái sitt eigið framleiðsluráð og iðnaðarmálastjóra, er séð fyrir því, að nánari tengsl verði innan að, frá miðstöð iðnaðarmálanna, við hina sérfræðilegu menntun, sem iðnaðardeild atvinnudeildar hefur upp á að bjóða, og ætti það að boða þá samvinnu milli þessarar stofnunar og iðnaðarins í landinu, sem er þörf og nauðsynleg, en til þessa hefur verið næsta ófullnægjandi.

Um einstakar greinar frumvarpsins, vill ráðið gera nokkrar athugasemdir.

Við 2. gr.

Ráðið telur nauðsynlegt, að iðnaðarmálastjóri hafi þá beztu menntun, sem völ er á, og sé verkfræðingur. En ástæðulaust virðist að takmarka menntun hans við vélaverkfræði, því að sú sérmenntun stendur iðnaðarmálunum ekki nær en t. d. efnaverkfræðin.

Gert er ráð fyrir því, að rannsóknaráð hafi íhlutun um val í framleiðsluráð, með tilnefningu eins manns, og er ráðinu því lagður talsverður vandi á herðar, sem það þó vill ekki skorast undan.

Vegna þeirra tengsla, er talin hafa verið æskileg milli miðstjórnar iðnaðarmálanna og atvinnudeildar háskólans, gæti rannsóknaráð fellt sig við, að tilnefningin væri bundin við sérfræðing úr starfsliði iðnaðardeildarinnar, án þess þó að gera beinlínis tillögu um það.

Við 5. gr. lið 1.

Hér virðist vera farið óþarflega langt í verkefnaákvörðun fyrir iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð, enda eru fyrir stofnanir eins og rannsóknaráð, atvinnudeild háskólans o. fl., sem annast rannsóknarstarfsemi. Á hinn bóginn væri eðlilegt að orða liðinn þannig: Að stuðla að rannsóknum á skilyrðum o. s. frv.

Sama máli gildir um lið 3 d. 5. greinar, að eðlilegra þykir að orða hann þannig: Að hvetja til tilrauna til endurbóta o. s. frv.

Virðingarfyllst,

Ásg. Þorsteinsson,
p. t. formaður.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FÉLAG ÍSLENZKRA IÐNREKENDA

Reykjavík, 26. nóv. 1947.

Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur sent félagi voru til umsagnar frumvarp Gísla Jónssonar um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frumvarp þetta var nokkuð rætt á almennum fundi í félagi voru hinn 25. okt. s. l., og var þar samþ. í einu hljóði svofelld tillaga:

„Fundurinn lýsir ánægju sinni yfir því, að fram er komið á Alþingi frumvarp til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð, þar sem til þess er ætlazt, að iðnaðurinn njóti viðurkenningar þess opinbera á borð við landbúnað og sjávarútveg.

Fundurinn þakkar flutningsmanni, Gísla Jónssyni, fyrir ágætan skilning á þýðingu og þörfum íslenzks iðnaðar, eins og fram kemur í frumvarpinu og hinni glöggu greinargerð þess.

Jafnframt telur fundurinn sjálfsagt, að samtökum verksmiðjuiðnaðarins í landinu, Félagi íslenzkra iðnrekenda, sé ætlað að tilnefna fulltrúa í væntanlegt framleiðsluráð, þar eð meginefni frumvarpsins beinist að verksmiðjuframleiðslunni.“

Stjórn félags vors hefur síðan, samkvæmt beiðni yðar, tekið frumvarpið til nánari yfirvegunar.

Eftir þá athugun viljum vér lýsa því yfir, að vér teljum æskilegt, að hið háa Alþingi samþykki frumvarpið að meginefni til óbreytt frá því, sem flutningsmaður leggur til.

Iðnaðurinn er annar umfangsmesti atvinnuvegur landsbúa, miðað við hve margir teljast hafa beint lífsframfæri af atvinnu við iðnað. Í stærstu kaupstöðunum, sunnan- og norðanlands, Reykjavík og Akureyri, er iðnaður langstærsti atvinnuvegurinn. Hins vegar virðist hin skjóta þróun iðnaðar sem atvinnuvegar á Íslandi vera ókunn Íslendingum sjálfum, a. m. k. þeim, sem kalla stjórn iðnaðarmála skriffinnsku eina og vilja láta þennan atvinnuveg sigla sinn sjó, án afskipta og velvildar hins opinbera. Ef svo væri um aðra aðalatvinnuvegi vora, landbúnað og sjávarútveg, að ríkið hefði lítil afskipti af tilhögun þeirra og þróun, mætti e. t. v. telja frumvarpi þessu ofaukið í skjölum þingsins. En fyrst þessum málum er annan veg háttað og löggjafinn hefur fundið ástæðu til að veita tugum milljóna króna árlega úr sjóði almennings til stuðnings þeim, er stunda fiskveiðar og landbúnað, þá má segja, að frumvarp um stjórn iðnaðarmála sé vonum seinna fram komið. Vegna afskiptaleysis og tómlætis hins opinbera af málefnum iðnaðarins á undanförnum árum er engin reynsla fengin um það, hver áhrif það kann að hafa frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð, að gerðar séu rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á öllum þeim hráefnum, sem landið hefur yfir að ráða, að gerðar séu árlega tillögur til ríkisstjórnarinnar um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála, með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum, að stuðlað sé að margvíslegum umbótum á vinnslu og meðferð framleiðslunnar, að stuðlað sé að því, að ekki sé fluttur inn fullunninn varningur, ef unnt er og hagkvæmt að vinna hann hér á landi að einhverju leyti eða öllu, að fylgzt sé með framleiðslu, eftirspurn og sölu á íslenzkum afurðum, að unnið sé að aukinni hagnýtingu markaða fyrir íslenzkar iðnaðarvörur o. s. frv.

Hins vegar ætti nú að vera komin full reynsla fyrir því um hina tvo aðalatvinnuvegina, hvort stuðningur hins opinbera við þá er til hagsbóta fyrir þjóðarbúskapinn.

Sé svo eigi, virðist sjálfsagt að afnema öll ráð og ráðunauta, stjóra, nefndir og styrki, sem vinna eiga að eflingu sjávarútvegs og landbúnaðar, og að fella umumsvifalaust frumvarp til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

En leiði reynslan það í ljós, að stuðningur af almannafé til atvinnuveganna og eftirlit hins opinbera með rekstri þeirra sé nauðsynlegur, er engin ástæða til að ætla, að önnur regla eigi við um iðnað en um landbúnað og sjávarútveg.

Vér leyfum oss að álykta vegna sívaxandi framlags ríkissjóðs sjávarútvegi og landbúnaði til framdráttar, sé það skoðun reyndra manna á þessu sviði, að ríkisvaldinu beri að styðja og styrkja atvinnuvegina eftir fremsta megni. Fyrst svo er, eiga þeir mörgu landsmenn, sem iðnað stunda, fyllsta rétt til að vænta þess, að sá atvinnuvegur hætti að vera hornreka í augum íslenzkra stjórnvalda.

Það á að gera fyllstu kröfur til iðnaðarframleiðslunnar, sannprófa í hverri grein þróunarmöguleikana og hlúa að því á allan hátt, sem horfir til hagnaðar, að framleitt sé í landinu. Vísindaleg uppbygging verður affarasælli til árangurs en sú happa -og glappaaðferð, sem íslenzki iðnaðurinn hefur oft á tíðum orðið að búi við í afskiptum hins opinbera. Þannig var um tíma sú skoðun ofarlega á

baugi hjá ráðamönnum þjóðarinnar, að undangenginni nákvæmri nefndarrannsókn undir stjórn erlends sérfræðings, að við Íslendingar ættum að efla iðnaðinn í landinu umfram aðra atvinnuvegi. Vegna þessa sjónarmiðs örlaði á því um skeið, að stofnun nýrra verksmiðja í landinu væri svo vel séð af þingi og stjórn, að styrkja bæri slíkt framtak með því að undanþiggja fyrirtæki í viðurkenningarskyni greiðsluskyldu opinberra gjalda fyrstu fjögur árin. Á þeim árum voru ýmsar verksmiðjur reistar, og árlega fjölgaði þeim mönnum, sem helguðu sig iðnaðarstörfum, öfluðu sér fullkomnari tækja og meiri þekkingar og bundu lífsafkomu sína velgengni þeirrar atvinnugreinar. En tónninn í garð iðnaðarins breyttist, mjög að ósekju, og leiðarstjörnur þjóðarinnar í atvinnumálum gáfu að lokum út yfirlýsingu um það, í desember s. l. (sjá 5 ára áætlun Nýbyggingarráðs um sjávarútveginn), að of margir Íslendingar fengjust við iðnaðarstörf, án þess að leidd væru rök að því, hvaða iðnaðarstarfsemi ætti að dragast saman eða leggjast niður. Skömmu síðar skrifaði áhrifamikið blað í höfuðstaðnum um það í forystugrein, að „iðnaðurinn væri frekar þjóðarböl en þjóðargæfa". Við úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa til iðnaðarfyrirtækja, sem vinna úr aðfluttum efnum, þykir lítt hafa verið „af setningi slegið". Komið hefur fyrir, að verksmiðjur, sem framleiddu góða vöru og höfðu margt fólk í vinnu, urðu að vera aðgerðarlausar tímum saman vegna hráefnisskorts og var synjað um gjaldeyris- og innflutningsleyfi, jafnhliða því að fluttar voru inn í landið tilbúnar vörur sömu tegundar. Margt fleira mætti nefna í sambandi við innflutningsmálin, sem virðist benda til þess, að iðnaðinum íslenzka hafi verið lítill sómi sýndur, en það skal eigi rakið hér.

Sem dæmi um erfiðleika iðnaðarins, meðan happa- og glappaaðferðin ræður, má geta yfirstandandi vandkvæða innlendra fatnaðarframleiðenda vegna skömmtunarfyrirkomulagsins á vefnaðarvöru. Innlenda vinnan er skömmtuð. Iðnrekendur hafa farið fram á, að kaupendur vörunnar þyrftu ekki að skila skömmtunarseðlum nema fyrir andvirði hins innflutta hluta hennar, en hafa ekki fengið svar, og nú er svo komið, að margar verksmiðjur sitja uppi með birgðir af framleiddum vörum og verða að hætta rekstri.

Vér lítum svo á, að ef frumvarp um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð nái lagagildi, muni verða rutt úr vegi mörgum þeim hindrunum, sem í athugunarleysi eða af yfirlögðu ráði hafa verið lagðar í götu íslenzks iðnaðar. Þess vegna leggjum vér til, að frumvarpið verði samþykkt, en þó með nokkrum smávægilegum breytingum:

1. gr. óbreytt.

2. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar iðnaðarmálastjóra til þess að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Skal hann hafa sérþekkingu á iðnaðarmálum og taka laun samkv. III. flokki launalaganna.

Ráðherra skipar og þriggja manna ráð, iðnaðarmálastjóra til aðstoðar. Skal það skipað til 4 ára í senn, þannig: Einum samkvæmt tilnefningu allsherjarsamtaka verksmiðjueigenda (Félags ísl. iðnrekenda), öðrum samkvæmt tilnefningu allherjarsamtaka handiðnaðarmanna (Landssambands iðnaðarmanna) og þriðja án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins. Að fengnu leyfi ráðherra ræður iðnaðarmálastjóri starfsfólk sér til aðstoðar, eftir því sem nauðsyn krefur. Laun og annar kostnaður við starfið greiðist úr ríkissjóði, og veitist til þess fé árlega í fjárlögum.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun til framleiðsluráðs.

3.—6. gr. óbreytt.

Í 7. gr. á eftir orðunum „hve mikill útflutningstollur er greiddur, ef varan er flutt út", komi ný viðbót: hve mikill framleiðslutollur er greiddur.

Við 8. gr. bætist:

Upplýsingar um tæknilegt fyrirkomulag og skipulagningu einstakra verksmiðja og iðnfyrirtækja, er iðnaðarmálastjóri, starfsfólk hans eða framleiðsluráð kann að

komast að í starfi sínu, en leynt á að fara, skulu þessir aðilar gæta fyllstu þagnarskyldu um.

9.—11. gr. óbreyttar.

Breytingartillögurnar skýra sig að mestu sjálfar. Vélaverkfræðingur, efnaverkfræðingur, verkfræðingur með sérþekkingu á skipulagningu verksmiðja o. s. frv. gæti haft næga þekkingu til að gegna starfi iðnaðarmálastjóra, og þess vegna er lagt til, að þekkingarskilyrðið sé ekki rígbundið við vélaverkfræði eina.

Ríkisstjórnin skipar formann framleiðsluráðs, og getur hún valið þann fulltrúa úr Rannsóknaráði ríkisins, ef henta þykir, en að öðru leyti virðist oss óþarfi, að Rannsóknaráðinu sé ætlað að tilnefna fulltrúa í þriggja manna ráð, við hlið annars fulltrúa frá ríkisstjórninni. Því er ekki að leyna, að frumvarpið beinist fyrst og fremst að verksmiðjuiðnaðinum í landinu. Þess vegna er kynlegt, að samtökum handiðnaðarmanna, sveina og meistara í ýmsum iðngreinum, skuli ætlað að eiga fulltrúa í framleiðsluráði, en ekki samtökum þeirra manna, sem hafa verksmiðjurekstur með höndum. Vér leggjum því til og teljum mjög nauðsynlegt, að úr þessu verði bætt með því, að Félag íslenzkra iðnrekenda fái einn mann af þremur í framleiðsluráð.

Vér viljum að lokum geta þess, að nokkru eftir að frumvarp þetta kom fram á Alþingi, hóf Fjárhagsráð, að undirlagi núverandi iðnaðarmálaráðherra, allvíðtæka athugun á framleiðslugetu verksmiðjanna, hráefnaþörf o. fl. og fól félagi voru að safna skýrslum hjá verksmiðjunum um þessi efni. Vér erum fullvissir um, að skýrslusöfnun þessi beri góðan árangur, vegna ágætra undirtekta verksmiðjueigenda um allt land. Söfnun skýrslnanna er nú að mestu lokið og farið að byrja að vinna úr þeim, sem komnar eru. Það uggir oss, að í ljós komi, að verksmiðjuiðnaðurinn í landinu sé fjölþættari og afkastameiri en nokkurn óraði fyrir, og ætti það að vera hvatning til þess að taka iðnaðarmálin traustum tökum. Vér vildum geyma að skila áliti þessu, þangað til oss yrði kunn niðurstaðan af skýrslusöfnuninni, en þar eð málið mátti eigi dragast lengur, látum vér nægja að vitna til skýrslusöfnunarinnar og þeirra niðurstöðutalna, er hún kann að gefa um verksmiðjuiðnað á Íslandi.

Hingað til hefur engin statistik verið gerð um iðnaðinn, fyrr en þessi, sem Fjárhagsráð hefur með höndum. Væntum vér þess, að ekki verði látið hér við sitja, og að árlega liggi fyrir upplýsingar um það, hvers iðnaðurinn er megnugur og hve mikill þáttur hans er í þjóðarbúskapnum. Til þess að þau mál séu tekin með festu og að niðurstaðan verði notuð sem leiðarvísir fyrir þá aðila, sem fara með yfirstjórn viðskiptamála og atvinnumála, teljum vér góðum áfanga náð með væntanlegum lögum um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Reykjavík, 27. nóv. 1947.

Félag íslenzkra iðnrekenda
Kr. Jóh. Kristjánsson.

Páll S. Pálsson.

Fylgiskjal III.

LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA

Reykjavík, 4. des. 1947.

Umsögn Landssambands iðnaðarmanna.

Iðnaðarnefnd Ed. Alþingis hefur með bréfi, dags. 4. f. m., óskað umsagnar Landssambands iðnaðarmanna um frumvarp til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð. Vér höfum athugað málið og leyfum oss þar um að taka eftirfarandi fram.

Á nokkrum undanförnum iðnþingum hefur verið samþykkt ályktun um það, að Landssambandinu bæri að vinna að því, að komið yrði á fót opinberri miðstjórn allra iðnaðarmála í landinu, annað hvort sem deild í atvinnumálaráðuneytinu eða

sem sjálfstæðri skrifstofu eða stofnun, hliðstæðri skrifstofu fiskimálastjóra og búnaðarmálastjóra. Í þá átt stefnir frumvarp það, sem hér um ræðir, og fellur að því leyti saman við óskir iðnaðarmanna. Iðnaðarmálin hafa átt erfitt uppdráttar hjá því opinbera, eins og oft vill verða, þegar um nýjungar á hagrænu sviði er að ræða og taka á upp breyttar lífsvenjur og starfháttu, sem þjóðin hefur ekki alizt upp við. Á hinn bóginn urðu erfiðleikar og atvinnuleysi kreppuáranna til þess, að margt manna varð að leita nýrra leiða sér til bjargar, og óx því á undanförnum 2 áratugum upp iðnaður í landinu, sem á mörgum sviðum er orðinn samkeppnisfær við erlendan iðnað hvað gæði snertir, og einnig verðlag, ef miðað er við sama kaupgjald og aðstöðu og erlendir keppinautar hafa við að búa. Er nú svo komið, að í stærstu bæjum landsins er iðnaður og iðja orðinn fjölmennasti atvinnuvegurinn. Jafnframt má það vera ljóst, að þótt sjávarútvegurinn hafi nú fengið fleiri og betri tæki til lands og sjávar en nokkru sinni áður, þá koma þau tæki ekki að fullum notum, nema til séu iðnaðarmenn til þess að sjá um þau og halda þeim við, auk annarrar iðnaðarstarfsemi, sem af starfrækslu þeirra leiðir, og iðjuver til þess að hagnýta aflann eftir því, sem þurfa þykir og hagkvæmt er. Enn er þess að gæta, að markaðir fyrir afurðir lands og sjávar eru mjög stopulir og óvíst um sölu þeirra fyrir það verð, er vér þurfum að fá. Atvinnuleysi getur því skollið á fyrr en mann varir. Það yrði því að teljast mjög óviturleg ráðstöfun að kyrkja þann iðnað, sem nú er að komast á legg, og auka þannig á það atvinnuleysi, sem skapast kann af öðrum ástæðum. Í þess stað teljum vér nauðsynlegt að hlynna að þessum atvinnuvegi og skipuleggja hann jafnframt þannig, að hann komi þjóðinni að sem beztum notum og að heilbrigt jafnvægi verði á um það vinnuafl, sem hver atvinnuvegur þarf og fær.

Af framansögðu leiðir, að vér teljum frumvarpið stefna í rétta átt og mælum með því, að það verði samþykkt, ef á því fást gerðar eftirfarandi breytingar:

1. 2. gr. orðist svo:

   Ráðherra skipar iðnaðarmálastjóra, eftir tillögum framleiðsluráðs, til þess að fara með þau störf, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Skal hann hafa sérþekkingu á iðnaðarmálum og taka laun samkvæmt III. flokki launalaganna.

   Ráðherra skipar þriggja manna ráð, framleiðsluráð, iðnaðarmálastjóra til aðstoðar. Skal það skipað til 4 ára í senn, þannig: Einn tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna, annar af Félagi íslenzkra iðnrekenda og hinn þriðji án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins.

   Að fengnu leyfi ráðherra ræður iðnaðarmálastjóri starfsfólk sér til aðstoðar, eftir því sem nauðsyn krefur. Laun og annar kostnaður við starfið greiðist úr ríkissjóði, og veitist til þess fé árlega á fjárlögum.

   Ríkisstjórnin ákveður þóknun til framleiðsluráðs.

2. Við 5. gr.
   a. Tölulið 2. Í stað „iðnaðarmála“ komi: iðju- og iðnaðarmála.
   b. Tölulið 3. a. Í stað „iðnaðarmálum .... té“ komi: iðju- og iðnaðarmálanna, og láti þær hlutaðeigandi atvinnurekendum í té.
   c. Tölulið 3. b. Í stað „iðnrekendum“ komi: iðju- og iðnrekendum.
   d. Tölulið 3. c. Í stað „iðnrekendum“ komi: iðju- og iðnrekendum.
   e. Tölulið 3. d. Í stað „iðnaðarins“ komi: iðju- og iðnaðar.
   f. Tölulið 4. Við liðinn bætist: og verkstæðum.
   g. Tölulið 6. Á eftir „íslenzkar“ komi: iðju- og.

3. Við 7. gr.
   a. Í stað „iðnaðarfyrirtækja“ komi: iðju- og iðnaðarfyrirtækja.
   b. Á eftir „hráefnakostnaðurinn“ komi: og hráefnaþörfin er og hvernig þetta skiptist.
   c. Á eftir orðunum „ef varan er flutt út“ komi: hve mikill framleiðslutollur er greiddur.

4. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist:
Upplýsingar um tæknilegt fyrirkomulag og skipulagningu einstakra verksmiðja og iðnfyrirtækja, er iðnaðarmálastjóri, starfsfólk hans eða framleiðsluráð kann að komast að í starfi sínu, en ekki hefur verið opinbert almenningi, skal fara með sem einkamál og gæta þagnarskyldu um.

Greinargerð.

Eins og frumvarpið er nú, virðist því ætlað að ná eingöngu til iðjureksturs en ekki handiðnaðarmála. Gætir því nokkurs ósamræmis í því, að Landssambandi iðnaðarmanna er ætlað að tilnefna mann í framleiðsluráð, en iðjurekendum ekki. Stjórn Landssambands iðnaðarmanna getur ekki fallizt á það, að þegar setja á sérstaka yfirstjórn yfir iðnaðarmálin, þá sé iðnaðurinn, handiðnaðurinn, settur hjá, jafnvel þótt hann sé þegar orðinn allvel skipulagður og hafi sína kjörnu yfirstjórn. Landssamband iðnaðarmanna hefur frá öndverðu beitt sér fyrir því, að sem bezt samvinna gæti tekizt milli iðnaðarmanna og iðjurekenda, og fáist framanritaðar breytingartillögur samþykktar, er með þeim stigið stórt spor í þá átt.

Breytingartillögur vorar skýra sig í raun og veru sjálfar og miða að því, að hin fyrirhugaða yfirstjórn verði fyrir bæði iðju og iðnað, en eins og kunnugt er frá lögum um iðju og iðnað, þá er gerður munur á þessu tvennu. Af þeirri ástæðu meðal annars er lagt til, að bæði Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenzkra iðnrekenda tilnefndi mann í framleiðsluráð. Rannsóknaráð ríkisins hefur aftur á móti ekki beint með þessi mál að gera. Rétt þykir einnig, að framleiðsluráð geri tillögur um iðnaðarmálastjóra, og er þó iðnaðinum þar með skorinn þrengri stakkur um val forstöðumanns sinna mála en bæði landbúnaði og sjávarútvegi.

Um breytingartillöguna við 8. gr. er það að segja, að sjálfsagt þykir að binda yfirstjórn iðnaðarmálanna þagnarskyldu um þau trúnaðarmál, sem hún kann og hlýtur að komast að í starfi sínu og er ekki skylt vegna almennra laga að gera uppská.

Virðingarfyllst

Í stjórn Landssambands iðnaðarmanna

Helgi H. Eiríksson. Einar Gíslason. Tómas Vigfússon.
Guðjón Magnússon. Guðm. H. Guðmundsson.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal IV.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 3. des. 1947.

Umsögn Búnaðarfélags Íslands.

Með bréfi, dags. 4. f. m., hefur háttvirt iðnaðarnefnd Ed. Alþingis sent Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar frv. til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Stjórn Búnaðarfélagsins tók mál þetta til meðferðar á fundi 1. þ. m. og samþykkti svo hljóðandi ályktun:

„Stjórn Búnaðarfélags Íslands mælir með hugmynd þeirri, sem kemur fram í þessu frumvarpi um yfirstjórn iðnaðarmála í landinu. En um leið vill stjórnin benda á, að æskilegt væri, að jafnframt því sem hugmynd sú, er felst í þessu frumvarpi, yrði lögfest, þá verði félagssamtökum iðnaðarins, eftir því sem við verður komið, þokað á svipaðan grundvöll og búnaðarfélagsskapurinn er nú reistur á, og einnig félagssamtök þau, er standa að Fiskifélagi Íslands."

Jafnframt því að tilkynna háttvirtri nefnd þetta, viljum vér biðja afsökunar á því, hve lengi hefur dregizt að svara þessu erindi. En það stafar af því, að stjórnarfund hefur ekki verið hægt að halda fyrr en þetta, vegna fjarveru sumra stjórnarnefndarmanna.

Virðingarfyllst

Steingr. Steinþórsson.

Til iðnaðarnefndar Ed. Alþingis.

Nd. 347. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. gr. laga nr. 35 1940 komi nýr málsl., svo hljóðandi: Í Reykjavík er borgarlæknir einnig sjálfkjörinn í nefndina.

2. gr.

Upphaf 6. gr. orðist svo:
Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skal bæjarstjórn o. s. frv.

3. gr.

a. Á eftir 1. málsgr. 6. gr. laganna komi ný (2.) málsgr., svo hljóðandi:
Í Reykjavík skipar bæjarstjórn, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, borgarlækni, er sé embættisgengur læknir. Hann skal vera ráðunautur bæjarstjórnar í heilbrigðismálum, hafa með höndum eftirlit og daglegar framkvæmdir í heilbrigðismálum bæjarins, þeim er héraðslæknir hefur hingað til annazt, öðrum en sóttvarnarmálum, samkvæmt heilbrigðissamþykkt, og önnur þau störf, er bæjarstjórn kann að fela honum. Borgarlæknir fær laun úr bæjarsjóði.

b. 2. málsgr. verði 3. málsgr.

4. gr.

Fyrir „1000 kr." í 1. málsgr. 8. gr. laganna komi: 5000 kr.

5. gr.

Að því leyti, sem ákvæði laga þessara fela í sér breytingu á starfssviði héraðslæknis í Reykjavík, koma þau til framkvæmda, þegar núverandi héraðslæknir lætur af embætti. Að öðru leyti koma ákvæði laganna þegar til framkvæmda.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum bæjarráðs Reykjavíkur.

Samkv. lögum nr. 35 frá 1940 eiga bæjarstjórnir að ráða heilbrigðisfulltrúa, sem á að annast daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd heilbrigðisnefndar undir eftirliti héraðslæknis. Lögin gera engar kröfur um kunnáttu heilbrigðisfulltrúa, prófskilyrði eða læknismennt.

Þegar starf heilbrigðisfulltrúa í Reykjavík varð laust fyrir nokkru, þótti bæjarstjórninni æskilegt að reyna að fá lækni í það starf til þess að tryggja svo vel sem verða mætti fullkomið heilbrigðiseftirlit í bænum. Jafnhliða þessu var ráðgert af

bæjarstjórn og bæjarráði, að staðan yrði gerð að sjálfstæðu starfi undir stjórn bæjaryfirvalda. Á þessum grundvelli tókst að fá ágætan og vel menntaðan lækni, dr. med. Jón Sigurðsson, til þess að taka að sér starfið. Þetta frv. er flutt til þess að hrinda í framkvæmd ofangreindum fyrirætlunum bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Af þeim rökum, er hníga til þeirrar nýbreytni, að starf heilbrigðisfulltrúans í Reykjavík sé sjálfstætt starf undir yfirstjórn bæjarvalda, skulu þessi nefnd:

Laun heilbrigðisfulltrúans eru að öllu greidd úr bæjarsjóði. Langmestur hluti kostnaðar við þau störf, er heilbrigðisfulltrúi stjórnar, er greiddur úr bæjarsjóði, og má þar m. a. nefna sorphreinsun, sem nam hátt á aðra milljón kr. á liðnu ári. Er því eðlilegra, að sá embættismaður, er hefur umsjón með notkun slíkra fjárhæða bæjarsjóðs, sé háður yfirvöldum bæjarins en ríkisins. Þá er og nauðsynlegt, að sá maður, er hefur hið daglega eftirlit með framkvæmd heilbrigðissamþykktar og því kunnugastur þeim málum, hafi sem frjálsastar hendur til starfans, enda ætti því að vera fullvel borgið í hans höndum, þegar um leið er sett það skilorð, að hann sé læknir að mennt.

Með hliðsjón af því skilyrði þykir rétt að lögfesta heitið „borgarlæknir“ í starfi þessu. Hafa samsvarandi yfirmenn heilbrigðismála á Norðurlöndum tilsvarandi heiti (Stadslæge, Stadsläkare).

Þær athugasemdir kunna að heyrast, að með þessu sé mikið af embættisstörfum héraðslæknisins í Reykjavík af honum tekið. En það embætti er nú mjög umfangsmikið. Þótt frumvarp þetta yrði samþykkt, mundi héraðslæknirinn hafa ærið nóg og mikilvæg störf með höndum, svo sem allt farsóttaeftirlit og varnir gegn næmum sjúkdómum, veita forstöðu sóttvarnahúsi ríkisins, hafa yfirumsjón með hvers konar sótthreinsun, skýrslugerð um heilsufar í bænum, skoðanir á skólabörnum, bólusetningar, skipulagðar rannsóknir á heilsufari barna og unglinga, eftirlit með læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum, lyfjameðferð, vera fulltrúi landlæknis og heilbrigðisstjórnar gagnvart læknum bæjarins, sjálfkjörinn meðlimur heilbrigðisnefndar o. fl., o. fl.

Frumvarp þetta hefur engan aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Það felur aðeins í sér þá skipulagsbreytingu, að heilbrigðisfulltrúinn í Reykjavík, sem verði nefndur „borgarlæknir“, verði sjálfstæður starfsmaður bæjarstjórnar Reykjavíkur í stað þess að vera undirmaður embættismanns ríkisins, er eigi hefur neitt sjálfstætt vald til boðs eða banns í málum þeim, er til hans taka.

Sektarhámark fyrir brot á heilbrigðissamþykktum er nú svo lágt, að oft getur aðilum orðið tilvinnandi að þverskallast við skipun heilbrigðiseftirlitsmanna um lagfæringar. Er því stungið upp á breytingu í því efni.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að þessi nýja skipan á starfsviði héraðslæknis og borgarlæknis komi þá fyrst til framkvæmda, er héraðslæknirinn í Reykjavík, Magnús Pétursson, lætur af embætti. Jafnframt er þá gert ráð fyrir, að hann veiti borgarlækni sem frjálsastar hendur um heilbrigðiseftirlitið, enda hefur Magnús Pétursson fagnað því að fá læknisfróðan mann til þessara starfa með sér.

Ed. 348. Frumvarp til laga

um stóríbúðaskatt.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Hver sá, er hefur íbúð til afnota, hvort heldur það er eigin íbúð eða íbúð, sem hann hefur á leigu, á þeim stöðum á landinu, þar sem lög nr. 39 1943 hafa komið til framkvæmda, skal greiða skatt af íbúð sinni eftir því, sem fyrir er mælt í lögum

þessum. Skattur þessi kallast stóríbúðaskattur og rennur að hálfu í ríkissjóð, en að hálfu í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð.

2. gr.

Stóríbúðaskatt skal miða við gólfflöt íbúðarinnar og herbergjafjölda, og telst þá ekki með íbúðinni eldhús, gangar, anddyri, búr, W.C., geymsluhús, þvottahús og miðstöðvarherbergi.

Stóríbúðaskatt skal greiða af hverjum fermetra gólfflatar íbúðarinnar, sem er fram yfir:

30 fermetra í einu eða fleiri herbergjum, búi einn maður í íbúðinni.
55 fermetra í tveimur eða fleiri herbergjum, búi tveir menn í íbúðinni.
80 fermetra í þremur eða fleiri herbergjum, búi þrír menn í íbúðinni.
100 fermetra í fjórum eða fleiri herbergjum, búi fjórir menn í íbúðinni.

Búi fleiri en fjórir menn í íbúðinni, bætast 20 fermetrar á gólfrými fyrir hvern mann, sem býr í íbúðinni, fram yfir fjóra.

Enn fremur er heimilt, eftir mati skattstjóra (skattanefnda) að ákveða 20 fermetra gólfflöt skattfrjálsan í skrifstofu, ef sá, er íbúðina hefur til afnota, telst vegna atvinnu sinnar þurfa sérstaka skrifstofu.

3. gr.

Nú er atvinna þess, er hefur íbúð til afnota, þannig háttað, að hann þarf atvinnu sinnar vegna að hafa fleira fólk í íbúðinni vissa tíma ársins en venjulega, og skal þá miða stærð skattfrjáls gólfflatar við tölu íbúa, þegar hann, atvinnu sinnar vegna, þarf að hafa þá flesta.

4. gr.

Af hverjum fermetra í gólffleti íbúðar, sem er fram yfir það, sem 2. gr. tiltekur, skal sá, er íbúðina hefur til afnota, greiða kr. 200.00 á ári. Skatt þennan innheimta lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, fyrir 1. okt. ár hvert, í fyrsta sinn fyrir 1. okt. 1948.

5. gr.

Skattanefndir reikna út stóríbúðaskatt. Til hliðsjónar við álagningu hans skal lóðaskrárritari í Reykjavík, en byggingarfulltrúar og byggingarnefndir annars staðar, gefa skattanefndum (skattstofum) upplýsingar um stærð íbúða í umdæminu fyrir 1. júní ár hvert.

Fyrir sama tíma skal manntalsskrifstofan í Reykjavík, en þeir, sem framkvæma manntal annars staðar, gefa skattanefndum (skattstofum) upp fjölda heimilisfastra manna í hverri íbúð í umdæminu.

Heimilt er skattanefndum að krefja alla þá, er íbúð hafa til afnota, um upplýsingar um stærð íbúðar og fjölda heimilismanna á þeim tíma og í því formi, er þær telja henta. Skylt er hverjum, er húsnæði hefur, að gefa slíkar upplýsingar. Beita má allt að 100.00 kr. dagsektum, ef slíkar umbeðnar skýrslur eru ekki gefnar í tæka tíð. Fái skattanefnd ekki fullnægjandi skýrslur um stærð íbúðar og fjölda heimilismanna innan þess tíma, er hún hefur til tekið, skal hún áætla hvort tveggja eftir beztu vitund.

6. gr.

Skattanefndir (skattstjórar) skulu hafa lokið við að leggja stóríbúðaskatt á fyrir 1. sept. ár hvert og hafa birt um það skrá, er liggja skal frammi til sýnis almenningi 1.—15. september.

7. gr.

Álagning stóríbúðaskatts má kæra. Skal kæra komin til skattanefndar fyrir 1. október ár hvert. Skjóta má úrskurðum skattanefnda um álagðan stóríbúðaskatt til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og kærum vegna álagðs tekju- og eignaskatts.

8. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um kærufresti til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

9. gr.

Stóríbúðaskatt má taka lögtaki, og hvílir hann sem lögveð á íbúðinni.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meira húsnæði er til nú en var árin 1939 og 1940 miðað við fólksfjölda. Þrátt fyrir það er vitað, að margir búa við ófullkomið húsnæði og aðra vantar húsnæði. Húsnæðisvandræði eru meiri nú en nokkru sinni fyrr. Þetta stafar af því, að margir búa til muna rýmra en þeir gerðu. Sumum finnst, að í þessu gæti nokkurs óhófs.

Til þess að reyna að ráða nokkra bót á þessu er hér lagt til, að skattur sé lagður á íbúðir, sem teljast mjög stórar, og er þess þá vænzt, að ýmsir muni frekar kjósa að leigja út frá sér hluta af íbúð sinni en greiða skattinn, sérstaklega ef fram næði að ganga breyting á húsaleigulögunum í þá átt, að menn þyrftu ekki að eiga von á því að sitja alla ævina með þann leigjanda, er fyrst yrði hleypt inn í íbúðina.

Tilganginum með flutningi frumvarpsins virðist nægilega lýst með framansögðu, og um önnur atriði þess þykir ekki ástæða til að ræða fyrri en í framsögu.

Ed. 349. Nefndarálit

um frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill samþykkja frumvarpið með breytingum, en minni hlutinn vill vísa því frá með rökstuddri dagskrá.

Að lögum er nú til rannsóknarráð ríkisins, og hefur það með höndum ýmis þau verkefni, sem framleiðsluráði og iðnmálastjóra eru ætluð í þessu frumvarpi. Undir rannsóknarráði ríkisins stendur Atvinnudeild háskólans, sem ætlað er að framkvæma ýmsar þær rannsóknir, sem frumvarp þetta ætlar framleiðsluráði að láta gera. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að Atvinnudeild háskólans framkvæmi þær rannsóknir fyrir framleiðsluráð, enda þótt atvinnudeildin heyri undir rannsóknarráð og lúti stjórn þess.

Sömuleiðis virðist minni hlutanum, að með frumvarpi þessu sé iðnmálastjórn og framleiðsluráði ætlað að grípa mjög verulega inn í þau verkefni, sem fjárhagsráði ber að annast samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi.

Minni hlutinn telur, að þegar sett verði lög um skipulag og heildarstjórn iðnmálanna, verði að gæta þar samræmis við önnur ákvæði laga um skipulag og stjórn atvinnumála í landinu og finna á þessum málum það skipulag, sem bezt hentar og líklegt er að gefa beztan árangur með minnstum kostnaði, bæði fyrir ríkið og framleiðendur. Þetta verður varla gert á þessu þingi. Fyrir því leggur minni hlutinn til, að málið verði í þetta sinn afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða þetta frumvarp með hliðsjón af lögum um rannsóknarráð ríkisins og lögum um fjárhagsráð og leggi síðan fyrir

næsta Alþingi frumvarp um heildarskipun iðnaðarmálanna og aðstoð ríkisins við þau, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. febrúar 1948.

Páll Zóphóníasson. Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 350. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna.

(Afgreidd frá Nd. 16. febr.)

Samhljóða þskj. 259.

Ed. 351. Frumvarp til laga

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 20. gr. laganna bætist orðin: Ef óskað er eftir ökuskírteini hjá lögreglustjóra utan heimasveitar umsækjanda, skal hann láta beiðninni fylgja samþykki lögreglustjóra í heimasveit sinni.

2. gr.

21. gr. orðist svo:

Bifreiðastjóraefni mega því aðeins æfa sig í bifreiðaakstri, að við hlið nemandans sitji ökukennari og telst ökukennarinn þá stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandinn telst þó stjórnandi bifreiðarinnar, er prófakstur fer fram. Rétt til þess að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifreiða undir almenna prófið hafa þeir einir, sem fengið hafa til þess löggildingu dómsmálaráðherra. Engum má veita slíka löggildingu, nema hann sé 25 ára að aldri, hafi óflekkað mannorð, hafi leyfi til að aka leigubifreiðum til mannflutninga, hafi frá útgáfu þess leyfis stundað akstur að staðaldri, a. m. k. kann tíma, sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð og hafi staðizt sérstakt próf fyrir ökukennara. Um prófgreinar og tilhögun prófsins skal nánar kveðið á í reglugerð. Dómsmálaráðherra getur, hvenær sem er, svipt menn ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið gjald fyrir löggildingu ökukennara og framlengingu hennar.

Æfingu nemenda í akstri tvíhjóla bifreiða mega aðeins fara fram undir stjórn og umsjón ökukennara. Réttindi til kennslu í akstri tvíhjóla bifreiða hafa þeir, sem hafa ökuskírteini, eru 25 ára að aldri og hafa minnst eins árs æfingu í akstri slíkra bifreiða. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja frekari skilyrði fyrir rétti til þessarar kennslu og svipta mann honum, hvenær sem er, ef ástæða þykir til.

Engum má veita æfingu í akstri, sem yngri eru en svo, að vanti 3 mánuði í 18 ára aldur.

Bifreiðar, sem notaðar eru við kennslu, skulu að aftan og framan bera greinileg spjöld með áletruninni „KENNSLUBIFREIÐ“, og skulu þær löggiltar til kennsl-

unnar af bifreiðaeftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett. Dómsmálaráðherra er heimilt að kveða á um gerð kennslubifreiða, sérstök öryggistæki í slíkum bifreiðum og vátryggingu þeirra umfram aðrar bifreiðir.

Kennsluakstur má fara fram þar, sem akstur bifreiða er leyfður, en þó getur lögreglan bannað slíkan akstur á ákveðnum götum og vegum, er slíkt bann þykir nauðsynlegt.

Ökukennari ber ábyrgð á, að aksturæfingar fari fram á þeim stöðum og með þeim hætti, að telja megi hættulaust fyrir aðra umferð, er tekið er tillit til kunnáttu nemandans.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um kennslu og próf bifreiðarstjóra, og ákveður gjald það, er greiða skal fyrir prófið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Nokkuð hefur borið á því, að menn, sem neitað hefur verið um ökuskírteini í heimasveit sinni, hafa farið í annað lögsagnarumdæmi og fengið ökuskírteini þar. Er 1. gr. frumvarpsins sett til að fyrirbyggja þetta.

Í 2. gr. eru ákvæði um auknar kröfur, sem gerðar eru til ökukennara. Samkvæmt núgildandi lögum má hver sá, sem rétt hefur til að aka leigubifreiðum til mannflutninga og er 25 ára að aldri, veita kennslu í bifreiðaakstri. Hefur því mjög mikill fjöldi manna fengizt við slíka kennslu og þess vegna verið erfitt að fylgjast með kennsluaðferðum ökukennara og staðreyna sannleiksgildi skýrslna þeirra um kennslutímafjölda nemenda. Með því að bifreiðarstjórum fjölgar nú mjög mikið á ári hverju, þykir nauðsynlegt, að kennsla þeirra sé svo örugg sem verða má, og eru breytingar þær, er frumvarpið hefur að geyma, settar í samráði við bifreiðaeftirlitsmenn landsins og lögreglustjórann í Reykjavík.

Nd. 352. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1948 með 100% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, að viðbættu 50% álagi samkvæmt lögum nr. 121 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla greindra laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk fjármálaráðherra og gerir ráð fyrir, að endurnýjuð verði heimild sú, er ríkisstjórninni var gefin með lögum nr. 26 1947. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að hafa óbundið atkvæði um frumvarpið.

Ed. 353. Nefndarálit

um frv. til l. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum, borið það saman við gildandi lög og rætt það við ráðunauta í búfjárrækt og leggur til, að það verði samþykkt með breytingum, sem eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. febrúar 1948.

Þorst. Þorsteinsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm. Eiríkur Einarsson.
Guðm. Í. Guðmundsson. Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 354. Breytingartillögur

við frv. til l. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Nú setur búnaðarfélag sér nautgriparæktarsamþykkt, eftir að kosin hefur verið nautgripakynbótanefnd, eða stofnað er sérstakt nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags, er sett hafði samþykktina, eða þeir menn, er félagið hafði kosið til þess sérstaklega.
2. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „ekki að greiða nautstoll“ í þriðju málsgr. komi: ekki að greiða nema hálfan nautstoll.
   b. Síðasta málsgr. orðist svo:
      Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða allra kýreigenda, að láta menn greiða nautstolla með fóðri eða heyi að nokkru eða öllu leyti, enda gangi það hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur.
3. Við 10. gr. Í stað orðanna „gefið er inni“ síðast í fyrri málsgrein komi: óhjákvæmilegt er að ala inni.
4. Við 13. gr.
   a. Í stað orðanna „5 sýningarsvæði“ komi: 4 sýningarsvæði.
   b. Á eftir orðunum „verðlauna á kúm“ í lok 4. málsliðar komi: og 3. verðlauna á nautum.
   c. 5. málsliður orðist svo: 1. og 2. verðlaun á nautum greiðast eingöngu úr ríkissjóði, og eru 1. verðlaun kr. 150 og 2. verðlaun kr. 50.
   d. Á eftir orðunum „mæðrum sínum“ í lok 6. málsliðar komi nýr málsliður, er hljóðar svo: Kúm skal veita 1., 2. og 3. verðlaun, og skal hæð þeirra ákveðin með reglugerð.
5. Við 16. gr. Önnur málsgr. falli niður.
6. Við 17. gr. Í stað orðanna „annars staðar að“ komi: framlagi annarra aðila.
7. Við 23. gr.
   a. Á eftir „hrossaeigenda“ í annarri málsgrein komi: sem jörð hafa til ábúðar.
   b. Í stað orðanna „og eldri“ í síðustu málsgrein komi: eða eldri.

8. Við 27. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
Finnist stóðhestur utan vörzlu, sem er merktur með bókstöfunum K eða L K á hægri lend, þá skal eiganda hans þegar gert aðvart. Finnist eigandi ekki innan viku, skal nálægum sýslumönnum tilkynnt um hestinn og hvaða mark sé á honum. Er þeim þá skylt að tilkynna markeiganda um hestinn. Jafnframt skal hesturinn auglýstur í útvarpi með marki, merki og einkennum. Gefi eigandi sig fram innan hálfs mánaðar frá auglýsingardegi, er heimilt að afhenda honum hestinn gegn greiðslu á áföllnum kostnaði, geti hann sannað heimild sína til að merkja hestinn með kynbótahestsmerki.
9. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
Búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er hefur fengið samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, getur fengið styrk til kaupa á tveggja eða þriggja vetra kynbótahestum undan 1. verðlauna hryssum, sem hér segir:
Styrkur til kaupa á þriggja vetra stóðhesti er þessi:
200 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi;
150 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun fyrir afkvæmi;
125 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun á héraðssýningu.
100 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun á héraðssýningu.
Styrkur til kaupa á tveggja vetra hesti er 50 kr. lægri í hverjum flokki en á þriggja vetra hesti.
Styrkurinn er enn fremur bundinn því skilyrði, að þriggja vetra hesturinn hafi hlotið 1. verðlaun, en tveggja vetra hesturinn 2. verðlaun á héraðssýningu eða viðurkenningu hrossaræktarráðunautar um að vera slíkra verðlauna verður.
Samkvæmt þessari grein skal ekki veita styrk nema einu sinni til kaupa á sama hesti.
10. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
Skipta skal landinu í 4 sýningarsvæði og hrossasýningar haldnar fjórða hvert ár á eftirtöldum stöðum eða í grennd við þá:
1. Þjórsártúni fyrir sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.
2. Ferjukoti fyrir búnaðarsambandssvæðin milli Hvalfjarðar og Gilsfjarðar.
3. Sveinsstöðum fyrir Húnavatnssýslur.
4. Sauðárkróki fyrir Skagafjarðarsýslu.
5. Hornafirði (Meðalfellsrétt) fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

Enn fremur er Búnaðarfélagi Íslands skylt að halda sýningar á fleiri stöðum, ef þess er óskað af hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða sýslunefndum.
11. Við 40. gr.
a. Í stað „kr. 30.00“ komi: kr. 25.00.
b. Í stað „kr. 20.00“ komi: kr. 15.00.
c. Í stað „kr. 10.00“ komi: kr. 7.00.
d. Í stað „kr. 40.00“ komi: kr. 30.00.
12. Við 41. gr. 1. málsgr. orðist svo:
Heiðursverðlaun má aðeins veita hrossi, sem er fulltamið og hefur sýnt, að það býr yfir ákjósanlegum eiginleikum að dómi hrossaræktarráðunautar, enda séu á sömu sýningu sýnd tvö eða fleiri afkvæmi þess, er hafa hlotið 1. eða 2. verðlaun.
13. Við 42. gr.
a. Í stað „kr. 200.00“ komi: kr.180.00.
Í stað „kr. 150.00“ komi: kr. 100.00.
Í stað „kr. 100.00“ komi: kr. 60.00.
Í stað „kr. 75.00“ komi: kr. 40.00.
b. Í stað „niðjanna“ í 3. málsgrein komi: þeirra.

14. Við 50. gr. Í stað „Rekstrarstyrk, er nemi 2 kr.“ í 2. tölulið komi: Rekstrarstyrk, er nemi allt að 3 kr.
15. Við 68. gr. Í stað „kr. 300.00“ komi: kr. 800.00
16. Við 73. gr. Í stað „meðalsýslufélög“ komi: meðalsýslufélag.

Nd. 355. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um orlof, nr. 16 26. febrúar 1943.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndarmenn hafa því miður ekki getað orðið á eitt sáttir um afgreiðslu máls þessa. Meiri hl. nefndarinnar (SEH, JH, HelgJ) er frumvarpinu andvígur og gerir væntanlega grein fyrir skoðun sinni í sérálíti. Gylfi Þ. Gíslason er fylgjandi 1. gr. frv. og mælir með samþykkt hennar, en er á hinn bóginn andvígur ákvæðum 2. gr. frv. og finnst ráðlegra, að hún sé felld burt. Minni hl. nefndarinnar (KTh) telur, að í frv. felist mikil og sanngjörn réttarbót, og mælir eindregið með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Samkvæmt lögum um orlof frá 26. febr. 1943 á hver sá maður, er starfar í þjónustu annarra, rétt á orlofi í jafnmarga virka daga og hann hefur unnið marga almanaksmánuði samanlagt næsta orlofsár á undan. Í því augnamiði ber að greiða honum fjóra hundraðshluta (4%) af kaupi því, sem hann bar úr býtum fyrir vinnu sína. Ein stétt manna er þó enn afskipt hlunnindum þessum, en það eru starfsmenn fiskiskipa, sem ráðnir eru eftir reglum um bein hlutaskipti og taka að meira eða minna leyti þátt í útgerðarkostnaði. Þeim skal, að því er lögin mæla fyrir, greitt orlofsfé þannig, að tveir hundraðshlutar (2%) eru greiddir af útgerðarmanni, en hinn helminginn verða þeir að taka af sínu eigin kaupi, eða m. ö. o., hlutarsjómaðurinn á aðeins hálfan orlofsrétt á við aðra verkamenn og sjómenn, og hefur hann þó engin hlunnindi fram yfir þá, nema síður sé, að því er tekjur og aðbúnað snertir. Starf hlutarsjómanna er þjóðarbúinu geysimikilsvert, er bæði erfitt, lýjandi og oft heilsuspillandi, þar eð því fylgja einatt vökur og vosbúð, en vistarverur sjómannanna allt of oft illa ræstar, þröngar og rakar. Hlutarsjómenn hafa því vissulega fulla þörf þeirrar hressingar og áhyggjuléttis, er orlofið veitir, og eiga skýlausan rétt á því óskertu. 1. gr. frv. miðar að því að afmá þann ójöfnuð, sem þeir hafa átt við að búa, og vænti ég þess, að hv. þingdeild veiti henni samþykki sitt.

2. gr. frv. miðar að því að samræma fyrningartíma orlofskrafna og kaupkrafna, þannig að krafa á hendur vinnuveitanda vegna orlofs falli ekki úr gildi vegna fyrningar, fyrr en um leið og krafan um vinnulaun verður ógild. Þar sem orlofsféð er ákveðinn hundraðshluti af kaupi, skattskyldur og því í raun réttri kaupuppbót, er með öllu óeðlilegt að aðskilja fyrningartíma þess um árabil frá fyrningartíma verkakaups. Frumvarpsgreinin er því fyllilega réttmæt. Auk þess hefur reynslan sýnt, að sú breyting á lögunum, sem í henni felst, er næsta nauðsynleg, sbr. grg., er frv. fylgir. Vil ég því einnig mæla með, að hún verði samþykkt og frv. óbreytt gert að lögum.

Alþingi, 16. febrúar 1948.

Katrín Thoroddsen.

Sþ. 356. Nefndarálit

um till. til þál. um fiskþurrkun við hverahita

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og er sammála um, að æskilegt sé, að fram fari rannsókn á því, hvort tiltækilegt sé að hagnýta hverahita til fiskþurrkunar. Í samræmi við þá skoðun sína leggur nefndin til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún láti framkvæma, ef tiltækilegt þykir, og í samráði við Fiskifélag Íslands og aðrar stofnanir sjávarútvegsins þær athuganir, sem nauðsynlegar eru til þess að komast að niðurstöðu um möguleika á slíkri fiskþurrkunaraðferð.

Alþingi, 12. febrúar 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Sigurður Bjarnason, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Sigfús Sigurhjartarson.	Jón Gíslason.
	Ásg. Ásgeirsson.	

Nd. 357. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. bætist:
Árin 1948—1950 er þó sérleyfishafa heimilt að nota þrjú erlend skip til veiðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 358. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:
Ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun á íslenzkum höfnum á landi eða í landhelgi varða sektum, 5 þús. til 20 þús. krónum.

Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslenzku fiskiskipi en lög þessi heimila, varðar það sektum frá 200—5000 krónum. Brot gegn 4. gr. laganna varða sektum 200—2500 krónum.

Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða sektum 500—10000 krónum.

Að öðru leyti varða ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar, 5 þús. til 20 þús. króna sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri og afli, sem

í skipinu er, svo og umbúðir, ef um síld er að ræða, sem söltuð er í tunnur. Sama gildir um verkaðan og óverkaðan afla í skipum, sem hafa aflavinnslu um borð, hvort sem um er að ræða eigin veiði eða veiði annarra skipa. Skal andvirðið renna í ríkissjóð.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Mál eftir lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 359. Frumvarp til laga

um innflutning búfjár.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt, þar með taldir fuglar.

Landbúnaðarráðherra getur þó vikið frá banni þessu, sbr. 2. gr., og leyft innflutning á búfé, öðrum dýrum og búfjársæði, enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim.

Komi það fyrir, að einhverjir flytji inn dýr án heimildar, skulu þau tafarlaust drepin og skrokkarnir brenndir.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra getur þó því aðeins notað heimild 1. gr. þessara laga, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn, enda sé farið eftir tillögum ráðunauta í hlutaðeigandi búfjárgrein, eftir því sem við verður komið, um val fénaðarins, sem fluttur er til landsins.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður, hvaða búfjártegundir og frá hvaða landi og héraði búfé er keypt, enda leiti yfirdýralæknir upplýsinga hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda búfjár um, að þar séu eigi til staðar þeir búfjársjúkdómar, er sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

3. gr.

Allan kostnað við kaup búfjárins skal greiða úr ríkissjóði, enda sé hið innflutta búfé eign ríkisins. Fjárframlög ríkissjóðs í þessu skyni skulu ákveðin í fjárlögum.

4. gr.

Áður en búfé eða önnur dýr eru flutt inn samkvæmt lögum þessum, skal ríkið byggja sóttvarnarstöð, svo og setja saman bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur, þar sem hins innflutta fénaðar er gætt og hann ræktaður eins og lög þessi mæla fyrir um og þær reglugerðir, sem eftir þeim verða settar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að kaupa eða leigja eyju eða eyjar til þessara þarfa.

5. gr.

Þegar búfé er keypt til innflutnings, skal hver einstök skepna skoðuð af viðurkenndum dýralækni, áður en hún er flutt úr landi, og skal vottorð um þá skoðun fylgja skepnunni hingað til lands. Enn fremur skal íslenzkur dýralæknir vera við skoðunina og hafa eftirlit með skepnunum á leiðinni til landsins.

Áður en fénaðurinn er fluttur úr landi, þar sem hann er keyptur, skal hann einangraður eigi skemur en 6 vikur undir eftirliti dýralæknis.

Áður en búféð er flutt í land, skal yfirdýralæknir skoða það og athuga heilbrigðisvottorð þess. Reynist ekkert athugavert við heilsufar búfjárins að lokinni skoðun yfirdýralæknis, skal skipa búfénu á land þar, sem sóttvarnarstöð ríkisins er, sbr. 4. gr., og er með öllu óheimilt, hvernig sem á stendur, að setja það á land annars staðar.

6. gr.

Einangra skal hið innflutta búfé á sóttvarnarstöðinni 16 vikna tíma undir stöðugu eftirliti yfirdýralæknis. Að þeim tíma liðnum ákveður yfirdýralæknir, hvort það skuli leyst úr sóttkví og látið ganga með búfé sömu tegundar á eynni eða haldið lengur í sóttkví.

Aldrei má flytja búfé af búi ríkisins á eynni í land eða á aðrar eyjar, þar sem búfé hefur samgang við búfé í landi.

Heimilt er þó með leyfi landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að flytja til landsins hunda, refi og önnur ræktuð rándýr, að loknum ákveðnum einangrunartíma.

7. gr.

Að fengnum tillögum yfirdýralæknis setur landbúnaðarráðherra reglugerð um allt, er lýtur að rekstri búsins. Þar skulu vera glögg og ákveðin fyrirmæli um, hvaða afurðir megi selja frá búinu í land og í hvaða ástandi. Einnig skulu þar vera ströng ákvæði um, hvernig samgöngum við eyjuna skuli fyrir komið til að hindra, að sjúkdómar, sem upp kynnu að koma í hinu einangraða búfé, berist í land, svo og annað, er varðar búreksturinn.

8. gr.

Á búi ríkisins á eynni skal hreinræktað hið erlenda búfé, en auk þess má gera þar hvers konar tilraunir með blöndun þess með innlendu búfé, eftir tillögum ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í hlutaðeigandi búgreinum.

9. gr.

Bústjórinn á eynni skal ráðinn með sérstöku erindisbréfi af landbúnaðarráðherra eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og samþykki yfirdýralæknis. Skal hann sjá um og vera ábyrgur fyrir því, að öllum fyrirmælum um einangrun fénaðarins sé hlýtt út í æsar og að starfsemin fari nákvæmlega eftir lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirmælum, sem um þetta verða gefin.

10. gr.

Eftir að hið innflutta búfé hefur verið í eitt ár í einangrun með íslenzku búfé, má, ef það er heilbrigt og grunsamlegir sjúkdómar hafa ekki komið fram í hinum innlenda bústofni, sem með því hefur gengið, flytja sæði úr því til lands. Skal það gert eftir þeim varúðarreglum, er yfirdýralæknir setur, og af þeim mönnum, er hann samþykkir.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, 1000—20000 kr., og stöðumissi, ef sjúkdómur berst til lands vegna vanrækslu ábyrgra aðila, ef ekki liggur þyngri refsing við að lögum.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 8. sept. 1931, lög nr. 45 19. júní 1933, lög nr. 9 25. jan. 1934 og lög nr. 16 28. maí 1941.

Sþ. 360. Fyrirspurnir.

1. Til ríkisstjórnarinnar varðandi Bessastaðakirkju.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Eru breytingar þær á Bessastaðakirkju, sem nú er unnið að, gerðar að fyrirlagi ríkisstjórnarinnar? Hversu mikið er áætlað, að þær muni kosta, og hversu mikið hefur þegar verið greitt vegna þeirra?

2. Til fjármálaráðherra um bifreiðaeign ríkissjóðs, opinberra stofnana og ríkisfyrirtækja.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Helga Jónassyni.

Hvað eiga ríkissjóður, opinberar stofnanir og ríkisfyrirtæki margar fólksbifreiðar, sem embættismenn eða opinberir starfsmenn hafa til ókeypis afnota? Hvaða embættismenn og opinberir starfsmenn njóta þeirra hlunninda, sem hér er um að ræða?

Sþ. 361. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun laga um veiði, friðun fugla og eggja o. fl.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Jón Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lagafyrirmæli, er felast í tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, og lög nr. 59 1913, um friðun fugla og eggja. Enn fremur að láta undirbúa löggjöf um vernd staða, sem eru sérstaklega merkir af sögu sinni eða náttúru.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ágengni er mikil um veiði fugla og annarra dýra, jafnvel svo að óboðnir gestir vaða inn á lönd jarðeigenda í slíkum erindum. Lagaákvæði um þetta efni er að finna í tilskipun frá 1849. Lætur að líkum, að þau ákvæði, sem eru nálega aldar gömul, þurfi endurskoðunar við. Einnig er ástæða til að endurskoða lög um friðun fugla og eggja.

Lög um verndun fornminja fjalla um fornleifar, fornminjar og forngripi, þar sem menn hafa einhvern tíma lagt hönd að verki, en ná ekki til þess, sem til er orðið af náttúrunnar völdum, þótt merkilegt sé á einn eða annan hátt. Engin almenn lagafyrirmæli eru heldur til um náttúrufriðun. Vissir staðir, sem merkir eru vegna sögulegra atburða eða hafa til að bera náttúrufræðileg sérkenni, njóta ekki þeirrar verndar, sem vera ber. Hér er því lagt til, að ríkisstjórninni sé falið að láta undirbúa löggjöf um þetta efni. Að sjálfsögðu hafa náttúrufræðingar bezta þekkingu á þessu sviði, svo að vel færi á því, að undirbúningur sá að nýrri löggjöf og endurskoðun eldri laga, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, verði gerður með aðstoð rannsóknarráðs ríkisins og forstöðumanns náttúrugripasafnsins.

Nd. 362. Nefndarálit

um frv. til l. um ákvörðun fésekta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Áki Jakobsson var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 18. febr. 1948.

St. Stefánsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.	Finnur Jónsson, fundaskr.
	Jóhann Hafstein.	

Sþ. 363. Nefndarálit

um till. til þál. um stækkun á vinnuhælinu á Litla-Hrauni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og telur málið vera þess eðlis, að rétt sé að gefa því gaum. Nefndin telur þó ekki rétt að skora á ríkisstjórnina að hefja framkvæmdir nú þegar, þar sem telja má, að nauðsynleg athugun og undirbúningur hafi ekki enn farið fram. Þykir því rétt að vísa málinu til hæstvirtrar ríkisstjórnar í trausti þess, að hún láti fram fara nægilega athugun á því, hvort aðkallandi er að stækka vinnuhælið á Litla-Hrauni og á hvern hátt heppilegast er að auka húsakost hælisins, ef það telst nauðsynlegt.

Alþingi, 17. febr. 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Ingólfur Jónsson, frsm.	Jón Sigurðsson, fundaskr.
Sigurður Bjarnason.	Jón Gíslason.	Ásg. Ásgeirsson.
	Sigfús Sigurhjartarson.	

Sþ. 364. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 343 (Hreinsun Hvalfjarðar).

Frá Áka Jakobssyni.

Aftan við tillögugreinina bætist: og skal ríkisstjórnin bæta fiskimönnum tjón sitt með greiðslum úr ríkissjóði.

Ed. 365. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á allmörgum fundum. Vill nefndin líta svo á, að eins og nú er ástatt í menntaskólamálum okkar, sé aðstöðumunur unglinga til að stunda menntaskólanám mjög misjafn eftir því, hvar á landinu þeir eru búsettir. Við at-

hugun hefur það komið í ljós, að hlutfallstala nemenda menntaskólanna úr hinum ýmsu sýslum og kaupstöðum sveiflast frá því að vera flest 1,81% af íbúafjölda viðkomandi bæjar- eða sýslufélags og niður í 0,0%. Enn fremur er sýnilegt, að sú regla gildir í aðaldráttum, að aðsóknin fer minnkandi eftir því, sem héruðin liggja fjær núverandi menntaskólum.

Nefndin telur því, að hér sé um réttlætismál að ræða og jafna beri þennan aðstöðumun með því að stofna menntaskóla bæði í Vestfirðinga- og Austfirðingafjórðungi. Hins vegar lítur nefndin svo á, að ekki sé rétt að setja stofnun hinna nýju skóla svo ákveðið tímatakmark sem frumvarpið gerir ráð fyrir, heldur skuli Alþingi á hverjum tíma taka afstöðu til málsins, þannig að framkvæmdir séu bundnar við það, að fé sé veitt til þeirra í fjárlögum.

Einn nefndarmanna, Pétur Magnússon, var fjarverandi, er málið var afgreitt, og annar, Eiríkur Einarsson, hefur óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   Menntaskólar skulu vera fimm, einn í Reykjavík, annar á Akureyri, þriðji á Ísafirði, fjórði á Eiðum og fimmti í sveit á Suðurlandi.
   Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.
2. 2. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, og koma ákvæðin um stofnun hinna nýju skóla til framkvæmda, jafnóðum og fé er veitt til þeirra í fjárlögum.

Alþingi, 18. febr. 1948.

Bernharð Stefánsson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr.	Ásmundur Sigurðsson, frsm.

Nd. 366. Breytingartillaga

við frv. til l. um sementsverksmiðju.

Frá Áka Jakobssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin skal láta reisa við Önundarfjörð verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til framleiðslu sements. Vinnslugeta skal miðast við 75 þús. tonna framleiðslu á 300 dögum. Skal ríkisstjórnin láta hefja byggingarframkvæmdir á árinu 1948 og hraða þeim sem mest.

Ed. 367. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 108 frá 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo, að í stað orðanna „Heimilt er sýslunefnd“ komi: Sýslunefnd er skylt o. s .frv.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í byggingarsamþykkt skal ákveða, að í hverjum hreppi skuli vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd, og jafnmargir til vara. Kosning fer fram að afloknum almennum hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlangs tíma og hreppsnefndarinnar.

3. gr.

Eftir 4. gr. laganna komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi, er verði 5. og 6. gr., og breytist greinatala samkvæmt því:

5. gr.

Heimilt er sýslunefndum að ráða byggingarfulltrúa. Skal teiknistofa landbúnaðarins samþykkja ráðningu þeirra.

Laun byggingarfulltrúa greiðist að hálfu af viðkomandi sýslusjóðum eða öðrum aðilum innan héraðsins, en heimilt er sýslunefndum að jafna því niður jöfnum höndum sem fastagjaldi og í hundraðshlutum af heildarfasteignamati jarða og húsa með lóðum. Þó má þetta gjald aldrei fara yfir 2.5‰ af fasteignamatinu.

Byggingarsjóður greiðir helming kostnaðarins.

Greiðsla byggingarsjóðs er háð þeim takmörkunum:

1. Að tala byggingarfulltrúa fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, fari ekki yfir 7.
2. Að skipting starfssvæða byggingarfulltrúa sé þessi:
   1. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnessýsla og Dalasýsla.
   2. Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslur, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur og Strandasýsla.
   3. Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýsla.
   4. Eyjafjarðarsýsla, Suður- og Norður-Þingeyjarsýslur.
   5. Norður- og Suður-Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýsla.
   6. Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
   7. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
3. Að byggingarfulltrúum séu greidd sömu laun og þeim embættismönnum ríkisins, er laun taka eftir VIII. flokki launalaga.

6. gr.

Nú óskar sýslunefnd, að komið verði á samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa fyrir hlutaðeigandi byggingarumdæmi, sbr. 5. gr., tölulið 1—7, og gerir sýslunefnd þá frumvarp að samþykkt þar að lútandi og sendir öllum sýslunefndum innan byggingarumdæmisins. Hljóti samþykktin ⅗ atkvæða allra sýslunefndarmanna á samþykktarsvæðinu, er hún bindandi fyrir öll sýslufélög innan þess byggingarumdæmis.

4. gr.

1. töluliður 9. gr. laganna, er verður 11. gr., orðist svo:

Fara um byggingarumdæmið og leiðbeina íbúum þess um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef þess er óskað. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í umdæminu ekki sjaldnar en fimmta hvert ár.

5. gr.

Upphaf 11. gr. laganna, er verður 13. gr., orðist svo:

Sýslunefndir í sama byggingarumdæmi hafa heimild til o. s. frv.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 108 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, er svo ráð fyrir gert, að hver sýslunefnd geti ráðið byggingarfulltrúa, ef gerð hefur verið byggingarsamþykkt fyrir sýsluna. Enn fremur, að laun byggingarfulltrúa skuli greidd að ⅓ hluta af hverjum þessara aðila: sýslusjóði, nýbýlasjóði og byggingarsjóði.

Þegar sett voru lögin um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, voru þessir sjóðir sameinaðir, en hins vegar láðist að yfirfæra þessa skyldu um greiðslu á launum byggingarfulltrúa yfir á hinn nýja byggingarsjóð. Hins vegar er það sýnt, að með svo rúmum ákvæðum um heimild til að hafa byggingarfulltrúa í hverri sýslu, sem er í áðurnefndum lögum um byggingarsamþykktir, geta kröfur á hendur byggingarsjóðnum orðið óhæfilega háar. Til þess að koma í veg fyrir, að svo fari, er í þessu frv. gert ráð fyrir að takmarka tölu byggingarfulltrúa við 7 og enn fremur skuli viðkomandi sýslusjóðir eða aðrir aðilar innan héraðanna greiða helming kostnaðar. Hins vegar er helmingur af kostnaðinum yfirfærður á byggingarsjóðinn í stað þeirrar skyldu, sem áður hvíldi á bæði byggingarsjóði og nýbýlasjóði.

Nd. 368. Nefndarálit

um frv. til l. um smíði tveggja þilfara togara í tilraunaskyni.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur athugað frv. þetta, sem hlotið hefur afgreiðslu í Ed. Hefur málið fengið þar mjög rækilega athugun. Liggja fyrir umsagnir um mál þetta frá átta félagasamtökum, sem að sjávarútvegsmálum standa, og fagfélögum á sviði fiskveiða og slysavarna. Í hópi þeirra, sem að álitsgerðum þessum standa, eru nokkrir hinna þrautreyndu togaraskipstjóra vorra. Enn fremur liggur fyrir umsögn fjármálaráðherra um málið. Að ráði hans var frv. í meðferð Ed. breytt þannig, að nú er það í heimildarformi. Í samræmi við það hafa verið felld niður úr frv. ákvæðin um það, hvenær smíði skipsins skyldi lokið, en hins vegar er það tímabundið, hvenær skuli lokið tæknilegum undirbúningi. Sjávarútvegsnefnd blandast ekki hugur um það, að hér er um athyglisverða og merkilega nýjung að ræða, enda er það samhuga álit allra þeirra aðila, sem látið hafa uppi álit sitt um málið, að svo sé, þótt þeir bendi sumir á ýmislegt um gerð skipsins og fyrirkomulag þess, er nánari athugunar þarf við, og að um sumt verði ekki sagt fyrir, hvernig reynast muni, þar verði reynslan að skera úr.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi frv. þessu, er þess getið, að í tímariti Fiskifélags Íslands, Ægi, sé frá því skýrt, að Þjóðverjar væru nú að hefja undirbúning að smíði togara af þessari gerð. Í álitsgerð Davíðs Ólafssonar fiskimálastjóra er einnig að þessu vikið. Hafði hann fengið tvo togaraskipstjóra og einn útgerðarstjóra til þess, ásamt skipaverkfræðingi Fiskifélagsins, að athuga teikningar af skipi þessu. Benda þeir á með skírskotun til þessara upplýsinga, að ráðlegt mundi vera að afla nánari vitneskju um smíði þeirra togara, sem nú er verið að byggja í Þýzkalandi, af þessari gerð. Í þessu áliti segir enn fremur: „Við teljum hina fram komnu hugmynd mjög merkilega og margt, sem getur orðið til mikilla bóta í sambandi við fiskveiðar vorar. En það er hins vegar vitað, að stórþjóð, eins og að framan getur, hefur með höndum smíði svipaðra skipa. Það er því álit vort, að séð verði, hvernig tveggja þilfara togarar reynast hjá öðrum, áður en við smíðum skip af þessari tegund. Hins vegar teljum við þetta svo mikið framfara- og hags-

munamál, að nauðsyn sé á því, að við látum einskis ófreistað til að fylgjast með því, sem gerist í þessu máli hjá stórþjóðunum, og hagnýtum okkur reynslu þeirra."

Um leið og sjávarútvegsnefnd tekur undir þessi ummæli, leggur hún eindregið til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 18. febrúar 1948.

Finnur Jónsson, form. Pétur Ottesen, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.
Áki Jakobsson. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 369. Nefndarálit

um frv. til l. um skráning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr., 2 málsgr. Fyrir orðin „13. júní 1937" komi: gildistöku þessara laga.
2. Við 14. gr.
   a. Við 2. málsgr. Fyrir „viðskiptafulltrúum Íslands" komi: fulltrúum Íslands erlendis.
   b. Við 3. mgr. Fyrir „viðskiptafulltrúa" komi: fulltrúa Íslands.
   c. Við 4. málsgr. Fyrir „viðskiptafulltrúi" komi: fulltrúi Íslands erlendis.
   d. Við 6. málsgr.
      1. Fyrir „viðskiptafulltrúa Íslands" komi: fulltrúa Íslands.
      2. Fyrir „þó getur skírteini viðskiptafulltrúa" komi: þó getur slíkt skírteini.
3. Við 15 gr.
   a. Fyrir „viðskiptafulltrúa landsins" komi: fulltrúa Íslands.
   b. Fyrir „viðskiptafulltrúi" komi: fulltrúi.
4. Við 16. gr.
   a. Við 2. tölul. Fyrir „viðskiptafulltrúi" komi: fulltrúi Íslands erlendis.
   b. Við 3. tölul. Fyrir „viðskiptafulltrúi landsins" komi: fulltrúi Íslands.
5. Við 17. gr. Fyrir „viðskiptafulltrúi" komi: fulltrúi.
6. Við 18. gr.
   a. Við 1. tölulið. Fyrir „viðskiptafulltrúa" komi: fulltrúa.
   b. Við 2. tölulið. Fyrir „viðskiptafulltrúa á þrem stöðum komi: fulltrúa.
7. Við 28. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

Alþingi, 19. febrúar 1948.

Finnur Jónsson, form., frsm. Pétur Ottesen, fundaskrifari. Áki Jakobsson.
Halldór Ásgrímsson. Sigurður Kristjánsson.

Ed.

370. Frumvarp til laga

um búfjárrækt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 258 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Kjósa skal þriggja manna nautgripakynbótanefnd í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt samkv. lögum þessum og ekki er heldur starfandi nautgriparæktarfélag, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands.

Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. Í bæjum skal kynbótanefnd kosin af bæjarstjórn. Þar, sem starfandi er nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd.

Nú setur búnaðarfélag sér nautgriparæktarsamþykkt. eftir að kosin hefur verið nautgripakynbótanefnd, eða stofnað er sérstakt nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags, er sett hafði samþykktina, eða þeir menn, er félagið hafði kosið til þess sérstaklega.

6. gr. hljóðar svo:

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóðri, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum o. s. frv., jafnar kynbótanefnd niður á allar kýr, sem haldið er undir naut í hreppnum á því ári, að undanskildum kúm þeirra manna, sem hafa fengið undanþágu frá að taka þátt í sameiginlegum kostnaði við nautahaldið, sbr. 2. gr. Hið niðurjafnaða gjald má taka lögtaki. Heimilt er nautgriparæktarfélagi að taka hærri nautstoll af utanfélagsmönnum.

Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um er að ræða, og telst hún með öðrum árlegum kostnaði.

Geti kýreigandi sannað, að kýr hafi ekki fest fang, þó haldið hafi verið, ber honum ekki að greiða nema hálfan nautstoll.

Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða allra kýreigenda, að láta menn greiða nautstolla með fóðri eða heyi að nokkru eða öllu leyti, enda gangi það hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur.

9. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af stjórn Búnaðarfélags Íslands, getur fengið styrk til starfsemi sinnar, eins og hér greinir, á hverja reiknaða árskú, en tala slíkra kúa á hverju búi fæst með því að leggja saman fóður- og mjólkurskýrsludaga allra kúnna og deila í þá útkomu með 365:

1. Kr. 1.00, ef ekki eru gerðar fitumælingar eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar á ári.
2. Kr. 1.80, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst þrisvar á ári.
3. Kr. 2.50, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst sex sinnum á ári.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánar skal kveða á um í reglugerð.

10. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélög og nautgriparæktarfélög geta fengið, auk styrks þess, sem um ræðir í 9. gr., styrk til nautahaldsins, ef þau nota naut, sem eru að minnsta kosti tveggja ára gömul og hafa hlotið 1. og 2. verðlaun á nautgripasýningum, eða hafa verið viðurkennd þess verðug af nautgriparæktarráðunaut. Styrkur þessi er kr. 150.00 á 1. verðlauna naut og kr. 75.00 á 2. verðlauna naut. Styrkurinn greiðist árlega, á meðan nautin njóta þessara viðurkenninga, heimilt er þó að greiða allt að 25% hærri fóðurstyrk á naut, sem óhjákvæmilegt er að ala inni yfir sumarið.

Þau félög, sem að dómi nautgriparæktarráðunautar hafa aðstöðu til að fá flestar kýr sínar sæddar frá starfandi sæðingarstöð, fá ekki fóðurstyrk á naut sín.

11. gr. hljóðar svo:

Búnaðarsambandi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að hvers konar umbótum í búfjárrækt á sambandssvæðinu, þar á meðal nautgriparækt, og ráða til þess sérstakan héraðsráðunaut, sbr. 73. gr., enda sé þar ekki fyrir starfandi nautgriparæktarsamband. Heimilt er nautgriparæktarfélögum í þeim búnaðarsamböndum, er ekki óska að sinna þessum verkefnum, að stofna með sér samband, ef þau hafa minnst 1000 kýr innan félaganna. Skulu þau þá setja sér samþykktir og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í þessum samþykktum sé m. a. ákveðið um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu beztu kýrstofnanna, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu vera sjaldnar en annan hvern mánuð, og spjaldbókarfærslu þeirra kúa, sem gefa yfir 13000 fitueiningar árlega.

Heimilt er búnaðarsamböndum og samböndum nautgriparæktarfélaga að setja á stofn nautgripauppeldisstöðvar eða sæðingarstöðvar, en samþykkja skal Búnaðarfélag Íslands reglur um þessa starfsemi þeirra, sbr. V. kafla.

12. gr. hljóðar svo:

Sambönd þau, sem um ræðir í 11. gr., njóta framlags úr ríkissjóði sem hér greinir:

1. Kr. 1.00 á ári á hverja reiknaða árskú, sem skýrslur eru sendar yfir til Búnaðarfélags Íslands. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að sambandið hafi fastan starfsmann, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir, eða héraðsráðunaut samkvæmt 73. gr., er jafnframt annast störf fyrir nautgriparæktarsambandið, þar sem það er starfandi.
2. Til nautgripauppeldisstöðva fá samböndin framlag, sem nemur kr. 75.00 á hvern nautkálf, er það hefur á eldi, enda séu kálfarnir valdir í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt og seldir við því verði, sem hann samþykkir.
3. Sæðingarstöðvar fá fóðurstyrk á öll naut á stöðinni, fyrstu og annarra verðlauna naut samkvæmt ákvæðum 10. gr., en ung naut, sem verið er að reyna, fá sama fóðurstyrk og 2. verðlauna naut samkv. 10. gr., enda séu þau valin í samráði við nautgriparæktarráðunaut.

13. gr. hljóðar svo:

Að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu fjórða hvert ár í hverju búnaðarfélagi, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, og nautgriparæktarfélagi. Landinu skal skipt í 4 sýningarsvæði, og skal halda sýningar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningum þessum leggur ríkissjóður fram kr. 0.50 fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Skal fé þessu varið til verðlauna á kúm og 3. verðlauna á nautum. 1. og 2. verðlaun á nautum greiðast eingöngu úr ríkissjóði, og eru 1. verðlaun kr. 150 og 2. verðlaun kr. 50. Fyrstu verðlaun geta þau naut ein hlotið, sem eiga afkvæmi á sýningunni, sem tvímælalaust taka fram mæðrum sínum. Kúm skal veita 1., 2. og 3. verðlaun, og skal hæð þeirra ákveðan með reglugerð. Enn fremur er heimilt að veita einstökum kúm

heiðursverðlaun, ef afkvæmi þeirra sýna, að þær hafa verulega kynbætandi áhrif á nautgripastofninn. Verðlaun þessi eru kr. 100.00 og greiðast úr ríkissjóði. Nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands er formaður dómnefnda á sýningum, sér um fyrirkomulag sýninga og úthlutar verðlaunum. Stjórnir nautgriparæktarfélaganna tilnefna meðdómendur á sýningar og greiða kostnað við framkvæmd þeirra.

15. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélagi, þar sem ekki er starfandi sauðfjárræktarfélag, er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum sauðfjár á félagssvæðinu, enda séu aldrei færri en 6 félagsmenn, er uppfylla þau skilyrði, er samþykktin áskilur.

Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér sauðfjárræktarsamþykkt, og er þá 6 mönnum eða fleirum í hreppi heimilt að stofna með sér félagsskap til að vinna að sauðfjárkynbótum, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög. Heimilt er að veita mönnum úr öðrum hreppi inngöngu í félagið, ef þar er ekki starfandi sauðfjárræktarfélagsskapur.

Lágmarkstala kynbótafjár hjá hverjum þátttakanda skal vera 8 ær, og enginn einn félagsmaður má eiga meira en helming kynbótafjárins.

Í samþykktum þeim, er hér um ræðir, skal tekið fram eftirfarandi:

1. Að halda skuli fóður-, afurða- og vigtarskýrslur fyrir kynbótafé.
2. Að halda skuli ættbók fyrir kynbótafé og merkja skuli hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
3. Ákveðið, hvernig haga skuli skýrsluhaldi, til að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
4. Önnur atriði, er varða félagsskapinn.

Samþykktir, sem settar eru samkvæmt þessari grein, skal sníða eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur félögunum í té. Þegar slík samþykkt hefur verið sett, skal hún send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar.

16. gr. hljóðar svo:

Félög þau, sem um ræðir í 15. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur er kr. 50.00 fyrir hvern fyrstu verðlauna hrút og allt að 50 aura á hverja kynbótaá, sem félagsmenn eiga og skýrslur eru haldnar yfir og sendar til Búnaðarfélags Íslands.

Sæðingarstöðvar, sem eru stofnaðar og starfræktar samkv. V. kafla þessara laga, fá árlega styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 50.00 fyrir hvern hrút, sem notaður er þar og sauðfjárræktarráðunautur hefur samþykkt.

17. gr. hljóðar svo:

Auk þess, sem um getur í 16. gr., er heimilt að styrkja úr ríkissjóði allt að 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum landsfjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að kr. 600.00 hvert. þó ekki yfir ⅔ hluta móti hlutaðeigandi búnaðarsambandi eða framlagi annarra aðila. Auk þessa leggur ríkissjóður fram kr. 2000.00 árlega til að verðlauna þessi bú, eftir því sem nánar skal mælt fyrir um í starfsreglum, er viðurkenndar skulu af Búnaðarfélagi Íslands.

Fjárræktarbú þessu skulu fullnægja þeim skilyrðum, sem um ræðir í 1., 2. og 3. lið 15. gr., og öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða. Ef styrkþegi hættir að reka búið, hefur Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og skal ákveða, hvar búið skuli starfa áfram, í samráði við þá aðila, sem einnig hafa styrkt búið. Greiða skal fyrir fé búsins með matsverði dómkvaddra manna.

23. gr. hljóðar svo:

Kjósa skal þriggja manna hrossakynbótanefnd í hverjum hreppi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum og ekki er heldur starfandi hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd.

Nú setur búnaðarfélag sér hrossaræktarsamþykkt eða stofnað er sérstakt hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem jörð hafa til ábúðar í hreppnum, eftir að kosning hrossakynbótanefndar hefur farið fram, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við því tekur stjórn þess félags, er sett hefur samþykktina, eða þeir menn, er félagið felur það sérstaklega.

Hrossakynbótanefnd skal annast þau störf, sem stjórn búnaðarfélags eða hrossaræktarfélags eru ætluð í lögum þessum. Farist kosning hrossakynbótanefndar fyrir, ber hreppsnefnd að annast störf hennar.

Í lögum þessum merkir orðið „stóðhestur“ ógeltan hest 1½ árs eða eldri.

24. gr. hljóðar svo:

Stjórn búnaðarfélags, hrossaræktarfélags eða kynbótanefnd, sbr. 23. gr., skal sjá um, að árlega séu nógu margir og góðir stóðhestar, sem samþykktir eru af hrossaræktarráðunaut, til afnota fyrir hrossaeigendur. Stjórnin skal enn fremur útvega girðingar fyrir þá, koma þeim í fóður og sjá um annan kostnað, er af starfseminni leiðir. Þegar um er að ræða kaup á kynbótahesti eða að reisa nýja girðingu, þarf stjórnin samþykki lögmæts hreppsfundar, og er þá hreppssjóði skylt að greiða að minnsta kosti helming kostnaðar. Öðrum kostnaði, sem leiðir af kynbótastarfseminni innan hreppsins, skal árlega jafna niður með hliðsjón af tölu fæddra folalda, og eru gjöld þessi lögtakskræf.

26. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að láta stóðhest ganga lausan í heimahögum eða á afréttum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann og flytja til hreppstjóra, er skal taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við handsömun. Sömu ákvæði gilda fyrir hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðargalla.

27. gr. hljóðar svo:

Finnist stóðhestur utan vörzlu, sem er merktur með bókstöfunum K eða L K á hægri lend, þá skal eiganda hans þegar gert aðvart. Finnist eigandi ekki innan viku, skal nálægum sýslumönnum tilkynnt um hestinn og hvaða mark sé á honum. Er þeim þá skylt að tilkynna markeiganda um hestinn. Jafnframt skal hesturinn auglýstur í útvarpi með marki, merki og einkennum. Gefi eigandi sig fram innan hálfs mánaðar frá auglýsingardegi, er heimilt að afhenda honum hestinn gegn greiðslu á áföllnum kostnaði, geti hann sannað heimild sína til að merkja hestinn með kynbótahestsmerki.

Finnist ómerktur stóðhestur eða merktur kynbótahestsmerki samkv. 28. og 29. gr. án heimildar, skal hreppstjóri selja hann á opinberu uppboði. Vitji eigandi andvirðisins innan 6 mánaða frá söludegi, skal honum greitt það að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, annars rennur afgangur andvirðisins í sjóð búnaðarfélags þess hrepps, þar sem hesturinn var handsamaður. Sömu ákvæði gilda um merkta stóðhesta, sem ekki er vitjað á tilsettum tíma frá auglýsingardegi, sbr. fyrri málsgr. þessarar greinar.

33. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er hefur fengið samþykkt sína staðfesta

af Búnaðarfélagi Íslands, getur fengið styrk til kaupa á tveggja eða þriggja vetra kynbótahestum undan 1. verðlauna hryssum, sem hér segir:

Styrkur til kaupa á þriggja vetra stóðhesti er þessi:

200 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi;

150 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun fyrir afkvæmi;

125 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun á héraðssýningu;

100 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun á héraðssýningu;

Styrkur til kaupa á tveggja vetra hesti er 50 kr. lægri í hverjum flokki en á þriggja vetra hesti.

Styrkurinn er enn fremur bundinn því skilyrði, að þriggja vetra hesturinn hafi hlotið 1. verðlaun, en tveggja vetra hesturinn 2. verðlaun á héraðssýningu eða viðurkenningu hrossaræktarráðunautar um að vera slikra verðlauna verður.

Samkvæmt þessari grein skal ekki veita styrk nema einu sinni til kaupa á sama hesti.

39. gr. hljóðar svo:

Skipta skal landinu í 4 sýningarsvæði og hrossasýningar haldnar fjórða hvert ár á eftirtöldum stöðum eða í grennd við þá:

1. Þjórsártúni fyrir sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.
2. Ferjukoti fyrir búnaðarsambandssvæðin milli Hvalfjarðar og Gilsfjarðar.
3. Sveinsstöðum fyrir Húnavatnssýslur.
4. Sauðárkóki fyrir Skagafjarðarsýslu.
5. Hornafirði (Meðalfellsrétt) fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

Enn fremur er Búnaðarfélagi Íslands skylt að halda sýningar á fleiri stöðum, ef þess er óskað af hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða sýslunefndum.

40. gr. hljóðar svo:

Til verðlauna á sýningum þeim, er um ræðir í 39. gr., leggur ríkissjóður fram 10 aura á hvert framtalið hross, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða öðrum aðilum, þar sem sýningar eru haldnar. Skal verja fé þessu til að verðlauna hryssur og enn fremur stóðhesta, er hljóta 3. verðlaun á héraðssýningum. Mega þau ekki vera hærri en hér greinir:

Heiðursverðlaun á hryssu kr. 80.00;
1. verðlaun á hryssu kr. 25.00;
2. verðlaun á hryssu kr. 15.00 og
3. verðlaun á hryssu kr. 7.00;
3. verðlaun á stóðhest kr. 3.00.

Verðlaun á aðra stóðhesta greiðast úr ríkissjóði og eru þau heiðursverðlaun kr. 200.00, 1. verðlaun kr. 100.00 og 2. verðlaun kr. 60.00.

41. gr. hljóðar svo:

Heiðursverðlaun má aðeins veita hrossi, sem er fulltamið og hefur sýnt, að það býr yfir ákjósanlegum eiginleikum að dómi hrossaræktarráðunautar, enda séu á sömu sýningu sýnd tvö eða fleiri afkvæmi þess, er hafa hlotið 1. eða 2. verðlaun.

1. verðlaun má ekki veita yngri hestum en þriggja vetra og þó því aðeins, að þeir séu tamdir og að minnsta kosti 142 cm háir (bandmál).

Hryssum má því aðeins veita 1. verðlaun, að þær séu 140 cm háar (bandmál) og nokkuð tamdar. Eigi má taka á sýningu yngri hesta en tveggja vetra og hryssur ekki yngri en 4 vetra.

42. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að halda afkvæmasýningu fyrir stóðhesta, ef óskir koma fram um það og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Sýna skal undan hverjum stóðhesti ekki færri en 12 afkvæmi þriggja vetra og eldri, og mæður þeirra, sem fylgja þeim á sýninguna. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðast úr ríkissjóði, og eru þau þessi:

Heiðursverðlaun kr. 180.00;

1. verðlaun kr. 100.00;

2. verðlaun kr. 60.00;

3. verðlaun kr. 40.00.

Eigi má greiða heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, nema helmingur þeirra sé taminn og sýni verðmæta kosti.

Heimilt er að endurtaka afkvæmasýningu einu sinni að 4 árum liðnum fyrir þá stóðhesta, er hafa hlotið 2. verðlaun.

Umsóknir um afkvæmasýningar skulu komnar til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí.

Stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands kýs 2 meðdómendur á afkvæmasýningu og greiðir þeim fyrir störf þeirra, en eigandi stóðhestsins leggur til sýningarstaðinn.

50. gr. hljóðar svo:

Búnaðarsambönd, sem vinna að kynbótum búfjár með sæðisflutningum, svo og nautgriparæktarsambönd í þeim héruðum, þar sem búnaðarsambönd sinna ekki þessu verkefni, fá styrk úr ríkissjóði til þessarar starfsemi sem hér segir:

1. Stofnstyrk í eitt skipti fyrir öll, sem er ⅓ byggingarkostnaðar sæðingarstöðvar, þar með talin verkfæri og allur útbúnaður, þó ekki yfir 15 þús. kr. á stöð. Enn fremur allt að ⅓ árslauna sérfræðings í búfjársæðingu, er Búnaðarfélag Íslands ræður til að koma starfsemi stöðvarinnar í fullt lag, þar á meðal kenna væntanlegum starfsmönnum töku og geymslu sæðis og sæðingu, enda annist stöðin sæðingu nautgripa og annarra búfjártegunda.

   Nú er sæðingarstöð komið upp, er einungis annast sæðingu sauðfjár eða annarra búfjártegunda en nautgripa, og greiðir ríkissjóður þá allt að ⅙ árslauna sérfræðings auk byggingarstyrks.

2. Rekstrarstyrk, er nemi allt að 3 kr. á hverja sædda kú, er fang fær, og 15 aur. á hverja á, sem sædd er, þó ekki yfir 4000 kr. á ári á eina sæðingarstöð. Styrkur þessi skal þó ekki veittur nema notuð séu naut, sem hlotið hafa 1. verðlaun fyrir afkvæmi, eða ef verið er að reyna ung naut, sem nautgriparæktarráðunautur mælir með.

   Fyrir sæðingu áa skal þessi styrkur því aðeins greiddur, að notaðir séu hrútar, sem hlotið hafa viðurkenningu sauðfjárræktarráðunautar fyrir afkvæmi, eða eru fram úr skarandi einstaklingar af ræktuðum kynjum, enda hafi þeir fengið viðurkenningu sauðfjárræktarráðunautar til að vera notaðir á sæðingarstöð.

   Vinni sæðingarstöð jafnframt að sæðingu fleiri búfjártegunda, er ríkissjóði heimilt að greiða styrk til þess, sem ákveðinn skal af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

68. gr. hljóðar svo:

Þegar sjóður fóðurbirgðafélags er orðinn svo stór, að hann nemur kr. 800.00 á hvern félagsmann, þá er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 64. gr. að nokkru eða öllu leyti.

73. gr. hljóðar svo:

Búnaðarsamböndum er heimilt að ráða til sín búfjárræktarráðunaut, einnig nautgriparæktarsamböndum, ef hlutaðeigandi búnaðarsamband notar sér ekki heimild

þessa. Starfssvæði það, sem ráðunautnum er ætlað, skal vera nægilega stórt að dómi Búnaðarfélags Íslands. Sé starfssvið ráðunautar minna en meðalsýslufélag, lækkar framlag ríkisins í hlutfalli við það.

Ed. 371. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að verja fé til eflingar bindindisstarfsemi.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á fundum sínum og sent það til umsagnar Stórstúku Íslands, og fylgir svar hennar hér sem fylgiskjal. Algert samkomulag náðist ekki milli allra nefndarmanna. Brynjólfur Bjarnason mun hafa einhverja sérstöðu í málinu. Lárus Jóhannesson var fjarstaddur.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

1. gr. frv. hljóði þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja til bindindisstarfsemi í landinu fjárhæð, sem svarar þrem fjórðu hundraðshlutum af allt að 40 millj. kr. árlegum hreinum hagnaði áfengisverzlunar ríkisins og einum hundraðshluta af þeim hreina hagnaði, sem er yfir 40 milljónir króna á ári.

Alþingi, 20. febr. 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson, form.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.	Páll Zóphóníasson.

Fylgiskjal.

STÓRSTÚKA ÍSLANDS I.O.G.T.

Reykjavík, 19. nóv. 1947.

Út af bréfi háttvirtrar allsherjarnefndar efri deildar Alþingis, dags. 15. þ. m., þar sem óskað er umsagnar Stórstúku Íslands um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að verja fé til eflingar bindindisstarfsemi, skal eftirfarandi tekið fram:

Stórstúkan lýsir ánægju sinni yfir þeim skilningi, sem frumvarpið virðist bera vott um, að góðtemplarareglunni sé nú mikil nauðsyn á allmiklu fé til þess fyrst og fremst að geta eignazt hæfilegt húsnæði í höfuðborginni fyrir starfsemi reglunnar og að ríkinu beri skylda til að gera reglunni þetta fjárhagslega kleift.

Jafnframt vill stórstúkan taka fram, að eðlilegra hefði verið að í fyllra samræmi við óskir stórstúkunnar, að ríkið veitti góðtemplarareglunni fé til húsbygginga og annarra framkvæmda reglunnar beint úr ríkissjóði, án þess að slík fjárframlög væru háð sölu áfengisverzlunar ríkisins, eins og hún kann að verða á hverjum tíma.

En með því að sú leið hefur verið reynd án árangurs og frekari tilraunir virðast hæpnar, eins og sakir standa, en málið þolir hins vegar enga bið, treystir stórstúkan því, að frumvarpinu verði vel tekið af Alþingi, og mælir með samþykkt þess.

Virðingarfyllst.

Kristinn Stefánsson, stórtemplar.	Jóh. Ögm. Oddsson, stórritari.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Sþ. 372. Tillaga til þingsályktunar

um lækkun áhættuiðgjalda til Tryggingastofnunar ríkisins.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Jón Gíslason, Steingrímur Steinþórsson, Jörundur Brynjólfsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að breyta reglugerð frá 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld o. fl., samkvæmt 113. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar, þannig að iðgjöldin verði lækkuð um helming, og verði iðgjöld árið 1948 innheimt eftir hinum nýju ákvæðum.

Greinargerð.

Við nýafstaðnar umræður um fyrirspurn um upphæð áhættuiðgjalda og slysabóta hjá Tryggingastofnun ríkisins árið 1947, er 1. flm. þessarar tillögu bar fram í neðri deild Alþingis, skýrði hæstv. félagsmálaráðherra frá því, að samkvæmt bráðabirgðauppgjöri tryggingastofnunarinnar fyrir árið 1947 hefðu álögð áhættuiðgjöld, samkv. 113. gr. laga um almannatryggingar, numið nálægt 5 millj. kr. á því ári, en slysabætur um það bil 2 millj. kr. Má því gera ráð fyrir, að óráðstafað sé í vörzlum tryggingastofnunarinnar um það bil 3 millj. kr. af áhættuiðgjöldum, sem atvinnurekendur hafa borgað árið 1947. Auk þess voru innheimt áhættuiðgjöld árið 1946 rúml. 2 millj. kr. meiri en greiddar slysabætur á því ári.

Samkvæmt 113. gr. tryggingalaganna á að miða áhættuiðgjöldin við það, að þau hrökkvi fyrir þeim bótum og kostnaði, sem tryggingastofnuninni ber að greiða vegna slysa. Innheimt áhættuiðgjöld er því ekki heimilt að nota til þess að mæta öðrum gjöldum tryggingastofnunarinnar.

Þar sem komið hefur á daginn, eins og áður segir, að mikill afgangur hefur orðið af innheimtum áhættuiðgjöldum hjá tryggingastofnuninni næstliðin 2 ár, virðist sjálfsagt, að áhættuiðgjöldin verði nú lækkuð verulega og sú lækkun látin ná til iðgjalda, sem innheimt eru árið 1948. Er hér lagt til, að iðgjöldin verði lækkuð um helming, og virðist alls ekki óvarlega farið, þótt sú lækkun verði gerð. Síðastliðið ár hefðu iðgjöldin gert nokkru betur en að nægja til greiðslu á slysabótum, þótt þau hefðu verið helmingi lægri.

Nd. 373. Nefndarálit

um frv. til l. um bann gegn minkaeldi o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur á mörgum fundum athugað þetta frumvarp og sent það eftirtöldum aðilum til umsagnar: Loðdýraræktarfélagi Íslands, loðdýraræktarráðunaut, tilraunaráði búfjárræktar og Búnaðarfélagi Íslands. Þrír hinna fyrst töldu aðila mæltu gegn frumvarpinu, en meiri hluti stjórnar Búnaðarfélagsins mælti með, að frumvarpið yrði samþykkt.

Landbúnaðarnefnd er á sömu skoðun og flutningsmenn frv. um það, að villiminkur sé hinn mesti vágestur og geti valdið margháttuðu tjóni, þar sem hann nær að breiðast út. Þótt nefndin hins vegar telji sumar staðhæfingar í greinargerð fyrir frumvarpinu um tjón af völdum villiminka vera hæpnar, þá er þó hin mesta nauðsyn að hefja öfluga útrýmingarherferð alls staðar þar, sem þeirra verður vart. Nefndin telur því, að meginatriði þessa máls sé, að sett verði ákveðin fyrirmæli um útrýmingu villiminka og þeim fyrirmælum verði framfylgt, eftir því sem unnt er.

Sú tegund minka, sem í fyrstu var flutt til landsins, er nú hvergi til í haldi, þar sem nýjar og arðsamari tegundir hafa komið í hennar stað. Loðdýraræktarráðunauturinn telur, að um 600 villiminkar, sem veiddir hafa verið og rannsakaðir undanfarin ár, séu allir, ef til vill að einum undanskildum, af þeirri tegund minka, sem fyrst var flutt inn, en hinna síðar innfluttu tegunda hafi ekki orðið vart sem villiminka. Þessi athugun styrkir mjög þá skoðun, að hin síðustu ár hafi fáir eða engir minkar sloppið úr búrum, enda hefur mjög verið hert á öllum öryggisákvæðum varðandi útbúnað minkabúra.

Síðasta Alþingi samþykkti lög um breyting á lögum um loðdýrarækt. Þar er mjög hert á öllu eftirliti með loðdýrum í haldi og útbúnaði loðdýrabúra. Verði þeim fyrirmælum framfylgt eins og Alþingi ætlast til, má fullyrða, að mjög aukið öryggi fáist fyrir því, að minkar og önnur loðdýr sleppi ekki úr haldi. Reynsla um það liggur þó ekki enn fyrir.

Vegna þess, sem hér hefur verið fram tekið, getur landbúnaðarnefnd ekki fallizt á, að minkaeldi verði algerlega bannað. Nefndin væntir þess, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, nægi til þess að hindra, að slík mistök sem urðu í fyrstu um vörzlu minkanna endurtakist.

Breytingartillögur nefndarinnar stefna að því að gera þau ákvæði frumvarpsins, sem fjalla um útrýmingu villiminka, skýrari og ákveðnari. Er svo til ætlazt, að loðdýraræktarráðunauturinn hafi yfirstjórn útrýmingar villiminka með höndum fyrir hönd ráðuneytisins. Starfi hann að þessu með hreppsnefndum. Þá leggur nefndin til, að verðlaun fyrir veidda villiminka verði hækkuð í 60 krónur. Að öðru leyti er ákveðið, að í reglugerð verði sett nánari fyrirmæli um allt, er útrýmingu villiminka snertir.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. febr. 1948.

Steingr. Steinþórsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Jón Sigurðsson.
Ásg. Ásgeirsson. Sigurður Guðnason.

Nd. 374. Breytingartillögur

við frv. til l. um bann gegn minkaeldi o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðuneytið skal hafa umsjón og eftirlit með útrýmingu villiminka hvarvetna þar, sem þeirra verður vart.
   Ráðuneytið getur falið ríkisráðunaut í loðdýrarækt að hafa með höndum yfirstjórn útrýmingarinnar, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.
2. Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Hreppsnefndum skal skylt, hverri í sínu umdæmi, að sjá um útrýmingu villiminka. Þær skulu árlega hlutast til um, að gerðar séu skýrslur um útbreiðslu villiminka og helztu dvalarstaði. Skýrslur þessar skulu hið fyrsta sendar loðdýraræktarráðunaut ríkisins. Strax og villiminka hefur orðið vart í heimalöndum eða afréttum hreppsins, skal hreppsnefnd ráða einn eða fleiri menn til að útrýma þeim. Hreppsnefnd skal leita álits loðdýraræktarráðunautar um, hvernig útrýmingarstarfinu skuli hagað.

3. Við 2. gr. (verður 3. gr.). Greinin orðist svo:
   Ráðuneytið veitir verðlaun úr ríkissjóði fyrir dráp villiminka, 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er.
4. Við 3. gr. (verður 4. gr.). Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum loðdýraræktarráðunautar, um framkvæmd laga þessara, svo sem um, á hvern hátt villiminkum skuli útrýmt, hverra sannana beri að krefjast fyrir drápi þeirra, til þess að verðlaun skuli veitt, svo og um skyldur hreppsnefnda samkvæmt lögum þessum.
5. Á eftir 3. gr. frumvarpsins komi ný grein (verður 5. gr.), svo hljóðandi:
   Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem sett verða samkvæmt þeim, varða sektum, 200 til 5000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.
6. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um útrýmingu villiminka.

Nd. 375. Breytingartillaga

við frv. til l. um skráning skipa.

Frá Hallgrími Benediktssyni.

1. málsliður 2. málsgreinar 7. greinar frumvarpsins orðist þannig:
Nú vill eigandi skips tryggja sér, að önnur skip verði eigi samnefnd skipi hans, eða taka upp samnefni skipa sinna, t. d. sameiginlegar endingar í nöfnum, og skal hann þá senda beiðni um það til skipaskráningarskrifstofunnar, sem getur heimilað nafntökuna.

Sþ. 376. Framhaldsnefndarálit

um till. til þál. um endurskoðun gildandi laga um hlutafélög og laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð.

Frá allsherjarnefnd.

Eftir að nefndin hafði skilað áliti sínu, barst henni umsögn Háskóla Íslands, sem hér er birt sem fylgiskjal.

Alþingi, 23. febr. 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Ásg. Ásgeirsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Sigfús Sigurhjartarson.	Sigurður Bjarnason.
	Jón Gíslason.	

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 19. desember 1947.

Í tilefni af bréfi heiðraðrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 21. nóv. 1947, þar sem óskað er umsagnar lagadeildar um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun gildandi laga um hlutafélög og laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, vill deildin taka þetta fram.

Núgildandi lög um hlutafélög, nr. 77 25. júní 1921, mega teljast að vera mjög ófullkomin og ófullnægjandi og voru enda á eftir sínum tíma, er þau voru sett

fyrir 26 árum síðan. Deildin lítur svo á, að mjög æskilegt sé, að gagnger endurskoðun á þeim fari fram sem fyrst. Um lögin um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42 13. nóv. 1903, er hins vegar það að segja, að til þeirra var í upphafi mjög vel vandað, og verður að telja þau enn fullnægjandi að mestu leyti. Þó mundi e. t. v. vera æskilegt að gera nokkrar minni háttar breytingar á þeim og þá einkum að reyna að tryggja það, að þeim verði betur fylgt í framkvæmd eftirleiðis en hingað til, en þess hefur allmikið gætt, að þeim hafi slælega verið fylgt. Samkvæmt þessu mælir deildin eindregið með því, að umrædd tillaga til þingsályktunar nái fram að ganga.

Ólafur Lárusson,
rektor.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Nd. 377. Lög

um ákvörðun fésekta.

(Afgreidd frá Nd. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 314.

Nd. 378. Nefndarálit

um frv. til l. um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft málið til athugunar alllengi og m. a. rætt það við biskupinn. Mælir nefndin með því, að frv. nái fram að ganga með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, kr. 3.00—6.00 á ári eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.
2. Við 2. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Sjóði þessum skal verja til eflingar og styrktar kirkju og kristindómi landsins samkvæmt reglugerð, er kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups.
3. Við 4. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Nú hrökkva eigi tekjur kirkju fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar, og er henni þá heimilt, að fengnu leyfi safnaðarfundar, að jafna því, sem á vantar, niður á safnaðarmenn í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum. Lægra gjaldi en einni krónu skal þó sleppt.
4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 23. febr. 1948.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.	Sigurður Bjarnason, fundaskr.	Sigfús Sigurhjartarson, með fyrirvara.
Gunnar Thoroddsen.	Barði Guðmundsson.	

Nd. 379. Nefndarálit

um frv. til l. um eignarnám á ræktuðum og óræktuðum byggingarlóðum á Sauðárkróki sunnan Sauðár.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er fylgjandi því, að eignarnámsheimild sú, sem í því felst, nái fram að ganga. Upplýst er af flutningsmönnum frv., að samkomulag sé um þessa málsmeðferð með þeim aðilum, sem hlut eiga að máli.

Innan nefndarinnar hefur hins vegar verið rætt sérstaklega, að ástæða væri til að setja bein ákvæði um það í sjálfa löggjöfina, þegar bæjarstjórn leigir slíkar lóðir, er að því miði að tiltaka leiguskilmálana, þar á meðal að lóðaleigan skuli endurmetin á tilteknum fresti með það fyrir augum, að fram komi í leigunni verðlagsbreytingar og verðhækkun lóða, einkum þegar verðhækkun leiðir af aðgerðum sjálfs bæjarfélagsins eða opinberra aðila.

Bezt fer á því, að um þetta gildi almenn ákvæði í löggjöfinni, og er því ekki lagt til að setja slík ákvæði inn í þetta sérstaka frumvarp. En fyrir þinginu liggur einmitt frumvarp til laga um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum. Fjallar fimmti kafli þess um byggingarlóðir, not þeirra og leigu, og sýnist þá eðlilegast, að framangreind sjónarmið komi til álita við afgreiðslu þess máls.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. febr. 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Jóhann Hafstein, frsm.	Hallgr. Benediktsson, fundaskr.
Einar Olgeirsson.	Skúli Guðmundsson.	

Nd. 380. Frumvarp til laga

um skráning skipa.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Eigi má skip skrá á landi hér og óheimilt er skipi að hafa íslenzkan fána, nema fullnægt sé skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann eiga ríkisfang á Íslandi og hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti samfleytt síðasta árið, eða hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign félags, þar sem félagi hver ber fulla ábyrgð á skuldum þess, þá skulu ⅔ félaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
3. Ef skip er eign félags, þar sem sumir félagar bera fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing hér á landi, enda eigi hver af stjórnendum félagsins hluti í félaginu og fullnægi einnig skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
4. Ef skip er eign félags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal félag eða stofnun eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi, enda fullnægi stjórnendur skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang, og ef félag er, þá skulu þeir einnig eiga hver hlut í því.

2. gr.

Bannað er íslenzkum skipum að hafa annan fána en þjóðfána Íslands, svo sem hann er ákveðinn í lögum nr. 34 17. júní 1944.

3. gr.

Skráningarskyld samkvæmt lögum þessum eru öll skip 6 metrar á lengd eða stærri.

Skip merkir hvert það far eða fleytu, sem skylt er að skrásetja.

Fiskiskip merkir hvert það skip, sem er skylt að hafa fiskiveiðaskírteini.

Farþegaskip eru öll skip, sem hafa leyfi til að flytja fleiri farþega en 12.

Vöruflutningaskip eru öll skip, sem gerð eru út í þeim tilgangi að annast flutninga á vörum.

Önnur skip eru öll skip, sem hvorki teljast farþega-, vöruflutninga- né fiskiskip.

4. gr.

Ráðuneytið hefur yfirumsjón með mælingu skipa og skráningu.

Sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist „Skipaskráningarstofa ríkisins" framkvæmir öll þau daglegu störf, sem lúta að endurskoðun, mælingu skipa og skráningu þeirra.

Skipaskoðunarstjóra, sem jafnframt er skipaskráningarstjóri, skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

5. gr.

Lögsagnarumdæmi hvert er skipaskráningarumdæmi, en lögreglustjórar hafa skráningu skipa á hendi. Skipaskráningarstofan löggildir skipaskrár fyrir hvert skipaskráningarumdæmi, en fiskiskipaskráin má vera lausblaðabók.

Skipaskrár skulu vera þrjár:

1. Skrá yfir öll farþega-, vöruflutninga- og fiskiskip með þilfari, 30 rúmlesta og stærri.
2. Skrá yfir öll fiskiskip án tillits til stærðar, eða hvort þau eru með þilfari eða ekki.
3. Skrá yfir öll önnur skip.

Skipaskráningarstofan skal halda aðalskipaskrá ásamt efnisskrá yfir öll skip, sem skráð eru hér á landi.

Ekkert skip má stunda fiskiveiðar, nema það hafi verið skráð á fiskiskipaskrá og fengið fiskiveiðaskírteini.

Ef skip, sem skráð hefur verið sem fiskiskip og stundað hefur fiskveiðar og er meira en 350 smálestir, hættir veiðum eða flutningum með ísvarinn fisk og er jafnframt tekið til annarra afnota, skal afhenda fiskveiðaskírteinið til skráningarstjóra í því umdæmi, sem skipið á heima í, og skal þá þegar afmá umdæmisbókstafi og tölur af því. Þetta gildir þó ekki um skip, sem smíðuð hafa verið sem fiskiskip eða síðar breytt í fiskiskip, þótt þau séu yfir 350 smálestir. Sé ágreiningur um flokkun skipanna, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skráningarstjóra.

Hefji skipið fiskveiðar eða flutninga á ísvörðum fiski á ný, skal afhenda því fiskveiðaskírteinið og mála á það umdæmisbókstafi og tölur.

6. gr.

Umdæmisskrár skulu greina um hvert skip sér:

1. Einkennisbókstafi skips, nafn þess, heimilisfang og smíðastöð.
2. Hvers konar skip það sé, lögun þess og aðalmál (lengd, breidd og dýpt).
3. Rúmlestatölu skips og með hvaða aðferð hún sé reiknuð.

4. Nafn, stöðu og heimildarbréf eiganda þess. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er eign hlutafélags eða stofnunar, þá skal bóka nafn þess eða hennar og heimilisfang stjórnenda og nafn útgerðarstjóra.
5. Skrásetningardag og ár.

7. gr.

Lögreglustjóri skráir hvert skip í sína skrá. Skip yfir 30 rúmlestir skal skrá í því lögsagnarumdæmi, er eigandi vill hafa heimilisfang þess, en smærri skip þar, er eigandi á heima. Nú eru þeir fleiri en einn (2. og 3. tölul. 1. gr.) og eiga ekki allir heima í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá skrá skip á heimilisfangi þess, er þeir kjósa til þess.

Nú vill eigandi skips tryggja sér, að önnur skip verði eigi samnefnd skipi hans, eða taka upp samnefni skipa sinna, t. d. sameiginlegar endingar í nöfnum, og skal hann þá senda beiðni um það til skipaskráningarskrifstofunnar, sem getur heimilað nafntökuna. Sama er um einkarétt skipseiganda til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefur verið veittur á samkvæmt framansögðu, eða nöfn svo lík þeim nöfnum og einkennum, að villum geti valdið. Þó mega haldast óbreytt nöfn skipa, sem skrásett hafa verið fyrir gildistöku þessara laga. Einkaréttur til skipsheitis fellur úr gildi fimm árum eftir, að skip hefur fallið út af skipaskrá, ef eigandi heitisins ekki hefur endurnýjað það á öðru skipi. Skipaskráningarstofan heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefur verið veittur á, og birtir í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum samkvæmt 25. gr.

8. gr.

Nú vill aðili láta skrá skip sitt, og skal hann þá senda lögreglustjóra, þar sem skipi er ætlað heimilisfang, skriflega beiðni um það. Ef skip er þar ekki, þá skal senda beiðni til lögreglustjóra þar, sem skipið er.

Þessi skilríki skulu fylgja skráningarbeiðni:

1. Skipasmíðaskírteini, ásamt heimildarbréfi eiganda eða eigenda, ef eigendaskipti hafa orðið að skipi, síðan það var smíðað. Vera skulu skjöl þess í frumriti og eftirriti, og skal geyma eftirrit í skjalasafni lögreglustjóra.
2. Skýrsla aðila um önnur þau atriði, er með þarf, svo að skip megi skrásetja (sbr. 6. gr.).
3. Yfirlýsing eiganda eða eigenda (2. og 3. tölul. 1. gr.), að viðlögðum drengskap, um það, að hann eða þeir sé í raun réttri eigandi eða eigendur skipsins, en ekki aðeins í orði kveðnu, og ef eigandi er félag eða stofnun (4. tölul. 1. gr.), þá skal fylgja sams konar yfirlýsing allra stjórnenda um það, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er í 4. tölulið 1. gr. segir. Enn fremur skal fylgja drengskaparheit um það, að þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins eða mælingarbréf skuli ekki verða notað til þess að útvega öðru skipi réttindi skipa, skrásettra hér á landi, né sama skipi, ef það kemst í eign þess eða þeirra, sem ekki mega láta skrá skip sín hér. Yfirlýsingar þessar skal annaðhvort undirrita í viðurvist lögreglustjóra þess, er skráningu annast, eða notari publici.

Ráðuneytinu eða skráningarstofunni í umboði þess er heimilt að undanþiggja menn framlagningu þeirra skírteina, er hér segir, ef öflun þeirra er sérstökum örðugleikum bundin, enda sé réttur aðila til að láta skrá skip sitt vafalaus og nauðsynlegar upplýsingar, til þess að skráning megi fara fram með öðrum hætti, fengnar.

Nú þykir lögreglustjóra grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá hér skip sitt, eða hann eigi í raun réttri ekki

skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber lögreglustjóra þá að láta fram fara rannsókn að hætti opinberra mála um öll þau atriði, er máli kunna að skipta.

9. gr.

Nú telur lögreglustjóri eftir atvikum, að undangenginni rannsókn samkv. 8. gr., aðila tvímælalaust fullnægja öllum lögmæltum skilyrðum, og skal hann þá skrásetja skipið. Annars kostar sendir lögreglustjóri skráningarstofunni skjöl þau, er í 8. gr. segir, ásamt rannsókn sinni og greinargerð um málið. Skráningarstofan skal þá gera tillögur um málið og senda þær síðan ráðuneytinu ásamt rannsókn lögreglustjóra, greinargerð og öðrum skjölum. Leggur síðan ráðuneytið fyrir lögreglustjóra að skrá skipið, rannsaka málið betur eða neita skilmálalaust um skráningu. Nú býður ráðuneytið rækilegri rannsókn, og skal lögreglustjóri þá senda skráningarstofunni skjölin að nýju, þegar rannsókn er lokið, enda skal þá svo með fara sem fyrr segir.

10. gr.

Nú skrásetur lögreglustjóri skip, og skal hann þá jafnskjótt senda skráningarstofunni öll þau skilríki, sem honum hafa í hendur komið samkvæmt 8. og 9. gr., mælingu skips og aðra fræðslu um það, er hann má í té láta og máli skiptir. Skal skráningarstofan athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þörf þykir, getur skráningarstofan látið nýja mælingu fara fram. Skráningarstofan getur og krafizt nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Ef skráningarstofan telur skip ranglega skráð, þá tilkynnir hún það ráðuneytinu skriflega, sem þá getur fyrirskipað rannsókn samkvæmt 8. gr. Að því búnu sker ráðuneytið úr því, svo sem í 9. gr. er mælt, hvort skráning skuli standa eða skip aftur strikað af skrá.

11. gr.

Nú vill aðili ekki una við úrskurð ráðuneytisins samkvæmt 9. og 10. gr., og getur hann þá lagt málið undir úrlausn dómstólanna. Fer það mál að hætti opinberra lögreglumála, bæði í héraði og í æðra dómi, en leysa skal með dómi úr því, hvort skrá skuli skip aðila eða ekki.

12. gr.

Nú telur skipaskráningarstofan skip réttilega skráð, og tekur hún þá skipið á aðalskipaskrá. Ef skip er yfir 30 rúmlestir brúttó, gefur skipaskráningarstjóri út þjóðernis- og skráningarskírteini handa skipinu, en mælingarbréf fyrir minni skip. Fari skip, sem er minna en 30 rúmlestir brúttó, milli Íslands og annarra landa, skal þjóðernis- og skráningarskírteini gefið út handa því.

Rita skal mælingarskírteini skips og allt það, er greina skal í skipaskrá samkv. 6. gr., á þjóðerniskírteini. Skírteini skal síðan, ásamt fylgiskjölum, þegar senda lögreglustjóra, og bókar hann það, er með þarf, í skipaskrá, leiðréttir rúmlestatal skips, ef þess gerist þörf, og ritar nafn skipstjóra, ásamt greinargerð um heimild hans til þeirrar atvinnu, á þjóðerniskírteini og fær aðila það síðan í hendur.

Nú er skip, þegar á að skrá það, ekki í umdæmi, þar sem því er ætlað heimilisfang (sbr. 1. málsgr. 8. gr.), og skal þá lögreglustjóri, er látið hefur af hendi þjóðernis- og skráningarskírteini eða mælingarbréf, senda skjöl þau öll, er skráningu skipsins varða, til lögreglustjóra á heimilisfangi þess, og skal hann síðan skrásetja skipið.

13. gr.

Á hvert skrásett skip skal marka nettó-rúmlestatal þess og einkennisstafi þess á þiljubitann við aðallestaropið að aftan, ef það má verða, en ella annars staðar, þar sem því verður við komið og vel fer á því. Þegar merki þessi eru orðin ólæsileg eða með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkennt skrásett íslenzkt skip.

Stöfum þeim, er skip fær á aðalskrá, má ekki breyta, meðan skráning stendur óhögguð. Eru þeir einkennisstafir skips, enda skal marka þá á það.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip, þar sem vel ber á því, með greinilegu, latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit, eða dökku letri með ljósleitum undirlit. Ef nafn skips er tvö orð eða fleiri, þá skal ávallt vera að minnsta kosti eins bókstafs bil milli orðanna.

Ef skip siglir til annarra landa, þá skal setja nafn þess þar að auki með sama hætti á báðar skipshliðar, enda skal, svo fljótt sem unnt er, marka bæði að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir, öðrum megin í desimetrum, en hinum megin í enskum fetum.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott, nema það sé gert til að forða því undan hættu í ófriði. Ekki má heldur nefna skip öðru nafni en það er skráð undir. Og eigi má breyta nafni á skrásettu skipi, nema eigendaskipti verði eða leyfi ráðherra komi til, enda samþykki skráningarstofan breytinguna og óbreyttir haldist einkennisstafir skipsins.

14. gr.

Nú er skip byggt erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyrr en það er komið í íslenzkt skráningarumdæmi.

Þó skal fulltrúum Íslands erlendis skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 8. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur í fyrsta sinn í íslenzka höfn, enda sé skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki skipaskráningarstjóra komi til.

Nú þykir fulltrúa Íslands grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi í raun réttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, þar til ráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefur skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem fulltrúi Íslands erlendis gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann skráningarstofunni eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar beiðist, á að afhenda honum samkv. 8. gr. Skráningarstofunni ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgðaþjóðernisskírteininu, ef það reynist vera ólöglega út gefið.

Í þjóðernisskírteini eða mælingarbréfi til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hvers konar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé byggt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbréfi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögun þess og lýsingu.
5. Hversu lengi skírteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rétt að krefjast þess af næsta fulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skráningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenzka höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur slíkt skírteini ekki lengur gilt en tvö ár, nema sérstakt samþykki skipaskráningarstofunnar komi til.

15. gr.

Þjóðernis- og skráningarskírteini eða mælingarbréf skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það við tollgreiðslu skips samkvæmt kröfu yfirvalda og fyrirliða land-

varnarskipa eða fulltrúa Íslands erlendis. Bannað er að rita nokkuð á skírteini eða breyta nokkru í því, nema skipaskráningarstofan eða lögreglustjóri, þar sem skip er skrásett, geri það, eða fulltrúi landsins erlendis.

16. gr.

Nýtt þjóðernisskírteini eða mælingarbréf skal gefa út í stað eldra, ef þess er krafizt, enda sé þá eldra skírteini skilað um leið:

1. Ef nafni skips er breytt.
2. Ef fulltrúi Íslands erlendis hefur gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða. Rannsaka skal þá eftir þörfum öll atriði, er skráningu varða, svo sem í 8. sbr. 9. gr. segir.
3. Ef þjóðernisskírteini eða mælingarbréf glatast. Nú glatast skírteini erlendis, og gefur þá fulltrúi Íslands þar út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (sbr. 14. gr.), og skal þar frá því skýrt, hvers vegna skírteinið sé út gefið. Skal sá, er biður um skírteinið, gefa skýrslu um það, hvernig það hefur glatazt.
4. Ef skrásettu skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskírteini eða mælingarbréfi þess stendur um það, hvers konar skip það sé, rúmlestatal þess eða lýsing að öðru stendur ekki heima, þá skal skrá skip að nýju, nema hagkvæmara þyki að skrá breytingarnar á skírteinið. Ef breyting er skráð á skírteini, sendir lögreglustjóri skráningarstofunni þegar skýrslu um það.
5. Ef aðili fer annars fram á að fá nýtt skírteini.
6. Ef skrásett skip tekur heimilisfang í öðru skráningarumdæmi, sbr. 7. gr. Aðili skýrir þá lögreglustjóra, þar sem skip var skráð, frá ósk sinni um flutninginn, en hann sendir lögreglustjóra á hinu nýja heimili skipsins skjölin, og verður skipið skrásett að nýju.

17. gr.

Ef eigendaskipti verða að skipi eða skipshluta, enda glati skip ekki fyrir það rétti til að sigla undir íslenzkum fána, eða skipstjóraskipti verða, eða ef breyting verður á einhverjum þeirra atriða, sem skrásett eru samkvæmt 6. gr., þá ber eiganda eða eigendum, og ef eigendaskipti hafa orðið, bæði fyrrverandi og núverandi eiganda, að skýra lögreglustjóra, þar sem skip er skráð, frá því þá þegar, ásamt sönnunum fyrir heimild sinni og þeim öðrum skilríkjum, sem nauðsyn er á, svo að skráin verði leiðrétt samkvæmt því.

Svo skal skrá breytingar á þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins eða mælingarbréfið, nema út verði gefið nýtt skírteini.

Nú verða slíkar breytingar, sem hér segir, erlendis, og skal þá næsti fulltrúi landsins rita þær á skírteinið og senda skráningarstofunni þegar skýrslu um þær.

Rétt er, að rannsókn samkvæmt 8. sbr. 9. gr. fari fram um öll þau atriði, er eigendaskipti eftir þessari grein varða.

18. gr.

Strika skal skip af skrá og skila skal lögreglustjóra þegar þjóðernisskírteini skips, ef þess er kostur, ásamt skriflegri skýrslu um atburði:

1. Ef skip ferst, er höggið upp eða ónýtt með öðrum hætti. Nú fer svo um skip erlendis, og skal þá skila fulltrúa Íslands þar þjóðernisskírteini þess eða mælingarbréfi, en hann sendir það síðan skráningarstofunni ásamt skýrslu um atburði.
2. Ef skip eða skipshluti verður eign manns, félags eða stofnunar og fyrirgerir þess vegna rétti til að nota íslenzkan fána. Er þá eiganda eða eigendum skylt, að sama hætti sem í 17. gr. segir, að skýra lögreglustjóra strax frá breytingunni. Ef eigendaskipti verða erlendis, ber skipstjóra eða eiganda að skýra næsta fulltrúa Íslands frá þeim og skila honum skírteininu og öðrum skjölum skipsins, enda skal hann senda skráningarstofunni þau svo fljótt sem þess er

kostur. Þar, sem enginn fulltrúi er fyrir hönd Íslands, skal skipstjóri eða eigandi skips útvega vottorð embættismanns, sem þar er lögildur til þess að láta slík vottorð af hendi um breytinguna, og sendi skjölin síðan skráningarstofunni. Nú verða eigendaskipti að skipi eða skipshluta vegna skipta á búi eða uppboðssölu, og skal þá skiptaráðandi eða uppboðshaldari, og ef breytingin varð erlendis, fulltrúi landsins þar, gera það, sem með þarf.

3. Ef skip er dæmt óbætandi erlendis, þá skal enn svo með fara sem áður er sagt.

Nú er þjóðernisskírteini ekki skilað og skip er enn til, og skal þá ógilda skírteini með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

19. gr.

Lögreglustjóri skýrir skráningarstofunni jafnskjótt sem unnt er frá hverri breytingu, sem í 17. og 18. gr. segir.

Nú verður ágreiningur um rétt aðila til að hafa skip áfram skráð á Íslandi, eða grunur kemur um það, að réttur sé glataður eða hafi aldrei verið til nema í orði kveðnu, og skal þá lögreglustjóri skýra skráningarstofunni frá því svo fljótt sem auðið er, enda fer um rannsókn þessa máls og úrskurð eins og í 8., 9. og 11. gr. segir.

20. gr.

Ef eigandi æskir þess og sérstök ástæða er til þess, þá getur skipaskráningarstjóri veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til þess að fara hér hafna á milli, áður en það sé skrásett, enda hefur slíkt leiðarbréf sama gildi hér við land sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

Enn fremur er skipaskráningarstjóra heimilt að veita skipi, ef nauðsyn ber til, að það fari þegar til útlanda, þjóðernisskírteini til bráðabirgða til siglinga þangað, enda hafi skrásetningarstofan fengið í hendur skráningarskjöl skips, en þó brestur eitthvað á til þess, að skráning megi þegar fram fara. Í bráðabirgðaskírteini skal greina öll þau atriði, sem í 14. gr. 1.—5. tölul. getur. Bráðabirgðaskírteinið gildir ekki lengur en í 2 ár, en þó getur skipaskráningarstjóri lengt frestinn, ef sérstakar ástæður hamla skráningu skipsins. Um leið og skip fær bráðabirgðaskírteini, skal marka á það rúmlestatal og einkennisstafi eftir 13. gr.

21. gr.

Skylt er lögreglustjóra að láta í té ágrip úr skipaskrá, gegn kr. 40.00 gjaldi fyrir hvert skip. Skipaskráningarstofan lætur í té gegn sama gjaldi staðfest eftirrit af þjóðernis- og skráningarskírteinum svo og mælingarbréfum. Greina skal á eftirrit, hvers vegna það er af hendi látið.

Eftirtalin gjöld skal greiða í ríkissjóð:

1. Fyrir einkaleyfi á skipsnafni, sbr. 2. mgr. 7. gr. kr. 1000.00.
2. Fyrir nafnbreytingu á skipi, sem minna er en 30 rúmlestir, kr. 100.00, en sé það 30 rúml. eða stærra kr. 300.00.
3. Fyrir útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteinis kr. 60.00, fyrir útgáfu mælingarbréfs kr. 40.00, nema mælingarbréfið sé fyrir opinn bát, þá skal greiða kr. 10.00.
4. Fyrir áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini og mælingarbréf kr. 30.00, nema um opna báta sé að ræða, þá greiðist ekkert gjald.

Ráðuneytið ákveður með reglugerð gjald fyrir mælingu skipa.

22. gr.

Það varðar sektum, 500—1000 kr. á hverja brúttó-rúmlest skips:

1. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, útvegar skráningu á skipi eða þjóðernis- og skráningarskírteini með vísvitandi röngum skýrslum, enda þótt hann bresti skilyrði 1. gr. laga þessara til þess að láta skrá skipið hér.

2. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, leynir eða vanrækir að skýra frá breytingum þeim á högum sínum eða sameigenda sinna, er varða missi þeirra skilyrða, er í 1. gr. segir.
3. Ef aðili, sem fengið hefur skip skráð með þeim hætti, sem í 1. tölul. segir, áður en lög þessi öðlast gildi, heldur áfram að hafa það á skrá hér, eftir að lögin eru komin til framkvæmdar.

Nú hefur aðili, eða umboðsmaður hans, framið annað refsivert athæfi til þess að koma fram brotum þeim, er í 1.—3. tölul. greinar þessarar segir, svo sem skjalafals, og skal hann þá jafnframt sæta lögmæltri refsingu fyrir það athæfi.

23. gr.

Það varðar 200—500 kr. sektum á hverja brúttórúmlest skips, ef aðili, eða umboðsmaður hans, fremur nokkuð það, er miðar til að koma í framkvæmd þeim verknaði, er í 1. tölul. 22. gr. segir, enda þótt það mistakist.

Ákvæði síðustu málsgr. 22. gr. eiga hér við.

24. gr.

Skip, ásamt veiðarfærum og afla, ef því er að skipta, er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 22. og 23. gr., enda má kyrrsetja veðið og selja síðan, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

25. gr.

Ef aðili útvegar sér eða lætur útvega sér ranglega skráningu á skipi sínu, þjóðernis- og skráningarskírteini eða leiðarbréf (20. gr.), vanrækir skyldur sínar samkvæmt 2., 13., 14., 15., 17. eða 18. gr. laga þessara eða brýtur þær með öðrum hætti, eða brýtur fyrirmæli í reglugerð, er stjórnarvörld setja samkvæmt lögum þessum, þá varðar það sektum, allt að 10000 kr., enda liggi ekki þyngri refsingar við samkvæmt öðrum lögum.

26. gr.

Taka má sektir eftir lögum þessum fjárnámi í búi hinna seku, enda ábyrgist eigandi skips eða eigendur, ef fleiri eiga skip en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla greiðslu sekta. Sama er um stjórnendur félaga og stofnana.

27. gr.

Ráðuneytið setur reglur um framkvæmd laga þessara, að því leyti, sem þess verður þörf, og innan þeirra takmarka, sem í þeim eru sett.

28. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og reglum þeim, er í 27. gr. segir, skulu renna í ríkissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 37 1930, um skráning skipa, og enn fremur lög nr. 26 1937, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 39 1941, um breyting á sömu lögum.

Ed. 381. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og sent það til umsagnar til stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og er svar stjórnarinnar birt hér með sem fylgiskjal.

Nefndin lítur svo á, að það sé eðlilegast, að lögin um vátryggingar fyrir fiskiskip séu látin ná til allra fiskiskipa á landinu innan þeirra takmarka, sem ákveðin eru í sjálfum lögunum, enda hefur verið til þess ætlazt, þar sem undanþágan fyrir Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja er tímabundin með bráðabirgðaákvæði í lögunum, en ekki ákveðin þar sem framtíðarfyrirkomulag, eins og nú er ætlazt til, að gert verði. Eftir því, sem nefndin hefur fengið upplýst, munu tryggingargjöld í Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja vera mun lægri en hjá öðrum bátaábyrgðarfélögum, þar með og talin endurtryggingariðgjöld, og mun þetta stafa aðallega af því, að matið á skipunum til vátryggingar er ekki að öllu leyti sambærilegt né heldur bótaskyldurnar. Þá hefur nefndinni og verið tjáð, að skipaeigendur hafi ekki átt takmarkalausan aðgang með skip sín að tryggingunni og m. a. af þeim ástæðum orðið að tryggja beint hjá Samábyrgðinni, hafi þetta þó einkum átt sér stað um hin stærri skip. Nefndin telur því rétt og skylt, að enn sé um skeið unnið að því að sameina hagsmuni þessara aðila allra, þannig að þeir geti framvegis unnið saman sem ein heild, eins og til er ætlazt með gildandi löggjöf. En með því að ekki þykir líklegt, að unnt sé að skipa þessum málum þannig á þeim skamma tíma, sem undanþágan gildir, þ. e. á þessu ári, þykir nefndinni rétt, að undanþágan sé framlengd enn um skeið, til þess að reynt verði til fulls, hvort ekki sé unnt að finna viðunandi lausn á málinu eigi síðar en á næsta ári.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað orðanna „til ársloka 1948“ í bráðabirgðaákvæði komi: til ársloka 1949.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður (greinatalan breytist í samræmi við það).

Alþingi, 24. febr. 1948.

Gísli Jónsson, form., frsm. B. Kristjánsson, fundaskr. Sigurjón Á. Ólafsson.
Pétur Magnússon. Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

SAMÁBYRGÐ ÍSLANDS Á FISKISKIPUM

Reykjavík, 12. febrúar 1948.

Út af bréfi yðar, dags. 6. þ. m., varðandi frumvarp til laga um breyt. á lögum nr. 61 31. maí 1947 samþykkti stjórn Samábyrgðarinnar á fundi sínum í gær eftirfarandi:

„Stjórn Samábyrgðarinnar sér ekki, að rök hafi verið færð fyrir því, að þetta félag hafi sérstöðu til að vera undanþegið ákvæðum laganna um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip. Vilji Alþingi hins vegar veita félaginu undanþágu frá ákvæðum laganna, telur stjórn Samábyrgðarinnar eðlilegast, að Samábyrgðinni verði veitt heimild í lögum til að veita þessu bátaábyrgðarfélagi téða undanþágu til 2—3 ára í senn.“

Virðingarfyllst

Sigurður Kristjánsson.

Sjávarútvegsnefnd Ed. Alþingis, Alþingishúsið.

Ed. 382. Frumvarp til laga

um einkaleyfi fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyja til skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja, fyrir hönd hafnarsjóðs, er heimilt að taka í sínar hendur alla skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum, og er þá engum öðrum heimilt að annast þau störf.

2. gr.

Nú hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja notfært sér heimild 1. gr., og skulu þá uppskipunar- og framskipunargjöld ákveðin með sérstakri gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og getur þá bæjarstjórn Vestmannaeyja með þriggja mánaða fyrirvara, hvenær sem er, tekið alla skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum í sínar hendur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyja, og lét hún fylgja því eftirfarandi greinargerð:

Því mun svo varið með Vestmannaeyjar, sem og aðra bæi á landinu, að lítið er um tekjustofna til þess að standa straum af nauðsynlegum framkvæmdum, og er frumvarp þetta flutt í því augnamiði að skapa Vestmannaeyjahöfn aðstöðu til tekjuöflunar eftir nýrri leið. Má í því sambandi benda á, að Vestmannaeyjahöfn hefur alltaf of litlar tekjur, miðað við þarfir, enda er höfnin mjög fjárfrek, að því er viðhald og framkvæmdir snertir. Til þess hins vegar að fyrirbyggja misnotkun þeirra réttinda, sem hafnarsjóður fengi með samþykkt frumvarpsins, er ákvæðið um, að staðfestingar stjórnarráðsins þurfi með varðandi afgreiðslutaxta.

Skipaafgreiðsla í Vestmannaeyjum er nú í höndum einstakra manna eða fyrirtækja, sem að öðru leyti hafa með höndum víðtækan atvinnurekstur annan, en hins vegar eðlilegt, að hafnarsjóður hafi þær tekjur, sem fengizt geta af afgreiðslu skipa við höfnina, sem byggð er og haldið við af bæ og ríki.

Fylgiskjal.

Útskrift úr gerðabók bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Árið 1945, þriðjudaginn 29. maí, var haldinn almennur fundur í bæjarstjórn Vestmannaeyja í samkomuhúsi Ve. hér í bænum, og hófst hann kl. 2 e. h.

Til fundarins hafði verið boðað með uppfestum auglýsingum og með því að senda fulltrúum dagskrár.

Mættir voru: Sveinn Guðmundsson, Einar Sigurðsson, Guðlaugur Hansson, Páll Þorbjörnsson, Ársæll Sveinsson, Ástþór Matthíasson, Sighvatur Bjarnason, Guðlaugur Gíslason, Árni Guðmundsson.

Fyrir var tekið:

.....

3. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 11. maí s. l.

4. liður. Í sambandi við þennan lið kom fram svo hljóðandi tillaga frá Árna Guðmundssyni:

„Í áframhaldi af ákvörðun hafnarnefndar þess efnis, að hafnarsjóður annist lóðsflutninga á eigin bát, samþykkir bæjarstjórn að leita heimildar til, að hafnarsjóður fái að taka í sínar hendur alla skipaafgreiðslu við höfnina."

Samþykkt með 5 atkv. gegn 2.

.....

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Sveinn Guðmundsson. Árni Guðmundsson. Einar Sigurðsson. Ársæll Sveinsson. Ásþór Matthíasson. Guðlaugur Hansson. Guðlaugur Gíslason. Sighvatur Bjarnason.

Rétta útskrift staðfestir:

Ó. Á. Kristjánsson.

Sþ. 383. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun erfðalaganna.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frv. til laga um erfðir, sem meira er sniðið eftir þeim aldarhætti, er nú ríkir, en gildandi lög, og leggja það fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Það leikur varla á tveim tungum, að lög þau, er nú gilda um erfðir, aðallega tilskipun frá 25. sept. 1850, séu orðin mjög úrelt, t. d. hversu erfðarétturinn nær langt fram til fjarskyldra ættingja. Þar sem framfærsluskylda ættingja er nær horfin, virðist sjálfsagt að takmarka líka erfðarétt fjarskyldra ættingja hins látna, og hið lengsta, sem ég gæti hugsað mér, að teygja mætti erfðaréttinn, er, að afkomendur afa og ömmu arfleiðanda tækju arf eftir hann, og eru þeir þó ekki taldir nánir ættingjar, t. d. þegar arftaki er fjórði maður frá afa arfleiðanda, eins og oft á sér stað.

Þá eru ákvæðin um arfleiðsluskrá á margan hátt úrelt ásamt fleira í téðri tilskipan og ákvæðum um erfðir í 5. bók norsku laga Kristjáns V.

Fyrir fimm árum kom fram á Alþingi frv. um breyting á erfðalögunum, og var það afgreitt með rökstuddri dagskrá þess efnis, að stjórnin léti fram fara gagngera endurskoðun á erfðalöggjöfinni. Síðan hafa orðið tvenn stjórnaskipti, en ekkert hreyft við löggjöf þessari. Þykir því sýnt, að ekki verði hafizt handa um mál þetta að svo komnu, ef hæstvirt ríkisstjórn er ekki á það minnt.

Nd. 384. Lög

um smíði á tveggja þilfara togara í tilraunaskyni.

(Afgreidd frá Nd. 24. febr.)

Samhljóða þskj. 201.

Sþ. 385. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um tilkostnað og reikningsskil við byggingu síldarverksmiðja á Skagaströnd og Siglufirði.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve mikill er stofnkostnaður síldarverksmiðjunnar á Skagaströnd?
2. Hve mikill er stofnkostnaður yngstu síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði?
3. Hve mikill var byggingarkostnaður tveggja síðast reistu lýsisgeyma ríkisins á Siglufirði, og hve miklu hefur nú þegar verið varið til viðgerðar á þeim?
4. Hver var byggingarkostnaður mjölhúss ríkissjóðs, sem hrundi á Siglufirði? Hve miklu fé hefur nú þegar verið varið til viðgerðar, og hve miklu fé mun enn þurfa að verja til umbóta mjölhúsi þessu, þar til það verður fyllilega nothæft?

Óskað er eftir, að lögð verði fram nákvæm, sundurliðuð skýrsla um allar greiðslur ríkissjóðs til þessara framkvæmda frá upphafi, svo og hve mikið fé verksmiðjurnar hafa getað lagt fram sjálfar í þessi fyrirtæki, hve mikið er tekið að láni, hve miklar skuldir eru á hverjum stað, hverjir eru skilmálar um vexti og afborgunartíma?

Nd. 386. Nefndarálit

um frv. til l. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni og til að tryggja rekstur útvegsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Síðan frv. þetta var lagt fram og sent til fjárhagsnefndar, hefur verið samþykkt frv. ríkisstjórnarinnar um dýrtíðarmál, og eru þar með orðnar að lögum nokkrar þær greinar, sem í þessu frv. felast. Séu þær felldar burtu, er hins vegar vel hægt að gera aðrar greinar frv. að lögum.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um málið, og legg ég til, að það sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1.—5. gr., að báðum meðtöldum, 9. og 10. gr. falli burt, en greina- og kaflatala breytist samkvæmt því.

Alþingi, 24. febr. 1948.

Einar Olgeirsson.

Nd. 387. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 47 1938, um fasteignasölu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Síðasti málsliður 2. gr. orðist svo: Kandidatar í lögfræði og viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands eru þó undanþegnir slíku prófi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um fasteignasölu, nr. 47 1938, er svo kveðið á, að ekki megi aðrir stunda fasteignasölu en þeir, sem fullnægja þar settum skilyrðum, og er meðal þeirra það að hafa staðizt próf samkvæmt fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins. Lögfræðingar eru þó undanþegnir slíku prófi, enda eru prófskilyrðin aðallega þau að þekkja nokkur meginatriði kröfuréttar. Síðan lög þessi voru sett, hefur verið tekin upp kennsla í viðskiptafræðum við háskólann. Er lögfræði, og þar á meðal kröfuréttur, meðal kennslu- og prófgreina í því námi og prófkröfur mun meiri en við fasteignasöluprófið. Virðist því eðlilegt að undanþiggja kandidata í viðskiptafræðum prófinu eins og lögfræðinga.

Háskólaráð hefur lýst sig samþykkt því, að breyting þessi næði fram að ganga, og eru meðmæli þess prentuð hér á eftir sem fylgiskjal. Prófnefnd við fasteignasölupróf hefur og lýst sig samþykka breytingunni.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 18. febr. 1948.

Háskólaráð lýsti sig, á fundi sínum 17. þ. m., samþykkt því, að l. nr. 47 11. júní 1938, um fasteignasölu, verði breytt á þá leið, að kandidatar í viðskiptafræðum frá háskólanum njóti sömu réttinda og lögfræðingar njóta samkvæmt nefndum lögum.

Ólafur Lárusson,
rektor.

Nd. 388. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (ÁkJ).

Nefndin hefur haft frv. til athugunar, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. vill vísa frv. til ríkisstjórnarinnar, en minni hl., undirritaður, leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. febr. 1948.

Áki Jakobsson.

Ed. 389. Nefndarálit

um frv. til l. um bændaskóla.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum sínum, en hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Páll Zóphóníasson vill afgreiða frv. með rökstuddri dagskrá, Ásmundur Sigurðsson hefur lýst því yfir, að hann hefði óbundnar hendur í málinu, en undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að það verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „kennara og starfsfólk“ komi: fasta kennara.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „þrír fastir kennarar“ í 1. málsgr. komi: tveir fastir kennarar.

Alþingi, 25. febr. 1948.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm.	Eiríkur Einarsson, með fyrirvara.	Guðm. Í. Guðmundsson.

Sþ. 390. Þingsályktun

um hreinsun Hvalfjarðar.

(Afgreidd frá Sþ. 25. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að hreinsað verði burt úr Hvalfirði allt það, sem eftir hefur verið skilið þar á sjávarbotni af setuliðinu, svo sem keðjur, akkeri, víra og annað, sem truflun veldur við veiðar í firðinum og skemmdum á veiðarfærum. Skal ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að þau erlend ríki, sem hér eiga hlut að máli, framkvæmi á sinn kostnað hreinsun þá, sem hér um ræðir. Enn fremur er stjórninni falið að bera fram við þessa sömu aðila kröfur um, að þeir greiði tjón það, sem fiskimenn hafa beðið og kunna að bíða vegna þessa viðskilnaðar í Hvalfirði.

Sþ. 391. Þingsályktun

um endurskoðun gildandi laga um hlutafélög og laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð.

(Afgreidd frá Sþ. 25. febr.)

Samhljóða þskj. 37.

Ed. 392. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft til athugunar frv. þetta og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. febr. 1948.

Hermann Jónasson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
	Brynj. Bjarnason.	Pétur Magnússon.

Nd. 393. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 339 [Sementsverksmiðja].

Frá iðnaðarnefnd.

Við tölul. 1. Liðinn skal orða svo:

Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi helmingi af tekjuafgangi hennar eða ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar ár hvert. Heimilt skal þó jafnan að leggja á hana útsvar, er nemi allt að ¼% af árlegu kostnaðarverði framleiðslunnar. Nú er verksmiðjan reist í Flateyrarhreppi, en skeljasandur tekinn í Mosvallahreppi, og skal þá útsvari skipt milli hreppsfélaganna eftir samkomulagi eða að öðrum kosti samkvæmt úrskurði atvinnumálaráðherra. Útsvar verksmiðjunnar má ekki nema hærri fjárhæð en fjórða hluta samanlagðra útsvara beggja hreppanna.

Ed. 394. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill minni hlutinn (StgrA) láta samþykkja það óbreytt, en á það getur meiri hlutinn ekki fallizt. Gefur minni hlutinn því út sérstakt nefndarálit.

Mál þetta var í fyrsta sinn flutt á síðasta þingi í sambandi við landshöfn í Hornafirði og náði þá ekki samþykki þingsins. Á þessu sama þingi var og flutt frv. um fiskiðjuver á Ísafirði og enn fremur frv. um fiskiðjuver ríkisins. Með því frv. var ætlazt til, að ríkið kæmi upp og starfrækti fiskiðjuver víðs vegar á landinu, eða í fjórum verstöðvum alls. Náðu frv. þessi ekki heldur samþykki þingsins. Árið 1945 ræðst fiskimálanefnd í það að byggja fiskiðjuver í Reykjavík. Er kostnaður þess í október s. l. sem næst 6.3 millj. króna, en þá er jafnframt talið, að óunnar, nauðsynlegar viðbætur til þess að fullgera verið nemi rúmlega 1 millj. kr. Er því sýnilegt, að kostnaðarverðið alls nemi milli 7 og 8 millj. króna. Fiskimálanefnd taldi sig hafa heimild til þessara framkvæmda í 14. gr. laga nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og því er aldrei leitað samþykkis Alþingis um þessi mál. Hefur heimild þessi þó verið talin mjög vafasöm. Skuldir fiskiðjuversins í lok október eru samkv. reikningi rúmlega 7.7 millj., og er það rúmlega 55 þús. meira en eignir fyrirtækisins. Með ráðherrabréfi, dags. í byrjun febrúar 1947, er skipað svo fyrir, að þáverandi stjórn fiskimálanefndar skuli einnig stjórna fiskiðjuverinu, sem starfrækt skuli sem sérstök stofnun, en til þessa brestur þó fullkomlega heimild í lögum, hvernig svo sem litið er á heimild þá, sem fiskimálanefnd taldi sig hafa, eins og fyrr greinir.

Með lögum nr. 89 23. maí s. l., um fiskimálasjóð, er fiskimálanefnd lögð niður, en ráðherra gefið vald til þess að fela fiskimálasjóði þau verkefni, sem fiskimálanefnd hafði með höndum. Verður ekki séð, að hann hafi falið sjóðnum rekstur fiskiðjuversins, því að í nóv. s. l. skipar hann stjórn sjóðsins til þess að annast reksturinn, eftir því sem skilið verður, á kostnað og ábyrgð ríkissjóðs, en til þess brestur enn að fullu heimild í lögum. Annars er ljóst, að allur rekstur fyrirtækisins er þannig, að alger óvissa ríkir um fjárhagsafkomu þess, enda sýnilegt, að mjög mikil fjárhagsaðstoð er nauðsynleg frá einhverjum aðila til tryggingar öruggri starfrækslu fyrirtækisins í framtíðinni.

Fiskiðjuver það, sem hér um ræðir, hefur einhverja þá beztu aðstöðu, sem hægt er að hugsa sér, að fiskiðjuver geti haft hér á landi. Hráefnaöflun ætti hér að vera svo að segja engin takmörk sett allt árið um kring, starfsfólk er hvergi auðveldara að fá, orka öll er hvergi til í ríkari mæli, hafnarskilyrði hvergi betri, flutningskostnaður og afskipunarmöguleikar á afurðum hvergi jafn hagstæðir, og svo mætti lengi telja. Sé þetta borið saman við Hornafjörð, er ljóst, að fiskiðjuver af þeirri stærð, sem gert er ráð fyrir í frv., hefði þar margfalt lakari starfsskilyrði. Hafnarskilyrði eru þar mjög slæm, m. a. verður enn um langt skeið að gera ráð fyrir því, að umskipa verði öllum afurðum til útflutnings, en það eitt hefur mikinn kostnað í för með sér. Útgerð frá staðnum er engin önnur en sú, sem skapazt við mjög takmarkaða vertíð aðkomubáta, og hráefnamöguleikarnir því æði takmarkaðir, starfsfólk er engan veginn nægilegt á staðnum, og vitað er, að mjög erfitt er að tryggja sérfræðinga til jafn afskekktra staða og hér er um að ræða.

Yfir 70 hraðfrystihús munu nú vera til í landinu. Hafa einstaklingar og sveitarfélög verið styrkt allríflega til þess að koma þeim upp. Í sambandi við þau er verið að koma upp hæfilegum fiskimjölsverksmiðjum, eftir því sem efni standa til. Þessi iðjuver hafa verið reist í samræmi við þarfir héraðanna og möguleika til öflunar hráefna o. fl. Það verður ekki séð, að neitt sé því til fyrirstöðu, að þróun þessara mála verði svipuð í Hornafirði, þegar þau skilyrði eru fyrir hendi þar, sem nauðsynleg mega teljast, til þess að unnt sé að starfrækja þar fiskiðjuver í stórum stíl. Þá er og vitað, að eins og stendur hefur ríkissjóður svo mörgum öðrum verkefnum að sinna, er krefjast meira fjárframlags en hann hefur yfir að ráða, og því líklegt, að ekkert yrði úr framkvæmdum fyrst um sinn um byggingu fiskiðjuvers á Hornafirði, þótt frv. yrði að lögum, nema samtímis yrði séð fyrir fjáröflun til framkvæmdanna, en fyrir því er ekki séð í frv.

Þá telja sumir nefndarmanna, að með frv. þessu, ef að lögum verður, sé farið inn á mjög varhugaverða braut, sem erfitt muni verða að snúa við á og hlýtur þá í framtíðinni að binda mjög stórar upphæðir af fé ríkissjóðs, því að það er alveg ljóst, að ef einni verstöð eru gefin slík forréttindi sem hér er til ætlazt, þannig að ríkissjóður leggi fram án þátttöku héraðsins mjög háa fjárhæð til verklegra framkvæmda, sem hlyti að hækka verð allra eigna, sem fyrir eru á staðnum, og gefa héraðinu að öðru leyti margvísleg hlunnindi, þótt fyrirtækið sjálft gæti aldrei borið sig fjárhagslega, þá verður erfitt fyrir Alþingi að neita fjölmörgum öðrum verstöðvum um sömu fríðindi. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ljóst er, að skilyrði til að reka fiskiðjuver í Hornafirði á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv., eru á margan hátt lakari en þau, sem fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík á nú við að búa, en það á samkv. gögnum, sem fyrir liggja, í mjög miklum fjárhagslegum örðugleikum, og í trausti þess, að athugað verði, á hvern hátt annan ríkissjóður geti veitt útgerð á Hornafirði fjárhagslega aðstoð, er að gagni mætti koma, en væri ríkissjóði ekki jafn fjárfrek og áhættusöm, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. febr. 1948.

Gísli Jónsson, form., frsm.
B. Kristjánsson, fundaskr.
Sigurjón Á. Ólafsson.
Pétur Magnússon.

Nd. 395. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi mál þetta á nokkrum fundum og sendi frumvarpið til umsagnar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Eftir athuganir þessar varð nefndin sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við 1. gr. frumvarpsins bætist: Þó svo, að tryggingarkjörin séu eigi lakari en hjá öðrum tryggingarfélögum, að dómi ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 26. febr. 1948.

Finnur Jónsson, form. Pétur Ottesen, fundaskr. Sigurður Kristjánsson, frsm.
Áki Jakobsson. Halldór Ásgrímsson.

Nd. 396. Frumvarp til laga

um útfarir.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarstjórnir koma á fót stofnun, er annist útfarir og líkflutning. Í Reykjavík skal hún jafnframt annast líkkistusmíði, en í öðrum kaupstöðum ákveður bæjarstjórn, hvort stofnunin tekst þá starfsemi á hendur. Eftir að slík stofnun er tekin til starfa, mega aðrir aðilar ekki annast þau störf, er hún hefur með höndum, í hlutaðeigandi bæjarfélagi. Bæjarstjórn kveður nánar á um skipulag stofnunarinnar og stjórn hennar.

2. gr.

Stofnanir þær, sem um ræðir í 1. gr., skulu miða störf sín við það, að útfarir séu látlausar, en virðulegar, og láta skulu þær í té þjónustu sína við svo vægu verði sem kostur er.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skipulag það, sem er á útfararmálum hér á landi, veldur því, að útfarir eru dýrari en góðu hófi gegnir og skynsamleg ástæða er til. Í Reykjavík munu venjuleg útför kosta 2000—2500 kr., en geta kostað 3000 kr. og jafnvel meir. Ætti að vera hægt að skipa málum þessum þannig, að útfararkostnaðurinn yrði mun lægri, jafnvel þótt ekki yrði breytt um útfararsiði frá því, sem verið hefur, en einkum þó, ef leitazt yrði við að gera útfarirnar nokkru látlausari, án þess þó að raskað væri rétti aðstandenda látinna manna til þess að ráða í meginatriðum tilhögun útfaranna. Í frv. þessu er bæjarstjórnum í kaupstöðum lögð sú skylda á herðar að taka útfararmál bæjarfélagsins algerlega í sínar hendur. Í Reykjavík er gert ráð fyrir því, að bæjarstjórnin taki líkkistusmíðina einnig í sínar hendur, en bæjar-

stjórnum utan Reykjavíkur er í sjálfsvald sett, hvort þær gera það eða ekki. Bæjarstjórnir fást nú við marga sýslu, sem er þeim fjarskyldari en að sjá um útfarir bæjarbúa, og má undarlegt heita, að ekkert bæjarfélag skuli hafa hafizt handa um slíkt af sjálfsdáðum. Fáum starfssviðum mun einkarekstur — hvað þá samkeppni — hæfa jafnilla og umsjón með útförum. Virðist það auðsætt verkefni fyrir opinbera aðila — og þá fyrst og fremst bæjaryfirvöld — að láta í té þjónustu þá, sem hér er um að ræða, og þá við svo vægu verði sem unnt er.

Kirkjugarðsstjórnin í Reykjavík hefur á undanförnum árum komið á fót miklu stórhýsi við Fossvog í námunda við kirkjugarðinn, sem þar er. Er svo til ætlazt, að þar verði stór kapella, líkgeymsla og líkbrennsla. Um leið og þessi þarfa stofnun tæki til starfa, væri mjög æskilegt, að útfararmál bæjarins sjálfs væru endurskipulögð, fyrst og fremst með það fyrir augum að draga úr útfararkostnaðinum. Mun kirkjugarðsstjórnin hafa haft í hyggju að annast nokkra fyrirgreiðslu í þessu sambandi, og bættist þá einn aðilinn enn við þá, sem nú starfa að þessum málum í Reykjavík. Er ekki heppilegt, að margir aðilar fáist við þessa sýslu, en skynsamlegast, að bæjaryfirvöldin taki hana algerlega að sér ásamt líkkistusmíðinni, enda hefur þetta tvennt löngum farið hér saman.

Þótt það, sem sagt hefur verið hér að framan, eigi fyrst og fremst við staðhætti í Reykjavík, mun líku máli gegna um kaupstaði utan Reykjavíkur og útfarir vera þar einnig dýrari en ástæða er til. Er því í frv. þessu gert ráð fyrir, að bæjarstjórnir utan Reykjavíkur skuli einnig taka starfsemi þessa í sínar hendur í því skyni að draga úr kostnaði við hana. Ekki er þessum bæjarstjórnum þó lögð sú skylda á herðar að annast jafnframt líkkistusmíði, svo sem gert er, hvað snertir útfararstofnun Reykjavíkur, enda ekki víst, að slík stofnun hefði nægilegt verkefni á því sviði í fámennum kaupstöðum, þannig að verðlækkun hlytist af starfsemi hennar, svo sem orðið gæti í stærri kaupstöðum, ef smíðin öll yrði flutt á eina hendi, er unnið gæti í stórum stíl. Hins vegar gæti bæjarstjórnin eða útfararstofnunin gert samninga við tiltekin verkstæði um að taka smíðina að sér. En telji bæjarstjórn sig geta komið fram verðlækkun með því að takast þessa starfsemi á hendur, er eðlilegt, að hún geti fengið einkarétt til þess.

Vafalaust er einnig æskilegt að gera ráðstafanir til þess að draga úr útfarakostnaði í kauptúnum og sveitum. Þar er þó að ýmsu leyti erfiðara um vik, og er frv. þessu því eingöngu ætlað að taka til kaupstaðanna.

Ed. 397. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 frá 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 3. gr.

1. Í stað orðanna „5. gr., tölulið 1—7“ (í nýrri 6. gr. laganna) komi: 5. gr., 2. tölul., undir tölulið 1—7.
2. Aftan við greinina (nýja 6. gr. laganna) bætist:

Nái samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa ekki löglegu samþykki samkv. 2. málsgr. þessarar greinar, getur hluti af byggingarumdæmi, sem þó verður að ná yfir eitt sýslufélag minnst, ráðið sér byggingarfulltrúa og fengið greidd hlutfallsleg laun hans úr byggingarsjóði, miðað við matsverð fasteigna á svæðinu borið saman við heildarfasteignamat í öllu byggingarumdæminu.

Ed. 398. Breytingartillaga

við frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 16. gr. Á eftir greininni komi svolátandi

Bráðabirgðaákvæði:

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta framkvæmd þessara laga, þar til kostnaðarupphæðin samkv. 2. gr. hefur verið tryggð landshöfninni með lánum eða framlagi beint úr ríkissjóði.

Nd. 399. Frumvarp til laga

um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera á sinn kostnað hafnarmannvirki í Höfn í Hornafirði. Skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð.

Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra.

Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar o. fl., sem nauðsynlegt má teljast við byggingu og rekstur hafnarinnar.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 4,5 millj. kr., er endurgreiðist að ⅔ úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir af ⅔ hlutum stofnkostnaðarins auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 3 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, sem fer með hafnarmál, og tveir meðstjórnendur, annar tilnefndur af hreppsnefnd Hafnarhrepps, en hinn kosinn af sameinuðu Alþingi.

Skulu stjórnarmeðlimir vera búsettir á staðnum.

4. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi til landshafnarinnar svo víðáttumikið land sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót eða möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
   b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
   e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
   f. Leiga af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2. a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði:

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta framkvæmd þessara laga, þar til kostnaðarupphæðin samkv. 2. gr. hefur verið tryggð landshöfninni með lánum eða framlagi beint úr ríkissjóði.

Ed. 400. Lög

um innflutning búfjár.

(Afgreidd frá Ed. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 359.

Nd. 401. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur sent frv. til umsagnar vitamálastjóra, og er hann meðmæltur frv. Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt.

Til nefndarinnar hefur verið vísað frv. til hafnarlaga fyrir Reykjavíkurhöfn. Nefndin telur ekki ástæðu til að setja sérstök lög fyrir einstakar hafnir, eftir að nýbúið er að samræma í ein lög öll almenn lagaákvæði um hafnir og lendingarstaði á landinu. En af þeim breytingum, sem felast í frv. til hafnarlaga fyrir Reykjavík, er það ein, sem nefndin telur rétt að taka nokkuð tillit til, en það er niðurfelling 4. mgr. 9. gr. l. nr. 29 23. apríl 1946. Samkomulag varð þó ekki í nefndinni um að fella niður málsgreinina, þótt sumir nefndarmanna hafi talið það rétt. Hins vegar varð samkomulag um að bera fram breytingartillögu um það, að hafnarsjóðir hafi vafalausan rétt til að taka bryggjugjöld af skipum og vörugjöld af vörum, sem fara um hafnarmannvirki einstaklinga, þar sem hafnarsjóðir hafa komið upp hafnarmannvirkjum.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein (2. gr.), svo hljóðandi:

Í stað orðanna „sambærilegu mannvirki“ í 4. mgr. 9. gr. laganna komi: hafnarmannvirkjum.

Alþingi, 26. febr. 1948.

Finnur Jónsson, form.	Pétur Ottesen, fundaskr.	Áki Jakobsson, frsm.
Halldór Ásgrímsson.	Sigurður Kristjánsson.	

Nd. 402. Nefndarálit

um frv. til l. um brunamál.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál allýtarlega og er sammála um að mæla með samþykkt þess með nokkrum breytingum. Efni málsins er margþætt, og getur margt komið til greina við framkvæmd slíkra mála. Ákvæði frv. geta því ekki verið tæmandi um allt það, er fyrir kann að koma við brunavarnir og brunamál, enda á betur við, að ýmis slík ákvæði verði sett í reglugerð. Er þess að vænta, að ýtarleg reglugerð verði sett. Óskað hefur verið eftir, að ákvæði frv. taki ekki til Reykjavíkur.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 31. gr. Á eftir orðunum „sem hafa 200 íbúa eða fleiri, sbr. 2. gr.“ komi: svo og á öðrum stöðum, þar sem um sérstaklega verðmætar byggingar eða eignir er að ræða að dómi ráðuneytisins.

2. Við 55. gr. Síðasti málsliður greinarinnar „Lög nr. 28 12. febrúar 1945, um brunamál í Reykjavík“ falli burt.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um brunavarnir og brunamál.

Alþingi, 27. febrúar 1948.

Stefán Stefánsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Áki Jakobsson. Jóhann Hafstein.

Sþ. 403. Tillaga til þingsályktunar

um stofnun þjóðvarðar.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um sjólögreglu og þjóðvörð.

Greinargerð.

Íslendingar eru nú frjáls og sjálfstæð þjóð. Á hverri slíkri þjóð hvílir sú skylda að halda friði og lögum í landinu og að verja landið og frelsið móti árásum óvinveittra þjóða. Aðstaða íslenzku þjóðarinnar er nokkuð sérstæð í þessu efni. Þjóðin gerir hvorugt. Hér er ekki haldið uppi friði og reglu innanlands, af því að skort hefur skilning á þessu meginatriði menningarinnar. Um vörn gegn aðkominni hættu hefur aldrei verið að tala. Hver sjóræningi, sem nálgaðist strendur landsins, gat öldum saman leikið landsfólkið svo grálega sem henta þótti. Síðustu þrjár aldirnar hefur brezki flotinn starfað óumbeðið og óumsamið að löggæzlu í Atlantshafi norðanverðu. Íslenzka þjóðin hefur lifað örugg í skjóli hans, þar til flugtæknin bar nýja hættu að landinu. Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki til gæzlu heimsfriðarins annað fram að leggja en ósamlyndi og félagslegan vanmátt. Vita þjóðirnar á Balkanskaga og í Mið-Evrópu, hver örlög bíða nú á tímum þjóða, sem eiga ágjarna nágranna og búa í fjarlægð frá menningar- og herveldi Engilsaxa. En þessi hlið þjóðvarnanna verður ekki rædd hér að þessu sinni.

En þó að Íslendingar verði að viðurkenna, að þeir séu ekki færir til að hrinda vopnuðum árásum erlendra þjóða, þá er hitt augljóst, að ef þjóðin er ekki fær um að halda uppi viðunandi löggæzlu í landhelginni og á landi, þá getur hún ekki talizt sjálfstæð og ekki siðmenntuð þjóð. Þar sem lögin eru ekki í gildi, er skrílveldið komið í hásætið og steypir sér sjálfu og þjóðinni í tortímingu. Sem betur fer, er ekki ástæða til að óttast þessa hættu hér á landi. Þjóðin getur varið lög og rétt á landi og í landhelginni, ef hún vill. En fram að þessu hefur það ekki tekizt. En svo má ekki lengur til ganga.

Eftir að fjölmenni tók að vaxa á tilteknum stöðum hér á landi, hefur nokkrum sinnum komið til skríluppþota, þar sem æstur og villtur múgur hefur leitazt við að taka sér í hendur um stundarsakir stjórngæzluna af löglegum aðilum. Er fyrst þess að minnast, þegar skrílll sótti vikulangt að Tryggva Þórhallssyni forsætisráðherra og fjölskyldu hans vorið 1931. Ári síðar sneri skríllinn reiði sinni gegn Knud Zimsen borgarstjóra og bæjarstjórn Reykjavíkur. Var lögreglulið Reykjavíkur þá brotið niður með mikilli grimmd og siðleysi. Síðan þá hefur öllum mátt vera ljóst, að Ísland verður ekki réttarríki, fyrr en svo er um breytt, að

skríll, sem kann að vera til í landinu, hefur ekki aðstöðu til að hindra með ofbeldi löglegar stjórnaraðgerðir. Næstu sögulegu átökin urðu haustið 1946, þegar skríll, sem var æstur til óhæfuverka af ábyrgðarlausum aðilum, brauzt inn í félagsheimili Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og veitti síðan tveim æðstu starfsmönnum þjóðfélagsins, forsætisráðherra og borgarstjóra, aðgöngu, þannig að líf þeirra var í hættu, ef hin veika bæjarlögregla hefði þá ekki getað veitt nokkurt viðnám. Vald þjóðfélagsins var svo veikt, að einn af leiðtogum spellvirkjanna heimtaði úrskurð dómsmálaráðherra fyrir þeirri sjálfsögðu aðgerð að dreifa upphlaupsliðinu með táragasi. Síðan lögreglan beið sinn mikla ósigur 9. nóvember 1932, hefur hana vantað öryggi til starfs, ef eitthvað reyndi á, enda var líka í þetta sinn látið undan hótun ofbeldismannanna, eins og þeir höfðu ætlazt til. Hliðstætt dæmi um vanmátt þjóðfélagsins er, að eitt af verkalýðsfélögum Reykjavíkur tilkynnti lögreglunni fyrir löngu, þegar stóð á kaupdeilu, að félagið hefði til sinna verka hálfu meiri liðsafla heldur en ríkisvaldið. Mörg dæmi eru þess, önnur en þau, sem hér eru talin, að ójafnaðar- og óspektarmenn telja sér fært að hafa sitt mál fram með ofbeldi, hvað sem líður lögum og rétti í landinu.

Þetta eru mikil missmíði. Ekkert þjóðfélag, sem ætlar að lifa, lætur skríl stýra málum í landi. Truman, Stalin, Stauning, Per Albin Hanson, Gerhardsen og Atli hinn brezki hafa allir beitt ríkisvaldinu gegn óróaseggjum, sem spilltu borgaralegum friði. Stalin beitir leynilögreglunni, lögreglunni og hernum gegn öllum, sem samþýðast ekki stjórn hans. Stauning lét lögreglu, sem var grá fyrir járnum, bæla niður óspektir, hliðstæðar árásum kommúnista á Íslandi í sambandi við flugvallarsáttmálann. Hér á landi mundi lýðræðismönnum þykja ófært að beita sams konar hörku eins og stjórnarvöld Rússa hafa uppi við verkamenn í sínu landi, því að þeir mega hvorki í orði né verki njóta frelsis og allra sízt semja um kaup og kjör eða framkvæma vinnustöðvun. Hins vegar hefur Atli, forsætisráðherra Breta, hvað eftir annað notað hermenn og herbíla til flutninga til að fyrirbyggja almenna hungursneyð í flutningaverkföllum. Af þessu má sjá, að ríkisstjórnir borgaranna, kommúnista og krata eru sammála um að láta ríkisvaldið vera húsbónda á þjóðarheimilinu og beita nauðsynlegu valdi í því skyni. Hér hafa ýmsir af leiðtogum stéttarfélaganna, einkum kommúnistar, haldið fram þeirri fjarstæðu, að þeim og þeirra stallbræðrum ætti að vera leyfilegt að beita ofbeldi til framdráttar baráttumálum sínum. Vel máttu þessir menn þó sjá, að þar sem stallbræður þeirra ráða ríkjum úti í löndum, er verkalýðnum bannað að bera sigurlaunin heim á spjótsoddum. En mótstöðu þessara manna má kenna um, að fáeinir stigamenn, útlendir eða innlendir, geta, hvenær sem þeim þóknast, beitt skrílræði við æðstu trúnaðarmenn íslenzka þjóðfélagsins. Ef unnt á að vera að halda hinu nýstofnaða lýðveldi lifandi og starfhæfu, verður að gefa ríkisstjórninni vald til að vera óháð gegn skrílræði. Til þess þarf að koma á fót skipulegri sjólögreglu og vel þjálfuðum þjóðverði. Er þar átt við sjálfboðaliða, sem ríkisstjórnin gæti gripið til í þeim sjaldgæfu tilfellum, þegar ofsamenn gera sig líklega til að beita skrílræði, en ekki lögum, til að koma fram áhugamálum sínum. Í sjólögreglunni yrðu að vera allir starfsmenn á varðskipum og varðbátum landsins. Skyldi þar vera valinn maður í hverju rúmi og svo vel æft lið, að hver maður í þeirri sveit gæti gegnt foringjastöðu í þjóðverðinum, þegar með þarf. Í þjóðverðinum mundi hæfilegt að hafa um 2000 menn á öllu landinu, frá tvítugsaldri og fram undir þrítugt. Þar yrði að gæta mikillar varúðar. Þjóðvarðarmenn yrðu að vera fúsir til starfsins, trúir þjóð sinni og vestrænu frelsi. Þeir yrðu að skilja til fulls, að skrílræði er eitur í hverju þjóðfélagi og að sjálfboðastarf þeirra er líftrygging þjóðarinnar gegn yfirvofandi hættu. Sennilega munu sumir menn mæla, að ekki sé leggjandi á unga menn slík byrði án endurgjalds. Þyngri er herskyldu- og heræfingakvöð ungra manna í öðrum menntalöndum. Dýrt varð mörgum kynslóðum ungra manna hér á landi fyrr á öldum, að hið fyrra lýðveldi hafði ekki þjóðverði á að skipa til að halda í skefjum upphlaupsmönnum og skríl, sem

fótum tróð lög og rétt og leiddi margra alda kúgun og áþján yfir þjóðina. Um og eftir tvítugsaldur er mörgum ungum mönnum mjög hugstætt að iðka margháttaðar íþróttir. Leggur mannfélagið fram árlega stórar fjárhæðir til að greiða götu slíkra manna. Mætti það kallast meðalskömm, ef hinir stæltu íþróttamenn væru svo veikgeðja, að þeir gætu ekki nokkrum sinnum á ævinni innt af hendi þegnskaparskuld við að halda ölvuðum mönnum eða æstum skríl frá skaðsemdarverkum. Í sveitum landsins er nú víða svo ástatt, að um leið og fólkið í byggðinni hefur komið sér upp fundarhúsi, þar sem leið liggur nærri, þá er tæplega hægt fyrir heimamenn að koma saman í sínu félagshúsi fyrir ölvuðum ofbeldismönnum. Er í þeim sveitum ekki nema um tvennt að gera, að fella niður almenna mannfundi eða koma upp þjóðverði af innansveitarmönnum og taka drykkjudólgana úr umferð og helzt með einhverjum þeim hætti, að þeir taki upp betri siði. Í þéttbýlinu reynir meira á að tryggja starfsmönnum þjóðfélagsins vinnufrið. Ef skríll sá, sem réðst inn í Sjálfstæðishúsið til að hræða starfsmenn ríkis og bæjar, hefði vitað, að í bænum væri lögregla, sem beitti táragasi og vatnsbunum á alla ofbeldismenn, sem röskuðu borgfriðnum, og að baki þessum löggæzlumönnum stæði mannmargur og vel æfður þjóðvörður, þá hefði oftnefndur skríll látið sér nægja að hlusta á æsingaræður í barnaskólaportinu, en sparað sér hermdarverkin. Varnarleysi landsins er eggjun til hinna spilltu afla þjóðfélagsins að beita yfirgangi og ofstopa, því að stjórnarvöldin geta engu af sér hrundið. Hingað til hefur engri þjóð tekizt að vernda borgfriðinn nema með réttlátum lögum og valdi.

Mótþróinn sá, sem reis gegn varalögreglufrumvarpi Jóns Magnússonar 1925, spratt af því, að líkur bentu til, að með þeim liðsafla ætti að blanda sér í kaupdeilur til óhagnaðar verkamönnum. Nú mundi engum manni koma til hugar að beita þjóðverði á þann hátt, heldur eingöngu til að halda uppi lögum og rétti í landinu. Í einræðislöndunum öllum eru verkamenn beittir stöðugri þvingun í skjóli hers og lögreglu, en í þingstjórnarlöndunum er þetta aldrei gert. En í þeim löndum er engum manni og engri stétt leyft að beita ofbeldi til að koma fram málum. Er það og alkunna, að um öll Norðurlönd og í löndum Engilsaxa er jafnaðarmannaflokkunum hið mesta áhugamál, að lög landsins séu í heiðri höfð. Telja þeir höfuðstefnumun milli þeirra og kommúnista, að kratar allra landa beiti eingöngu friðsamlegum aðferðum til að koma fram áhugamálum. Eru frá stjórnum Vesturlanda mörg og glögg fordæmi um, hversu fylgismenn þingstjórnarskipulagsins beita lögreglu móti ofbeldislýð, en aldrei til að kúga nokkra stétt í kaupgjaldsmálum. Hér á landi geta engir nema sanntrúaðir ofbeldismenn verið andvígir þeirri stefnu að halda uppi friði í landinu með lögreglu, sjólögreglu og þjóðverði. Allir aðrir hafa hagnað og sæmd af því, að friður ríki í landinu og að skrílræði nái aldrei að festa hér rætur.

Vel á við að taka dæmi um, hversu nota beri þjóðvörð hér á landi. Þegar annar strengur Ölfusárbrúarinnar slitnaði fyrir nokkrum árum mátti engu muna, að öll brúin félli í ána. Þá mundi um nokkurra missera skeið hafa orðið hin háskalegasta samgöngustöðvun á Suðurlandi. Reykjavík hefði skort mikið af þeirri mjólk, sem þar þarf að nota daglega, og sveitir austanfjalls lent í mesta vanda. Þá stýrðu kommúnistar verkfalli í Reykjavík og bönnuðu mönnum, sem þeir réðu yfir, að leggja fram fáein dagsverk til að bjarga brúnni. Vitaskuld hafði sú vinna enga þýðingu fyrir úrslit þessarar vinnudeilu. Hér var um að ræða þegnskap eða mannfélagsafbrot. Menn, sem voru óháðir verkfallsliðinu, björguðu brúnni og öllu Suðurlandi. Undir slíkum kringumstæðum þarf mannfélagið að geta gripið til sinna ráða. Þjóðvörðurinn yrði að láta frið og reglu sitja í fyrirrúmi, en ekki einstaklingshagsmuni.

Annað dæmi skýrir málið glögglega. Ef hér væri almennt verkfall með múgæsingum, líkt og út af flugvallarsamningnum 1946, gæti skefjalaus forustuklíka talið viðeigandi að skera sundur rafleiðslur til bæjarins eða láta hitaveituvatnið streyma úr leiðslunum utanbæjar. Hér væri skemmdarverkum blandað í kaup-

deilu, algerlega utan við eðlilegan og löglegan baráttuvettvang. Undir þvílíkum kringumstæðum væri það óhjákvæmilegt hlutverk þjóðvarðar að hindra skemmdarverkin og hjálpa verkfallsmönnum til að fylgja í félagsmáladeilum lögum og landsrétti. Þeir verkamenn, sem vilja hafa þjóðfélagið vanmáttugt til að geta haft sérmál sín fram með ofbeldi, geta blaðað í spjöldum sögunnar til að finna svar. Þeir munu aldrei finna þess dæmi, að verkamenn hafi bætt kjör sín og sinna með skrílæsingum eða hermdarverkum. Þeir menn, sem fæðast á Íslandi, vaxa hér upp og ætla að bera hér byrðar lífsins, geta ekki átt aðra ósk sér hallkvæmari en að mega lifa í lögbundnu og vel skipulögðu mannfélagi. Skrílræði er mesti háski hvers þjóðfélags. Þar sem skríllinn stýrir í dag, situr harðstjórinn í hásætinu á morgun.

Íslenzka þjóðin er nú varnarlaus gegn erlendum árásum, svo sem mest má vera. Og hún er þar að auki svo vanmáttug gegn skrílræði, að hvað eftir annað hefur æstur götulýður ógnað löglegum yfirvöldum landsins og höfuðborgarinnar og í eitt skipti, 9. nóv. 1932, haft mál sitt fram með ofbeldinu einu saman. Við slíkt ástand er ekki unandi fyrir þroskaða þjóð, sem ann sæmd sinni. Þjóðfélagið verður ætíð og undir öllum kringumstæðum að hafa mátt til að halda uppi borgfriðnum og lögum landsins. Það er hægt með þeim úrræðum, sem hér er bent á, en ekki á neinn annan veg. Ef hinir ungu íþróttamenn landsins hafa ekki andlega, siðferðilega og líkamlega orku til að geta tekið sér á herðar hinar nauðsynlegu byrðar við að halda uppi lögum og rétti í landinu, þá hefur hinni eldri kynslóð, sem braut af þjóðinni aldagamla fjötra, mjög skjátlazt um dáðmagn þeirra, sem fá í hendur þann arf, sem dýrmætastur er, en það er frelsið. Sem betur fer, mun æska landsins sýna í verki, þegar á reynir, að hún þekki sinn vitjunartíma, og taka fúslega að sér nauðsynlega þátttöku við að halda uppi lögum og siðmenningu í landinu.

Sþ. 404. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 319 [Ráðstafanir til að draga úr áfengisnautn].

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 2. tölulið. Fyrir orðin „þó að óbreyttri .... framkvæmdarvaldið“ kemur: nema forseti Íslands og utanríkisráðherra.

Nd. 405. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi af sömu flutningsmönnum Sjávarútvegsnefnd þessarar deildar sendi það til umsagnar sjómannafélögunum í Reykjavík og Hafnarfirði og Landssambandi ísl. útvegsmanna. Landssambandið andmælti frumvarpinu, en svör bárust ekki frá sjómannafélögunum. Nefndin klofnaði síðan. Einn nefndarmanna mælti með frumvarpinu, þrír nefndarmenn voru móti því, en einn tók ekki afstöðu til málsins. 2. umræðu varð ekki lokið.

Nú hafa Alþingi hins vegar borizt áskoranir um það frá starfandi togarahásetum, að frumvarp það, sem hér liggur fyrir, verði gert að lögum, og þar sem öðrum megin liggja fyrir áskoranir fyrir þessu, en hins vegar eindregin mótmæli útvegsmanna, hefur orðið samkomulag hjá meiri hl. nefndarinnar, að mál þetta yrði athugað nánar. Formaður nefndarinnar hefur þess vegna rætt þetta mál við forsætisráðherra, og hefur hann lýst yfir, að hann muni, ef ósk um það kemur fram, láta athuga málið og þá væntanlega með skipun sérstakrar nefndar. Nefndin gat þó ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa. Einn nefndarmanna (ÁkJ) leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, og mun hann skila sérstöku nefndaráliti í samræmi við það. Þeir nefndarmanna, sem andvígir voru frumvarpinu í fyrra (PO og SK) geta hins vegar til samkomulags fallizt á, að athugun verði látin fram fara á málinu.

Samkvæmt því, sem að framan segir, leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 27. febrúar 1948.

Finnur Jónsson, form.	Sigurður Kristjánsson, frsm.	Pétur Ottesen, fundaskr.
	Halldór Ásgrímsson.	

Ed. 406. Breytingartillaga

við till. til rökst. dagskrár í nál. á þskj. 349 [Iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Í stað orðanna „rannsóknarráð ríkisins“ komi: náttúrurannsóknir.

Ed. 407. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1948“ í bráðabirgðaákvæði komi: til ársloka 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 408. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 393 [Sementsverksmiðja].

Frá Pétri Ottesen.

a. 4. efnismálsliður fellur niður.
b. 5. efnismálslið skal orða svo: Útsvar verksmiðjunnar má ekki nema hærri fjárhæð en fjórða hluta af heildarupphæð útsvars í hreppnum.

Ed. **409. Frumvarp til laga**

um sementsverksmiðju.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa við Önundarfjörð verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til vinnslu sements. Vinnslugeta verksmiðjunnar skal miðast við 75 þúsund smálesta afköst á 300 dögum.

2. gr.

Til þess að standast kostnað af framkvæmdum samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega orku, heimilast ríkisstjórninni að taka að láni allt að 15 millj. króna. Sementsverksmiðjan skal ávaxta og endurgreiða slík lán.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast, ef samkomulag næst ekki um kaup á landi vegna byggingar sementsverksmiðjunnar, að taka eignarnámi lóðir og lendur, svo og mannvirki, sem á lendum þessum eru. Eignarnám þetta fer fram samkvæmt lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

4. gr.

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 3 mönnum, er atvinnumálaráðherra skipar til 4 ára í senn. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvinnumálaráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

5. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

6. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af atvinnumálaráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun til þeirra að fengnum tillögum stjórnarinnar.

7. gr.

Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei fá leggja á hana hærra útsvar en nemi helmingi af tekjuafgangi hennar eða ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar ár hvert. Heimilt skal þó jafnan að leggja á hana útsvar, er nemi allt að ¼% af árlegu kostnaðarverði framleiðslunnar. Útsvar verksmiðjunnar má ekki nema hærri fjárhæð en fjórða hluta af heildarupphæð útsvars í hreppnum.

8. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er. Af byggingarkostnaði húsa og annarra mannvirkja skal afskrifa a. m. k. 3% og a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. Tekjuafgangur skal lagður í varasjóð.

Reikningsskilum skal lokið svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Að henni lokinni skulu reikningarnir sendir atvinnu-

málaráðherra, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Skulu þeir síðan birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun á verksmiðjunni setur atvinnumálaráðherra með reglugerð að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

Nd. 410. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 2. gr., svolátandi:

Í Akureyrarprestakalli skulu vera tveir þjóðkirkjuprestar. Ráðherra setur, að fengnum tillögum biskups, fyrirmæli um afstöðu þeirra hvors til annars, samband þeirra á milli og verkaskiptingu í söfnuðunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð

Á aðalsafnaðarfundi Akureyrarsóknar, sem haldinn var 21. sept. 1947, var svolátandi tillaga frá vígslubiskupi, síra Friðrik J. Rafnar, borin upp og samþykkt í einu hljóði:

„Aðalsafnaðarfundur Akureyrarsóknar, haldinn 21. sept. 1947, felur sóknarpresti og sóknarnefnd að vinna að því við kirkjustjórnina og Alþingi það, er saman kemur 1. okt. í haust, að frá komandi fardögum verði bætt við presti til þjónustu í Akureyrarprestakalli og verði þar framvegis tveir þjónandi prestar, þar sem prestakallið er nú þegar orðið ofviða einum presti til þjónustu, vegna mannfjölda og víðáttu."

Á héraðsfundi Eyjafjarðarprófastsdæmis, sem haldinn var 19. sept. 1947, var svofelld tillaga samþykkt:

„Héraðsfundur Eyjafjarðarprófastsdæmis mælir eindregið með væntanlegri umsókn Akureyrarprestakalls um að gera prestakallið að tvímenningsprestakalli."

Kirkjumálaráðuneytið hefur leitað álits og umsagnar biskups, og liggur sú álitsgerð fyrir. Telur biskup þar fulla þörf á að fjölga prestum í Akureyrarprestakalli, enn fremur sé Akureyrarkaupstaður vaxandi bær, og því hljóti að koma að því, að ekki verði mögulegt að standa gegn óskum þeirra að bæta þar við öðrum presti.

Í greinargerð sóknarnefndarinnar segir m. a.: „Á síðustu árum hefur fjölgað mjög í Akureyrarprestakalli. Þegar núverandi sóknarprestur tók við prestakallinu haustið 1927, voru þar aðeins 3758 íbúar, þar af 3156 í Akureyrarbæ, en við síðasta manntal voru þar 7258, þar af 6611 í Akureyrarbæ, auk dvalarfólks í skólum og á sjúkrahúsi, sem nemur nokkrum hundruðum."

Á sóknarprestinn hafa hlaðizt ýmis störf, svo að auðsætt er, að honum er einum ofvaxið að gegna jafn umfangsmiklum og margvíslegum störfum, enda er nú svo komið, að á síðastliðnu ári var hann tilneyddur að taka aðstoðarprest sér til hjálpar, þar sem heilsan og starfsþrekið var farið að bila. Gera má ráð fyrir því, að hver, sem sóknarprestur verður á Akureyri, muni verða að gegna ýmsum öðrum störfum en sjálfum embættisverkunum. Sú hefur reynslan orðið með núverandi og fyrri presta þar. Er auðsætt, að hér er um nauðsynjamál að ræða, sem ekki þolir neina bið. Nánar í framsögu.

Ed.

411. Nefndarálit

um frv. til l. um bændaskóla.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Þegar búnaðarskólar voru fyrst reistir hér á landi á árunum 1880—1890, voru þeir sniðnir eftir norskri fyrirmynd, og var við þá kennt bæði bóklegt og verklegt. Þetta gafst vel. Skólarnir voru vel sóttir, og nemendur, sem frá þeim komu, unnu sér nokkurt álit. Er kom fram undir aldamótin, var þó farið að tala um það, að óþarfi væri að fara á búnaðarskóla til að læra hið verklega, og urðu þessar raddir háværari og leiddu til minnkandi aðsóknar. Þá var fyrirkomulagi skólanna breytt, fyrst Hólaskóla og síðar hinum, og þeim þá fækkað í tvo og gerðir að bóklegum skólum, að nokkru eftir danskri fyrirmynd. Hugsunin var þó sú, að nemendurnir gætu lært verklegt, ef þeir vildu, og var í því skyni lögð sú skylda á skólana að útvega nemendunum námsstaði sumarið milli skólavetranna, ef þeir óskuðu, og þá í lengri eða skemmri tíma eftir atvikum. Að þessu var nokkuð gert fyrstu árin eftir breytingu skólanna. Nemendur frá Hólaskóla unnu mest hjá Ræktunarfélagi Norðurlands, sem þá var að brjóta land á Akureyri, en auk þess var þeim líka komið til einstakra bænda í verklegt nám, en mikil brögð voru ekki að því. Síðar voru tekin upp námskeið við skólana og nemendum kennt á verklegu námskeiði þar. Þau stóðu oftast í sex vikur að vorinu, en stundum voru þau bæði haldin að vori og hausti. Þó að nemendur fengju töluverða æfingu í því á verklegu námskeiðunum að vinna með hestaverkfærum og síðar með vélknúðum verkfærum, þá var það stöðugt álit manna, er litt þekktu til, að þessi verklegu námskeið væru gagnslaus. Til voru þá líka þeir nemendur, sem lítið lærðu og spöruðu ekki að kenna námskeiðunum um. Þetta leiddi til minnkandi aðsóknar og varð til þess, að breytt var aftur til og verklega námskeiðið látið standa vorið og sumarið milli vetranna. Enginn vafi er á því, að verklega kennslan er vel rækt af skólunum hér. Á Hvanneyri eru til ýmsar tegundir af dráttarvélum og öll verkfæri, sem við þær eru notuð við venjulega jarðvinnslu. Á Hólum er vélakostur minni, en þó nægur til þess, að nemendur fá nokkra æfingu í meðferð þeirra. En nú bregður aftur svo við, að aðsókn að skólunum minnkar og erfiðlega gengur að halda nemendum í verklega náminu milli skólavetranna. Er því kennt um nú, að verklega námið sé of langt, piltarnir geti ekki verið heiman að o. s. frv. Þess vegna eru nú uppi raddir um að draga úr því, og er komið á móti þeim í þessu frumvarpi, þar sem ætlazt er til, að nemendurnir fái 780 vinnustundir í verklegu námi, í stað þess að nú á það að standa yfir sumarið milli skólavetranna. Í þessum 780 stundum er talin hirðing búfjár að vetrinum, og eftir því, hve miklu af verknámstímanum er eytt í það, fer, hvað eftir verður til þess eiginlega jarðyrkjuverknáms.

Ég hef alltaf litið svo á, að verklegt nám væri hverjum manni, sem ætlaði sér að verða bóndi, nauðsynlegt. Og það hefur verið svo, að margir, sem dvalizt hafa á bændaskólunum, hafa lengri eða skemmri tíma á eftir unnið að jarðabótum, fyrst þúfnasléttun, síðan umferðarplægingum, og nú síðustu árin með stórum jarðvinnsluvélum ýmiss konar. Til þess að þeim gæti farið sú vinna vel úr hendi, var þeim nauðsynlegt að fá sem mesta æfingu á verklegu námskeiðunum. Ég get því ekki skilið þá breyttu stefnu, sem fram kemur í frumvarpinu, að það sé rétt nú að draga úr verklega náminu. Mér finnst þvert á móti, að það sé að minnsta kosti vafasamt, hvort okkur hafi nokkurn tíma verið meiri nauðsyn en nú á að hafa verklega námið sem fullkomnast og bezt. Vélatæknin eykst mjög, og vegna þeirra erfiðleika, sem verið hafa á útvegun véla, hefur leitt m. a., að fleiri tegundir og fjölbreyttari hafa flutzt til landsins en ella hefði verið, en það leiðir aftur af sér, að sá, sem ætlar að vera fær að vinna með vélum hér á landi, þarf að vera vel að sér í þeim greinum. Þess vegna

tel ég fjarstæðu að draga úr verklega náminu, en segja má, að það sé önnur aðalbreytingin, sem frumvarpið gerir, frá núgildandi lögum um bændaskóla.

Á síðustu árum hefur skólalöggjöf landsins verið umsamin og samræmd, þannig að skóli tæki við af skóla, og kennslunni í hverjum einum væri hagað í samræmi við það, sem nemandinn hefði lært áður, og það, hvað honum svo væri ætlað að bæta við sig. Enn hafa bændaskólarnir hvergi verið settir inn sem liður í skólalöggjöfinni. Gefur þó að skilja, að nú á að verða mögulegt að haga kennslu öðruvísi en vera varð, þegar nemendurnir voru svo ólíkir, að sumir voru gagnfræðingar með góðri einkunn, en aðrir svo illa undirbúnir, að þeir kunnu ekki að skrifa nafnið sitt rétt. Eftir að bændaskólunum er ætlað sæti í skólakerfinu, verður að ætla, að nemendurnir geti komið á skólana með sömu undirbúningsmenntun, og eftir því annars vegar og hinu, sem ætlazt er til, að nemandinn bæti þar við sig, verður að haga kennslunni í skólanum. Um þetta hefur ekkert verið hugsað í þessu frumvarpi. En þetta, tel ég, að eigi gera, um leið og bændaskólalögunum er breytt, m. a. til þess, að námið nýtist sem bezt. Þá er bætt við lögin grein (15. gr.) um framhaldsmenntun fyrir búfræðinga, án þess að þar sé á nokkurn hátt rætt nánar um, hvernig hún skuli vera. Mikill vafi leikur á því, hver nauðsyn sé á þessari framhaldsdeild, og eigi hún að stofnast, þá á því, hvernig eigi að koma henni fyrir, svo að heppilegast sé. Er það mál lítt rannsakað og þarfnast nánari athugunar, áður en framkvæmt er.

Af þessum og fleiri ástæðum tel ég, að ekki beri að samþykkja þetta frumvarp nú. Ég tel, að það þurfi betra undirbúnings og athugunar við, og legg því til, að samþykkt verði svo hljóðandi

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Um leið og deildin felur ríkisstjórninni að láta athuga frumvarpið nánar og meðal annars fella það sem lið inn í heildarskólakerfi landsins og leggja það síðan svo breytt fyrir Alþingi, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. febrúar 1948.

Páll Zóphóníasson.

Nd. 412. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 374 [Bann gegn minkaeldi o. fl.].

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Við 1. tölul. (1. gr.). Framan við töluliðinn bætist:
   Frá 1. júlí 1948 skal vera óheimilt að stofna til minkaeldis í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi. Jafnframt skal sýslunefndum í þessum tveim fjórðungum vera heimilt eftir gildistöku þessara laga að kaupa eftir mati dómkvaddra manna þá minka, sem eru húsdýr innan endimarka sýslunnar. Ríkissjóður greiðir hálfan kostnað við þessar aðgerðir, móti hlutaðeigandi sýslufélagi.
2. Við 6. tölul. Töluliðurinn orðist svo:
   Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um bann gegn minkaeldi á Norður- og Austurlandi og útrýmingu villiminka.

Ed. 413. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hlutinn vill vísa málinu frá með þeim rökum, að skilyrði til að reka fiskiðjuver í Hornafirði séu slæm og því fjárfrek og áhættusöm. Ég legg hins vegar til, að frumv. verði samþykkt.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þótt Íslendingar standi þjóða fremst um fiskveiðar að tiltölu við fólksfjölda, er vinnslu og hagnýtingu aflans mjög ábótavant hjá okkur, þannig að árlega fara mjög mikil verðmætu forgörðum af þeim sökum.

Það er því naumast efamál, að jafnhliða því, sem fiskiskipafloti okkar stækkar, verðum við að leggja höfuðáherzlu á að vinna sem bezta og fjölbreyttasta vöru úr fiskinum og nýta hráefnið að fullu, en selja hann ekki úr landi að mestu óunninn og fleygja talsverðum hluta hráefnisins, svo sem verið hefur.

Höfn í Hornafirði er á vetrarvertíð aðalfiskihöfn fyrir allt Austurland. Með væntanlegum bættum hafnarskilyrðum þar mun fara mjög vaxandi það fiskimagn, sem berst þar á land. Hins vegar vantar algerlega aðstöðu til fiskverkunar á staðnum, og hafa fiskibátar stundum orðið að liggja í landi, þótt veiðiveður væri og mokafli, vegna þess að ekkert var hægt að gera við fiskinn.

Það er þess vegna aðkallandi nauðsynjamál fyrir vélbátaútgerðina á öllu Austurlandi, er reist verði í Hornafirði fiskiðjuver, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar er þess varla að vænta, að svo verði gert, nema ríkið hafi þar um forgöngu, vegna þess að viðkomandi sveitarfélag er fámennt og fátækt og útvegsmenn þeir, víðs vegar af Austurlandi, sem fiskveiðar stunda frá Hornafirði, févana smáútgerðarmenn.

Ég legg því til, eins og áður segir, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 28. febr. 1948.

Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 414. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Brynjólfur Bjarnason, hefur óbundnar hendur um afstöðu til þess. Pétur Magnússon var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 1. marz 1948.

Hermann Jónasson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Brynjólfur Bjarnason.

Þorst. Þorsteinsson.

Nd. # 415. Frumvarp til laga

um sóknargjöld.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, kr. 3.00—6.00 á ári eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.

Gjöld þessi skal innheimta að viðbættu álagi, er nemur meðaltali gildandi vísitölu næsta almanaksár á undan gjalddaga. Gjaldauki, sem nemur minna en kr. 0.50, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur kr. 0.50 eða meiru.

Undanþegnir þessu gjaldi til þjóðkirkjunnar eru þeir, sem teljast til utanþjóðkirkjusafnaða, er hafa löggiltan prest eða forstöðumann, enda nemi gjald þeirra til trúfélags síns hverju sinni eigi lægri upphæð en þeim hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og ekki undanþeginn gjaldi til hennar samkvæmt næstu málsgr. hér að framan, og skal þá sóknargjald hans renna í prófgjaldasjóð Háskóla Íslands.

Utanþjóðkirkjumönnum ber að sýna innheimtumanni sóknargjalda skilríki fyrir því, að þeir hafi greitt sóknargjald sitt, samkvæmt 3. og 4. málsgr., ella ber þeim að greiða gjöld þessi til sóknarkirkju sinnar.

Heimilt er sóknarnefndum, samkvæmt sérstakri umsókn þar um, að undanþiggja sóknargjaldskyldu um ákveðinn tíma þá menn, er þær telja eiga við svo bág kjör að búa, að þeim sé um megn að greiða sóknargjöld sín án þess að þurfa að leita opinberrar aðstoðar eða þola skort.

2. gr.

Sóknargjald skal miða við almanaksár og greiðist þeirri kirkju eða söfnuði, þar sem gjaldandi á lögheimili í ársbyrjun, og er eindagi þess 31. marz ár hvert fyrir það ár, sem er að líða.

3. gr.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkju fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar, og er henni þá heimilt, að fengnu leyfi safnaðarfundar, að jafna því, sem á vantar, niður á safnaðarmenn í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum. Lægra gjaldi en einni krónu skal þó sleppt.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefur eigi tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, er niðurjöfnun aukagjalds óheimil, nema kirkjustjórn veiti til þess sérstaka heimild fyrir eitt ár í senn, samkvæmt rökstuddri umsókn kirkjueiganda, og skal þá jafnan í leyfisbréfinu tiltekin sú upphæð, er heimilast að jafna niður á útsvarsgreiðendur.

4. gr.

Sóknargjald og niðurjöfnunargjald samkv. 3. gr. skal hver heimilisráðandi leggja fram fyrir þá, sem lögheimili eiga hjá honum, en hann á endurkröfurétt á hendur heimilismanna sinna, og má halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra.

Kjósi innheimtumaður sóknargjalda heldur að innheimta sóknargjald af hverjum einstökum gjaldanda, er honum það heimilt.

Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, greiðist úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði, ef gjaldandi hefur eigi sótt um eða fengið undanþágu frá sóknargjaldi samkv. 1. gr.

5. gr.

Presti eða öðrum þeim, er manntal skal taka, er skylt að láta sóknarnefndum eða innheimtumönnum sóknargjalda ókeypis í té skýrslur um manntal safnaðar til afnota við útreikning og innheimtu sóknargjalda.

6. gr.

Sóknarnefndir skulu hafa á hendi innheimtu sóknargjalda gegn 6% innheimtulaunum.

Þar, sem sóknarnefndir fela oddvitum eða innheimtumönnum þinggjalda innheimtu sóknargjalda, skulu þeir einnig innheimta gjöld utanþjóðkirkjumanna. Skulu þeir skila gjöldum þessum til kirkjufélaganna eða Háskóla Íslands, á sama hátt og skil eru gerð til þjóðkirkjusafnaðanna.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld, svo og lög nr. 72 27. júní 1941, um breyting á þeim lögum, og önnur ákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Nd. 416. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tryggja skal hjá Samábyrgðinni öll skip, er ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingarkjörin séu eigi lakari en hjá öðrum tryggingarfélögum, að dómi ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 417. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 108 frá 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo, að í stað orðanna „Heimilt er sýslunefnd“ komi: Sýslunefnd er skylt o. s .frv.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í byggingarsamþykkt skal ákveða, að í hverjum hreppi skuli vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd, og jafnmargir til vara.

Kosning fer fram að afloknum almennum hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlangs tíma og hreppsnefndarinnar.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi, er verði 5. og 6. gr., og breytist greinatala samkvæmt því:

a. (5. gr.) Heimilt er sýslunefndum að ráða byggingarfulltrúa. Skal teiknistofa landbúnaðarins samþykkja ráðningu þeirra.

Laun byggingarfulltrúa greiðist að hálfu af viðkomandi sýslusjóðum eða öðrum aðilum innan héraðsins, en heimilt er sýslunefndum að jafna því niður jöfnum höndum sem fastagjaldi og í hundraðshlutum af heildarfasteignamati jarða og húsa með lóðum. Þó má þetta gjald aldrei fara yfir 2.5‰ af fasteignamatinu.

Byggingarsjóður greiðir helming kostnaðarins.

Greiðsla byggingarsjóðs er háð þeim takmörkunum:

1. Að tala byggingarfulltrúa fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, fari ekki yfir 7.
2. Að skipting starfssvæða byggingarfulltrúa sé þessi:
   1. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnessýsla og Dalasýsla.
   2. Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslur, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur og Strandasýsla.
   3. Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýsla.
   4. Eyjafjarðarsýsla, Suður- og Norður-Þingeyjarsýslur.
   5. Norður- og Suður-Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýsla.
   6. Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
   7. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
3. Að byggingarfulltrúum séu greidd sömu laun og þeim embættismönnum ríkisins, er laun taka eftir VIII. flokki launalaga.

b. (6. gr.) Nú óskar sýslunefnd, að komið verði á samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa fyrir hlutaðeigandi byggingarumdæmi, sbr. 5. gr., 2. tölul., undirtölulið 1—7, og gerir sýslunefnd þá frumvarp að samþykkt þar að lútandi og sendir öllum sýslunefndum innan byggingarumdæmisins. Hljóti samþykktin ⅗ atkvæða allra sýslunefndarmanna á samþykktarsvæðinu, er hún bindandi fyrir öll sýslufélög innan þessa byggingarumdæmis. Nái samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa ekki löglegu samþykki samkv. 2. málslið þessarar greinar, getur hluti af byggingarumdæmi, sem þó verður að ná yfir eitt sýslufélag minnst, ráðið sér byggingarfulltrúa og fengið greidd hlutfallsleg laun hans úr byggingarstjóði, miðað við matsverð fasteigna á svæðinu borið saman við heildarfasteignamat í öllu byggingarumdæminu.

4. gr.

1. töluliður 9. gr. laganna, er verður 11. gr., orðist svo:

Fara um byggingarumdæmið og leiðbeina íbúum þess um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef þess er óskað. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í umdæminu ekki sjaldnar en fimmta hvert ár.

5. gr.

Upphaf 11. gr. laganna, er verður 13. gr., orðist svo:

Sýslunefndir í sama byggingarumdæmi hafa heimild til o. s. frv.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 418. Lög

um skráning skipa.

(Afgreidd frá Ed. 2. marz.)

Samhljóða þskj. 380.

Nd. 419. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í B-kafla 2. gr. laganna bætist á eftir 34. tölulið:
Hindisvík á Vatnsnesi.

2. gr.

Í stað orðanna „sambærilegu mannvirki“ í 4. mgr. 9. gr. laganna komi: hafnarmannvirkjum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 420. Fyrirspurnir.

1. Til ríkisstjórnarinnar um uppgröft á meintum beinum Jóns biskups Arasonar og sona hans og óleyfðan burtflutning þeirra frá Hólum í Hjaltadal.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvenær voru bein Jóns biskups Arasonar og sona hans grafin upp í Hólakirkjugarði og flutt þaðan burt?
2. Hver stóð fyrir uppgreftinum? Voru fengin leyfi til verksins hjá ríkisstjórninni, fornminjaverði og sóknarnefnd Hólakirkju?
3. Í hvaða skyni hefur nokkur hluti af svokallaðri beinagrind Jóns biskups verið send úr landi til einhvers konar rannsókna?
4. Hvenær ætlar ríkisstjórnin að láta skila þessum beinum í Hólakirkjugarð?

2. Til ríkisstjórnarinnar varðandi tilkostnað og útgjöld ríkisins við kaup og endurbætur á Bessastöðum svo og um búrekstur á þeirri jörð.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hverju sætir það, að aldrei eru tekin í fjárlög útgjöld ríkisins við endurbygging Bessastaða?
2. Hve mikið greiddi ríkissjóður Sigurði Jónassyni í sambandi við burtför hans af jörðinni?
3. Hve mikið hefur ríkið lagt til Bessastaða á síðustu árum til vega, sæsíma, síma og raflagna?
4. Hve mikið hefur ríkissjóður greitt fyrir viðgerð eða til nýbyggingar eftirtalinna húsa á Bessastöðum:
   a. Forsetahússins og móttökusalarins.
   b. Starfsmannahússins.
   c. Útihúsa.
   d. Fjóss og hlöðu.
   e. Alifuglahúss?

5. Hve mikil húsameistaralaun hefur ríkissjóður greitt fyrir hverja byggingu, sem tilgreind eru í 4. lið?
6. Hve miklu fé hefur verið varið til framræslu á Bessastöðum, til túnbóta, trjáræktar, garða og skipulags við húsagarð staðarins?
7. Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið:
   a. til bústofnskaupa á Bessastöðum,
   b. til hvers konar verkvéla vegna búrekstrarins,
   c. til húsbúnaðar í öll hús staðarins?
8. Hve stórt er búið nú, og hver er meðaluppskera, bæði heyfengur og garðmeti?
9. Hver hefur orðið hagnaður eða tekjuhalli á búrekstrinum á Bessastöðum hvert ár, síðan ríkið hóf þar búrekstur?

Ed. 421. Breytingartillögur

við frv. til l. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 73. gr. Annar málsliður orðist svo:
   Starfssvæði það, sem sérhverjum ráðunaut er ætlað, skal vera nægilega stórt að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra það.
2. Við 74. gr.
   a. Í stað „hálf laun“ í fyrstu málsgr. komi: ⅔ launa.
   b. Í stað orðanna „eigi minna fé til starfseminnar“ í annarri málsgr. komi: ⅔ af launum ráðunautsins.

Ed. 422. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr. svo hljóðandi (greinatalan breytist samkvæmt því):

Á eftir 45 gr. laganna komi ný grein, er hljóði svo:

Þá er framtalsnefnd hefur lokið störfum samkvæmt 45. gr., skal hún ákveða mönnum skatt samkvæmt 17. gr. og gera um það skattskrár, þar sem skattgreiðendur eru taldir í stafrófsröð, hver í sínu skattaumdæmi. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis almenningi í 14 daga, og skal auglýsa, hvaða tíma hún liggur frammi í hverju skattaumdæmi.

Rétt hafa menn til að kæra yfir skatti þeim, er á þá er lagður, en gera skulu þeir það til framtalsnefndar innan mánaðar frá því, að útrunninn er sá tími, er skattskrá lá frammi.

Framtalsnefnd skal úrskurða allar kærur, er henni berast, eftir að hún hefur rannsakað málið að nýju, og tilkynna kæranda niðurstöðu úrskurðar síns. Úrskurði framtalsnefndar má skjóta til dómstólanna.

Ed. 423. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að verja fé til eflingar bindindisstarfsemi.

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að verja árlega úr ríkissjóði allt að fimm hundruð þúsund krónum til eflingar bindindisstarfsemi í landinu.

Ed. 424. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Menntaskólar skulu vera fimm, einn í Reykjavík, annar á Akureyri, þriðji á Ísafirði, fjórði á Eiðum og fimmti í sveit á Suðurlandi.
Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og koma ákvæðin um stofnun hinna nýju skóla til framkvæmda, jafnóðum og fé er veitt til þeirra á fjárlögum.

Nd. 425. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um orlof, nr. 16 26. febrúar 1943.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Ég hef ekki getað átt samleið með háttv. meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa frv. Ég er fylgjandi 1. gr. frv., en í henni felst það, að útgerðarmenn skuli greiða hlutarsjómönnum jafnmikið orlofsfé og atvinnurekendur eru skyldir til að greiða þeim launþegum öðrum, sem lögin taka til, eða 4% af kaupi þeirra. Samkvæmd gildandi lögum greiðir útgerðarmaður hlutarsjómanni aðeins 2% af kaupi hans í orlofsfé. Er það byggt á því, að hlutarsjómenn séu þátttakendur í útgerðinni og því eigi þeir aðeins rétt á hálfu orlofsfé af hendi útgerðarmanns. Að formi til eru hlutarsjómenn að vísu hluttakendur í rekstri útgerðarinnar, en í raun og veru eru þeir launþegar engu að síður, þótt upphæð launa þeirra sé reiknuð á sérstakan hátt. Með tilliti til þess, að fáir eða engir starfsmenn munu vinna erfiðara og áhættusamara starf en einmitt hlutarsjómennirnir, virðist ástæðulaust, að þeir búi við minni rétt til orlofsfjár en aðrir launþegar.

Ég er hins vegar andvígur 2. gr. frv. Í henni felst það, að fyrningarfrestur krafna um orlofsfé skuli lengdur til jafns við fyrningarfrest launakrafna. Orlofsféð er ekki laun, og á ekki að skoða það sem hreina launaviðbót, heldur sem hlunnindi, sem ætlað er að gera launþegum kleift að njóta orlofs. Það er ekki hagsmunamál verkalýðssamtaka, að litið sé á orlofsféð sem launaviðbót einvörðungu. En verði fyrningarfrestur orlofsfjár lengdur til jafns við fyrningarfrest launa, yrði það til þess

að efla þá skoðun, að orlofsféð sé laun. Þau ákvæði núgildandi laga, að orlofsfjárkröfur fyrnist, ef þær eru ekki viðurkenndar eða lögsókn hafin til innheimtu þeirra, áður en eitt orlofsár líður til viðbótar því, er kröfurnar voru stofnaðar, eða m. ö. o. á 1—2 árum, virðast ekki óeðlileg. Það er ekki ósanngjarnt að ætlast til þess af launþegum, að þeir krefjist orlofsfjár síns innan þess tíma, enda á orlofsféð að notast til orlofs á þessu tímabili. Fáist féð eigi greitt, má auðvitað koma í veg fyrir fyrningu kröfunnar með málssókn.

Alþingi, 2. marz 1948.

Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 426. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 142 (Menntaskólar).

Frá Eiríki Einarssyni.

2. málsgrein brtt. orðist svo:

Ef fé er veitt til þess í fjárlögum, er enn fremur heimilt að reisa menntaskóla í sveit á Suðurlandi, þar sem Alþingi þá ákveður.

Nd. 427. Frumvarp til laga

um Landsbókasafn.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands.

2. gr.

Hlutverk Landsbókasafns er:

1. að annast söfnun og varðveizlu íslenzkra rita og rita, er varða Ísland eða íslenzk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra;
2. að halda uppi safni erlendra bókmennta í öllum greinum vísinda, lista, tækni og samtíðarmálefna;
3. að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði;
4. að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta og íslenzkrar menningar á erlendum vettvangi.

3. gr.

Landsbókasafn skal þaulsafna öllu prentuðu máli á íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar. Það skal varðveita ónotað eitt eintak af öllu íslenzku prentmáli, sem kostur er á, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

4. gr.

Landsbókasafnið varðveitir handritasafn og skal vinna að söfnun íslenzkra handrita og erlendra handrita, er varða íslenzk efni, og greiða fyrir rannsókn þeirra og útgáfu. Það skal vinna að öflun eftirrita eða mynda af íslenzkum handritum, sem erlendis eru, ef frumritin eru eigi fáanleg.

5. gr.

Landsbókasafn skal halda uppi rannsóknum í íslenzkri bókfræði og gefa út skrár íslenzkra bóka og handrita og önnur rit, er íslenzka bókfræði varða, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

6. gr.

Landsbókasafn veitir viðtöku skyldueintökum frá íslenzkum prentsmiðjum og annast ráðstöfun þeirra samkvæmt reglugerð.

Safnið skal reka miðstöð bókaskipta við erlend söfn og vísindastofnanir.

7. gr.

Landsbókasafn skal hafa samvinnu við Háskólabókasafn og sérfræðibókasöfn, sem ríkisstofnanir og félög eiga, um bókakaup og bókalán. Halda skal uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir söfn þessi, og má fela Háskólabókasafni forstöðu hennar að fengnu samþykki háskólaráðs.

8. gr.

Forseti skipar landsbókavörð. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar allt að 6 bókaverði, að fengnum tillögum landsbókavarðar.

9. gr.

Laun landsbókavarðar og bókavarða fara eftir launalögum.

10. gr.

Landsbókavörður ræður bókakaupum til safnsins, eftir því sem fé endist til.

Háskólaráð skipar safninu ráðunauta um bókaval, svo marga og í þeim fræðigreinum, sem ástæða þykir til. Starf þeirra er ólaunað.

Landsbókavörður skal leita tillagna ráðunautanna um bókakaup til safnsins.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, samvinnu þess við önnur bókasöfn og önnur atriði, er ástæða þykir til. Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á starfsreglum safnsins.

12. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 56 22. nóv. 1907, um stjórn landsbókasafnsins, og lög 33 4. júní 1924, um sameiningu yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á s. l. hausti skipaði menntamálaráðuneytið bókasafnanefnd með því verkefni að

„1. gera tillögur til ráðuneytisins um, hvert vera skuli verksvið Landsbókasafns og Háskólabókasafns, hvors um sig,
2. endurskoða gildandi ákvæði um skyldueintök rita hana bókasöfnum,
3. gera tillögur um önnur atriði varðandi bókasöfn, er nefndinni virðist ástæða til.“

Í nefndina voru skipaðir þeir Björn Sigfússon, háskólabókavörður, Finnur Sigmundsson, landsbókavörður, Jakob Benediktsson, ritstjóri, Sigurður Nordal, prófessor, og Þorkell Jóhannesson, prófessor. Nefndin varð sammála um frv. þetta.

Frv. er ætlað að marka stefnuna í vísindalegum bókasafnsmálum þjóðarinnar. Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands, svo sem verið hefur. Háskólabókasöfn og önnur sérsöfn eiga sérstökum hlutverkum að gegna og lýtur hvert sínum tilgangi og sinni stjórn, sem ekki er ástæða til að setja löggjöf um í þessu sambandi. En gert er ráð fyrir samvinnu safnanna með frjálsu samkomulagi og hafi Landsbókasafn forystu um þá samvinnu.

Hlutverk Landsbókasafns verður eins og áður fyrst og fremst varðveizla íslenzkra rita, prentaðra og óprentaðra, og rita, er Ísland og íslenzk efni varða. Jafnframt heldur safnið uppi almennum erlendum bókakosti, svo víðtækum sem tök eru á. Starfssvið safnsins og notkun verður eingöngu miðað við fræðimenn. Það getur ekki gegnt hlutverki almannabókasafns. Það hlutverk verður að ætla bæjar- og héraðsbókasöfnum og lestrarfélögum.

Fram til síðustu áratuga hefur Landsbókasafn verið hið eina vísindalega bókasafn þjóðarinnar. En nú hafa risið upp eða eru að rísa nokkur önnur vísindaleg bókasöfn. Stærst þeirra er Háskólabókasafn. En auk þess hafa ýmsar stofnanir efnt til bókasafna vegna starfsemi sinnar eða rannsókna, svo sem atvinnudeild háskólans, rannsóknastofa háskólans, náttúrugripasafnið o. fl. Hvert þessara safna er miðað við þarfir sinnar stofnunar og ætlað það hlutverk framvegis. En samvinna allra slíkra safna er eðlileg og nauðsynleg, og er Landsbókasafni ætlað að gangast fyrir henni.

Koma á upp skráningarmiðstöð safnanna. Er gert ráð fyrir því, að Háskólabókasafn annist hana, að fengnu samþykki háskólaráðs. Það er talið heppilegt fyrirkomulag, því að mörg sérsafnanna eru tengd háskólanum.

Með þeirri skráningarmiðstöð notast bókakostur safnanna að fullu, hvar sem bækurnar eru varðveittar. Menn geta gengið að skránni og fengið þar yfirlit um bókakost safnanna og gengið síðan að bókunum, þar sem þær eru.

Auk þess sem þetta fyrirkomulag tryggir hina fyllstu notkun bókakosts þess, sem til er, stuðlar það einnig að hagkvæmri meðferð þess fjár, sem til bókakaupa er varið, og kemur í veg fyrir óþörf kaup sama rits til tveggja bókasafna eða fleiri.

Gert er ráð fyrir því, að söfnin komi sér saman um nánara fyrirkomulag þessarar samvinnu, svo sem skráningu bókanna, röðun þeirra og notkun og lán bókasafna á milli. En hvert safn, sem þátt tekur í þessari samvinnu, skuldbindur sig um leið til að hlíta þeim reglum, sem um hana verða settar.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að Landsbókasafn reki miðstöð bókaskipta við erlend söfn og vísindastofnanir. Til þeirrar starfsemi ver það fyrst og fremst skyldueintökum þeim, sem ekki þarf að ráðstafa innanlands. Má ætla, af safnið geti á þennan hátt aukið bókakost sinn að dýrmætum verkum á hagkvæman hátt. Að sjálfsögðu getur miðstöð bókaskiptanna einnig orðið sérsöfnunum til stuðnings á sama hátt. En auk þess má ætla, að íslenzkir útgefendur mundu vilja eiga samvinnu við slíka miðstöð og njóta hennar til þess að kynna bækur sínar erlendis.

Slík miðstöð bókaskipta ætti að verða mikilvæg til kynningar íslenzkra bókmennta og bókagerðar erlendis og tekur upp hlutverk, er hingað til hefur ekki verið unnið að á markvissan hátt.

Loks er Landsbókasafni fengið það hlutverk að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði og gefa út nauðsynlegar bókaskrár. Hlýtur það að teljast skylda þjóðbókasafnsins fremur en annarra, og er mjög brýn nauðsyn á, að það verk verði unnið skjótlega.

Nd. **428. Frumvarp til laga**

um afhending skyldueintaka til bókasafna.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Öllum prentsmiðjum hér á landi og öðrum fyrirtækjum, sem margfalda prentað eða ritað mál, nótur, myndir og uppdrætti (með ljósprentun, steinprentun, koparstungu, fjölritun o. s. frv.), er skylt að láta Landsbókasafni í té ókeypis af framleiðslu sinni sem hér segir:

a) fjögur eintök af smáprenti öllu, sem minna er en ein örk, þar með taldar myndir og uppdrættir, sem ekki eru hluti bóka eða blaða, svo og bókum, tímaritum og blöðum, sem fjölrituð eru í 50 eintökum eða fleiri,
b) átta eintök af blöðum, sem út koma einu sinni á viku eða oftar,
c) tólf eintök af öllu öðru prentmáli.

Af bókum og ritum, sem íslenzkir bókaútgefendur láta prenta erlendis, skal kostnaðarmaður skyldur að afhenda Landsbókasafni ókeypis eintök eftir sömu reglum, sem að ofan greinir.

Bækur og tímarit skulu afhent heft, og sé rit prentað á fleiri tegundir pappírs en eina, skulu að minnsta kosti þrjú eintök vera á þeirri pappírstegund, sem bezt er.

Afhendingarskyldar eru endurprentanir og sérprentanir úr blöðum og tímaritum, nýjar útgáfur og endurprentanir bóka, séu breytingar gerðar á efni þeirra eða fyrirkomulagi, enda þótt sama leturgerð og bókin ekki talin ný útgáfa.

2. gr.

Enn fremur skulu útgefendur þeir, stofnanir, félög eða einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að 10 eintökum hvers slíks rits, ef landsbókavörður óskar þess.

3. gr.

Það prentað mál, sem er algert trúnaðar- eða einkamál og aðeins ætlað ákveðnum þröngum hópi manna, getur útgefandi ákveðið að bókasöfn leyfi ekki að nota, fyrr en að ákveðnum tíma liðnum. Sá tími má þó ekki fara fram úr 50 árum, og geymast þessi rit á meðan hvergi nema í Landsbókasafni, ef útgefandi óskar.

Undanþegin afhendingarskyldu eru verðbréf og hlutabréf, bankaseðlar og annar prentaður gjaldmiðill.

4. gr.

Landsbókasafn veitir skyldueintökum viðtöku. Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð að fengnum tillögum landsbókavarðar, hve oft og hvar afhending skuli fara fram á ári hverju. Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur og aðrar stofnanir, sem lög þessi ná til, senda landsbókaverði skrá í minnst 10 eintökum um allt prentmál, smátt og stórt, sem í þeim hefur verið prentað eða margfaldað á árinu.

5. gr.

Af skyldueintökum þeim, sem talin eru í 1. gr., skal Landsbókasafn varðveita tvö, eitt skal lagt til Háskólabókasafns og eitt til bókasafns Norðurlands á Akureyri. Öðrum skyldueintökum skal Landsbókasafn ráðstafa til bókasafna og vísindastofnana. Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð að fengnum tillögum landsbókavarðar nánari ákvæði um skiptingu þeirra.

6. gr.

Verði prentsmiðja gjaldþrota eða hætti störfum, áður en afhending skyldueintaka hefur farið fram, er þrotabúinu eða kostnaðarmönnum prentmálsins skylt að sjá um, að ákvæðum 1. gr. sé fullnægt.

7. gr.

Vanskil á prentmáli varða sektum frá 50—5000 kr., sé eigi bætt úr vanrækslu, þegar áminnt er um það. Mál um brot gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um prentsmiðjur nr. 23 4. des. 1886, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim fram að þessu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 26. nóv. 1947 skipaði menntamálaráðuneytið dr. Sigurð Nordal, dr. Björn Sigfússon, Finn Sigmundsson, landsbókavörð, Jakob Benediktsson, magister, og dr. Þorkel Jóhannesson í nefnd til athugunar á bókasafnsmálum. Hefur nefndin samið frumvarp þetta og lét fylgja því svofellda greinargerð:

Samkvæmt 2. lið í erindisbréfi sínu hefur bókasafnanefnd gert þetta frumvarp.

Sökum þess að lög nr. 18 31. maí 1927 fjalla um prentsmiðjur, jafnt og um aðra iðju og iðnað, ber að afnema prentsmiðjulögin, nr. 23 4. des. 1886, en setja ný lög um skyldueintök til bókasafna.

Frv. bókasafnanefndar til laga um Landsbókasafn gerir í 6. gr., ef að lögum verður, breyting á afhendingu skyldueintakanna og enn meiri breyting á fyrirkomulagi þess, hvernig ráðstafað verður skyldueintökum til bókasafna erlendis. Af þeim rökum verða hin nýju lög um skyldueintök mjög frábrugðin prentsmiðjulögunum, og ber að geta nokkurs um einstakar greinar:

Um 1. gr.

Fækkað er skyldueintökum af smáprenti niður í 4 eintök. Þar er meginefnið auglýsingar, áætlanir farartækja, verzlunarnótur, uppdrættir, hvers konar myndaprent, sem eigi er partur bókar, grafljóð, söngskrár og ýmsar sérprentanir. Þessa 4 eintaka skyldu þykir nauðsyn að leggja á allt fjölritað mál, sem birt er í minnst 50 eintökum innan félags eða á almennari vettvangi. Þar eru oft fólgnar merkar söguheimildir og merki félagsmálaþróunar, staðbundnar fréttir, gamanmyndir, frumútgáfur smásagna og ljóða. Af félagsblöðum og skólablöðum eru árgangar sumir oft fjölritaðir, en sumir prentaðir, og yrði varðveizla slíkra rita gloppótt án þessa ákvæðis og meir undir tilviljunum komin en við verður unað lengur.

Í stað 12 eintaka, sem prentsmiðjum hefur undanfarið verið skylt að láta af blöðum öllum og ýmsum tímaritum, þykir rétt að ákveða 8 eintök dagblaða og vikublaða, þótt 12 eintök verði tekin af öðru. Fæst hin minni bókasöfn eiga nægilegt bókbandsfé og húsrúm til að varðveita vansæmdarlaust um alla framtíð skyldueintök blaðanna. Þeim verður hvorki gagn né álitsauki að hlöðum óbundinna blaða, sem þau hafa eignazt, en sjaldan fengið svo heil, að kostandi þætti til bandsins. Með vaxandi skyldum verður fjórðungsbókasöfnum enn brýnna en fyrr að spara á þessum lið, og þykir nefndinni hæfilegt að ætla einungis þrem innlendum söfnum skylduna að varðveita blöðin öll og smáprentið.

Til útlanda eiga samkvæmt gildandi lögum að fara 4 skyldueintök af blöðum sem öðru prentmáli, og þykir eigi rétt að skerða skyldueintakafjöldann meir en

svo, að hægt væri að halda við öllum skiptisamböndum, sem nú eru, ef samningar þættu æskilegir þannig, sbr. 5. gr. um ráðstöfunarrétt Landsbókasafns.

Öll söfn, sem talsverða aðsókn hafa, þurfa að fá einhver fréttablöð og nota þau um leið og þau koma út. Til þess hafa amtsbókasöfnum aldrei dugað skyldueintök, sem berast þeim ári eftir prentun, svo að skyldueintakasvipting rænir þau engu, sem við þá þörf miðast. En ætla má, að hvert það safn, sem opna lesstofu hefur, muni geta fengið helztu flokksblöðin send með vægum skilmálum.

Nefndin hefur að öðru leyti haldið óbreyttum 12 eintaka fjölda þar, sem hann var ákveðinn í prentsmiðjulögunum, og hækkað eintakafjölda annars prentmáls úr 11 í 12 eintök. Bókaútgefendur munu ekki telja þetta viðbótareintak eftir, þar sem það getur engin áhrif haft á sölu bókar innanlands.

Rit, sem innlendir útgefendur láta prenta erlendis og flytja inn í landið, eru gerð afhendingarskyld, eins og gert er með öðrum þjóðum, þótt hér hafi skort um það lagafyrirmæli.

Mikill hluti rita hefur verið afhentur söfnunum heftur, þótt það hafi ekki verið lögskylt. Nú þykir söfnum nauðsyn að lögfesta um það reglu. Hitt þótti nefndinni eigi fært, að neitt yrði lögleitt um bókband á skyldueintökum. En vitað er, að sum bókasöfn muni leita samninga við útgefendur um að kaupa venjulegt forlagsband á mörg hinna heftu skyldueintaka, og er heftingin meðal annars þýðingarmikið spor til að auðvelda þau viðskipti.

Sjálfsagt þykir að samræma tvenn núgildandi ákvæði um pappírsgæði þriggja eintaka í það horf, sem gert er í frv., en fella niður í staðinn óframkvæmanlegan lagastaf um eintök prentuð á skrifpappír.

Um 2. gr.

Sakir nauðsynja Landsbókasafns að afla sendilegra rita fyrir skiptimiðstöð sína, sbr. 6. gr. í frv. til laga um Landsbókasafn, þykir sanngjarnt að veita landsbókaverði þennan rétt. Þegar útgefendur vita fyrirfram um kvöðina, sem styrk fylgir, kostar hún þá litlu meira en nemur pappír og framhaldsprentun þessara eintaka. Afhendingin getur ekki dregið úr innanlandssölu bókar, en þarflegt getur reynzt, að Landsbókasafnið útbreiði þessi rit erlendis.

Um 3. gr.

Ákvæði þessi eru ný, en nauðsynleg. Ekki er æskilegt, að leyndarskylda sé lengri en þarf, og mætti, þegar reynsla er fengin, takmarka hana nánar eftir tegundum efnis og setja um það ákvæði í reglugerð Landsbókasafns. Rangt þykir að láta eigi söfnunarskylduna ná til rita, þótt hvergi séu til sölu höfð.

Um 4. gr.

Með ákv. þessarar gr. er því starfi létt af lögreglustjórum að annast og ábyrgjast innheimtu og dreifing skyldueintaka. Þetta eykur starf í Landsbókasafni, en hindrar tvíverknað, tafir og óþægindi fyrir marga aðila. Reynsla hefur sýnt, að bæði lögreglustjórar og bókaverðir hafa talið sér hagræði að sniðganga lög um þetta efni og koma á milliliðalausum viðskiptum safnanna og prentsmiðjanna. Með því hefur þó skapazt eftirlitsleysi og glundroði, sem ekki er hægt að sporna við, nema móttaka eintakanna sé öll á valdi Landsbókasafns. Vitanlega er það ekki tilgangur þessarar gr., að bækur prentaðar á Akureyri skuli fyrst fluttar til Reykjavíkur í Landsbókasafnið og skyldueintak sömu rita til bókasafnsins á Akureyri flutt að því búnu þangað norður. Þess vegna ákveður reglugerð, hvar afhending fer fram o. s. frv.

Ákvæðið um bókaskrár er staðfesting venjunnar, sem nú ríkir.

Um 5. gr.

Núgildandi ákvæði eiga að haldast um skyldueintakavarðveizlu Landsbókasafns, Háskólabókasafns og bókasafns Norðurlands á Akureyri.

Um ráðstöfun annarra skyldueintaka má hiklaust ætla, að reglugerð dugi.

Meðan Ísland var í löggjafartengslum við Danaveldi, var ekki óeðlilegt, að löggjöf ákvæði um þau þrjú skyldueintök, sem prentsmiðjulögin ráðstafa þangað, og um skyldueintak til háskólans í Winnipeg var látin ná sama regla. Eftir skilnað Íslands og Danmerkur á þetta eftir eðli málsins að breytast í bókaskiptasamninga, sem þjóðbókasöfnin verði meginaðilar að, og um skyldueintakasendingu til Vesturheims er bezt, að gildi sama regla. Lagabreytingin, sem hér er lagt til að gera, fyrirbyggir ekki, að bókasendingar til hinna erlendu aðila verði nær óbreyttar frá því, sem er, en fastræður ekkert um, að þær skuli vera óbreyttar. Menntamálaráðherra og landsbókaverði hlýtur að verða annt um það á hverjum tíma, að reglugerðarákvæðin um bókaskipti við útlönd séu haganleg landsmönnum og samvinnunni milli þjóða.

Bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar, bókasafn Austurlands á Seyðisfirði og bókasafn Vesturlands í Stykkishólmi eru samkvæmt prentsmiðjulögunum skyld að taka til varðveizlu allt prentmál í sama mæli og hin stærri og efnaðri söfn. Bókasafnsnefnd hugði, að auka þyrfti mjög tekjur og skyldur þessara safna, en beina vexti þeirra þangað meir sem notkunarþarfir eru brýnastar. Þess vegna vildi hún taka burt frá þeim kvöðina um alhliða varðveizlu, en treysta menntamálaráðherra, sem er háður þingvilja, til að tryggja þessum söfnum í reglugerð þann rétt, sem þeim er hollastur, til að kjósa ókeypis allar nauðsynlegar bækur og tímarit úr skyldueintökum. Um val þeirra safna á skyldueintökum blaða verður miklu þrengra, eins og sýnt er í skýringunni við 1. gr. Og nokkurn kost blaða hlýtur reglugerðin að ætla þjóðskjalasafni, sem tekið hefur við skyldueintökum þeirra að lögum. En líkur eru til, að blaðaeftirspurn útlendu bókasafnanna verði minni en nemur þeim 4 eintökum blaða, sem þeim eru ætluð nú í lögum, og verða þá möguleikar innlendu safnanna til blaðasöfnunar eitthvað minna skertir en ætla má af 1. gr.

Um 6.—8. gr.

þarf ekki að fjölyrða.

Sþ. 429. Nefndarálit

um till. til þál. um ferjur á Hornafjörð og Berufjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd sendi tillögu þessa til umsagnar vegamálastjóra og hefur nú meðtekið umsögn hans fyrir nokkru. Í umsögn sinni getur vegamálastjóri þess, að hann sé á förum til útlanda, meðal annars til að afla upplýsinga um ferjur, er gætu hentað á þeim stöðum er þáltill. ræðir um. Telur nefndin þetta vel farið, og er þá eftir að gera kostnaðaráætlun samkv. þeim niðurstöðum, er rannsóknir vegamálastjóra leiða í ljós. Mælir nefndin með, að hún verði gerð og leggur því til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 3. marz 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Jón Gíslason.
Sigfús Sigurhjartarson.	Ingólfur Jónsson.	Sigurður Bjarnason.
	Ásg. Ásgeirsson.	

Nd. 430. Frumvarp til laga

um brunavarnir og brunamál.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. Stjórn brunamála.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála hefur það ráðuneyti, sem fer með tryggingamál.

Heimilt er ráðuneytinu að gera kröfur til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, hvernig slökkviliði skuli skipað og hver slökkvitæki skuli vera til.

Ráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum Brunabótafélags Íslands, að skipa sérstakan mann til þess að hafa yfirumsjón með, að lögum þessum sé hlýtt, skal hann og leiðbeina bæjar- og sveitarstjórnum um allt það, er við kemur verklegum og skipulegum framkvæmdum til brunavarna.

Þóknun til yfirumsjónarmanns brunavarna og annan kostnað við eftirlitið greiðir Brunabótafélag Íslands.

Bæjarstjórnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum og sveitum skal skylt að annast og kosta brunamálaeftirlit og brunavarnir, eftir fyrirmælum laga þessara og reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim, og hafa eftirlit með, að lögum þessum sé hlýtt.

2. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, hvort heldur eru sjálfstæð hreppsfélög eða hluti úr hreppsfélagi, skal kjósa brunamálanefnd og skipa slökkvilið, er búið sé þeim slökkvitækjum, sem ákveðið er í brunamálasamþykkt. Þar skal og setja samþykkt um brunavarnir og slökkvilið, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Bæjarstjórn í kaupstöðum, en hreppsnefnd í kauptúnum kýs brunamálanefnd. Í kaupstöðum er heimilt að fela bæjarráði störf brunamálanefndar. Bæjarstjóri eða hreppsnefndaroddviti, ef hann er búsettur innan kauptúnsins, skal vera formaður nefndarinnar, ella skal hreppsnefnd kjósa formann, er sé búsettur í kauptúninu. Auk formanns skal nefndin skipuð minnst 2 mönnum, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn, og 1—2 mönnum til vara. Um endurkosningu gilda sömu reglur og í öðrum slíkum nefndum. Að minnsta kosti 1 nefndarmanna skal vera byggingarfróður (húsameistari, trésmiður eða múrari). Enn fremur skal eiga sæti í nefndinni lögreglustjóri (hreppstjóri) eða fulltrúi hans. Nefndin kýs sér varaformann.

Nefndin skal halda fundi svo oft sem þörf er og jafnan, ef slökkviliðsstjóri eða lögreglustjóri æskir þess. Nefndin er starfhæf, ef meiri hluti hennar er á fundi. Um ákvarðanir ræður afl atkvæða, en ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns. Nefndin skal halda gerðabók. Slökkviliðsstjóri, eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, skal sitja fundi brunamálanefndar. Hann hefur þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, og á rétt á að fá bókað álit sitt í gerðabók nefndarinnar. Í sveitum kemur hreppsnefnd í stað brunamálanefndar.

4. gr.

Bæjarstjórn (hreppsnefnd) skal leita umsagnar brunamálanefndar um öll mál, er snerta brunamál kaupstaðarins (kauptúnsins). Hún skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra að fengnum tillögum brunamálanefndar og ákveður þeim laun eða þóknun fyrir starf þeirra, er greiðist úr bæjarsjóði (sveitarsjóði).

5. gr.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi undir umsjón bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, eftirlit með brunavörnum og slökkviliði. Hún skal sjá um, að framkvæmd

þessara mála sé samkvæmt lögum og reglugerðum og láta sér annt um nauðsynlegar umbætur á þessu sviði.

Í hverjum kaupstað og kauptúni, er lög þessi ná til, skal setja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skipun slökkviliðs og brunamála.

Brunamálanefnd tilnefnir aðra starfsmenn slökkviliðsins en slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra, eftir tillögum slökkviliðsstjóra og samkvæmt heimild bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um greiðslu þóknunar fyrir starfið. Í reglugerð má ákveða, að fastir starfsmenn skuli ráðnir af bæjarstjórn, eftir tillögum brunamálanefndar.

II. Um slökkvilið.

6. gr.

Slökkviliðsstjórinn, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Hann hefur og umsjón með slökkvitækjum öllum.

7. gr.

Allir verkfærir karlmenn 18—55 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum (kauptúninu), eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Skulu þeir vera skyldir að mæta við slökkviæfingar allt að 4 sinnum á ári, og auk þess skulu þeir mæta tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum. Heimilt er í reglugerð að undanþiggja menn 50 ára og eldri, svo og menn, er hafa sérstökum störfum að gegna.

Í kaupstöðum, þar sem slökkviliðið er skipað fastráðnum liðsmönnum, má í reglugerð takmarka þegnskyldu þessa eða fella hana niður.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að kveðja svo marga menn til aðstoðar við að slökkva eld sem hann telur þörf fyrir, og getur enginn skorazt undan þeirri skyldu. Þeir, sem taka þannig þátt í slökkvistarfi, skulu inna það af hendi endurgjaldslaust, en hafa sama skaðabótarétt á hendur sveitarsjóði sem slökkviliðsmenn.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að slökkviliðsæfingar séu haldnar svo oft á ári sem áskilið er í brunamálareglugerð.

8. gr.

Lögreglustjóri, ef hann býr í kaupstaðnum eða kauptúninu, en ella þar búsettur fulltrúi hans, skal ásamt lögregluliði kaupstaðarins eða kauptúnsins annast löggæzlu við slökkviliðsæfingar og eldsvoða. Við æfingar og eldsvoða skal lögregluliðið vera undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra.

Lögregluliðið skal í samráði við slökkviliðsstjórn sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

9. gr.

Slökkviliðsmenn allir, sem tilkvaddir eru af slökkviliðsstjóra, skulu skyldir að hlýða boðum hans og annarra yfirmanna sinna. Þeir skulu njóta verndar og réttinda opinberra starfsmanna, þá er þeir eru að starfi sínu. Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að eldvörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu vera slysatryggðir við æfingar og störf sín í þágu eldvarna, samkv. ákvæðum laga um slysatryggingu.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu eldvarna, eiga rétt á að fá skemmdirnar endurgreiddar úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði, enda séu þau ekki vátryggð gegn eldtjóni í einhverju brunabótafélagi. Skemmdir skal meta, ef ekki næst samkomulag.

III. Um meðferð á eldi, ljósum, eldfimum efnum, eldfæraeftirlit o. fl.

10. gr.

Allir eru skyldir að fara varlega með eldspýtur, eld, ljós, lampa, eldfæri, hvers konar rafmagnsáhöld, eldfim efni og sjálfkveikjuefni og annað, sem valdið getur eldsvoða eða stuðlað að því, að hann komi upp. Húsbændur og húsmæður skulu hafa eftirlit með, að börn þeirra, heimilisfólk eða aðrir, sem í þeirra þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sér svo í þessu efni, að eigi verði að fundið. Í leiguhúsi skal eigandinn eða umráðamaður hans hafa gætur á því, að leigjendur hans og aðrir, sem búa í húsinu, vanræki ekki það, sem grein þessi skipar fyrir um, og skulu þeir, eftir því sem unnt er, koma í veg fyrir það og hindra. Sérstaklega ber að gæta hinnar ýtrustu varúðar um meðferð kertaljósa á jólatrjám og ljósa eða elds í kringum þau.

Það er með öllu bannað:

1. Að leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hey, fatnað og annað því um líkt, við eldstæði eða upp við reykháfa og reykpípur.
2. Að bera kerti eða lampa, sem kveikt hefur verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður eða annan eld nema í lokuðum járnkassa um fjós, fjárhús, hesthús, heyhlöður, vinnustöðvar eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrirliggjandi af heyi, hefilspónum eða öðrum eldfimum efnum. Enn fremur að reykja tóbak eða kasta þar frá sér logandi eldspýtu, vindli eða vindlingi með glóð. Sérstaka aðgæzlu skal hafa þar, sem geymdar eru bifreiðar eða aðrar vélar, sem nota benzín eða annað eldfimt efni.
3. Að nota benzín innanhúss til þvotta eða til að hreinsa fatnað, nema smáskammta úr lyfjabúðum.
4. Að hella steinolíu eða benzíni í eldstæði, sem eldur eða eldglæður eru í.
5. Að geyma í húsum ösku og annan úrgang frá eldstæðum. Allan slíkan úrgang skal jafnóðum bera út og geyma þannig, að fyrirbyggð sé öll hætta á, að í því kvikni.
6. Að hleypa af skotvopnum nálægt húsum, heyhlöðum, móhlöðum eða öðru jafneldfimu.
7. Að kveikja skotelda og tendra bál, blys eða bikhringa, nema með leyfi lögreglustjóra, og er þá skylt að fara eftir reglum þeim, er hann setur.
8. Að láta kertaljós eða lampaljós standa í gluggum eða nærri súð eða lofti.

11. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatréssamkomur, nema leyfi lögreglustjóra eða hreppstjóra komi til. Má ekki halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars um útbúnað dyra, stiga og annarra skilyrða til útgöngu.

Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum yfirumsjónarmanns með brunavörnum, sett ákvæði um varúðarráðstafanir gegn eldsvoða, einkum þar, sem sérstök eldhætta er, svo sem í leikhúsum, kvikmyndahúsum, samkomuhúsum, á opinberum jólatréssamkomum og þar, sem jólatré með kertaljósum eru notuð, hvort sem er á samkomum eða í heimahúsum. Í reglugerð þessari má ákveða, að sérstakt eftirlit á kostnað eiganda eða þess, er samkomurnar heldur, skuli haft með opinberum leiksýningum og jólatrésskemmtunum að því er tekur til eldhættu. Í reglugerðinni má setja nánari reglur um útbúnað dyra og önnur skilyrði til útgöngu úr leikhúsum og samkomuhúsum, ef eldsvoða ber að höndum. Ber þá að taka sérstakt tillit til þess, hvort húsin sjálf eru úr timbri eða úr óeldfimu efni.

12. gr.

Sérhver húseigandi ber ábyrgð á því, að öllum eldstæðum, ofnum, hvort heldur hitaðir eru með kolum eða olíu, reykháfum og reykpípum sé haldið í tilhlýðilegu standi.

Hvers konar raflagnir, rafbúnaður, raftæki og rafvélar utanhúss og innan skulu fullnægja gildandi lögum um raforkuvirki á hverjum tíma svo og reglugerðum og ákvæðum, sem rafmagnseftirlit ríkisins setur um tilhögun, gerð, frágang, viðhald og meðferð þeirra.

Leiguliði er meðábyrgur ásamt eigandanum, þegar hann hefur ekki í tæka tíð skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka, sem honum er kunnugt um, eða byggingarnefnd, ef nauðsyn krefur.

13. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skipa sótara og eftirlitsmann með eldfærum eftir tillögum brunamálanefndar.

Reykháfa skal hreinsa svo oft sem þörf gerist og eigi sjaldnar en 3 sinnum á ári, ef þeir eru notaðir að staðaldri.

Um framkvæmd starfsins svo og gjöld fyrir það, er húseigendur greiði, skal setja nánari ákvæði í reglugerð. Gjöldin má taka lögtaki.

Eldfæraeftirlit skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári. Skal rannsaka öll eldstæði, reykháfa og reykpípur, hvort það fullnægi ákvæðum laga þessara um gerð og hreinsun, hirðu og umgengni. Jafnframt skal rannsakað, hvort slökkviáhöld þau, er húsum eiga að fylgja, eru fyrir hendi og í gildu ástandi. Eftirlitsmenn skulu halda skrár um skoðanirnar og tilgreina þar við hverja skoðun, hvort allt er eins og vera ber, eða hvort því er áfátt. Leiði skoðunin í ljós, að einhverju sé ábótavant, skal eftirlitsmaður heimta, að það sé lagfært þegar í stað, ef bein brunahætta stafar af því, ella innan ákveðins tíma. Skal hann síðan rannsaka, hvort skipuninni hefur verið fylgt. Hafi það eigi verið gert, skal hann tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

Hver sá, er óhlýðnast fyrirmælum skoðunarmanns eldfæra um að lagfæra það, sem ábótavant er, skal sæta sektum samkv. 52. gr. Auk þess er hann skyldur að viðlögðum dagsektum að lagfæra það, sem ábótavant er.

14. gr.

Ofna og eldavélar og pípur frá þeim til reykháfa skal hreinsa svo oft sem þörf er á, og er það á ábyrgð þeirra, sem búa í þeim herbergjum, sem ofnarnir eða eldavélarnar eru í.

15. gr.

Eigi má geyma birgðir af kolum, mó eða öðru eldsneyti fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir nefndin því aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldhætta að marki.

Innanhúss má geyma smáskammta af heimilisbirgðum, fjarri eldstæðum, þar sem ekki er íkveikjuhætta. Á sama hátt má geyma innanhúss allt að 200 lítra af steinolíu í tré- eða járnumbúðum.

Bannað er að geyma í heimahúsum sprengiefni af nokkru tagi, svo sem púður, flugelda o. fl. Þó skal þeim, er verzla með þessi efni, heimilt að geyma smáskammta innanhúss, enda samþykki slökkviliðsstjóri geymslustað og umbúnað.

16. gr.

Eigi má hafa birgðir af timbri, kolum, steinolíu, benzíni eða slíkum eldfimum vörum nema þar, sem eigi getur stafað af þeim sérstök brunahætta og brunamálanefnd eða slökkviliðsstjóri í umboði hennar samþykkir.

Tómar steinolíu- eða benzíntunnur má eigi geyma eða láta liggja við hús eða á almannafæri.

Í reglugerð skal ákveða nánar um meðferð og geymslu eldfimra efna.

17. gr.

Allar verksmiðjur, þar með taldar vinnustofur trésmiða og járnsmiða, þvottahús og fatahreinsunarstöðvar og bökunarhús, skulu háð sérstöku eftirliti lögreglu-

stjóra eða hreppstjóra, og skal öllum skylt að fylgja bæði hinum almennu varúðarreglum og hinum sérstöku reglum, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd álítur nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir brunahættu. Sérstaklega skulu spænir úr trésmíðahúsum fluttir burt á hverjum degi og látnir þar, sem eigi er farið með eld eða ljós.

18. gr.

Öllum er skylt að gæta fyllstu varúðar með eld og eldfim efni, hvar sem er á víðavangi, sérstaklega þar, sem hætt er við íkveikju í þurrum mosa eða öðrum gróðri. Ef eldur kemur upp í gróðri á víðavangi, sem hætt er við, að breiðist út, skal sýslumaður eða hreppstjóri, ef þeim er kunnugt um eldinn, svo fljótt sem við verður komið gera ráðstafanir til að slökkva eldinn eða hindra frekari útbreiðslu hans. Skal það vera borgaraleg skylda hvers verkfærs manns, er sýslumaður eða hreppstjóri kveður til, að koma til aðstoðar. Allan kostnað við eldvarnarstarfið skal greiða úr sýslusjóði. Skylt er hverjum þeim, er verður slíks bruna var, að gera þær varúðarráðstafanir, er færar eru, svo og að gera sýslumanni eða hreppstjóra aðvart, eftir því sem við verður komið eða þurfa þykir.

IV. Um meðferð sprengiefna.

19. gr.

Engum er heimilt að búa til púður eða sprengiefni, nema hann hafi þar til leyfi ráðherra, sem þá setur jafnframt skilyrði til öryggis almenningi og þeim, er að slíkri framleiðslu vinna.

20. gr.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglustjóra, og er skylt að skýra frá efnasamsetningu þess, ef óskað er. Ef sprengiefnið þykir sérstaklega háskalegt í meðförum, má banna innflutning þess.

21. gr.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um geymslu, meðferð og flutning púðurs og sprengiefna.

V. Um skyldur borgaranna, er eldsvoði kemur upp.

22. gr.

Skylt er hverjum, sem verður var við, að eldsvoði sé að koma upp, að hefja viðvörunarkall og gera slökkviliðinu aðvart á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt.

Vegfarendur skulu víkja úr vegi fyrir slökkviliðinu og stöðva ökutæki sín. Bifreiðastjórum er skylt að aka slökkviliðsmanni á brunastað gegn venjulegu gjaldi.

23. gr.

Hver og einn skal, þá er eldur kemur upp í húsi hans eða híbýlum, þegar í stað aðvara þá, sem þar búa, einnig reyna með öllu móti, sem í hans valdi stendur, að slökkva eldinn þegar í stað. Samt má eigi fyrir þá sök láta hjá líða að segja til um brunann, eins og mælt er fyrir í næstu grein á undan.

24. gr.

Sérhver er skyldur til, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð með slökkvivélar og önnur áhöld og láta sér það lynda, að brotið verði niður og því rutt burt, sem til fyrirstöðu er. Ekki getur húseigandi bannað, að bygging, sem hann á, verði rifin, ef lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt til þess að stöðva útbreiðslu eldsins.

Slökkviliðið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld bæjarbúa, sem til næst og að gagni geta komið við slökkvistarfið.

25. gr.

Þær skemmdir, sem hljótast af ráðstöfunum þeim, sem getið er um í 24. gr., teljast brunaskemmdir. Sá, sem vill krefjast skaðabóta fyrir slíkar skemmdir, skal svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi innan 8 daga frá því er bruninn varð, bera fram kröfur sínar fyrir lögreglustjóra, sem því næst sér um, að upphæð skaðabótanna verði ákveðin, að svo miklu leyti sem unnt er, í sambandi við virðingargerðir þær, sem fram fara til þess að meta brunatjónið til endurgjalds frá hlutaðeigandi ábyrgðarfélagi, og að öðrum kosti með því að láta 2 menn, sem sérstaklega þar til verða kvaddir, meta skaðann. Þóknun til matsmanna skal ákveða í reglugerð og greiðist, eins og aðrar brunaskemmdir, af hlutaðeigandi ábyrgðarfélagi. Sé tjón þetta þess eðlis, að það verði ekki bætt af vátryggingarfélögum, skal sveitarsjóður bæta tjónið eftir samkomulagi eða samkvæmt mati.

26. gr.

Það er skylda allra, þegar eldsvoða ber að höndum, að láta þá aðstoð í té til að slökkva eldinn, sem mögulegt er, eða bjarga úr eldi, hvort sem er með því að leggja sjálfur hönd á verkið eða með því að láta af hendi vatnsforða eða afnot vatnsveitu, slökkvitæki, hesta, vagna, bifreiðar eða aðra hluti. Skal koma fyrir greiðsla úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði. Náist ekki samkomulag, skal ákveða greiðsluna á sama hátt og mælt er fyrir í 25. gr.

27. gr.

Enginn má, þegar eldsvoða ber að höndum, undir nokkru yfirskini ryðjast inn fyrir verði þá, sem settir eru til þess að bægja óviðkomandi mönnum frá þeim stað, þar sem bruninn er, eða skorast undan að hlýða fyrirmælum lögreglustjórnarinnar eða slökkviliðsstjóra um að vikja burtu af svæði því, sem þannig er innibyrgt. Hvern þann, sem verður brotlegur gegn þessum fyrirmælum, má þegar taka fastan.

28. gr.

Við björgun muna úr eldi er skylt að gæta allrar nauðsynlegrar varúðar, sem við verður komið, til þess að forðast skemmdir.

29. gr.

Eigandi eða sá, sem kemur fram í hans stað, skal skyldur að hafa nákvæmt eftirlit með húsum þeim, sem eru svo skammt frá brunanum, að hætt er við, að eldurinn læsi sig í þau eða neistaflug nái til. Skal hann og gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að kvikni í húsunum, og sömuleiðis í tæka tíð skýra slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra frá, ef þess er kostur, að hætta vofi yfir.

30. gr.

Enginn má meina lögreglustjóra eða þeim, er kemur fram í umboði hans, hreppsnefndar eða bæjarstjórnar eða hlutaðeigandi vátryggingarfélags, inngöngu á lóð sína eða í hús sitt, þegar þeir koma til þess að halda rannsókn út af bruna eða til þess að sjá um, að því verði fylgt, sem fyrirskipað er í lögum þessum.

VI. Um brunavarnir.

31. gr.

Í öllum kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, sbr. 2. gr., svo og á öðrum stöðum, þar sem um sérstakalega verðmætar byggingar eða eignir er að ræða að dómi ráðuneytisins, skulu vera til hæfileg slökkviáhöld og tæki til björgunar úr eldi, svo og til að kalla saman slökkviliðið, miðuð við stærð hvers eins og brunahættu.

Þar, sem eru til vatnsveitur nothæfar til eldvarna, skulu þær svo búnar, að komið geti að sem beztum notum, ella skal skylt að tryggja sem bezt vatn til að slökkva eld, með brunnum, vatnsþróm, uppistöðum í lækjum o. s. frv.

Slökkviáhöld skal geyma á hentugum stað, í eldtraustum húsakynnum, eftir því sem við verður komið.

32. gr.

Í öllum skólum, sjúkrahúsum, gistihúsum, veitingahúsum og samkomuhúsum, svo og verksmiðjum og öðrum húsum, þar sem margt manna kemur saman eða þar sem sérstök brunahætta er, svo og á efri hæðum húsa, sem hærri eru en tvær hæðir, skal koma fyrir tækjum til brunavarna og björgunar úr eldi, eftir því sem fyrir er lagt af yfirumsjón brunavarna, svo og gera aðrar varúðarráðstafanir, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

33. gr.

Slökkviliðsstjóri hefur heimild til að veita aðstoð til að slökkva eld utan eigin bæjar- eða sveitarfélaga, ef hann telur áhættulítið að fara með slökkvitækin út fyrir umdæmi sitt. Kostnaður við slíka aðstoð, eftir sanngjörnum reikningi, telst til brunavarnakostnaðar í því sveitarfélagi, sem aðstoðina þiggur. Verði ágreiningur um kostnað, skal hlutaðeigandi dómari fella úrskurð um reikninginn.

VII. Tilkynning um eldsvoða og um réttarrannsókn.

34. gr.

Sá, er verður fyrir brunatjóni, eða sé hann ekki viðstaddur, þá sá, er kemur í hans stað, er skyldur að tilkynna brunann hlutaðeigandi vátryggingarfélagi eða umboðsmanni þess á staðnum, svo og lögreglustjóra eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

35. gr.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri skal, svo fljótt sem við verður komið, halda réttarrannsókn út af brunanum, til þess að komast fyrir orsök hans og atvik öll. Skal hún haldin á brunastaðnum, ef við verður komið. Réttarrannsókn má þó falla niður, ef brunatjónið nemur ekki 500 krónum og ef eldsupptökin eru kunn, en þá skal tjónþoli, eða hafi hann ekki verið viðstaddur, einhver annar í hans stað, gefa, að viðlögðu drengskaparvottorði, nákvæma skýrslu um upptök eldsins og atvik öll, svo og um brunatjónið.

36. gr.

Við réttarrannsókn skal leita vitnisburðar allra, sem um upptök og framhald eldsins geta borið. Skal eftir föngum leita fulls samræmis í framburði hinna einstöku vitna og á milli vitna innbyrðis, ef á milli ber. Einnig skal leita upplýsinga um ástand eldfæra og raflagna, um daglegar venjur í umgengni með eld, eldstæði, eldfim efni, sprengiefni og sjálfkveikjuefni og yfir höfuð allt, sem getur orðið til að upplýsa orsök brunans og brunatjónið sjálft.

37. gr.

Nú kemur í ljós við réttarrannsókn, að sýnt hefur verið óleyfilegt hirðuleysi um atriði, sem skylt er að gæta eða eru bönnuð í lögum þessum, og skal viðkomandi þá látinn sæta ábyrgð, eftir því sem málefni þykja standa til.

38. gr.

Sé eða komi fram við rannsóknina nokkur grunur um, að um vísvitandi íkveikju sé að ræða, skal leita sérstaklega náinna upplýsinga um allt það, sem að því lýtur.

39. gr.

Afrit af brunaprófum er skylt að senda hlutaðeigandi vátryggingarfélagi.

VIII. Um gerð húsa með tilliti til brunavarna.

40. gr.

Þá er nýtt hús er reist, hvort heldur á sérstakri lóð eða þar, sem fleiri hús en eitt standa á sömu lóð, skulu vera auð bil milli þess og annarra húsa sem hér segir:

a. 12.5 m, ef bæði húsin eru úr timbri og ekki varin með járni eða múrhúð.
b. 9.5 m, ef annað húsið er úr steinsteypu, steini lögðum í sementsblöndu, torfi eða úr timbri, varið með járni eða múrhúð, en hitt úr timbri óvarið.
c. 6.3 m, ef bæði húsin eru úr steinsteypu, steini lögðum í sementsblöndu eða úr timbri, varin með járni eða múrhúð.
d. 3.15 m, ef eldvarnarveggur er á öðru húsanna, sem fullnægir ákvæðum í e-lið, enda séu þök beggja húsa varin með járni, öðrum málmi, steinhellum eða öðru ámóta eldtraustu efni.
e. Hús mega vera sambyggð, ef milli þeirra er eldvarnarveggur, að minnsta kosti 20 cm þykkur úr steinsteypu eða 30 cm úr steini lögðum í sementsblöndu og að minnsta kosti 30 cm hærri en þakbrún hærra hússins. Engin op mega vera á eldvarnarvegg né heldur neitt timbur eða annað eldfimt efni liggja inn í hann.
f. Nú er hús að nokkru leyti úr steinsteypu, steini lögðum í sement, torfi eða timbri óvörðu, og má þá enginn hluti þess vera nær öðru húsi en svo, að fullnægi þeim fjarlægðarákvæðum, er að framan greinir.

41. gr.

Þar, sem fjarlægð milli húsa, er lög þessi ganga í gildi, er minni en greinir í 40. gr., skal það heimilt, en þegar hús er endurreist eða nýtt hús reist, skal fylgja greindum ákvæðum.

42. gr.

Bæjarstjórnum eða hreppsnefndum er heimilt að setja sérstök skilyrði um fjarlægð þeirra húsa frá nágrannalóð og ráðstafanir gegn brunahættu, þar sem rekinn er iðnaður eða önnur atvinna, sem sérstök brunahætta stafar af. Úrskurði bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um þetta atriði má skjóta til ráðuneytisins til úrslita.

43. gr.

Í smiðjum og vinnustofum, þar sem eldstæði er eða farið er með eld, skulu veggir vera úr steinsteypu eða steini eða eldvarðir með asbestplötum, sementshúð eða öðru eldtraustu efni, ef þeir eru úr tré. Sama gildir um loft, séu þau ekki úr steinsteypu. Gólf skulu vera úr steinsteypu.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá þessu, ef smiðja eða vinnustofa er sérstakt hús eða er í húsi, þar sem eigi er íbúð né önnur eldstæði og eigi eru geymd eldfim efni, enda verði ekki talið, að öðrum húsum stafi brunahætta af.

Setja skal í reglugerð ákvæði um gerð, fyrirkomulag og umgengni í bifreiðaskýlum og bifreiðaverkstæðum, svo og öðrum vinnustofum, verksmiðjum og vörugeymsluhúsum.

44. gr.

Herbergi, sem geyma á í hey, hálm eða önnur eldfim efni, skulu aðgreind frá öðrum herbergjum þeim, er eldstæði eru í, með gólfi, veggjum og lofti, er að gerð fullnægi ákvæðum 43. gr. Dyr eða op mega ekki vera að slíkum herbergjum frá smiðjum eða vinnustofum, þar sem eldstæði eru.

45. gr.

Ráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um umbúnað eldfæra, fjarlægð þeirra frá eldfimu gólfi og vegg, svo og annað, er nauðsynlegt þykir til öryggis.

46. gr.

Allir reykháfar skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri fastri undirstöðu.

Hliðar reykhafs skulu að minnsta kosti vera 12 cm á þykkt og vídd hans að innanmáli eigi minni en 23 cm á hvern veg. Þó má leyfa 18 cm vídd, ef eldstæði eru ekki fleiri en þrjú.

Reykháfur skal ná að minnsta kosti 65 cm upp fyrir húsmæni.

Ekki má þilja reykháf eða klæða hann eldfimu efni.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgerð.

Ekki má reykháfur vera í herbergi, þar sem geymt er hey eða ámóta eldfim efni, nema þiljað sé allt í kringum reykháfinn í því herbergi, að minnsta kosti 65 cm frá honum á hvern veg, svo að engin eldfim efni nái að komast að reykháfnum.

Ráðuneytið setur í reglugerð önnur ákvæði um gerð reykháfa og búnað, svo sem, þar sem hann er gegnum timburgólf, um styrkleik hans, um sérstaka hæð reykháfs, sem mikill reykur fer um, og fleira, er þurfa þykir.

47. gr.

Aðaldyr á samkomusölum og samkomuhúsum skulu vera minnst 1.5 m. breiðar. Hurðir skulu vera vængjahurðir, sem opnist út eða geti opnazt bæði út og inn.

Úr hverjum samkomusal skulu vera minnst 2 útgöngudyr, sín á hvorum vegg og svo langt á milli sem við verður komið.

48. gr.

Í húsum, þar sem íbúð er hærra en á 2. hæð, skulu vera minnst 2 stigar. Neðan á timburstiga upp á hæð, þar sem eru íbúðarherbergi, skal jafnan klæða með eldtraustu efni, svo sem asbestplötum, sementshúð á vírneti eða þvílíku.

49. gr.

Timburhús má ekki reisa stærri en 200 fermetra, né hærri en 2 hæðir með risi.

50. gr.

Ráðuneytið getur, ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd og Brunabótafélag Íslands mælir með, veitt undanþágu frá ákvæðum 40.—49. gr., ef sérstök nauðsyn þykir og eigi verður álitið, að aukin brunahætta stafi af.

IX. Sektir o. fl.

51. gr.

Ráðuneytið getur sett í reglugerð ákvæði, er þurfa þykir, til þess að auka öryggi gegn eldsvoða.

52. gr.

Brjóti nokkur gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim, skal hann sæta sektum 50—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Þar að auki má knýja þann, er brýtur gegn 40.—51. gr., með dagsektum til þess að bæta það, sem ábótavant er, svo að fullnægi þargreindum ákvæðum.

Hver sá, sem brýtur ákvæði 10.—21. gr. eða reglugerðar, sem sett kann að verða samkvæmt þeim, skal sæta sektum, jafnvel þótt ekkert tjón hafi af brotinu hlotizt.

Hafi sá, er hús lætur reisa, falið framkvæmdina smiðum, einum eða fleiri, bera þeir ábyrgðina, nema þeir hafi brotið ákvæði þessi beinlínis eftir skipun hans.

53. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum renna í bæjar- eða sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

54. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld eftirfarandi lög:

Lög nr. 28 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.
Lög nr. 28 13. sept. 1901, um að stofna slökkvilið á Seyðisfirði.
Lög nr. 29 13. sept. 1901, um skipun sótara í kaupstöðum öðrum en Reykjavík.
Lög nr. 42 20. okt. 1905, um að stofna slökkvilið á Akureyri.
Lög nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál.
Lög nr. 27 9. júlí 1909, um að stofna slökkvilið í Hafnarfirði.
Lög nr. 17 15. júní 1926, um breyting á l. nr. 28 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.
Lög nr. 27 14. júní 1929, um breyting á lögum um brunamál, nr. 85 22. nóv. 1907.
Lög nr. 93 23. júní 1936, um viðauka við lög nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál.

Nd. 431. Nefndarálit

um frv. til l. um kauprétt á jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir 1. málsl. komi orðin: og síðari málsgrein þessarar greinar.
   b. Aftan við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Ákvæði þessarar greinar taka ekki til óðalsjarða og því aðeins til sölu ættarjarða, að þær séu seldar samkv. ákvæðum síðasta málsliðar 28. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.
2. Við 4. gr. Upphaf síðari málsgr. orðist svo:
   Hafi leiguliði haft ábúð og búsetu á leigujörð sinni a. m. k. þrjú ár samfleytt, áður en söluumleitanir hefjast.

Alþingi, 4. marz 1948.

Steingr. Steinþórsson, form. — Jón Pálmason, fundaskr. — Jón Sigurðsson, frsm.
Ásg. Ásgeirsson. — Sigurður Guðnason.

Nd. 432. Frumvarp til laga

um útrýmingu villiminka.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skal hafa umsjón og eftirlit með útrýmingu villiminka hvarvetna þar, sem þeirra verður vart.

Ráðuneytið getur falið ríkisráðunaut í loðdýrarækt að hafa með höndum yfirstjórn útrýmingarinnar, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Hreppsnefndum skal skylt, hverri í sínu umdæmi, að sjá um útrýmingu villiminka. Þær skulu árlega hlutast til um, að gerðar séu skýrslur um útbreiðslu villiminka og helztu dvalarstaði. Skýrslur þessar skulu hið fyrsta sendar loðdýraræktarráðunaut ríkisins. Strax og villiminka hefur orðið vart í heimalöndum eða afréttum hreppsins, skal hreppsnefnd ráða einn eða fleiri menn til að útrýma þeim. Hreppsnefnd skal leita álits loðdýraræktarráðunautar um, hvernig útrýmingarstarfinu skuli hagað.

3. gr.

Ráðuneytið veitir verðlaun úr ríkissjóði fyrir dráp villiminka, 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum loðdýraræktarráðunautar, um framkvæmd laga þessara, svo sem um, á hvern hátt villiminkum skuli útrýmt, hverra sannana beri að krefjast fyrir drápi þeirra, til þess að verðlaun skuli veitt, svo og um skyldur hreppsnefnda samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, 200 til 5000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 433. Breytingartillaga

við frv. til l. um kauprétt á jörðum.

Frá Steingrími Steinþórssyni og Sigurði Guðnasyni.

Við 4. gr. Á eftir 1. málsgr. kemur ný málsgr., er orðast svo:

Falli jörð við erfðir til skyldmenna eftir 6., 7. og 8. gr. tilskipunar frá 25. sept. 1850, á hreppsnefnd rétt á að fá jörðina keypta á því verði, sem hún er lögð erfingjum til arfs.

Sþ. 434. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 240 [Yfirfærsla á gjaldeyri til námsmanna erlendis].

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Gísla Jónssyni, Páli Þorsteinssyni og Áka Jakobssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að gjaldeyrisyfirvöld láti námsmönnum þeim, er nú stunda nám erlendis í gagnlegum fræðum, nægilegan gjaldeyri í té, miðað við framfærslukostnað og námskostnað í hverju landi. Jafnframt hlutist ríkisstjórnin til um, að viðskiptanefnd hafi samráð við menntamálaráð við veitingu slíkra gjaldeyrisleyfa.

Nd. 435. Breytingartillaga

við frv. til l. um sóknargjöld.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 3. gr.

a. Fyrir orðin „sem hundraðsgjaldi af útsvörum“ komi: eftir sömu reglum og útsvör eru á lögð.

b. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefur eigi átt þess kost að taka að sér með sanngjörnum skilmálum að dómi kirkjustjórnar umsjón og fjárhald kirkju, er niðurjöfnun aukagjalds óheimil.

Nd. 436. Breytingartillaga

við frv. til l. um sóknargjöld.

Frá Finni Jónssyni.

Við 1. gr. 3. og 4. málsgr. orðist svo:

Hver sá, er telst til utanþjóðkirkjusafnaðar, er hefur löggiltan prest eða forstöðumann, greiði gjald til trúfélags síns, hverju sinni eigi lægri upphæð en honum hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og greiðir ekki safnaðargjald samkvæmt því, er að framan segir, og ber honum þá að greiða árlega í prófgjaldasjóð Háskóla Íslands upphæð, er nemur eigi minna en hinu lögboðna sóknargjaldi.

Ed. 437. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá Landbúnaðarnefnd.

1. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir styrk, ⅔ af kostnaðarverði þeirra veggjamóta, véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins

og nýbýlastjórn telja samböndunum þörf á til byggingarstarfsemi þeirra. Styrkur veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum tækjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem talinn er nokkur vafi á því, að byggingar- og nýbýlasjóðum beri skylda til að greiða styrki þá, sem gert er ráð fyrir í 21. gr. laga nr. 7 12. jan. 1945, og vera má, að sú skylda hafi fallið niður, er sjóðir þessir voru sameinaðir með lögum, þá var frv. um það efni flutt og samþykkt í neðri deild. Landbúnaðarnefnd efri deildar telur rétt að flytja um þetta atriði sérstakt frv. og breyta frá því, sem áður var, um greiðslufyrirkomulag, þannig að ríkissjóður greiði styrkinn án milligöngu byggingarsjóða og nýbýlastjórn hafi hönd í bagga um veiting úr honum til áhaldakaupa.

Ed. 438. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. gr. orðist svo:

Menntaskólar skulu vera í Reykjavík, á Akureyri og annars staðar þar, sem Alþingi ákveður og veitir fé til framkvæmda, sbr. 2. gr.

Menntaskólinn í Reykjavík skal vera á sama stað og nú er, en heimilt er að reisa í Reykjavík fleiri skóla en einn, ef svo er ákveðið samkv. 1. mgr.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

Til vara:

Tvær fyrri mgr. 1. gr. orðist svo:

Menntaskólar skulu vera í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði, á Eiðum og í sveit á Suðurlandi.

Í Reykjavík má, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum, reisa nýja skóla til viðbótar þeim, sem þar er fyrir, enda skal menntaskóli haldast á sama stað í bænum og verið hefur.

Nd. 439. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar

Frv. þetta er komið frá Ed. og samhljóða frv., sem flutt var í Ed. á síðastl. Alþingi. Frv. var vísað til landbn. neðri deildar 2. des. s. l. Að málið hefur tafizt svo lengi hjá nefndinni, stafar af því, að nefndin ákvað að leita álits og umsagnar allra búnaðarsambanda landsins um málið, svo að ljóst væri, hver væri vilji þeirra um afgreiðslu þess, áður en nefndin gengi frá tillögum sínum. Nefndinni hafa nú borizt svör frá öllum búnaðarsamböndunum, 14 að tölu, þar sem stjórnir allra sambandanna lýsa yfir fylgi sínu við frv. og mæla með því, að það verði samþykkt. 2 stjórnarnefndarmenn, sinn í hvoru sambandi, lýsa þó yfir andstöðu við frv. Þá

er einnig rétt að geta þess, að á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var á Akureyri dagana 2. og 3. sept. s. l., var áskorun um að breyta lögunum um búnaðarmálasjóð á þann veg, sem lagt er til með frv., samþykkt með 40 samhljóða atkvæðum. Loks samþ. síðasta Búnaðarþing eindregin tilmæli til Alþingis um, að það samþ. áður greint frv.

Eins og kunnugt er, var frv. þetta fram borið til þess að miðla málum í þeim deilum, sem staðið hafa um búnaðarmálasjóðslögin á undanförnum árum, þannig að gengið er til móts við báða málsparta. Þessi málamiðlun hefur nú borið þann árangur, er framan greindar umsagnir og yfirlýsingar votta.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. marz 1948.

Steingr. Steinþórsson, form.	Jón Sigurðsson, frsm.	Ásg. Ásgeirsson, með fyrirvara.

Ed. 440. Lög

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Afgreidd frá Ed. 5. marz.)

Samhljóða þskj. 352.

Ed. 441. Breytingartillaga

við frv. til l. um búfjárrækt.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 74. gr. Við 1. mgr. bætist: eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

Nd. 442. Frumvarp til laga

um búfjárrækt.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 258 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Kjósa skal þriggja manna nautgripakynbótanefnd í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt samkv. lögum þessum og ekki er heldur starfandi nautgriparæktarfélag, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands.

Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. Í bæjum skal kynbótanefnd kosin af bæjarstjórn. Þar, sem starfandi er nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd.

Nú setur búnaðarfélag sér nautgriparæktarsamþykkt. eftir að kosin hefur verið nautgripakynbótanefnd, eða stofnað er sérstakt nautgriparæktarfélag, sem í er meiri

hluti kýreigenda, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags, er sett hafði samþykktina, eða þeir menn, er félagið hafði kosið til þess sérstaklega.

6. gr. hljóðar svo:

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóðri, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum o. s. frv., jafnar kynbótanefnd niður á allar kýr, sem haldið er undir naut í hreppnum á því ári, að undanskildum kúm þeirra manna, sem hafa fengið undanþágu frá að taka þátt í sameiginlegum kostnaði við nautahaldið, sbr. 2. gr. Hið niðurjafnaða gjald má taka lögtaki. Heimilt er nautgriparæktarfélagi að taka hærri nautstoll af utanfélagsmönnum.

Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um er að ræða, og telst hún með öðrum árlegum kostnaði.

Geti kýreigandi sannað, að kýr hafi ekki fest fang, þó haldið hafi verið, ber honum ekki að greiða nema hálfan nautstoll.

Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða allra kýreigenda, að láta menn greiða nautstolla með fóðri eða heyi að nokkru eða öllu leyti, enda gangi það hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur.

9. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af stjórn Búnaðarfélags Íslands, getur fengið styrk til starfsemi sinnar, eins og hér greinir, á hverja reiknaða árskú, en tala slíkra kúa á hverju búi fæst með því að leggja saman fóður- og mjólkurskýrsludaga allra kúnna og deila í þá útkomu með 365:

1. Kr. 1.00, ef ekki eru gerðar fitumælingar eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar á ári.
2. Kr. 1.80, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst þrisvar á ári.
3. Kr. 2.50, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst sex sinnum á ári.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánar skal kveða á um í reglugerð.

10. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélög og nautgriparæktarfélög geta fengið, auk styrks þess, sem um ræðir í 9. gr., styrk til nautahaldsins, ef þau nota naut, sem eru að minnsta kosti tveggja ára gömul og hafa hlotið 1. og 2. verðlaun á nautgripasýningum, eða hafa verið viðurkennd þess verðug af nautgriparæktarráðunaut. Styrkur þessi er kr. 150.00 á 1. verðlauna naut og kr. 75.00 á 2. verðlauna naut. Styrkurinn greiðist árlega, á meðan nautin njóta þessara viðurkenninga, heimilt er þó að greiða allt að 25% hærri fóðurstyrk á naut, sem óhjákvæmilegt er að ala inni yfir sumarið.

Þau félög, sem að dómi nautgriparæktarráðunautar hafa aðstöðu til að fá flestar kýr sínar sæddar frá starfandi sæðingarstöð, fá ekki fóðurstyrk á naut sín.

11. gr. hljóðar svo:

Búnaðarsambandi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að hvers konar umbótum í búfjárrækt á sambandssvæðinu, þar á meðal nautgriparækt, og ráða til þess sérstakan héraðsráðunaut, sbr. 73. gr., enda sé þar ekki fyrir starfandi nautgriparæktarsamband. Heimilt er nautgriparæktarfélögum í þeim búnaðarsamböndum, er ekki óska að sinna þessum verkefnum, að stofna með sér samband, ef þau hafa minnst 1000 kýr innan félaganna. Skulu þau þá setja sér samþykktir og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í þessum samþykktum sé

m. a. ákveðið um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu beztu kýrstofnanna, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu vera sjaldnar en annan hvern mánuð, og spjaldbókarfærslu þeirra kúa, sem gefa yfir 13000 fitueiningar árlega.

Heimilt er búnaðarsamböndum og samböndum nautgriparæktarfélaga að setja á stofn nautgripauppeldisstöðvar eða sæðingarstöðvar, en samþykkja skal Búnaðarfélag Íslands reglur um þessa starfsemi þeirra, sbr. V. kafla.

12. gr. hljóðar svo:

Sambönd þau, sem um ræðir í 11. gr., njóta framlags úr ríkissjóði sem hér greinir:

1. Kr. 1.00 á ári á hverja reiknaða árskú, sem skýrslur eru sendar yfir til Búnaðarfélags Íslands. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að sambandið hafi fastan starfsmann, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir, eða héraðsráðunaut samkvæmt 73. gr., er jafnframt annast störf fyrir nautgriparæktarsambandið, þar sem það er starfandi.
2. Til nautgripauppeldisstöðva fá samböndin framlag, sem nemur kr. 75.00 á hvern nautkálf, er það hefur á eldi, enda séu kálfarnir valdir í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt og seldir við því verði, sem hann samþykkir.
3. Sæðingarstöðvar fá fóðurstyrk á öll naut á stöðinni, fyrstu og annarra verðlauna naut samkvæmt ákvæðum 10. gr., en ung naut, sem verið er að reyna, fá sama fóðurstyrk og 2. verðlauna naut samkv. 10. gr., enda séu þau valin í samráði við nautgriparæktarráðunaut.

13. gr. hljóðar svo:

Að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu fjórða hvert ár í hverju búnaðarfélagi, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, og nautgriparæktarfélagi. Landinu skal skipt í 4 sýningarsvæði, og skal halda sýningar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningum þessum leggur ríkissjóður fram kr. 0.50 fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Skal fé þessu varið til verðlauna á kúm og 3. verðlauna á nautum. 1. og 2. verðlaun á nautum greiðast eingöngu úr ríkissjóði, og eru 1. verðlaun kr. 150 og 2. verðlaun kr. 50. Fyrstu verðlaun geta þau naut ein hlotið, sem eiga afkvæmi á sýningunni, sem tvímælalaust taka fram mæðrum sínum. Kúm skal veita 1., 2. og 3. verðlaun, og skal hæð þeirra ákveðan með reglugerð. Enn fremur er heimilt að veita einstökum kúm heiðursverðlaun, ef afkvæmi þeirra sýna, að þær hafa verulega kynbætandi áhrif á nautgripastofninn. Verðlaun þessi eru kr. 100.00 og greiðast úr ríkissjóði. Nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands er formaður dómnefnda á sýningum, sér um fyrirkomulag sýninga og úthlutar verðlaunum. Stjórnir nautgriparæktarfélaganna tilnefna meðdómendur á sýningar og greiða kostnað við framkvæmd þeirra.

15. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélagi, þar sem ekki er starfandi sauðfjárræktarfélag, er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum sauðfjár á félagssvæðinu, enda séu aldrei færri en 6 félagsmenn, er uppfylla þau skilyrði, er samþykktin áskilur.

Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér sauðfjárræktarsamþykkt, og er þá 6 mönnum eða fleirum í hreppi heimilt að stofna með sér félagsskap til að vinna að sauðfjárkynbótum, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög. Heimilt er að veita mönnum úr öðrum hreppi inngöngu í félagið, ef þar er ekki starfandi sauðfjárræktarfélagsskapur.

Lágmarkstala kynbótafjár hjá hverjum þátttakanda skal vera 8 ær, og enginn einn félagsmaður má eiga meira en helming kynbótafjárins.

Í samþykktum þeim, er hér um ræðir, skal tekið fram eftirfarandi:
1. Að halda skuli fóður-, afurða- og vigtarskýrslur fyrir kynbótaféð.
2. Að halda skuli ættbók fyrir kynbótaféð og merkja skuli hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
3. Ákveðið, hvernig haga skuli skýrsluhaldi, til að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
4. Önnur atriði, er varða félagsskapinn.

Samþykktir, sem settar eru samkvæmt þessari grein, skal sníða eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur félögunum í té. Þegar slík samþykkt hefur verið sett, skal hún send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar.

16. gr. hljóðar svo:

Félög þau, sem um ræðir í 15. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur er kr. 50.00 fyrir hvern fyrstu verðlauna hrút og allt að 50 aura á hverja kynbótaá, sem félagsmenn eiga og skýrslur eru haldnar yfir og sendar til Búnaðarfélags Íslands.

Sæðingarstöðvar, sem eru stofnaðar og starfræktar samkv. V. kafla þessara laga, fá árlega styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 50.00 fyrir hvern hrút, sem notaður er þar og sauðfjárræktarráðunautur hefur samþykkt.

17. gr. hljóðar svo:

Auk þess, sem um getur í 16. gr., er heimilt að styrkja úr ríkissjóði allt að 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum landsfjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að kr. 600.00 hvert, þó ekki yfir ⅔ hluta móti hlutaðeigandi búnaðarsambandi eða framlagi annarra aðila. Auk þessa leggur ríkissjóður fram kr. 2000.00 árlega til að verðlauna þessi bú, eftir því sem nánar skal mælt fyrir um í starfsreglum, er viðurkenndar skulu af Búnaðarfélagi Íslands.

Fjárræktarbú þessi skulu fullnægja þeim skilyrðum, sem um ræðir í 1., 2. og 3. lið 15. gr., og öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða. Ef styrkþegi hættir að reka búið, hefur Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og skal ákveða, hvar búið skuli starfa áfram, í samráði við þá aðila, sem einnig hafa styrkt búið. Greiða skal fyrir fé búsins með matsverði dómkvaddra manna.

23. gr. hljóðar svo:

Kjósa skal þriggja manna hrossakynbótanefnd í hverjum hreppi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum og ekki er heldur starfandi hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd.

Nú setur búnaðarfélag sér hrossaræktarsamþykkt eða stofnað er sérstakt hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem jörð hafa til ábúðar í hreppnum, eftir að kosning hrossakynbótanefndar hefur farið fram, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við því tekur stjórn þess félags, er sett hefur samþykktina, eða þeir menn, er félagið felur það sérstaklega.

Hrossakynbótanefnd skal annast þau störf, sem stjórn búnaðarfélags eða hrossaræktarfélags eru ætluð í lögum þessum. Farist kosning hrossakynbótanefndar fyrir, ber hreppsnefnd að annast störf hennar.

Í lögum þessum merkir orðið „stóðhestur“ ógeltan hest 1½ árs eða eldri.

24. gr. hljóðar svo:

Stjórn búnaðarfélags, hrossaræktarfélags eða kynbótanefnd, sbr. 23. gr., skal sjá um, að árlega séu nógu margir og góðir stóðhestar, sem samþykktir eru af

hrossaræktarráðunaut, til afnota fyrir hrossaeigendur. Stjórnin skal enn fremur útvega girðingar fyrir þá, koma þeim í fóður og sjá um annan kostnað, er af starfseminni leiðir. Þegar um er að ræða kaup á kynbótahesti eða að reisa nýja girðingu, þarf stjórnin samþykki lögmæts hreppsfundar, og er þá hreppssjóði skylt að greiða að minnsta kosti helming kostnaðar. Öðrum kostnaði, sem leiðir af kynbótastarfseminni innan hreppsins, skal árlega jafna niður með hliðsjón af tölu fæddra folalda, og eru gjöld þessi lögtakskræf.

26. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að láta stóðhest ganga lausan í heimahögum eða á afréttum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann og flytja til hreppstjóra, er skal taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við handsömun. Sömu ákvæði gilda fyrir hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðargalla.

27. gr. hljóðar svo:

Finnist stóðhestur utan vörzlu, sem er merktur með bókstöfunum K eða L K á hægri lend, þá skal eiganda hans þegar gert aðvart. Finnist eigandi ekki innan viku, skal nálægum sýslumönnum tilkynnt um hestinn og hvaða mark sé á honum. Er þeim þá skylt að tilkynna markeiganda um hestinn. Jafnframt skal hesturinn auglýstur í útvarpi með marki, merki og einkennum. Gefi eigandi sig fram innan hálfs mánaðar frá auglýsingardegi, er heimilt að afhenda honum hestinn gegn greiðslu á áföllnum kostnaði, geti hann sannað heimild sína til að merkja hestinn með kynbótahestsmerki.

Finnist ómerktur stóðhestur eða merktur kynbótahestsmerki samkv. 28. og 29. gr. án heimildar, skal hreppstjóri selja hann á opinberu uppboði. Vitji eigandi andvirðisins innan 6 mánaða frá söludegi, skal honum greitt það að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, annars rennur afgangur andvirðisins í sjóð búnaðarfélags þess hrepps, þar sem hesturinn var handsamaður. Sömu ákvæði gilda um merkta stóðhesta, sem ekki er vitjað á tilsettum tíma frá auglýsingardegi, sbr. fyrri málsgr. þessarar greinar.

33. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er hefur fengið samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, getur fengið styrk til kaupa á tveggja eða þriggja vetra kynbótahestum undan 1. verðlauna hryssum, sem hér segir:

Styrkur til kaupa á þriggja vetra stóðhesti er þessi:

200 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi;

150 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun fyrir afkvæmi;

125 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun á héraðssýningu;

100 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun á héraðssýningu;

Styrkur til kaupa á tveggja vetra hesti er 50 kr. lægri í hverjum flokki en á þriggja vetra hesti.

Styrkurinn er enn fremur bundinn því skilyrði, að þriggja vetra hesturinn hafi hlotið 1. verðlaun, en tveggja vetra hesturinn 2. verðlaun á héraðssýningu eða viðurkenningu hrossaræktarráðunautar um að vera slíkra verðlauna verður.

Samkvæmt þessari grein skal ekki veita styrk nema einu sinni til kaupa á sama hesti.

39. gr. hljóðar svo:

Skipta skal landinu í 4 sýningarsvæði og hrossasýningar haldnar fjórða hvert ár á eftirtöldum stöðum eða í grennd við þá:

1. Þjórsártúni fyrir sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.
2. Ferjukoti fyrir búnaðarsambandssvæðin milli Hvalfjarðar og Gilsfjarðar.
3. Sveinsstöðum fyrir Húnavatnssýslur.
4. Sauðárkóki fyrir Skagafjarðarsýslu.
5. Hornafirði (Meðalfellsrétt) fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

Enn fremur er Búnaðarfélagi Íslands skylt að halda sýningar á fleiri stöðum, ef þess er óskað af hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða sýslunefndum.

40. gr. hljóðar svo:

Til verðlauna á sýningum þeim, er um ræðir í 39. gr., leggur ríkissjóður fram 10 aura á hvert framtalið hross, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða öðrum aðilum, þar sem sýningar eru haldnar. Skal verja fé þessu til að verðlauna hryssur og enn fremur stóðhesta, er hljóta 3. verðlaun á héraðssýningum. Mega þau ekki vera hærri en hér greinir:

Heiðursverðlaun á hryssu kr. 80.00;
1. verðlaun á hryssu kr. 25.00;
2. verðlaun á hryssu kr. 15.00 og
3. verðlaun á hryssu kr. 7.00;
3. verðlaun á stóðhest kr. 3.00.

Verðlaun á aðra stóðhesta greiðast úr ríkissjóði og eru þau heiðursverðlaun kr. 200.00, 1. verðlaun kr. 100.00 og 2. verðlaun kr. 60.00.

41. gr. hljóðar svo:

Heiðursverðlaun má aðeins veita hrossi, sem er fulltamið og hefur sýnt, að það býr yfir ákjósanlegum eiginleikum að dómi hrossaræktarráðunautar, enda séu á sömu sýningu sýnd tvö eða fleiri afkvæmi þess, er hafa hlotið 1. eða 2. verðlaun.

1. verðlaun má ekki veita yngri hestum en þriggja vetra og þó því aðeins, að þeir séu tamdir og að minnsta kosti 142 cm háir (bandmál).

Hryssum má því aðeins veita 1. verðlaun, að þær séu 140 cm háar (bandmál) og nokkuð tamdar. Eigi má taka á sýningu yngri hesta en tveggja vetra og hryssur ekki yngri en 4 vetra.

42. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að halda afkvæmasýningu fyrir stóðhesta, ef óskir koma fram um það og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Sýna skal undan hverjum stóðhesti ekki færri en 12 afkvæmi þriggja vetra og eldri, og mæður þeirra, sem fylgja þeim á sýninguna. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðast úr ríkissjóði, og eru þau þessi:

Heiðursverðlaun kr. 180.00;
1. verðlaun kr. 100.00;
2. verðlaun kr. 60.00;
3. verðlaun kr. 40.00.

Eigi má greiða heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, nema helmingur þeirra sé taminn og sýni verðmæta kosti.

Heimilt er að endurtaka afkvæmasýningu einu sinni að 4 árum liðnum fyrir þá stóðhesta, er hafa hlotið 2. verðlaun.

Umsóknir um afkvæmasýningar skulu komnar til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí.

Stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands kýs 2 meðdómendur á afkvæmasýningu og greiðir þeim fyrir störf þeirra, en eigandi stóðhestsins leggur til sýningarstaðinn.

50. gr. hljóðar svo:

Búnaðarsambönd, sem vinna að kynbótum búfjár með sæðisflutningum, svo og nautgriparæktarsambönd í þeim héruðum, þar sem búnaðarsambönd sinna ekki þessu verkefni, fá styrk úr ríkissjóði til þessarar starfsemi sem hér segir:

1. Stofnstyrk í eitt skipti fyrir öll, sem er ⅓ byggingarkostnaðar sæðingarstöðvar, þar með talin verkfæri og allur útbúnaður, þó ekki yfir 15 þús. kr. á stöð. Enn fremur allt að ⅓ árslauna sérfræðings í búfjársæðingu, er Búnaðarfélag Íslands ræður til að koma starfsemi stöðvarinnar í fullt lag, þar á meðal kenna væntanlegum starfsmönnum töku og geymslu sæðis og sæðingu, enda annist stöðin sæðingu nautgripa og annarra búfjártegunda.

   Nú er sæðingarstöð komið upp, er einungis annast sæðingu sauðfjár eða annarra búfjártegunda en nautgripa, og greiðir ríkissjóður þá allt að ⅙ árslauna sérfræðings auk byggingarstyrks.
2. Rekstrarstyrk, er nemi allt að 3 kr. á hverja sædda kú, er fang fær, og 15 aur. á hverja á, sem sædd er, þó ekki yfir 4000 kr. á ári á eina sæðingarstöð. Styrkur þessi skal þó ekki veittur nema notuð séu naut, sem hlotið hafa 1. verðlaun fyrir afkvæmi, eða ef verið er að reyna ung naut, sem nautgriparæktarráðunautur mælir með.

   Fyrir sæðingu áa skal þessi styrkur því aðeins greiddur, að notaðir séu hrútar, sem hlotið hafa viðurkenningu sauðfjárræktarráðunautar fyrir afkvæmi, eða eru fram úr skarandi einstaklingar af ræktuðum kynjum, enda hafi þeir fengið viðurkenningu sauðfjárræktarráðunautar til að vera notaðir á sæðingarstöð.

   Vinni sæðingarstöð jafnframt að sæðingu fleiri búfjártegunda, er ríkissjóði heimilt að greiða styrk til þess, sem ákveðinn skal af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

68. gr. hljóðar svo:

Þegar sjóður fóðurbirgðafélags er orðinn svo stór, að hann nemur kr. 800.00 á hvern félagsmann, þá er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 64. gr. að nokkru eða öllu leyti.

73. gr. hljóðar svo:

Búnaðarsamböndum er heimilt að ráða til sín búfjárræktarráðunaut, einnig nautgriparæktarsamböndum, ef hlutaðeigandi búnaðarsamband notar sér ekki heimild þessa. Starfssvæði það, sem sérhverjum ráðunaut er ætlað, skal vera nægilega stórt að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra það. Sé starfssvið ráðunautar minna en meðalsýslufélag, lækkar framlag ríkisins í hlutfalli við það.

74. gr. hljóðar svo:

Ráðunautastarfsemi þessa styrkir ríkissjóður með því að greiða ⅖ launa ráðunautanna.

Til þess að styrkur þessi verði greiddur úr ríkissjóði verða búnaðarsamböndin að leggja fram þar á móti ⅗ af launum ráðunautarins. Heimilt er búnaðarsamböndunum að ákveða á aðalfundi, að framlagi héraðsins skuli, að einhverju eða öllu leyti, jafnað niður á búfjáreigendur, enda hafi gjaldið áður verið samþykkt af meiri hluta félagsmanna í hreppabúnaðarfélögunum. Skal þeim þá falin innheimta gjaldanna, og eru þau lögtakskræf.

Geti einstök félög eða hluti sambandssvæðisins ekki notið starfskrafta héraðsráðunautar í búfjárrækt að dómi Búnaðarfélags Íslands, skulu félagsmenn þess svæðis undanþegnir gjaldinu.

Gjalddagi þessara iðgjalda er fyrir 1. nóvember ár hvert, og skulu búnaðarfélögin hafa staðið hlutaðeigandi sambandi skil á greiðslunni fyrir 31. desember sama ár.

Nd. 443. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt, en minni hlutinn gefur út sérstakt álit vegna viðbótartillögu, sem ekki varð samkomulag um.

Alþingi, 5. marz 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 444. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 1938, um fasteignasölu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. Einn nefndarmanna, Lárus Jóhannesson, var fjarstaddur.

Alþingi, 6. marz 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson. Brynjólfur Bjarnason. Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 445. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 435 (Söknargjöld).

Frá menntamálanefnd.

A-liður brtt. orðist svo:
Fyrir orðin „sem hundraðsgjaldi af útsvörum“ komi: eftir efnum og ástæðum.

Ed. 446. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndarmenn eru sammála um, að þörf sé á því, að bifreiðalögunum sé breytt, og mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt. Hins vegar telja þeir, að lögin þurfi meiri breytinga við, og áskilja sér allir rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 6. marz 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm. Brynjólfur Bjarnason. Þorsteinn Þorsteinsson.

Nd. 447. Breytingartillaga

við frv. til l. um útrýming villiminka.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson og Pétur Ottesen.

Við frumvarpið bætist svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal ríkisstjórnin leita álits allra sveitarstjórna i Rangárvalla-, Árnes-, Gullbringu-, Kjósar-, Borgarfjarðar-, Mýra-, Snæfellsnes- og Hnappadals- og Dalasýslum, svo og bæjarstjórnanna í Hafnarfirði, Reykjavík og á Akranesi um það, hvort leyft skuli minkaeldi framvegis. Skulu sveitarstjórnir og bæjarstjórnir hafa svarað fyrirspurn ríkisstjórnarinnar samkvæmt framansögðu fyrir lok septembermánaðar 1948.

Nú telur meiri hluti framanskráðra aðila, að leggja beri niður og banna minkaeldi, og skal þá ríkisstjórnin hlutast til um, að lógað verði fyrir lok janúarmánaðar 1949 öllum minkum, sem í eldi eru hér á landi, enda skal minkaeldi upp frá því með öllu óheimilt.

Stjórnin skipar þrjá óvilhalla menn til að meta bætur fyrir upptöku dýrastofns og búa, og skal greiða bæturnar úr ríkissjóði.

Nd. 448. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í fjárhagsnefnd lagði ég til, að bætt yrði við frv. þetta nýrri grein, er yrði 2. gr., og yrði hún svo hljóðandi:

Kauplagsnefnd skal láta reikna út meðalhúsaleigu í Reykjavík, og skal hún lögð til grundvallar við útreikning verðlagsvísitölu samkvæmt lögum nr. 51 12. febr. 1940.

Eigi náðist samkomulag um viðbót þessa, svo að ég legg einn til, að hún verði samþykkt, og flyt um það tillögu á sérstöku þingskjali.

Ég hef óskað eftir áliti frá skrifstofu Alþýðusambands Íslands um það, að láta framkvæma þessa leiðréttingu á útreikningi verðlagsvísitölunnar. Lét skrifstofan mér í té álit frá fulltrúa Alþýðusambands Íslands í kauplagsnefnd, hr. Torfa Ásgeirssyni hagfræðingi, er fjallar um sams konar tillögu, er hann hafði flutt í kauplagsnefnd. Fer álit þetta sem fylgiskjal hér á eftir, og læt ég það um leið nægja sem röðstuðning fyrir tillögu minni.

Alþingi, 5. marz 1948.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal.

Tillögur um leiðréttingu á húsaleigulið framfærsluvísitölunnar frá fulltrúa Alþýðusambands Íslands í kauplagsnefnd.

Tillögur þær, er hér verða settar fram, eru að talsverðu leyti frábrugðnar fyrri tillögum í þessu efni, og eru þær í aðalatriðum byggðar á eftirfarandi sjónarmiðum:

1. Eins og sakir standa, er ómögulegt að mynda sér nokkra áreiðanlega hugmynd um það, í hve miklum hluta íbúða þeirra, sem byggðar eru fyrir 1940, sé nú tekin hærri leiga en leyfilegt er samkvæmt húsaleigulögunum og hvernig það hlutfall breytist frá ári til árs. Sérhvert mat á eða ágizkun um það atriði má með gildum rökum vefengja.

2. Það er einnig verulegum erfiðleikum bundið að finna öruggan grundvöll fyrir áætlaðri leigu í nýbyggðum húsum, þar sem sú leiga að miklu leyti er ólögleg og mjög breytileg.

3. Það verður að teljast mjög hæpið fyrir hið opinbera að fara inn á þá braut að viðurkenna með lagasetningu eða opinberum útreikningum, svo sem útreikningi framfærsluvísitölu, að gildandi lagaákvæði séu að miklu leyti brotin.

Með tilliti til þessara sjónarmiða er hér lagt til, að leiðrétting á húsaleigulið framfærsluvísitölunnar verði miðuð við það, að sá liður sýni þá hækkun húsaleigu, sem að meðaltali hefði orðið hjá öllum íbúum bæjarins frá því fyrir stríð, ef gildandi laga- og reglugerðarákvæðum að fullu hefði verið framfylgt. Slík leiðrétting getur, eins og nú horfir við, ekki orðið til þess, að framfærsluvísitalan sýni rétt þunga húsaleigunnar í framfærslukostnaðinum.

Húsaleiguliðurinn mundi samt verða of lágt reiknaður. Hins vegar mundi þessi grundvöllur geta orðið allöruggur, svo langt sem hann næði, og hann mundi því meir nálgast rétt horf sem gildandi lagaákvæðum yrði strangara framfylgt.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda íbúða og herbergjafjölda samkvæmt manntalinu árið 1940 og tölu þeirra íbúða og herbergjafjölda, sem byggðar hafa verið síðan á hverju ári. Eldhús hafa verið reiknuð hér sem eitt herbergi. Tölurnar fyrir árið 1947 eru áætlunartölur, þar sem endanlegar skýrslur liggja ekki fyrir, en eru mjög varlegar og sjálfsagt of lágar.

	Tala íbúða	Tala herbergja
1940 (samkv. manntali)	7 771	31 283
Byggt 1941	287	1 165
— 1942	361	1 463
— 1943	354	1 440
— 1944	339	1 425
— 1945	540	2 426
— 1946	634	2 782
— 1947 (áætlað)	500	2 165
Alls	10 786	44 149

Húsaleigan í þessu húsnæði ákvarðast nú þannig samkvæmt lögum, að leigan í húsunum, sem byggð voru fyrir 1940, er að því skapi hærri en var 1939, sem húsaleiguvísitalan (að viðbættum 4 stigum) segir til um, þ. e. sem stendur 50%. Hér er ekkert sérstakt tillit tekið til húsa byggðra árið 1940, en þau talin með eldri húsunum, enda voru þau mjög fá. Leigan í húsum byggðum 1941 og síðan fer eftir mati húsaleigunefndar, sem fyrst og fremst fer eftir áætluðum eðlilegum byggingarkostnaði á byggingartímanum. Við þessa grunnleigu bætist síðan hækkun samkvæmt húsaleiguvísitölunni.

Eðlilegasta leiðin til að áætla löglega leigu í húsum byggðum 1941 og síðar er því að byggja á mati húsaleigunefndar og þeim breytingum, sem á því hafa orðið. Hér á eftir fer meðalleigan á m^2 á aðalhæðum samkvæmt mati húsaleigunefndar í húsum byggðum fyrir 1940 og á ári hverju síðan. Enn fremur er sýnd vísitala þessarar meðalleigu, þar sem leigan á m^2 í húsum byggðum fyrir 1940 er sett sama sem 100. Til samanburðar er sýnd vísitala byggingarkostnaðar samkv. útreikningi hagstofunnar, árið 1939 sama sem 100.

	Meðalleiga á m² samkv. mati húsaleigunefndar kr.	Vísitala meðalleigu á m² 1939=100	Vísitala byggingarkostnaðar 1939=100
Ár 1939	2.00	100	100
— 1940	2.30	115	133
— 1941	(ekkert mat)		197
— 1942	3.40	170	286
— 1943	4.90	245	340
— 1944	6.28	314	356
— 1945	6.95	348	357
— 1946	7.24	362	388
— 1947	7.93	397	434

Við samanburð á vísitölu meðalleigunnar samkv. mati húsaleigunefndar og vísitölu byggingarkostnaðar kemur í ljós, að hin síðar nefnda er alltaf heldur hærri, en munurinn þó ekki mjög mikill, 3—16%, að 2 árum undanteknum, 1942 og 1943, þar er munurinn mjög mikill, 68% fyrra árið. Skýringin á þessum mun er að nokkru leyti sú, að þau hús, sem í skýrslum húsaleigunefndar eru talin byggð t. d. árið 1942, eru að svo og svo miklu leyti byggð á árinu 1941, og kemur það fram í matinu. Ætti því matið alltaf að hafa tilhneigingu til að verða á eftir vísitölu byggingarkostnaðar, og einkum þegar örar verð- og kauplagsbreytingar verða, eins og t. d. árið 1942. Gallinn við að leggja meðalleigu samkv. mati húsaleigunefndar til grundvallar í þessum reikningum er sá helztur, að mötin, sem framkvæmd hafa verið á hverju ári, eru svo fá, að skekkjan í þessari meðaltölu getur verið mjög há. Með öðrum orðum, það er ekki víst, að þessi fáu möt séu rétt úrtak. Ef mötin hefðu verið fleiri, gæti útkoman hafa orðið talsvert önnur. Fjöldi þeirra mata, sem hér liggja til grundvallar, er sem hér segir: 1940 4, 1941 ekkert, 1942 13, 1943 5, 1944 4, 1945 11, 1946 14, 1947 10. Af þessum ástæðum kemur til álita, hvort ekki sé fullt eins rétt að leggja vísitölu byggingarkostnaðar til grundvallar og ganga þannig út frá þeirri hugmynd, að vísitala meðalleigunnar samkv. mötunum mundi nálgast þessa vísitölu því meir sem mötin yrðu fleiri. Þetta hefur í för með sér nokkra hækkun, en með tilliti til þess, að aðrar ástæður verka í þá átt að gera þessa reikninga of lága, eins og brátt mun verða vikið að, virðist undir öllum kringumstæðum óhætt að byggja á þessum grundvelli. Hér skal ekki gert upp á milli þessara leiða, báðar koma til álita, og munur á útkomu þeirra er ekki ýkja mikill.

Skipting húsnæðis á milli þess, sem tekið hefur verið í notkun 1940 og fyrr, og á hverju ári síðan, var að framan sýnd eftir íbúðum og herbergjum. Annars er ekki kostur, þar sem engar tölur eru til um fermetra- eða rúmmetrafjölda íbúða, sem byggðar eru fyrir 1929. Nú er bæði vísitala byggingarkostnaðar og mat húsaleigunefndar miðað við rúmmetra- eða fermetrafjölda íbúða. Þar sem gildar ástæður eru til að halda, að meðalstærð íbúða og herbergja sé allmiklu meiri í nýbyggðum húsum heldur en í eldri húsum, kemur hér fram skekkja, sem gerir hina áætluðu meðalleigu of lága.

Á grundvelli þeirra talna, sem hér hafa verið birtar að framan, má nú reikna út löglega húsaleigu að meðaltali á herbergi í Reykjavík nú og 1940. Er þá húsaleigan í húsum byggðum 1940 og fyrr hækkuð samkv. húsaleiguvísitölunni (+ 4 stig), þ. e. um 50%, leiga í húsum byggðum 1941 og síðar reiknuð eftir vísitölu byggingarkostnaðar eða meðaltali af mötum húsaleigunefndar, hækkuð samkv. húsaleiguvísitölunni um 50% og síðan lækkuð um 10% í samræmi við ákvæði dýrtíðarlaganna. Kemur þá í ljós, að samkv. þessum útreikningum er lögleg meðalleiga á herbergi í Reykjavík nú 241 miðað við 100 árið 1940, sé vísitala byggingarkostnaðar lögð til grundvallar. Húsaleiguliðurinn í vísitölugrunninum ætti því að hækka um 141% í stað 50%, eins og nú er. Mundi þetta hækka vísitölu framfærslukostnaðar fyrir janúarmánuð 1948 um 19 stig, eða úr 319 í 338. Ef vísitala meðalleigu samkv.

mati húsaleigunefndar væri lögð til grundvallar í stað vísitölu byggingarkostnaðar, mundi meðalleigan á herbergi verða 223 miðað við 100 árið 1940. Yrði þá hækkun framfærsluvísitölunnar fyrir janúarmánuð 1948 15 stig, eða úr 319 í 334.

Til samanburðar má geta þess, að samkv. útreikningum Jóns Blöndals, sem byggðir voru á talsvert öðrum grundvelli en hér hefur verið gert, hefði vísitala framfærslukostnaðar fyrir október 1945 átt að hækka um 15 stig, eða 5.3%, vegna þeirrar leiðréttingar á húsaleiguliðnum, sem hann lagði til, að yrði gerð. Þessi hækkun mundi þó verða meiri nú.

Ég vil að lokum leggja sérstaka áherzlu á þýðingu þess, að þessi eða önnur hliðstæð leiðrétting á húsaleigulið vísitölunnar verði framkvæmd sem fyrst. Með festingu kaupgjaldsvísitölunnar við 300 stig fellur niður veigamesta mótbáran gegn þessari leiðréttingu, sem sé það, að sú hækkun framfærsluvísitölunnar, sem af þessu mundi leiða, gæfi kaupþegum, er búa við gamla húsaleigu, of mikla kaupuppbót, en eftir sem áður þeim, er í nýjum húsum búa, of litla. Hér er nú eingöngu um það að ræða, að sama vara er seld tvenns konar verði. Regla kauplagsnefndar hefur verið sú, að húsnæðisliðnum fráskildum, að reikna þá með meðalverði. Undantekningar hafa aðeins verið gerðar samkv. sérstökum lagafyrirmælum og þá á þann veg, að magn það, sem vera þarf á boðstólum, samsvari magni því, sem inn gengur í grunn framfærsluvísitölunnar, að viðbættum 25%.

Að mínu áliti eru því engin gild rök fyrir því að leiðrétta ekki þessa skekkju strax, en að sjálfsögðu væri þá rétt, að nefndin birti um leið greinargerð fyrir málinu, þannig að almenningi yrði ljóst, að hér væri ekki um neina raunverulega hækkun á framfærslukostnaði að ræða miðað við undanfarið ár, heldur um leiðréttingu á skekkju í grundvelli vísitölunnar. Jafnvel kæmi til mála að birta tvær vísitölur fyrsta mánuðinn, sem hinn nýi grundvöllur væri í gildi.

Nd. 449. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því. Greinin hljóði svo:

Kauplagsnefnd skal láta reikna út meðalhúsaleigu í Reykjavík, og skal hún lögð til grundvallar við útreikning verðlagsvísitölu samkvæmt lögum nr. 51 12. febr. 1940.

Ed. 450. Frumvarp til laga

um bændaskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Þar til er öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrír skólar á landi hér, er veita bændaefnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji í Skálholti í Biskupstungum, þegar lokið er byggingu skólahúss og öðrum nauðsynlegum undirbúningi. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór, fjölbreytt bú, rekin á kostnað ríkissjóðs, og veita skólastjórarnir þeim forstöðu. Fyrir bústjórnina skulu greidd sérstök laun samkvæmt samningi við ráðuneytið. Á búunum skulu færðir búreikningar.

Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir í landbúnaði, svo sem jarðrækt, garðrækt, akuryrkju, kynbótum, fóðrun búfjár og loðdýrarækt.

Áherzla skal á það lögð, að búfjárræktin á skólabúunum sé sem fjölbreyttust með hliðsjón af þeim arði, sem af slíkri starfsemi getur leitt fyrir íslenzkan landbúnað.

3. gr.

Á landi skólajarðanna skal heimilt að reisa nýbýli og bústaði fyrir fasta kennara skólans á kostnað ríkissjóðs, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til í fjárlögum. Landbúnaðarráðherra ákveður landstærð þessara nýbýla í samráði við skólastjóra.

4. gr.

Við hvern skóla skulu vera skólastjóri og tveir fastir kennarar. Laun taka þeir samkvæmt launalögum. Heimilt er ráðherra auk þess að greiða hverjum skóla upphæð, sem svarar einum kennaralaunum, er sé varið til verklegrar og bóklegrar kennslu. Skólastjóri ræður aukakennara með samþykki landbúnaðarráðuneytisins til þess að annast þessa kennslu.

Njóti kennarar landsnytja og afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

Skólastjóri hefur aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum.

5. gr.

Skólarnir séu þriggja missera skólar með bóklegu og verklegu námi. Í hverjum skóla séu tvær deildir, yngri og eldri deild. Bóklega kennslan fari fram á tímabilinu frá 15. október til 30. apríl ár hvert.

Verklega námið fari aðallega fram sumarið á milli skólavetranna, og skal hver nemandi vinna minnst 780 klukkustundir. Auk þess skulu kenndar búsmíðar og, að svo miklu leyti sem við verður komið, verkleg vélfræði að vetrinum.

Heimilt er skólastjóra að veita þeim nemendum inngöngu í eldri deild skólans, sem að hans dómi hafa næga undirbúningsmenntun til þess, en skylt skal þeim að taka þátt í verklegu námi jafnlangan tíma og aðrir nemendur.

6. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann séu þessi:

a. Að umsækjandi sé fullra 18 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með;
b. að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, sem reglugerð ákveður;
c. að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

7. gr.

Kennslan í skólanum sé bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fari fram í fyrirlestrum að því leyti, sem betur þykir henta. Þessar námsgreinar skal kenna bóklega: Íslenzku, stærðfræði (talnafræði), flatar- og rúmmálsfræði, búreikninga, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, búnaðarlandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffærafræði og lífeðlisfræði búfjár, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, jarðræktarfræði, helztu undirstöðuatriði húsabygginga í sveitum, land- og hallamælingar og eitthvert Norðurlandamál eða ensku. Enn fremur skal kenna söng, íþróttir, leikfimi og teikningu. Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjárfræði og jarðræktarfræði.

Í verklega náminu skulu kennd sem fjölbreyttust jarðræktarstörf, garðrækt, heyskapur og önnur uppskeruvinna. Einnig skal nemendum kennd hirðing og notkun þeirra véla og verkfæra, er verulega þýðingu hafa fyrir búskap.

Nemendum ber að taka þátt í hirðingu þess búfjár, sem á búunum er, undir stjórn og leiðsögn kennara. Þeir skulu og taka þátt í venjulegum bústörfum með það fyrir augum, að þeir nemi hagnýtar vinnuaðferðir, er komi bændum að sem mestum notum í starfi þeirra.

Vanti verkefni á skólabúunum, er heimilt að láta nemendur stunda verklega námið að meira eða minna leyti annars staðar, ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir náminu. Nemendur, sem stunda verknám utan skólabúanna, fá greiddan ferðakostnað til og frá kennslustað.

Í reglugerð skal kveða nánar á um fyrirkomulag kennslunnar í bóklegum og verklegum efnum.

8. gr.

Þeir nemendur, sem ljúka verklegu námi, fá hjá skólabúunum fæði og þjónustu verknámstímann. Auk þess greiðir ríkissjóður þeim kr. 100.00 styrk með verðlagsuppbót.

Ríkissjóður greiðir skólabúunum kr. 100.00 með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda, sem lýkur verklegu námi.

9. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim greinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Að loknu verklegu námi skal og fara fram verklegt próf. Þeir einir, sem lokið hafa bóklegu og verklegu fullnaðarprófi við skólana eða á hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingur. Þó skerðir það eigi rétt þeirra manna, sem tekið hafa próf eftir hinum eldri bændaskólalögum, til þess að bera það nafn.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

10. gr.

Selji skólabúið nemendum fæði og þjónustu, skal það selt með kostnaðarverði. Ella sjái skólastjóri um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti.

11. gr.

Heimilt er að halda námskeið við bændaskólana fyrir bændur og bændaefni, þegar ástæður leyfa. Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið fyrir trúnaðarmenn samkvæmt jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarfélaga, forðagæzlumenn, búreikninganámskeið og enn fremur matreiðslunámskeið.

12. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá að fengnum tillögum skólastjóranna.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við skólana.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda fyrir skólaárið 1947—1948.

15. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að stofna sérstaka deild við einn bændaskólanna eða annars staðar, ef hentara

þykir, þar sem búfræðingar geti fengið framhaldsmenntun. Um fyrirkomulag þessarar deildar skal ákveðið í reglugerð.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26 13. jan. 1938, lög nr. 39 30. júní 1942 og lög nr. 74 30. des. 1944.

Ed. 451. Frumvarp til laga

um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Allur fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, skal metinn af löggiltum matsmönnum og háður eftirliti þeirra. Undanskildar eru þó smásendingar 50 kg eða minni, sem sendar eru að gjöf.

Fisk, sem veiðiskip flytja til útlanda og þau hafa veitt sjálf, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land. Atvinnumálaráðuneytið getur þó sett reglur um slíkan útflutning, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra.

Atvinnumálaráðuneytið getur ákveðið, að mat fari fram á fiski, sem gengur kaupum og sölum innanlands.

2. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá mati, þegar svo stendur á, að reyndar eru nýjar verkunaraðferðir í tilraunaskyni. Um slíkar undanþágur skal leitað álits fiskmatsstjóra.

3. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja fisk úr landi, skal tilkynna það fiskmatsstjóra eða hlutaðeigandi yfirmatsmanni með hæfilegum fyrirvara. Útskipun, hleðsla og meðferð fisksins í útflutningsskipunum skal fara fram undir umsjón yfirmatsmanns eða löggilts hleðslustjóra.

Hverri matsskyldri fisksendingu til útlanda skal fylgja vottorð fiskmatsstjóra eða yfirmatsmanns.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fiskmatsstjóra og gefur honum erindisbréf. Skal hann hafa á hendi yfirstjórn alls fiskmats á landinu.

Fiskmatsstjóri skal hafa fulla þekkingu á meðferð og verkun á fiski, frá því fiskurinn er veiddur og þar til hann er fullgerð vara til útflutnings. Hann skal hafa vakandi auga á öllum nýjungum í meðferð, verkun og mati fiskafurða og skýra yfirfiskmatsmönnum og öðrum aðilum frá því, er að gagni má verða, svo og leiðbeina yfirmatsmönnum um störf þeirra og í samvinnu við þá stuðla að endurbótum á verkunaraðferðum fiskafurða og fylgjast með vöruvöndun. Honum er enn fremur skylt að ferðast um landið til eftirlits með framkvæmd matsins og til leiðbeininga.

Þá skal matsstjóri, í samráði við atvinnumálaráðherra, ferðast til þeirra landa, er kaupa afurðir héðan, til þess að kynna sér kröfur neytenda og nýjungar í framleiðsluháttum.

Fiskmálastjóri hefur úrskurðarvald um ágreining, er verða kann um fiskmat. Sé ágreiningurinn um vörugæði milli matsins annars vegar og framleiðenda eða annarra aðila hins vegar, má þó vísa honum til úrskurðar iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar yfirfiskmatsmenn, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra, og gefur þeim erindisbréf. Skulu þeir hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á fiskmati, verkun og meðferð fisks.

Yfirfiskmatsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

6. gr.

Yfirfiskmatsmenn skulu vera sjö á landinu:

1. Einn yfirfiskmatsmaður á Vestfjörðum með búsetu á Ísafirði.
2. Einn yfirfiskmatsmaður á Norðurlandi með búsetu á Akureyri.
3. Einn yfirfiskmatsmaður á Austurlandi með búsetu á Seyðisfirði.
4. Einn yfirfiskmatsmaður í Vestmannaeyjum.
5. Þrír yfirfiskmatsmenn á Suð-Vesturlandi með búsetu í Reykjavík. Skal einn þeirra hafa sérþekkingu á meðferð og verkun saltfisks og harðfisks, en annar sérþekkingu á meðferð og verkun freðfisks og öðru því, er lýtur að þeirri framleiðslu.

Yfirfiskmatsmenn skulu starfa undir stjórn fiskmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Fiskmatsstjóri getur kvatt yfirfiskmatsmann til starfa utan umdæmis hans, þegar sérstaklega stendur á og þörf krefur.

7. gr.

Yfirfiskmatsmennirnir skulu skyldir til þess að ferðast um landið og líta eftir og leiðbeina um verkun og meðferð fisks og hafa umsjón með hleðslu fisks í skip o. fl., eftir fyrirmælum fiskmatsstjóra. Skulu hleðslustjórar skyldir að hlíta fyrirmælum fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna um hleðslu skipa.

Yfirfiskmatsmenn skulu og fylgjast sem bezt með framleiðslu verkunarstöðva og leiðbeina matsmönnum eftir þörfum.

Fiskmatsstjóri, yfirmatsmenn eða matsmenn geta stöðvað fiskverkun, vinnslu eða útskipun, ef ekki hefur verið fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða annarra fyrirmæla um hráefni, verkun eða meðferð vörunnar.

8. gr.

Fiskmatsstjóri og yfirfiskmatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, annarri en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að fiskverzlun, né heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta fisk til útflutnings eða hafa á hendi umboðssölu eða kaup á fiski.

9. gr.

Ef yfirfiskmatsmaður tekst ferð á hendur til þess að annast fiskmatsstörf eða leiðbeiningar eftir sérstakri kröfu framleiðanda eða útflytjanda, skulu þeir greiða honum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem hann nauðsynlega þarf að vera að heiman í þeim erindum, hvort tveggja eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

10. gr.

Fiskmatsstjóri skal taka laun samkvæmt VI. launaflokki 1. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins.

Yfirfiskmatsmenn skulu taka laun samkvæmt X. launaflokki sömu laga.

Fiskmatsstjóri og yfirfiskmatsmenn fá greiddan kostnað vegna ferða í þágu matsins samkvæmt reglum, er atvinnumálaráðuneytið setur.

11. gr.

Sannist þær misfellur á vottorði fiskmatsstjóra eða yfirfiskmatsmanns, er álíta verður, að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka, geti hann sannað, að einhverjir af undirmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmenn ábyrgð á tjóninu. Auk ábyrgðarinnar má þá og svipta þá stöðu sinni eða löggildingu fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot yfirfiskmatsmanna og fiskmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

12. gr.

Á hverri fiskverkunar- eða vinnslustöð skal vera einn fiskmatsmaður eða fleiri, eftir því sem fiskmatsstjóri álítur þörf fyrir.

Fiskmatsmenn skulu hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á fiskmati, verkun og meðferð fisks, eða hafa lokið prófi á námskeiði fyrir fiskmatsmenn, er atvinnumálaráðuneytið setur reglur um.

Fyrirtæki þau eða einstaklingar, er flytja út farma af fiski, skulu skyld til þess að hafa hleðslustjóra með skipunum, er þau taka farm á fleiri höfnum en einni, enda starfi þeir, að því er metinn fisk snertir, undir umsjón fiskmatsstjóra og yfirmatsmanna, sbr. 3. gr. þessara laga.

Þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum, skal, þar sem þess er þörf í verstöð, fela fiskmatsmanni á þeim stað að hafa eftirlit með því, að ýmis ákvæði reglugerða samkvæmt lögum þessum séu haldin, svo sem ákvæði um aðgerð fisks, útbúnað fiskiskipa, áhöld og fleira, er varðar mat og meðferð fisks.

Lögreglustjóri löggildir, samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra, starfsmenn þá, sem um ræðir í þessari grein, og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

13. gr.

Kaup fiskmatsmanna fyrir starf þeirra við fiskmatið greiði eigendur fisksins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglum um störf fiskmatsmanna.

14. gr.

Til þess að tryggja sem bezt samræmi í mati á fiskafurðum, skal fiskmatsstjóri halda fundi með yfirmatsmönnum og matsmönnum, svo oft sem þurfa þykir. Á fundi þessa skal boða verzlunarerindreka landsins, er gefið geti upplýsingar og leiðbeiningar um kröfur markaðslanda vorra.

15. gr.

Fiskmatsstjóri skal sjá um, að tilraunir verði gerðar með nýjar aðferðir til verkunar á fiskafurðum, svo og til endurbóta á eldri aðferðum. Tilraunir þessar skal hann gera í samvinnu við eða undir umsjá Atvinnudeildar háskólans. Þá skal hann og sjá um, að rannsökuð verði hagnýti mismunandi aðferða, gildi byggingar- og einangrunarefna, nýting orku o. fl. varðandi verkun og vinnslu fiskafurða, einnig í samvinnu við sömu stofnun, svo að efni, vinna og orka nýtist sem bezt við framleiðsluna.

16. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að setja reglugerðir og fyrirmæli um meðferð á fiski, sem verkaður er til útflutnings, svo og um hráefni, tæki, vinnslustöðvar og útbúnað fiskiskipa. Ennfremur um verkun, umbúðir, mat, flutning og útflutning á fiski.

Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þessari grein, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim allt að 50 000 kr., er renni í ríkissjóð.

17. gr.

Sá, sem flytur eða lætur flytja út fisk án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann, sæti 1 000 til 30 000 króna sektum í ríkissjóð, sbr. þó 1. mgr. 1. gr. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt nema allt að 60 000 kr.

Um mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, fer sem um almenn lögreglumál.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

19. gr.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, eru lagðar niður eftirtaldar stöður:

1. Staða fiskimatsstjóra, sbr. lög nr. 7 9. jan. 1935.
2. Staða freðfisksmatsstjóra.
3. Stöður fimm yfirfiskimatsmanna samkvæmt 3. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat.
4. Stöður fimm yfirfreðfisksmatsmanna.
5. Staða skreiðarmatsstjóra.

20. gr.

Frá því, er lög þessi koma til framkvæmda, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat, og lög nr. 9 1. febrúar 1936, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 7 9. jan. 1935, um fiskimatsstjóra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 4. desember s. l. skipaði sjávarútvegsmálaráðherra nefnd til þess að endurskoða og sameina lög og reglugerðir um mat á fiski, í samræmi við núverandi þarfir. Skyldi stefnt að því að koma á sem einfaldastri og um leið ódýrastri yfirstjórn á fiskmatið og að störf við matið yrðu sameinuð, eftir því sem frekast væri unnt. Í nefndina voru skipaðir Þorvarður K. Þorsteinsson stjórnarráðsfulltrúi, formaður, Sveinn Árnason fiskimatsstjóri, Bergsteinn Á. Bergsteinsson freðfisksmatsstjóri, Jón Auðunn Jónsson, fyrrv. alþingismaður, tilnefndur af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, og Björn G. Björnsson forstjóri, tilnefndur af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Enn fremur var Gísli Þorkelsson, deildarstjóri iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans, skipaður í nefndina hinn 17. s. m., og skyldi nefndin þá jafnframt athuga möguleika á því að sameina mat á öllum sjávarafurðum undir eina stjórn. Nefndin hélt marga fundi um málið og boðaði á sinn fund til viðræðna um það flesta þá, sem haft hafa að gera með mat á sjávarafurðum undanfarin ár, auk þeirra, sem sæti áttu í nefndinni.

Nefndin ræddi málið meðal annars við þessa menn: Ásgeir Þorsteinsson verkfræðing, framkvæmdastjóra Lýsissamlags ísl. botnvörpunga, Jón L. Þórðarson, formann Síldarútvegsnefndar, prófessor Trausta Ólafsson, yfirlýsismatsmann, Magnús Vagnsson síldarmatsstjóri o. fl. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að sameining mats á öllum sjávarafurðum undir eina stjórn væri ekki tímabær, eins og sakir standa. Hins vegar telur nefndin það æskilegt, að í framtíðinni yrði stefnt að því að sameina mat á sjávarafurðum undir eina stjórn. Telur hún, að það mundi efla samvinnu milli hinna ýmsu matsgreina og auka samræmi í matinu.

Nefndin er aftur á móti á einu máli um það, að rétt sé að sameina mat á öllum fiski, þ. e. saltfiski, ísvörðum fiski, freðfiski og harðfiski, undir eina stjórn og fela sama yfirfiskmatsmanni yfirmat og eftirlit með mati á öllum fiski. Mundi sam-

eining núverandi saltfisks- og ísfisksmats, skreiðarmats og freðfisksmats hafa í för með sér verulegan sparnað fyrir hið opinbera, sem má áætla, borið saman við útgjöld við fiskmatið árið 1947, um 165 000 kr. á ári. Telur nefndin, að af þessari sameiningu matsins þurfi ekki að leiða lakara eftirlit með framleiðslunni eða lakari vöruvöndun, en forðast ber allt, sem gæti leitt til þess, að íslenzki fiskurinn missi það álit, sem hann hefur unnið sér á erlendum mörkuðum. Hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að tekin verði upp sú skipan á stjórn og framkvæmd fiskmatsins, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Til skýringar skal hér gerð grein fyrir því, hvernig stjórn og framkvæmd fiskmatsins í landinu er nú háttað.

Matsgreinarnar eru þrjár:

I. Mat á saltfiski og ísvörðum fiski.

Því mati stjórnar fiskimatsstjóri, og hefur hann skrifstofu í Reykjavík. Auk hans starfa svo að því mati fimm yfirmatsmenn, einn í hverjum landsfjórðungi og einn í Vestmannaeyjum. Undirmat í verðstöðvunum hafa með höndum matsmenn, sem launaðir eru af framleiðendum eða útflytjendum.

II. Mat á freðfiski.

Því stjórnar freðfisksmatsstjóri, og hefur hann einnig sérstaka skrifstofu í Reykjavík.

Auk hans starfa að því mati fimm yfirfreðfisksmatsmenn, er ferðast um landið til eftirlits.

Undirmat hafa með höndum löggiltir matsmenn, sem eru launaðir af framleiðendum. Eru þeir oft jafnframt verkstjórar við hraðfrystihúsin.

III. Skreiðarmat.

Það annast skreiðarmatsstjóri. Hann hefur enga launaða menn sér til aðstoðar.

Í frumvarpinu er lagt til, að þessar þrjár matsgreinar verði sameinaðar. Matinu stjórni einn fiskmatsstjóri, er hafi skrifstofu í Reykjavík. Auk hans vinni að matinu sjö yfirfiskmatsmenn. Einn á Vestfjörðum, einn á Norðurlandi, einn á Austurlandi, einn í Vestmannaeyjum og þrír á Suð-Vesturlandi með búsetu í Reykjavík. Undirmat í verstöðvunum verði fyrst í stað að mestu óbreytt frá því, sem nú er.

Kostnaður við mat á fiski árið 1947 var sem hér segir, sundurliðaður eftir matsgreinum.

I. Mat á saltfiski og ísvörðum fiski:		
1. Laun fiskmatsstjóra og 5 yfirmatsmanna	kr.	134 459.56
2. Ferða- og skrifstofukostnaður fiskmatsstjóra	—	29 158.48
3. Ferða- og símakostnaður yfirmatsmanna	—	25 000.00
Samtals	kr.	188 618.04
II. Mat á freðfiski:		
1. Laun freðfisksmatsstjóra og 5 yfirmatsmanna	kr.	149 310.00
2. Skrifstofu- og ferðakostnaður	—	157 000.00
Samtals	kr.	306 310.00
III. Skreiðarmat:		
1. Laun skreiðarmatsstjóra	kr.	26 460.00
2. Ferðakostnaður	—	2 000.00
Samtals	kr.	28 460.00

Kostnaður við fiskmatið alls árið 1947 kr. 523 388.04.

Sparnað við það að taka upp þá skipan á stjórn og framkvæmd fiskmatsins, sem lagt er til í frumvarpinu, mætti áætla sem hér segir:

1. Laun tveggja matsstjóra	kr.	52 920.00
2. Skrifstofu- og ferðakostnaður eins matsstjóra	—	35 000.00
3. Laun þriggja yfirmatsmanna	—	64 800.00
4. Ferða- og símakostnaður þriggja yfirmatsmanna og skreiðarmatsstjóra	—	15 000.00
Sparnaður alls	kr.	167 720.00

Í eldri lögum voru umdæmi yfirmatsmanna bundin við ákveðin takmörk, t. d. náði umdæmi yfirfiskmatsmannsins í Reykjavík frá Þjórsá vestur að Öndverðanesi, sbr. 3. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931.

Í þessu frumvarpi eru umdæmin ekki bundin við föst takmörk. Þykir eigi ástæða til þess, en aftur á móti væri óheppilegt að geta ekki fært til umdæmaskil, ef störf hlæðust sérstaklega á eitt umdæmi. Eftir að verksvið matsins hefur verið víkkað, svo sem hér er gert ráð fyrir, verður meiri hætta á þessu en áður. Enn fremur má geta þess, að ýmsar hinna stóru hafna, sem ráðgert er að byggja, kunna að raska mjög núverandi hlutföllum á milli umdæma. Einnig er ætlazt til, að kalla megi yfirmatsmenn til starfa í öðru umdæmi, þegar þörf krefur og hann getur komið því við.

Þá hefur verið tekið upp annað nafn á matinu í þessu frumvarpi, og er það nefnt fiskmat í stað fiskimats. Orðið fiskmat er myndað hliðstætt og fiskveiðar, fiskverkun o. s. frv. Virðist réttara að kenna matið við fisk, en ekki fiski, sem þýðir afli eða veiði, eins og kunnugt er.

Í upphafi 12. gr. segir, að einn fiskmatsmaður skuli vera við hverja fiskverkunar- eða vinnslustöð, og á þetta einkum við um hraðfrystihús og aðrar skyldar framleiðslustöðvar, en auk þess er gert ráð fyrir, að á hverjum útflutningsstað fyrir nýjan fisk, saltfisk eða harðfisk (skreið) séu eins margir fiskmatsmenn fyrir þessar tegundir og þörf er á.

Í sömu grein er gert ráð fyrir, að með fisktökuskipum séu sendir hleðslustjórar, er sjái um hleðslu skipsins. Bæði í eldri og í þessum fiskmatslögum segir, að yfirfiskmatsmenn skuli hafa umsjón með hleðslunni, en þetta er að nokkru úrelt ákvæði, þó sjálfsagt þyki, að þeir hafi hér einnig ábyrgð. Það eru áratugir síðan farið var að senda umsjónarmann með nærri hverju skipi og umsjón yfirfiskmatsmanna er þá aðeins yfirumsjón við meðferð fisksins á leiðinni að skipshlið og nær naumast til lestarrúmsins, nema sérstaklega standi á. Þetta er eðlileg afleiðing þess, að með skipinu fara oftast margar tegundir af fiski og frá mörgum höfnum. En svo þarf að raða þessum ýmsu tegundum til fleiri hafna erlendis á hagkvæman hátt. Ef þetta á að takast, verður að skipuleggja hleðsluna, áður en byrjað er að hlaða. Þetta er nokkuð margþætt verk og getur ekki orðið í góðu lagi, nema sami maður sjái um hleðslu á öllum farminum. Fjórir til fimm yfirfiskmatsmenn, sem hver tekur við umsjón hleðslunnar af öðrum, geti ekki haft tök á þessu. Nú er ætlazt til, að hleðslustjórar séu löggiltir á sama hátt og fiskmatsmenn og þeim ákveðin laun í erindisbréfi. Farmeigandi greiðir laun þeirra.

Þá er í sömu grein gert ráð fyrir, að veitt verði í fjárlögum hverju sinni fé til eftirlits með því, að ýmsum ákvæðum reglugerða, er snerta fiskmat og fiskverkun, sé fylgt. Þetta eftirlit er ekki nýtt og verður þó með stórbreyttum háttum við vinnslu og útflutning enn þá nauðsynlegra en áður. Meðan nær öll fiskframleiðsla var saltfiskur og mest af honum þurrkað til útflutnings, var ekki eins nauðsynlegt að hafa strangt eftirlit með hráefninu, nýja fiskinum. Öðru máli gegndi að vísu um óþurrkaðan saltfisk, sem er erfitt að meta rétt, ef um lélega vöru er að ræða. En jafnvel á þeim tímum var óhjákvæmilegt fyrir yfirfiskmatsmann að njóta aðstoðar fiskmatsmanna á útflutningshöfnum, þar sem nokkuð var um að vera, og frá því

árið 1924 fengu fiskmatsmenn víða nokkra þóknun úr ríkissjóði fyrir þessi aukastörf, frá 100 til 500 kr. á ári á hverjum stað, en ekkert í hinum smærri útgerðarstöðum. Laun fiskmatsmanna eru annars tímakaup frá fiskeigendum, meðan þeir eru að flokka og pakka fiskinn og við talningu og umsjón með útskipun.

Með hinum breyttu framleiðsluháttum nú er ekki hægt að framleiða útgengilega vöru, nema hún sé unnin úr alveg nýjum og vel meðförnum fiski, enda er því haldið fram við kaupendur, að á þessu sviði hafi engin þjóð skilyrði til að standa okkur framar. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að til þess að þetta geti orðið, þarf að gera margar ráðstafanir, sem ekki voru nauðsynlegar áður. Er nú í gildi fjöldi opinberra fyrirmæla, sem eru ekki eingöngu miðuð við þá nauðsyn, að fiskurinn sé nýr, heldur einnig við það, að allri meðferð fisksins fór mjög aftur á stríðsárunum. Það er því mikil þörf umbóta, bæði á auknu eftirliti og bættum áhöldum og meðferð. Með heimild í 16. gr. frv. er ætlazt til, að núgildandi reglur séu endurskoðaðar og við þær bætt, en þá er óhjákvæmilegt, að daglegt eftirlit sé með framkvæmd þeirra í flestum eða öllum veiðistöðvum landsins. Þetta er ætlazt til, að einn fiskimatsmaður geri á hverjum stað og fái fyrir það einhverja þóknun. Þar sem yfirfiskmatsmenn eru búsettir, er ætlazt til, að þeir hafi þetta eftirlit án aðstoðar.

Eins og áður segir, er þessi þóknun fyrir eftirlit ekki tilkomin með þessum lögum. Hún hefur verið nauðsynleg undanfarin ár. Alþingi hefur þó ekki fallizt á að taka upp fjárveitingu í þessu skyni, enda þótt fiskimatsstjóri hafi gert tillögur um það í áætlunum þeim, er hann hefur gert um kostnað við fiskimat. En hann hefur orðið að greiða 3000—6750 krónur á ári í þessu skyni af þeirri fjárhæð, er honum var áætluð í fjárlögum til skrifstofukostnaðar.

Fleira réttlætir þessa þóknun til matsmanna en hér hefur verið talið. Það er, að sögn fiskmatsstjóra, orðið mjög erfitt og jafnvel ekki hægt að fá fiskmatsmenn til að starfa gegn því, að þeir fái aðeins kaup fyrir stundavinnu við fiskmat. Búizt er við, að auðveldara yrði að ráða fram úr þessu, ef einnig yrði um einhverja þóknun að ræða fyrir eftirlit.

Í 19. gr. er lagt til, að lagðar verði niður allar núverandi stöður við fiskmatið og síðan skipað á ný í þær stöður, sem lögboðnar verða, ef frumvarpið nær fram að ganga.

Einn nefndarmanna, Sveinn Árnason fiskimatsstjóri, gerir eftirfarandi athugasemdir við 15. gr.

„Í grein þessari eru fiskmatsstjóra ætlaðar framkvæmdir, sem honum verður erfitt að inna af hendi nema að litlu leyti, með því aðalstarfi, sem honum er fyrst og fremst ætlað að sinna. Hér er fyrir hendi hlutverk handa sérstakri stofnun, sem ég álít fulla nauðsyn á að koma á fót. Ég hef á fundum í nefndinni minnzt á, að koma þurfi upp tilrauna- og rannsóknarstöð fyrir sjávarútveginn, og vildi koma fyrir í frumvarpinu lagagrein um, að slík rannsóknarstöð yrði stofnuð. En þetta þótti ekki fært, og fellst ég á, að það yrði að gera með sérstökum lögum, en ekki með einni grein í fiskmatslögunum. En ég vil leggja áherzlu á, að ég tel slíka stofnun nauðsynlega og finnst það merkilegt, að hún skuli ekki vera orðin til fyrir löngu. Að tilhlutun hins opinbera hefur lítið verið gert í þessu efni og helzt það, að heimilaður er aðgangur að Atvinnudeild háskólans til efna- og gerlarannsókna. Fjöldi hagnýtra atriða í fiskframleiðslu hafa aldrei verið rannsökuð, svo að framleiðendur gætu fengið fræðslu um þau, og er skemmst að minnast þeirra vonbrigða, er margir urðu fyrir síðastliðið ár við framleiðslu svo gamalþekktrar vöru sem saltfisks. En svo virðist sem margir framleiðendur hafi haft takmarkaðar eða beinlínis skakkar hugmyndir um útkomu á þeirri framleiðslu. Stofnun rannsóknarstöðvar fyrir sjávarútveginn er ekki nein ný hugmynd. Í yfir þrjátíu ár hafa slíkar tilraunastöðvar verið reknar af norska ríkinu og almenningur átt aðgang að niðurstöðum þeirra. Þetta er mörgum hér kunnugt, og nokkrir þeirra hafa fýst þess, að hér yrði komið upp svipaðri stofnun. Í greinargerð með fiskmatslögunum frá 1931 komst nefnd sú, er samdi þau, svo að orði:

„Nefndin vill að endingu geta þess, að hún telur mikla nauðsyn á því, að gerðar séu margvíslegar rannsóknir, er að því lúta, hvað hagkvæmast sé í ýmsu því, er snertir verkun og geymslu fiskjar, saltnotkun o. fl. Nefndin hefur ekki séð sér fært að setja nein fyrirmæli um þetta í matslögin, en væntir þess, að ekki verði lengi látið undir höfuð leggjast, að hið opinbera eigi frumkvæði að slíkum rannsóknum."

Í nefnd þessari áttu sæti: Lárus Fjeldsted, Ólafur Thors, Kristján Bergsson, Jón Ólafsson og Jón Magnússon.

Þá hef ég oft áður hreyft þessu máli bæði í ræðu og riti. Hér læt ég nægja að taka upp niðurlag af bæklingi, er ég gaf út „Um saltfisksframleiðslu" árið 1941, en þar segir:

„Norðmenn hafa haft skipulagsbundnar rannsóknir í þessum efnum og t. d. rekið tvær tilraunastöðvar til þess að athuga, hvað bezt gefist við saltfiskframleiðslu, og varið til þess miklu fé. Hér hefur ekkert slíkt verið gert, og þó var saltfisksframleiðsla okkar um skeið helmingi meiri en þeirra.

Menn vita auðvitað, að eitt atriði í fiskverkun er hentugra eða hagkvæmara en annað. En hvað munar miklu, ef það er framkvæmt öðruvísi? Það vita menn ekki með neinni vissu. Hvaða áhrif hefur ýmisleg meðferð á útkomuna? Hvort er betra að salta fiskinn mikið eða spara saltið? Auðvitað mikið, segja menn, fiskurinn verður betri og þyngri. En hvað mikið betri og hvað mikið þyngri, og hvað kostar saltaukningin? Hvort er betra að staflasalta eða pækilsalta? Hvort er betra að pressa fiskinn mikið og salta svo minna eða pressa lítið og þurrka meira? Menn grunar eða vita þetta og hitt um svona einfaldar spurningar, en fáir eða engir hafa rannsakað svona atriði með nákvæmni og þaðan af síður látið öðrum í té athuganir sínar. Þannig er um ótal margt, sem menn hafa slegið föstu sem góðum og gildum liðum í réttri verkun. En hvað munar miklu að gera þetta öðruvísi og máske betur, og hvað munar miklu að gera þetta öfugt og illa? Þetta eru rannsóknarefni, og niðurstöður af slíkum rannsóknum, jafnvel smámunum, geta haft mikla þýðingu til bóta og viðvörunar.

Það er vottur um einkennilegt tómlæti, að ekkert skuli hafa verið gert af hálfu hins opinbera til þess að ýta undir hagnýtar athuganir, sem komið gætu að almennum notum við framleiðslu, sem þjóðin bæði hefur átt og á svo mikið undir."

Ég veit ekki, hvað mörg tilraunabú og rannsóknarstofnanir eru reknar á kostnað ríkisins vegna landbúnaðarins, en ég þykist þó vita, að stofnkostnaður þeirra sé einhverjar milljónir króna og árlegur rekstur kosti álitlegar fjárfúlgur. Það gæti því naumast talizt ofrausn, þó einni slíkri stofnun væri komið á fót vegna sjávarútvegsins."

Jón A. Jónsson er sammála Sveini Árnasyni um brýna nauðsyn þess, að sjávarútvegurinn fái slíka stofnun sem Norðmenn hafa og þar heitir „Fiskeridirektoratets Kjemisk-Tekniske Forskningsinstitutt" og telur, að slík stofnun ætti að heyra undir Fiskifélag Íslands, enda ætti Fiskifélag Íslands að hafa sams konar verkefni og norska Fiskeridirektoratet.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Fiskifélags Íslands um frumvarpið, og er svarbréf þess prentað hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 26. febr. 1948.

Á fundi sínum 25. þ. m. tók stjórnin fyrir bréf hins háa ráðuneytis, dags. 19. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um meðfylgjandi frv. til laga um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Samþykkti stjórnin eftirfarandi:

„Stjórnin telur frumvarp það um fiskmat o. fl., sem atvinnumálaráðuneytið hefur sent til umsagnar með bréfi dags. 19. þ. m., ganga í rétta átt, svo sem bent hefur verið á af fiskiþingi og stjórn félagsins, þar sem ráðgert er að sameina allt mat á salt-, freð- og harðfiski undir eina og sömu stjórn. Er stjórnin því meðmælt, að því skipulagi verði komið á fiskmatið, sem þar er gert ráð fyrir. Þó vill stjórnin benda á, að hún telur réttara að setja í stað „atvinnudeildar háskólans", þar sem það kemur fyrir „fiskiðnaðardeild Fiskifélagsins", með því að flestar veigamestu rannsóknir á sviði fiskiðnaðar fara þar fram og hafa farið þar fram. Að öðru leyti sér stjórnin ekki ástæðu til að gera tillögur til breytinga á frumvarpinu."

Virðingarfyllst.

Davíð Ólafsson.

Nd. 452. Frumvarp til laga

um kauprétt á jörðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Jörð merkir í lögum þessum hvert það býli, heimajörð eða hjáleigu utan kaupstaða og kauptúna, sem sérstaklega er metið til verðs samkvæmt fasteignamati og talið er í fasteignamatsbók eða metið sem jörð í millimati.

2. gr.

Sveitarstjórn hvers hrepps skal hafa forkaupsrétt á þeim jörðum innan hreppsins, sem ganga kaupum og sölum og ekki eru opinber eign, með þeim undantekningum, sem um getur í 4. gr. og síðari málsgr. þessarar greinar. Sama gildir, ef seldur er hluti af jörð, afréttarlönd, óbyggðar lendur, ítök, skógar, vatnsnot, jarðhiti og hvers konar veiðiréttindi eða önnur gæði, sem skilin eru eða skilin verða frá jörð. Þessi forkaupsréttur sveitarstjórnar er í því fólginn, að hún skal jafnan eiga kost á að ganga fyrir um kaup á jörðum eða jarðarhlutum innan hreppsins við því verði, greiðslukjörum og öðrum skilmálum, er seljandi þeirra getur fengið fyrir þær á hverjum tíma.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til óðalsjarða og því aðeins til sölu ættarjarða, að þær séu seldar samkv. ákvæðum síðasta málsliðar 28. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

3. gr.

Næst á eftir sveitarstjórn og á sama hátt hefur leiguliði, ef til er, kauprétt á hinni fölu jörð, þó með þeim undantekningum, sem um getur í 4. gr. Skal hann jafnan eiga kost á kaupum á ábýlisjörð sinni við því verði, er seljandinn getur fengið fyrir hana, enda hafi sveitarstjórn áður hafnað forkaupsrétti sínum á jörðinni fyrir það sama verð, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

Ef jörð er seld á opinberu uppboði eða lögð veðhafa út, eiga þeir, er forkaupsrétt hafa, rétt á að ganga inn í hæsta boð samkvæmt lögum þessum, enda tilkynni forkaupsréttarhafi það uppboðshaldara innan þriggja sólarhringa frá því, að uppboðsþingi var slitið, að hann ætli að nota forkaupsrétt sinn.

Nú hefur leiguliði sagt lausri jörð eða honum verið löglega byggt út af jörðinni frá næstu fardögum, og heldur hann þá kaupréttí það sem eftir er af ábúð hans, meðan jörðin er óbyggð. En frá þeim tíma á sá kaupréttinn, er ætlar að taka jörð-

ina til ábúðar næsta fardagaár og hefur fengið byggingu fyrir henni. Nú eru ábúendur á jörð þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sérhverjum þeirra til kaups. Vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðinni, annars ræður eigandi, hverjum þeirra hann selur.

4. gr.

Kaupréttarákvæði 2. og 3. gr. laga þessara ná ekki til þess, er jarðeigandi selur jörð barni sínu, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri.

Falli jörð við erfðir til skyldmenna eftir 6., 7. og 8. gr. tilskipunar frá 25. sept. 1850, á hreppsnefnd rétt á að fá jörðina keypta á því verði, sem hún er lögð erfingjum til arfs.

Hafi leiguliði haft ábúð og búsetu á leigujörð sinni a. m. k. þrjú ár samfleytt áður en söluumleitanir hefjast, hefur hann kauprétt á undan sveitarsjóði, og öðlast þá sveitarsjóður kaupréttinn næst á eftir og þó því aðeins, að leiguliði hafi hafnað honum.

5. gr.

Kaupréttur samkv. 2. og 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. skal jafnan boðinn skriflega aðilum þeim, er hlut eiga að máli, og í þeirri röð, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Söluverð jarðar og aðrir skilmálar skal jafnframt tilgreint. Ef um er að ræða makaskipti á fasteignum, tilgreinir seljandi, hversu hátt hann metur hina framboðnu jörð til peningaverðs, og hafa þá kaupréttareigendur heimild til þess að kaupa hana því verði. Sá, er kauprétt á, skal svara skriflega kaupréttarboði sínu innan 15 daga frá því, er honum barst tilboðið. Rétt er að bjóða í senn jörðina þeim, er kauprétt hafa. Þó skal þess ávallt getið, að því aðeins eigi sá, er tilboðið fær, kost jarðarinnar, að sá, er kauprétt á framar honum, noti ekki rétt sinn. Vanræki kaupréttarhafi að svara innan þess tíma, hefur hann í það sinn, glatað rétti sínum til kaupanna. Yfirlýsing um afsal kaupréttar samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi 6 mánuðum frá dagsetningu hennar.

6. gr.

Ef seljandi jarðar brýtur fyrirmæli 2. og 3. gr., 2. mgr., 4. gr. og 5. gr. og selur jörð sína án þess að hafa áður fullnægt kaupréttarákvæðum laga þessara, getur sá kaupréttarhafi, sem rétti hefur verið sviptur, krafizt þess, að salan sé ógilt, og á hann þá rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé málsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því hann fékk vitneskju um misfelluna og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rétthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55 15. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 453. Frumvarp til laga

um sóknargjöld.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, kr. 3.00—6.00 á ári eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.

Gjöld þessi skal innheimta að viðbættu álagi, er nemur meðaltali gildandi vísitölu næsta almanaksár á undan gjalddaga. Gjaldauki, sem nemur minna en kr. 0.50, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur kr. 0.50 eða meiru.

Hver sá, er telst til utanþjóðkirkjusafnaðar, er hefur löggiltan prest eða forstöðumann, greiði gjald til trúfélags síns, hverju sinni eigi lægri upphæð en honum hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og greiðir ekki safnaðargjald samkvæmt því, er að framan segir, og ber honum þá að greiða árlega í prófgjaldasjóð Háskóla Íslands upphæð, er nemur eigi minna en hinu lögboðna sóknargjaldi.

Utanþjóðkirkjumönnum ber að sýna innheimtumanni sóknargjalda skilríki fyrir því, að þeir hafi greitt sóknargjald sitt, samkvæmt 3. og 4. málsgr., ella ber þeim að greiða gjöld þessi til sóknarkirkju sinnar.

Heimilt er sóknarnefndum, samkvæmt sérstakri umsókn þar um, að undanþiggja sóknargjaldskyldu um ákveðinn tíma þá menn, er þær telja eiga við svo bág kjör að búa, að þeim sé um megn að greiða sóknargjöld sín án þess að þurfa að leita opinberrar aðstoðar eða þola skort.

2. gr.

Sóknargjald skal miða við almanaksár og greiðist þeirri kirkju eða söfnuði, þar sem gjaldandi á lögheimili í ársbyrjun, og er eindagi þess 31. marz ár hvert fyrir það ár, sem er að líða.

3. gr.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkju fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar, og er henni þá heimilt, að fengnu leyfi safnaðarfundar, að jafna því, sem á vantar, niður á safnaðarmenn í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum. Lægra gjaldi en einni krónu skal þá sleppt.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefur eigi átt þess kost að taka að sér með sanngjörnum skilmálum að dómi kirkjustjórnar umsjón og fjárhald kirkju, er niðurjöfnun aukagjalds óheimil, nema kirkjustjórn veiti til þess sérstaka heimild fyrir eitt ár í senn, samkvæmt rökstuddri umsókn kirkjueiganda, og skal þá jafnan í leyfisbréfinu tiltekin sú upphæð, er heimilast að jafna niður á útsvarsgreiðendur.

4. gr.

Sóknargjald og niðurjöfnunargjald samkv. 3. gr. skal hver heimilisráðandi leggja fram fyrir þá, sem lögheimili eiga hjá honum, en hann á endurkröfurétt á hendur heimilismanna sinna, og má halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra.

Kjósi innheimtumaður sóknargjalda heldur að innheimta sóknargjald af hverjum einstökum gjaldanda, er honum það heimilt.

Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, greiðist úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði, ef gjaldandi hefur eigi sótt um eða fengið undanþágu frá sóknargjaldi samkv. 1. gr.

5. gr.

Presti eða öðrum þeim, er manntal skal taka, er skylt að láta sóknarnefndum eða innheimtumönnum sóknargjalda ókeypis í té skýrslur um manntal safnaðar til afnota við útreikning og innheimtu sóknargjalda.

6. gr.

Sóknarnefndir skulu hafa á hendi innheimtu sóknargjalda gegn 6% innheimtulaunum.

Þar, sem sóknarnefndir fela oddvitum eða innheimtumönnum þinggjalda innheimtu sóknargjalda, skulu þeir einnig innheimta gjöld utanþjóðkirkjumanna. Skulu þeir skila gjöldum þessum til kirkjufélaganna eða Háskóla Íslands, á sama hátt og skil eru gerð til þjóðkirkjusafnaðanna.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld svo og lög nr. 72 27. júní 1941, um breyting á þeim lögum, og önnur ákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Ed. 454. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að verja fé til eflingar bindindisstarfsemi.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að verja árlega 300 þús. krónum úr ríkissjóði til bindindisstarfsemi og áfengisvarna í landinu.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er orðist svo (greinatalan breytist samkv. því):
   Ráðherra skipar 3 manna áfengisvarnaráð, einn eftir tilnefningu Stórstúku Íslands, annan eftir tilnefningu læknaráðs Íslands og þann þriðja án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins. Ráðið gerir tillögur um það, á hvern hátt fé samkv. 1. gr. skuli varið.
3. Við fyrirsögn frv. Aftan við fyrirsögnina bætist: og áfengisvarna.

Ed. 455. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 422 [Eignakönnun].

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Síðari málsliður 1. málsgr., önnur og þriðja málsgrein brtt. hljóði þannig:

Tilkynna skal skattgreiðendum með ábyrgðarbréfi skattupphæð þá, sem þeim ber að greiða.

Rétt hefur skattþegn til þess að kæra til framtalsnefndar yfir skatti þeim, sem á hann er lagður. Kærufrestur skal vera 3 vikur í Reykjavík og Hafnarfirði, frá því að tilkynning um skattgreiðslu var lögð í póst, en 6 vikur annars staðar á landinu. Framtalsnefnd úrskurðar kæru skattþegns innan 4 vikna, eftir að henni barst kæran í hendur, nema hún telji sig þurfa lengri frest til rannsóknar.

Skattþegn getur skotið úrskurði framtalsnefndar til fjármálaráðherra.

Ed. 456. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 438 [Menntaskólar].

Frá Eiríki Einarssyni.

1. málsgr. orðist svo:

Menntaskólar skulu vera í Reykjavík og á Akureyri. Enn fremur er heimilt að reisa menntaskóla í sveit á Suðurlandi, er veitt verður fé til þess í fjárlögum.

Nd. 457. Frumvarp til laga

um kjötmat o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948).

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Sláturfénaður: Sauðfé, nautgripi, hross, svín, alifugla o. s. frv.

Læknir: Dýralækni þann, er kjötskoðunina annast, eða hvern þann lækni eða læknanema, sem löggiltur hefur verið til starfsins samkvæmt 7. gr. laga þessara.

Kjötmatsmaður: Hvern þann undirkjötmatsmann, er lýtur yfirkjötmatsmanni.

2. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og kæling og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum. Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum.

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun geti tekizt þar á viðunandi hátt, en stefna skal að því, að sem allra fyrst verði málum svo komið, að öll slátrun fari fram í löggiltum sláturhúsum, ef afurðirnar eru ætlaðar til sölu á opinberum markaðsstöðum, og getur ráðherra sett hlutaðeigandi aðilum ákveðinn frest til úrbóta.

Ráðherra setur reglur um útbúnað sláturhúsa og frystihúsa.

3. gr.

Við gildistöku þessara laga skulu allir sláturleyfishafar senda atvinnumálaráðuneytinu umsóknir, þar sem þeir óska eftir, að fram fari löggilding húsa til slátrunar og frystingar á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Ráðuneytið sendir síðan yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni umsóknirnar til umsagnar, sbr. 2. gr.

Hver sá, sem síðar hyggst að hefja slátrun sauðfjár eða annars sláturfénaðar í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu slíka umsókn. Eftir fyrstu löggildingu annast yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum. Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefur sérstakt löggildingarmerki.

4. gr.

Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annazt, að skýra ráðuneytinu frá því tafarlaust. Setur ráðuneytið umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Ráðuneytið tilkynnir þá jafnframt aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar niður lögð, unz úr sé bætt.

5. gr.

Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, áður en slátrun fer fram, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og innyflum af þeim sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, fara fram áður en afurðirnar eru boðnar til sölu nýjar á opinberum markaði og enn fremur áður en kæling, frysting, söltun eða önnur verkun fer fram. Að skoðun lokinni skal dýralæknir eða hver sá, sem löggiltur hefur verið til starfsins, merkja kjötið samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og innyflum. Enn fremur getur ráðherra sett reglur um læknisskoðun og merkingu annarra sláturfjárafurða, eftir því sem þörf er á.

Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir læknisskoðun og merkingu kjöts og annarra sláturfjárafurða.

6. gr.

Sláturfjárafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis, eftir úrskurði kjötskoðunarlæknis, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins, á þann hátt að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur sýkingarhætta getur stafað af að áliti kjötskoðunarlæknis, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálfdauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess, nema til komi leyfi kjötskoðunarlæknis, enda geri hann sér þá þegar ljóst, hver dauðaorsökin hafi verið, og fyrirskipar ráðstafanir samkvæmt því.

7. gr.

Dýralæknar annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sbr. 5. gr. laga þessara. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra að fengnum tillögum yfirdýralæknis lækni eða læknisefni, er að minnsta kosti hefur lokið fyrsta hluta læknisprófs, til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá dýralækni hér á landi.

Nú reynist ókleift að fá lækni eða læknisefni til eftirlits og heilbrigðisskoðunar á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum á einhverjum slátrunarstað og ekki unnt að framkvæma slíkt í tæka tíð, áður en afurðirnar eru boðnar til sölu nýjar eða áður en frysting, söltun eða önnur verkun fer fram, og getur ráðuneytið þá í samráði við yfirdýralækni löggilt til heilbrigðisskoðunar kjötmatsmann eða aðra greinagóða menn, enda hafi þeir kynnt sér kjötskoðun og lokið kjötskoðunarprófi hjá dýralækni. Þessi ráðstöfun kemur þó ekki til greina, ef kjötið er ætlað til útflutnings.

8. gr.

Allt kjöt og innyfli af sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, sem flutt er á erlendan markað eða til sölu innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna.

Ráðuneytið setur reglugerð um flokkun, merkingu, frystingu, söltun, umbúðir, flutning og meðferð kjöts og innyfla, að fengnum tillögum kjötmatsformanns, framleiðsluráðs landbúnaðarins og helztu kjötsöluaðila.

Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, mat og merkingu á kjöti og innyflum til ákveðinna landa, eftir því hvaða kröfur eru gerðar í því efni.

9. gr.

Ráðherra skipar 4 yfirkjötmatsmenn, og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði.

Einn þeirra fjögurra skal ráðherra skipa kjötmatsformann, og skal hann hafa forgöngu um þau atriði í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innanlands.

Yfirkjötmatsmenn skulu hafa sem bezta þekkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum og öllu því, er lýtur að meðferð sláturfjárafurða.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmönnum reglur um störf þeirra og ákveður umdæmi þeirra.

Ekki mega yfirkjötmatsmenn þiggja neina þóknun hjá þeim, er við kjötsölu eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti utanlands né innan eða milligöngu í því efni, er þeir geti haft hagnað af.

Árslaun yfirkjötmatsmanna skulu vera kr. 1 200.00 og kjötmatsformanns kr. 2 400.00.

Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir og fá greiddan samkvæmt reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar.

Allan kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

10. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum slátrunarstað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur. Kaup kjötmatsmanna skal vera 25% hærra en venjulegt verkamannakaup á staðnum, þar sem matið fer fram, og greiða sláturleyfishafar, sem slátrunina framkvæma, kaupið.

Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem kjötverzlun annast, né sjálfir vera riðnir við sölu þess, svo að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, sýnir hlutdrægni við matið eða leysir það illa af hendi á einhvern hátt að dómi yfirkjötmatsmanns, og er yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

11. gr.

Nú eru nýjar sláturfjárafurðir fluttar til sölustaðar án þess að læknisskoðun hafi farið fram á þeim, og skal þá bæjarfélag eða hreppsfélag sjá fyrir löggiltu húsnæði til skoðunar á þeim gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi greiðir, samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins.

Sé sláturhús á móttökustað eða sérstakar kjötmiðstöðvar, skal læknisskoðun fara þar fram og enn fremur gæðamat, samkvæmt reglugerð, sbr. 8. gr.

12. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og flokkun, og varðar það sektum frá kr. 500.00 til 25 000.00. Önnur brot gegn

lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10000.00 Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 39 frá 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., lög nr. 3 frá 1. febrúar 1936 og lög nr. 115 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, svo og reglugerðir þær, sem settar hafa verið, og auglýsingar, sem út hafa verið gefnar samkvæmt þeim lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með bréfi, dags. 28. nóvember 1947, skipaði landbúnaðarráðuneytið þriggja manna nefnd til þess að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um kjötmat.

Í nefndina voru skipaðir Sæmundur Friðriksson framkvæmdastjóri, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar, Jónmundur Ólafsson yfirkjötmatsmaður og Kristjón Kristjónsson fulltrúi.

Nefndin hefur samið framangreint frumvarp til laga um kjötmat o. fl., og fylgdi því greinargerð sú, er hér fer á eftir:

Lög nr. 39 frá 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., höfum við nú tekið til athugunar og orðið sammála um, að heppilegast væri að semja nýtt frumvarp að lögum um kjötmat, og leyfum okkur að senda það hér með. Helztu breytingar, sem frumvarp þetta felur í sér, miðað við lögin frá 1933, eru þessar:

1. Kjötmatslögin frá 1933 eru að mestu leyti bundin við afurðir til útflutnings. Í frumvarpinu er aftur á móti ætlazt til þess, að allar sláturfjárafurðir hljóti hliðstæða meðferð, hvort sem á að selja þær utanlands eða innan. Er þetta í samræmi við þá þróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, þ. e. að mestur hluti kjötsins er nú seldur innanlands og verkun og meðferð þess samkvæmt því, sem lögin frá 1933 gera ráð fyrir um útflutningskjöt. Virðist eðlilegt að færa lögin til samræmis við þessa reynslu, og auk þess engin ástæða til að gera lagalega minni kröfur í þessu efni fyrir innlenda neytendur en erlenda.
2. Í frumvarpinu eru gerðar nokkuð meiri kröfur en verið hefur til þess, að sláturog frystihús verði bætt svo að gerð og frágangi, að löggilding geti farið fram á þeim.
3. Ætlazt er til, að heilbrigðisskoðun fari fram á öllu kjöti og innyflum, ef salan á að fara fram á opinberum markaðsstöðum, án tillits til þess, hvort selja á afurðirnar til útlanda eða í smáum eða stórum sölustöðum innanlands. Teljum við það eðlilegt til samræmis. Þar sem mjög erfiðlega hefur gengið að fá lækna eða læknanema til kjötskoðunar á afskekktum slátrunarstöðum, er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að löggilda megi til þess starfs kjötmatsmenn eða aðra greinagóða menn, sbr. 7. gr. Þetta er nýmæli, sem við álítum, að grípa verði til í einstökum tilfellum, þegar annars er ekki kostur.
4. Varðandi kjötmatið sjálft er ekki um neinar breytingar að ræða, aðrar en á sömu leið og áður getur, að lögleitt verði hliðstætt mat og merking og gildir um freðkjöt til útflutnings, sem hefur að miklu leyti verið notað síðari árin fyrir kjöt, sem selt er innanlands, án þess að lögin geri ráð fyrir slíku.
5. Í frumvarpinu er ætlazt til, að yfirkjötmatsmenn verði fjórir, sbr. 9. gr., í stað þriggja eftir núgildandi lögum. En raunar hafa þeir verið fjórir, því að á Vest-

fjörðum hefur starfað sérstakur yfirkjötmatsmaður, þó lögin geri ekki ráð fyrir því. Er því ekki um raunverulega breytingu að ræða í þessu efni. Hins vegar er ætlazt til, að ráðherra skipi einn yfirkjötmatsmanninn — kjötmatsformann. Með þeirri breytingu er reynt að fá ákveðna forustu um þessi mál, sem hingað til hefur vantað, a. m. k. frá hinni lagalegu hlið. Kjötmatsformanni er ætlað að hafa samband við hina yfirkjötmatsmennina í því skyni að koma á og viðhalda betra samræmi í kjötmati, frágangi sláturfjárafurða og öðru, er að þessu lýtur. Með reglugerð þyrfti kjötmatsformaður að fá heimild til að halda fundi með yfirkjötmatsmönnum og jafnvel til að halda námskeið með kjötmatsmönnum og sláturhússtjórum, ef þess væri talin þörf. Þá er honum ætlað að skoða kjöt og aðrar sláturfjárafurðir, sem ætlaðar eru til útflutnings eða til sölu á helztu markaðsstöðum innanlands. Með því væri honum gefinn kostur á að gera samanburð á mati, verkun og öllum frágangi frá hinum ýmsu slátrunarstöðum landsins. Skýrslur þyrfti hann að gefa ráðuneytinu um slíkar athuganir og gera að öllu leyti ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að hvers konar ágallar, er hann kynni að verða var við, endurtaki sig. Með tilliti til þeirra starfa, sem kjötmatsformanni er ætlað að leysa af hendi, teljum við hæfilegt, að árslaun hans verði ákveðin kr. 2 400.00, auk dýrtíðaruppbótar, en aðrir yfirkjötmatsmenn hafi í árslaun kr. 1 200.00, auk dýrtíðaruppbótar, og er það lítið eitt hærra en þeir hafa samkvæmt núgildandi lögum.

Nd. 458. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 447 [Útrýming villiminka].

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Varatill.
   Bráðabirgðaákvæðið orðist svo:
   Frá 1. júlí 1948 skal vera óheimilt að stofna til minkaeldis í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi. Jafnframt skal sýslunefndum í þessum tveim fjórðungum vera heimilt eftir gildistöku þessara laga að kaupa eftir mati dómkvaddra manna þá minka, sem eru húsdýr innan endimarka sýslunnar. Ríkissjóður greiðir hálfan kostnað við þessar aðgerðir, móti hlutaðeigandi sýslufélagi.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um bann gegn minkaeldi á Norður- og Austurlandi og útrýmingu villiminka.

Nd. 459. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Niðurlag 1. málsgreinar 31. gr. laga nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun, orðist á þessa leið:

Þetta tekur þó ekki til inneigna lánsstofnana hverrar hjá annarri, né heldur til sparisjóðsinnstæðna, annarra en á ávísanabókum, er nema 200 kr. eða lægri fjárhæð.

2. gr.

Á eftir 45. gr. laganna komi ný grein, er hljóði svo:

Þá er framtalsnefnd hefur lokið störfum samkvæmt 45. gr., skal hún ákveða mönnum skatt samkvæmt 17. gr. og gera um það skattskrár, þar sem skattgreiðendur eru taldir í stafrófsröð, hver í sínu skattaumdæmi. Tilkynna skal skattgreiðendum með ábyrgðarbréfi skattupphæð þá, sem þeim ber að greiða.

Rétt hefur skattþegn til þess að kæra til framtalsnefndar yfir skatti þeim, sem á hann er lagður. Kærufrestur skal vera 3 vikur í Reykjavík og Hafnarfirði, frá því að tilkynning um skattgreiðslu var lögð í póst, en 6 vikur annars staðar á landinu. Framtalsnefnd úrskurðar kæru skattþegns innan 4 vikna, eftir að henni barst kæran í hendur, nema hún telji sig þurfa lengri frest til rannsóknar.

Skattþegn getur skotið úrskurði framtalsnefndar til fjármálaráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 460. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá Páli Zóphóníassyni, Þorsteini Þorsteinssyni og Guðmundi Í. Guðmundssyni.

Við 2. gr. 5. málslið 1. efnismálsgreinar skal orða svo:

Í reglugerð skal nánar kveðið á um prófgreinar og tilhögun prófsins svo og um, til hve langs tíma löggilding veitir rétt til ökukennslu.

Sþ. 461. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1948.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við	3. gr.	A. Sundurliðun. 1. I. (Tekjur póstsjóðs). Fyrir „8 230 000“ kemur	9 050 000
2.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. II. a. (Notendasímar í sveitum). Liðurinn orðist svo: Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum	800 000
3.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. II. b. 5. (Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði). Liðurinn orðist svo: Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði að frádregnum stofngjöldum	3 460 000
4.	—	3. —	A. 9. I. (Landssmiðjan, tekjur). Fyrir „1 045 000“ kemur	1 082 800
5.	—	10. —	III. 2. d. (Sendiráðið í Stokkhólmi, risna og staðaruppbót). Fyrir „74 400“ kemur	91 800
6.	—	10. —	III. 5. c. (Sendiráðið í Moskva, risna og staðaruppbót). Fyrir „86 000“ kemur	117 500
7.	—	10. —	III. 6. c. (Sendiráðið í París, risna og staðaruppbót). Fyrir „146 900“ kemur	166 900

8. Við 11. gr. A. 10. b. (Vinnuhælið á Litla-Hrauni, tekjur).
Fyrir „140 000“ kemur 240 000
9. — 11. — A. 14. b. (Félagsdómur, útgáfa dóma). Liðurinn fellur niður.
10. — 11. — B. 1. (Skipaskoðun ríkisins, tekjur).
Fyrir „184 600“ kemur 328 900
11. — 11. — B. 7. (Mat á afurðum). Í stað a.—b. liða kemur einn stafliður (a):
Mat á saltfiski, ísvörðum fiski og freðfiski:
1. Laun:
a. Grunnlaun 111 300
b. Verðlagsuppbót 222 600
2. Skrifstofukostnaður 30 000
12. — 11. — B. 13. (Kostnaður við húsaleigunefndir).
Liðurinn fellur niður.
13. — 11. — C. II. d. (Kostnaður við nýbyggingarsjóðsnefnd).
Liðurinn fellur niður.
14. — 11. — C. II. e. (Laun skattdómara).
Liðurinn fellur niður.
15. — 12. — III. G. (Heilsuhælið í Kaldaðarnesi). Liðurinn orðist svo:
Heilsuhæli fyrir ofdrykkjumenn 50 000
16. — 12. — VII. (Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa). Nýr liður:
Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum gegn tvöföldu framlagi annars staðar að 100 000

Skilyrði fyrir styrknum er það, að heilsuverndarstöðvar reki berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og hagi störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.

17. — 13. — A. II. a. Liðurinn orðist svo:
Til nýrra akvega:
1. Kjósarvegur 20 000
2. Reynivallavegur 25 000
3. Akrafjallsvegur 60 000
4. Leirársveitarvegur 25 000
5. Hvalfjarðarferjuvegur 80 000
6. Svínadalsvegur 25 000
7. Lundarreykjadalsvegur 25 000
8. Melavegur 25 000
9. Bæjarsveitarvegur 30 000
10. Varmalandsvegur 70 000
11. Skorradalsvegur 25 000
12. Hálsasveitarvegur 25 000
13. Hvítársíðuvegur 25 000
14. Álftaneshreppsvegur 85 000
15. Hraunhreppsvegur 35 000
16. Hnappadalsvegur 25 000
17. Ólafsvíkurvegur 110 000
18. Útnesvegur 45 000
19. Búðavegur 25 000
20. Hellissandsvegur 25 000
21. Fróðárhrepps- 15 000
og Eyrarsveitarvegur 25 000
40 000

22.	Helgafellssveitarvegur	25 000
23.	Skógarstrandarvegur	30 000
24.	Dalasýsluvegur	100 000
25.	Laxárdalsvegur	20 000
26.	Klofningsvegur	30 000
27.	Laugavegur	15 000
28.	Skarðsstrandarvegur	70 000
29.	Haukadalsvegur	20 000
30.	Reykhólavegur	40 000
31.	Gautsdalsvegur	10 000
32.	Gufudalsvegur	40 000
33.	Barðastrandarvegur	200 000
34.	Tálknafjarðarvegur	50 000
35.	Rauðasandsvegur	70 000
36.	Örlygshafnarvegur	10 000
37.	Bíldudalsvegur	40 000
38.	Suðurfjarðarvegur	25 000
39.	Dalahreppsvegur	40 000
40.	Rafnseyrarheiðarvegur	100 000
41.	Núpsvegur	20 000
42.	Hjarðardalsvegur	25 000
43.	Súgandafjarðarvegur	85 000
44.	Súðavíkurvegur	70 000
45.	Ármúlavegur	40 000
46.	Ögurvegur	25 000
47.	Bolungavíkurvegur	200 000
48.	Selstrandarvegur	20 000
49.	Reykjafjarðarvegur	20 000
50.	Bitruvegur	200 000
51.	Bæjarhreppsvegur	15 000
52.	Vatnsnesvegur	65 000
53.	Miðfjarðarvegur	30 000
54.	Vesturhópsvegur	55 000
55.	Vatnsdalsvegur	45 000
56.	Svínvetningabraut	50 000
57.	Skagastrandarvegur	120 000
58.	Norðurárdalsvegur	25 000
59.	Gönguskarðsvegur	85 000
60.	Hegranesvegur	25 000
61.	Skagafjarðarvegur	85 000
62.	Út-Blönduhlíðarvegur	25 000
63.	Hofsósvegur	40 000
64.	Hólavegur	40 000
65.	Siglufjarðarskarðsvegur	40 000
66.	Flókadalsvegur	25 000
67.	Ólafsfjarðarvegur	50 000
68.	Hrísavegur	35 000
69.	Svarfaðardalsvegur	40 000
70.	Árskógssandsvegur	40 000
71.	Hörgárdalsvegur innri	25 000
72.	Hörgárdalsvegur ytri	25 000
73.	Öxnadalsheiðarvegur	500 000
74.	Laugalandsvegur	10 000

75.	Svalbarðsstrandarvegur		45 000
76.	Fnjóskadalsvegur		15 000
77.	Ljósavatnsvegur		20 000
78.	Kinnarbraut í Ljósavatnshr.		65 000
79.	Bárðardalsvegur		20 000
80.	Laxárdalsvegur		25 000
81.	Hvammsheiðarvegur		20 000
82.	Reykjahverfisvegur		25 000
83.	Tjörnesvegur		15 000
84.	Kelduhverfisvegur		30 000
85.	Hólsfjallavegur		65 000
86.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur		65 000
87.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar		25 000
88.	Langanesvegur		20 000
89.	Eldjárnsstaðavegur		15 000
90.	Brekknaheiðarvegur		80 000
91.	Bakkafjarðarvegur		25 000
92.	Vopnafjarðarvegir:		
	a. Vesturdalsvegur	20 000	
	b. Strandavegur	25 000	
	c. Fjallasíðuvegur ytri	30 000	
			75 000
93.	Hróarstunguvegur		30 000
94.	Upphéraðsvegur		65 000
95.	Jökuldalsvegur		20 000
96.	Úthéraðsvegur		70 000
97.	Borgarfjarðarvegur		20 000
98.	Fjarðarheiðarvegur		100 000
99.	Skóga- og Fljótsdalsvegur		25 000
100.	Eskifjarðarvegur		20 000
101.	Norðurbyggðarvegur í Skriðdal		25 000
102.	Oddsskarðsvegur		200 000
103.	Fáskrúðsfjarðarvegur		85 000
104.	Stöðvarfjarðarvegur		50 000
105.	Berunesvegur		20 000
106.	Breiðdalsvíkurvegur		25 000
107.	Vallanesvegur		25 000
108.	Geithellnavegur		50 000
109.	Lónsheiðarvegur		40 000
110.	Almannaskarðsvegur		40 000
111.	Hornsvegur		15 000
112.	Melatunguvegur		10 000
113.	Innnesjavegur		20 000
114.	Mýravegur		25 000
115.	Suðursveitarvegur		20 000
116.	Öræfavegur		25 000
117.	Síðuvegur		25 000
118.	Skaftártunguvegur		25 000
119.	Landbrotsvegur		25 000
120.	Reynishverfisvegur		20 000
121.	Álftaversvegur		30 000
122.	Meðallandsvegur		45 000
123.	Mýrdalsvegur		50 000

124.	Eyjafjallavegur	40 000
125.	Syðri-Landeyjavegur	40 000
126.	Ytri-Landeyjavegur	55 000
127.	Rangárvallavegur	25 000
128.	Þykkvabæjarvegur	25 000
128.	Þykkvabæjarvegur	25 000
129.	Hagabraut	70 000
130.	Landvegur	40 000
131.	Bakkabæjavegur	25 000
132.	Merkurvegur	25 000
133.	Árbæjarvegur	25 000
134.	Vallarvegur	15 000
135.	Ásvegur	25 000
136.	Gnúpverjahreppsvegur	20 000
137.	Grafningsvegur	20 000
138.	Hrunamannahreppsvegur	50 000
139.	Laugardalsvegur	50 000
140.	Skálholtsvegur	50 000
141.	Partavegur	20 000
142.	Selvogsvegur	200 000
143.	Bræðratunguvegur	35 000
144.	Kiðjabergsvegur	25 000
145.	Hamarsvegur	15 000
146.	Austurlandsvegur	75 000

18. Við 13. gr. A. III. Liðurinn orðist svo:

Brúargerðir:

1.	Kleifaá í Dalasýslu	15 000
2.	Víðinesá á Hólavegi	35 000
3.	Selá í Steingrímsfirði	100 000
4.	Broddá í Kollafirði	40 000
5.	Ósá hjá Bolungavík	80 000
6.	Þorskafjarðará	120 000
7.	Músará	60 000
8.	Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum	145 000
9.	Minnivallarlækur	40 000
10.	Þorvaldsdalsá	40 000
11.	Þverá í Reykjahverfi	50 000
12.	Laxá í Skagafirði	100 000
13.	Grímsá í Lundarreykjadal	120 000
14.	Litla-Þverá í Mýrasýslu	50 000
15.	Jökulsá á Fljótsdal	150 000
16.	Langadalsá á Skógarströnd	50 000
17.	Austurá í Miðfirði	35 000
18.	Núpaá í Miðfirði	55 00
19.	Blanda hjá Löngumýri	200 000
20.	Álkaá	90 000
21.	Múlaá í Skriðdal	100 000
22.	Geitdalsá	40 000
23.	Laxá í Lóni	80 000
24.	Djúpá í Fljótshverfi	100 000
25.	Þjórsá	500 000
26.	Ýmsar smábrýr	400 000

19. Við 13. gr. A. IV. (Til brúarsjóðs samkvæmt lögum).
Liðurinn fellur niður.

20. — 13. — A. XI. b. (Til ræktunarvega. Flatey á Breiðafirði).
Fyrir „5 000“ kemur 10 000

21. — 13. — C. VIII.

a. Liðurinn orðist svo:
Til hafnarmannvirkja:

1.	Akranes	350 000
2.	Akureyri	75 000
3.	Bolungavík	150 000
4.	Dalvík	150 000
5.	Hafnarfjörður	250 000
6.	Hofsós	50 000
7.	Húsavík	250 000
8.	Ísafjörður	250 000
9.	Neskaupstaður	150 000
10.	Ólafsfjörður	250 000
11.	Ólafsvík	50 000
12.	Patreksfjörður	250 000
13.	Raufarhöfn	6 000
14.	Sauðárkrókur	200 000
15.	Siglufjörður	75 000
16.	Skagaströnd	250 000
17.	Stykkishólmur	50 000
18.	Súgandafjörður	50 000
19.	Vestmannaeyjar	250 000
20.	Þingeyri	50 000
21.	Þórshöfn	50 000
22.	Höfn í Hornafirði	100 000

b. Nýr (rómv.) liður:
Til lendingarbóta:

1.	Bakkafjörður	75 000
2.	Blönduós	50 000
3.	Borgarfjörður eystri	50 000
4.	Breiðdalsvík	50 000
5.	Búðardalur	30 000
6.	Árskógssandur	10 000
7.	Djúpivogur	60 000
8.	Drangsnes	40 000
9.	Eyrarbakki	20 000
10.	Flatey á Breiðafirði	100 000
11.	Flatey á Skjálfanda	25 000
12.	Gerðar í Garði	20 000
13.	Grindavík (Járngerðarstaðir)	100 000
14.	Grenivík	50 000
15.	Hafnarnes	40 000
16.	Hnífsdalur	50 000
17.	Hvammstangi	70 000
18.	Kaldrananes	60 000
19.	Mjóifjörður	20 000
20.	Sandgerði	100 000
21.	Salthólmavík	8 000
22.	Króksfjarðarnes	10 000

	23. Stöðvarfjörður		60 000
	24. Súðavík		30 000
	25. Tálknafjörður		40 000
	26. Vatnsfjörður		10 000
	27. Vogar		150 000
	28. Vopnafjörður		60 000
	29. Þorlákshöfn		180 000
	30. Örlygshöfn		20 000
22. Við 13. gr.	C. IX. (Hafnarbótasjóður). Fyrir „1 150 000“ kemur		1 500 000
23. — 13. —	D. (Flugmál). Kaflann skal orða svo:		
	D. Flugmál:		
	I. Stjórn, skrifstofukostnaður, sameiginl. kostn. o. fl. Flugráð, flugvallastjóri, flugmálastjóri, þar með talinn sameiginlegur kostn. flugvallanna, þ. e. skrifstofukostn. þeirra o. fl.		500 000
	II. Rekstur flugvallanna:		
	1. Þátttaka í lendingarstjórn og flugumferðastjórn	151 800	
	2. Slökkvilið	152 200	
	3. Birgðavarzla, benzínafgr., sjóflughöfn	115 800	
	4. Vélaverkstæði	223 200	
	5. Verkstjórn	52 200	
	6. Viðhald, hreinsun o. fl.	1 104 000	
	7. Eldsn. vinnuvéla og annar kostn.	100 000	
	8. Viðhald og annar kostn. við flugvelli utan Rvíkur	400 000	
		2 299 200	
	9. Tekjur:		
	Reykjavík 600 000		
	Keflavík 750 000		
	Vestmannaeyjar 20 000		
	Melgerðisflugvöllur 5 000		
		1 375 000	
			924 200
	III. Flugumferðastjórn	556 500	
	÷ Alþjóðatillag, væntanl. 95%	528 675	
			27 825
	IV. Blindflugskólinn	60 000	
	Tekjur	60 000	
	V. Loranstöðin á Reynisfjalli	468 000	
	÷ Alþjóðatillag, umsamið, 95%	444 600	
			23 400
	VI. Rekstur fjarskiptistöðva		110 000
	VII. Ferðakostnaður og mælingar		44 400
	VIII. Kostn. við flugmálaráðstefnur og alþjóðaflugmálastofnun		86 000
	IX. Styrkur til námsmanna og starfsemi áhugam.		80 000
	X. Eftirlit með flugvélum og flugmönnum		15 000
			1 810 825

24.	Við 14. gr.	B. I. a. 4. (Háskólinn, námsstyrkir) Fyrir „140 000“ kemur		200 000
25.	— 14. —	B. I. b. 2. (Tilraunastofa háskólans á Keldum, annar kostnaður). Fyrir „122 000“ kemur		22 000
26.	— 14. —	B. II. b. (Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs). Nýr liður: Til Elíasar Eyvindssonar læknis, til svæfingarnáms í Ameríku		12 000
27.	— 14. —	B. XIII. 6. (Styrkur til byggingar barnaskóla o. fl.). Fyrir „3 000 000“ kemur		3 500 000
28.	— 14. —	B. XVI. 2. (Íþróttasjóður). Fyrir „700 000“ kemur		600 000
29.	— 14. —	B. XVI. 8. Nýr liður: Til undirbúnings þátttöku í Ólympíuleikjunum 1948 ...		50 000
30.	— 14. —	B. XXIV. (Skáksamband Íslands). Fyrir „1 600“ kemur		3 000
31.	— 14. —	B. XXVI. (Alþýðusamband Íslands). Nýr liður: Til Sigursveins Kristinssonar til framhaldsnáms í fiðluleik		6 000
32.	— 15. —	A. VII. 31. (Sjómannalesstofa í Höfn í Hornafirði). Nýr liður: Til sjómannastofu í Reykjavík		20 000
33.	— 15. —	A. VII. 33. (Byggingarstyrkir til lesstofa). Fyrir orðin „til lesstofa“ kemur: til bókasafna.		
34.	— 15. —	A. VIII. 8. Nýr liður: Til útgáfu ritsins „Zoology of Iceland“		10 000
35.	— 15. —	A. VIII. 11. Nýr liður: Til Ara Arnalds, til ritstarfa: a. Grunnlaun	2 000	
		b. Verðlagsuppbót	4 000	
				6 000
36.	— 15. —	A. XI. 2. (Leikskóli Lárusar Pálssonar o. s. frv.). Liðurinn orðist svo: Til leikskóla samkvæmt úthlutun menntamálaráðherra .		25 500
37.	— 15. —	XII. 9. (Landssamband blandaðra kóra og kvennakóra). Nýir liðir: a. Til Páls Kr. Pálssonar, til tónlistarnáms erlendis ...		6 000
		b. Til Þorsteins Hannessonar, til söngnáms erlendis ...		6 000
		c. Til Þórunnar Jóhannsdóttur, til tónlistarnáms		6 000
		d. Til Gerðar Helgadóttur, til myndlistarnáms		6 000
38.	— 16. —	A. 1. (Búnaðarfélag Íslands). Fyrir „1 000 000“ kemur		985 000
39.	— 16. —	A. 3. a. (Jarðabótastyrkur). Fyrir „2 500 000“ kemur		3 000 000
40.	— 16. —	A. 3. b. (Verkfærakaupasjóður). Liðurinn fellur niður.		
41.	— 16. —	A. 7. a. (Landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, II. kafli). Fyrir „2 500 000“ kemur		1 500 000
42.	— 16. —	A. 7. Nýr liður: Byggingarstyrkur, lokagreiðsla		310 000
43.	— 16. —	A. 11. (Fyrirhleðsla Þverár og Markarfljóts). Nýir liðir: a. Til fyrirhleðslu í Jökulsá á Dal, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að		10 000

b. Til fyrirhleðslu við Einholtsvötn í Austur-Skaftafellssýslu, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að 10 000
c. Til landþurrkunar og samgöngubóta í Vestur-Landeyjum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að .. 10 000

44. Við 16. gr. A. 15. d. (Skógrækt, skóggræðsla og friðun á skóglendi o. fl.). Liðurinn orðist svo:
Til skóggræðslu og friðunar á skóglendi, þar á meðal til skóggræðslu í þjóðgarðinum, eftir samkomulagi við Þingvallanefnd 400 000

45. — 16. — A. 18. Nýr liður:
Styrkur til byggingar nýrra mjólkurstöðva, þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar 250 000

46. — 16. — A. 26. Nýr liður:
Til vélsmiðju í Hólmi í Landbroti 10 000

47. — 16. — B. 1. (Fiskifélag Íslands).
Fyrir „821 230“ kemur 810 000

48. — 16. — B. 5. (Samábyrgð Íslands á fiskiskipum).
Liðurinn fellur niður.

49. — 16. — D. I. (Stjórn raforkumála).
a. Við 1. (Laun). Liðurinn orðist svo:
Laun:
a. Grunnlaun 80 000
b. Verðlagsuppbót 160 000
240 000
b. Við ÷ Tekjur. Fyrir „713 000“ kemur 714 000

50. — 16. — D. II. 9. Liðurinn orðist svo:
Til nýrra raforkuframkvæmda 2 250 000
Þar af 250 000 til styrktar dieselvélarafstöðvum 100 hestafla og stærri.

51. — 16. — D. III. (Rafmagnseftirlit ríkisins, tekjur). Liðurinn orðist svo:
÷ Tekjur:
Árgjöld rafveitna 171 000
Aðflutningsgjöld o. a. 219 000

52. — 17. — 2. I. a. (Alþýðutryggingar, framlag samkv. 116. gr. laga nr. 50/1946).
Fyrir „18 100 000“ kemur 16 500 000

53. — 17. — 6. b. (Gamalmennahæli utan Reykjavíkur). Liðurinn orðist svo:
Til átta gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 3000 kr. til hvers 24 000

54. — 17. — 6. c. (Elliheimilið á Seyðisfirði).
Fyrir „2 000“ kemur 3 000

55. — 17. — 11. (Starfskvennaskóli Sumargjafar). Nýr liður:
Til barnaheimilisins Vorboðans, byggingarstyrkur 20 000

56. — 17. — 15. a. (Almennar slysavarnir). Nýr stafl.:
Til endurbyggingar á björgunarskipinu Sæbjörgu 200 000

57. — 17. — 18. b. (Bandalag skáta).
Fyrir „2 000“ kemur 4 000

58. — 17. — 21. Liðurinn orðist svo:
Til Kvenréttindafélags Íslands 30 000
Þar af til þinghalds 15 000 kr.

59. — 17. — 30. (Greiðsla með börnum erlendra manna).
Fyrir „1 000 000“ kemur 500 000

60. Við 18. gr. Greinina skal orða svo:
Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn:			
1. Ari Arnalds, fyrrv. sýslumaður	1968.75		
2. Ágúst H. Bjarnason prófessor	2405.00		
3. Bergur Jónsson, fyrrv. sakadómari ..	7200.00		
4. Bogi Brynjólfsson, fv. sýslum.	1885.00		
5. Dr. Einar Arnórsson, fv. hæstar.d. ..	15000.00		
6. Einar Sæmundsen, fv. skógarvörður	2670.00		
7. Guðm. Björnsson, fv. sýslum.	2502.81		
8. Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslum. ..	2442.69		
9. Guðm. Guðmundsson, fv. héraðsl.	1625.00		
10. Guðm. Sveinbjörnsson, fv. skrifststj. .	1820.00		
11. Halldór Kr. Júlíusson, fv. sýslum. ..	1985.00		
12. Halldór Steinsson, fv. héraðslæknir ..	1562.50		
13. Ingólfur Gíslason, fv. héraðslæknir ..	1781.85		
14. Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfóg. .	7620.00		
15. Jón Hermannsson, fv. tollstjóri	7620.00		
16. Jónas Kristjánsson, fv. héraðslæknir .	1620.00		
17. Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	2374.48		
18. Magnús Torfason, fyrrv. sýslum.	3650.00		
19. Matthías Þórðarson, fv. þjóðm.vörður	2112.00		
20. Ólafur Daníelsson, fv. yfirkennari ..	1812.50		
21. Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir ..	1620.00		
22. Ólafur Thorlacius, fv. héraðslæknir .	1397.50		
23. Páll Einarsson, fv. hæstaréttardómari	15000.00		
24. Pétur Thoroddsen, fv. héraðsl.	1592.50		
25. Sigurður Briem, fv. póstmeistari ...	7620.00		
26. Sigurður Guðmundsson, fv. skólam. .	11100.00		
27. Sigurður Thoroddsen, fv. yfirkennari	1843.75		
28. Sigurjón Jónsson, fv. héraðslæknir ..	1551.88		
29. Sigurjón Markússon, fv. sýslumaður .	2145.00		
30. Skúli Árnason, fv. héraðslæknir	1300.00		
31. Steingrímur Jónsson, fv. bæjarfógeti .	7120.00		
32. Steingrímur Matthíasson, fv. héraðsl. .	1397.50		
33. Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	1625.00		
34. Þorkell Þorkelsson, fv. veðurstofustj.	11100.00		
		138 070	
b. Embættismannaekkjur:			
1. Aðalbjörg Jakobsdóttir, læknisekkja .	710.94		
2. Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja próf. Har. Níelss.	552.50		
3. Álfheiður Briem	1015.63		
4. Anna Gunnlaugsson, læknise., Vestm.	243.75		
5. Anna Kl. Jónsson ráðherraekkja	1220.00		
6. Cathinka Sigfússon kennaraekkja ...	390.00		
7. Ellen Sveinsson	1164.40		
8. Guðrún B. Gísladóttir læknisekkja ..	307.73		
9. Guðrún Tulinius sýslumannsekkja ..	762.37		
10. Ingibjörg Sigurðardóttir læknisekkja	243.75		

18. gr.

		kr.	kr.
11.	Ingileif Aðils prófessorsekkja	552.50	
12.	Jenny Forberg landssímastjóraekkja .	812.50	
13.	Jónasína E. Hallgrímsdóttir, ekkja Á. Þ., fv. menntaskólakennara	900.20	
14.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja ..	385.94	
15.	Margrete Kaldalóns læknisekkja	535.00	
16.	Margrét Árnadóttir sýslumannsekkja	568.75	
17.	Margrét Kr. Lárusdóttir læknisekkja .	243.75	
18.	Rannveig Tómasdóttir læknisekkja ..	304.69	
19.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja .	345.31	
20.	Sigríður H. Jensson yfirdómaraekkja	812.50	
21.	Sigríður Jónsdóttir prófessorsekkja ..	1539.20	
22.	Sigríður R. Pálsson yfirkennaraekkja	731.25	
23.	Sigrún Bjarnason yfirkennaraekkja ..	650.00	
24.	Soffía Guðmundsson ráðherraekkja ..	731.25	
25.	Solveig Eggerz	6570.00	
26.	Súsanna Fr. Erlendsson læknisekkja	304.69	
27.	Theodóra Thoroddsen sýslum.ekkja .	869.65	
28.	Valgerður Sveinsdóttir læknisekkja .	568.75	
29.	Vigdís G. Blöndal læknisekkja	304.69	
30.	Þóra Gísladóttir læknisekkja	345.31	
31.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja ..	511.88	
			25 198
c.	Prestsekkjur:		
1.	Anna Stefánsd. frá Stað í Súgandaf. ..	162.50	
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	162.50	
3.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagaf.	162.50	
4.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini ..	417.37	
5.	Guðbjörg Hermannsd. frá Þingvöllum	192.24	
6.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi, Norðf.	205.47	
7.	Guðríður Helgad. frá Kvennabrekku .	273.00	
8.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	220.58	
9.	Guðrún Hermannsd. frá Breiðabólsstað	346.03	
10.	Guðrún G. Jóhannesdóttir frá Bergsst.	174.75	
11.	Guðrún Runólfsdóttir	267.27	
12.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	218.40	
13.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	313.63	
14.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	118.53	
15.	Helga Stephensen frá Holti	299.59	
16.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	203.61	
17.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási ..	230.91	
18.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	162.50	
19.	Jóhanna Pálsdóttir frá Otradal	201.14	
20.	Jóhanna Magnúsd. frá Staðarhrauni..	364.00	
21.	Líney Sigurjónsdóttir frá Görðum ...	511.57	
22.	Margrét Jónasdóttir frá Stað	213.46	
23.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað á Reykjanesi	312.86	
24.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	213.46	
25.	Sigríður Hansdóttir frá Djúpavogi ..	179.14	

18. gr

		kr.	kr.
26. Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli ..	239.69		
27. Sigurlaug Árnad. Knudsen frá Breiðabólsstað	216.13		
28. Steinunn E. Stephensen frá Bjarnanesi	325.36		
29. Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka ..	162.50		
		7 070	
d. Framlag samkv. l. nr. 51 1921, 8. gr.			
1. Aldný Magnúsdóttir símritaraekkja ..	286.00		
2. Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	390.00		
3. Ásta Einarson dýralæknisekkja	325.00		
4. Ásta Halldórsdóttir póstafgrm.ekkja .	312.00		
5. Guðbjörg Árnadóttir læknisekkja	455.00		
6. Guðbjörg Tómasdóttir læknisekkja ..	455.00		
7. Guðfinna Þórðard. vitavarðarekkja ..	117.00		
8. Harriet Jónsson lagaprófessorsekkja .	585.00		
9. Hedvig Blöndal póstritaraekkja	455.00		
10. Hrefna Ingimarsd., ekkja Guðm. Bergss.	520.00		
11. Hrefna Jóhannesdóttir læknisekkja ..	390.00		
12. Ida Stefánsdóttir símamannsekkja ...	286.00		
13. Ingibjörg Guðjónsd. símritaraekkja ..	234.00		
14. Ingibjörg Ögmundsdóttir símstj.ekkja	234.00		
15. Kristín Guðmundsdóttir	195.00		
16. Lára Bjarnadóttir símritaraekkja	286.00		
17. Margrét Lárusdóttir læknisekkja	390.00		
18. Margrét Þórðardóttir læknisekkja	585.00		
19. María Guðmundsd. fiskimatsm.ekkja .	312.00		
20. María J. Klemens póstafgrm.ekkja ..	312.00		
21. Marta Eiríksdóttir læknisekkja	390.00		
22. Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	234.00		
23. Rigmor Ófeigsson yfirkennaraekkja .	442.00		
24. Sigríður Gilsdóttir fangavarðarekkja .	234.00		
25. Þrúður I. Jónsdóttir símstjóraekkja .	338.00		
26. Þuríður Benediktsdóttir læknisekkja .	390.00		
		9 152	
e. Verðlagsuppbót		358 592	
			538 472
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti	4275,00		
2. Ágúst H. Bjarnason prófessor	5000,00		
3. Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður .	1040,00		
4. Einar Sæmundsen, fv. skógarvörður ..	1950.00		
5. Eiríkur Kjerúlf læknir	2500.00		
6. Guðmundur Björnsson, fyrrv. sýslum.	1625,00		
7. Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslumaður	2925,00		
8. Guðm. Guðmundsson, fv. héraðslæknir	4000,00		
9. Guðm. Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifstofustjóri	9302.50		
10. Halldór Kr. Júlíusson, fyrrv. sýslum. .	1300,00		
11. Halldór Steinsson, fyrrv. héraðslæknir	3245,00		

18. gr.

		kr.	kr.
12.	Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir í Borgarnesi	1625,00	
13.	Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir á Djúpavogi, biðlaun, full embættislaun	10200.00	
14.	Jakob Kristinsson, fyrrv. fræðslum.stj., lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	
15.	Jakob Jóh. Smári adjunkt, biðlaun, ¾ embættislauna	7200,00	
16.	Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
17.	Karl Finnbogason, fyrrv. skólastj.	2100,00	
18.	Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri	2515,00	
19.	Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður	2970,00	
20.	Matthías Einarsson, fv. yfirlæknir	11100.00	
21.	Matthías Þórðarson, fv. þjóðm.vörður	3326.00	
22.	Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari	3245,00	
23.	Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
24.	Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
25.	Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri	1625,00	
26.	Pétur Thoroddsen, fv. héraðsl.	1625.00	
27.	Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari	3245,00	
28.	Sigurjón Markússon, fyrrv. sýslum.	4455,00	
29.	Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir	1625,00	
30.	Steingrímur Matthíasson, fyrrv. héraðsl.	1625,00	
31.	Th. Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	2160,00	
32.	Þorbjörn Þórðarson, fv. héraðslæknir	1140,00	
			111 438
b.	Embættismannaekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja	815,00	
2.	Aðalbjörg Sigurðardóttir	1950,00	
3.	Anna Ásmundsdóttir	1000,00	
4.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar	730,00	
5.	Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	975,00	
6.	Ásta Einarson	975,00	
7.	Auður Jónasdóttir, ekkja Steinþórs Sigurðssonar	3000.00	
8.	Camilla Hallgrímsson	1235,00	
9.	Cathinka Sigfússon	1625,00	
10.	Ellen Sveinsson	1622.50	
11.	Guðbjörg Tómasdóttir, 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	2445,00	
12.	Guðlaug Magnúsdóttir	3245,00	
13.	Guðrún Arinbjarnar, læknisekkja	1140.00	
14.	Guðrún Oddgeirsdóttir, ekkja Magnúsar Jónssonar fv. bæjarfóg.	3185.00	
15.	Harriet Jónsson	730,00	
16.	Helga Finnsdóttir kennaraekkja	1950.00	
17.	Hrefna Ingimarsdóttir	1200.00	
18.	Hrefna Jóhannesdóttir 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	1955,00	
19.	Ingileif Snæbjarnardóttir Aðils	650,00	

18. gr.

		kr.	kr.
20.	Jenny Forberg	975,00	
21.	Jónasína E. Hallgrímsdóttir	1400.00	
22.	Júlíana Jónsdóttir, ekkja H. Jónssonar dýralæknis	815,00	
23.	Kristín Thorberg	600,00	
24.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja	975,00	
25.	Laufey Vilhjálmsdóttir	3870,00	
26.	Magnea Ásgeirsson	325,00	
27.	Margrete Kaldalóns	4565,00	
28.	Margrét Árnadóttir	975,00	
29.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis	1500,00	
30.	Margrét K. Lárusdóttir læknisekkja	650,00	
31.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 975 kr., auk 490 kr. með hverju barni í ómegð	2445,00	
32.	Ragnheiður Jónasson sýslumannsekkja	1300,00	
33.	Rannveig Tómasdóttir	975,00	
34.	Rigmor Ófeigsson	1300.00	
35.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja	1300,00	
36.	Sigríður Finnbogadóttir	1300,00	
37.	Sigríður Fjeldsted	975,00	
38.	Sigríður Gilsdóttir	578,00	
39.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Magnússonar prófessors	2450.00	
40.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson	1300,00	
41.	Sigrún Bjarnason	975,00	
42.	Sofia Guðmundsson	3245,00	
43.	Soffía Hjaltested	975.00	
44.	Stefanía Stefánsdóttir	400,00	
45.	Súsanna Friðriksdóttir Erlendsson	815,00	
46.	Theodóra Thoroddsen	1950,00	
47.	Unnur Skúladóttir, ekkja Halldórs Stefánssonar læknis	1625.00	
48.	Valgerður Sveinsdóttir, læknisekkja	1140,00	
49.	Vigdís Blöndal	815,00	
50.	Þóra Gísladóttir, læknisekkja	1465,00	
51.	Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	975,00	
52.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja	650,00	
53.	Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir	600,00	
54.	Þuríður Benediktsdóttir, læknisekkja, 1140 kr., auk 490 kr. með barni í ómegð	1630,00	
			78 260
c.	Uppgjafaprestar:		
1.	Árni Þórarinsson	945,00	
2.	Ásgeir Ásgeirsson, Hvammi	1025,00	
3.	Böðvar Bjarnason	1950,00	
4.	Einar Pálsson	1190,00	
5.	Einar Thorlacius	900,00	
6.	Dr. Eiríkur Albertsson, lögboðinn lífeyrir meðtalinn	7620,00	

18. gr.

		kr.	kr.
7.	Friðrik Hallgrímsson, fyrrv. dómprófastur	7127,00	
8.	Haraldur Þórarinsson	1625,00	
9.	Ingvar Nikulásson	1115,00	
10.	Jes A. Gíslason	815,00	
11.	Jón Norðfjörð Johannessen	1235,00	
12.	Kristinn Daníelsson	1335,00	
13.	Magnús Bjarnarson	1065,00	
14.	Matthías Eggertsson	1245,00	
15.	Pálmi Þóroddsson	920,00	
16.	Runólfur Magnús Jónsson	1185,00	
17.	Sigtr. Guðlaugsson	4495,00	
18.	Stefán Kristinsson	1625,00	
19.	Theódór Jónsson	2330,00	
20.	Vigfús Þórðarson	2500,00	
21.	Þórður Ólafsson	1090,00	
22.	Þorsteinn Briem	9000,00	
23.	Þorvaldur Jakobsson	2070,00	
24.	Þorvarður Þorvarðsson	1260,00	
			55 667
d.	**Prestsekkjur:**		
1.	Anna Stefánsdóttir frá Stað	975,00	
2.	Anna Þorkelsdóttir, ekkja sr. Guðm. Einarssonar	1620.00	
3.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	975,00	
4.	Auður Gísladóttir	1140,00	
5.	Bergljót Blöndal	975,00	
6.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	975,00	
7.	Björg Jónasdóttir frá Eskifirði	1140,00	
8.	Dorothea Guðmundsson Proppé	1140,00	
9.	Guðbjörg Guðmundsdóttir	1300,00	
10.	Guðbjörg Hermannsdóttir	945,00	
11.	Guðný Þorsteinsdóttir	930,00	
12.	Guðríður Helgadóttir	1110,00	
13.	Guðríður Ólafsdóttir	915,00	
14.	Guðrún Hermannsdóttir	650,00	
15.	Guðrún J. Jóhannesdóttir	1790,00	
16.	Guðrún Jónsdóttir 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	4890,00	
17.	Guðrún P. Jónsdóttir frá Sauðlauksdal 1950 kr., auk 490 kr. með barni hennar til 16 ára aldurs	2440,00	
18.	Guðrún Runólfsdóttir	1140,00	
19.	Guðrún Torfadóttir	1140,00	
20.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	1140,00	
21.	Helga Skúladóttir	1020,00	
22.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	1140,00	
23.	Ingibjörg Magnúsdóttir	1140,00	
24.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	1140,00	
25.	Ingveldur Ólafsdóttir	975,00	
26.	Jóhanna Magnúsdóttir prófastsekkja	1140,00	

18. gr.

		kr.	kr.
27.	Jóhanna Pálsdóttir frá Otradal	1140,00	
28.	Líney Sigurjónsdóttir	1465,00	
29.	Lydia Lúðvíksdóttir frá Arnarbæli ..	1500.00	
30.	Margrét Björnsdóttir frá Bíldudal, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna hennar til 16 ára aldurs	3420,00	
31.	Margrét Jónasdóttir	1140,00	
32.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað	1140,00	
33.	Sigríður Hansdóttir	1275,00	
34.	Sigríður Kjartansdóttir, 1950 kr., auk 490 kr. með hverju barna sinna	3910,00	
35.	Sigrún Kjartansdóttir	1140,00	
36.	Sigurlaug Árnadóttir Knudsen	1140,00	
37.	Stefanía Hjaltested	815,00	
38.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen	975,00	
39.	Steinunn Pétursdóttir Eyjólfsson	1140,00	
40.	Þorbjörg Pálsdóttir	650,00	
			54 735
c.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Steinsdóttir	815,00	
2.	Anna Sigurðardóttir, ekkja Einars Jónssonar kennara	2380.00	
3.	Ásdís Þorgrímsdóttir	490,00	
4.	Áslaug Thorlacius	1500,00	
5.	Ásta Magnúsdóttir	325,00	
6.	Brynjólfur Þorláksson söngkennari ...	1950,00	
7.	Elísabet Jónsdóttir	490,00	
8.	Friðrik Bjarnason tónskáld	1625,00	
9.	Geirlaug Stefánsdóttir	815,00	
10.	Guðbjörg Kristjánsdóttir	1950,00	
11.	Hallgrímur Jónsson skólastjóri	3635,00	
12.	Hildur Björnsdóttir	1282,00	
13.	Ingivaldur Nikulásson kennari	650,00	
14.	Ingunn Bergmann kennslukona	815,00	
15.	Lárus Bjarnason skólastjóri	7110,00	
16.	Lárus Rist kennari	975,00	
17.	Magdalena Ásgeirsdóttir, ekkja Bergsveins Haraldssonar kennara, kr. 200,00 og kr. 350,00 með hverju barni þeirra innan 16 ára	1600,00	
18.	Margrét Rasmus	4495,00	
	Sama, húsaleigukostn. (án verðl.uppb.)	1800,00	
19.	Ragnheiður Torfadóttir	650,00	
20.	Samúel Eggertsson	815,00	
21.	Sigurður Sigurðsson	1000,00	
22.	Sigurjón Rögnvaldsson	325,00	
23.	Steingrímur Arason	1500,00	
24.	Valdimar Snævarr	2680,00	
25.	Viktoría Bjarnadóttir	245,00	

18. gr.

		kr.	kr.
26.	Vilborg Torfadóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar kennara	490,00	
27.	Þorleifur Erlendsson	600,00	
			43 007
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra, samkv. úthlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins eftir tillögum póst- og símamálastjóra		40 362
g.	Sigurður Nordal, samkvæmt samningi		3 245
h.	Ólafur Friðriksson		2 925
i.	Dr. Helgi Péturss		7 620
j.	Séra Guðmundur Einarsson		3 245
k.	Sigurjón Friðjónsson		3 245
l.	Páll E. Ólason dr. phil.		9 120
m.	Árni Pálsson		6 605
n.	Páll Sveinsson yfirkennari, biðlaun, full embættisl.		9 600
o.	Árni Thorsteinsson tónskáld		4 495
p.	Björgvin Guðmundsson tónskáld		3 000
q.	Eggert Stefánsson söngvari		3 600
r.	Sigurbjörn Sveinsson		3 245
s.	Lárus Sigurjónsson skáld		2 440
t.	Dr. Jón Stefánsson, London, án verðlagsuppbótar		3 146
u.	Ekkjur og börn skálda og listamanna:		
	1. Anna Pálsdóttir 975 kr., auk 490 kr. með hvoru fósturbarna sinna	1955,00	
	2. Eleanor Sveinbjörnsson	1950,00	
	3. Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	1625,00	
	4. Guðrún Oddsdóttir	1625,00	
	5. María Guðlaugsson, ekkja Jónasar Guðlaugssonar skálds	1200,00	
	6. Ólína Þorsteinsdóttir	1625,00	
	7. Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	815,00	
	8. Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara	815,00	
	9. Sigurlaug G. Gröndal	650,00	
	10. Valborg Einarsson	1625,00	
	11. Valgerður Benediktsson	3870,00	
	12. Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar	1625,00	
			19 380
v.	Hafnsögumenn, vitaverðir og vitavarðaekkjur, skv. úthlutun samgöngumálaráðuneytisins, eftir tillögum vitamálastjóra		13 165
x.	Matsmenn, samkv. úthlutun atvinnumálaráðuneytisins		22 205
y.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
	1. Aðalheiður Pálsdóttir ljósmóðir	490,00	
	2. Ágústa Þ. Ólafsdóttir	490,00	
	3. Andrés Johnson, fornminjasafnari	6370,00	
	4. Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss.	490,00	
	5. Arndís Sigurðardóttir	490,00	
	6. Arnleif Kristjánsdóttir	490,00	

		18. gr.	
		kr.	kr.
7.	Ásdís M. Sigurðardóttir ljósmóðir	490,00	
8.	Ásgeir Jónsson, Gottorp	490,00	
9.	Ásta Þorvaldsdóttir	490,00	
10.	Björg Guðmundsdóttir	650,00	
11.	Björn Einarsson	3245,00	
12.	Davíð Gíslason	975,00	
13.	Eggert Brandsson, sjómaður	1950,00	
14.	Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari ..	3245,00	
15.	Einar E. Sæmundsen	1950,00	
16.	Elín Runólfsdóttir	300,00	
17.	Friðfinnur Guðjónsson leikari	1300,00	
18.	Gróa Dalhoff	1300,00	
19.	Guðbjörg Jónsdóttir ljósmóðir	490,00	
20.	Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	650,00	
21.	Guðmundur Davíðsson, fv. umsjónarm.	2440,00	
22.	Guðm. Gestsson, fv. dyrav. Menntaskól.	1950,00	
23.	Guðríður Eiríksdóttir	815,00	
24.	Guðrún Egilson	3245,00	
25.	Guðrún Indriðadóttir leikkona	1300,00	
26.	Guðrún Ragúels	490,00	
27.	Gunnlaugur Kristmundsson	9600,00	
28.	Halldór Brynjólfsson blindi	570,00	
29.	Halldóra Þórðardóttir	975,00	
30.	Helga Ingibjörg Stefánsdóttir, loftskeytamannsekkja	490,00	
31.	Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður	1300,00	
32.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona	975,00	
33.	Hlín Johnson	2925,00	
34.	Hólmfríður Björnsdóttir, ekkja G. Hjaltasonar	490,00	
35.	Hólmgeir Jensson	490,00	
36.	Ingibjörg Guðjónsdóttir	490,00	
37.	Ingibjörg Jakobsdóttir	600,00	
38.	Ingibjörg Lárusdóttir, Blönduósi	815,00	
39.	Ingibjörg Loftsdóttir, ljósmóðir	490,00	
40.	Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Vopnafirði	490,00	
41.	Ingiríður Helgadóttir ljósmóðir	490,00	
42.	Ingólfur Jónsson, fv. leiðsögumaður frá Ísafirði	815,00	
43.	Jón Bach, fyrrv. dyravörður	2000,00	
44.	Jóna Jónsdóttir, ljósm. frá Kóreksstaðagerði	490,00	
45.	Jóney Guðmundsdóttir, ekkja Guðjóns Guðlaugssonar	975,00	
46.	Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	490,00	
47.	Kristín Eiríksdóttir ljósmóðir	490,00	
48.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgasonar	975,00	
49.	Kristjana Benediktsdóttir	650,00	

18. gr.

		kr.	kr.
50.	Kristólína Kragh	650,00	
51.	Lára Bjarnadóttir símritaraekkja	650,00	
52.	Margrét Ásmundsdóttir	650,00	
53.	María Sigurðardóttir	490,00	
54.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	815,00	
55.	Matthías Þórðarson frá Móum	1950,00	
56.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Daníelssonar	975,00	
57.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar	815,00	
58.	Petrea Jónsdóttir	490,00	
59.	Ragnheiður Erlendsdóttir	490,00	
60.	Ragnheiður Jónasdóttir	3000,00	
61.	Sigríður Gísladóttir frá Skógarnesi, 490 kr., og 165 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	1150,00	
62.	Sigríður Gísladóttir	490,00	
63.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir frá Þórshöfn	490,00	
64.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir	490,00	
65.	Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona	815,00	
66.	Steinunn Oddsdóttir	815,00	
67.	Valgerður Steinsson, fv. spítalaráðsk.	815,00	
68.	Þóra Sigurðardóttir	490,00	
			81 190
z.	Verðlagsuppbót		1 169 550
þ.	Framlag ríkissjóðs samkv. 10. gr. lífeyrissjóðslaga, nr. 101 1943, og 8. gr. laga nr. 102 1943		2 700 000
æ.	Framlag ríkissjóðs samkv. 6. gr. reglugerðar frá 24. nóv. 1944		200 000
			4 654 325
	Samtals		. . . 5 193 292

61. Við 20. gr. Út. IV. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana).
Fyrir „1 700 000 kemur ... 1 530 000

62. — 20. — Út. V. Liðurinn orðist svo:
Til byggingar fávitahælis ... 200 000

63. — 20. — Út. VIII. (Bygging menntaskólahúss í Reykjavík).
Fyrir „500 000“ kemur ... 250 000

64. — 20. — Út. XI. (Bygging þjóðminjasafns).
Fyrir „1 500 000“ kemur ... 500 000

65. — 20. — Út. XIV. (Bygging bændaskóla í Skálholti).
Fyrir „1 675 000“ kemur ... 250 000

66. — 20. — Út. XVIII. (Bygging tollstöðvarhúss í Reykjavík).
Liðurinn fellur niður.

67. — 20. — Út. XIX.
a. Liðurinn orðist svo:
Til byggingar skólastjórabústaðar á Reykjum í Ölfusi 50 000

b. Nýir liðir:
1. Til útihúsa á prestssetrum 100 000
2. Til byggingar sjómannaskóla 850 000

68. Við 22. gr. VI. Nýir liðir:
a. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað.
b. Að greiða 30 þús. kr. til fyrirhleðslu í Miðskálaá, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að.
c. Að greiða Gunnlaugi Ó. Scheving listmálara, Gunnlaugi Blöndal listmálara og Nínu Tryggvadóttur listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk til hvers. (Hér er um að ræða endurveitingu til tveggja fyrst nefndu listmálaranna).
d. Að greiða allt að 400 þús. kr. til ferjuhafna.
e. Að verja allt að 200 þús. kr. til Miðnesvegar.
f. Að kaupa tímarita- og blaðasafn Helga Tryggvasonar bókbindara, ef samkomulag næst um verð og greiðsluskilmála.

69. — 22. — VII. (Endurbygging á Þjórsárbrú).
a. Fyrir „700 þús." kemur: einni milljón.
b. Nýir liðir:
1. Að greiða allt að 100 þús. kr. til byggingar sjómannaheimilis í Vestmannaeyjum, gegn a. m. k. ⅖ hlutum annars staðar að, enda hafi bindindisfélögin í Vestmannaeyjum forgöngu og umsjón með rekstri hússins.
2. Að greiða allt að 80 þús. kr. til byggingar sjómannaheimilis á Akranesi, gegn a. m. k. ⅖ hlutum annars staðar að, enda hafi bindindisfélögin á Akranesi forgöngu og umsjón með rekstri hússins.

70. — 22. — VIII. Nýr liður:
Að selja strandferðaskipið Súðina, ef viðunanlegt boð fæst, og verja andvirðinu upp í greiðslu kostnaðar af byggingu hinna nýju strandferðaskipa, sem verið er að smíða fyrir ríkissjóð.

71. — 22. — IX. (Ábyrgð fyrir fiskiðjuver útvegsmanna og sjómanna).
Fyrir orðið „stofnlánadeildarláni" kemur: 1. veðréttarláni.

72. — 22. — XI. Nýr liður:
Að taka allt að 1 millj. kr. lán til þess að halda áfram byggingu þjóðminjasafns.

73. — 22. — XII. Nýr liður:
Að greiða slysavarnadeild Rauðasandshrepps allt að 100 þús. kr. úr ríkissjóði í viðurkenningarskyni fyrir frábært afrek við björgun skipbrotsmanna úr sjávarháska. Skal fénu varið til vegabóta í hreppnum eftir ákvörðun deildarinnar.

74. — 22. — XV. (Eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af loðdýrum).
Liðurinn fellur niður.

75. — 22. — XVI. Nýr liður:
Að fresta fjárframlögum til framkvæmda, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárlögum, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkisins gerir það nauðsynlegt. Ef fé er hins vegar fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af öðrum ástæðum, skal það fé geymt, er til þeirra framkvæmda var ætlað, en þær að öðrum kosti látnar sitja í fyrirrúmi á árinu 1949.

Nd. 462. Lög

um búfjárrækt.

(Afgreidd frá Nd. 9. marz.)

Samhljóða þskj. 442 (sbr. 258).

Nd. 463. Frumvarp til laga

um rekstrarsjóð Symfóníuhljómsveitar Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Heimilt skal að innheimta jafnhliða skemmtanaskatti sérstakt sætagjald af kvikmyndahúsum, er nemi allt að 25 aurum á hvert sæti, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð, er menntamálaráðuneytið setur.

2. gr.

Fé það, sem innheimt er samkvæmt 1. gr., skal renna í sérstakan sjóð til styrktar Symfóníuhljómsveit Íslands. Veitir menntamálaráðuneytið hljómsveitinni styrki úr sjóðnum, enda samþykki það skipulag hennar og stjórn og rekstur hennar fullnægi að öðru leyti þeim skilyrðum, er ráðuneytið kann að setja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslenzkir hljómlistarmenn hafa um langt skeið haft brennandi áhuga á að koma upp symfóníuhljómsveit. Tilraunir hafa verið gerðar í þessa átt með furðu góðum árangri, en fjárhagsörðugleikar hafa hindrað varanlegt starf hljómsveitarinnar.

Á síðastliðnu ári ræddu fulltrúar hljómlistarmanna þetta vandamál við hæstvirtan menntamálaráðherra, og varð að samkomulagi, að þeir gerðu tillögur um lausn málsins. Þetta leiddi til, að fulltrúar frá tónlistardeild ríkisútvarpsins og Tónlistarfélaginu í Reykjavík sömdu drög að frumvarpi til laga um stofnun Symfóníuhljómsveitar Íslands. Ráðherra tók þessi frumvarpsdrög til athugunar og vildi fallast á þau í megindráttum Á fundi menntamálanefndar 8. þ. m. mætti hæstv. menntamálaráðherra ásamt dr. Páli Ísólfssyni og hr. Jóni Þórarinssyni, en tveir þeir síðarnefndu höfðu ásamt fleiri hljómlistarmönnum unnið að undirbúningi málsins. Það varð að samkomulagi milli þessara aðila að óska þess, að menntamálanefnd flytti frumvarpið í því formi, sem það birtist hér.

Í greinargerð, sem fulltrúar hljómlistarmanna létu fylgja frumvarpsdrögum sínum, segir meðal annars:

„Íslenzka þjóðin mun vera eina sjálfstæða menningarþjóð í heimi, sem ekki hefur á að skipa fastri symfóníuhljómsveit. Mun mörgum hingað til hafa hrosið hugur við þeim kostnaði, sem stofnun slíkrar hljómsveitar mundi hafa í för með sér, og þó ef til vill vaxið hitt enn meir í augum, hve marga útlenda hljóðfæraleikara yrði að fá til landsins, til þess að hljómsveitin gæti orðið sæmileg. Nú er þó svo komið, að þessu máli verður ekki lengur skotið á frest, og ber margt til þess.

Í fyrsta lagi hafa þarfir landsmanna fyrir slíka hljómsveit aukizt stórlega á síðari árum, svo að mikill hluti árlegs kostnaðar við rekstur hennar er nú þegar

greiddur fyrir störf, sem hljómsveitin og hljóðfæraleikarar hennar mundu leysa stórum betur af höndum. Í öðru lagi hefur liðtækum íslenzkum hljóðfæraleikurum fjölgað mjög á síðustu árum og fer æ fjölgandi, svo að innflutningur útlendra manna þarf nú engum að vaxa í augum. Í þriðja lagi yrði hljómsveit, slík sem hér er gert ráð fyrir, hin styrkasta stoð undir heilbrigt og vaxandi tónlistarlíf í landinu og reyndar grundvallarskilyrði þess, að slíkt líf geti þróazt.

Má því með réttu segja, að stofnun fastráðinnar symfóníuhljómsveitar með aðsetri í Reykjavík sé eitt af sjálfstæðismálum íslenzku þjóðarinnar og eitt hið mest aðkallandi menningarmál. Ætti það auk þess að vera nokkurt metnaðarmál hinu unga íslenzka lýðveldi að koma slíkri stofnun á fót og sjá hag hennar sem bezt borgið.

Um væntanlegt starfssvið hljómsveitarinnar og fastráðinna starfsmanna hennar má taka þetta fram:

Hljómsveitin mundi sjá fyrir öllum tónlistarþörfum ríkisútvarpsins, flytja reglulega hljómsveitartónleika í útvarpið, t. d. aðra hverja viku mestan hluta ársins og oftar, ef ástæða er til. Smærri flokkar úr hljómsveitinni mundu annast útvarpstónleika tvisvar í viku, og er þar meðtalin kammermúsík svo og léttari tónlist (alþýðulög og þess háttar). Útvarpshljómsveitin í núverandi mynd svo og útvarpskvartettinn og aðrir hljóðfæraflokkar útvarpsins yrðu lagðir niður.

Þá mundi hljómsveitin einnig sjá fyrir tónlistarþörfum þjóðleikhússins, sem gera má ráð fyrir, að verði mjög miklar, er fram líða stundir. Eitt af hlutverkum þeirrar stofnunar, þegar henni vex fiskur um hrygg, hlýtur að verða það að flytja íslenzku þjóðinni óperur, balletta og aðra slíka list, sem áður hefur verið óþekkt hér á landi að heita má. Þetta yrði því aðeins kleift, að komið yrði á fót fastri hljómsveit, slíkri sem hér er gert ráð fyrir.

Tónlistarfélagið í Reykjavík hefur um langt árabil barizt fyrir stofnun fastrar hljómsveitar í Reykjavík og verið meginstoð tónlistarlífsins í höfuðstaðnum. Merkasta starf félagsins er þó stofnun og rekstur Tónlistarskólans í Reykjavík, en áhrifa hans gætir nú víða í tónlistarlífi landsins, og hafa þau reynzt mjög heilladrjúg. Eitt erfiðasta viðfangsefni félagsins hefur jafnan verið það að fá að skólanum hæfa kennara í sem flestum greinum, og hefur þetta gengið misjafnlega, sem vænta má. Þessi vandræði mundi stofnun hljómsveitarinnar einnig leysa, enda væru svo margir hljóðfæraleikarar hennar sem þurfa þykir ráðnir sérstaklega með tilliti til þess, að þeir takist á hendur kennslu í skólanum í þeim greinum, þar sem mest er þörf nýrra kennara. Einnig mundi hljómsveitin eða flokkur úr henni aðstoða á hljómleikum Tónlistarfélagsins eftir þörfum.

Þá mundi hljómsveitin halda sjálfstæða áskrifendahljómleika í Reykjavík (og ef til vill í Hafnarfirði), t. d. einu sinni í mánuði að vetrinum, eða alls átta sinnum á ári, auk kammermúsíktónleika. Slíkir hljómsveitartónleikar eru snar þáttur í tónlistarlífi allra þeirra erlendra borga, sem nokkurs mega sín, og munu vandfundnar, t. d. á Norðurlöndum, borgir á stærð við Reykjavík, sem telja sig geta verið án þeirra. Mun ekki þurfa að óttast það af fenginni reynslu í því efni bæði hér og annars staðar, að ekki yrði nóg aðsókn að þessum hljómleikum, og má jafnvel gera ráð fyrir, að þeim megi fjölga nokkuð þegar á öðru starfsári hljómsveitarinnar. — Ekki verður gert ráð fyrir jafnmikilli aðsókn að kammermúsíktónleikunum, en þó mundi mega halda a. m. k. 4—6 þeirra fyrsta árið og ef til vill fjölga þeim nokkuð að því liðnu. Góðir kammermúsíktónleikar eru hið mesta menningaratriði í tónlistarlífi hverrar borgar, þótt þeir eigi að jafnaði ekki eins mikilli almenningshylli að fagna og hljómsveitartónleikar.

Loks mundi hljómsveitin, ýmist öll eða flokkar úr henni, fara hljómleikaferðir á sumrum svo víða um land sem nokkur kostur er. Mundi hún þannig — bæði gegnum útvarpið og með þessum hljómleikaferðum — hafa ómetanlegt menningargildi fyrir þjóðina alla.

Áætlað hefur verið, að 25 aura verðhækkun á hverjum seldum aðgöngumiða

kvikmyndahúsanna mundi nema allt að 600 þús. kr. á ári, og mundi sú upphæð, ef hún rynni óskipt í rekstrarsjóð hljómsveitarinnar, fyllilega nægja til þess að tryggja afkomu hennar. Þannig yrði framtíð þessa mikla menningarfyrirtækis borgið með auðveldu móti. Íslendingar gætu með réttu talizt menningarþjóð í tónlistarefnum eins og á öðrum sviðum, og þannig rynni enn ein stoð undir menningarlegt sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar.

Sþ. 464. Fyrirspurnir.

1. Til forsætisráðherra um njósnir Þjóðverja á Íslandi.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvenær fékk utanríkisstjórnin vitneskju þá, sem fram kom í bréfum íslenzku sendisveitarinnar í Kaupmannahöfn, er dagsett voru 2., 10. og 28. marz 1939 og 24. janúar 1940, varðandi umfangsmiklar njósnir Þjóðverja á Íslandi? Hvers vegna var öllum þessum bréfum haldið leyndum fyrir utanríkismálanefnd?

Í hvaða skyni var tilvonandi lögreglustjóri Reykjavíkur sendur til langdvalar hjá þýzku lögreglunni, fáum vikum eftir að íslenzka ríkisstjórnin hafði fengið þrjú aðvörunarbréf frá trúnaðarmanni landsins í Danmörku um, að nazistar hefðu vegna sinna þarfa komið á víðtæku njósnarkerfi á Íslandi?

2. Til ríkisstjórnarinnar varðandi rekstur og sér í lagi gistihúsrekstur á flugvelli Reykjavíkur.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hver voru útgjöld og tekjur af flugvellinum í jan. 1948?
   a. Hve margar útlendar vélar komu á völlinn á þessum tíma, og hver var hagnaður af þeim?
   b. Hve margar íslenzkar vélar komu á völlinn?
   c. Hve margir fastráðnir menn unnu á flugvellinum í janúar, og hvernig skiptust þeir eftir starfsgreinum?
   d. Hve margir menn unnu þar í janúarmánuði í daglaunavinnu, og hver voru mánaðarútgjöldin fyrir vinnu fastlaunaðra manna og daglaunamanna?
2. Hve mikið hefur landið fengið greitt á þessu ári úr alþjóðasjóðum upp í skuld fyrir flugþjónustuna, og hve mikið er enn ógreitt til ríkissjóðs?
3. Hve mikið tap hefur ríkið nú þegar beðið við eign og rekstur gistihússins á flugvellinum?
   a. Hve mikið af lausum munum létu Bretar samkvæmt úttektarskrá fylgja gistihúsinu, þegar þeir afhentu það?
   b. Hve mikið var eftir af þessum lausu munum, þegar ríkið lánaði einstökum manni gistihúsið?
   c. Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til að koma fram ábyrgð á hendur þeim mönnum, sem eru valdir að hinu mikla tjóni ríkissjóðs í sambandi við rekstur og notkun hins umrædda gistihúss?

Sþ. **465. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1948.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Með því að nefndin hefur ekki fengizt til að standa óskipt um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins, mun minni hlutinn (ÁS og LJóh) skila sérstöku nefndaráliti. Það skal þó tekið fram, að minni hl. hefur allan tímann tekið þátt í umræðum um hins ýmsu mál í nefndinni, enda margar af þeim brtt., sem meiri hl. ber fram, einnig samþykktar af minni hl. Að öðru leyti mun minni hl. gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1948 var útbýtt í Sþ. þann 28. okt. s. l. og vísað til nefndar þ. 7. nóv. Þann 9. október hélt nefndin fyrsta fund sinn, og úr því daglega til 16. des. Samkvæmt ósk fjármálaráðherra tók nefndin frv. til athugunar og umræðu þ. 28. október, þótt því hefði þá ekki enn verið vísað til hennar, enda þá tilætlunin að afgreiða fjárlög fyrir áramót. Þegar vitað varð, að lög ríkisstjórnarinnar um dýrtíðarráðstafanir yrðu afgreidd á f. á., var sýnt, að þau mundu hafa margvísleg áhrif á afgreiðslu fjárlaga og að afgreiðslunni yrði því ekki lokið fyrir áramót.

Þegar þingi var frestað í des. s. l., tilkynnti fjármálaráðh. nefndinni, að hann mundi leggja fram nýtt fjárlagafrv. fyrir árið 1948, þar sem dýrtíðarlögin, sem þá höfðu fengið samþykki þingsins, hefðu svo margvísleg áhrif á hinar ýmsu greinar fjárlaganna, að ógerlegt væri annað en að leggja fram nýtt fjárlagafrv. Jafnframt óskaði ráðherra eftir því, að nefndin kæmi saman til áframhaldandi starfa þ. 6. jan., til þess að létta undir með undirbúningi hins nýja fjárlagafrv. Varð nefndin við þessum tilmælum ráðherrans. Kom hún því á ný saman til fundarhalda þ. 6. jan., þótt þingið kæmi ekki saman, eins og kunnugt er, fyrr en 20. jan. Hélt nefndin úr því reglulega fundi daglega, eftir því sem þurfa þótti, og hélt þannig alls 67 fundi. Nefndinni bárust alls 320 erindi varðandi fjárlagaafgreiðsluna, en auk þess ræddu fjöldamargir aðilar við nefndina eða form. hennar um ýmis atriði í sambandi við afgreiðslu málanna. Aflaði nefndin sér einnig margvíslegra upplýsinga um rekstur ríkisins og ríkisstofnana.

Þann 8. jan. samþykkti nefndin að skrifa fjármálaráðuneytinu og óska eftir ýmsum viðbótargögnum og upplýsingum í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, m. a. nýrri tekjuáætlun fyrir árið 1948, yfirlit yfir skuldir ríkissjóðs í árslok 1947, sundurliðuðum lista yfir allar launagreiðslur á árunum 1946—1947, greinargerð, áliti og tillögum sparnaðarnefndar, sem stjórnin hafði skipað til að gera tillögur um niðurfærslur á rekstrarútgjöldum ríkisins og álit fjármálaráðherra á reglugerð fyrir starfsmenn ríkisins frá 11. marz 1946. Sumt af þessum gögnum var nefndinni látið í té, en önnur hefur hún hins vegar ekki getað fengið, svo sem starfsmannaskrána, sundurliðaða þannig, að ljóst sé, hvað hver starfsmaður hefur samanlagt í laun hjá ríki og ríkisstofnunum, þótt skrá sú, sem nefndinni var send, gæfi um þetta nokkra hugmynd. Telur nefndin, að þessara gagna þurfi að afla og láta þau fylgja með öðrum gögnum við athugun og afgreiðslu á næsta fjárlagafrv. Nefndin fékk heldur enga greinargerð né tillögur frá sparnaðarnefndinni, enda upplýst, að störfum hennar væri eigi svo langt komið, að þess væri að vænta. Leggur nefndin áherzlu á, að þessar upplýsingar allar liggi fyrir, er Alþingi kemur næst saman.

Þann 23. jan. lagði fjármálaráðh. fram nýtt fjárlagafrv. í Sþ. Var því vísað til nefndarinnar þ. 27. jan. Frv. þetta var að mörgu leyti frábrugðið frv. því, sem áður hafði verið lagt fram. Voru bæði tekju- og gjaldaliðir þess miklu hærri. Tók nefndin frv. þá þegar til athugunar.

Skal nú hér á eftir vikið nokkuð að þeim breytingum, er meiri hl. nefndarinnar leggur til, að gerðar verði á hinum einstöku greinum frv.

TEKJURNAR.

Við áætlun teknanna hefur meiri hl. nefndarinnar haft til hliðsjónar tekjur ársins 1947, en þær urðu alls það ár um 234 millj. króna. Helztu tekjuliðirnir urðu sem hér segir: Teklu- og eignarskattur, þar með talinn hluti ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti, rúmar 48 millj., vörumagnstollur rúmar 23 millj., verðtollur rúmar 72 millj., ágóði af áfengisverzlun 48 millj. og ágóði af tóbaksverzlun tæpar 24 millj. En jafnframt þessu þótti og nauðsynlegt að hafa til hliðsjónar innflutningsáætlun fjárhagsráðs fyrir 1948, þar sem vitað er, að tekjur ríkissjóðs af innflutningi eru jafnan háðar innflutningnum. Ræddi nefndin þessi mál því allrækilega við fjárhagsráð og fjármálaráðherra, áður en hún tók afstöðu til þessa kafla frv. Að meiri hluti nefndarinnar taldi rétt að áætla ekki tekjur af vörumagnstolli og verðtolli hærri en gert er í frv., þrátt fyrir reynslu frá f. á., stafar af því, að gert er ráð fyrir mun minni innflutningi á þessu ári, og þó einkum mun minni innflutningi á þeim vörum, sem teljast til verðtollsvöruflokka.

2. gr.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið tekið fram, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að greinin verði samþykkt óbreytt.

3. gr.

Nefndin leggur til, að tekjuáætlun samkvæmt þessari grein verði hækkuð um 537800 krónur, sem sundurliðast þannig:

Brúttótekjur póstsjóðs	kr.	820 000
Brúttótekjur landssmiðjunnar	—	37 800
	Kr.	857 800
÷ Hækkun á framlagi til notendasíma í sveitum	—	320 000
	Alls kr.	537 800

Af þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, er ljóst, að tekjur póstsjóðs á s. l. ári urðu á engan hátt minni en gert var ráð fyrir, heldur stafaði rekstrarhallinn af því, að ekki hafði tekizt að halda niðri útgjöldum samkv. áætluninni, m. a. var um 200 þús. kr. rekstrarhalli á fólksflutningsbifreiðum ríkisins. Með tilvísun til þess, að gert er ráð fyrir því, að viðskiptavelta bifreiðanna verði á þessu ári 2,3 millj. króna og að fargjöld hafa verið hækkuð allverulega á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður, en á henni varð mestur rekstrarhalli á s. l. ári, þykir mega áætla tekjurnar af þessum rekstri það miklu hærri, að jöfnuður náist. Enda leggur nefndin áherzlu á, að slíkur rekstur eins og hér er um að ræða, sem rekinn er samhliða einkarekstri, verði skipulagður þannig, að ríkissjóður tapi engu í við það að hafa tekið hann að sér.

Þá þótti einnig rétt að hækka tekjuáætlun landssmiðjunnar, svo að rekstur hennar yrði hallalaus. Gilda um hana allar sömu aths. sem hér að framan eru gerðar við rekstur bifreiðanna.

Þótt nefndin geri ekki tillögu til breytinga á liðunum IV. og V., þ. e. rekstri viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju ríkisútvarpsins, þykir rétt að benda á, að óeðlilegt er, að þessi fyrirtæki séu rekin með halla, og að stefna beri að því, að skipulagning og starfsskilyrði þeirra verði bætt þannig, að þau verði framvegis rekin hallalaust, en áætlaður rekstrarhalli þeirra í frv. er alls nærri 50 þús. kr. Þá þykir og rétt að benda á, að bresta mun lagaheimild til þess, að ríkið starfræki trésmiðju samkv. 10. tölulið þessarar greinar, og að rétt væri, að stjórnin aflaði sér slíkrar heimildar. Eins þykir rétt að benda á, að mjög ófullkomnar upplýsingar lágu fyrir um tunnuverksmiðju ríkisins, sem þó er áætlað, að framleiði á þessu ári

vörur fyrir nærri 6 millj. króna. Verður að krefjast þess, að fyrirtæki, sem hyggst að hafa slíkan stórrekstur, sendi frá sér til Alþingis eitthvað meira en stutt símskeyti sem fullnaðargögn fyrir fjárveitingarnefnd að fara eftir.

GJALDABÁLKURINN.

3. gr.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að framlag til notendasíma í sveitum verði hækkað um 320 þús. Af hinum mörgu þörfum sveitanna er fátt jafnaðkallandi og sveitasíminn, enda úr fáu öðru hægt að bæta jafnfljótt með sambærilegu framlagi úr ríkissjóði.

7. gr.

Á þessari grein eru reiknaðar rúmlega 5 millj. króna sem rekstrargjöld ríkisins. Í sambandi við þetta er upplýst, að ríkissjóður hafi orðið að greiða skuldir, vexti og afborganir af lánum fyrir síldarverksmiðjur ríkisins á árinu 1947—48 um 5,5 milljónir króna, fyrir Skeiðsárvirkjunina 1947 um 730 þús. og fyrir hafnargerð á Skagaströnd 1946—47 um 350 þús. Þótt ekki sé gerð tillaga til breytinga um vaxtatekjur á móti frá viðkomandi aðilum, sem að sjálfsögðu koma til að greiða þessar upphæðir síðar, þykir rétt að benda á, að það verður að vera ófrávíkjanleg krafa, að ríkisstjórnin setji sérstakt eftirlit með rekstri þeirra fyrirtækja, sem ekki standa í skilum með lögbundnar og samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta af lánum, sem ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir, ef ekki á beinlínis að stefna að því, að ríkissjóður beri verulegt tjón af ábyrgðunum.

10. gr.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að laun við sendiráðið í Stokkhólmi verði hækkuð um 17 400 kr. vegna V. Finsens, sem fengið hefur frí frá störfum með launum. Einnig er lagt til, að hækkuð sé staðaruppbót við sendiráðin í Moskva og París vegna hækkandi dýrtíðar í þeim löndum. Nefndin hefur fengið upplýst að nokkurt fé sé til í sjóði hjá samninganefnd utanríkisviðskipta, sem inn er komið sem gjald á útfluttar vörur. En með því að töluverður þáttur utanríkisþjónustunnar er í því fólginn að aðstoða við sölu afurðanna erlendis, þykir ekki óeðlilegt, að fé þetta sé látið koma á móti útgjöldum vegna samninga við erlend ríki eða annað í sambandi við utanríkisþjónustuna. Meiri hl. leggur því til, að 500 þús. af þessu fé verði tekið inn á þessa grein til lækkunar á kostnaði við utanríkisþjónustuna. Verði þessar tillögur samþ., lækka útgjöldin á greininni í heild um kr. 431 094.00.

11. gr.

Þá er lagt til, að tekjur af rekstri vinnuhælisins á Litla-Hrauni verði hækkaðar úr 140 þús. í 240 þús., þannig að rekstrarhalli hælisins minnki um 100 þús. Með tilliti til þess, að rekinn er þarna iðnaður, þykir mega gera ráð fyrir því, að þetta takist með góðri stjórn. Lagt er til, að fellt sé niður fé til útgáfu félagsdóma, 20 þús. kr. Einnig er lagt til, að tekjur af skipaskoðun séu hækkaðar til að mæta útgjöldum, eða um 144 þús. og 300 kr. Þykir ekki óeðlilegt, að þetta eftirlit fái með skoðunargjöldum nægilegar tekjur á sama hátt og annað opinbert eftirlit, svo sem bifreiðaeftirlitið o. fl. Er þó líklegt, að gera þurfi breyting á lögunum til þess að geta hækkað gjöldin. Þá er enn fremur lagt til, að kostnaður við mat á fiski sé lækkaður um rúmar 105 þús., þannig að skrifstofukostnaður og annar kostnaður við fræðfisksmatið séu lækkaðir um þessa upphæð. Eru þessar tillögur mjög í samræmi við það, sem ráð er fyrir gert í því frv., sem nú hefur verið lagt fram af ríkisstjórninni um framtíðarskipulag þessara mála. Þá er enn lagt til, að kostnaður við húsaleigunefndir, kr. 150 þús., verði felldur niður, svo og kostnaður við skattdómara, 30 600 kr. Kostnaður við nýbyggingarsjóðsnefnd, 5 þús. kr., er

lagt til, að falli niður. Má fela þetta starf ríkisskattanefndinni án þess að hafa þar af nokkurn aukakostnað.

Ríkisstjórnin hefur tekið upp í þessa grein 2 000 000 kr. til eftirlits með viðskipta- og verðlagsmálum og jafnmiklar tekjur á móti. Eftir upplýsingum, sem fyrir nefndinni liggja um kostnað þann, sem hér um ræðir, er hann með þeirri skipan, sem nú er á þessum málum, mun hærri en þetta. Nefndin leggur þó ekki til, að þessi útgjaldaupphæð verði hækkuð í frv., og er það með tilliti til þess, að hún leggur á það áherzlu, að ríkisstjórnin dragi svo úr þessum kostnaði á árinu, að tekjur og gjöld á þessum lið standist á.

Verði þessar tillögur meiri hl. nefndarinnar samþykktar, hækka tekjur á móti gjöldum á þessari grein um kr. 244 300, og útgjöldin lækka jafnframt um kr. 311 060. Verður þá lækkun útgjalda alls kr. 555 360 á þessari grein. Nefndin hefur ekki séð ástæðu til að gera tillögu um að taka upp á þessa grein útgjaldaliði vegna framtalsnefndar, enda ekki teknar upp á frv. neinar tekjur af eignakönnun.

12. gr.

Lagt er til, að tekið sé upp 100 þús. kr. framlag til heilsuverndarstöðva, með því að ákveðið hefur verið að fresta framkvæmdum III. kafla almannatryggingalaganna um heilsugæzlu.

13. gr.

Í fjárlfrv. hafði framlag til nýrra vega verið lækkað um 3.6 millj. frá því, sem veitt var til veganna á fjárl. s. á. Samkv. upplýsingum frá vegamálastjóra hafði verið unnið á s. l. ári fyrir tæpar 8 millj. í nýjum vegum, þar af fyrir 685 þús. kr. fyrir lánað fé úr héruðum í 10 vegum alls og yfir 20 vegum fyrir 600 þús. umfram fjárveitingu. Hins vegar eru 998 þús. í geymslufé ýmissa vega, sem ekki hafði verið unnið fyrir á árinu. Er því ljóst, að erfitt verður að draga úr framlagi til vega, enda fullt samkomulag á milli nefndarinnar og fjárhagsráðs, að fjárfesting og fjárframlög á þ. á. beri fyrst og fremst að miða við eflingu þeirra atvinnuvega, sem stuðla að auknu framleiðslunnar, en í þeim flokki eru tvímælalaust hafnir, vegir og brýr. Vegamálastjóri hafði samkvæmt beiðni nefndarinnar sent sundurliðaðar tillögur um skiptingu á vegafé. Með tilvísun til þessa er lagt til, að framlag til nýrra þjóðvega verði hækkað um rúml. 3,8 millj. og því skipt á þann hátt, sem gert er í breytingartillögunum.

Í fjárlagafrv. er framlag til nýrra brúa áætlað 1 millj. króna. Byggðar hafa verið brýr á árinu 1947 fyrir um 1,9 millj., auk Jökulsárbrúar fyrir 2,2 millj., eða alls fyrir rúml. 4 millj. Ónotað geymslufé til brúagerða í árslok 1947 er rúml. 1.6 millj. Er lagt til, að þessi liður verði hækkaður um nærri 1.8 millj. og fénu skipt á þann hátt, sem lagt er til í brtt. Þá er lagt til, að framlag til brúasjóðs, 600 þús., falli niður, með því að lög um hann hafa verið felld úr gildi. Enn fremur er lagt til, að framlag til ræktunarvegar í Flatey á Breiðafirði verði hækkað um 5 þús.

Endanlegar tillögur frá samvinnunefnd samgöngumála um styrki til flóabáta liggja ekki fyrir, og eru því ekki gerðar tillögur til breytinga á þeim lið.

Í fjárlfrv. eru 3.5 millj. kr. áætlaðar til hafnargerða og lendingarbóta. Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin aflaði sér, á ríkissjóður vangreitt til ýmissa hafna rúml. 2.7 millj. til þess að mæta framlagi úr héruðum. Hins vegar er ógreitt geymslufé til hafna, sem enn hefur ekki verið unnið fyrir af ýmsum ástæðum, m. a. vegna þess, að ekki hefur þótt gerlegt að byrja á framkvæmdum fyrr en veruleg fjárupphæð væri fyrir hendi. Lagt er til, að framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta verði hækkað um 1.5 millj. og fénu skipt samkv. brtt. Þá er enn fremur lagt til, að framlag til hafnarbótasjóðs verði hækkað um 350 þús.

Í fjárlfrv. er gert ráð fyrir tæpum 2.3 millj. króna til rekstrar flugmála. Meiri hl. nefndarinnar gerir tillögur til gerbreytingar á þessum kafla greinarinnar, og verður þá heildarlækkun útgjalda rúml. 484 þús., ef till. er samþykkt. Kemur þetta að mestu leyti fram fyrir áætlaðar auknar tekjur, og er gert í fullu samráði við flug-

ráð og ríkisstjórn. Allar hækkanir á þessari grein, ef till. verða samþykktar, nema um 7.6 millj., en lækkanir á móti rúml. 1 millj., svo að breytingarnar hækka heildarútgjöldin á greininni um rúml. 6.5 millj.

14. gr.

B. KENNSLUMÁL

Lagt er til, að námsstyrkir til stúdenta verði hækkaðir um 60 þús. Stúdentafjöldinn er nú sívaxandi, og sé upphæðin ekki aukin að sama skapi, hlýtur styrkur hvers stúdents að skerðast frá því, sem verið hefur.

Þá er lagt til, að tekin sé upp nýr liður til undirbúnings Olympíuleikja, 50 þús. Var upphæðinni, sem sótt var um á f. á., skipt á tvö ár, og þótti ekki fært annað en leggja til, að þetta yrði greitt á þ. á. Lagt er og til að lækka kostnað við tilraunastöðina á Keldum um 84 þús. Er þetta gert í samráði við ríkisstjórnina. Þá er lagt til, að framlag til barnaskólabygginga verði hækkað um 500 þús. Enn fremur er lagt til, að tekinn verði upp styrkur til Elíasar Eymundssonar læknis til svæfingarnáms í Ameríku, 12 þús., og að framlag til Íþróttasjóðs verði lækkað um 100 þús. kr. Um aðra liði verður rætt í framsögu. Alls eru hækkunartillögur meiri hl. nefndarinnar kr. 629 400, og lækkunartillögur á móti kr. 184 000. Nema þá niðurstöðutölurnar kr. 445 400 til hækkunar útgjalda.

15. gr.

Þá leggur meiri hl. nefndarinnar til, að eftirfarandi liðir verði teknir upp í frv.: Til sjómannastofu í Reykjavík, rekstrarstyrkur 20 þús., auk nokkurra annarra smáupphæða, er getið verður í framsögu. Hækkunartillögur alls á þessari grein eru því 50 þús. krónur.

16. gr.

Lagt er til að lækka framlag til Búnaðarfél. Ísl. um 15 þús. vegna lækkandi verðlagsvísitölu launa úr 310 í 300. Einnig er lagt til að fella niður framlag til verkfærakaupasjóðs, 80 þús., þar sem varla þykir gerlegt að skipta svo lítilli upphæð. Þá er lagt til að hækka jarðabótastyrkinn um 500 þús., með því að vitað er, að 2.5 millj., sem nú er áætlað í fjárlfrv., er of lítið til þess að mæta þessum lögboðnu greiðslum. Meiri hl. nefndarinnar leggur og til, að framlag til landnáms og nýbyggða verði á þessu ári lækkað um 1 millj. Er þetta gert í samráði við ríkisstjórnina. En vitað er, að þessi greiðsla er bundin með lögum, og verður því að leita lagaheimildar, ef fresta á þessari greiðslu. Lagt er til, að tekinn sé upp nýr liður, 310 þús., til byggingar í sveitum, lokagreiðsla, svo og framlag til mjólkurstöðvar, 250 þús., er fallið hafði niður af frv.

Þá er enn fremur lagt til, að framlag til Samábyrgðar Íslands, 1.5 millj., sé fellt niður af þessari grein, þar sem hér er um að ræða eign ríkisins og færist því á 20. gr. Lagt er til, að framlag til Fiskifélags Íslands verði lækkað um kr. 11 230 vegna vísitöluumreiknings. Enn er lagt til, að laun við stjórn raforkumála séu lækkuð um 183 þús., með því að ljóst er, að í mörg af þeim embættum, sem þar er reiknað með, hefur enn ekki verið skipað. Til jöfnunar móti gjöldum er svo lagt til, að tekjuliðurinn verði hækkaður um 1 þús. krónur. Þá er enn fremur lagt til, að framlag til nýrra raforkuframkvæmda verði hækkað um 1.25 millj. Er þetta gert í samráði við ríkisstjórnina. Að síðustu er lagt til, að tekjur rafmagnseftirlitsins verði hækkaðar um 15 þús., til þess að mæta rekstrarhalla á þessum lið.

Tillögur til hækkunar á þessari grein eru alls 2.35 millj., en til lækkunar alls kr. 2 805 230. Verður þá mismunur til hagnaðar kr. 455 230.

17. gr.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að framlag til alþýðutrygginganna verði lækkað um 1.6 millj. Er þetta gert í samráði við ríkisstjórnina. — Þá er og lagt til, að

framlag til greiðslu meðlaga með börnum erlendra manna sé lækkað um 500 þús., og er þetta einnig gert í samráði við ríkisstjórnina.

Þá leggur meiri hl. nefndarinnar einnig til, að teknir verði upp eftirfarandi liðir: Hækkun til elliheimila, 4 þús., hvar af 3 þús. fara til elliheimilis á Patreksfirði og 1 þús. til elliheimilis á Seyðisfirði, og til Slysavarnafélagsins 200 þús. vegna endurbyggingar á björgunarskipinu Sæbjörgu.

Alls eru tillögur meiri hluta nefndarinnar til hækkunar útgjalda á þessari grein 239 þús., en til lækkunar 2.1 millj. Rekstrarútkoman á þessari grein því 1 millj. 861 þús. hagstæðari en í frv., ef þær verða allar samþykktar.

18. gr.

Í fjárlagafrv. eru heildarútgjöld á þessari grein rúmar 5 millj. Lagt er til, að gerðar verði nokkrar breytingar, sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu. Hækkunartill. meiri hl. nema rúmlega 30 þús. krónum.

20. gr.

Lagt er til í samráði við ríkisstjórnina, að eftirfarandi breytingar séu gerðar á þessari grein: Framlag til ríkisspítalanna lækki um 170 þús., framlag til fávitahælis lækki um 400 þús. og orðin „í Kópavogi" falli niður. Framlag til bændaskóla í Skálholti lækki um 1 millj. 425 þús. Hefur þetta fé áður verið veitt í fyrra árs fjárlögum, og þykir ekki ástæða til þess að taka það upp sem endurveitingu fremur en aðrar fjárveitingar til hliðstæðra framkvæmda. Framlag til byggingar þjóðminjasafns lækki um 1 millj., enda verði heimild tekin upp á 22. gr. til þess að taka jafnháa upphæð að láni til þessara framkvæmda. Að framlag til byggingar tollstöðvar í Reykjavík, 500 þús., verði fellt niður, og framlag til byggingar skólastjórabústaðar á Reykjum í Ölfusi verði lækkað um 50 þús. Þá er lagt til, að tekið verði upp 100 þús. kr. framlag til byggingar útihúsa á prestssetrum, til bygginga Sjómannaskólans í Reykjavík 850 þús. og framlag til Samábyrgðarinnar, flutt af 16. gr. B. 1. 5 millj. Samanlagðar hækkunartillögur á þessari grein eru því 2,3 millj., en lækkunartillögur um 4,7 millj., eða raunverulegar lækkanir kr. 2,224 þús., ef tillögurnar verða allar samþykktar.

22. gr.

Lagt er til að heimila ráðherra að greiða ýmsar upphæðir, sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu.

Rætt hefur verið við ráðherra um öflun tekna til að mæta rekstrarhalla á fjárlagafrv. Kvaðst hann mundu athuga það fyrir 3. umræðu, er betur sé ljóst, hvaða afgreiðslu frv. fær við 2. umræðu, og mun stjórnin þá afla sér heimilda til tekjuöflunar, ef nauðsyn krefur, áður en endanlega er gengið frá afgreiðslu fjárlaganna.

Hér er að síðustu yfirlit yfir þær breytingar, sem meiri hl. nefndarinnar leggur til, að gerðar verði.

Hækkun tekna í 3. gr.	kr.	857 800
Þar frá dregst:		
Hækkun gjalda í 3. gr.	—	320 000
Tekjuhækkun alls	kr.	537 800

Hækkun gjalda alls	kr. 7 249 055
÷ lækkun gjalda alls	— 3 302 684
Gjaldahækkun alls	kr. 3 946 371

EIGNABREYTINGAR.

Lækkun útborgana samkv. 20. gr. er samkv. till. meiri hl. nefndarinnar 2 millj. 224 þús. kr.

Ef tillögur meiri hl. nefndarinnar verða allar samþykktar, munu niðurstöðutölur fjárlagafrumvarpsins verða á þessa leið:

REKSTRARYFIRLIT.

Tekjur		kr. 216 411 150
Gjöld	kr. 220 462 158	
Rekstrarhalli		— 4 051 008
	Kr. 220 462 158	Kr. 220 462 158

SJÓÐSYFIRLIT.

Útborganir	kr. 246 390 283
Innborganir	— 218 217 250
Greiðslujöfnuður	kr. 28 173 033

Alþingi, 9. marz, 1948.

Gísli Jónsson, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Pétur Ottesen.
Helgi Jónasson. Ingólfur Jónsson. Sigurður Kristjánsson.
Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 466. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1948.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins.

Eins og frumvarpið var lagt fram af ríkisstjórninni, bar það vitni um gagngerða stefnubreytingu frá því, sem verið hefur undanfarin ár, sérstaklega hvað snerti framlög til verklegra framkvæmda, svo sem vegamála, brúargerða, hafnargerða, skólabygginga og sjúkrahúsa. En meiri hluti nefndarinnar hefur ekki getað fallizt á að breyta hér um stefnu nema að nokkru leyti og í ýmsum öðrum stórvægilegum atriðum lagt til, að gerðar verði aðrar breytingar, sem stórspilla frumv. og gerðar eru eftir beinni skipun ríkisstjórnarinnar. Má þar sérstaklega nefna þær

tillögur meiri hlutans að lækka framlag til landnáms í sveitum samkvæmt II. kafla laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum úr tveimur og hálfri milljón, sem lögin ákveða, niður í eina og hálfa milljón. Bendir þetta ótvírætt til þess, að tilgangur núverandi stjórnarmeirihluta sé að gera þessi lög, sem æskulýður sveitanna væntir sér mikils af, að pappírssamþykktum einum, eins og lagaákvæðin um samvinnubyggðir frá 1936 og lögin um landnám ríkisins frá 1941. Þá má og nefna tillögu meiri hlutans um að lækka framlagið til almannatrygginga um 1,6 millj.

Bæði þessar ákvarðanir og niðurskurður á framlögum til verklegra framkvæmda eru réttlættar með því, að ekki sé fé fyrir hendi til að halda sömu framlögum og áður, og heyrist í því sambandi oft talað um ógætilega og kostnaðarsama löggjöf síðustu ára. Minni hlutinn vill hins vegar benda á þá staðreynd, að jafnframt því, sem áður nefnd framlög eru lækkuð, hækka stórkostlega útgjöld við rekstur ríkisins og embættiskostnaður allur. Má þar nefna sem dæmi, að útgjöld samkvæmt 10. gr., þ. e. kostnaður við stjórnarráðið og utanríkisþjónustu, munu nú verða allt að 800 þús. kr. hærri en á síðasta árs fjárlögum, og útgjöld samkvæmt 11. gr., þ. e. dómgæzla og lögreglustjórn, skatt- og tollheimta, opinbert eftirlit o. fl., munu nú nema nærri þrem millj. kr. hærri upphæð en á síðustu fjárlögum.

Þá má ekki síður minna á hina nýrri þætti embættisbáknsins, svo sem fjárhagsráð, viðskiptanefnd, verðlagseftirlit og skömmtunarskrifstofu ríkisins með öllum sínum úthlutunarstofnunum. Má fullyrða, að kostnaður við þessa starfsemi verði ekki undir fjórum milljónum kr. Svo hröð þensla í embættiskerfinu á Íslandi hefur aldrei þekkzt áður, og telur minni hlutinn, að meiri þörf hefði verið að halda þessum kostnaði í skefjum en lækka þau framlög til verklegra framkvæmda, atvinnumála og trygginga, sem áður eru nefnd.

Þá teljum við einnig, að tekjur ríkisins séu áætlaðar mun lægri en líkur eru til, að verði, og sé það gert í þeim tilgangi að sanna nauðsyn áður nefndra lækkana til verklegra framkvæmda og menningarmála, svo og þess niðurskurðar á lögboðnum gjöldum samkvæmt lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum og lögum um almannatryggingar, sem meiri hluti nefndarinnar flytur tillögur um. Við erum algerlega ósammála því að áætla tekjurnar lægri en allar líkur benda til, að þær muni verða.

Vegna hinnar miklu nýsköpunar í skólamálum þjóðarinnar, sem lögfest var með hinni nýju skólalöggjöf, er nú í smíðum fjöldi skólabygginga, bæði gagnfræðaskóla og barnaskóla. Úr þessum framkvæmdum hlýtur að draga stórlega, ef framlög eru lækkuð svo mjög sem stjórnarmeirihlutinn gerir ráð fyrir. Hið sama gildir um hafnarframkvæmdir, en allar tafir á þeim hljóta aftur að stefna í hættu fiskiskipaflota þjóðarinnar og draga úr notagildi hans.

Við, sem minni hlutann skipum, flytjum á sérstöku þingskjali allmargar breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið, og miða þær fyrst og fremst að því að auka framlög til verklegra framkvæmda og menningarmála.

Skal nú gerð nokkur grein fyrir aðaltillögum okkar.

Tekjurnar.

Samkvæmt 2. gr. frv. er tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka, áætlaður 40 millj. kr. Meiri hlutinn hefur ekki viljað áætla þennan tekjustofn hærri. Samkvæmt yfirliti um tekjur og gjöld ríkissjóðs árið 1947, er fjármálaráðherra gaf við fyrstu umræðu málsins, nam þessi liður 44,4 millj. kr. (jan.—des. það ár.). Ekkert bendir til, að þessi tekjustofn verði lægri á yfirstandandi ári, og leggjum við því til, að hann verði áætlaður 43 millj.

Vörumagnstollur er áætlaður í frv. 18 millj. kr., en hefur numið 23,5 millj. jan.—des. 1947. Hér virðist því vera um mjög væga áætlun að ræða, og teljum við fylli-

lega réttmætt að áætla þennan tekjustofn 20 millj. kr., eða tveggja millj. kr. hækkun, og leggjum til, að svo verði gert.

Verðtollurinn er áætlaður af meiri hlutanum 60 millj. kr. S. l. ár nam hann 72,25 millj. jan.—des. Kom þó tollahækkun sú, er gerð var á síðasta þingi, ekki til framkvæmda fyrr en nokkuð var komið fram á árið, og var því allmikið af þeim vörum, sem til landsins fluttust, miklu lægra tollað en nú. Má því telja nokkurn veginn víst, að þessi tekjustofn verði a. m. k. 70 millj. og að öllum líkindum hærri. Í samræmi við það leggjum við til, að hann verði áætlaður 10 millj. hærri eða 70 millj. kr.

Tekjur af tóbakseinkasölu ríkisins eru áætlaðar 17,5 millj. samkvæmt frv., en námu á s. l. ári yfir 20 millj. kr. Þennan lið teljum við því fyllilega réttmætt að hækka um 2 milljónir upp í 19,5 millj.

Samtals leggjum við því til, að tekjur ríkisins verði áætlaðar 17 millj. kr. hærri en frv. gerir ráð fyrir og meiri hluti nefndarinnar vill halda sér við.

Gjöldin.

12. gr.

Við þessa grein berum við fram eina brtt., þ. e. að hækka styrk til læknisbústaða og sjúkraskýla úr 800 þús. kr., sem frv. gerir ráð fyrir, upp í 1 millj. kr. sem er svipuð upphæð og á síðasta árs fjárlögum. Það er alkunnugt, hve erfitt er að fá lækna í mörg læknishéruð úti á landi, og víða getur það ráðið úrslitum, um það, hvort hérað er læknislaust eða ekki, hvort til sé læknisbústaður.

13. gr.

Við þessa grein flytjum við 2 brtt., sem meiri hluti nefndarinnar gat ekki fallizt á. Er hin fyrri um að hækka fjárveitingu til viðhalds þjóðvegum um tvær millj., úr 9 millj. upp í 11 millj., sem áreiðanlega er það minnsta, sem þörfin krefur. S. l. ár reyndist þessi liður enn þá hærri, og vegamálastjóri telur, að óhugsandi sé að komast af með þá upphæð, sem í frv. er. Með því að áætla upphæð þessa aðeins 9 millj. er því annaðhvort stefnt að því að rýra viðhaldið og láta vegakerfi landsins, sem byggt hefur verið fyrir ærið fé, drabbast niður eða greiða verður allmikla upphæð utan allrar heimildar í fjárlögum, sem í alla staði verður að teljast óheilbrigt.

Síðari brtt. okkar við þessa grein er um að hækka framlag til hafnargerða og lendingarbóta úr 3,5 millj., sem frv. gerir ráð fyrir, í 6,5 millj., sem er svipuð upphæð og s. l. ár. Fiskiskipaflotinn hefur vaxið svo mjög hin síðustu ár, að við teljum í alla staði ófært að draga úr fjárframlögum til hafnarframkvæmda. Verði tillaga okkar samþykkt, ætlumst við til, að skipting á þessari fjárhæð verði gerð af fjárveitinganefnd á milli 2. og 3. umræðu.

14. gr.

Við þessa grein flytjum við þrjár brtt. Er hin fyrsta um að hækka styrk til nýrra barnaskólabygginga úr 3 millj., sem frv. gerir ráð fyrir, í 4,5 millj. Samkvæmt skýrslu fræðslumálastjóra eru nú í smíðum 27 barnaskólabyggingar, og þyrfti framlag ríkissjóðs til þeirra að verða rúmar 7 millj. á þessu ári. Auk þess telur fræðslumálastjóri óhjákvæmilegt að hefja byggingu nokkurra nýrra skólahúsa. Við flytjum því brtt. um hækkun á þessum lið.

Til bygginga gagnfræða- og héraðsskóla eru ætlaðar á frv. 2 millj. kr., og vill meiri hl. n. halda þeirri upphæð. Á síðasta árs fjárlögum nam þessi upphæð 4,25 millj. kr. Við teljum þessa lækkun alveg óeðlilega og leggjum til, að þessi upphæð verði svipuð og 1947.

Þá leggjum við enn fremur til, að framlög til íþróttasjóðs verði 1 millj. kr. eins og á síðustu fjárlögum í stað 700 þús. kr., sem er í frv. Meiri hlutinn mun hins vegar leggja til, að þessi upphæð verði lækkuð í 600 þús. kr.

16. gr.

Við þessa grein flytjum við nokkrar brtt., og eru þessar helztar:

Til fiskimálasjóðs leggjum við til, að tekinn verði upp nýr liður, að upphæð 1 millj. kr. Samkvæmt lögum um fiskimálasjóð eru honum ætluð mjög víðtæk verkefni, að styðja að hvers konar eflingu sjávarútvegsins, markaðsöflun o. fl., og mun sízt veita af þessari fjárhæð, ef starfsemi hans á að ná fullum tilgangi.

Til nýrra raforkuframkvæmda leggjum við til, að veittar verði 4 millj. kr. og skuli helmingi þeirrar upphæðar varið til lána til dieselrafstöðva utan þess svæðis, sem rafveitur ríkisins ná yfir. Enn sem komið er hefur fé það, sem ríkið hefur lagt fram til raforkuframkvæmda, eingöngu farið til að byggja ákveðnar veitur, sem verða til mjög mikilla hagsbóta fyrir íbúa þeirra héraða, sem þeirra njóta. Hins vegar eru mörg önnur héruð, sérstaklega ýmsir bæir og þorp á Austfjörðum og Vestfjörðum, sem eru að byggja diselrafstöðvar af eigin rammleik án nokkurrar aðstoðar af hálfu hins opinbera, nema ríkisábyrgðar. Þessum aðilum teljum við sjálfsagt að hjálpa með lánum.

17. gr.

Við þá grein flytjum við þá brtt., að framlag til íbúðarhúsabygginga samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946 verði 1 millj. kr. í stað 400 þús. kr., sem frv. gerir ráð fyrir.

20. gr.

Þá leggjum við til, að á 20. gr. verði tekinn nýr liður, 1 millj. kr. til byggingar sjómannaskólans í Reykjavík.

Ágreiningur okkar við meiri hl. er fyrst og fremst um þau mál, sem hér hefur verið minnzt á. Við erum hins vegar sammála meiri hl. um margar till. til breytinga á frv., og stöndum því að ýmsum till., sem fluttar verða af meiri hlutanum. Munum við nánar gera grein fyrir þeim við umræður og við atkvæðagreiðslu.

Við teljum rétt að birta hér með áliti okkar áætlanir þær, sem fjárveitinganefnd hafa borizt frá fjárhagsráði, um innflutning og fjárfestingu árið 1948. Samkvæmt lögum bar fjárhagsráði að leggja þessar áætlanir fram, áður en fjárlög yrðu sett. Áætlanir þessar bera það með sér, að þær eru handahófslega gerðar, en þó sýna þær glöggt, að fjárhagsráð og ríkisstjórnin hugsa sér að draga enn stórkostlega úr framkvæmdum í landinu, en auka jafnhliða við skriffinnskubrjálæðið og fjötrana í sambandi við allt viðskipta- og athafnalíf landsmanna. Þessar áætlanir hljóta óhjákvæmilega að ræðast jafnhliða fjárlögunum, og er því rétt, að þær birtist öllum þingmönnum.

Alþingi, 9. marz 1948.

Ásmundur Sigurðsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal.

FJÁRHAGSRÁÐ

Reykjavík, 5. febr. 1948.

Fjárhagsráð leyfir sér hér með að senda eitt eintak af innflutningsáætlun þeirri, er samin hefur verið fyrir árið 1948. Það skal tekið fram, að framkvæmd áætlunarinnar er hugsuð í þremur áföngum, sá fyrsti til aprílloka, þegar séð verður um árang-

ur vetrarvertíðar, annar til ágústloka, þegar séð verður fyrir um síldarvertíðina, og þriðji til ársloka. Með þessum hætti er það áform fjárhagsráðs, að færi gefist á að koma í veg fyrir, að út verði gefin meiri leyfi til innflutnings en hægt er að greiða með útflutningstekjunum.

Virðingarfyllst.

Fjárhagsráð.

T. Guðjónsson. Bragi Kristjánsson.

Fjárveitinganefnd Alþingis, Reykjavík.

Innflutningsáætlun fyrir árið 1948.

A. Innflutningsáætlun.

Tegund gjaldeyris	Upphæð kr.
Dollarar	114 869 000
Sterlingspund	113 799 500
Cl. Tékkóslóvakía	30 215 000
Cl. Holland	27 206 500
Cl. Frakkland	6 718 000
Cl. Ítalía	6 707 000
Ýmislegt	10 630 000
Samtals	310 145 000

B. Gjaldeyrisáætlun.

Dollarar	24 900 000
Sterlingspund	53 000 000
Clearing-gjaldeyrir	1 300 000
Samtals	79 200 000

Heildarleyfisveitingar.

A. Innflutningsáætlun	kr.	310 145 000
B. Gjaldeyrisáætlun	—	79 200 000
Samtals	kr.	389 345 000

Áætlun um duldar greiðslur.

	$ millj.	£ millj.	Cl. millj.	Samtals millj.
1. Námskostnaður	3.5	2.5	„	6.0
2. Ferða-, sjúkra- og dvalarkostnaður	0.8	2.0	0.2	3.0
3. Greiddar skuldir	„	0.5	„	0.5
4. Vinnulaun	0.2	0.4	„	0.6
5. Eignayfirfærsla	„	0.1	„	0.1
6. Skipaleigur	10.0	27.5	„	37.5
7. Tryggingar og umboðslaun	0.5	4.4	0.1	5.0
8. Styrkir og meðlög	0.1	0.1	„	0.2
9. Skipaviðgerðir	„	6.0	„	6.0
10. Önnur gjaldeyrisleyfi	6.8	4.5	0.5	11.8
11. Greiðslur hins opinb. til sendiráða, afb. og vaxta af lánum	3.0	5.0	0.5	8.5
	24.9	33.0	1.3	79.2

Innflutningurinn fyrir 1948.

	$ Þús. kr.	£ Þús. kr.	Cl. Tékk. Þús. kr.	Cl. Holl. Þús. kr.	Cl. Frakkl. Þús. kr.	Cl. Ítal. Þús. kr.	Samtals Þús. kr.
I. flokkur.							
1. Rúgur, rúgmjöl 4000 tonn	4200	„	„	„	„	„	4200
2. Hveiti 5000 tonn	6500	„	„	„	„	„	6500
3. Hafragrjón 1400 tonn	1600	„	„	„	„	„	1600
4. Hrísgrjón 350 tonn	560	„	„	,	„	„	560
5. Skepnufóður ca. 15000 tonn	10200	„	„	1500	„	„	11700
6. Kartöflumjöl 100 tonn	30	„	„	120	„	„	150
7. Aðrar kornvörur 200 tonn	500	„	„	200	„	„	700
	23590	„	„	1820	„	„	25410
II. flokkur.							
1. Nýir ávextir ca. 400 tonn	„	„	„	„	„	1000	1000
2. Sítrónur ca. 125 tonn	„	„	„	„	„	250	250
3. Þurrkaðir ávextir:							
a. Sveskjur	60	„	„	„	„	340	400
b. Rúsínur	85	„	„	„	„	515	600
c. Aðrir	„	110	„	„	„	525	635
4. Niðursoðnir ávextir	120	35	„	„	„	„	155
5. Grænmeti:							
a. Nýtt	„	„	„	100	„	„	100
b. Þurrkað	„	„	„	200	„	„	200
c. Niðursoðið	8	45	„	80	„	12	145
6. Laukur } Samkv. áætl. Gr.m.verzl.	„	„	„	250	„	„	250
7. Kartöflur }	„	1277	„	723	„	„	2000
8. Ávaxtasulta	„	35	„	165	„	„	200
	273	1502	„	1518	„	2642	5935
III. flokkur.							
1. Kaffi 700 tonn	„	900	„	500	„	„	1400
2. Te 15 tonn	„	150	„	„	„	„	150
3. Kakó 40 tonn	„	„	„	200	„	„	200
4. Sykur ca. 4000 tonn	„	3320	880	„	„	„	4400
5. Sýróp 100 tonn	„	„	„	150	„	„	150
6. Kryddvörur	„	87.5	„	262.5	„	„	350
	„	4657.5	880	1112.5	„	„	6650

IV. flokkur.	$ Þús. kr.	£ Þús. kr.	Cl. Tékk. Þús. kr.	Cl. Holl. Þús. kr.	Cl. Frakkl. Þús. kr.	Cl. Ítal. Þús. kr.	Samtals Þús. kr.
1. Tilbúinn fatnaður:							
a. Karlm.föt, frakkar, þ. á m. regnkápur	„	„	700	100	„	„	800
b. Barna- og ungl.fatnaður	„	„	300	100	„	„	400
c. Kvenkápur, kjólar og dragtir, þ. á m. regnk.	„	„	80	120	„	„	200
d. Annar tilb. fatnaður	„	„	150	„	„	„	150
2. Dúkar í heilu lagi og ströngum:							
a. Úr ull	„	1350	500	850	„	„	2700
b. — baðmull	45	700	1000	505	150	„	2400
c. — gervisilki	„	400	„	„	400	1200	2000
d. — silki	„	„	„	„	300	„	300
3. Léreft	„	800	1000	900	„	„	2700
4. Vinnufatnaður (Nankin, khaki o. þ. h.)	35	„	1150	515	„	„	1700
5. Nærfatnaður, tilbúinn:							
a. Karla, þ. á m. skyrtur	„	200	100	200	„	„	500
b. Kvenna	„	200	100	200	„	„	500
c. Sokkar, karla og kvenna	„	440	360	440	„	380	1600
6. Húsgagnaáklæði	„	120	280	200	„	„	600
7. Gólfteppi, dreglar, teppafilt	„	„	„	100	„	„	100
8. Garn og tvinni	„	310	„	300	90	„	700
9. Smávörur tilh. vefnaði og fatagerð	„	280	„	120	„	„	400
10. Vinnuvettlingar	26	300	„	274	„	„	600
11. Sjóklæði	30	170	200	„	„	„	400
12. Laufaborðar, knipplingar og önnur netofin efni	„	„	„	42	108	„	150
13. Hattar og húfur	„	150	„	150	„	200	500
14. Aðrar vefnaðarvörur og tilh., ót. a.	115	180	120	65	60	60	600
	251	5600	6040	5181	1108	1820	20000

V. flokkur.							
1. Gúmmístígvél	450	390	360	„	„	„	1200
2. Gúmmískóhlífar	70	„	330	„	„	„	400
3. Skófatnaður (skammtaður)	„	960	1500	740	„	„	3200
4. Inniskór og annar skófatnaður (óskammtaður)	„	25	75	200	„	„	300
	520	1375	2265	940	„	„	5100

	$ Þús. kr.	£ Þús. kr.	Cl. Tékk. Þús. kr.	Cl. Holl. Þús. kr.	Cl. Frakkl. Þús. kr.	Cl. Ítal. Þús. kr.	Samtals Þús. kr.
VI. flokkur.							
1. Timbur:							
a. Venjul. byggingartimbur	5000	„	200	„	„	„	7000
b. Harðviður	500	„	500	„	„	„	1000
2. Rafm.-, síma- og girðingastaurar	600	„	600	„	„	„	1200
3. Krossviður og spónn	560	„	100	320	420	„	1400
4. Þilplötur úr trjáviðarefnum	950	„	50	„	„	„	1000
5. Cement	„	4500	„	„	„	„	4500
6. Þakjárn og þakhellur	„	1000	„	„	„	„	1000
7. Steypustyrktarjárn	„	2600	100	„	„	„	2700
8. Smíðajárn almennt og tilheyrandi	500	1500	500	„	„	„	2500
9. Járnplötur til skipasmíða	260	845	195	„	„	„	1300
10. Blikk til smíða	175	175	150	„	„	„	500
11. Miðstöðvarofnar og katlar	„	820	50	„	930	„	1800
12. Pípur og pípuhlutar (fittings)	300	740	900	„	925	135	3000
13. Handlaugar, baðker o. þ. h. hreinl.tæki	„	350	160	„	925	65	800
14. Olíukyndingartæki	180	300	„	„	„	„	480
15. Saumur, skrúfur og boltar	„	400	400	„	„	„	800
16. Rúðugler (einnig slípað gler)	„	150	650	„	„	„	800
17. Linoleum, stigagúmmí og gólfpappi	85	140	195	980	„	„	1400
18. Veggfóður og tilh. loftpappi	„	„	„	300	„	„	300
19. Utanhúspappi	„	400	„	„	„	„	400
20. Málning, kítti, fernis, lím	35	250	„	215	„	„	500
21. Kolavélar og kolaofnar	„	165	35	„	„	„	200
22. Eldfastur steinn og leir	„	150	„	„	„	„	150
23. Asbest-sementsvörur:							
a. Pípur	„	250	„	„	„	„	250
b. Utanhúsplötur	„	200	„	„	„	„	200
c. Innanhúsplötur	„	300	„	„	„	„	300
24. Hurða- og gluggajárn o. þ. h.	40	295	440	„	„	25	800
25. Aðrar byggingarvörur	75	1000	150	50	„	25	1300
	2260	16530	7175	1865	2500	250	37580
VII. flokkur.							
1. Kol	6900	1600	„	„	„	„	8500
2. Salt	„	20	„	„	„	280	300

	$ Þús. kr.	£ Þús. kr.	Cl. Tékk. Þús. kr.	Cl. Holl. Þús. kr.	Cl. Frakkl. Þús. kr.	Cl. Ítal. Þús. kr.	Samtals Þús. kr.
3. Brennsluolíur:							
a. Benzín	8000	„	„	„	„	„	8000
b. Dieselolíur	5700	„	„	„	„	„	5700
fuelolíur	6000	„	„	„	„	„	6000
c. Smurolíur	2900	„	„	„	„	„	2900
d. Steinolía	800	„	„	„	„	„	800
4. Veiðarfæri (tilbúin)							
a. Fiskilínur	„	800	„	„	„	„	800
b. Herpinætur og önnur net	1100	1600	„	800	„	„	3500
c. Önnur	340	1120	„	240	„	„	1700
5. Kaðlar og vírar	„	1500	„	„	„	„	1500
6. Fiskábreiður, seglastrigi	„	350	„	„	„	„	350
7. Hessian	„	1000	200	„	„	„	1200
8. Síldartunnur:							
— tilbúnar	„	„	1100	„	„	„	1100
— stafir og efni í þá	700	„	„	„	„	„	700
— gjarðir og efni í þær	500	„	„	„	„	„	500
9. Síldarkrydd og krydd til niðursuðu	100	100	„	50	„	„	250
10. Lýsistunnur og efni í þær	800	400	300	„	„	„	1500
11. Tómir pokar	„	1400	200	„	„	„	1200
12. Pappír til fiskumbúða	1200	200	„	„	„	„	1300
13. Pappaumbúðir um fisk	600	„	„	„	„	„	700
14. Niðursuðudósir tilb. og hálftilb.	360	240	„	„	„	„	600
15. Efni í niðursuðudósir	260	240	100	„	„	„	600
16. Ammoniak, klórcalcium og vítissóti til lýsisvinnslu	110	350	100	„	140	„	700
17. Legufæri skipa	„	400	100	„	„	„	500
18. Aðrar útgerðarvörur	650	2000	300	„	„	„	2950
	37020	12920	2400	1090	140	280	53850
VIII. flokkur.							
1. Landbúnaðarvélar:							
— til heyskapar	800	1200	„	„	„	„	2000
— til jarðræktar	1350	1700	350	200	350	550	4500
2. Mjaltavélar, skilvindur, strokkar	200	200	„	„	„	„	400
3. Ljáir, ljáblöð, brýni	180	„	„	„	„	„	180
4. Girðingaefni, annað en staurar	200	„	200	„	„	„	400
5. Kjöttunnur og efni í þær	250	„	„	„	„	„	250

	$ Þús. kr.	£ Þús. kr.	Cl. Tékk. Þús. kr.	Cl. Holl. Þús. kr.	Cl. Frakkl. Þús. kr.	Cl. Ítal. Þús. kr.	Samtals Þús. kr.
6. Aðrar kjötumbúðir	300	„	„	„	„	„	300
7. Fræ og plöntur	„	640	„	160	„	„	800
8. Baðlyf	60	„	„	„	„	„	60
9. Mjólkurbrúsar	50	„	50	20	„	„	120
10. Aðrar landbúnaðarvörur	400	200	„	„	„	„	600
	3790	3940	600	380	350	550	9610
IX. flokkur.							
1. Skip og nótabátar	8000	14000	„	„	„	„	22000
2. Flugvélar og varahlutir	700	700	„	„	„	„	1400
3. Bifreiðar	215	„	285	„	„	„	500
4. Reiðhjól, bifhjól og hlutar	„	250	„	„	50	„	300
5. Barnavagnar og kerrur	„	150	„	„	„	„	150
6. Mótorvélar og dekkspil	2600	1400	„	„	„	„	4000
7. Dýptarmælar og tilh.	60	540	„	„	„	„	600
8. Frystivélar	600	1320	480	„	„	„	2400
9. Síldarvinnsluvélar	2500	1600	„	400	„	„	4500
10. Niðursuðuvélar og fiskvinnsluvélar	860	1840	„	„	„	„	2700
11. Sauma- og prjónavélar	35	285	„	„	„	280	600
12. Skrifstofu- og bókhaldsvélar	100	80	„	„	„	370	550
13. Smíðavélar til tré- og járnsmíða	250	650	300	„	„	„	1200
14. Mjólkur- og smjörlíkisvélar	100	800	„	„	„	„	900
15. Vélar til ullariðnaðar	700	700	„	„	„	„	1400
16. Vélar til ýmiss konar iðnaðar ót. a.	800	1900	340	„	460	„	3500
17. Aðrar vélar	400	1200	„	„	„	„	1600
18. Til bifreiða:							
a. Varahlutir	2400	1000	400	„	200	„	4000
b. Mótorar	320	140	50	„	50	„	560
c. Hjólbarðar	1000	100	2220	„	680	„	4000
19. Varahlutir til bátavéla	2300	1650	50	„	„	„	4000
20. — til frystivéla	400	500	„	„	„	„	900
21. — til annarra véla	1500	900	100	„	„	„	2500
	25840	31705	4225	400	1440	650	64260

	$ Þús. kr.	£ Þús. kr.	Cl. Tékk. Þús. kr.	Cl. Holl. Þús. kr.	Cl. Frakkl. Þús. kr.	Cl. Ítal. Þús. kr.	Samtals Þús. kr.
X. flokkur.							
1. Smíðaáhöld og handverkfæri	80	180	680	„	„	„	940
2. Rafknúin vinnuverkfæri	80	80	120	80	„	„	360
3. Vogir og tilheyrandi	„	100	50	100	„	„	250
4. Búsáhöld:							
a. Pottar, pönnur o. þ. h. úr ód. málmi	„	270	450	180	„	„	900
b. Hnífar, skeiðar o. þ. h. úr ód. málmi	„	70	125	65	„	„	250
c. Diskar, bollar o. þ. h. úr gleri og leir	„	280	520	„	„	„	800
d. Ót. a.	„	130	170	„	„	„	300
5. Borðbúnaður úr pletti og silfri	„	50	„	„	„	„	50
6. Vínsett, skálar o. þ. h. úr keramik og kristal	„	„	„	„	„	„	0
	160	1160	2115	215	„	„	3850
XI. flokkur.							
1. Til smjörlíkisgerðar	3360	1440	„	„	„	„	4800
2. — kaffibætisgerðar	„	150	„	200	„	„	350
3. — súkkulaði- og sælgætisgerðar	„	560	„	390	„	50	1000
4. — öl- og gosdrykkjagerðar	150	200	„	150	„	„	500
5. — skó- og söðlasmíði	20	400	200	880	„	„	1500
6. — málningagerðar	580	620	„	„	„	„	1200
7. — prentgerðar	„	150	„	150	„	„	300
8. — bökunar (ger o. fl.)	„	180	„	200	„	20	400
9. — sápugerðar	430	450	„	„	20	„	900
10. — veiðarfæragerðar	850	1200	250	450	500	„	3250
11. — raftækjagerðar	180	240	90	90	„	„	600
12. — bókbands	25	25	150	100	„	„	300
13. — hjólbarðaviðgerða	10	130	60	„	„	„	200
14. — leðuriðju (rennil. o. fl.)	„	„	50	100	50	„	200
15. — fatahreinsunar	„	85	„	15	„	„	100
16. — annarra iðgreina	150	300	150	50	„	„	650
	5755	6130	950	2775	570	70	16250
XII. flokkur.							
1. Þvottasódi	„	105	„	„	45	„	150
2. Þvottaduft og sápuspænir	100	120	„	100	„	280	600
3. Sápur, þ. á m. tannkrem	100	150	„	275	„	„	525
4. Snyrtivörur	„	„	„	„	275	„	275

	$ Þús. kr.	£ Þús. kr.	Cl. Tékk. Þús. kr.	Cl. Holl. Þús. kr.	Cl. Frakkl. Þús. kr.	Cl. Ítal. Þús. kr.	Samtals Þús. kr.
5. Greiður og kambar, hárspennur	„	„	„	„	50	„	50
6. Skó- og gólfáburður	„	215	„	60	„	„	275
7. Aðrar hreinlætisvörur	„	125	„	„	„	„	125
	200	715	„	435	370	280	2000
XIII. flokkur.							
1. Blaðapappír	400	200	75	125	„	„	800
2. Bókapappír	250	250	250	250	„	„	1000
3. Skrifpappír	15	100	135	50	„	„	300
4. Verzlunarbækur og bréfabindi	„	175	75	„	„	„	250
5. Bækur og tímarit	195	435	„	„	„	„	650
6. Umbúðapappír og pokar	120	280	200	200	„	„	800
7. Smjörpappír	25	50	„	75	„	„	150
8. Toiletpappír	„	140	„	„	„	60	200
9. Heftarar, stimplar og önnur ritföng	„	210	90	„	„	„	200
10. Aðrar pappírsvörur	30	130	75	„	„	15	250
11. Skjalapappír og peningaskápar	„	100	„	„	„	„	100
	1035	2090	900	700	„	75	4800
XIV. flokkur.							
1. Hljóðfæri	„	90	35	„	„	„	125
2. Nótur og aðrar músíkvörur	„	125	„	„	„	„	125
3. Leðurvörur tilb. og ferðatöskur	„	70	30	„	„	„	100
	„	285	65	„	„	„	350
XV. flokkur.							
1. Ljósakrónur og stofulampar	„	„	„	100	„	„	100
2. Vatnsþéttir lampar og vinnuljós	„	200	„	200	„	„	400
3. Rafmagnsperur	„	150	„	460	„	90	700
4. Raflagnaefni	400	1800	800	800	„	„	3800
5. Jarðstrengur til raflagna	„	1300	„	400	„	„	1700
6. Rafm.eldavélar og ofnar	300	50	„	50	140	„	540
7. Þvottavélar, kælisk., strauv., hræriv.	370	400	30	„	„	„	800
8. Rafm.búsáhöld með eliment	60	50	„	90	„	„	200
9. Rafhlöður og rafhylki	„	700	„	„	„	„	700
10. Rafmagnsmótorar	115	845	240	„	„	„	1200

	$ Þús. kr.	£ Þús. kr.	Cl. Tékk. Þús. kr.	Cl. Holl. Þús. kr.	Cl. Frakkl. Þús. kr.	Cl. Ítal. Þús. kr.	Samtals Þús. kr.
11. Aðrar rafmagnsvörur	400	800	100	100	„	„	1400
12. Símaefni og talstöðvar	1225	2775	„	„	„	„	4000
13. Rafveitur (vélar og efni til virkj.)	800	3700	„	500	„	„	5000
	3670	12770	1170	2700	140	90	20540
XVI. flokkur.							
1. Úr, klukkur, úrsmíðaefni	„	350	50	„	„	„	400
2. Gull-, silfur- og plettvörur (ót. áður)	„	50	„	„	„	„	50
3. Gull og silfur, óunnið	„	200	„	„	„	„	200
	„	600	50	„	„	„	650
XVII. flokkur.							
1. Tóbak	500	2300	„	1000	„	„	3800
2. Áfengi	200	1370	130	800	„	„	2500
3. Viðtæki og varahlutar	195	130	„	975	„	„	1300
4. Tilbúinn áburður	„	1000	„	3000	„	„	4000
5. Eldspýtur	„	50	300	„	„	„	350
	895	4850	430	5775	„	„	11950
XVIII. flokkur.							
1. Lyfjavörur og hjúkrunargögn	1400	1200	490	50	50	„	3190
2. Lækningatæki	200	100	100	50	50	„	500
3. Litur og litunarefni	30	270	„	„	„	„	300
4. Ljósmyndavélar og efni til ljósm.	30	370	„	„	„	„	400
5. Skotvopn og skotfæri	„	180	120	„	„	„	300
6. Flöskur og flöskuhettur	„	360	140	„	„	„	500
7. Húsgögn	80	310	„	„	„	„	390
8. Frostlögur	175	„	„	„	„	„	175
9. Íþróttavörur	45	105	„	„	„	„	150
10. Rannsóknartæki	150	150	„	„	„	„	300
11. Leikföng	„	„	„	„	„	„	0
12. Gleraugu og tilheyrandi	100	50	100	„	„	„	250
13. Karbid til gasframleiðslu	„	125	„	„	„	„	125
14. Kvikmyndir	400	400	„	„	„	„	800
15. Súkkulaði og sælgæti	„	„	„	„	„	„	0
16. Speglar og rammalistar	„	50	„	„	„	„	50
17. Smjör	„	3300	„	„	„	„	3300

	$ Þús. kr.	£ Þús. kr.	Cl. Tékk. Þús. kr.	Cl. Holl. Þús. kr.	Cl. Frakkl. Þús. kr.	Cl. Ítal. Þús. kr.	Samtals Þús. kr.
18. Ýmislegt	„	„	„	„	„	„	2630
19. Til sérstakra framkvæmda og óvissra útgjalda skv. ákv. fjárhagsráðs	„	„	„	„	„	„	8000
	2610	6940	950	100	100	„	21360

Fjárfestingaráætlun. Uppkast.

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 1000 kr.	Gjalde.þörf v. annarra byggv. 1000 kr.	Bein gjaldeyrisl. 1000 kr.
I. Framleiðslufyrirtæki	41	„	2878	431	59	34	17725	652	2756
II. Iðnaðarfyrirtæki	47	„	1069	76	25	77	8935	327	174
III. Verzl.fyrirtæki, oliust. o. s. frv.	27	„	623	42	17	72	4268	156	„
IV. Opinberar byggingar:									
1. Skólar	45	„	1949	131	43	165	16964	„	706
2. Sjúkrahús	7	„	245	12	2	14	3775	„	137
3. Kirkjur og kirkjugarðar	10	„	65	7	3	2	376	„	„
4. Sundlaugar	10	„	298	26	4	17	2200	„	„
5. Félagsheimili	16	„	121	3	4	32	885	„	„
6. Ýmsar framkv. á vegum bæjar- og sveitarfélaga	13	„	188	13	3	„	886	„	14
7. Ýmsar framkv. á vegum ríkisins	5	„	94	14	„	6	1384	„	„
8. Embættismannabústaðir	17	18	603	28	8	22	3502	„	„
Alls	123	18	3563	234	67	258	29972	1101	857
V. Opinberar verkl. framkv.:									
1. Hafnarg. (utan Rvk.)	„	„	3700	320	56	„	8750	„	940
2. Vitabyggingar	„	„	225	35	2	„	700	„	25
3. Vega- og brúargerðir	„	„	700	93	19	„	14470	„	270
4. Póstur og sími	9	„	220	25	8	7	8724	„	4922
5. Rafvirkjanir og veitur	30	„	1737	238	57	35	18743	„	4783
6. Flugvellir og skýli	3	„	139	23	4	„	1354	„	325
7. Vatns- og hitaveitur	15	„	361	45	4	„	3523	„	948

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 1000 kr.	Gjalde.þörf v. annarra byggv. 1000 kr.	Bein gjaldeyrisl. 1000 kr.
8. Gatnagerðir	7	„	95	6	„	„	550	„	„
9. Opinb. verkl. framkv. í Rvk., Hf. og Kópav.hr. (hafnarg. í Rvk., vatns- og hitav. o. s. frv., þó ekki rafv.)	10	„	485	96	18	„	13980	„	1235
Alls	74	„	7662	881	168	42	70794	„	13448
VI. Íbúðarhús:									
1. Íbúðarhús í III. og II. fl. á öllu landinu	698	1286	7353	322	116	811	66432	„	„
2. Íbúðarhús í I. fl. utan Rvk.	457	588	10201	533	241	568	49019	„	„
3. Íbúðarhús í I. fl. A og B í Rvk.	131	295	5526	358	94	357	32806	„	„
Alls	1286	2169	23080	1213	451	1736	148257	10059	„
VII. Útihús	312	„	3842	153	60	46	8728	123	„
Samtals byggingarframkvæmdir	1910	2187	42717	3030	847	2265	288679	12418	17235
Efni til viðhalds	„	„	3200	110	370	830	„	1278	„
Efni til iðnaðar	„	„	3400	„	165	680	„	„	„
Viðbót v. frjálsar ráðst. og rýrn. 7%	„	„	3452	220	97	264	„	„	„
Samtals	1910	2187	52769	3360	1479 (9000 std.)	4039	288679	13696	17235

Gjaldeyrisnotkun samtals ca. 55 millj. kr.

Framkvæmdir til athugunar í sambandi við fjárfestingaráætlun. B-flokkur.

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 1000 kr.	Gjalde.þörf v. annarra byggv. 1000 kr.	Bein gjaldeyrisl. 1000 kr.
I. Framleiðslufyrirtæki	18	„	2425	369	46	28	13165	527	1692
II. Iðnaðarfyrirtæki	12	„	1056	172	13	25	6892	276	10035
III. Verzl.fyrirtæki, olíust. o. s. frv.	63	„	3157	250	22	57	16652	666	336
IV. Opinberar byggingar:									
1. Skólar	11	„	1259	105	16	10	5965	„	75
2. Sjúkrahús	4	„	514	45	24	70	2944	„	„
3. Kirkjur	„	„	„	„	„	„	„	„	„
4. Sundlaugar	5	„	101	5	2	„	846	„	40

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 1000 kr.	Gjalde.þörf v. annarra byggv. 1000 kr.	Bein gjaldeyrisl. 1000 kr.
5. Félagsheimili	4	„	159	15	2	9	1598	„	„
6. Ýmsar bygg.framkv. á vegum bæjar- og sv. fél.	1	„	?	?	?	?	?	„	?
7. Ýmsar bygg.framkvæmdir á vegum ríkisins	1	„	106	2	„	8	4751	„	?
8. Embættismannabústaðir	„	„	„	„	„	„	„	„	„
Alls	26	„	2139	172	44	97	16104	644	115
V. Opinberar verkl. framkv.:									
1. Póstur og sími	2	„	„	„	„	„	2900	„	1125
2. Rafvirkjanir og veitur	10	„	970	48	7	4	8270	„	1625
3. Vatns- og hitaveitur	2	„	185	21	1	„	1186	„	235
4. Gatnagerðir o. fl.	5	„	223	16	2	„	1018	„	52
5. Ýmsar verkl. framkv. í Rvík, Hf. og Kópavogshr.	1	„	„	„	34	„	1185	„	„
Alls	20	„	1378	85	44	4	14559	„	3037
Framkvæmdir samtals	139	„	10155	1048	169	211	67372	2113	15215

Gjaldeyrisþörf samtals ca. 21 millj. kr.

Framkvæmdir ekki teknar með í fjárfestingaráætlun og ekki til athugunar. C-flokkur.

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 1000 kr.	Gjalde.þörf v. annarra byggv. 1000 kr.	Bein gjaldeyrisl. 1000 kr.
I. Framleiðslufyrirtæki	4	„	716	195	19	5	4835	193	13640
II. Iðnaðarfyrirtæki	17	„	913	89	10	26	2816	113	215
III. Verzl.fyrirtæki, olíust. o. s. frv.	16	„	3906	1407	84	72	19957	798	25
IV. Opinberar byggingar:									
1. Skólar	29	„	3293	356	51	168	16180	„	690
2. Sjúkrahús	4	„	50	4	?	?	740	„	?
3. Kirkjur	2	„	222	86	1	25	500	„	106
4. Sundlaugar	8	„	148	22	4	1	850	„	„
5. Félagsheimili	14	„	1879	177	41	49	9804	„	233
6. Ýmsar bygg.framkv. á vegum bæjar- og sv. fél.	2	„	113	7	2	„	140	„	„

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 1000 kr.	Gjalde.þörf v. annarra byggv. 1000 kr.	Bein gjaldeyrisl. 1000 kr.
7. Ýmsar bygg.framkv. á vegum ríkisins	1	„	160	40	„	14	650	„	1035
8. Embættismannabústaðir	8	11	383	14	4	16	2194	„	„
Alls	68	11	6248	706	103	273	31058	1242	2064
V. Opinberar verkl. framkv.									
1. Hafnargerðir	„	„	1021	„	70	„	3050	„	1094
2. Póstur og sími	2	„	200	18	1	4	2520	„	1000
3. Rafvirkjanir og veitur	1	„	„	„	„	„	28660	„	23447
4. Flugvellir o. þ. h.	1	„	160	60	1	„	175	„	175
5. Ýmsar verkl. framkv. Rvk, Hf. og Kópavogshr.	2	„	545	40	33	„	500	„	„
Alls	6	„	1926	118	105	4	34905	„	25716
VI. Íbúðarhús í 1. fl. C og D í Rvík	97	291	8498	459	164	220	42410	2121	„
VII. Bílskúrar	47	„	310	19	5	„	761	„	„
Framkvæmdir alls	255	302	22517	2993	490	600	136742	4467	41660

Gjaldeyrisþörf samtals ca. 54 millj. kr.

Umsóknir um byggingarframkvæmdir samtals.

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 1000 kr.	Gjalde.þörf v. annarra byggv. 1000 kr.	Bein gjaldeyrisl. 1000 kr.
I. Framleiðslufyrirtæki	63	„	6019	995	124	67	35725	1372	18088
II. Iðnaðarfyrirtæki	76	„	3038	337	48	128	18643	716	10424
III. Verzl.fyrirtæki, olíust. o. s. frv.	106	„	7686	1699	123	201	40877	1620	361
IV. Opinberar byggingar:									
1. Skólar	85	„	6501	592	110	343	39109	„	1471
2. Sjúkrahús	15	„	809	61	26	84	7459	„	137
3. Kirkjur og kirkjugarðar	12	„	287	93	4	27	876	„	106
4. Sundlaugar	23	„	547	53	10	18	3896	„	40
5. Félagsheimili	34	„	2159	195	47	90	12287	„	233
6. Ýmsar bygg.framkv. á vegum bæjar- og sv. fél.	16	„	301	20	5	„	1026	„	14

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 1000 kr.	Gjalde.þörf v. annarra byggv. 1000 kr.	Bein gjaldeyrisl. 1000 kr.
7. Ýmsar bygg.framkv. á vegum ríkisins	7	„	360	56	„	28	6785	„	1035
8. Embættismannabústaðir	25	29	986	42	12	38	5696	„	„
Alls	217	29	11950	1112	214	628	77134	2987	3036
V. Opinberar verkl. framkv.									
1. Hafnargerðir (utan Rvk)	„	„	4721	320	126	„	11800	„	2034
2. Vitabyggingar	„	„	225	35	2	„	700	„	25
3. Vega- og brúargerðir	„	„	700	93	19	„	14470	„	270
4. Póstur og sími	13	„	420	43	9	11	14144	„	7047
5. Rafvirkjanir og veitur	41	„	2707	286	64	39	55673	„	29855
6. Flugvellir og skýli	4	„	299	83	5	„	1529	„	500
7. Vatns- og hitaveitur	17	„	546	66	5	„	4709	„	1183
8. Gatnagerðir o. fl.	12	„	318	22	2	„	1568	„	52
9. Ýmsar verkl. framkv. í Rvk, Hf. og Kópavogshr.	13	„	1030	136	85	„	156655	„	1235
Alls	100	„	10966	1084	317	50	120258	„	42201
VI. Íbúðarhús:									
1. Íbúðarhús í III. og II. flokki	698	1286	7353	322	116	811	66432	„	„
2. Íbúðarhús í I. fl. utan Rvk	457	588	10201	533	241	568	49019	„	„
3. Íbúðarhús í I. fl. í Rvk.	228	586	14024	817	258	577	75216	„	„
Alls	1383	2460	31578	1672	615	1956	190667	12180	„
VII. Útihús	312	„	3842	153	60	46	8728	123	„
VIII. Bílskúrar	47	„	310	19	5	„	761	„	„
Byggingarframkv. samtals	2304	2489	75389	7071	1506	3076	492793	18998	74110
Efni til viðhalds	„	„	3200	110	370	830	„	1278	„
Efni til iðnaðar	„	„	3400	„	165	680	„	„	„
Viðbót vegna frjálsrar ráðst. og rýrn., 7%	„	„	5739	503	143	321	„	„	„
Alls	2304	2489	87728	7684	2184 (13200 std.)	4907	492793	20276	74110

Gjaldeyrisþörf samtals ca. 132 millj. kr.

Sþ. 467. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1948.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við	2. gr.	1. (Tekju- og eignarskattur). Í stað „40 000 000“ kemur	43 000 000
2.	—	2. —	3. (Vörumagnstollur). Í stað „18 000 000“ kemur	20 000 000
3.	—	2. —	4. (Verðtollur). Í stað „60 000 000“ kemur	70 000 000
4.	—	3. —	A. 3. (Tóbakseinkasala). Í stað „17 500 000“ kemur	19 500 000
5.	—	12. —	VIII. (Læknisbúst., sjúkraskýli o. fl.). Í stað „800 000“ kemur	1 000 000
6.	—	13. —	A. II. b. (Viðhald og endurbætur). Í stað „9 000 000“ kemur	11 000 000
7.	—	13. —	C. VIII. (Hafnargerðir). Í stað „3 500 000“ kemur	6 500 000
8.	—	14. —	B. XIII. 6. (Barnaskólabygg.). Í stað „3 000 000“ kemur	4 500 000
9.	—	14. —	B. XIV. 3. (Stofnkostnaður gagnfræða- og héraðsskóla). Í stað „2 000 000“ kemur	4 250 000
10.	—	14. —	B. XVI. 2. (Íþróttasjóður). Í stað „700 000“ kemur	1 000 000
11.	—	16. —	A. 5. (Tilraunastarfsemi). Í stað „300 000“ kemur	350 000
12.	—	16. —	A. 6. Nýr liður: Til bygginga á Hafursá	50 000
13.	—	16. —	A. 13. (Vélasjóður). Í stað „200 000“ kemur	400 000
14.	—	16. —	B. 5. Nýr liður: Til fiskimálasjóðs	1 000 000
15.	—	16. —	D. II. 9. Liðinn skal orða svo: Til nýrra raforkuframkvæmda Þar af 2 000 000 kr. lán til dieselrafstöðva yfir 100 hö., sem byggðar eru utan þess svæðis, sem rafveitur ríkisins ná yfir.	4 000 000
16.	—	17. —	25. (Íbúðarhúsabyggingar). Í stað „400 000“ kemur	1 000 000
17.	—	20. —	Út. XIX. Nýr liður: Til byggingar sjómannaskólans í Reykjavík	1 000 000

Ed. 468. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá Birni Kristjánssyni.

Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein (2. gr.), svo hljóðandi:

Á eftir orðunum „ársreikninginn með áritun endurskoðunarmanna“ í lok 3. mgr. 12. gr. laganna komi: og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

Ed. 469. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það allýtarlega. Sendi hún það til umsagnar til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Fiskifélags Íslands, Atvinnudeildar háskólans og Landssambands ísl. útvegsmanna. Bárust nefndinni svör frá 3 þessara aðila, og eru þau birt hér með sem fylgiskjöl. Frá Farmanna- og fiskimannasambandinu bárust nefndinni hins vegar engin svör.

Nefndin er sammála um, að eins og nú er ástatt í landinu um sérþekkingu á hvalveiðum, sé ekki unnt að starfrækja hvalveiðistöð hér á landi, nema leyfi eins og farið er fram á í frv. sé veitt. Hins vegar hefur verið á það bent, hvort rétt væri að stuðla að starfrækslu hvalveiðistöðvar í Hvalfirði með því að veita slíkt leyfi, þar sem töluverður uggur er í mönnum um það, að lím- og blóðvatn frá verksmiðjunni kynni að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir síldargöngur í fjörðinn og e. t. v. eyðileggja þá miklu möguleika, sem bundnir eru við áframhaldandi síldveiði í Hvalfirði, svipaða og verið hefur þar tvö undanfarin ár. Af þessum ástæðum þótti nefndinni rétt að senda málið til umsagnar til þeirra aðila, sem færastir mættu teljast til að fella hér um úrskurð. Það er ljóst, að það er engum erfiðleikum bundið að ganga svo frá þessum atriðum tæknilega, að ekkert tjón sé að fyrir veiði á firðinum, m. a. með því að láta vatnið renna í gegnum þar til gerða þró, sem hreinsaði úr því öll lífræn efni, áður en það færi til sjávar, enda er þetta og skoðun þeirra aðila, sem umsögn hafa sent um málið til nefndarinnar.

Í trausti þess, að svo sé búið um þessi mál af hendi ríkisstjórnarinnar, að engin hætta teljist af þessum rekstri fyrir síldveiði í firðinum, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. marz 1948.

Gísli Jónsson, form., frsm. B. Kristjánsson, fundaskr. Sigurjón Á. Ólafsson.
Pétur Magnússon. Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 6. marz 1948.

Með bréfi, dags. 28. f. m., óskaði hv. nefnd umsagnar vorrar um meðfylgjandi frumvarp til laga um hvalveiðar.

Félagsstjórnin hefur rætt þetta mál á fundi og samþykkti um það svofellda ályktun:

„Félagsstjórnin mælir með efni þessa frumvarps. Um hitt atriðið, hver áhrif rekstur stöðvarinnar gæti haft á síldveiðar í Hvalfirði, hefur stjórnin ekki aðstöðu til að dæma. Hins vegar gengur stjórnin út frá því sem sjálfsögðum hlut, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að affall frá stöðinni verði síað í landi, áður en það fær framrás til sjávar."

Virðingarfyllst

f. h. fiskimálastjóra

Arnór Guðmundsson.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar, Alþingi.

Fylgiskjal II.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS

Reykjavík, 4. marz 1948.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis.

Oss hafa borizt tilmæli yðar um umsögn varðandi frumvarp til laga um hvalveiðar „og þá sérstaklega um það, hvort þér teljið, að hvalveiðistöð, sem hugsað er að starfrækja í Hvalfirði, mundi hafa áhrif á síldveiði, sem stunduð er þar, en raddir hafa heyrzt um það, að slík starfræksla sé hættuleg í námunda við síldveiðisvæði".

Áhrif úrgangsefnanna frá hvalvinnslustöð gæti maður aðallega hugsað sér tvenns konar:

1. Úrgangsefnin grugga sjóinn nærri vinnslustöðinni, og kynni það að hafa einhver áhrif á göngur fiska í fjörðinn.

2. Úrgangsefnin kynnu að hafa breytingar á plöntum og dýralífi í för með sér, en þessar breytingar kynnu að valda truflunum, sem hefðu áhrif á síldarstofninn.

Fyrra atriðinu hefur áður verið gaumur gefinn, vegna þess að þetta atriði olli talsverðum deilum um síðustu aldamót, þegar hvalveiðar voru stundaðar á Vestfjörðum. Dr. Bjarni heitinn Sæmundsson gaf þessum málum mikinn gaum, enda sérstaklega falið að afla upplýsinga „um áhrif hvaldráps við strendur landsins á síld og þorskgöngur í firði inn" (sjá Fiskirannsóknir 1900, Andvari XXVI). Hann bendir á, að hvalveiðum hafi verið um kennt, er veiði brást í 2 ár á Vestfjörðum, og segir svo:: „En svo kom fiskaflinn aftur og hefur aldrei brugðizt síðan og síld oft verið mikil þrátt fyrir hvalveiðarnar, og meira að segja, síld hefur gengið meira á Arnarfjörð síðan, og fiskur hefur lagzt að í þeim fjörðum, sem hvalveiðistöðvar eru við ...." (sjá Fiskirannsóknir 1901, Andvari XXVIII, bls. 136).

Bjarni Sæmundsson getur líka hvað eftir annað athugana, er benda í þá átt, að gruggaður sjór sé fiskigöngum ekki slíkur tálmi, er margir ímynda sér, og fellst ég á þá skoðun.

Samkvæmt upplýsingum, er ég hef fengið hjá verkstjóra fyrirhugaðrar hvalvinnslustöðvar í Hvalfirði, en magn úrgangsefna ætlað ca. 20 tonn á sólarhring. Mér þykir það með öllu ólíklegt, að þetta magn geti haft veruleg áhrif til þess að gera fjörðinn gruggugan nema í næsta námunda við vinnslustöðina, og sennilega fellur talsverður hluti úrgangsefnanna til botns mjög fljótlega, og mætti láta gera á þessu athugun, þegar vinnsla er hafin.

Ég kem þá að síðara atriðinu, sem frá mínu sjónarmiði skiptir talsverðu máli.

Í límvatninu finnast mörg næringarefni (sérstaklega fosföt, nítröt og uppleyst lífræn efni), sem auka plöntugróðurinn til mikilla muna. Hins vegar er talið sennilegt, að mjög mikill plöntugróður hafi skaðleg áhrif á síldargöngur, og er fyrirbrigði þetta einkum þekkt frá síldveiðum í Norðursjónum. Það eru smáþörungar (Phaeocystis), sem valda þessu fyrirbrigði, og vaxa þeir einkum í byrjun gróðrartímabilsins að vori, en geta líka valdið truflunum að hausti til. Nefnd tegund hefur þó ekki fundizt hér við land, svo nein hætta stafi af henni.

Prof. Ove Paulsen gerði árið 1903 (í maí og ágúst) rannsókn á svifi fyrir utan hvalvinnslustöðvar við Mjóafjörð, Eskifjörð og Fáskrúðsfjörð, og segist hann ekki geta fundið nein merki þess, að nærvera hvalvinnslustöðvarinnar hafi nein veruleg áhrif. (In the composition of the plankton I have been unable to discover any important feature indicating that a change in it might have been produced by the whaling-station.)

Ég er hins vegar á þeirri skoðun, að límvatn hafi talsverð áhrif á svifið. Byggi ég þetta á athugunum, gerðum fyrir utan síldarbræðslustöðvarnar á Norðurlandi í júlí síðastliðið sumar. Þá var ákaflega mikill gróður kísilþörunga í Eyjafirði, innan við Hrísey, en engin síldaráta.

Enn fremur varð þörunga vart fyrir utan Siglufjörð, og fyrir utan Raufarhöfn voru þörungar eingöngu í svifinu, en engin síldaráta.

Um áhrif þörunganna (Phaeocystis) segir merkur vísindamaður (R. E. Savage, 1930: It may partially or quite ruin a fishery by acting as an almost impassable barrier to the shoaling of herring on the usual fishing grounds."

Ég tel mögulegt, að um lík áhrif geti verið að ræða, þegar mikið magn kísilþörunga er í hafinu, eins og ástatt var í Eyjafirði í sumar.

Nú horfir málið allt öðruvísi við, þegar um ræðir hvalvinnslustöð í Hvalfirði, vegna þess að hér er um vetrarsíldveiði að ræða. Á þeim tíma árs er svo lítið um plöntugróður í hafinu, að engin hætta stafar af slíkum gróðri. Þótt ég teldi byggingu hvalvinnslustöðvar varhugaverða, ef um sumarsíldveiði væri að ræða í firðinum, verð ég að álíta, að á vetrarsíldveiði geti plöntugróður aldrei haft nein áhrif.

Ég tel þess vegna ekki neinar athuganir benda í þá átt, að vetrarsíldveiðum í Hvalfirði stafi hætta af hvalvinnslustöð innst við fjörðinn, en vildi hins vegar mæla með því, að athuganir yrðu gerðar á áhrifum límvatnsins í sjónum, þegar vinnsla stöðvarinnar hefst.

Með sérstakri virðingu,

f. h. Fiskideildar

Hermann Einarsson.

Fylgiskjal III.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 8. marz 1948.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf sjávarútvegsnefndar, dags. 28. febrúar, ásamt frumvarpi til laga um hvalveiðar.

Óskar nefndin eftir umsögn vorri um frumvarpið og þá sérstaklega það, hvort vér teljum, að hvalveiðistöð, sem fyrirhugað er að starfrækja í Hvalfirði, mundi hafa áhrif á síldveiði, sem stunduð er þar, og bendið þér á, að raddir hafi heyrzt um það, að slík starfræksla sé hættuleg í námunda við síldveiðisvæði.

Í sambandi við framanritað óskar stjórnarfundur vor, haldinn 5. þ. m., að taka fram eftirfarandi:

I. Út af frumvarpi því, er fyrir liggur með bréfi yðar, um heimild fyrir sérleyfishafa að nota þrjú erlend skip til hvalveiðanna, telur stjórn L.Í.Ú., að veita beri þá heimild, því að bæði er, að engin hvalveiðiskip eru til hér á landi eða kunnáttumenn til slíkra veiða, og í þriðja lagi er reynsla fengin fyrir því á yfirstandandi vertíð, að miklir örðugleikar eru á því að fá vinnuafl til sjósóknar, sem vafalaust mundi einnig koma niður á hvalveiðiskipum og jafnframt auka á erfiðleikana í þessum efnum hjá öðrum skipum.

II. Um fyrirspurn yðar varðandi hættu, sem mundi stafa af því að starfrækja hvalveiðistöð í námunda við síldveiðisvæðið í Hvalfirði, teljum vér oss eigi dómbæra í þeim efnum, og ætti að vorum dómi að leita álits sérfróðra manna, fiskifræðinga vorra, um það atriði. Hins vegar er það álit vort, að ef úrgangsefni og vatn frá hvalveiðistöðinni yrði látið síast í gegnum sand eða malarkamb, áður en það rennur í sjó fram, mundi að vorum dómi síldveiðisvæðinu í Hvalfirði ekki stafa nein hætta frá hvalveiðistöðinni í Hvalfirði, og má í þessu sambandi geta þess, að raddir hafa um það heyrzt, að síldveiðisvæðinu muni stafa meiri hætta af blóðvatni því, er veiðiskipin losa sig við, meðan þau stunda veiðarnar.

III. Í sambandi við mál það, sem hér um ræðir, vill stjórn Landssambandsins vekja athygli hæstvirtrar sjávarútvegsnefndar á eftirfarandi atriðum, sem vér álítum svo þýðingarmikil varðandi framtíðarsíldveiðar í Hvalfirði, að þau verði tekin til meðferðar á Alþingi.

a. Að nú þegar verði skip fengið til rannsóknar á síldargöngunum í Faxaflóa, eftir að síldveiðinni í Hvalfirði er lokið og síldin virðist hafa gengið úr firðinum út í Faxaflóa.
b. Að athuga möguleikana á því, að Hvalfjörður verði hreinsaður af kafbátanetinu, sem valdið hefur miklum skemmdum á veiðarfærum skipanna í vetur, svo og einnig hreinsaður af dauðri síld, sem fallið hefur á botn fjarðarins við hinar tíðu „sprengingar" á nótum skipanna.
c. Að rannsakað sé, hvort ekki er nauðsynlegt að skipuleggja vetrarsíldveiðarnar í Hvalfirði í framtíðinni þannig að takmarka veiðiskipafjölda svo, að ekki verði of mikil áníðsla á hinu takmarkaða veiðisvæði, til að fyrirbyggja algera eyðileggingu, sem af því gæti leitt, að of mörg skip stunduðu þar veiðar.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands íslenzkra útvegsmanna

J. V. Hafstein.

Ed. 470. Frumvarp til laga

um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands.

Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til.

2. gr.

Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal einungis framfylgt að svo miklu leyti, sem samrímanlegt er milliríkjasamningum þeim, sem Ísland er eða síðar kann að gerast aðili að.

3. gr.

Fyrir brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal refsað með sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100000.00 eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerðinni.

4. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svo sem kunnugt er, byggist afkoma Íslands nær eingöngu á fiskveiðum við strendur landsins. Það hefur því verið landsmönnum mikið áhyggjuefni að fylgjast

með hinni sífellt vaxandi eyðileggingu á fiskimiðunum. Fyrr á tímum, meðan þróun veiðitækja var tiltölulega skammt á veg komin, horfði mál þetta öðruvísi við, en yfirráðaréttur landsins yfir fiskveiðunum meðfram ströndum þess var þá mun víðtækari en tíðkast hefur í framkvæmdinni síðan um aldamótin síðustu. Er þó ljóst, að friðunarráðstafanir ættu eðlilega að standa í réttu hlutfalli við vaxandi tækni í veiðarfæragerð.

Flestum strandríkjum, sem fiskveiðar stunda, hefur um langt skeið verið ljóst, að gera þurfi virkar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja gereyðingu fiskimiðanna vegna rányrkju. Ekki hefur þó verið samkomulag um það, með hverjum hætti slíkar ráðstafanir skyldu gerðar. Skiptast ríki þar að meginstefnu til í tvo flokka. Annars vegar eru þær þjóðir, sem meiri hagsmuna hafa að gæta af fiskveiðum sínum við erlendar strendur en sínar eigin. Þau ríki eru því yfirleitt fylgjandi að hefta sem mest hendur strandríkja til einhliða ráðstafana á þessu sviði. Þau ríki hafa þó viðurkennt, að eigi yrði hjá því komizt að gera einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir gereyðingu miðanna, en þá jafnframt fylgt fast eftir þeirri stefnu, að slíkar ráðstafanir yrðu einungis gerðar með milliríkjasamningum. Hins vegar eru þjóðir, sem eingöngu eða aðallega stunda veiðar við sínar eigin strendur. Þeim þjóðum hefur í vaxandi mæli skilizt, að strandríkið verður að bera aðalábyrgðina á því, að strandmiðin séu vernduð í ljósi vísindalegra staðreynda. Ýmsar slíkar þjóðir hafa því lögleitt hjá sér mismunandi víðtækar reglur í þessu skyni, enda ljóst, að samningaleiðin hefur hvergi nærri leitt til viðunanlegrar niðurstöðu, nema í tiltölulega fáum tilvikum, þar sem samhentar landamæraþjóðir áttu hlut að máli og sameiginlegra hagsmuna að gæta. Hitt er svo annað mál, að á höfum úti — hinu eiginlega úthafi — verður friðunarráðstöfunum eðlilegast og bezt fyrir komið með alþjóðasamningum. En varðandi hafið næst ströndum gildir öðru máli.

Tvær leiðir hafa verið farnar í sambandi við framkvæmd yfirráðaréttar ríkis yfir fiskimiðum. Stundum hafa ríki ákveðið landhelgi sína fyrst og fremst með fiskveiðar sínar fyrir augum. Önnur ríki hafa látið landhelgina liggja milli hluta í þessu sambandi og ákvarðað yfirráðarétt sinn yfir fiskveiðum án tillits til hennar. Síðari leiðin er að því leyti eðlilegri, að ýmis atriði, sem fólgin eru í hugtakinu „landhelgi“ eru óskyld yfirráðarétti yfir fiskveiðum, og því að ýmsu leyti óheppilegt að blanda því tvennu saman.

Mjög mismunandi fjarlægðum hefur verið beitt við ákvörðun yfirráðaréttar ríkis yfir fiskimiðum undan ströndum. Hefur þar oftast verið miðað við ákveðinn mílufjölda, t. d. 3 mílur, 4 mílur, 6 mílur, 12 kílómetra o. s. frv. Eðlilegra virðist þó, að farið sé að dæmi þeirra ríkja, sem miða við landgrunnið með fram ströndum. Íslenzka landgrunnið er mjög greinilega afmarkað, og því eðlilegt, að miðað sé við það. Er því sú leið farin í frumvarpi þessu.

Um 1. gr.

Hér er um tvenns konar ráðstafanir að ræða. Annars vegar ákvörðun þeirra svæða, sem friðunarreglum skal beitt á; er þá jafnframt gert ráð fyrir því, að ekki verði farið út fyrir takmörk landgrunnsins. Hins vegar ákvörðun þeirra friðunarreglna, sem gilda skuli innan friðunarsvæðisins. Verður að styðjast við skoðanir fiskifræðinga og annarra vísindamanna um það, hverjar ráðstafanir séu nauðsynlegar til þess að tryggja verndun fiskstofnsins, bæði að því er snertir veiðistaði, veiðiaðferðir, veiðitíma og veiðimagn.

Landgrunnið er nú talið greinilega afmarkað á 100 faðma dýpi, en nauðsynlegt er, að nákvæmar rannsóknir fari fram um það, hvort eðlilegra sé að miða við annað dýpi.

Um 2. gr.

Hér koma til álita samningur Danmerkur við Bretland frá 24. júní 1901 og alþjóðasamningur um möskvastærð frá 23. marz 1937. Ef niðurstaðan yrði sú, að

þeir samningar væru ósamrímanlegir ráðstöfunum þeim, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, kæmi ekki til greina, að þeim ráðstöfunum yrði beitt gegn samningsaðilum meðan viðkomandi samningur er í gildi.

Um 3. gr.

Upphæð sekta verður að fara eftir mikilvægi hinna einstöku friðunarráðstafana.

Um 4. gr.

Hinn 17. ágúst 1946 mælti alþjóðahafrannsóknaráðið með því, að alþjóðatilraun yrði gerð um friðun Faxaflóa. Þykir sjálfsagt, að Ísland taki þátt í slíkum tilraunum, bæði hér við land og annars staðar, eftir því sem fært þykir. Ísland hefur þegar sýnt áhuga sinn fyrir slíkum tilraunum, m. a. með þátttöku sinni í störfum hafrannsóknaráðsins.

5. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Nd. 471. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 1. liðar 12. gr. laganna kemur: Meðan fleiri eða færri vörutegundir eru háðar skömmtun til neytenda, skulu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til verzlana eða iðnfyrirtækja fyrir hinni skömmtuðu vöru vera í samræmi við afhenta skömmtunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. Komi í ljós, að verzlun eða iðnfyrirtæki hafi í byrjun skömmtunartímabils haft óeðlilega litlar birgðir, skal veita henni fyrirframleyfi eftir nánar tilteknum reglum.

Viðskiptamanni skal heimilt, ef verzlun eða iðnfyrirtæki hefur eigi nægilega mikið af tiltekinni skömmtunarvöru til að fullnægja eftirspurn, að afhenda verzluninni skömmtunarseðla sína og fela henni að annast útvegun vörunnar fyrir sig, enda ber þá að veita henni innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 472. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist: öðrum en saltfiski. Af saltfiski skal greiða ¼% í útflutningsgjald.

2. gr.

Fyrsti liður 4. gr., stafliður a., orðist þannig: Til Fiskveiðasjóðs Íslands 1½% af öðrum sjávarafurðum en saltfiski.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurgreiða skal útflutningsgjald það, sem þegar hefur verið innheimt af saltfiski ársins 1947, að svo miklu leyti sem sú greiðsla er ekki í samræmi við þessi lög.

Greinargerð.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna hefur sent fjárhagsnefnd tilmæli um að flytja frv. þetta, sem er leiðréttíng á l. nr. 81 1947, er sett voru á síðasta þingi, og ekki var ætlazt til samkvæmt þeim, að undanþáguákvæði l. nr. 59 1937, um útflutningsgjald af saltfiski, væri fellt úr gildi. Er því hér aðeins um leiðréttingu að ræða, hvað saltfiskinn áhrærir.

Erindi L.Í.Ú. fylgir hér með til skýringar. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur til þess að flytja og fylgja breytingartillögum, sem fram kynnu að koma.

Fylgiskjal.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 27. febrúar 1948.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Í sambandi við lög þau, er samþykkt voru á Alþingi á s. l. ári, um útflutningsgjald af sjávarafurðum (nr. 81 1947), leyfum vér oss að vekja athygli fjárhagsnefndar á eftirfarandi:

Eins og greinargerð frumvarpsins ber með sér, var ekki ætlazt til, að lög nr. 59 frá 1937, um undanþágu frá útflutningsgjaldi af saltfiski, yrðu felld úr gildi. Nú hefur hins vegar verið innheimt að einhverju leyti útflutningsgjald af saltfiski síðasta árs samkvæmt ákvæðum 1. gr. laganna nr. 81 frá 1947. Hefur þetta valdið mikilli óánægju og saltfiskframleiðendur og útvegsmenn óskað eftir því, að vér beittum oss fyrir því, að leiðréttíng fengist frá Alþingi í þessum efnum. Er og nauðsynlegt að fá slíka leiðréttingu frá Alþingi, þar sem litið mun verða á lögin nr. 81 frá 1947 sem „codification" um útflutningsgjöld af sjávarafurðum og þar með lög nr. 59 frá 1937 ekki lengur til framkvæmda, þó að ekki sé þess getið í lögunum frá því í fyrra, að hin umræddu lög frá 1937 eigi að falla úr gildi. Þá er og þess getið í greinargerð laganna nr. 81 frá 1947, að framlag til Fiskveiðasjóðs sé með þeim lögum hið sama og áður var, en sú hækkun, sem um ræðir í 1. gr. laganna vegna útflutningsgjalds af saltfiski, rennur öll til Fiskveiðasjóðs samkv. 1. lið af 4. gr. frumvarpsins.

Út af framansögðu leyfum vér oss að fara fram á það við hæstvirta fjárhagsnefnd, að hún beiti sér fyrir því, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögunum nr. 81 frá 1947.

1. Að aftan við 1. grein frumvarpsins komi: „öðrum en saltfiski. Af saltfiski skal greiða ¼% í útflutningsgjald".
2. Að 1. liður 4. gr., a. orðist þannig: „Til Fiskveiðasjóðs Íslands 1½% af öðrum sjávarafurðum en saltfiski".

Þá þyrfti og jafnframt að setja bráðabirgðaákvæði um það að endurgreiða útflutningsgjald það, sem þegar hefur verið innheimt af saltfiski ársins 1947, að svo miklu leyti sem sú greiðsla fer í bága við framangreindar breytingar á lögunum.

Virðingarfyllst,

F. h. Landssambands ísl. útvegsmanna

J. V. Hafstein.

Sþ. 473. Tillaga til þingsályktunar

um meðferð á burtfluttum beinum Jóns Arasonar og sona hans og um vörzlu kirkjugripa.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar í stað skila í kirkjugarð Hólakirkju í Hjaltadal beinum þeim, sem þar hafa verið grafin úr jörð og flutt til Reykjavíkur og kennd við Jón biskup Arason og sonu hans. Jafnframt er lagt fyrir ríkisstjórnina að skila Hólakirkju öllum þeim kirkjugripum, sem þar hafa verið teknir og fluttir í þjóðminjasafnið, og öllum öðrum íslenzkum kirkjum þeim gripum úr framan nefndu safni, sem þær hafa fyrrum átt, enda mæli biskup landsins, hlutaðeigandi sóknarprestar og sóknarnefndir með heimflutningnum.

Greinargerð.

Það hefur vakið óskipta undrun, að umboðslaus og óviðkomandi maður hefur fyrir 30 árum grafið upp á Hólum í Hjaltadal þrjár beinagrindur, sem hann telur vera jarðneskar leifar Jóns Arasonar og sona hans. Maður þessi hefur síðan haft beinin undir höndum, en farið svo leynilega með þessar sögulegu minjar, að almenningi í landinu hefur verið ókunnugt um þessar aðgerðir, þar til málinu var hreyft á Alþingi. Kemur ekki til mála annað en að þessum beinagrindum verði tafarlaust skilað heim að Hólum. Síðustu stundir ævinnar var Jón biskup bundinn með hug sinn við heimför til Hóla, og þegar hann hafði látið lífið fyrir danskri makt suður í Skálholti, sóttu Skagfirðingar líkami þeirra feðga suður yfir öræfin og jarðsettu þau á Hólum. Það þarf stórfellt skilningsleysi á sögu landsins og tilfinningum Skagfirðinga til að geta búizt við, að mál þetta verði látið niður falla, eins og því er nú komið.

Þá hefur sjálf dómkirkjan á Hólum verið rúin flestum sínum góðu gripum og þeir fluttir í þjóðminjasafnið. Er þetta furðuleg og óafsakanleg djarftækni. Má segja hið sama um fjölda annarra kirkna, að þær hafa verið sviptar helgigripum sínum. Hefur þessum gripum verið safnað til Reykjavíkur og geymdir undir timburþaki í miðbænum, og gæti allt safnið farizt þar í eldi á nokkrum mínútum. Á styrjaldartímum er hættan fyrir slíka gripi hvergi jafnmikil á öllu landinu eins og við höfnina í Reykjavík. Þykir nú við eiga að nota þann almenna áhuga, sem vaknað hefur í sambandi við framkomu dr. Guðbrands Jónssonar varðandi óleyfilega meðferð hans á jarðneskum leifum Jóns Arasonar og sona hans, til að koma eðlilegri skipun á öll þessi mál með því, að allar kirkjur utan höfuðstaðarins fái aftur frá þjóðminjasafninu alla sína gömlu gripi, sem þangað hafa verið fluttir, og verði haft um þetta ráð biskups, hlutaðeigandi presta og sóknarnefnda.

Ed. 474. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (BK) áskilur sér þó rétt til að bera fram brtt. við frv. og skrifar því undir með fyrirvara. Annar nefndarmaður (SÁÓ) telur sig einnig munu fylgja brtt.

Alþingi, 10. marz 1948.

Gísli Jónsson, form., frsm. B. Kristjánsson, fundaskr., með fyrirvara. Pétur Magnússon.
Sigurjón Á. Ólafsson, Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 475. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 404 [Ráðstafanir til að draga úr áfengisnautn].

Frá Skúla Guðmundssyni.

Tillögugreinin orðist svo:
Við 2. tölulið. Orðin „þó að óbreyttri .... framkvæmdarvaldið“ falli burt.

Sþ. 476. Þingsályktun

um ferjur á Hornafjörð og Berufjörð.

(Afgreidd frá Sþ. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 38.

Sþ. 477. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 434 [Yfirfærsla á gjaldeyri til námsmanna erlendis].

Frá Gísla Jónssyni.

Fyrri málsliður meginmálsgreinarinnar orðist svo:
Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að gjaldeyrisyfirvöld láti námsmönnum þeim, er nú stunda nám erlendis í gagnlegum fræðum, nægilegan gjaldeyri í té til að standa straum af framfærslu- og námskostnaði í viðkomandi landi, enda þótt nemandi hafi þar jafnframt fyrir fjölskyldu að sjá, á meðan hann er þar við nám.

Sþ. 478. Breytingartillaga

við till. til þál. um ráðstafanir til að draga úr áfengisnautn.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

Í stað „1. jan. 1948“ í a-lið komi: 1. maí 1948.

Sþ. 479. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1948 og við brtt. á þskj. 461.

I. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
Við 12. gr. VII. Nýr liður:
Styrkur til heilsuverndarstöðva gegn tvöföldu framlagi annars staðar að 100 000
Skilyrði fyrir styrknum er það, að heilsuverndarstöðin reki berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og hagi störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.

II. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 461,17. (13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
a. Við 45. (Ármúlavegur).
Fyrir „40 000“ kemur 75 000
b. Við 46. (Ögurvegur).
Fyrir „25 000“ kemur 40 000

III. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
Við brtt. 461,17. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
Við 73. (Öxnadalsheiðarvegur).
Fyrir „500 000“ kemur 400 000

IV. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við brtt. 461,17. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
Við 142. (Selvogsvegur).
Fyrir „200 000 kemur 350 000

V. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 461,18. (13. gr. A. III. — Brúargerðir).
Við 5. Nýir liðir:
a. Selá í Nauteyrarhreppi 100 000
b. Múlaá í Ísafirði (fyrsta greiðsla) 25 000

VI. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
Við 13. gr. A. VI. 3. (Bókasafn verkamanna).
Fyrir „4 000“ kemur 10 000

VII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. XI. c. (Flatey á Skjálfanda).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000

VIII. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 461,21. (13. gr. b. VIII. — Hafnargerðir og lendingarbætur).
a. Við 16. (Hnífsdalur).
Fyrir „50 000“ kemur 150 000

b. Við 26. (Vatnsfjörður).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000
c. Við 31. Nýr liður:
Skálavík í Mjóafirði (styrkur) 10 000

IX. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
1. Við brtt. 461,21. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnargerðir og lendingarbætur).
Við 5. (Hafnarfjörður).
Fyrir „250 000“ kemur 350 000
2. Við 15. gr. A. VII. 31. Nýr liður:
Til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði 5 000
Til vara 3 000
3. Við 15. gr. A. XI. 4. (Leikfélag Hafnarfjarðar).
Fyrir „3 000“ kemur 6 000

X. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
1. Við 17. gr. 2. (Til alþýðutrygginga). Aftan við I. bætist:
÷ Yfirfærsla frá árinu 1947 ..... 1 600 000
2. Við 17. gr. 3. (Gjöld samkv. lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna).
Fyrir orðin „nr. 39 1935“ kemur: nr. 87 1947.
3. Við 17. gr. 4. Liðurinn orðist svo:
Gjöld samkv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga, nr. 80 1947 20 000

XI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. I. a. 2. Nýr liður:
Benedikt Sveinsson, fv. skjalavörður 9 600

XII. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 20. gr. VI. Nýir rómverskir liðir:
a. Til ferjubryggju að Melgraseyri 60 000
b. Til ferjubryggju að Ögri 50 000

XIII. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
Við brtt. 641,68. b. (Við 22. gr. VI. — Fyrirhleðsla í Miðskálaá).
Orðin „gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að“ falli niður.

XIV. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
1. Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að greiða Jóni bónda Magdal í Engidal í Skutilsfirði allt að 12 000 kr. bætur vegna margra ára sóttkvíar.
2. Við 22. gr. VII. Nýir liðir:
a. Að verja allt að 100 000 kr. til verklegra framkvæmda í Sléttuhreppi í samráði við sýslunefnd og hreppsnefnd.
b. Að verja allt að 50 000 kr. til verklegra framkvæmda í Grunnavíkurhreppi í samráði við sýslunefnd og hreppsnefnd.

Sþ. 480. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1948 og við brtt. á þskj. 461.

I. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 12. gr. IX. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).
Fyrir „300 000“ kemur 1 000 000
Til vara 500 000

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
1. Við brtt. 461, 17, 41. (Við 13. gr. A. II. a. — Núpsvegur).
Fyrir „20 000“ kemur 50 000
2. Við brtt. 461, 17, 42. (Við 13. gr. A. II. a. — Hjarðardalsvegur).
Fyrir „25 000“ kemur 50 000

III. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
1. Við brtt. 461, 17, 73. (Við 13. gr. A. II. a. — Öxnadalsheiðarvegur).
Fyrir „500 000“ kemur 750 000

2. Við brtt. 461, 21, a. 2. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarmannvirki á Akureyri).
Fyrir „75 000“ kemur 250 000

IV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við brtt. 461, 21, a. 4. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarmannvirki). Nýr liður:
Flateyri 150 000

V. Frá *Hermanni Guðmundssyni* og *Sigurði Guðnasyni.*
1. Við 14. gr. B. XXVI. (Alþýðusamband Íslands).
Fyrir „10 000“ kemur 25 000
2. Við 15. gr. A. VIII. 7. Nýr liður:
Til Alþýðusambands Íslands:
a. til útgáfu á sögu verkalýðshreyfingarinnar 15 000
b. til útgáfu á söngvasafni og til söngiðkana á vegum verkalýðssamtakanna 10 000

VI. Frá *Einari Olgeirssyni, Barða Guðmundssyni, Steingrími Steinþórssyni* og *Sigurði E. Hliðar.*
Við 15. gr. A. VII. 15. Nýr liður:
Til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn til félagsstarfsemi .. 1 000

VII. Frá *Katrínu Thoroddsen.*
1. Við 17. gr. 8. Nýr liður:
Til athugunarstöðva samkvæmt 36. gr. l. nr. 29 1947, um vernd barna og ungmenna, stofnkostnaður 300 000
2. Við 17. gr. 9. Nýr liður:
Til uppeldisskóla samkvæmt 37. gr. l. nr. 29 1947, um vernd barna og ungmenna, stofnkostnaður 300 000

VIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við brtt. 641, 60. II. y. 17. (18. gr. II. — Eftirlaun og styrktarfé). Nýr liður:
Geir Sigurðsson, fyrrv. lögregluþjónn 2 000

Nd. 481. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið rækilega. Hefur hún fengið skriflega álitsgerð frá héraðslækni og landlækni, og á fundum nefndarinnar hafa mætt til viðræðna um málið heilbrigðismálaráðherra, landlæknir, borgarstjórinn í Reykjavík og dr. Jón Sigurðsson, sem gegnir heilbrigðisfulltrúastarfinu í Reykjavík.

Það er ekki samkomulag um afgreiðslu málsins milli heilbrigðisstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Reykjavíkur. Síðari aðilinn hefur samþykkt einróma áskorun til Alþingis um að samþykkja frv. Heilbrigðismálaráðherra hefur hins vegar látið í ljós þá skoðun sína og landlæknis, að þeir óski, að málinu sé nú frestað gegn yfirlýsingum heilbrigðisstjórnarinnar um það, að fyrir næsta þing verði þessi mál endur-

skoðuð og þá flutt frv. um sama efni í því formi, sem samkomulag kynni að nást um milli bæjarstjórnar og heilbrigðisstjórnar.

Undirritaður minni hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar telur ekki ástæðu til að fresta málinu. Málið er búið að vera í 2—3 ár á döfinni hjá bæjarstjórn Reykjavíkur og samþykkt frv. brýn nauðsyn fyrir bæjarstjórnina til þess að tryggja sér áfram starfskrafta vel menntaðs læknis í þágu heilbrigðismála bæjarins. Bæjarstjórnin leggur höfuðáherzlu á að fá það viðurkennt af hálfu löggjafans, að bæjarfélagið hafi aðstöðu til að fá í sína þjónustu læknismenntaðan mann til hinna raunverulegu heilbrigðisstarfa til þess að vinna þau mörgu og aðkallandi verk, sem á því sviði bíða úrlausnar.

Hins vegar tekur minni hlutinn eindregið undir framkomin tilboð heilbrigðisstjórnarinnar um, að fram sé látin fara rækileg endurskoðun á heilbrigðismálalöggjöfinni fyrir næsta þing, bæði varðandi þessi mál og ýmis önnur atriði heilbrigðismálanna. En um það þarf ekki sérstaka samþykkt Alþingis, þegar vilji heilbrigðisstjórnarinnar er fyrir hendi.

Þær mótbárur hafa komið fram gegn frumvarpinu, að nauðsynlegt sé að „centralisera“ hjá héraðslæknum og landlækni allt heilbrigðiseftirlit, á sama hátt og þetta er nauðsynlegt um varnir gegn farsóttum og næmum sjúkdómum og eftirlit með heilsufari landsmanna.

Þetta er þó engan veginn sambærilegt. Farsóttir og næmir sjúkdómar geta borizt úr einu héraði í annað, og brýn nauðsyn getur orðið á, að varnarráðstöfunum gegn þessum sjúkdómum sé stjórnað frá einum stað. Á þetta einnig við um eftirlit með heilsufari landsmanna. Það eru því ekki skiptar skoðanir um, að þessi mál beri að „centralisera“, eins og verið hefur, hjá héraðslæknum og landlækni, enda er gert ráð fyrir því í frumvarpinu. — Öðru máli gegnir um sjálft heilbrigðiseftirlitið. Það er fólgið sumpart í eftirliti með þrifnaði og hollustuháttum utan húss og innan, matvælum, matvinnslustöðum, veitingahúsum, híbýlum, vinnustöðum o. s. frv., sumpart í stjórn á sorphreinsun og öðrum þrifnaðarráðstöfunum héraðsstjórna. Heilbrigðiseftirlitið snýr þannig að héraðsbúunum sjálfum, aðbúnaði þeirra innan heimilanna og utan, en hefur engin áhrif á heilsufar héraðsbúa í öðrum héruðum (nema vera kynni, ef farsóttir geisa, en þá er samkvæmt frumvarpinu heilbrigðisnefnd og borgarlækni skylt að hlíta fyrirmælum héraðslæknis í öllu, er farsóttunum við kemur).

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er ætlazt til, að héraðslæknir hafi eftir sem áður alla stjórn á sóttvörnum og vörnum gegn næmum sjúkdómum og eftirlit með heilsufari héraðsbúa, þ. e. a. s. þau embættislæknisstörf, sem eðli sínu og lögum samkvæmt heyra beint undir heilbrigðisstjórn ríkisins og greiðast úr ríkissjóði. Í frumvarpinu er borgarlækni hins vegar ætlað að hafa með höndum eftirlit með, að héraðsbúar hafi eins góð skilyrði og frekast er unnt til þess að lifa heilsusamlegu lífi, þ. e. a. s. þau heilbrigðisstörf, sem bæjarfélaginu, eðli þeirra og lögum samkvæmt, er skylt að sjá um, enda greiðist kostnaðurinn við heilbrigðiseftirlitið úr bæjarsjóði.

Dagleg stjórn heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík er svo umfangsmikið starf, að héraðslækni er algerlega ókleift að annast það með öðrum skyldustörfum sínum, enda hefur það hvergi komið til orða. Sérstakur heilbrigðisfulltrúi hefur haft það starf með höndum að meira eða minna leyti um 30 ára skeið. Með frumvarpinu er því ekki lagt til, að tekin sé af héraðslækni embættisstörf, heldur aðeins, að valdið til að framkvæma heilbrigðiseftirlitið sé tekið úr höndum héraðslæknisins og fengið þeim stéttarbróður hans, sem á raunverulega að framkvæma eftirlitið á vegum bæjarfélagsins.

Heilbrigðiseftirlitsstarfið er í eðli sínu sjálfstætt og þarf á engan hátt að „centraliserast með sóttvörnum, skýrslugerð um heilsufar og öðrum störfum héraðslæknis, en áhrifa af heilbrigðiseftirlitsstarfinu í Reykjavík gætir, eins og áður er sagt, ekki utan bæjarins. Ef — eins og í frumvarpi því, er hér greinir — gert er ráð

fyrir, að embættisgengur læknir hafi daglega stjórn heilbrigðiseftirlitsins með höndum, er engan veginn æskilegt, nema síður sé, að annar stéttarbróðir hans, sem ekki annast framkvæmdirnar og er því málunum ókunnur, segi honum fyrir verkum í því efni.

Samkvæmt frumvarpinu er héraðslæknir eftir sem áður fastur meðlimur heilbrigðisnefndar og hefur því ávallt aðstöðu til að fylgjast með og hafa áhrif á framkvæmd heilbrigðiseftirlitsins, en borgarlæknir lýtur í starfi sínu yfirstjórn nefndarinnar.

Þess er krafizt, að borgarlæknirinn sé embættisgengur læknir, og ber honum því að sjálfsögðu að hlíta læknalögum og fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar á sama hátt og læknar almennt.

Undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Nánari grein fyrir afstöðu okkar verður gerð í framsögu.

Alþingi, 11. marz 1948.

Sig. E. Hlíðar, form. Jóhann Hafstein, frsm.

Ed. 482. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 1947, um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. marz 1948.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Hannibal Valdimarsson, fundaskr. Lárus Jóhannesson.

Gísli Jónsson. Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 483. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Til vara, ef 1.—2. gr. frv. verða felldar.

1. Í stað 1. gr. kemur svo hljóðandi grein:
   Fyrir ártalið „1941“ í 1. gr. laganna kemur á fjórum stöðum: 1947.
2. Í stað 2. gr. kemur svo hljóðandi grein:
   Á eftir 19. gr. laganna koma 9 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (20. gr.) Heimilt er bæjar- og sveitarstjórnum, hverri fyrir sitt umdæmi, að ákveða, að lög þessi skuli ekki gilda framvegis fyrir umdæmi þeirra, og falla þau þá niður um næstu mánaðamót, eftir að slík ákvörðun hefur verið tekin.
   b. (21. gr.) Bæjar- eða sveitarfélög, sem ekki fella lögin úr gildi samkv. 20. gr., skulu greiða allan kostnað af framkvæmd laganna, hvert í sínu umdæmi, en heimilt skal þeim að leggja á stóríbúðaskatt eftir lögum þessum, ef meiri hluti bæjar- eða sveitarstjórnar samþykkir það.

c. (22. gr.) Hver sá, er hefur íbúð til afnota, hvort heldur það er eigin íbúð eða íbúð, sem hann hefur á leigu, á þeim stöðum á landinu, þar sem lög nr. 39 1943 koma til framkvæmda, skal greiða skatt af íbúð sinni eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Skattur þessi kallast stóríbúðaskattur og rennur í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð.

d. (23. gr.) Stóríbúðaskatt skal miða við gólfflöt íbúðarinnar og herbergjafjölda, og telst þá ekki með íbúðinni eldhús, gangar, anddyri, búr, W.C., geymsluhús, þvottahús og miðstöðvarherbergi.

Stóríbúðaskatt skal greiða af hverjum fermetra gólfflatar íbúðarinnar, sem er fram yfir:

30 fermetra í einu eða fleiri herbergjum, búi einn maður í íbúðinni.
55 fermetra í tveimur eða fleiri herbergjum, búi tveir menn í íbúðinni.
80 fermetra í þremur eða fleiri herbergjum, búi þrír menn í íbúðinni.
100 fermetra í fjórum eða fleiri herbergjum, búi fjórir menn í íbúðinni.

Búi fleiri en fjórir menn í íbúðinni, bætast 20 fermetrar á gólfrými fyrir hvern mann, sem býr í íbúðinni, fram yfir fjóra.

Enn fremur er heimilt, eftir mati skattstjóra (skattanefnda), að ákveða 20 fermetra gólfflöt skattfrjálsan í skrifstofu, ef sá, er íbúðina hefur til afnota, telst vegna atvinnu sinnar þurfa sérstaka skrifstofu.

e. (24. gr.) Nú er atvinnu þess, er hefur íbúð til afnota, þannig háttað, að hann þarf atvinnu sinnar vegna að hafa fleira fólk í íbúðinni vissa tíma ársins en venjulega, og skal þá miða stærð skattfrjáls gólfflatar við tölu íbúa, þegar hann, atvinnu sinnar vegna, þarf að hafa þá flesta.

f. (25. gr.) Af hverjum fermetra í gólffleti íbúðar, sem er fram yfir það, sem ákveðið er í lögum þessum, skal sá, er íbúðina hefur til afnota, greiða kr. 200.00 á ári. Skatt þennan innheimta lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, fyrir 1. okt. ár hvert, í fyrsta sinn fyrir 1. okt. 1948.

g. (26. gr.) Skattanefndir reikna út stóríbúðaskatt. Til hliðsjónar við álagningu skulu byggingarfulltrúar og byggingarnefndir gefa skattanefndum (skattstofum) upplýsingar um stærð íbúða í umdæminu fyrir 1. júní ár hvert.

Fyrir sama tíma skal manntalsskrifstofan í Reykjavík, en þeir, sem framkvæma manntal, annars staðar, gefa skattanefndum (skattstofum) upp fjölda heimilisfastra manna í hverri íbúð í umdæminu.

Heimilt er skattanefndum að krefja alla þá, er íbúð hafa til afnota, um upplýsingar um stærð íbúðar og fjölda heimilismanna á þeim tíma og í því formi, er þær telja henta. Skylt er hverjum, er húsnæði hefur, að gefa slíkar upplýsingar. Beita má allt að 100 kr. dagsektum, ef slíkar umbeðnar skýrslur eru ekki gefnar í tæka tíð. Fái skattanefnd ekki fullnægjandi skýrslur um stærð íbúðar og fjölda heimilismanna innan þess tíma, er hún hefur til tekið, skal hún áætla hvort tveggja eftir beztu vitund.

h. (27. gr.) Skattanefndir (skattstjórar) skulu hafa lokið við að leggja stóríbúðaskatt á fyrir 1. sept. ár hvert og hafa birt um það skrá, er liggja skal frammi til sýnis almenningi 1.—15. september.

i. (28. gr.) Álagning stóríbúðaskatts má kæra. Skal kæra komin til skattanefndar fyrir 1. október ár hvert. Skjóta má úrskurðum skattanefnda um álagðan stóríbúðaskatt til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og kærum vegna álagðs tekju- og eignarskatts.

Sþ. 484. Breytingartillaga

við brtl. á þskj. 461 (Fjárlög).

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við brtt. 461,17. (13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
Við 73. Nýr liður:
Til þess að breyta þjóðveginum norðan Akureyrar og brúa Glerá 100 000

Sþ. 485. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1948.

Frá Finni Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni og Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 12. gr. IX. Liðinn skal orða svo:
   Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri 300 þús. kr. og til endurbóta á sjúkrahúsi Ísafjarðar 150 þús. kr. 450 000
2. Við 22. gr. XVI. Nýr liður:
   Að endurgreiða sjúkrahúsi Ísafjarðar halla, er það hefur beðið vegna dvalar utanbæjarsjúklinga á árunum 1942—1947, allt að 200 þús. kr.

Sþ. 486. Tillaga til þingsályktunar

um skiptingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa milli landshluta.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Jón Pálmason, Lúðvík Jósefsson, Hannibal Valdimarsson, Halldór Ásgrímsson, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson og Björn Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma nú þegar á þeirri skipan varðandi úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa samkvæmt II. kafla laga nr. 70/1947, að eftirfarandi meginreglum verði fylgt við skiptingu vöruinnflutningsins:

1. Heildarinnflutningi til landsins á skömmtunarvörum og öðrum venjulegum verzlunarvörum, öðrum en þeim, sem taldar eru í 2.—4. lið, verði skipt niður á landsfjórðunga, eftir nánar tilteknum mörkum, í hlutfalli við íbúatölu og þarfir hvers fjórðungssvæðis. Leyfunum sé úthlutað til verzlana og fyrirtækja búsettra innan hvers fjórðungssvæðis.
2. Heildarinnflutningi til landsins á byggingarvörum verði skipt niður á sömu fjórðungssvæði í fullu samræmi við fjárfestingarleyfi fjárhagsráðs og sveitarstjórna á hverju svæði.
3. Heildarinnflutningi á útgerðarvörum skal úthluta til fjórðungssvæðanna í hlutfalli við skipastól og útgerðarrekstur hvers svæðis.
4. Heildarinnflutningi á efnivörum til iðnaðar skal skipt niður á fjórðungssvæðin og úthlutað til verksmiðju- og iðnfyrirtækja í hlutfalli við verksmiðju- og iðnrekstur á fjórðungssvæðunum, með tilliti til afkastagetu og möguleika fyrirtækjanna til hagkvæmrar og ódýrrar framleiðslu. Iðnfyrirtækin skulu skipta framleiðslu sinni milli landshluta eftir fyrirmælum viðskiptanefndar, hlutfallslega eftir þörfum hvers svæðis.

Viðskiptanefnd verði falið að birta opinberlega innan eins mánaðar frá lokum hvers árshelmings yfirlit um leyfisveitingar í hvern landsfjórðung á næstliðnum 6 mánuðum, sundurliðað eftir aðalvöruflokkum.

Greinargerð.

Í næstliðnum febrúarmánuði komu fulltrúar frá kaupstöðum og kauptúnum á Vestur-, Norður- og Austurlandi saman á fund í Reykjavík til þess að ræða um viðskipta- og siglingamál þeirra landshluta. Á þeim fundi voru samþykktar ályktanir um skiptingu vöruinnflutningsins milli landsfjórðunga, efnislega samhljóða þeim tillögum, sem hér eru fram bornar.

Nefnd frá þessum fulltrúafundi átti tal við fjárhagsráð og viðskiptanefnd um innflutningsmálin, en þar sem engin ákveðin svör bárust frá þeim aðilum áður en fulltrúafundinum var slitið, var flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu falið að vinna að því, að ályktanir fundarins kæmust til framkvæmda.

Nokkrir af flutningsmönnum tillögunnar hafa rætt um þetta mál við viðskiptanefnd og ítrekað þar kröfur fulltrúafundarins. Í bréfi viðskiptanefndar til flutningsmanna, dags. 11. marz 1948, tekur nefndin máli þeirra vinsamlega. En þar sem ályktun sú um þetta mál, sem nefndin hefur gert og birt er í nefndu bréfi hennar, er ekki fullnægjandi að áliti flutningsmanna, flytja þeir tillögu þessa, um að fela ríkisstjórninni að koma nú þegar á því fyrirkomulagi á skiptingu vöruinnflutningsins, sem krafizt var á fulltrúafundi verzlunarstaðanna, sem áður er um getið.

Sþ. 487. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1948 og við brtt. á þskj. 461.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 10. gr. III. 11. Aftan við liðinn kemur:		
		÷ Tekjuafgangur samninganefndar utanríkisviðskipta ..	500 000
2.	— brtt. 461,17 (13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).		
		Við 107. (Vallanesvegur).	
		Fyrir „Vallanesvegur“ kemur: Vattarnesvegur.	
3.	— 15. gr. A. VII. 33. (Byggingarstyrkir til lesstofa).		
		Fyrir orðin: „til lesstofa“ kemur: til bókasafna og lesstofa.	
4.	— 15. — A. IX. Nýr liður:		
		Til Jóns Leifs tónskálds	5 000
5.	— 20. — XIX. Nýr liður:		
		Til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, samkv. l. nr. 52 1947, 1. gr.	1 500 000

Sþ. 488. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir h/f Skipanaust í Reykjavík.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Gylfi Þ. Gíslason, Sigurður Guðnason, Jóhann Hafstein, Einar Olgeirsson, Sigurður Kristjánsson, Sigfús Sigurhjartarson, Hallgrímur Benediktsson, Pétur Magnússon.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs allt að 2700000 kr. lán, er h/f Skipanaust í Reykjavík hyggst að taka til þess að ljúka smíði dráttarbrauta félagsins, enda setji það tryggingar fyrir láninu, er ríkisstjórnin tekur gildar.

Greinargerð.

Um rök fyrir tillögu þessari vísast til bréfs h/f Skipanausta til sjávarútvegsmálaráðherra, dags. 12. des. 1947, sem prentað er hér á eftir.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 12. desember 1947.

Undirrituð stjórn „Skipanaust h/f" leyfir sér hér með, hæstvirti sjávarútvegsmálaráðherra, að snúa sér fyrir félagsins hönd til yðar með þeirri málaleitan, að þér hlutizt til um, að hæstvirt ríkisstjórn veiti félaginu stuðning við öflun lánsfjár, allt að kr. 2700000.00 til dráttarbrautarbyggingar, sem félagið hefur þegar hafizt handa um. Fyrir beiðni þessari leyfum vér oss að gera eftirfarandi grein:

Hinn 23. júní 1944 stofnuðu allmargir iðnaðarmenn í Reykjavík með sér félag, „Skipanaust h/f", til þess að koma upp dráttarbrautum, allt að 2000 tonnum og öðrum nauðsynlegum tækjum í sambandi við þær til skipaviðgerða og skipasmíða. Hjálagt látum vér fylgja lista yfir stofnendur, en síðan hafa bætzt við nýir hluthafar (þ. á m. Reykjavíkurbær með kr. 100000.00) og aðrir hluthafar hafa hækkað framlag sitt. Hlutafé félagsins var í upphafi ákveðið kr. 1000000.00 — ein milljón krónur —, en hlutafjárloforð hafa nú fengizt fyrir kr. 1300000.00 — einni milljón og þrjú hundruð þúsundum króna.

Félagið hófst þegar handa um undirbúning framkvæmda, tryggði sér land hjá Reykjavíkurbæ við Elliðaárvog, með tilliti til þess, að ekki væri ætlandi, að skipaviðgerðir gætu eingöngu farið fram í höfn Reykjavíkur til frambúðar, en samdi því næst við amerískt sérfræðingafirma í dráttarbrautargerð, Crandall Dry Dock Engineers, Inc. Boston, um framkvæmd sjálfrar dráttarbrautarbyggingarinnar. Áður en frá þeim samningum var gengið, hafði félag vort leitað fyrir sér um frekari fjáröflun, og hafði fengið góðar undirtektir lánsstofnana og nýbyggingarráðs, en að öðrum kosti hefðu samningarnir aldrei verið gerðir á því stigi málsins.

Framkvæmdir eru komnar það áleiðis, að jarðvinnu er að mestu lokið, keypt hefur verið allt burðartimbur til brautanna og er þegar komið hingað til lands. Heildarútgjöld félagsins vegna framkvæmda og efniskaupa nema samtals ca. kr. 600000.00 — sex hundruð þúsund krónum—. Kostnaðaráætlun var upphaflega kr. 3900000.00, og var þá ráð fyrir gert, að byggð yrði 1500 tonna dráttarbraut með 3 skipastæðum, en skilyrði eru til að fjölga skipastæðum eftir vild með tiltölulega litlum kostnaði. Má gera ráð fyrir, að ofangreind kostnaðaráætlun breytist eitthvað til hækkunar vegna hækkandi verðlags.

Verkfræðingafirmað Crandall hefur nú fyrir hendi efni og vélar, sem á skortir, og æskir eftir, að endanlega verði gengið frá kaupunum, með því að ella verði þessu ráðstafað á annan hátt. Var Crandall verkfræðingur hér á ferð í þessum mánuði, á leið frá Kaupmannahöfn, en þar samdi hann við Burmeister & Wain um byggingu sams konar dráttarbrautar, og er mjög mikil hætta á því, að við missum efnið einmitt þangað, ef ekki tekst að tryggja kaupin nú þegar. Hins vegar ber Crandall samkvæmt samningum að ljúka verkinu á 5—6 mánuðum, eftir að efni til dráttarbrautarinnar er komið til landsins. Ætti því að vera unnt að ljúka verkinu á næsta sumri, og bíða allir hluthafar þess með eftirvæntingu, þannig að þeir fái nauðsynleg starfsskilyrði, en í því sambandi má taka fram, að braut þessi er af allra nýjustu gerð, þar sem skipin standa lárétt, og er það mikill kostur. Erum við reiðubúnir til að láta í té allar teikningar af dráttarbrautunum, til frekari skýringar.

Samkvæmt bréfi, dags. 12. maí 1947, lýsti nýbyggingarráð yfir því, að á fundi þ. 10. s. m. hefði það samþykkt fyrirhugaða dráttarbraut félags vors sem lið í heildaráætlun sinni fyrir þjóðarbúskap Íslendinga árið 1947 og tilkynnt það stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands. Sem hámarkslánsupphæð ákvað ráðið kr. 2400000.00, þar af áætlað helmingur A-lán og helmingur B-lán, og er sú upphæð

miðuð við kostnaðaráætlun þá, sem í upphafi var gerð. Þó tekur nýbyggingarráð það fram í bréfi sínu, að fari kostnaður fram úr áætlun, megi senda nýja umsókn til ráðsins, til þess að fá hámarksupphæðina hækkaða. Þrátt fyrir meðmæli nýbyggingarráðs hefur stofnlánasjóður enn ekki getað orðið við tilmælum þess um lánveitingu til félagsins, vegna fjárskorts. Aðrar lánsstofnanir hafa ekki heldur séð sér fært að veita lán til framkvæmdanna, að svo komnu máli, og fyrir því leyfum vér oss að fara fram á ríkisábyrgð fyrir framangreindri upphæð, kr. 2700000.00, þar til stofnlánasjóðslánið fæst. Mundi ábyrgð fyrir þessari upphæð nægja til að tryggja framkvæmdirnar, enda er ætlunin að auka hlutafé eftir þörfum, og mun það reynast auðvelt, ef framkvæmd verksins er tryggð.

Hér skal ekki fjölyrt um þörf sjávarútvegsins á nýjum dráttarbrautum við nútíðarhæfi, enda hefur nýbyggingarráð talið nauðsyn til, að dráttarbrautir félagsins verði byggðar, og tekið það sem lið í heildaráætlun sinni um þjóðarbúskapinn 1947. Það er ekki heldur að ástæðulausu, að svo mörg iðnaðarfyrirtæki sem hluthafaskráin sýnir fylkja sér um framkvæmd þessa og leggja fram fé til hennar.

Erum við reiðubúnir til frekari viðræðna um málið, og er oss ljúft að gefa allar skýringar, sem æskt kann að verða eftir í sambandi við framkvæmdir félagsins.

Kveðjum vér yður, hæstvirti sjávarútvegsmálaráðherra, í von um stuðning yðar og fyrirgreiðslu, þannig að framangreindum framkvæmdum megi ljúka á sumri komanda.

Virðingarfyllst.

Ársæll Jónasson.
Magnús Guðmundsson. Kristján Guðlaugsson.
Bolli Thoroddsen, Bjarni Bjarnason.

Ed. 489. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á tækjum til síldarvinnslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 15 millj. kr., innanlands eða erlendis, til kaupa á tækjum til síldarvinnslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við síldveiðarnar í Hvalfirði á þessum vetri hefur komið í ljós, að vegna flutningskostnaðar á síldinni til Siglufjarðar ber nauðsyn til, að vinnsla síldarinnar fari fram við Faxaflóa. Þessir síldarflutningar eru þess valdandi, að aflinn, sem svo margir að öðru leyti hafa notið góðs af, verður síldarverksmiðjum ríkisins óhæfilega dýr til vinnslu. Mikið af þessum flutningskostnaði hefur verið goldinn í erlendum gjaldeyri, þar á meðal mörg hundruð þúsund dollarar. Af þessu er auðsætt, að gera verður ráðstafanir fyrir næsta haust til vinnslu síldarinnar hér við Faxaflóa og þar með losna við umræddan flutning síldarinnar. Í þessu augnamiði hefur verið stofnað hlutafélag, sem ætlar svo sem kunnugt er að kaupa síldarbræðsluskip. Auk þess er hafinn undirbúningur að stækkun fiskimjöls- og síldarverksmiðjanna á Akranesi, Hafnarfirði og Keflavík svo og byggingu síldarverksmiðju hér í Reykjavík.

Fjárhagsráð hefur upplýst, að til þess að afla véla frá Bandaríkjunum, sem nauðsynlegar eru í þessar verksmiðjur, skorti með öllu gjaldeyri svo og gjaldeyri til kaupa á bræðsluskipinu og ekki sé unnt að taka kaupverð þessara hluta, sem mun nema um 2 milljónum dollara, af þeim dollaragjaldeyri, sem til kunni að falla fyrir íslenzkar afurðir. Samkvæmt þessu virðist sú leið ein fyrir hendi að afla lagaheimildar til útvegunar á gjaldeyrisláni í Bandaríkjunum svo ríflegu, að það nægi til þeirra erlendra innkaupa, er standa í sambandi við aukna síldarvinnslu á næsta hausti, og telur ráðuneytið, að lánsupphæðin mætti ekki vera lægri en um 15 milljónir króna.

Ed. 490. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

1. Ákvæði III. kafla l. nr. 44/1946 varðandi fjárframlög og lánveitingar af hálfu ríkissjóðs til sveitarfélaga koma því aðeins til framkvæmda, að sérstök heimild sé veitt til þess í fjárlögum hverju sinni.
2. Gjöld til ríkissjóðs samkvæmt IX. kafla l. nr. 68/1947 skulu innheimt með verðlagsuppbót árið 1948.
3. Greiðsla á 1 milljón af framlagi ríkissjóðs 1948 samkv. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 35/1946 skal fresta til ársins 1957.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt sumpart til að draga úr útgjöldum ríkissjóðs á yfirstandandi ári, sumpart til að afla ríkissjóði aukinna tekna, svo sem nánar skal vikið að.

Um 1.

Með ákvæðum III. kafla laga nr. 44/1946 um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum er ríkissjóði lögð sú skylda á herðar að lána sveitarfélögum til 50 ára með 3% vöxtum allt að 75% af byggingarkostnaði húsa, er sveitarfélög reisa fyrir þá, sem búa í heilsuspillandi íbúðum. Auk þess ber ríkissjóði að leggja til í viðbót vaxtalaust lán til 50 ára, er nemi 10% af byggingarkostnaðinum. Ríkissjóður hefur orðið að taka nú þegar 5 millj. kr. lán í þessu skyni, með óhagstæðum kjörum. Þar sem hér er um mikla fjárhagslega byrði að ræða fyrir ríkissjóð, er stefnt að því með þessu frv. að létta téðri skyldu af ríkissjóði, nema sérstök ákvæði þar um séu sett í fjárlög hverju sinni.

Um 2.

Hér er leitað heimildar til að innheimta gjöld til ríkissjóðs samkv. IX kafla laga nr. 68/1947 um eftirlit með skipum, með verðlagsuppbót, til að standa straum af framkvæmd laganna.

Um 3.

Loks er farið fram á til að létta á ríkissjóði, að frestað verði greiðslu á 1 millj. kr. af þessa árs framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs samkv. 13. gr. laga nr. 35/1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Sþ.

491. Nefndarálit

um till. til þál. um mælingar á siglingaleiðum um norðurhluta Breiðafjarðar.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og sent hana til umsagnar til vitamálaskrifstofunnar, en ekki fengið þaðan neitt svar. Nefndin telur nauðsynlegt, að leiðir þær, sem um getur í þáltill., séu mældar upp, einkum með tilliti til þeirra skipulagsbreytinga, sem fyrirhugaðar eru á strandferðum og flóabátaferðum í framtíðinni. Nefndin telur og nauðsynlegt, að innsiglingin til Kolgrafarfjarðar við Breiðafjörð verði mæld upp hið allra fyrsta, með því að álitið er, að í firðinum sé oft tímum saman mergð af síld. Þá telur nefndin einnig, að nauðsyn beri til þess, að mæld verði upp sem fyrst siglingaleiðin inn til Vopnafjarðar, svo og sjálf höfnin þar.

Leggur nefndin því til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta fram fara þegar á þessu ári, eða svo fljótt sem verða má, mælingar á eftirtöldum siglingaleiðum:
   a. Norðurhluta Breiðafjarðar ofan og austan Flateyjar;
   b. Kolgrafarfirði við Breiðafjörð;
   c. innsiglingunni á Vopnafjörð og hafnarsvæðinu þar.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um mælingu á tilteknum siglingaleiðum.

Alþingi, 12. marz 1948.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson.
Ingólfur Jónsson.	Pétur Ottesen.	Helgi Jónasson.
Sig. Kristjánsson.	Ásmundur Sigurðsson.	Halldór Ásgrímsson.

Ed.

492. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmenn (PM og BrB) voru fjarstaddir, þegar frv. var rætt í nefndinni.

Alþingi, 12. marz 1948.

Hermann Jónasson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 493. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Páll Zóphóníasson og Brynjólfur Bjarnason hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Alþingi, 12. marz 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson.
Brynjólfur Bjarnason. Páll Zóphóníasson.

Ed. 494. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. og telur rétt, að mat á fiski sé samræmt á þann hátt, sem lagt er til í frv. Nefndinni þykir rétt að benda á, að eðlilegt sé að ákveða það ekki í lögunum, að atvinnumálaráðherra skuli jafnan fara með þessi mál, þar sem vitað er, að sjávarútvegsmálin geta á ýmsum tímum, eins og t. d. nú, heyrt undir annað ráðuneyti en atvinnumálaráðuneytið. Þá þykir og rétt að benda á, að ekki sé nauðsynlegt að staðbinda yfirfiskmatsmanninn fyrir Austfirðingafjórðung á Seyðisfirði, heldur geti þar og komið til greina, að hann hafi búsetu á Norðfirði.

Nefndinni þykir ekki ástæða til, að yfirfiskmatsmenn á Suðvesturlandi verði 3, eins og gert er ráð fyrir í frv., heldur muni nægja, að þeir verði tveir og heildartala þeirra því sex, en ekki sjö, eins og ákveðið er nú í 6. gr. Komi það í ljós, að nauðsynlegt sé að fjölga yfirfiskmatsmönnum, eftir að reynsla er fengin á þessari nýju skipan, verður að sjálfsögðu ekki staðið á móti fjölguninni, en hins vegar miklu örðugra að fækka aftur, þegar einu sinni hefur verið skipað í stöðurnar, þótt þá kæmi í ljós, að fullt starf væri ekki fyrir alla matsmennina. Að vísu mun hugsað að flytja einn yfirfiskmatsmanninn frá Suðvesturlandi til eftirlits og leiðbeiningar í hinum umdæmunum á vissum árstíðum, ef nauðsyn þykir til bera, en þá má að sjálfsögðu á sama hátt flytja aðra matsmenn til, t. d. yfirfiskmatsmanninn í Vestmannaeyjum, og þykir nefndinni vel fara á slíkri samvinnu og telur, að hún gæti jafnvel skapað enn meiri samræming á matinu í landinu í heild.

Þá þykir rétt að benda á, að sektarákvæðin í frv. virðast vera æði há, en með því að hér er um að ræða hámark aðeins, þykir ekki rétt að gera um það till. til breytinga. Einnig þykir rétt, að gildistaka laganna verði nú þegar, einkum þegar vitað er, að freðfiskimatið starfar nú án lagafyrirmæla og að fyrir liggur að skipa nú þegar í sum af þeim embættum, sem tilheyra fiskmatinu samkv. gildandi lögum.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna „atvinnumálaráðuneytið“ og „atvinnumálaráðherra“ hvarvetna í frv. kemur: ráðuneytið og ráðherra.

2. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „sjö“ í 1. mgr. kemur: sex.
   b. Aftan við 3. tölul. bætist: eða Norðfirði.
   c. Í stað orðsins „Þrír“ í upphafi 5. tölul. kemur: Tveir.
   d. Í stað orðanna „Skal einn“ í upphafi 2. málsl. í 5. tölul. kemur: Skal annar.
   e. Í stað orðanna „en annar“ í 2. málsl. 5. tölul. kemur: en hinn.
3. Við 7. gr. Í stað orðsins „með“ í síðustu mgr. kemur: eða.
4. Við 12. gr.
   a. Í stað orðsins „fiskimatsmenn“ í 2. mgr. kemur: fiskmatsmenn.
   b. Í stað orðsins „starf“ í 3. mgr. kemur: starfi.
5. Við 18. gr. Greinin fellur niður.
6. Á eftir 20. gr. kemur ný grein, er orðast svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 12. marz 1948.

Gísli Jónsson, form., frsm.	B. Kristjánsson, fundaskr.	Sigurjón Á. Ólafsson, með fyrirv. varðandi brtt. 2. c.

Pétur Magnússon. Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 495. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 461 [Fjárlög].

Frá Jónasi Jónssyni.

Við brtt. 461,17. (13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
a. Við 76. (Fnjóskadalsvegur).
   Liðurinn fellur niður.
b. Við 78. Nýr liður:
   Kinnarbraut í Aðaldal 15 000

Sþ. 496. Nefndarálit

um till. til þál. um undirbúning lagasetningar um embættisbústaði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað till. þessa og var sammála um að leggja það til, að tillagan yrði samþykkt. Sú skoðun kom fram hjá ýmsum nefndarmönnum, að nú væri allt of langt gengið með skyldu ríkisins til byggingar embættisbústaðar og væri fyrirsjáanlegt, að gjaldþoli ríkisins yrði íþyngt um of, ef haldið yrði áfram á sömu braut og nú hin síðustu ár.

Alþingi, 12. marz 1948.

Gísli Jónsson, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Helgi Jónasson, frsm.
Ingólfur Jónsson, með fyrirvara.	Halldór Ásgrímsson.	Pétur Ottesen.
Ásmundur Sigurðsson.	Lúðvík Jósefsson.	Sigurður Kristjánsson.

Sþ. 497. Tillaga til þingsályktunar

um stækkun á Hótel Borg og þingmannaheimili í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leitast fyrir um samkomulag við þann mann, sem á Hótel Borg, um að stækka gistihúsið, svo að þar megi vera þingmannaheimili. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að leggja tveggja ára tekjur af veitingaskatti til gistihússins sem fast lán í þessa nýbyggingu með veði í þeim hluta hússins og innlánsbankavöxtum af framlaginu.

Greinargerð.

Þegar leið að alþingishátíðinni 1930, var algerð vöntun á viðunandi gistihúsi í höfuðstaðnum til að taka móti innlendum og erlendum gestum. Ríkið og bærinn þurftu að fá gistihús vegna almennra þarfa, en hvorugur aðilinn hafði löngun eða fé til að stofna til þess háttar rekstrar. Vildi þá svo til, að Jóhannes Jósefsson var að flytja heim frá útlöndum og vildi hefja hér atvinnurekstur. Var um margt að velja, sem arðvænlegt þótti, ekki sízt í sambandi við verzlun, en Jóhannesi þótti hér vera mest vöntun á nútíma gistihúsi og var fús að hætta aleigu sinni, 200 þús. kr., í gistihúsbyggingu. Ríkið og Reykjavíkurbær veittu ábyrgð fyrir láni og nokkra óbeina aðstoð. Hótel Borg var reist og hefur síðan verið eina gistihús höfuðstaðarins, þar sem húsakynni eru miðuð við nútíma kröfur. Hótelið bar sig vel fyrstu misserin, en allan krepputímann, 1931—40, var gistihúsrekstur tapatvinna hér á landi, og þegar stríðið skall á, lá við borð, að eigandi Borgar yrði að selja gistihúsið til annarlegs atvinnurekstrar til að geta staðið í skilum við alla lánardrottna. Á stríðsárunum var hótelreksturinn arðvænlegur. Mun þá hafa tekizt að borga meginið af stofnskuldunum og koma húsinu og húsbúnaði í gott horf eftir mörg ár, þar sem ekki var komið við nauðsynlegu viðhaldi. Sækir nú aftur í sama horf og áður, að gistihúsið gerir ekki betur en að standa undir daglegum útgjöldum og sköttum. Er sýnilegt af núverandi afkomu, að ekki er um að ræða gróða af rekstri gistihússins til nýbygginga og tæpt með viðhaldið. Gistihúsatvinnan er svo óarðvænleg, að enginn stríðsgróðamaður hefur viljað hætta fé sínu í þann rekstur. Sést þetta bezt hér í höfuðstaðnum. Þegar peningaflóðið var mest rétt eftir stríðslokin, var ríkisstjórnin, bæjarstjórnin og stjórn Eimskipafélagsins svo sannfærð um, að enginn einstakur maður vildi hætta fé í gistihúsbyggingu í Reykjavík, að þessir þrír aðilar afréðu að byggja saman stórt nýtízku gistihús í höfuðstaðnum, þó að það kostnaði 15 milljónir króna og yrði að taka mestallt féð að láni. En áður en nokkuð var framkvæmt í þessu efni, var stríðsgróðinn horfinn og stóra hótelbyggingin stöðvuð um ótiltekinn tíma. Um sama leyti gáfu Bretar íslenzku þjóðinni hermannagistihúsið á flugvellinum í Vatnsmýrinni með ágætum húsbúnaði og 80 sængum. Ríkið starfrækti þetta gistihús í nokkra mánuði og hafði þá tapað 400 þús. kr. á rekstrinum, auk þess að munir hússins höfðu stórlega gengið úr sér. Stjórnin leigði nú mjög vel færum veitingamanni gistihúsið með vægum kjörum, en hann tapaði líka, þó að lítið væri í samanburði við hið fyrra tjón. Er nú helzt von um, að Ferðaskrifstofa ríkisins freisti að starfrækja þetta gistihús og beita meiri sparsemi en áður tíðkaðist. Þessi dæmi sýna, hvílíkan greiða Jóhannes Jósefsson gerði íslenzka ríkinu með því að verja aleigu sinni til að reisa eina gistihúsið, sem höfuðstaðarbúar, ríkisstjórn og bæjarstjórn geta leitað til með gesti, þegar mest á reynir. Engir aðrir „prívatmenn" virðast vilja leggja fé og orku í þennan atvinnurekstur. Þrír sterkustu aðilar í landinu taka höndum saman til að gera enn þá stærra átak í þessu efni en eigandi Borgar og samverkamenn hans gerðu 1930. En jafnvel þessir sterku aðilar hafa ekki getað yfirstigið örðugleik-

ana, sem urðu á vegi þeirra. Þessir erfiðleikar sjást bezt, þegar litið er á rekstur gistihússins í útjaðri bæjarins, sem fæst naumlega starfrækt, þó að erlendir menn legðu það gefins í lófa Íslendinga.

Þjóðin þarf gistihús, en þau bera sig ekki, auk þess sem mjög skortir á tækni í þessum efnum. Fólk vill ferðast innanlands og verður að ferðast í margháttuðum erindum. Ef engin viðunanleg gistihús eru í landinu, verða Íslendingar að undri meðal menntaðra þjóða. Að öðrum þræði er talað um Ísland sem ferðamannaland og gert ráð fyrir, að ferðalög erlendra manna geti gefið þjóðinni aukinn gjaldeyri. En lítið mun verða úr þeim atvinnuvegi í landi, þar sem ekki eru viðunandi gistihús.

Þegar Jóhannes Jósefsson reisti Hótel Borg, var grunnurinn undir húsið mjög dýr. Af þeim orsökum lét hann hjá líða að kaupa lóðarblett milli gistihússins og lyfjabúðar Reykjavíkur. Þar hefur síðan verið reist bráðabirgðabygging, ein hæð fyrir verzlunarbúð. Litlar líkur eru til, að eigandinn vilji selja staðinn, nema ef um eignarnám væri að ræða. Var í löggjöfinni um stóra hótelið gert ráð fyrir víðtæku eignarnámi á lóðum vegna þeirrar byggingar, og væri engu minni ástæða til að beita því ákvæði, ef gistihússvandamálið yrði leyst í sambandi við Hótel Borg. Ef byggð yrði álma í sundinu milli gistihússins og lyfjabúðarinnar, mætti koma þar fyrir gestastofu á neðsta gólfi, en þrjátíu herbergjum á efri hæðum. Þetta gæti verið tiltölulega ódýr bygging. Ekki þyrfti nema tvo nýja útveggi. Allar leiðslur fyrir rafmagn, gas, vatn og frárennsli liggja nú að húsinu. Það væri hægt að byggja þessa álmu án þess að starfsemi sú, sem rekin er í gistihúsinu og lyfjabúðinni, væri trufluð hið minnsta fyrr en gerðar væru á hverri hæð dyr úr gistihúsinu inn í nýbygginguna.

Menn, sem víða hafa ferðazt, telja, að Hótel Borg þoli vel samjöfnuð við gistihús af sömu stærð í stærri löndum, nema að í Borg vantar setustofu fyrir gestina. Það er ekki viðunandi fyrir fasta gesti að sitja annaðhvort í svefnherberjum sínum eða í iðandi mannhafi veitingaskálans. Ef eigandi gistihússins hefði haft meira fé undir höndum, þegar hann reisti Hótel Borg, mundi hann hafa keypt hina umræddu lóð og haft gestastofu á neðstu hæð, en gestaherbergi yfir. En þá framkvæmd má gera enn þá og sýnir reynslan, að sú breyting er tímabær. Höfuðstaðinn vantar gistihús. Ríkið, bærinn og efnaðasta félag landsins hafa séð þörfina, viljað bæta úr henni, en ekki ráðið við örðugleikana. Um óákveðinn tíma verður Hótel Borg eina stórhótelið í höfuðstaðnum. En þar þarf viðbótar við, og hana má gera með hóflegum tilkostnaði, eins og sannað er hér að framan. Forráðamönnum landsins kom til hugar að taka margar milljónir að láni í nýja gistihúsbyggingu. Slíkt gistihús hefði borið vott um stórhug og myndarskap þjóðarinnar, en það hefði að líkindum orðið að afskrifa höfuðstólinn um leið og húsið tók til starfa. Samt gat þjóðarnauðsyn réttlætt slíkt framlag. Hér er bent á ódýra og framkvæmanlega leið. Í stað þess að taka lán er hér gert ráð fyrir, að gestirnir, sem koma á Hótel Borg, leggi fram á tveim árum, með veitingaskattinum, framlag ríkisins í húsið, að framlagið verði lán með veði í byggingunni og að þjóðin fullgeri með þessum hætti aðalgistihús höfuðstaðarins, svo að þar verði hætt úr vöntun gestastofu og aukið allt að 30 herbergjum við gamla gistihúsið. Ef bætt verður við, áður langt um líður, öðrum minni og ódýrari gististöðum, mun að líkindum mega una fyrst um sinn við þá lausn á hótelmálum Reykjavíkur.

Frá því að þinghald hófst í Reykjavík fyrir einni öld, hafa utanbæjarþingmenn verið heimilislausir og framandi í höfuðstaðnum. Þeir hafa í hvert sinn orðið að keppa við skólapilta um leiguhúsnæði, hvar sem það var fáanlegt. Alloft hafa þingmenn orðið að búa tveir saman í stofu. Á síðustu árum hefur komið til umræðu að byggja sérstaka heimavist í Reykjavík handa utanbæjarþingmönnum, en lítið hefur orðið úr þeim framkvæmdum. Ef lag væri á stjórnarháttum landsins, þarf þingið ekki að starfa nema þrjá mánuði árlega. Stendur heimavistin þá auð mikinn hluta árs. Á undanförnum árum hafa margir utanbæjarmenn búið

um þingtímann á Hótel Borg, en gistihúsið er of lítið til að geta haft marga setugesti langdvölum. Við það verður gistihúsið að „pension". Erlendis fá gestir nú ekki að búa nema fáa daga í einu á sama gistihúsi til að halda við hreyfanleika stofnunarinnar. Með því að stækka Hótel Borg um 30 herbergi er hægt um vik að taka frá á tiltekinni hæð herbergi, sem þingmenn eiga rétt á meðan þing starfar. Þau gætu á ýmsan hátt að húsbúnaði verið sniðin eftir þörfum þingmanna. Þeim gæti fylgt setustofa, sem þingmenn einir ættu aðgang að, o. s. frv.

Ég hygg, að með tillögu þeirri, sem hér er borin fram, sé bent á einu færu leiðina til að tryggja Reykjavík viðunandi umbót á hótelmálum borgarinnar og utanbæjarþingmönnum vetursetustað, meðan Alþingi starfar, þar sem þeir njóta aðbúðar, sem gerir þeim fært að vinna að mikilvægu verki.

Hvað snertir aðstöðu Jóhannesar Jósefssonar hef ég ekkert umboð frá honum til að hreyfa þessu máli. En mér var kunnugt um, þegar hann byggði gistihúsið, að hann hefði mikinn hug á að bæta við norðurálmu, en þá skorti hann og ríkið þann fjárstyrk, sem með þurfti. Mér þykir sennilegt, að hann muni enn hafa löngun til að ljúka þessu verki, en reynslan mun hafa kennt honum, eins og öðrum samborgurum hans, að nú er ekki álitleg atvinna að reisa gistihús án samstarfs við það mannfélag, sem þarfnast sérlega þess háttar framkvæmda. Með þessari tillögu vil ég benda þingi og stjórn á leið, sem að líkindum er fær, til að hér starfi tiltölulega fullkomið hótel og utanbæjarmenn finni, að þeir hafa í Reykjavík fast land undir fótum, engu síður en stallbræður þeirra, sem heima eiga í bænum.

Ed. 498. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveim fundum og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. marz 1948.

Gísli Jónsson, form. | B. Kristjánsson, fundaskr., frsm. | Sigurjón Á. Ólafsson.

Steingr. Aðalsteinsson. | Pétur Magnússon.

Ed. 499. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það nái fram að ganga.

Alþingi, 13. marz 1948.

Hermann Jónasson, form. | Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. | Pétur Magnússon, frsm.

Þorst. Þorsteinsson. | Brynj. Bjarnason.

Sþ.

500. Nefndarálit

um styrk til flóabáta.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Eins og undanfarið hefur tíðkazt, hefur samvinnunefndin rætt og undirbúið í samráði við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins tillögur um styrki til flóabátasamgangna árið 1948. Fylgir skýrsla forstjórans nefndarálitinu samkvæmt venju sem fylgiskjal. Um greiðslu styrkjanna, er gert ráð fyrir, að sömu reglur og áður gildi.

Um flóabátaferðirnar almennt skal þetta tekið fram:

Þrátt fyrir það að hinir nýju strandferðabátar Skipaútgerðar ríkisins muni báðir hafa hafið siglingar á þessu ári, taldi nefndin ekki líklegt, að ferðir þeirra gætu leyst þarfir einstakra landshluta innbyrðis á sama hátt og flóabátarnir gera. Er nauðsynlegt að fá reynslu af siglingum þeirra, áður en að því ráði er horfið að fækka flóabátaferðum. Auðsætt er, að mikil samgöngubót verður að ferðum þessara nýju skipa, en margt bendir til, að þörfin fyrir staðbundnar flóabátaferðir innan héraða verði svipuð og áður.

Um einstaka flóabáta og ferðir þeirra skal þetta tekið fram:

Breiðafjarðarsamgöngur. — Gert er ráð fyrir, að þessar ferðir verði reknar með svipuðum hætti og undanfarin ár. Lagt er til, að Flateyjarbátur, sem haldið hefur uppi samgöngum um norðanverðan Breiðafjörð, fái 30 þús. kr. styrk til vélakaupa. Viðgerð á sjálfum bátnum, en til hennar voru á s. l. ári veittar 50 þús. kr., er nú lokið, og verður heildarstyrkur til hans á þessu ári samkvæmt tillögum nefndarinnar 20 þús. kr. lægri en á s. l. ári, en þá var honum veittur síðari hluti viðgerðarkostnaðar.

Til Stykkishólmsferða hefur verið fenginn nýr bátur, miklu stærri en bátur sá, sem þessar ferðir hefur annazt undanfarin ár. Er lagt til, að styrkur til þessara ferða verði hækkaður verulega, eða úr 38 þús. á s. l. ári í 70 þús. kr. Sett verði það skilyrði fyrir styrkveitingunni, að báturinn fari ekki færri en 18 ferðir til Gilsfjarðar.

Þá er ráðgert að fá einn bát til þess að annast ferðir þær, sem Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátar hafa farið. Er styrkur til þeirra ferða lækkaður um 1 þús. kr.

Ísafjarðarsamgöngur. — M/s Fagranes hefur annazt ferðir um Ísafjarðardjúp eins og undanfarin ár. Jafnframt hafa vetrarmánuðina verið farnar ferðir til hafnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Ný vél hefur nú verið sett í skipið, og fellur því niður styrkur til vélakaupa, sem veittur hefur verið tvö s. l. ár. Heildarstyrkur til bátsins lækkar því samkvæmt tillögum nefndarinnar um 60 þús. kr. Sjálfur rekstrarstyrkurinn hækkar hins vegar um 5 þús. kr. vegna Skötufjarðarbáts, sem lagt er til, að haldi uppi ferðum um Skötufjörð á vegum Djúpbátsins.

Norðurlandssamgöngur. — Gert er ráð fyrir, að þær verði með svipuðum hætti og undanfarið. Húnaflóa- og Strandabátur er hækkaður í styrk um 2 þús. kr. Varð nokkur halli á rekstri bátsins á s. l. ári, og stafaði hann sumpart af því, að ný vél var sett í hann. Fékk eigandi bátsins lán hjá Skipaútgerð ríkisins til vélakaupanna. Má gera ráð fyrir, að fyrr eða síðar reynist nauðsynlegt að veita einhvern styrk til þessara vélakaupa, ef báturinn verður áfram í þessum ferðum.

Þá er lagt til, að hinum sameiginlega Norðurlandsbát, sem gengur milli Akureyrar og Sauðárkróks, verði veittar 38 þús. kr. í hækkuðum rekstrarstyrk frá því, sem veitt var til þessara ferða á s. l. ári. Eins og kemur fram í skýrslu forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, hefur eigandi bátsins farið fram á að fá styrkinn hækkaðan um 72 þús. kr. Enda þótt nefndinni séu ljósir örðugleikar útgerðarmannsins á að

halda þessum ferðum uppi með hækkuðum útgerðarkostnaði, taldi hún þó á þessu stigi ekki fært að leggja til, að styrkurinn yrði hækkaður meira en að framan segir.

Með því að akvegasamband hefur nú skapazt yfir Siglufjarðarskarð á sumrin, hefur nýtt viðhorf skapazt í samgöngunum milli Sauðárkróks og Siglufjarðar. Mun því sérstakur flóabátur milli Sauðárkróks og Siglufjarðar verða óþarfur, þar sem Norðurlandsbáturinn mun taka að sér viðkomu á Skagafjarðarhöfnum þann tíma ársins, sem hann gengur. Hefur bátur sá, sem annazt hefur þessar ferðir, nú hætt þeim. Leggur nefndin því til, að styrkur sá, sem veittur var til þessa flóabáts, falli niður. Hins vegar varð nauðsynlegt að veita smástyrk, 10 þús. kr., til þess að halda uppi sérstökum ferðum til Haganesvíkur þann tíma ársins, sem ekki er bílfært þangað.

Endanlegur reikningur um rekstur Sauðárkróks- og Siglufjarðarbáts á s. l. ári liggur ekki fyrir enn þá, og taldi nefndin því ekki fært að gera tillögu um fjárveitingu til hans upp í hallareksturinn. En það mál er til athugunar síðar, þegar endanlegir reikningar liggja fyrir. Þá er lagt til, að styrkur til Hríseyjarbáts verði hækkaður um 1 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur. — Á þeim er ekki gert ráð fyrir, að verði teljandi breytingar. — Styrkur sá, sem veittur hefur verið undanfarin ár til Hornafjarðar—Austfjarðabáts, hefur runnið til Skipaútgerðar ríkisins, sem séð hefur fyrir ferðunum. Til fjarðabátanna er styrkurinn óbreyttur að öðru leyti en því, að lagt er til, að Norðfjarðarbátur fái 5 þús. kr. styrkhækkun vegna örðugleika á að fá bát til þess að annast ferðirnar með sama styrk og áður. Þá er lagt til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um tvö þúsund og fimm hundruð krónur.

Suðurlandsskip. — Lagt er til, að styrkur til þess hækki um 10 þús. kr. vegna vaxandi flutningskostnaðar til héraðanna, sem þessa styrks njóta.

Faxaflóasamgöngur. — H/f Skallagrímur í Borgarnesi hefur annazt þessar samgöngur með m/s Laxfossi á s. l. ári. Hefur ekki verið sótt um styrk til þeirra ferða, enda ráð fyrir því gert, að þær yrðu reknar styrklaust. Hins vegar hefur Skallagrímur sótt um 200 þús. kr. styrk vegna rekstrarhalla, sem varð á ferðum m/s Víðis, sem félagið gerði einnig út á tímabilinu jan.—maí 1947. Hefur félagið haft skip þetta á leigu frá 1. jan. 1945, og lauk leigutíma þess 15. maí s. l.

Hefur borizt lauslegt yfirlit um rekstur m/s Víðis á tímabilinu jan.—maí 1947. Sýnir það nær 200 þús. kr. rekstrarhalla. Reikningar Laxfoss munu hins vegar ekki endanlega uppgerðir og því ekki fyllilega vitað um afkomu félagsins árið 1947, enda þótt nefndin hafi fengið til álita bráðabirgðarekstrarreikning skipsins. Með tilliti til þess, að hart hefur verið lagt að nefndinni að hækka ekki heildarfjárveitingu til flóabátaferðanna, svo neinu næmi, taldi hún sér ekki fært á þessu stigi málsins að leggja til, að þessi rekstrarhalli eða hluti hans yrði greiddur með styrkveitingu að þessu sinni. Hefur nefndin orðið að hafa þann hátt á gagnvart fleiri flóabátum, sem sýnt hafa fram á verulegan taprekstur. Hins vegar álítur nefndin, að þegar endanlegir og endurskoðaðir reikningar Laxfoss fyrir árið 1947 liggja fyrir, geti komið til mála, að einhver hluti rekstrarhalla m/s Víðis á greindu tímabili verði greiddur, og vill með tillögum sínum nú engan veginn loka neinum dyrum í þessu efni, þótt fjárhagsgeta ríkissjóðs verði að sjálfsögðu að ráða endanlegri niðurstöðu.

Samkvæmt tillögum, sem fyrir liggja, áætlar nefndin styrk til flóabátaferða á fjárlögum ársins 1948 samtals kr. 912 200.00, og er sú upphæð kr. 3500.00 lægri en styrkupphæðin árið 1947.

Leggur nefndin til, að styrkupphæðin skiptist þannig:

Djúpbátur		215 000
Húnaflóa- og Strandabátur		70 000
Haganesvíkurbátur		10 000
Norðurlandsbátur		210 000
Hríseyjarbátur		4 000
Flateyjarbátur (á Skjálfanda)		11 000
Hornafjarðar—Austfjarðabátur		30 000
Loðmundarfjarðarbátur		3 000
Norðfjarðarbátur		23 000
Mjóafjarðarbátur		12 500
Eskifjarðarbátur		16 000
Berufjarðarbátur		4 000
Suðurlandsskip		80 000
Mýrabátur (á Faxaflóa)		2 500
Flateyjarbátur, venjul. ferðir	20 000	
Flateyjarbátur, til vélakaupa	30 000	
		50 000
Vikulegar ferðir Flatey — Brjánslækur — Kinnarstaðir — Flatey		24 000
Stykkishólmsbátur		70 000
Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur		7 000
Patreksfjarðarbátur		2 000
Til bátaferða innan A.-Skaft., þar af til Öræfa 2500		5 000
Til báta milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja		60 000
Rangársandsbátur		2 000
Til Selvogsferða		1 200
		912 200

Alþingi, 12. marz 1948.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.	Eiríkur Einarsson, form. Ed.-nefndar.
Jón Gíslason, fundaskr. Nd.-nefndar.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Þorst. Þorsteinsson.	B. Kristjánsson.
Steingr. Aðalsteinsson.	Stefán Stefánsson.
	Lúðvík Jósefsson.
	Barði Guðmundsson.

Fylgiskjal.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 12. febrúar 1948.

Djúpbáturinn. — H/f Djúpbáturinn hefur eins og að undanförnu annazt flóabátaferðir um Djúpið og nágrenni með m/b Fagranesi. Báturinn hefur siglt eftir fastri áætlun og farið venjulega 2 ferðir í viku um Djúpið og eina ferð í viku til Jökulfjarða og Aðalvíkur. Þá hafa einnig verið farnar 3 ferðar til Reykjafjarðar á Ströndum, ein ferð á viku til Flateyrar og ein ferð hálfsmánaðarlega til Þingeyrar, þá með viðkomu á milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Vestfjarðaferðirnar voru þó ekki farnar, meðan vegurinn til Þingeyrar var fær bifreiðum.

Ferðir þessa báts hafa gengið fremur vel s. l. ár, og sýnir rekstrarreikningurinn 39 þús. kr. rekstrarhagnað, og mun það vera vel nægjanlegt til að standa straum af afborgunum af lánum, sem hvíla á bátnum.

Sótt hefur verið um, að bátur gangi um Skötufjörð í sambandi við ferðir Djúpbátsins. Er talið rétt, að h/f Djúpbáturinn sjái fyrir þessum ferðum, og er lagt til, að styrkur til Djúpbátsins verði hækkaður um 5 þús. kr. í því augnamiði.

Húnaflóa- og Strandabátur. — Bátur þessi gengur um vestanverðan Húnaflóa, milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga, í sambandi við bifreiðaferðir á norðurleiðinni. Hefur þótt nauðsynlegt að hafa þarna flóabát, sérstaklega vegna hinna miklu framkvæmda í sambandi við verksmiðjurnar á Ingólfsfirði og Djúpuvík. Hr. Sigurður Pétursson tók að sér eins og undanfarið að sjá um ferðir þessar með bát sínum, Hörpu (29 lestir). Voru farnar venjulegast 2 ferðir á viku milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum, auk þess voru farnar aukaferðir, þegar þurfa þótti. Fluttir voru um 600 farþegar, auk þess nokkuð af pósti og vörum.

Halli hefur orðið á rekstri bátsins, sem stafar sumpart af miklum kostnaði við, að ný vél var sett í hann. Lánaði Skipaútgerðin til vélakaupanna 60 þús. kr. gegn veðrétti í vél og bát. Hefur eigandi bátsins ekki getað staðið í skilum með rentur og afborganir af lánum, en farið fram á, að því yrði skipt niður á 4 ár og styrkurinn hækkaður sem því næmi árlega. Tel ég ekki fært að fara þá leið. Hins vegar mætti hugsa sér að hækka styrk til ferðanna um 10 þús. kr. og halda eftir af styrknum rentum af láninu og eins miklum afborgunum og reksturinn leyfir, þó þannig, að rentur og afborganir verði aldrei undir 10 þús. kr. Enn fremur að það skilyrði fylgi, að ferðir þessar standi yfir í minnst 4½ mánuð, eða frá miðjum maí til septemberloka.

Skagafjarðar- og Fljótabátur til Siglufjarðar. — Hr. Skafti Stefánsson hafði eins og að undanförnu ferðir þessar á hendi með bát sínum, Mjölni (13 lestir), yfir tímabilið 1. júlí til 1. nóv. Var ferðum hagað eins og undanfarið, tvær ferðir á viku til Sauðárkróks og þrjár aukaferðir á viku til Haganesvíkur. Eftir að vegasamband komst á yfir Siglufjarðarskarð, hafði báturinn mjög lítið að gera, og varð því tilfinnanlegur rekstrarhalli á bátnum, eða rúml. 27. þús. kr., og hefur Skafti Stefánsson sótt um að fá halla þennan greiddan. Tel ég varla hægt að komast hjá því að greiða halla þennan að mestu, en skipta mætti því niður á tvö ár.

Rekstrarreikningur fyrir bátinn fylgir hér með í afriti. Tel ég, að ekki þurfi að hugsa fyrir flóabát þessum framvegis þann tíma árs, sem Siglufjarðarskarð er fært bifreiðum.

Norðurlandsbátur. — Hr. Steindór Jónsson sá um ferðir þessar eins og undanfarin ár með bát sínum, Drang (74 lestir). Var ferðunum hagað líkt og áður, það er tvær ferðir á viku milli Sauðárkróks og Akureyrar með viðkomu á milliliggjandi höfnum í báðum leiðum á tímabilinu frá áramótum til 1. júní. Enn fremur voru farnar ferðir til Grímseyjar, þegar þurfa þótti og ástæður leyfðu. 1. júní hætti Drangur ferðum á Skagafjörð, en m/s Mjölnir tók við þeim, eins og sagt hefur verið. Var þá ferðum með Drang fjölgað um Eyjafjörð og til Grímseyjar og einnig nokkrar ferðir farnar á hafnir milli Eyjafjarðar og Langaness. 1. nóv. var ferðum með sérstökum Skagafjarðarbát hætt, en m/b Drangur tekinn í þær aftur, og var ferðunum þá hagað eins og í byrjun ársins. Vegna þess, hve afgreiðsla er erfið í Haganesvík, var neitað að afgreiða bátinn þar, nema því aðeins að hann kæmi að degi til, en vitanlega var það ómögulegt að haga ferðum bátsins þannig, og var það ráð því tekið, að Drangur sleppti viðkomu á Haganesvík, en fenginn var bátur frá Siglufirði til þess að fara til Haganesvíkur hálfsmánaðarlega, og var greitt fyrir það af þeim styrk, sem annars er ætlaður til Norðurlandsbáts. Verður varla hjá því komizt að hafa þetta fyrirkomulag framvegis þann tíma, sem Siglufjarðarskarð er ekki fært bifreiðum. Rekstrarhalli hefur orðið á Norðurlandsbátnum um 24 þús. kr., sem stafar sumpart af vélabilunum og sumpart af minnkandi

flutningi. Með nýjum kjarasamningum, sem gengu í gildi nú um áramótin, hækka útgjöld bátsins sem svarar 4 þús. kr. á mánuði. Hr. Steindór Jónsson hefur tjáð sig ekki geta tekið að sér ferðir þessar næsta ár, nema því aðeins að styrkurinn verði hækkaður um 72 þús. kr. Fylgir hér með bréf Steindórs um þetta efni, dags. 6. f. m.

Leyfi ég mér að leggja til, að málið verði leyst á þann hátt, að Norðurlandsbáturinn fái 210 þús. kr. styrk, enda annist hann þá jafnframt ferðir um Skagafjörð þann tíma árs, sem Siglufjarðarskarð er ekki fært bifreiðum. Enn fremur verði veittar 10 þús. kr. til aukaferða á Haganesvík þann tíma árs, sem Siglufjarðarskarð er ekki fært. Verður þá styrkurinn til Skagafjarðar- og Norðurlandsbáts 220 þús. kr., en var áður 160 þús. kr.

Hríseyjarbátur. — Bátur þessi gengur milli Hríseyjar og lands í sambandi við bifreiðaferðir til og frá Akureyri. Farnar voru 138 áætlunarferðir og 332 aukaferðir og fluttir 995 farþegar, auk þess póstur og annar flutningur. Hæpið er, að hægt sé að halda ferðunum í sama horfi nema hækka styrkinn til þeirra lítils háttar.

Flateyjarbátur á Skjálfanda. — Ferðum þessa báts hefur verið hagað líkt og undanfarið, þ. e. hálfsmánaðarferðir milli Húsavíkur og Flateyjar. Hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að fá bát til þessara ferða, en ég tel þó, að hann fáist fyrir sama styrk og verið hefur.

Hornafjarðar—Austfjarðabátur. — Undanfarið hefur Skipaútgerð ríkisins séð fyrir ferðum þeim, sem þessum bát voru ætlaðar, og hefur styrkurinn runnið til útgerðarinnar.

Loðmundarfjarðarbátur. — Þórir Daníelsson á Seyðisfirði var fenginn til að halda uppi ferðum þessum, og var venjulega farin ein ferð í viku milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar með viðkomu á venjulegum stöðum í Seyðisfirði og Loðmundarfirði.

Norðfjarðarbátur. — Bátur þessi hefur haldið uppi ferðum milli Viðfjarðar og Neskaupstaðar í sambandi við bifreiðaferðir til og frá Norðurlandi.

Var búizt við, að bifreiðavegur yrði kominn á s. l. ári til Neskaupstaðar, svo að ekki þyrfti að hugsa um bát þennan framvegis, en nú er það ekki, svo að gera verður ráð fyrir, að hans þurfi með á komandi sumri. Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur séð um ferðir þessar og hefur gengið fremur illa að fá styrkinn til að hrökkva, og verður varla komizt hjá því að hækka hann nokkuð.

Mjóafjarðarbátur. — Bátur þessi gengur milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar, einnig nokkrar ferðir til Seyðisfjarðar. Hreppsnefnd Mjóafjarðar sér um ferðirnar, og hefur verið kvartað undan því, að styrkurinn væri of lítill, til þess að hægt væri að halda þeim áfram í svipuðu horfi og verið hefur, en það er talið mjög nauðsynlegt, þar sem búendur í Mjóafirði hafa engar vegasamgöngur.

Eskifjarðarbátur. — Ferðir þessa báts eru milli Búðareyrar, Eskifjarðar og Hafraness í sambandi við bílferðir til og frá Búðareyri. Hr. Garðar Jónsson hafði þessar ferðir á hendi s. l. ár með bát sínum Heklu (11 lestir).

Berufjarðarbátur. — Ferðir þessa báts eru frá Djúpavogi yfir Berufjörð í sambandi við bifreiðaferðir. Voru venjulega farnar 2 ferðir í viku frá Djúpavogi að Stekk á Berufjarðarströnd.

Mýrabátur á Faxaflóa. — Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hafa tveir bændur séð fyrir þeim með tveim vélbátum sínum, þegar þurfa þótti, og er styrknum skipt milli þeirra.

Flateyjarbátur á Breiðafirði. — Hf. Norðri í Flatey hefur eins og undanfarið annazt flóabátaferðir þessar um norðanverðan Breiðafjörð með m/s Konráð. Var siglt eftir fastri áætlun og auk þess vikulegar ferðir milli Flateyjar, Brjánslækjar og Kinnarstaða. Reikningar fyrir bátinn eru enn ekki komnir, en samkv. upplýsingum, sem fengizt hafa, mun reksturinn hafa gengið allsæmilega. Vélin í bátnum mun vera orðin léleg, og hefur félagið sótt um 100 þús. kr. styrk til þess að endurnýja vélina.

Frá hr. alþm. Gísla Jónssyni hef ég fengið þær upplýsingar, að hann geti selt vél í bátinn fyrir lágt verð, og ættu kr. 30 000.00 að nægja til kaupa og niðursetningar á þeirri vél.

Patreksfjarðarbátur. — Bátur þessi gengur í ferðir frá Vatneyri til Hvalskers og Örlygshafnar, og eru venjulega farnar ferðir daglega. Er þetta aðallega gert vegna mjólkurflutninga. Hreppsnefnd Patreksfjarðar sér um ferðir þessar.

Stykkishólmsbátur. —Ferðir þessa báts eru um sunnanverðan Breiðafjörð, og hefur kaupfélagið í Stykkishólmi annazt þær mörg undanfarin ár með m/b Baldri (15 lestir). Þótti sá bátur of lítill og óhentugur, og keypti kaupfélagið þess vegna á s. l. ári bát í smíðum og lét útbúa hann með tilliti til þessara ferða. Bátur þessi fékk nafnið Baldur og er 38 lestir og var tekinn í ferðirnar síðari hluta sumars. Telur kaupfélagið sig ekki geta haldið þessum ferðum uppi með þessum bát, nema styrkurinn sé hækkaður upp í 80 þús. kr.

Athugaður hefur verið sá möguleiki að sameina flóabátaferðirnar um Breiðafjörð, þannig að Baldur hefði þær allar, og hefur komið í ljós við þá athugun, að ekki er sem stendur grundvöllur fyrir slíkri sameiningu.

Langeyjarness- og Skógarstrandabátur. — Bátur hefur haldið uppi ferðum milli Stykkishólms og Langeyjarness og farið aukaferðir, þegar þurfti. Annar bátur hefur haldið uppi hálfsmánaðarferðum milli Stykkishólms og Skógarstrandar. Eru erfiðleikar á því að fá þessa báta til að halda ferðunum áfram, sérstaklega Skógarstrandabátinn, nema hækka styrkinn. Hins vegar mun vera möguleiki fyrir því að fá bát til að annast þessar ferðir á báða staðina fyrir þann styrk, sem veittur var til beggja bátanna, og tel ég rétt, að sú leið verði reynd.

Stokkseyrar—Vestmannaeyjabátur. — Á undanförnum árum hefur mótorbáturinn Gísli J. Johnsen (32 lestir) haldið uppi ferðum milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar. Á s. l. ári fór bátur þessi 55 ferðir og flutti 1603 farþega og nokkuð af vörum og pósti. Hefur reksturinn gengið fremur illa vegna þess, hvað dregið hefur úr fólksflutningum til þessara staða, síðan flugvöllurinn kom í Vestmannaeyjum.

Er líklegt, að ferðir þessar megi leggja niður, þegar skipaviðkomum fjölgar í Vestmannaeyjum, en ég tel rétt að gera ráð fyrir sama styrk til þeirra á þessu ári.

Rangársandsbátur. — Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hefur styrkurinn verið notaður til að létta undir flutninga hjá bændum milli Vestmannaeyja og Rangársands, og hefur sýslumaður Rangárvallasýslu séð um úthlutun styrksins.

Reykjavík—Borgarnes—Akranesbátur. — Eins og á undanförnum árum hefur h/f Skallagrímur í Borgarnesi annazt ferðir til þessara staða með skipi sínu, Laxfossi, og m/b Víði, sem félagið leigði til að vera aðallega í Akranesferðum til þess að geta látið Laxfoss sigla vikulega eina ferð til Vestmannaeyja.

1. maí sleppti félagið m/b Víði og hætti jafnframt Vestmannaeyjaferðum með Laxfossi. Mikill rekstrarhalli hefur orðið á ferðum m/b Víðis, og hefur félagið sótt um 200 000.00 kr. styrk til að standast þann halla. Hins vegar hefur rekstur Laxfoss gengið allvel. Virðist það ekki ósanngjarnt, að m/s Laxfoss beri nokkuð af því tapi, sem varð á m/s Víði.

Eins og áður hefur Skipaútgerð ríkisins reynt að sjá fyrir flutningum meðfram ströndum landsins eftir beztu getu. Stóð til, að hin nýju strandferðaskip, sem ríkið á í smíðum erlendis, yrðu tilbúin á s. l. ári, en það brást, og er aðeins annar strandferðabáturinn, Herðubreið, kominn í strandferðir nú, hinn strandferðabáturinn, Skjaldbreið, er væntanlegur nú um næstu mánaðamót, en strandferðaskipið, sem verið er að byggja í Danmörku, er væntanlegt í maí—júní í vor. Vegna þess, hvað dróst, að umrædd strandferðaskip kæmu, varð að leigja ýmis skip og báta til þess, ásamt strandferðaskipunum, að sjá fyrir brýnustu flutningaþörfinni.

Pálmi Loftsson.

Nd. 501. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og var sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt óbreytt eins og það var afgreitt frá háttv. efri deild.

Alþingi, 12. marz 1948.

Sigurður E. Hlíðar, form. — Helgi Jónasson, fundaskr., frsm. — Katrín Thoroddsen.
Jóhann Hafstein. — Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 502. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta miðar að því að þyngja allmjög refsingar fyrir brot á fiskveiðalöggjöfinni. Nefndin getur fallizt á, að rétt sé að þyngja refsingar fyrir umrætt brot, þar sem þær eru yfirleitt mjög vægar í gildandi löggjöf. Samt sem áður þykir nefndinni viðsjárvert að ákveða lágmarksrefsingu fyrir ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun í landhelgi 5000 gullkrónur, svo sem gert er í frv. Sakborningur getur haft þær málsbætur, að óeðlilegt sé að dæma í svo þunga refsingu. Vill nefndin því færa niður lágmark refsingar fyrir þau brot. — Nefndin vill láta þess getið, að þar sem allar sektir

fyrir brot gegn fiskveiðalöggjöfinni eiga að ákveðast í gullkrónum, telur hún, að eigi komi til greina, að þær verði innheimtar með vísitöluhækkun.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „5 þús." í 1. og 4. efnismálsgr. komi: 1 þús.

Alþingi, 13. marz 1948.

Gísli Jónsson, form.	B. Kristjánsson, fundaskr.	Pétur Magnússon, frsm.
Steingr. Aðalsteinsson.	Sigurjón Á. Ólafsson.	

Nd. 503. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd mælir með frv.

Alþingi, 13. marz 1948.

Páll Þorsteinsson, form.	Sigurður Bjarnason, fundaskr.	Gunnar Thoroddsen, frsm.
Barði Guðmundsson.	Sigfús Sigurhjartarson.	

Ed. 504. Nefndarálit

um frv. til l. um sementsverksmiðju.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á þrem fundum, og var Haraldur Ásgeirsson á einum þeirra. Að þeirri athugun lokinni leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frumvarpið sé samþykkt, en Gísli Jónsson er ekki enn við því búinn að taka afstöðu til málsins, þar sem hann hefur verið hlaðinn störfum vegna vinnu við afgreiðslu fjárlaga.

Alþingi, 13. marz 1948.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm.	Lárus Jóhannesson.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Nd. 505. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur eigi getað orðið á einu máli um afgreiðslu þessa máls. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt, en við undirritaðir leggjum til, að það verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Þetta búnaðarmálasjóðsmál virðist í fljótu bili lítið mál og er það í sjálfu sér frá fjárhagslegu sjónarmiði. En saga þess er þó orðin nokkuð löng og að sumu leyti merkileg. Hún sýnir það, hve sumir þeir, er kalla sig bændafulltrúa, hugsa smátt borið saman við sumar aðrar stéttir.

Upphaf málsins er það, að þegar orlofslögin voru til meðferðar á Alþingi 1943, þá flutti Hermann Jónasson, þm. Str., og fleiri frumvarp um það að greiða úr ríkissjóði sem svaraði 10 kr. á hvern bónda til kynnisferða sveitafólks. Þetta átti að samsvara orlofslögum launastéttanna, sem gefa þeim 4% á allt kaupgjald. Þannig fór þetta gegnum efri deild Alþingis.

Þegar kom til landbúnaðarnefndar neðri deildar, þá þótti okkur, sem þar áttum sæti, heldur lágt risið á þessu frumvarpi og breyttum því í það að taka ½% gjald af heildsöluverði landbúnaðarafurða. Skyldi þetta fé renna í sjóð, sem héti „ferðasjóður sveitafólks". Skyldi Búnaðarfélag Íslands skipta þessu fé milli búnaðarsambandanna og þau aftur innbyrðis til kynnisferða sveitafólksins, ef það færi hópferðir til fjarlægra héraða, og einnig mætti greiða til aðstoðar til fátækra einyrkja, svo að þeir kæmust heiman að og gætu lyft sér upp í nokkra daga. Þannig var frumvarpið samþykkt í neðri deild. Í efri deild var því vísað frá með rökstuddri dagskrá. Mun sumum þar hafa þótt með þessu of miklu fé eytt í skemmtiferðir sveitamanna.

Þetta var 1943, og síðan hefur frumvarpið eigi sézt í þvílíkri mynd. Kom það til, að í nálægð við Alþingi er önnur stofnun, sem heitir búnaðarþing. Hún gat eigi hugsað sér að stofna ferðasjóð sveitamanna. Það var allt of frjálslegt. En gjaldið af vörunum mátti taka og nota til annars. Kom þó brátt í ljós, að samkomulag varð ekki gott um notkun þessa sjóðs. Sumir vildu nota hann til framkvæmda í búnaðarsamböndum landsins. Aðrir vildu gera hann að starfsfé fyrir nýtt landssamband bænda og byggja hótel í Reykjavík fyrir afganginn. Náðu þeir síðar töldu meiri hluta, því að sú aðferðin þótti líklegri til árðurs fyrir Framsóknarflokkinn. Afleiðingin varð lög um stofnun búnaðarmálasjóðs, nr. 38 frá 15. febr. 1945. Nú var vörugjaldið orðið ½% af því verði, sem bændur fengju fyrir vöruna. Sumum þótti ekki sem skemmtilegast að hafa úthlutun úr þessum sjóði alveg í höndum þeirra, er ráða í Búnaðarfélagi Íslands, og var því sett inn í lögin ákvæði um það, að landbúnaðarráðherra skyldi samþykkja úthlutunina fyrir eitt ár í senn. Út af því ákvæði gerði Tímaliðið mikið hróp að þáverandi landbúnaðarráðherra, Pétri Magnússyni, og pantaði samþykktir víðs vegar að frá félögum til að mótmæla ákvæði þessu. Á Alþingi 1946 fluttu nokkrir andstæðingar þeirrar ríkisstjórnar, sem þá var, frumvarp um breytingu á þessu. Við undirritaðir gripum þá tækifærið til þess að fá lögunum breytt í það horf, sem þau eru í nú, að fé þetta sé notað til félagslegra framkvæmda í búnaðarsamböndum landsins. Reynt var að fá þessu aftur breytt á síðasta Alþingi, en sú tilraun misheppnaðist vegna þess, að meiri hluti þingmanna í neðri deild vildi hafa lögin eins og frá þeim var gengið 1946.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, er ný tilraun til breytinga, og nú er farið fram á, að helmingur fjárins renni til stéttarsambands bænda, en búnaðarsamböndin fái að halda helmingnum. Stjórnir búnaðarsambandanna hafa gengið inn á þetta, flestar einróma, en nokkrar að meiri hluta. Ber það til meðal annars, að

þær hafa flestar verið sviknar fram að þessu um greiðslu á fé sjóðsins svo sem þeim ber samkvæmt lögunum. Halda þær sýnilega, að því eigi nú að halda áfram, ef eigi næst samkomulag, og því sé betra að fá helming fjárins með skilum en að eiga von á framhaldandi vanskilum frá hálfu þess opinbera í þessu efni. — Við höfum fengið hjá Búnaðarbankanum skýrslu um það, hve mikið fé hefur verið innheimt í búnaðarmálasjóð árið 1946, og fylgir hún hér með. Hve mikið hefur verið innheimt fyrir árið 1947, munum við reyna að fá síðar, helzt áður en þingi slítur. Við teljum enga ástæðu til að breyta lögunum. Fé þetta er bezt komið hjá samböndunum. Þau hafa öll mikla þörf fyrir meira fjármagn til starfsemi sinnar og geta gert miklu meira gagn en útlit er á, að hið svo nefnda stéttasamband Lænda geri. Má þó vera, að sá félagsskapur geri síðar talsvert gagn, en þá verður að skipta þar um stjórn og starfshætti. Er og ekkert í veginum gegn því, að búnaðarsamböndin geti greitt fé til stéttasambandsins, eftir því sem þau telja nauðsyn á. Þess vegna þarf eigi að skipta fé búnaðarmálasjóðs með lögum.

Við leggjum til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ætla má, að fé búnaðarmálasjóðs komi að mestu gagni fyrir sveitirnar með því, að búnaðarsamböndunum sé greitt það eins og lögin ákveða, og þar sem samþykktir sambandsstjórnanna benda til þess, að þær muni fúsar til að greiða „stéttarsambandi bænda“ nauðsynlegt starfsfé án lagaákvörðunar, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. marz 1948.

Jón Pálmason, frsm. Sigurður Guðnason.

Fylgiskjal.

Listi yfir greiðslur af félagssvæðum búnaðarsambandanna í búnaðarmálasjóð 1946.

Búnaðarsamband	Kjalarnesþings	kr.	30 852.55
—	Borgarfjarðar	—	28 808.11
—	Snæfellinga	—	6 523.62
—	Dalasýslu	—	5 808.03
—	Vestfjarða	—	16 540.93
—	Strandamanna	—	4 414.91
—	A.-Húnvetninga	—	8 355.28
—	Skagfirðinga	—	19 310.60
—	Eyfirðinga	—	49 594.10
—	S.-Þingeyinga	—	13 486.33
—	N.-Þingeyinga	—	5 743.64
—	Austurlands	—	37 403.25
—	Suðurlands	—	119 373.76
—	V.-Húnvetninga	—	6 239.29
		Kr.	352 454.40

Ed.

506. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 23. apríl 1947.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta og leitað umsagnar vegamálastjóra, en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Treystast undirritaðir eigi til að mæla með því, að breytingar á vegalögum verði lögfestar á þessu þingi, en 2 nefndarmenn vilja framgang frumvarpsins í einhverju því horfi, er þeir munu gera grein fyrir.

Umsögn vegamálastjóra, dags. 19. febr. s. l., látum við fylgja áliti þessu, og þar eð við getum fallizt á ástæður hans til mótmæla frumvarpinu, látum við nægja að vísa hér til þeirrar umsagnar.

Þótt einhver þau ákvæði séu í frv. og breytingartill., er fram hafa komið við það, sem telja megi sanngjarnar eða til nokkurrar leiðréttingar, er þar varla um svo aðkallandi breytingar að ræða, að eigi megi fresta að þessu sinni. Hitt teljum við, að megi sín meira, að opna ekki leið fyrir nýjar breytingar á lögunum, er vænta má, að kæmu úr ýmsum áttum, nú á fyrsta þingi eftir það, er víðtækar breytingar voru gerðar á lögum þessum á síðastliðnu ári, auk þeirra annarra ástæðna, er getur um í bréfi vegamálastjóra.

Leggjum við því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 15. marz 1948.

Eiríkur Einarsson, form., frsm. B. Kristjánsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 19. febr. 1948.

Vegalagabreytingar.

Með bréfi, dags. 19. nóv. f. á., sendi nefndin mér til umsagnar framkomið frv. á þskj. 16 til laga um breyting á vegalögunum frá 1947 ásamt brtt. á þskj. 24.

Þar sem í fyrra var bætt við 710,5 km á nýjum þjóðvegum, tel ég yfirleitt ekki tímabært að bæta að svo stöddu við fleiri vegum eða gera breytingar á legu þeirra þjóðvega, sem þá voru ákveðnir, en að því miða sumir liðir frumvarpsins.

Tel ég mjög líklegt, að ýmsum fleiri vegum en þeim, sem eru í frv., mundi verða bætt við, ef frv. þetta næði fram að ganga, en það teldi ég varhugavert nú, þar sem sýnt er, að fullerfitt verður að tryggja nokkuð verulegt framlag úr ríkissjóði til endurbóta vegarköflum, sem teknir voru í þjóðvegatölu 1947.

Legg ég því til, að frv. þetta verði ekki samþykkt.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis.

Ed. 507. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haldið nokkra fundi um málið og rætt það ýtarlega. Gerðar voru margar tilraunir til þess að fá félagsmálaráðherra á fundi til viðtals við nefndina, en án árangurs. Þegar ljóst var, að ekki tækist nein samvinna við hann um lausn þessa vandamáls, þótti ekki ástæða til að draga lengur afgreiðslu þess í nefndinni, enda liðið mjög að þingslitum.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. (HV og BrB) vildi láta fella frv., og munu þeir gera grein fyrir því í sérálíti. Á þetta gat meiri hl. ekki fallizt.

Húsaleigulögin hafa nú verið í gildi um 9 ára bil. Eru þau í fyrstu sett í þeim eina tilgangi að koma í veg fyrir hækkun á húsaleigu, eftir að gengisfall krónunnar var lögfest 1939, en ekki vegna húsnæðiseklu á þeim tíma. Var þetta einn liður í mörgum öðrum ráðstöfunum í sambandi við skerðingu krónunnar á því ári, og þá beinlínis skoðað sem hreint verðlagsmál til tryggingar gegn frekari launaskerðingu fyrir launastéttirnar í landinu. Á þeim tíma var þessi ráðstöfun ekki óeðlileg, enda tóku þá aðrar stéttir þjóðfélagsins á sig nokkrar fórnir í sambandi við röskun á verðgildi krónunnar. Þegar verðbólgan síðar flæddi yfir landið sem afleiðing af stríðinu, þótti óhjákvæmilegt að tryggja launþegum hlutfallslega sömu launatekjur og þeir höfðu áður með því að lögbjóða fulla verðlagsvísitölu á öll laun. Einn þátturinn í útreikningi verðlagsvísitölunnar var húsaleiga með því verði, sem á henni var 1939. Málið var því enn hreint verðlagsmál, með þeirri breytingu þó, að hækkun á húsaleigu skerti ekki lengur laun manna, þar sem hún var tekin inn við útreikning verðlagsvísitölunnar og launin hækkuð samsvarandi. Þegar svo var komið, var það fyrst og fremst hagsmunamál atvinnurekenda, og þó einkum ríkis og bæja, að halda húsaleigunni niðri til þess að fyrirbyggja hækkun verðlagsvísitölunnar. Árið 1939 voru gerðar ýmsar aðrar ráðstafanir í sambandi við skerðingu krónunnar, svo sem það, að hlutfallinu milli verðlags á landbúnaðarafurðum og kaupgjaldsins skyldi ekki raskað, og 1942 er með lögum bannað að hækka kaupgjaldið í landinu annað eða meira en sem svarar verðlagsvísitöluútreikningi. Á meðan þessi lög voru í gildi, var eðlilegt, að húseigendur yrðu einnig að sætta sig við ákvæði húsaleigulaganna sem einn lið í baráttunni gegn verðbólgunni í landinu, en eftir að öll lagaákvæði, sem sporna áttu við verðbólgunni, önnur en húsaleigulögin, voru niður felld, var bæði óeðlilegt og rangt að viðhalda húsaleigulögunum í þeirri mynd, sem gert var og gert er enn. Með því var verið að krefjast fórna af einni stétt, sem í mörgum tilvikum þoldi ekki að færa slíkar fórnir, til hagsbóta fyrir aðra aðila, sem voru fjárhagslega miklu betur stæðir. Þegar hér var komið málum, hafði risið upp annað vandamál, sem gerði lausn þessara mála enn erfiðari, en það var hin gífurlega eftirspurn eftir húsnæði, einkum hér í Reykjavík og nágrenni. Eftirspurnin kom raunverulega fyrst frá setuliðinu, sem bauð svo að segja hvað sem var fyrir húsnæði, þar næst frá þeim þúsundum manna, sem hópuðust til bæjanna vegna sihækkandi launa, síaukinna kjarabóta á öllum sviðum og sívaxandi eftirspurnar eftir vinnuafli. Í kjölfar þessarar breyttu aðstöðu komu margvíslegir örðugleikar í sambandi við húsnæðismálin, örðugleikar, sem húseigendur áttu enga sök á og gátu á engan hátt haft áhrif á, enda aldrei til þeirra leitað af ríki né bæjarstjórnum um samvinnu til úrlausnar þessum vanda. Hin gífurlega eftirspurn eftir húsnæði varð hins vegar til þess, að menn fóru að byggja í stórum stíl, svo að nú myndast skefjalaust kapphlaup á milli byggingariðnaðar-

ins og annarra atvinnugreina í landinu, bæði um mannaflið, efni og fé. Í þessum leik varð byggingariðnaðurinn sigurvegarinn með þeim afleiðingum, að byggingarkostnaðurinn varð margfalt hærri en eðlilegt var og nauðsynlegt, ef þessi mál hefðu verið tekin föstum tökum frá upphafi og full samvinna höfð um þetta við alla aðila. Öllum stéttum í landinu, öðrum en þeim, sem tekjur höfðu af húseignum, sem byggðar höfðu verið fyrir 1940, var gefið fullt frelsi til þess að hækka tekjur sínar, þótt þær hækkanir samtímis ykju stórkostlega verðbólguna á öllum sviðum. Húseigendum einum allra stétta var þetta fyrirmunað. Samtímis því sem byggingarvísitalan í landinu sexfaldast vegna verðbólgunnar og eftirspurnar eftir efni og vinnu, er viðhaldsvísitölu haldið niðri í 130—140 og húseigendur með því bókstaflega neyddir til þess að láta eignirnar grotna niður fyrir vanhirðu, þar sem leigan gat á engan hátt borið uppi kostnaðinn við eðlilegt viðhald, þótt hún hefði öll verið látin ganga til þess að mæta þeim útgjöldum.

Það skal viðurkennt, að á tímabili voru húsaleigulög nauðsyn vegna húsnæðiseklu, sem stafaði af fyrrnefndum ástæðum, sem húseigendur áttu þó enga sök á, en úr þessu mátti bæta á allt annan og réttlátari hátt en gert hefur verið, ef nokkur vilji hefði verið til samstarfs um það mál frá hendi ríkisstjórnar, en svo hefur ekki verið, og má þar skýrast benda á, að húseigendur áttu ekki einu sinni völ á því að fá einn fulltrúa í húsaleigunefnd. Nær andúð ríkisvaldsins og skilningsleysi á þessu vandamáli þar hámarki sínu, og mun ekki vera unnt að benda á sambærilegt dæmi í nokkru öðru máli, sem til meðferðar hefur verið hin síðari ár og tengt er við verðlagsmálin og lausn þeirra. En nú er svo komið, að húsum hefur verið fjölgað svo í landinu, að meira húsrúm er nú til á hvern íbúa en nokkru sinni fyrr. Er því sýnilegt, að ekki er nauðsynlegt að viðhalda lögunum í þeirra mynd, sem þau eru nú í, af þessum ástæðum. Hitt er öllum ljóst, að húsnæði í hinum nýju húsum er margfalt dýrara en í þeim gömlu, og því vill enginn ótilneyddur rýma úr gömlu húsi til þess að verða að greiða hærri leigu í nýju húsi, og lögin eru fyrst og fremst fyrir þessa fáu menn, sem eiga ekki í langflestum tilvikum neitt óhægara með en aðrir að greiða aðra og hærri leigu, m. a. vegna þess, að launakjör þeirra eru miðuð við framfærslukostnaðinn í landinu á sama hátt og laun annarra aðila, þótt þeir verði að sæta miklu óhagstæðari kjörum um húsnæði.

Allt þetta ranglæti hefur skapað það ástand, að sambúð milli húseiganda og leigjanda er víða algerlega óþolandi og beinlínis þjóðhættulegt að viðhalda því enn um langan aldur, án þess að nokkuð sé aðhafzt. Þær minnstu kröfur, sem hægt er að gera til úrbóta, er að gefa húseigendum fullan ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum, þannig að þeir megi sjálfir ráða því, hvaða fólk þeir taka í sambúð við sig í húsunum. Eftir standa því enn þau ákvæði laganna, að ekki megi hækka húsaleiguna, jafnvel ekki til þess að geta mætt nauðsynlegum kostnaði við viðhald, og enn fremur kvöðinni um að verða að leigja húsin út til íbúðar, eins og áður hefur verið. Það mæla engin skynsamleg rök með því, að þessi breyting eigi ekki að ná fram að ganga, þar sem hún mundi gera allt í senn: Sætta menn miklu betur en áður við að þola skerðingu eignaréttarins yfir húseignunum, útrýma að fullu hinu mjög svo siðspillandi ósamkomulagi, sem þvingað sambýli ávallt skapar, og losa um mikinn hluta íbúða, sem menn reyna með öllum brögðum að halda óleigðum, á meðan þetta ófremdarástand er fyrir hendi í þessum málum, og þannig beinlínis stuðla að því að draga úr húsnæðisskortinum.

Með tilvísun til þess, sem að framan segir, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. marz 1948.

Páll Zóphóníasson, formaður, með fyrirvara.	Gísli Jónsson, frsm.	Lárus Jóhannesson.

Ed. 508. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Þegar meiri hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar hreyfði því á nefndarfundi, að heilbrigðis- og félagsmálanefndin tæki að sér að flytja frumvarp til breytinga á húsaleigulögunum, kom það strax í ljós, að við undirritaðir nefndarmenn vildum ekki eiga hlut að því enn sem komið er.

Í frumvarpinu, sem meiri hluti nefndarinnar flytur, er lagt til, að niður verði felldar 1., 2., 10. og 14. gr. húsaleigulaganna, og er aðalefni breytinganna í því fólgið, að húseigendur megi almennt segja upp leigusamningum um húsnæði. Þetta er eitt þýðingarmesta ákvæði laganna, og voru þau einskisverð, eftir að hömlur þær, sem nú eru í lögum á uppsögn leigusamninga, væru niður felldar. Þess vegna leggjum við eindregið til, að frumvarpið verði fellt.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur átt þess kost að kynna sér álit milliþinganefndar, er ríkisstjórnin skipaði sumarið 1946 til þess að rannsaka áhrif húsaleigulaganna og endurskoða þau, ef ástæða þætti til. Nefnd þessi var skipuð þeim Baldvin Jónssyni héraðsdómslögmanni, Agli Sigurgeirssyni, héraðsdómslögmanni og Gunnari Þorsteinssyni hæstaréttarmálaflutningsmanni. Áliti skilaði hún 24. febrúar 1947.

Lagði meiri hluti milliþinganefndarinnar, þeir Baldvin Jónsson og Egill Sigurgeirsson, til, að húsaleigulögunum yrði ekki haggað eins og stæði, en minni hlutinn, Gunnar Þorsteinsson, taldi hins vegar rétt að breyta þeim.

VIII. Að greiða 30 þús. kr. til fyrirhleðslu í Miðskálaá.

IX. Að greiða allt að 400 þús. kr. til ferjuhafna.

X. Að verja allt að 200 þús. kr. til Miðnesvegar.

XI. Að verja allt að einni milljón kr. til endurbyggingar á Þjórsárbrú.

XII. Að greiða allt að 100 þús. kr. til byggingar sjómannaheimilis í Vestmannaeyjum, gegn a. m. k. ⅔ hlutum annars staðar að, enda hafi bindindisfélögin í Vestmannaeyjum forgöngu og umsjón með rekstri hússins.

XIII. Að greiða allt að 80 þús. kr. til byggingar sjómannaheimilis á Akranesi, gegn a. m. k. ⅔ hlutum annars staðar að, enda hafi bindindisfélögin á Akranesi forgöngu og umsjón með rekstri hússins.

XIV. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1947 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

XV. Að selja strandferðaskipið Súðina, ef viðunanlegt boð fæst, og verja andvirðinu upp í greiðslu kostnaðar af byggingu hinna nýju strandferðaskipa, sem verið er að smíða fyrir ríkissjóð.

XVI. Að ábyrgjast fyrir fiskiðjuver útvegsmanna og fiskimanna á þeim stöðum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, vegna þess að útvegsmenn geti eigi reist þau af eigin rammleik, allt að þriggja milljóna króna lán, er hvíli á öðrum veðrétti á iðjuverinu næst á eftir stofnlánadeildarláni, og megi lánin nema allt að 10% af stofnkostnaði þeirra, enda séu félögin stofnuð og rekin samkv. 3. gr. l. nr. 41 frá 29. apríl 1946.

XVII. Að taka allt að 25 millj. kr. lán til þess að ljúka framkvæmdum, sem fé er veitt til í fjárlögum, ef tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, en vinnuafl nægilegt atvinnuvegunum að skaðlausu.

XVIII. Að taka allt að 1 millj. kr. lán til þess að halda áfram byggingu þjóðminjasafns.

XIX. Að greiða úr ríkissjóði allt að helming kostnaðar við boranir eftir vatni í Vestmannaeyjum, sem framkvæmdar hafa verið af Rafmagnseftirliti ríkisins.

XX. Að greiða slysavarnadeild Rauðasandshrepps allt að 100 þús. kr. úr ríkissjóði í viðurkenningarskyni fyrir frábært afrek við björgun skipbrots-

manna úr sjávarháska. Skal fénu varið til vegabóta í hreppnum eftir ákvörðun deildarinnar.

XXI. Að gefa Ólafi Túbals í Múlakoti og Ásólfi Pálssyni á Ásólfsstöðum eftir veitingaskatt árin 1946 og 1947 vegna tjóns, er þeir hafa orðið fyrir af völdum Heklugossins.

XXII. Að ábyrgjast fyrir stjórn þjóðleikhússins lán í Danmörku og Svíþjóð allt að ísl. kr. 1 500 000.

XXIII. Að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán, 3 millj. kr., til tunnuverksm. ríkisins.

XXIV. Að fresta fjárframlögum til framkvæmda, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárlögum, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkisins gerir það nauðsynlegt. Ef fé er hins vegar fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af öðrum ástæðum, skal það fé geymt, er til þeirra framkvæmda var ætlað, en þær að öðrum kosti látnar sitja í fyrirrúmi á árinu 1949.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1948 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 510. Frumvarp til laga

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 20. gr. laganna bætist orðin: Ef óskað er eftir ökuskírteini hjá lögreglustjóra utan heimasveitar umsækjanda, skal hann láta beiðninni fylgja samþykki lögreglustjóra í heimasveit sinni.

2. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Bifreiðarstjóraefni mega því aðeins æfa sig í bifreiðaakstri, að við hlið nemandans sitji ökukennari, og telst ökukennarinn þá stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandinn telst þó stjórnandi bifreiðarinnar, er prófakstur fer fram. Rétt til þess að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifreiða undir almenna prófið hafa þeir einir, sem fengið hafa til þess löggildingu dómsmálaráðherra. Engum má veita slíka löggildingu, nema hann sé 25 ára að aldri, hafi óflekkað mannorð, hafi leyfi til að aka leigubifreiðum til mannflutninga, hafi frá útgáfu þess leyfis stundað akstur að staðaldri, a. m. k. þann tíma, sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð, og hafi staðizt sérstakt próf fyrir ökukennara. Í reglugerð skal nánar kveðið á um prófgreinar og tilhögun prófsins svo og um, til hve langs tíma löggilding veitir rétt til ökukennslu. Dómsmálaráðherrra getur, hvenær sem er, svipt menn ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið gjald fyrir löggildingu ökukennara og framlengingu hennar.

Æfingar nemenda í akstri tvíhjóla bifreiða mega aðeins fara fram undir stjórn og umsjón ökukennara. Réttindi til kennslu í akstri tvíhjóla bifreiða hafa þeir, sem hafa ökuskírteini, eru 25 ára að aldri og hafa minnst eins árs æfingu í akstri

slíkra bifreiða. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja frekari skilyrði fyrir rétti til þessarar kennslu og svipta mann honum, hvenær sem er, ef ástæða þykir til.

Engum má veita æfingu í akstri, sem yngri eru en svo, að vanti 3 mánuði í 18 ára aldur.

Bifreiðar, sem notaðar eru við kennslu, skulu að aftan og framan bera greinileg spjöld með áletruninni „KENNSLUBIFREIÐ“, og skulu þær löggiltar til kennslunnar af bifreiðaeftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett. Dómsmálaráðherra er heimilt að kveða á um gerð kennslubifreiða, sérstök öryggistæki í slíkum bifreiðum og vátryggingu þeirra umfram aðrar bifreiðar.

Kennsluakstur má fara fram þar, sem akstur bifreiða er leyfður, en þó getur lögreglan bannað slíkan akstur á ákveðnum götum og vegum, er slíkt bann þykir nauðsynlegt.

Ökukennari ber ábyrgð á, að akstursæfingar fari fram á þeim stöðum og með þeim hætti, að telja megi hættulaust fyrir aðra umferð, er tekið er tillit til kunnáttu nemandans.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um kennslu og próf bifreiðarstjóra, og ákveður gjald það, er greiða skal fyrir prófið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 511. Breytingartillaga

við frv. til l. um rekstrarsjóð Symfóníuhljómsveitar Íslands.

Frá Finni Jónssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðunum kvikmyndahúsum komi: í Reykjavík.

Ed. 512. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 23. apríl 1947.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur klofnað í málinu. Meiri hl. (EE, BK og StgrA) vill vísa frv. frá eða fella það að öðrum kosti. Við undirritaðir nefndarmenn mælum með því, að frv. verði samþykkt, þó þannig, að við höfum óbundnar hendur við atkvæðagreiðslu um ýmsa liði þess. Þá leggjum við til, að breytingartill. á þskj. 24 verði samþykktar.

Teljum við, að vegaskipun í Dalasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu sé ekki svo langt á leið komið, að þar sé fullnægja fengin, og áskilur því HV sér rétt til þess að koma fram með breytingartill. við frv.

Alþingi, 12. marz 1948.

Þorst. Þorsteinsson, frsm. Hannibal Valdimarsson.

Ed. 513. Breytingartillaga

við frv. til l. um bændaskóla.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 3. gr. Greinin fellur niður.

Ed. 514. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tryggja skal hjá Samábyrgðinni öll skip, er ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingarkjörin séu eigi lakari en hjá öðrum tryggingarfélögum, að dómi ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Á eftir orðunum „ársreikninginn með áritun endurskoðunarmanna“ í lok 3. mgr. 12. gr. laganna komi: og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 515. Lög

um breyting á lögum nr. 47 1938, um fasteignasölu.

(Afgreitt frá Ed. 15. marz.)

Samhljóða þskj. 387.

Nd. 516. Nefndarálit

um frv. til l. um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur sent raforkumálastjóra frv. til umsagnar og birtir hér bréf hans og umsögn sem fylgiskjöl 1 og 2. Þrír nefndarmenn (JóhH, EOl, HB) lýsa fylgi sínu við frv., en tveir nefndarmenn (ÁÁ, SkG) telja enga töf að því, þó að lagasetning bíði þess, að fullnaðarathugun sé lokið.

Alþingi, 15. marz 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form. — Hallgr. Benediktsson, fundaskr. — Jóhann Hafstein, frsm.

Skúli Guðmundsson. — Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal I.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík. 26. febr. 1948.

Með bréfi, dags. 9. þ. m., sendi háttvirt fjárhagsnefnd mér til umsagnar frv. til laga um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði, þingskjal 193.

Svo sem vikið er að í greinargerð þessa frumvarps, var leitað umsagnar minnar um fram komnar tillögur um byggingu hitaaflstöðvar á Ísafirði á grundvelli frumáætlunar verkfræðinganna Eiríks Briem, Gunnars Böðvarssonar og Benedikts Gröndal. Umsögn þessa, sem er gefin í bréfi til Rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps, dags. 16. nóv. s. l., leyfi ég mér að senda fjárhagsnefnd hjálagt.

Í umsögn minni og í greinargerð frumvarpsins er þess getið, að ýmis atriði í sambandi við tillögu þessa og áætlanir þurfi að taka til nánari athugunar en gert hefur verið, og hef ég einnig síðar hvatt bæjarstjórn Ísafjarðar til að láta hraða slíkum fullnaðarathugunum.

Það er ekki ástæða til þess, að ég reki hér nánar, hverjar þær athuganir eru, sem ég tel enn þurfa að láta gera, áður en ákvörðun verði tekin um það, hvort ráðast skuli í verkið, en ég vil til viðbótar og til áréttingar umsögn minni, sem fyrr er getið, taka þetta fram.

Mér virðast nú litlar líkur vera til þess, að ráðizt verði í Dynjandavirkjunina á næstu árum. Hins vegar virðast mér vera allmiklar ástæður til að ætla, að orkuþörf Vestfjarðanna verði orðin svo mikil, áður en til mála kemur að ráðast í þá virkjun, að þörf verði bæði hennar og hitaaflstöðvarinnar á Ísafirði.

Jafnframt er mér ljóst, að hitaveita af því tagi, sem hér um ræðir, mundi veita þeim, sem hennar njóta, mikil þægindi. Öllum er ljóst, hversu miklu hreinlegri hún er en bæði kola- og olíukynding á heimilunum, og íkveikjuhætta stafar ekki af hitaveitum í húsum manna. Tæknilega getur slík hitaveita, sem hér ræðir um, orðið fullkomnari en hitaveita frá hverum fyrir ýmissa hluta sakir.

Nú er svo ástatt í rafmagnsmálum Ísafjarðarkaupstaðar, að óhjákvæmilegt er að gera þegar í stað ráðstafanir til að auka raforkuvinnsluna, og þegar tekið er tillit til þess, hverjir kostir fylgja hitaveitunni, virðist sjálfsagt að athuga til fulls þessa lausn málanna, áður en ráðizt er í að koma upp nýrri rafstöð af öðru tagi. Vegna þess, hve aðkallandi er, að bæta úr rafmagnsskortinum á Ísafirði, er nauðsynlegt að hraða þessum málum, og hef ég því talið æskilegt, að jafnframt því að fullnaðarathugun fer fram í héraði, gefi Alþingi ríkisstjórninni heimild til að veita málinu nauðsynlegan stuðning, þegar athugun verður lokið og framkvæmd endanlega ákveðin. Fyrir mitt leyti vil ég því mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt.

Við einstök atriði frumvarpsins hef ég ekki fundið ástæðu til athugasemda.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Fylgiskjal II.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 16. nóv. 1947.

Rafveita Ísafjarðar og Eyrarhrepps, Ísafirði.

Með bréfi, dags. 10. þ. m., hafið þér óskað umsagnar minnar um fram komnar tillögur um byggingu hitaaflstöðvar á Ísafirði á grundvelli frumáætlunar verkfræðinganna Eiríks Briem, Gunnars Böðvarssonar og Benedikts Gröndal.

Veturinn 1945—46 var lokið einum áfanga í rannsóknum á virkjunarskilyrðum í botni Arnarfjarðar (Dynjanda) og komizt að þeirri niðurstöðu, að eigi væri til-

tækilegt að virkja þau fallvötn handa Vestfjörðunum fyrst um sinn sökum kostnaðar. Var þá jafnframt ályktað, að kaupstaðir og kauptún á þessu svæði (Vestfjörðum) yrðu í þess stað að auka þær rafstöðvar, sem þau eiga heima fyrir hvert um sig og búa að þeim fyrst um sinn. Síðar gætu þær rafstöðvar orðið varastöðvar við veitu út frá Dynjanda eða öðru vatnsorkuveri, einkum þó hinar stærstu þeirra, nefnilega á Patreksfirði og Ísafirði. En það þótti sýnt, að á samveitu um Vestfirðina yrðu varastöðvar nauðsynlegar, með því að ekki má vænta fullkomins öryggis á rafmagnslínum, sem liggja yfir fjallgarða þessa landshluta.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum höfðu frestað nauðsynlegum aukningum og endurbótum á rafveitum sínum, þar til vitað yrði um niðurstöður Dynjandarannsóknanna, og má segja, að komið væri í eindaga fyrir þeim um þessi mál. En nú eru þó flest þeirra á góðum vegi með að ljúka nauðsynlegum framkvæmdum og hafa komið sér upp nýjum dísilrafstöðvum eða aukið eldri stöðvar.

Þar var einnig vitað, að Rafveita Ísafjarðar og Eyrarhrepps mundi þurfa að koma sér upp olíu- eða kolarafstöð, ef ekki fengist raforka frá Dynjandavirkjuninni. Við undirbúning þessa var tekinn til athugunar sá möguleiki að sameina rafstöðina við gufuvinnslu fyrir hitaveitu um bæinn. Svo sem kunnugt er, nota nokkrar verksmiðjur hér á landi háþrýstitúrbínur til raforkuvinnslu í sambandi við þá gufu, sem þær nota til iðju sinnar. Hér á landi hefur ekki neins staðar komið til framkvæmda að sameina raforkuvinnslu hitaveitu til híbýlahitunar á þennan hátt, þótt skilyrði til þess hafi verið lítilsháttar athuguð. Kostnaður hitaveitunnar sjálfrar ræður miklu um það, hversu hagkvæm slík fyrirtæki geta orðið, en hann fer aftur einkum eftir því, hve dreifð er byggðin, sem hita skal upp. Þá er og jafnvægið milli hita- og raforkuþarfarinnar annað grundvallaratriði.

Hinar fyrstu lauslegu athuganir og áætlanir, sem rafveitustjórinn á Ísafirði, Jón Gauti, og bæjarverkfræðingur þar, Chr. Högh Nielsen, gerðu um gufurafstöð og hitaveitu á Ísafirði, bentu til þess, að þetta fyrirkomulag gæti orðið hagkvæmt þar. Síðan hafa verkfr. Benedikt Gröndal, Eiríkur Briem og Gunnar Böðvarsson rannsakað þetta nánar og gert frumáætlun um rafmagns- og hitaveitu, og hafa áætlanir þeirra, að því er í fljótu bragði virðist, staðfest það, að slíkt fyrirtæki muni, ef að líkum lætur, verða hagkvæmt fyrir kaupstaðinn. Þó er ástæða til nokkru nánari athugunar ýmissa atriða í þessu sambandi.

Verkfræðingarnir miða áætlanir sínar við það, að íbúatalan á orkuveitusvæði rafveitunnar sé 4000 og að af þeim íbúafjölda búi 3000 á hinu skipulagða svæði Ísafjarðarkaupstaðar, en tilsvarandi tölur eru nú 3250 og 2300. Hér er því gert ráð fyrir 18,8 og 23,3% fólksfjölgun. Nú hefur fólksfjölgun á Ísafirði og í Hnífsdal verið mjög hæg um langan aldur og jafnvel um fólksfækkun að ræða hin síðari árin. Er því nokkurt vafamál, hvort réttmætt er að byggja áætlanir á svo mikilli fjölgun sem gert er. Að vísu gera verkfræðingarnir ráð fyrir því, „að fólksfjöldinn mundi brátt ná því marki, ef staðurinn hefði upp á þá möguleika og þægindi að bjóða, sem umrætt fyrirtæki hefði í för með sér". Ég tel, að þessi fullyrðing þyrfti nánari rökstuðnings við. Þau almennu þægindi, sem rafmagnið veitir, nægja að sjálfsögðu ekki til að draga fólk að eða varna því, að það flytji úr byggðarlaginu, ef atvinnuskilyrði eru ekki viðunandi eða jafngóð og annars staðar, og að órannsökuðu máli er ekki hægt að fullyrða, að aukinn aðgangur að rafmagni bæti atvinnuskilyrði svo, að það muni hafa veruleg áhrif á fólksfjölgunina.

Ég taldi því rétt, að athugað væri, hvernig afkoma þessa fyrirtækis verður, ef mannfjöldi á hitaveitu- og raforkuveitusvæðinu helzt óbreyttur frá því, sem nú er. Hef ég beðið Eirík Briem og Gunnar Böðvarsson þessa, og telst þeim, að tekjur og gjöld muni þá standast á að öðrum forsendum óbreyttum. Mundi það því ekki verða fyrirtækinu að falli, þótt fólksfjölgunin á hitaveitusvæðinu yrði minni en áætlunin gerir ráð fyrir.

Ef ekki er hugsað um samstarf rafveitu og hitaveitu, liggur beinast við að koma nú upp dísilrafstöð á Ísafirði. Þess vegna tel ég þurfa að vera fyrir hendi saman-

burðaráætlun um dísilrafstöð, áður en endanleg ákvörðun er tekin um tillögu um hitaveitu.

Þá er enn eitt atriði, sem benda verður á, að hagnaður sá, sem fram kemur í áætlun um hitaveitu-rafstöðina, byggist að verulegu leyti á því, að verð olíunnar er hlutfallslega lægra en kola. Verð hverrar hitaeiningar er rúmlega helmingi hærra í kolum en í olíu þeirri, sem hitaveitan mundi nota. Auk þess nýtist olían betur við brunann. Vaknar þá sú spurning, hvort ekki megi ná svipuðum sparnaði með því að kynda í heimahúsum með olíu í stað kola. Nú er að vísu vitað, að á miðstöðvar í heimahúsum þarf dýrari olíu en á hitaveitustöðina og auk þess fellur á þá olíu dreifingarkostnaður. Þó taldi ég ekki mega láta hjá líða að gera einnig samanburð á þessum grundvelli. Hafa þeir Eiríkur Briem og Gunnar Böðvarsson að beiðni minni gert lauslegan samanburð svo og áætlun um dísilrafstöð, sem áður er á minnzt, og er niðurstöðutölum úr áætlunum þeirra stillt upp í eftirfarandi töflu:

	Stofnkostnaður		Árl. rekstrarkostn.		Rekstrarkosnaður fram yfir hitav.	
	Alls	Erl. gj.e.	Alls	Erl. gj.e.	Alls	Erl. gj.e.
1. Hitaveita:	6 130 000	1 900 000	2 020 000	420 000	„	„
2. Dísilrafstöð og kolakynding: a.	2 800 000	1 300 000	2 200 000	640 000	180 000	220 000
b.	2 800 000	1 300 000	2 560 000	755 000	540 000	335 000
3. Dísilrafstöð og olíukynding: a.	3 800 000	1 700 000	2 150 000	580 000	130 000	160 000
b.	3 800 000	1 700 000	2 300 000	680 000	300 000	260 000

a- og b-liðirnir eru þannig til komnir, að undir a-lið er ekki tekið tillit til þess, að í hitaveituáætluninni er reiknað með því, að heimilin fái 25% meiri varma en þau samkvæmt reynslu fá úr eigin miðstöðvum, né heldur reiknað með neinum kyndingarkostnaði. Undir b-liðnum eru þær tölur, sem koma út, ef kolanotkun á heimilum væri aukin um 25% frá því, sem nú gerist, og reiknað með nokkrum kyndingarkostnaði.

Að koma upp dísilrafstöð, sem vinnur jafnmikla raforku (með þeim vatnsaflstöðvum, sem fyrir eru) eins og hitaveiturafstöðin kostar samkv. þessu 2 800 000 krónur.

Með því að skipta jafnframt um til olíukyndingar á heimilum, en það kostar um 1 000 000 kr., má spara 50 000 kr. á ári í rekstri, sem allt er gjaldeyrissparnaður, og 10 000 kr. að auki.

Loks er með hitaveitunni, sem kostar um 2,3 millj. til viðbótar, hægt samkv. þessum áætlunum að spara um 130 000 kr. á ári í rekstri, og vinnst öll sú upphæð í erlendum gjaldeyri og 30 000 kr. að auki.

Í báðum tilfellum er árlegur sparnaður um 5% af stofnkostnaðaraukningunni, en gjaldeyrissparnaður tiltölulega meiri.

Í áætlunum þeim, sem fyrir hendi eru, kemur ekki fram, hver væri stofnkostnaður hitaveitu, ef ekki væri raforkuvinnsla í sambandi við hana, en hins vegar er þó ljóst, að hitaveitan ein með olíuhitun án raforkuvinnslu ber sig ekki fjárhagslega. Mun láta nærri, að árleg útgjöld af hitaveitunni án raforkustöðvar væru um 1.5 millj. krónur, en tekjur af hitasölu eru ekki áætlaðar nema 870 000 krónur. Tekjurnar af rafkorkusölunni, sem eru áætlaðar 1,39 millj. krónur á ári, eru því:

Hinn eiginlegi vinnslukostnaður raforkunnar	ca.	520 000 kr.
Halli hitaveitunnar	—	600 000 —
og hinn áætlaði tekjuafgangur	—	240 000 —
Samtals	ca.	1 360 000 kr.

Í áætlun verkfræðinganna virðist reiknað með því, að árleg orkuvinnsla verði þannig:

Gufutúrbínan	4 260 000 kwst.
Dísilvélasamstæðan	250 000 —
Gamla vatnsorkuverið	1 890 000 —
	6 400 000 kwst.

Nú mun láta nærri, að árlegur kostnaður af gamla vatnsorkuverinu (og veitunni) og dísilvélasamstæðunni sé um 520 000 kr., og svarar þetta þá til þess, að raforkuframleiðsla gufutúrbínunnar, 4 260 000 kwst. á ári, fáist fyrir „hallann“ af hitaveitunni, 600 000 kr. á ári, eða fyrir 14,1 eyri á kwst.

Er þá ekki hægt að fá þessa orku ódýrar á annan hátt?

Tölurnar í töflunni hér að ofan sýna, að þessi orka verður um 33% dýrari framleidd í dísilrafstöð, eða kringum 18,8 aur./kwst.

En séu nú athugaðar áætlanirnar um virkjun Dynjanda frá marz 1946, sést, að samkv. þeim gæti sú virkjun afhent 4650 kw. úr aðalspennistöðvum í kaupstöðum og kauptúnum Vestfjarðanna fyrir alls um 2,1 milljón króna á ári. Meðalverð á kwst. frá aðalspennistöð við mismunandi nýtingartíma verður þá:

Nýt. tími	Seld orka	Meðalverð á kwst.
4000 klst.	18 600 000 kwst.	11,3 aur.
3000 —	13 900 000 —	15,0 —
2000 —	9 300 000 —	22,5 —

Með þeim 1200 kw., sem eru í orkuverum Ísafjarðarkaupstaðar, mundi vera í samvinnu við Dynjanda auðvelt að ná 4000 klst. nýtingartíma þannig t. d.:

Dynjandi	4650 kw. í 4000 stundir =	18,6 millj. kwst.
Ísafjörður	1200 kw. í 1600 stundir =	1,9 millj. kwst.
Saman	5850 kw. í 3500 stundir =	20,5 millj. kwst.

Samkvæmt þessu mundi jafnvel hin dýra Dynjandavirkjun geta gefið ódýrari orku, eða 11,3 aura á kwst., ef hún yrði vel nýtt. Þetta sýnir, hve drjúgar vatnsaflstöðvarnar eru, ef þær eru vel nýttar.

En nú kemur ekki til greina að virkja Dynjanda eða annað fallvatn, sem um munar, á Vestfjörðum í bili, heldur var, eins og áður er nefnt, hugmyndin sú að koma upp rafstöðvum, sem síðar gætu orðið varastöðvar fyrir Dynjandavirkjunina. Getur þá þessi hin fyrirhugaða hitaveiturafstöð orðið varastöð fyrir vatnsaflstöð síðar.

Með varastöð er venjulega átt við stöð, sem að jafnaði stendur ónotuð, en hægt er að grípa til, ef aðalstöð bilar eða línur slitna. Hin fyrirhugaða hitaveiturafstöð á Ísafirði getur naumast nokkurn tíma orðið varastöð fyrir Dynjanda í þessum skilningi. Hitaveiturafstöðina er ekki hægt að stöðva, nema séð sé fyrir upphitun á annan hátt. Fyrir fram er varla hægt að reikna með því að hætta raforkuvinnslu í hitaveitustöðinni, en halda áfram að hita upp með henni, þar sem það er raforkuvinnsla hitaveitustöðvarinnar, sem réttlætir hana frá fjárhagslegu sjónarmiði, svo sem að framan er getið. Ef kynda ætti hitaveituna með rafmagni, til þess að stöðva mætti að fullu olíukyndingu og nota hitaveiturafstöðina sem varastöð, mundi þurfa 6—7000 kw., eða um 10000 hö., en sú virkjun Dynjanda, sem áætlun var gerð um, var ekki nema 7000 hö. Verð rafmagnsins þyrfti og að vera kringum 3—5 aur./kwst.

Þessa hitaveiturafstöð verður því ekki hægt að líta á sem framtíðarvarastöð, heldur verður að reikna með því, að hún gangi ávallt, meðan upphitunar er þörf,

og framleiði jafnan svo mikið rafafl, sem svarar gufuvinnslunni. Hún verður m. ö. o. grunnstöð af vissri gerð. Hún þrengir því markmið Dynjandavirkjunar eða annarrar samvirkjunar fyrir Vestfirði um rúmlega 4 millj. kwst., eða kringum 600 000 kr. á ári. Þetta álít ég, að sé rétt að gera sér grein fyrir, þegar ákvörðun er tekin um byggingu hitaveiturafstöðvarinnar.

Kemur þá og til athugunar, hvernig Ísafjarðarkaupstaður aflar sér raforku til viðbótar, þegar hitaveiturafstöðin er orðin of lítil, en það getur orðið tiltölulega fljótlega. Virðist hin líklegasta lausn sú að bæta þá dísilmótorum við í hitaveiturafstöðina. Er þetta þó eitt atriðanna, sem nánari athugunar þarf.

Áætlun verkfræðinganna þriggja um hitaveiturafstöð á Ísafirði nær aðeins til þeirra mannvirkja, en ekki til athugana á öðrum leiðum til raforkuöflunar, með því að þessa hafði ekki verið af þeim beiðzt. Eins og bent hefur verið á hér að framan, koma ýmis önnur atriði til athugunar og ýmis sjónarmið til greina. Sú áætlun er og aðeins frumáætlun, og þarf að sjálfsögðu að gera fullnaðaráætlun, áður en hafizt er handa um verkið.

Mér virðist og koma til athugunar, hvort ekki verður talið heppilegast að panta nú þegar dísilsamstæðu af þeirri stærð, sem áætlunin um hitaveiturafstöðina gerir ráð fyrir, eða nokkru stærri, t. d. 400 kw., jafnframt því að haldið er áfram athugunum um hitaveitu og undirbúningi að henni, ef sú leið þykir heppilegust að öllu athuguðu.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Ed. 517. Nefndarálit

um frv. til l. um brunavarnir og brunamál.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur farið yfir frv. þetta á fundum sínum, og að málinu athuguðu varð hún sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 15. marz 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Brynj. Bjarnason. Páll Zóphóníasson.

Ed. 518. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Brynj. Bjarnasyni.

Eftir 2. gr. kemur ný grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:
Eftir c-lið 42. gr. kemur nýr liður (d-liður), er hljóði svo:
Af tollverði efnivara til iðnaðar.

Ed. 519. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, en við undirritaðir leggjum til, að frumvarpið verði samþ. með smávægilegri breytingu.

Eins og vikið er að í greinargerð beitunefndar fyrir frumvarpinu, hefur verð á beitusíld til frystingar orðið mjög mishátt, eftir því á hvaða tíma árs og með hverjum hætti hún er veidd. Hefur herpinótasíldin, sem veiðzt hefur í Hvalfirði, orðið langsamlega ódýrust. Þetta hefur í för með sér þá hættu, að þeir, sem frystu hina dýrari síld á s. l. sumri og hausti, sitji uppi með hana óselda, ef ekki reynist þörf fyrir alla síldina, sem fryst hefur verið, en hinir, sem nutu síldveiðanna í Hvalfirði, selji fyrst alla sína beitusíld. Af þessu mundi hins vegar leiða það, að á komandi sumri og hausti mundu menn ekki vilja taka á sig þá áhættu að frysta til beitu hina dýrari síld, heldur láta reka á reiðanum, í von um, að næg síldveiði verði í Faxaflóa næsta vetur. Færi hins vegar svo, að sú síldveiði brygðist, skapaðist það alvarlega ástand, að útvegurinn hér á Suðvesturlandi stæði uppi á vetrarvertíðinni með litla eða enga beitusíld. Þarf ekki að lýsa því, hversu alvarlegar afleiðingar það mundi hafa fyrir atvinnulíf landsmanna og gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Tilgangur frumv. er að koma í veg fyrir þessa þróun málanna, með því að heimila ráðherra að ákveða verðjöfnun á beitusíldinni, og teljum við það nauðsynlega ráðstöfun, eins og viðhorfið er í þessum málum.

Í frumvarpinu er mælt svo fyrir, að frystihúsum skuli skylt „að láta beitunefnd eða Fiskifélagi Íslands í té upplýsingar um beitubirgðir og innkaupsverð á síld til beitufrystingar.“ Við teljum eðlilegt, að Fiskifélagið eitt hafi með höndum skýrslugerð um þetta efni, og leggjum samkv. framansögðu til, að frumvarpið verði samþ. með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Orðin „beitunefnd eða“ í 3. málslið greinarinnar falli niður.

Alþingi, 15. marz 1948.

Steingr. Aðalsteinsson, frsm. B. Kristjánsson.

Ed. 520. Frumvarp til laga

um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Allur fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, skal metinn af löggiltum matsmönnum og háður eftirliti þeirra. Undanskildar eru þó smásendingar 50 kg eða minni, sem sendar eru að gjöf.

Fisk, sem veiðiskip flytja til útlanda og þau hafa veitt sjálf, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land. Ráðuneytið getur þó sett reglur um slíkan útflutning, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra.

Ráðuneytið getur ákveðið, að mat fari fram á fiski, sem gengur kaupum og sölum innanlands.

2. gr.

Ráðuneytið getur veitt undanþágu frá mati, þegar svo stendur á, að reyndar eru nýjar verkunaraðferðir í tilraunaskyni. Um slíkar undanþágur skal leitað álits fiskmatsstjóra.

3. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja fisk úr landi, skal tilkynna það fiskmatsstjóra eða hlutaðeigandi yfirmatsmanni með hæfilegum fyrirvara. Útskipun, hleðsla og meðferð fisksins í útflutningsskipunum skal fara fram undir umsjón yfirmatsmanns eða löggilts hleðslustjóra.

Hverri matsskyldri fisksendingu til útlanda skal fylgja vottorð fiskmatsstjóra eða yfirmatsmanns.

4. gr.

Ráðherra skipar fiskmatsstjóra og gefur honum erindisbréf. Skal hann hafa á hendi yfirstjórn alls fiskmats á landinu.

Fiskmatsstjóri skal hafa fulla þekkingu á meðferð og verkun á fiski, frá því fiskurinn er veiddur og þar til hann er fullgerð vara til útflutnings. Hann skal hafa vakandi auga á öllum nýjungum í meðferð, verkun og mati fiskafurða og skýra yfirfiskmatsmönnum og öðrum aðilum frá því, er að gagni má verða, svo og leiðbeina yfirmatsmönnum um störf þeirra og í samvinnu við þá stuðla að endurbótum á verkunaraðferðum fiskafurða og fylgjast með vöruvöndun. Honum er enn fremur skylt að ferðast um landið til eftirlits með framkvæmd matsins og til leiðbeininga.

Þá skal matsstjóri, í samráði við ráðherra, ferðast til þeirra landa, er kaupa afurðir héðan, til þess að kynna sér kröfur neytenda og nýjungar í framleiðsluháttum.

Fiskmálastjóri hefur úrskurðarvald um ágreining, er verða kann um fiskmat. Sé ágreiningurinn um vörugæði milli matsins annars vegar og framleiðenda eða annarra aðila hins vegar, má þó vísa honum til úrskurðar iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans.

5. gr.

Ráðuneytið skipar yfirfiskmatsmenn, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra, og gefur þeim erindisbréf. Skulu þeir hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á fiskmati, verkun og meðferð fisks.

Yfirfiskmatsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

6. gr.

Yfirfiskmatsmenn skulu vera sjö á landinu:

1. Einn yfirfiskmatsmaður á Vestfjörðum með búsetu á Ísafirði.
2. Einn yfirfiskmatsmaður á Norðurlandi með búsetu á Akureyri.
3. Einn yfirfiskmatsmaður á Austurlandi með búsetu á Seyðisfirði.
4. Einn yfirfiskmatsmaður í Vestmannaeyjum.
5. Þrír yfirfiskmatsmenn á Suð-Vesturlandi með búsetu í Reykjavík. Skal einn þeirra hafa sérþekkingu á meðferð og verkun saltfisks og harðfisks, en annar sérþekkingu á meðferð og verkun freðfisks og öðru því, er lýtur að þeirri framleiðslu.

Yfirfiskmatsmenn skulu starfa undir stjórn fiskmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Fiskmatsstjóri getur kvatt yfirfiskmatsmann til starfa utan umdæmis hans, þegar sérstaklega stendur á og þörf krefur.

7. gr.

Yfirfiskmatsmennirnir skulu skyldir til þess að ferðast um landið og líta eftir og leiðbeina um verkun og meðferð fisks og hafa umsjón með hleðslu fisks í skip

o. fl., eftir fyrirmælum fiskmatsstjóra. Skulu hleðslustjórar skyldir að hlíta fyrirmælum fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna um hleðslu skipa.

Yfirfiskmatsmenn skulu og fylgjast sem bezt með framleiðslu verkunarstöðva og leiðbeina matsmönnum eftir þörfum.

Fiskmatsstjóri, yfirmatsmenn eða matsmenn geta stöðvað fiskverkun, vinnslu eða útskipun, ef ekki hefur verið fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða annarra fyrirmæla um hráefni, verkun eða meðferð vörunnar.

8. gr.

Fiskmatsstjóri og yfirfiskmatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, annarri en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að fiskverzlun, né heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta fisk til útflutnings eða hafa á hendi umboðssölu eða kaup á fiski.

9. gr.

Ef yfirfiskmatsmaður tekst ferð á hendur til þess að annast fiskmatsstörf eða leiðbeiningar eftir sérstakri kröfu framleiðanda eða útflytjanda, skulu þeir greiða honum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem hann nauðsynlega þarf að vera að heiman í þeim erindum, hvort tveggja eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

10. gr.

Fiskmatsstjóri skal taka laun samkvæmt VI. launaflokki 1. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins.

Yfirfiskmatsmenn skulu taka laun samkvæmt X. launaflokki sömu laga.

Fiskmatsstjóri og yfirfiskmatsmenn fá greiddan kostnað vegna ferða í þágu matsins, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

11. gr.

Sannist þær misfellur á vottorði fiskmatsstjóra eða yfirfiskmatsmanns, er álíta verður, að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka, geti hann sannað, að einhverjir af undirmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmenn ábyrgð á tjóninu. Auk ábyrgðarinnar má þá og svipta þá stöðu sinni eða löggildingu fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot yfirfiskmatsmanna og fiskmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

12. gr.

Á hverri fiskverkunar- eða vinnslustöð skal vera einn fiskmatsmaður eða fleiri, eftir því sem fiskmatsstjóri álítur þörf fyrir.

Fiskmatsmenn skulu hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á fiskmati, verkun og meðferð fisks, eða hafa lokið prófi á námskeiði fyrir fiskmatsmenn, er ráðuneytið setur reglur um.

Fyrirtæki þau eða einstaklingar, er flytja út farma af fiski, skulu skyld til þess að hafa hleðslustjóra með skipunum, er þau taka farm á fleiri höfnum en einni, enda starfi þeir, að því er metinn fisk snertir, undir umsjón fiskmatsstjóra og yfirmatsmanna, sbr. 3. gr. þessara laga.

Þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum, skal, þar sem þess er þörf í verstöð, fela fiskmatsmanni á þeim stað að hafa eftirlit með því, að ýmis ákvæði reglugerða samkvæmt lögum þessum séu haldin, svo sem ákvæði um aðgerð fisks, útbúnað fiskiskipa, áhöld og fleira, er varðar mat og meðferð fisks.

Lögreglustjóri löggildir, samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra, starfsmenn þá, sem um ræðir í þessari grein, og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

13. gr.

Kaup fiskmatsmanna fyrir starf þeirra við fiskmatið greiði eigendur fisksins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglum um störf fiskmatsmanna.

14. gr.

Til þess að tryggja sem bezt samræmi í mati á fiskafurðum, skal fiskmatsstjóri halda fundi með yfirmatsmönnum og matsmönnum, svo oft sem þurfa þykir. Á fundi þessa skal boða verzlunarerindreka landsins, er gefið geti upplýsingar og leiðbeiningar um kröfur markaðslanda vorra.

15. gr.

Fiskmatsstjóri skal sjá um, að tilraunir verði gerðar með nýjar aðferðir til verkunar á fiskafurðum, svo og til endurbóta á eldri aðferðum. Tilraunir þessar skal hann gera í samvinnu við eða undir umsjá Atvinnudeildar háskólans. Þá skal hann og sjá um, að rannsökuð verði hagnýti mismunandi aðferða, gildi byggingar- og einangrunarefna, nýting orku o. fl. varðandi verkun og vinnslu fiskafurða, einnig í samvinnu við sömu stofnun, svo að efni, vinna og orka nýtist sem bezt við framleiðsluna.

16. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að setja reglugerðir og fyrirmæli um meðferð á fiski, sem verkaður er til útflutnings, svo og um hráefni, tæki, vinnslustöðvar og útbúnað fiskiskipa. Enn fremur um verkun, umbúðir, mat, flutning og útflutning á fiski.

Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þessari grein, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim allt að 50 000 kr., er renni í ríkissjóð.

17. gr.

Sá, sem flytur eða lætur flytja út fisk án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann, sæti 1 000 til 30 000 króna sektum í ríkissjóð, sbr. þó 1. mgr. 1. gr. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt nema allt að 60 000 kr.

Um mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, fer sem um almenn lögreglumál.

18. gr.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, eru lagðar niður eftirtaldar stöður:

1. Staða fiskimatsstjóra, sbr. lög nr. 7 9. jan. 1935.
2. Staða fræðfisksmatsstjóra.
3. Stöður fimm yfirfiskimatsmanna samkvæmt 3. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat.
4. Stöður fimm yfirfræðfisksmatsmanna.
5. Staða skreiðarmatsstjóra.

19. gr.

Frá því, er lög þessi kom til framkvæmda, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat, og lög nr. 9 1. febrúar 1936, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 7 9. jan. 1935, um fiskimatsstjóra.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 521. Breytingartillaga

við frv. til l. um kauprétt á jörðum. (Þingskjal 452).

Frá Þorst. Þorsteinssyni og Eiríki Einarssyni.

Við 4. gr. frv. Önnur málsgrein frumvarpsgreinarinnar falli niður.

Nd. 522. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á mörgum fundum og leitað umsagnar um málið hjá héraðslækninum í Reykjavík, landlækni og stjórn Læknafélags Reykjavíkur, og hafa allir þessir aðilar gert bréflega grein fyrir afstöðu sinni til frv., og eru svör þeirra birt hér sem fylgiskjöl með nefndarálitinu. Auk þess átti nefndin viðræður við heilbrigðismálaráðherra, landlækni, borgarstjóra og heilbrigðisfulltrúa Reykjavíkur um frumvarpið.

Eins og frv. ber með sér, fer það fram á, að verksvið heilbrigðisfulltrúans verði mjög aukið og embættisheiti hans hér eftir borgarlæknir. Er honum ætlað að hafa með höndum ýmsar framkvæmdir og heilbrigðiseftirlit, sem fram að þessu samkv. lögum hafa heyrt undir héraðslækninn í Reykjavík.

Í lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, eru skýr ákvæði, sérstaklega í 4. og 5. gr. téðra laga, um verksvið og störf héraðslækna almennt, og segir þar, að héraðslæknir hafi hver innan síns héraðs eftirlit með heilbrigðismálum og annist þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkv. lögum og fyrirmælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis. Auk þess eru í lögum þessum ýmis ákvæði, er sérstaklega varða héraðslæknisembættið í Reykjavík. Frv. það, sem hér um ræðir, fer fram á gagngerar breytingar á fyrirmælum téðra laga frá 1932, og hefði því ekki verið óeðlilegt, að frv. færi einnig fram á breytingar á þeim lögum, og sýnir þetta bert, að frv. er fljótfærnislega undirbúið og að ekki er vanþörf á að taka það til rækilegrar yfirvegunar og endurskoðunar. Allir þeir sérfróðu aðilar, sem opinberlega hafa fram að þessu fjallað um heilbrigðismál Reykjavíkur og framtíðarskipulag þessara mála, hafa litið svo á, að nauðsynlegt væri, að þessum málum væri sem mest stjórnað frá einum sameiginlegum stað undir yfirstjórn héraðslæknisins í Reykjavík, sem aftur væri ábyrgur gagnvart heilbrigðisstjórn ríkisins.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að ekki sé óeðlilegt, að Reykjavík sökum stærðar og fólksfjölda fái meiri íhlutun um þessi mál en verið hefur til þessa, og hið sama sjónarmið kom fram hjá heilbrigðisstj., er rætt var við hana um málið, en allir þessir aðilar voru sammála um það, að þetta væri ekki eins auðvelt, ef vel og heillavænlega á að skipast um þessi mál, bæði vegna Reykjavíkur og þjóðarinnar í heild, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, og þyrfti nákvæmari undirbúning af hálfu sérfróðra manna. Heilbrigðisstjórnin lýsti því og yfir við nefndina, að hún væri reiðubúin til þess að taka málið til rækilegrar athugunar í samráði við bæjaryfirvald Reykjavíkur og læknastéttina og leggja málið að nýju fyrir næsta Alþingi á komandi hausti, enda virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að málið dragist um þann tíma, því að frv., þótt að lögum verði, gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu á skipan þessara mála, meðan núverandi héraðslæknir gegnir því embætti, annarri en

þeirri, að núverandi heilbrigðisfulltrúi hljóti nafnið borgarlæknir, og því takmarki virðist vera auðvelt að ná, án þess að um lagabreytingu þurfi að vera að ræða. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að heilbrigðisstjórnin telur, að breyting sú á læknaskipun Reykjavíkur, sem lögfest yrði með samþykkt þessa frv., samrýmist ekki heilbrigðislöggjöf landsins í öllum atriðum, og með því að heilbrigðisstjórnin hefur tjáð sig þess albúna að efna til endurskoðunar læknaskipunar- og heilbrigðislöggjafarinnar í því skyni, að bæjaryfirvöld Reykjavíkur fái meiri íhlutun um þessi mál en nú er, svo og með því að nægur tími er fyrir hendi til slíkrar endurskoðunar, þar sem frv. er ekki ætlað að taka gildi fyrr en eftir nokkur ár, felur deildin heilbrigðisstjórninni að undirbúa mál þetta rækilega fyrir næsta þing og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. marz 1948.

Helgi Jónasson, fundaskr., frsm. Katrín Thoroddsen. Gylfi Þ. Gíslason.

Fylgiskjal I.

Kafli úr bréfi héraðslæknisins í Reykjavík.

Í þessum bréfkafla hef ég reynt að færa rök að þessum atriðum:

1. Að héraðslæknirinn í Reykjavík er nú orðið eingöngu heilbrigðismála- og heilbrigðiseftirlitslæknir, og ef taka á undan hans embætti heilbrigðiseftirlitið o. s. frv., þá er það raunverulega sama sem að leggja héraðslæknisembættið niður. Þetta er að vísu ekki viðurkennt í greinargerð frv., en reynt að láta líta svo út, að allmikið af störfum verði samt sem áður eftir í höndum héraðslæknis. Þetta er sjálfsagt af vanþekkingu ritað. Sumt af þeim störfum, sem þar eru talin, hafa aldrei heyrt undir héraðslækni, svo sem eins og „lyfjagerð". Að vísu er mér ekki ljóst, við hvað er átt með því orði, en sé þar átt við eftirlit með lyfjabúðum, þá hefur það aldrei legið undir héraðslækni.

Fjöldinn allur af hinu, sem upp er talið í greinargerðinni, á að hverfa í náinni framtíð undir hina tilvonandi heilsuverndarstöð, eins og sjá má á nefndaráliti því um heilsuverndarstöð í Reykjavík, sem nefnd sú, er ég áður minntist á, hefur skilað til bæjarstjórnar og ekki verið andmælt, svo ég viti.

Vegna þess að ég veit ekki, hvort hv. þingnefnd hefur séð þetta nefndarálit, þá leyfi ég mér hér með að láta fylgja afrit af því máli mínu til sönnunar.

Þá er eitt talið sem áframhaldandi starf héraðslæknis, það er að veita forstöðu sóttvarnarhúsinu í Reykjavík. Um þetta atriði er það að segja, að það hefur ekkert starf verið, komið fyrir á margra ára fresti, að sóttvarnarhúsið væri notað um tíma og tíma fyrir innanbæjarfaraldra vegna rúmleysis á farsóttahúsi bæjarins. En nú er gert ráð fyrir, að sóttvarnarhús ríkisins verði sameinað farsóttahúsi bæjarins og sett undir lækna Landsspítalans.

Þó skal því ekki neitað, að ekki kunni að vera eitthvað í upptalningu greinargerðarinnar, sem óráðstafað virðist eftir þessar athuganir, en það verða smámunir einir, sem engum dytti í hug að halda uppi sérstöku embætti fyrir. — Nei, ef borgarlæknisembættið verður stofnað í því skyni, að það taki við heilbrigðiseftirliti því, sem héraðslæknirinn nú hefur samkvæmt lögum, þá er sjálfsagt að leggja héraðslæknisembættið niður, enda mundi það verða sjálfgert. Enginn læknir mundi sækja um slíkt embætti, valdalaust og skugga einn. Ef bæjarstjórn endilega vill heimta heilbrigðismál bæjarins í hendur „borgarlækni", launuðum af bænum og háðum bæjarstjórn, þá verður að stíga sporið fullt út, en ekki stofna til glundroða og vandræða í öllu eftirliti með því að sundra því.

2. Ég hef bent á það, að ég get ekki séð, hvers vegna heilbrigðisfulltrúinn geti ekki verið ráðunautur bæjarins í heilbrigðismálum, þó stöðu hans sé ekki breytt, og að hann þurfi endilega að heita „borgarlæknir" til þess að vera nothæfur til slíks, fæ ég ekki skilið. Vitaskuld eru og geta alltaf verið ýmis mál varðandi heilbrigðismál bæjarins, sem eru þannig vaxin, að engin lagaskylda er að bera þau undir héraðslækni, ef menn vilja forðast það, svo sem sjúkrahúsmál og fleira, og aftur önnur þannig löguð, að það mundi að miklu leyti velta á stéttartilfinningu (Collegialiteti) heilbrigðisfulltrúans, hvort hann ráðgaðist um þau við héraðslækninn, ef hann teldi sér vansæmd í slíku eða teldi það geta haft hættulegar afleiðingar fyrir málefnið.

3. Þá hef ég bent á, að breyting á læknaskipun Reykjavíkur, líkt og frv. fer fram á, hefur í för með sér svo miklar breytingar á fjölda annarra laga, ef ekki á að koma til verulegra árekstra og tvíverknaðar, að það er mikið verk, sem vinna þarf til þess að samræma allt þess háttar, ef embættin eiga að halda áfram að vera tvö. Mér dettur ekki í hug að reyna að benda á allan þann fjölda laga, sem þar koma til greina, það er hvorki tími né ástæða til þess. Aðeins vil ég leyfa mér að benda á hin allra nýjustu og merkustu af þeim, sem verulega snerta heilbrigðismál, en það eru lögin um almannatryggingar. Samkvæmt þeim getur „borgarlæknir" ekki komið til greina sem sjálfstæður starfslæknir við heilsuverndarstöðina, vegna þess að þar er svo fyrir mælt í 82. og 83. gr., að ríkissjóður greiði laun allra lækna, sem þar starfa, og að ráðherra skipi þá. Þetta er aðeins eitt lítið dæmi, en virðist þó benda til þess, að löggjafanum hafi enn þá ekki, allt til síðustu ára, skilizt, að heilsuvernd og heilbrigðiseftirlit bæjarfélaganna væri verr komið í höndum ríkislaunaðra lækna heldur en bæjarlaunaðra.

Vegna þess mikla glundroða, sem þessi breyting kemur til með að gera meðal annars, finnst mér það hin mesta fjarstæða, að Alþingi samþykki frumvarpið á þskj. 347 á þessu þingi til þess eins, að því er séð verður, að löggilda nýtt nafn, nýjan titil á heilbrigðisfulltrúann í Reykjavík.

4. Loks vil ég benda á það sérstaklega, að í þessum bréfkafla lýsti ég yfir því við bæjarstjórn, að ef bylting þessi í skipun stjórnar heilbrigðismála bæjarins væri sprottin af vantrausti á mér (sem reyndar virðist nokkuð bóla á í síðustu málsgr. greinargerðar frumvarpsins, og mun ég ef til vill minnast á það síðar), þá væri ég fús til þess að láta af embætti. Það tilboð mitt stendur enn, en með því eina skilyrði, að stjórn heilbrigðismála bæjarins verði ekki sundrað og embætti mitt, hvað sem það yrði kallað, verði veitt samkv. lögum nr. 21 13. júlí 1937, það er, að eftirmaður minn uppfylli þær kröfur um menntun, sem þar eru gerðar, enda ætti ekki annað að geta komið til mála.

Skal ég þá loks leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við greinargerð frv. auk þess, sem ég þegar hef vikið að henni. — Þar er þess getið, að þegar heilbrigðisfulltrúastaðan varð laus, hafi verið ákveðið að gera hana að sjálfstæðu starfi o. s. frv. Ég skal ekki bera brigður á það, að þetta hafi komið til mála og verið tilætlunin. En þá hefur starfið verið auglýst undir röngum eða að minnsta kosti villandi forsendum. Ég tel alveg víst, að hefði starfið verið auglýst þannig, að einungis lækni yrði veitt staðan og hún ætti að verða „sjálfstæð" og breyta um nafn hennar, þá hefðu fleiri læknar um hana sótt, og þá jafnvel einhver meðal þeirra verið nær því að fylla upp þær kröfur, sem lögin gera til slíks manns. Það er því vægast sagt undarlega að orði komizt í greinargerðinni, þegar sagt er, að á þessum grundvelli hafi tekizt að fá dr. Jón.

Þessi grundvöllur var alls ekki reyndur með auglýsingunni og því alveg ósagt, hversu margir eða hversu menntaðir læknar kynnu að hafa sótt, ef læknastéttin hefði ekki verið þessum fyrirhuguðu fyrirkomulagsbreytingum dulin, enda geri ég ráð fyrir, að ef frv. á þskj. 347 verður að lögum, þá telji læknastéttin sjálfsagt, að embætti það, sem það fjallar um, verði auglýst til umsóknar.

Þessi fyrirætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs virðist þó ekki hafa verið fulltrúunum ljós, þar sem heilsuverndarstöðvarnefndin leggur til, eftir að dr. Jóni var veitt heilbrigðisfulltrúastaðan, að starfssvið héraðslæknis skuli vera hið sama og áður og heilbrigðisfulltrúi starfi með honum á sama hátt og áður. Í þessari nefnd voru þó að minnsta kosti tveir bæjarfulltrúar og að ég held annar úr bæjarráði. Svo er hitt, að þegar frv. það að heilbrigðissamþykkt, sem ég áður hef getið um, var afgreitt til bæjarstjórnar frá heilbrigðisnefnd, var enginn nefndarmanna, sem bar mál á það, að slíkrar breytingar væri von. Eiga þar þó sæti tveir bæjarfulltrúar, annar úr bæjarráði.

Þá er á það bent í greinargerðinni, að eðlilegra sé, að heilbrigðisfulltrúinn eða sá embættismaður, sem í hans stað kemur, sé háður yfirvöldum bæjarins, en ekki ríkis, vegna kostnaðar við þau störf, er hann stjórnar, en hann sé greiddur úr bæjarsjóði. Er þar nefnt t. d. kostnaður við sorphreinsun. — Mig rak í rogastanz, þegar ég sá þessi rök, því héraðslæknirinn hefur aldrei haft með nein þess háttar fjárhagsmál bæjarins að gera. Það hefur verið heilbrigðisfulltrúinn, og einkum hefur þetta átt alveg við um sorphreinsunina, sem algerlega hefur lotið heilbrigðisfulltrúa, nema þær bendingar sem ég og heilbrigðisnefnd hafa til hans beint vegna kvartana eða annarra ástæðna.

Hvort sem því heilbrigðisfulltrúinn verður nefndur borgarlæknir eða ekki, þá hefur hann eftir sem áður alveg umráð þessara fjárhagsmála, nema heilbrigðisnefnd og bæjarstjórn ákveði öðruvísi.

Mér ber sjálfsagt að vera þakklátur fyrir það, að ekki er ætlazt til, að breytingar þær, sem frv. felur í sér, komi til framkvæmda, á meðan ég sit í héraðslæknisembættinu, og má víst þakka það núverandi borgarstjóra, en ég óttast bara, að mitt starf fái ekki að njóta sín eftir eins og áður, eftir því sem á þessum málum hefur verið haldið á bak við mig af þeim, sem mest sækjast eftir framgangi frumvarpsins.

Í síðustu málsgrein greinargerðarinnar er þess getið, að gert sé ráð fyrir því, að ég veiti borgarlækni sem frjálsastar hendur. — Mér þykir leiðinlegt, að flutningsmenn frv. skyldu þurfa að láta á því bera við Alþingi, að ég mundi spilla fyrir heilbrigðismálum bæjarins og framgangi þeirra eða hafa slæm áhrif á starf heilbrigðisfulltrúans, ef ég skipti mér af þeim, meðal annars af því, að ég hafði getið þess áður, að samvinna okkar gæti orðið til hags fyrir bæinn, ef reynsla mín mætti aðstoða hans miklu þekkingu.

Annars vil ég benda á, eins og sjá má af oft nefndum bréfkafla hér að framan, að ég hafði ætíð ætlað mér að gefa heilbrigðisfulltrúanum sem frjálsastar hendur sem fulltrúa mínum í mínu umboði. Hvernig þessu verður við komið við „borgarlækni“ hef ég ekki enn gert mér ljóst, en sjálfsagt fer það eftir því hverja þegnsemi hann sýnir mér. Hitt er víst, að af þeim skyldum, sem mér lögum samkvæmt eru lagðar á herðar, læt ég engan taka neitt frá mér nema til framkvæmdar sem fulltrúa minn og í mínu umboði.

Satt er það, að ég fagnaði því að fá lækni mér til samstarfs, sem ég gæti haft sem fulltrúa minn með fullu umboði og þannig látið létta á mér miklum erli, enda gerði ég þá ráð fyrir fullum þegnskap og drengskap. Hinu fagna ég ekki, að stofnað sé til glundroða og tvíverknaðar í heilbrigðiseftirlitinu, án þess á mér verði létt, nema síður sé.

Loks vil ég leyfa mér að benda hv. heilbrigðis- og félagsmálanefnd aftur á það, að ég tel mjög æskilegt eða reyndar sjálfsagt, að frv. þetta sé ekki með offorsi barið fram á þessu þingi, enda hefur það engan árangur nema hégómlega nafnbreytingu á starfi.

Ef það mætti ræðast á milli þinga meðal læknastéttarinnar og stéttarfélaganna, mætti vel fara svo, að þá lausn mætti finna, sem allir mættu vel við una.

Annars má búast við óþægilegum eftirköstum frá læknastéttinni.

Því miður kemur þessi umsögn mín seinna fram og er flausturslegar samin en ég hefði viljað, vegna veikinda minna, en ég vona, að hv. heilbrigðis- og félagsmálanefnd láti það ekki granda góðum málstað.

Héraðslæknirinn í Reykjavík.
Magnús Pétursson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 4. marz 1948.

Til umsagnar mér sendu frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, vil ég taka fram:

1. Þar sem hér ræðir um mjög mikils háttar breytingu á læknaskipuninni í landinu, er illa til fundið að koma henni í kring með breytingu á lögum um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, með því að þau lög fjalla alls ekki um læknaskipunina. Ef slík breyting yrði gerð, eiga ákvæði þar að lútandi að sjálfsögðu heima í lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna (sbr. einkum 4. og 5. gr. þeirra laga).

2. Hvarvetna í heilbrigðislöggjöf landsins er miðað við það, að héraðslæknar hafi umsjá allra heilbrigðismála, hver í sínu héraði, og séu ríkisembættismenn. Með því að taka svo mikinn hluta heilbrigðismála Reykjavíkur, sem hér er gert ráð fyrir, út úr þessu kerfi og fela umsjá læknis, sem ekki sé ríkisembættismaður, er svo gagnger breyting gerð á heilbrigðismálaskipuninni, að nauðsyn ber til að fara vandlega yfir alla heilbrigðislöggjöfina með tilliti til slíkrar umbyltingar. En það er svo yfirgripsmikið og vandasamt verk, að til þess hrekkur hvergi nærri hinn naumi tími, sem mér er skammtaður til að íhuga þetta frumvarp, enda vildi ég ekki vera einn um þá heildarathugun. Lög um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir fjalla um sérrækslu heilbrigðismála í einstökum sveitarfélögum. Virðast þau lög ein hafa verið höfð í huga við samningu þessa frumvarps. En til er fjöldi annarra heilbrigðislaga, svo og heilbrigðisákvæða í hinum sundurleitustu lögum, er taka á einn og sama hátt til landsins í heild, og miða öll, ýmist með orðanna hljóðan eða þegjandi, við afskipti héraðslækna sem embættismanna ríkisins og sérstakra trúnaðarmanna þess. Framkvæmd þessara heildarlaga og lagaákvæða er síðan alla vega samtvinnuð framkvæmdum heilbrigðismála samkvæmt heilbrigðissamþykktum. Þess vegna fer ekki hjá því, eftir stofnun borgarlæknisembættis í Reykjavík af ekki meiri fyrirhyggju en efnt er til með þessu frumvarpi, að upp komi margvísleg vafamál um valdsvið borgarlæknis annars vegar og héraðslæknis hins vegar, og mundi það óhjákvæmilega leiða til árekstra, glundroða og stjórnleysis, sem jafnan fylgir tveimur tígulkóngum í spili, er öðrum hættir við að leyfa það, sem hinn bannar. Af handahófi nefni ég sem dæmi framkvæmd ýmiss konar vinnuverndarlöggjafar, framfærslulaga, berklavarnarlaga, tryggingarlaga, húsaleigulaga, svo og framkvæmd skólaeftirlits og matvælaeftirlits, en margt fleira mætti nefna, og fer því fjarri, að ég hafi það allt á hraðbergi. Um matvælaeftirlitið — þar með talið hið viðkvæma mjólkureftirlit — er það að segja, að það er rekið á fjárhagslega ábyrgð ríkissjóðs, og fer því vissulega fjarri, að þá hæfi, að um það sýsli í Reykjavík starfsmaður bæjarins, algerlega óábyrgur gagnvart ríkisstjórninni. Kann líku máli að gegna um fleira. Flest störf héraðslækna eru innbyrðis svo nátengd og hvert í annað flækt, að miklum vandkvæðum hlýtur að verða bundið, ef ekki með öllu ógerlegt, að skipta þeim á milli tveggja embættismanna á sama stað, er hvorugur sé undir annan gefinn og hvor þjóni sínum herra. Annars er jafnframt

að gæta í þessu sambandi. Þjóðarheildin á svo mikið undir því, hvernig heilbrigðismál einstakra sveitarfélaga eru rækt og þá allra helzt heilbrigðismál höfuðborgarinnar, að aftan að öllum siðum virðist farið með því að gera hana algerlega óháða íhlutun framkvæmdarvalds ríkisins um rækslu meginþorra heilbrigðismála hennar og borgarlækninn að algerlega ósjálfstæðum þjóni bæjarstjórnarinnar. Geri ég ráð fyrir, að slíkt sjálfræði, sem hér er stefnt að, eigi sér fá fordæmi með menningarþjóðum, enda allra sízt fallið til að halda bæjaryfirvöldunum vakandi á verðinum og örva þau til dáða.

3. Í héruðum utan Reykjavíkur er héraðslæknirinn jafnan ráðunautur sveitarfélaganna innan læknishéraðsins um allt, er lýtur að heilbrigðismálum. Veldur þetta ekki árekstrum og sízt svo, að á sveitarfélögin þyki halla. Vel má fallast á, að nokkru öðru máli gegni um Reykjavík, er svo miklu veltir. Hefði ég reyndar ekki talið óeðlilegt, að hún stofnaði til bæjarembættis, skipaðs þar til hæfum lækni, er hefði þá sýslu að vera sérfróður ráðunautur borgarstjóra, bæjarráðs og bæjarstjórnar um öll heilbrigðismál, er þessir aðilar þurfa að taka afstöðu til. Mætti læknir þessi hafa yfrið að starfa við að skipuleggja heilbrigðismál Reykjavíkur, þó að ekkert af störfum héraðslæknis félli beinlínis undir hann. Þar til nefni ég tryggingar- og framfærslumál sjúklinga, örkumla fólks og gamalmenna, heilsuverndar- og sjúkrahjálparmál, þar með talin lækningastöðva- og sjúkrahúsmál, sem eiga fyrir sér að verða mikil sýsla, húsnæðis- og skipulagsmál o. fl. o. fl. En til viðbótar gæti það heyrt undir þenna lækni að fylgjast með því fyrir hönd bæjarins, að héraðslæknirinn innti röggsamlega af hendi sínar skyldur við bæjarfélagið. Þenna lækni mætti vel kalla borgarlækni, og er engrar lagaheimildar þörf til að stofna slíkt embætti.

4. Á Norðurlöndum eru bæði héraðslæknar og bæjar- eða borgarlæknar. En ekki þekkist það, að bæjarlæknir og héraðslæknir séu í sama umdæmi og skipti með sér störfum. Læknisumdæmi eru annaðhvort héraðslæknisumdæmi eða bæjarlæknisumdæmi (hinir stærri bæir), en aldrei hvort tveggja, og eru embætti þessi algerlega samsvarandi að öðru leyti en því, að hlutaðeigandi bæjarfélög eiga meiri eða minni ítök í skipun bæjarlæknanna, enda launa þá að meira eða minna leyti. Borgarlæknir Kaupmannahafnar er valinn af bæjarstjórninni, en konungur staðfestir ráðningu hans og að sjálfsögðu á ábyrgð heilbrigðismálaráðherra. Laun sín þiggur hann af bæjarstjórninni. Bæjarlæknar í Noregi munu vera launaðir bæði af bæjum og ríki, en í Svíþjóð að öllu leyti af bæjunum. Um tilhögun skipunar bæjarlækna í þessum löndum er mér ekki fyllilega kunnugt. Jafnskjótt sem frumvarp þetta kom fram á Alþingi, gerði ég ráðstafanir til að afla mér áreiðanlegra gagna um læknaskipun á Norðurlöndum með sérstöku tilliti til bæjarlæknisembætta, en þau gögn hafa því miður ekki borizt mér enn þá. Skortir það m. a. á, að ég geti nú þegar gengið svo frá þessari umsögn sem ég vildi.

5. Eðlilegt má telja, enda í samræmi við þróun læknaskipunarmála á Norðurlöndum, að Reykjavík krefjist aukinnar íhlutunar um skipun embættislæknis síns, hvort sem hann á heldur að heita borgarlæknir eða héraðslæknir, og þá allra helzt, ef hún kýs að hafa hann jafnframt að trúnaðarmanni og ráðunaut um öll heilbrigðismál sín, en hirðir ekki um að ráða til þess sérstakan lækni á þann hátt, sem vikið var að hér að framan. Vil ég, að þessu máli sé tekið af fyllstu sanngirni, jafnframt því sem ég ræð eindregið til þess, að sem nákvæmust hliðsjón verði höfð af skipun þessara mála á Norðurlöndum, sem hafa á langri reynslu að byggja í þessu efni. Við hinu vara ég, að flaustra hér upp, að lítt eða ekki athuguðu máli, þeirri skipun, sem hvergi mun eiga sér hliðstæður á byggðu bóli og fyrir fram má vita um, að leiða hlýtur til meiri eða minni vandræða. Ef að máli þessu er unnið af fullri gát með velvild og af sanngirni á báða bóga, efa ég ekki, að finna megi þá lausn þess, er báðir aðilar, ríki og bær, megi vel við una, enda takist að haga svo skipun borgarlæknis, ef til kemur, að vandræðalaust megi fela honum óskipt störf héraðslæknis, sem svo umhent er að skipta. Því heldur má vænta þessa, sem engin

ástæða er til að flaustra málinu af. Breytingarinnar er ekki æskt, fyrr en núverandi héraðslæknir í Reykjavík lætur af embætti, og eru því ár og dagar til stefnu. Ég tel ekki þá breytingu, sem ein kæmi nú þegar til framkvæmda, en það er breytingin á starfsheiti heilbrigðisfulltrúa bæjarins, og hlýtur að vera unnt að koma þeirri nafnbót við án ótímabærrar lagasetningar.

6. Vekja vil ég athygli á því, að samkvæmt lögum nr. 21 13. júní 1937 er sú krafa gerð til héraðslæknanna í Reykjavíkur- og Akureyrarhéruðum, að þeir séu sérfræðingar í heilbrigðisfræði. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að einmitt hin heilbrigðisfræðilegu störf falli undan héraðslækninum og undir borgarlækni. Af borgarlækninum er þó ekki krafizt sérkunnáttu í heilbrigðisfræði, heldur af héraðslækninum, sem heilbrigðisfræðilegu störfin á ekki að vinna. Á eftir yrðu og ríkari kröfur gerðar um kunnáttu til heilbrigðisfræðilegra læknisstarfa á Akureyri heldur en í Reykjavík. Varla þarf að taka fram, að hneyksli væri að lögfesta slíka endileysu.

7. Með samþykkt þessa frumvarps er bersýnilega stefnt að því, að núverandi heilbrigðisfulltrúi í Reykjavík hefjist af sjálfu sér upp í að verða borgarlæknir í Reykjavík og hljóti þar með samkeppnislaust eitt hið ábyrgðarmesta læknisembætti landsins. Þegar heilbrigðisfulltrúastarfið var auglýst laust á sínum tíma, var ekkert kunnugt gert um, að slíkt stæði til, enda alls ekki að sjálfsögðu læknisstaða. Hafi þetta verið tilgangurinn, hefur starfið verið auglýst og veitt með villandi forsendum. Læknastéttin hefur lagt á það ríka áherzlu, að hvert opinbert læknisstarf væri auglýst laust til umsóknar, og hefur ekki frá því verið vikið nú hátt upp í tvo áratugi. Mun og almennt vera viðurkennt, að veitingar læknisembætta séu einhverjar hinar siðlegustu embættaveitingar hér á landi. Með því, sem hér stendur til, er bersýnilega vikið frá góðum og þjóðfélaginu hollum siðum, stefnt til algerlega óviðeigandi ófriðar við læknastéttina og móðgun sýnd hlutaðeigandi lækni með því að ætlast til þess, að hann taki við svo virðulegu embætti á jafnóvirðulegan hátt, og vil ég ekki láta mér detta í hug, að hann þekkist það.

8. Eftir að nýsett hafa verið lög á Alþingi, er hækka allar sektir, ákveðnar í lögum, í samræmi við kaupgjaldsvísitölu, er ekki jafnknýjandi nauðsyn á sérstakri hækkun sektarhámarks fyrir brot á ákvæðum heilbrigðissamþykkta (sbr. 4. gr. frumvarpsins), og svarar varla ómaki að hreyfa við lögunum eingöngu þess vegna.

9. Niðurstaða máls míns er sú að leggja til, að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað, en ráðstafanir gerðar til þess, að málið verði tekið til rækilegrar athugunar af sérstakri nefnd, er vel ætti við að skipa svo, að bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefndi einn nefndarmann, Læknafélag Íslands annan og heilbrigðisstjórnin hinn þriðja. Mætti nefnd þessi ljúka störfum og skila tillögum sínum fyrir næsta Alþingi. Taka vil ég fram, að ég hef átt kost á að ræða þetta mál við marga lækna, og hef ég ekki rekið mig á neinn, er líti á það á annan veg en ég í aðalatriðum. Sérstaklega vil ég láta þess getið, að hinn eini læknir, sem sæti á í bæjarstjórninni, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir, sem m. a. situr í heilbrigðisnefnd bæjarins, hefur eindregið lagzt á móti lögfestingu þeirrar skipunar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Fimm manna nefnd starfaði fyrir skemmstu á vegum bæjarstjórnarinnar til að gera tillögur um skipun heilsuverndarmála bæjarins. Nefnd þessi, sem í áttu sæti þrír læknar og ein hjúkrunarkona, komst einróma að þeirri niðurstöðu, að héraðslæknisstörfunum ætti ekki að sundra.

10. Að lokum vil ég geta þess, að mér væri einkar kært að eiga rækilegt samtal við háttvirta nefnd og skýra nákvæmara einstök atriði, sem hér er ýmist ekki drepið á eða aðeins mjög lauslega.

Vilm. Jónsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

LÆKNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík 3. marz 1948.

Sem svar við heiðruðu bréfi yðar, dags. 26. febr. þ. á., þar sem þér óskið umsagnar L. R. á frumvarpi til laga um stofnun borgarlæknisembættis í Reykjavík, viljum vér taka fram eftirfarandi:

Þar sem tíminn, sem ætlaður er til þess að athuga frumvarpið, er svo stuttur, að ómögulegt er að halda fund í félagi voru til þess að ræða málið, verður svar þetta að skoðast álit stjórnar L. R. eingöngu.

Stéttarfélög lækna líta svo á, að þegar embætti losna eða ný embætti eru stofnuð, beri að auglýsa þau og gefa þannig þeim, sem þess óska, kost á að sækja um þau.

Greinargerð frumvarpsins gerir hins vegar ráð fyrir, að fyrir fram ákveðnum lækni verði veitt þetta embætti, og teljum vér, að félag vort geti illa unað þeirri aðferð.

Eins og háttvirtri nefnd er kunnugt, er gert ráð fyrir í lögum, að héraðslæknar í Reykjavík og Akureyri skuli vera sérfræðingar í hygiene, en skv. 3. gr. frumvarpsins skal borgarlæknir „hafa með höndum eftirlit og daglegar framkvæmdir í heilbrigðismálum bæjarins, þeim er héraðslæknir hefur hingað til annazt ...," m. ö. o. annast þau störf, sem helzt útheimta sérþekkingu í hygiene. Vér teljum það afturför, ef vikið verður frá því að krefjast sérþekkingar í hygiene af þeim lækni eða læknum, sem hafa á hendi heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

Skv. greinargerð frumvarpsins, er gert ráð fyrir, að breytingar þær, sem í frumvarpinu felast, komi ekki til framkvæmda, fyrr en núverandi héraðslæknir lætur af störfum, og virðist þess vegna ekki knýjandi nauðsyn á því, að frumvarpið fái afgreiðslu á því Alþingi, sem nú situr.

Að þessu athuguðu teljum vér rétt, að þessu máli verði frestað, svo að tími gefist til betri undirbúnings. Vér erum fúsir til samvinnu við löggjafann um málið, ef þess yrði óskað.

Í stjórn Læknafélags Reykjavíkur.

Þórður Þórðarson,	Bergsv. Ólafsson,	Kristbjörn Tryggvason,
p. t. form.	p. t. ritari.	p t. gjaldkeri.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 523. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 447 [Útrýming villiminka].

Frá landbúnaðarnefnd.

Tillagan orðist svo:
Við frumvarpið bætist svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal ríkisstjórnin leita álits allra sveitarstjórna og bæjarstjórna í landinu um það, hvort leyft skuli minkaeldi framvegis. Skulu sveitarstjórnir og bæjarstjórnir hafa svarað fyrirspurn ríkisstjórnarinnar samkvæmt framansögðu fyrir lok septembermánaðar 1948.

Nd. 524. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Ingólfi Jónssyni og Stefáni Stefánssyni.

Við 1. gr.

a. Í staðinn fyrir „Búnaðarþing“ komi: Búnaðarfélag Íslands.
b. Við greinina bætist: í réttu hlutfalli við framleiðslumagn héraðanna.

Nd. 525. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 frá 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frumvarp og er á einu máli um það að mæla með því, að það nái fram að ganga óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1948.

Steingr. Steinþórsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Ásg. Ásgeirsson.
Sigurður Guðnason. Jón Sigurðsson.

Ed. 526. Nefndarálit

um frv. til l. um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna (EE) tók þó ekki afstöðu til málsins og skrifar ekki undir málið. Annar nm. (ÁS) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi frv.

Alþingi, 16. marz 1948.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Hannibal Valdimarsson, fundaskr. Pétur Magnússon.

Nd. 527. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. marz 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 528. Breytingartillögur

við frv. til l. um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. Fyrir „50 kr." komi: 150 kr.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað „Erlendir peningaseðlar .... frá landinu" í fyrri málsgrein komi: Erlendir peningaseðlar og erlend skiptimynt, sem menn flytja til landsins, skal afhent útlendingaeftirlitinu, er skilar fénu til Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands, og greiða þeir eigandanum andvirði þess í íslenzkum krónum. Það, sem afgangs kann að verða af fé, sem einstaklingar frá útlöndum á þennan hátt geyma í Landsbankanum eða Útvegsbankanum, meðan þeir dveljast hér, fá þeir afhent í sama erlendum gjaldeyri við brottför sína úr landinu.
   b. Aftan við greinina bætist: nema hinir innlendu aðilar hafi aflað sér heimildar íslenzkra gjaldeyrisyfirvalda.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Hver sá, sem fer af landi burt, skal gefa tollyfirvöldunum skriflega, sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri hann hafi meðferðis.
   Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, skulu við brottför úr landi gera grein fyrir, að þeir hafi aflað sér gjaldeyris til fararinnar á löglegan hátt, og jafnframt undirrita drengskaparyfirlýsingu um það að semja ekki við erlenda aðila um að fá erlendan gjaldeyri eða uppihald erlendis gegn greiðslu í íslenzkum gjaldeyri eða gegn nokkurs konar öðru endurgjaldi, nema samþykki íslenzkra gjaldeyrisyfirvalda komi til.
   Upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

Nd. 529. Lög

um bændaskóla.

(Afgreidd frá Nd. 16. marz.)

Samhljóða þskj. 450.

Ed. 530. Lög

um breyting á lögum nr. 23 1947, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Ed. 16. marz.)

Samhljóða þskj. 102.

Ed. 531. Lög

um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

(Afgreidd frá Ed. 16. marz.)

Samhljóða þskj. 357.

Nd. 532. Breytingartillögur

við frv. til l. um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri og við brtt. á þskj. 528.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 3. gr. Síðasta málsgr. greinarinnar falli niður.
2. Við brtt. á þskj. 528,3 (við 4. gr.). Orðin „og jafnframt undirrita drengskaparyfirlýsingu .... gjaldeyrisyfirvalda komi til“ falli niður.

Ed. 533. Nefndarálit

um frv. til l. um þurrkví við Elliðaárvog.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á allmörgum fundum. Nefndarmenn eru á einu máli um það, að stefna frv. sé rétt mörkuð og að keppa beri að því, að komið verði upp þurrkví í höfuðstaðnum eða í grennd við hann. Eins og högum er nú háttað, er öll aðstaða til viðgerða skipa hin erfiðasta. Að sönnu er þess vænzt, að hinn nýi slippur í vesturbænum verði fullgerður á næsta vori. En hann mun eigi geta tekið á land þyngri skip en 1500 smál., og skortir því mikið á, að hann fullnægi þörfum hins innlenda skipastóls, þótt ekki sé um annað hugsað. Þörfin fyrir þurrkví mun því verða allbrýn, þótt slippurinn komist upp.

Hins vegar eru flestir nefndarmenn þeirrar skoðunar, að þurrkvíarmálið hafi tæpast fengið nægan undirbúning enn sem komið er. Í frv. er gert ráð fyrir, að þurrkvíin verði gerð við Elliðaárvog. Vel má vera, að aðstaða sé þar betri en annars staðar í nágrenni bæjarins. En staðarvalið mundi draga þann óþægilega dilk á eftir sér, að Kleppsspítala yrði að flytja. Að sjálfsögðu hefði það gífurleg útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Það virðist því full ástæða til að athuga nánar, hvort eigi séu aðrir staðir, er til greina gætu komið. Ástæða virðist og til að athuga nánar kostnaðarhlið málsins, möguleika á að fá fé að láni o. fl. o. fl. Hafa þessar hugleiðingar leitt til þess, að sjávarútvegsnefnd hefur orðið sammála um að leggja til, að málið verði að þessu sinni afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórn leiti samkomulags við bæjarstjórn Reykjavíkur um að ákveða stað fyrir væntanlega þurrkví og tryggja henni nægjanlega stórt landsvæði fyrir starfsemi hennar og að ríkisstjórn einnig sjái um, að gerðar verði fullkomnar áætlanir um kostnað við byggingu þurrkvíarinnar, eftir að staður hefur verið valinn, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. marz 1948.

Gísli Jónsson, form. B. Kristjánsson, fundaskr. Pétur Magnússon, frsm.

Steingr. Aðalsteinsson. Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 534. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun á íslenzkum höfnum á landi eða í landhelgi varða sektum, 1 þús. til 20 þús. krónum.

Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslenzku fiskiskipi en lög þessi heimila, varðar það sektum frá 200—5000 krónum. Brot gegn 4. gr. laganna varða sektum 200—2500 krónum.

Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða sektum 500—10000 krónum.

Að öðru leyti varða ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar, 5 þús. til 20 þús. króna sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri og afli, sem í skipinu er, svo og umbúðir, ef um síld er að ræða, sem söltuð er í tunnur. Sama gildir um verkaðan og óverkaðan afla í skipum, sem hafa aflavinnslu um borð, hvort sem um er að ræða eigin veiði eða veiði annarra skipa. Skal andvirðið renna í ríkissjóð.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Mál eftir lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 535. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Fyrri málsl. síðustu málsgr. skal orða svo:

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Sþ. 536. Fyrirspurnir.

til ríkisstjórnarinnar um drykkjumannahæli og um fyrirhugaðan bændaskóla í Skálholti.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hælið í Kumbaravogi:
   a. Hver var stofnkostnaður, að því er snertir fasteignir og áhöld?
   b. Hve margir sjúklingar komu á hælið til vistar, og hver var dagkostnaður á mann?
   c. Hvaða nefnd og forstöðumenn stýrðu hælinu?
   d. Hvað hefur ríkið fengið fyrir framlagðan kostnað sinn í Kumbaravogi?
2. Hælið í Kaldaðarnesi:
   a. Hve mikið greiddi ríkið fyrir Kaldaðarnes?
   b. Hve mikið hafa Bretar greitt fyrir afnot og skemmdir á jörðinni?

c. Hvers vegna var hætt að starfrækja Kumbaravog sem hæli fyrir áfengissjúklinga og hafinn rekstur í Kaldaðarnesi, og hvaða valdamenn bera ábyrgð á þeirri breytingu?
d. Hve mikið fé hefur verið greitt úr ríkissjóði til að undirbúa spítala fyrir áfengissjúklinga í Kaldaðarnesi og hve mikið til rekstrar?
e. Hve margir sjúklingar hafa dvalið á þessu hæli og hve lengi til jafnaðar? Hve mikill hefur orðið kostnaður á sjúkling fyrir dvalardag? Hvaða forráðamenn hafa stýrt þessu hæli? Hver hefur verið læknir þess? Hvað hafa templarar lagt fram af fjármunum í fyrirtækið, og hvaða áhrif hafa þeir haft á stjórn þess og rekstur?
f. Hve margir sjúklingar eru nú á þessu hæli? Á að starfrækja hælið framvegis og með hvaða tilkostnaði?

3. Bændaskólinn í Skálholti:
a. Hve mikið greiddi ríkið fyrir jörðina?
b. Hve mikið er búið að greiða úr ríkissjóði vegna stofnunar bændaskóla í Skálholti fyrir hús ábúanda, fyrir burtflutning af jörðinni, til byggingarnefndar og kunnáttumanna, til væntanlegra starfsmanna við kennsluna, fyrir vegagerð að væntanlegu skólahúsi, og hver er annar útlagður kostnaður við þessa skólastofnun?
c. Hver verður kostnaður ríkissjóðs við hið ráðgerða skólahús, kennarabústaði, starfsmannahús, peningshús, bústofn, nægilega stórt tún og garða, rafleiðslu frá Soginu, dæluútbúnað og leiðslur til að leiða og lyfta heitu og köldu vatni að skólabyggingunum og til búþarfa?

Ed. 537. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með, að það verði samþ., en einn nefndarmanna (BrB) áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur.

Alþingi, 16. marz 1948.

Hermann Jónasson, form. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm. Brynj. Bjarnason.
Pétur Magnússon. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 538. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á tækjum til síldarvinnslu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með frumvarpinu.

Alþingi, 16. marz 1948.

Hermann Jónasson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
Brynj. Bjarnason, með fyrirvara. Pétur Magnússon.

Ed. 539. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á tveimur fundum sínum. Minni hlutinn (BrB) vill fella frv., en undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að það verði samþykkt með þeirri breytingu, er hér fer á eftir. HermJ áskilur sér rétt til að hafa óbundnar hendur um brtt. við frv.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 1. gr. tölul. 3. Fyrir orðin „2. tölul. 13. gr." komi: 2. málsgr. 4. gr.

Alþingi, 16. marz 1948.

Hermann Jónasson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Pétur Magnússon.

Ed. 540. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hlutinn vill samþykkja frumv., en ég legg til, að það verði fellt.

Með frumv. þessu er lagt til, að felld verði niður löggjöf, sem samþykkt var fyrir síðustu kosningar. Er hér um að ræða lögin um byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og lögin um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. Ef frv. þetta næði fram að ganga, yrðu bæði þessi lög óvirk í meginatriðum.

Hvor tveggja þessara laga voru sett af mikilli nauðsyn. Ég tel því með öllu óverjandi og beinlínis brigðmæli við kjósendur að láta nú þessi merku nýmæli niður falla, ekki fullum tveimur árum eftir að þau voru samþykkt. — Þá ástæðu, sem upp er gefin fyrir þessu tiltæki, að ríkissjóðinn skorti gjaldþol til að standa undir þessum skuldbindingum sínum, tel ég tylliástæðu. Þetta frumv. er blátt áfram einn þátturinn í þeirri stefnu núverandi ríkisstjórnar að afmá,' svo sem frekast er kostur, þær framfarir, sem urðu á árunum 1944—1946, og stöðva framkvæmdir í landinu.

Alþingi, 16. marz 1948.

Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 541. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því. Greinin hljóði svo:

Kauplagsnefnd skal láta reikna út meðalhúsaleigu í Reykjavík, og skal hún lögð til grundvallar við útreikning verðlagsvísitölu samkvæmt lögum nr. 51 12. febr. 1940.

Ed. 542. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Hnúksnes í Dalasýslu.

Nd. 543. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í B-kafla 2. gr. laganna bætist á eftir 34. tölulið:

Hindisvík á Vatnsnesi.
Hnúksnes í Dalasýslu.

2. gr.

Í stað orðanna „sambærilegu mannvirki“ í 4. mgr. 9. gr. laganna komi: hafnarmannvirkjum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 544. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun á íslenzkum höfnum á landi eða í landhelgi varða sektum, 1 þús. til 20 þús. krónum.

Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslenzku fiskiskipi en lög þessi heimila, varðar það sektum frá 200—5000 krónum. Brot gegn 4. gr. laganna varða sektum 200—2500 krónum.

Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða sektum 500—10000 krónum.

Að öðru leyti varða ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar, 1 þús. til 20 þús. króna sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri og afli, sem í skipinu er, svo og umbúðir, ef um síld er að ræða, sem söltuð er í tunnur. Sama gildir um verkaðan og óverkaðan afla í skipum, sem hafa aflavinnslu um borð, hvort sem um er að ræða eigin veiði eða veiði annarra skipa. Skal andvirðið renna í ríkissjóð.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Sektir renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 545. Lög

um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

(Afgreidd frá Ed. 16. marz.)

Samhljóða þskj. 13.

Nd. 546. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna „Engum má veita æfingu í akstri, sem yngri er en svo, að vanti 3 mánuði í 18 ára aldur“ komi: Ekki má veita yngri mönnum en 17 ára æfingu í akstri.

Ed. 547. Breytingartillögur

við frv. til l. um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „sjö“ í 1. mgr. kemur: sex.
   b. Í stað orðsins „þrír“ í upphafi 5. tölul. kemur: tveir.
   c. Í stað orðanna „Skal einn“ í upphafi 2. málsl. í 5. tölul. kemur: Skal annar.
   d. Í stað orðanna „en annar“ í 2. málsl. í 5. tölul. kemur: en hinn.
   e. Á eftir 5. tölul. kemur ný málsgr., er orðist svo:
      Auk þeirra yfirfiskmatsmanna, sem skipaðir eru samkv. þessari grein, er ráðherra heimilt, ef hann telur á því brýna nauðsyn til tryggingar fullkomnu mati fisks, að setja um stundarsakir einn yfirfiskmatsmann til viðbótar á Suð-Vesturlandi, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra.
2. Við 20. gr. Greinin orðast svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1949.

Ed. 548. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Á eftir 3. tölul. kemur nýr liður:

Niður skal falla umboð nýbyggingarsjóðsnefndar samkv. 14. gr. l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Ríkisskattanefnd annast störf þau, er nýbyggingarsjóðsnefnd eru falin með framannefndum lögum, enda hefur hún þá fullnaðarúrskurð um þau mál.

Sþ. 549. Þingsályktun

um endurskoðun erfðalaganna.

(Afgreidd frá Sþ. 17. marz.)

Samhljóða þskj. 383.

Sþ. 550. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning að stofnun sjóminjasafns.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar undirbúning að stofnun sjóminjasafns.

Greinargerð.

Það leikur ekki á tveim tungum, að til skaða er og skammar fyrir þjóð eins og Íslendinga, sem á jafnmikið undir sjávarútveginum, að ekki skuli vera til hér á landi safn, þar sem geymdir eru þeir ýmsu hlutir, sem hægt er að hafa á slíku safni og snerta sjávarútveginn að fornu og nýju. Allar þær þjóðir, sem fiskveiðar stunda og verzlun, hafa fyrir löngu komið upp hjá sér sjóminjasöfnum, og eiga sumar þessara þjóða mörg söfn og merkileg.

Það er því eigi að undra, þótt hugmyndin um að stofna sjóminjasafn sé fyrir löngu fram komin, en meira en fimmtíu ár munu liðin, síðan hugmyndin um safnið varð til og var sett á framfæri opinberlega í blaðinu Ísafold í sambandi við utanför Jóns Þórarinssonar, skólastjóra í Flensborg og alþingismanns, en hann fór út til Noregs á sýningu, sem þar var haldin. Eftir heimkomuna beitti Jón Þórarinsson sér fyrir, að stofnað yrði hér sjóminjasafn, og fékk málið góðar undirtektir í byrjun, en vegna tómlætis og sofandaháttar tíðarandans lognaðist það út af.

Árið 1930 komst svo skriður á málið á ný og þá í sambandi við byggingu húss Fiskifélags Íslands, en fyrirkomulag þess var í upphafi hugsað þannig, að þar mætti koma fyrir sjóminjasafni á efri hæð hússins. Var af forráðamönnum félagsins safnað ýmsum munum, en af frekari safnmyndun varð ekki og húsnæðið tekið til annarrar notkunar.

Leið svo til ársins 1939, að Sjómannadagsráðið beitti sér fyrir sjávarútvegssýningu, hinni fyrstu, sem haldin hefur verið hér á landi. Þar með komst skriður á málið.

Alþingi samþykkti að verja 3500 kr. styrk til sjóminjasafns, og skipuð var sérstök sjóminjasafnsnefnd. Nefnd þessi keypti nokkur gömul áraskip, sem sýna gerðir báta í ákveðnum landshlutum. Að öðru leyti hefur lítið farið fyrir störfum þessarar nefndar.

1946 var svo fyrir forgöngu þáverandi atvinnumálaráðherra, Áka Jakobssonar, sett á laggirnar nefnd, sem gekkst fyrir sjávarútvegssýningu, sem var sæmileg eftir atvikum, miðað við skamman undirbúningstíma að sýningunni og húsnæði af skornum skammti. En þrátt fyrir þetta var aðsókn að sýningunni gífurleg, og meira en 25 þúsund manns sótti hana fyrir utan skólabörn. Sannaði það svo rækilega, að ekki verður um villzt, að þjóðin hefur áhuga fyrir sjóminjasafni og ekki þarf að kvíða því, að það verði lítið skoðað, ef það kemst einhvern tíma upp.

Það orkar ekki tvímælis, að frekari bið og athafnaleysi í safnmálinu er óverjandi með öllu. Hitt er sjálfsagt, að nú þegar sé ötullega hafizt handa og þá fyrst og fremst af ríkisstjórninni.

Nú hagar svo til, að risin er af grunni hér í höfuðstaðnum vegleg bygging, þjóðminjasafnshúsið nýja, sem fyrst um sinn að minnsta kosti ætti að geta hýst þá muni alla, sem verða í eigu væntanlegs sjóminjasafns.

Það, sem einkum er aðkallandi og vinda þarf að bráðan bug, er þetta:

Leita þarf vandlega og skipulega í verstöðvum landsins að gömlum sjóminjum. Athuga þarf, hvað horfið er með öllu af gömlum tækjum og áhöldum, er útveginn snerta, gera af þeim eftirmyndir eftir tilsögn gamalla manna, sem margir geta með öruggri vissu sagt til um gerð þeirra. Þessi söfnun má ekki dragast öllu lengur. Hvert ár, sem líður, getur orðið dýrt og grafið ýmsa merkilega hluti í sand gleymskunnar.

Þá þarf að ákveða skipulag og tilhögun safnsins, hvort það verður sérstök deild í þjóðminjasafni eða algerlega óháð öðrum söfnum, svo og hvort safnið verður eingöngu sjóminjasafn um liðinn tíma eða fjölbreytt sjávarútvegssafn, er geri skil bæði fortíð og nútíð, en einmitt um hið síðasta hafa verið nokkuð skiptar skoðanir. Þó hefur sá maðurinn, sem á síðari árum hefur barizt skellegastri baráttu fyrir stofnun sjóminjasafns, Gils Guðmundsson, rithöfundur og ritstjóri sjómannablaðsins Víkings, sett fram ákveðna skoðun í málinu, sem vafalaust á fylgi flestra þeirra, er hugsað hafa um mál þetta og láta það sig nokkru skipta. Þessa skoðun sína og hugmynd setti Gils Guðmundsson fram opinberlega í útvarpserindi, er hann flutti 1946, og fylgir hér á eftir síðari hluti útvarpserindis þessa:

„Þess hefur nokkuð orðið vart, að menn greinir á um skipulag og tilhögun sjóminjasafns. Ýmsir kjósa það helzt, að komið yrði upp sérstöku húsi fyrir safnið og yrði safnið algerlega óháð stofnun. Aðrir telja, að það eigi að vera deild í þjóðminjasafni. Ég skal ekki fjölyrða mikið um þennan ágreining, enda þótt ég hafi ákveðnar skoðanir á því, hvað hentast sé í því máli. Það eitt vil ég fullyrða, að söfnunin sjálf þolir ekki að bíða eftir því, að sérstakt hús verði reist, heldur verður að hefja hana af krafti nú þegar. Finnst mér þá alveg sjálfsagt, að komið verði upp vísi að safni í salarkynnum þjóðminjasafnsins, hvað svo sem yrði síðar.

Þá hefur mér fundizt það nokkuð á reiki fyrir mönnum, hversu víðtækt safn þetta eigi að vera. Sumir virðast hugsa sér það eingöngu minningarsafn um liðna tímann. Það er sannast sagna, að þá yrði það harla lítið og fátæklegt. Minjar okkar frá fyrri tímum eru því miður lítilfjörlegar. Ég tel, að stefnan, langmiðið, eigi að vera: ekki aðeins sjóminjasafn, heldur fjölbreytt sjávarútvegssafn, sem gerði skil bæði fortíð og nútíð. Íslenzk sjávarútvegs- og siglingasaga yrði að sjálfsögðu höfuðuppistaðan, en þó virðist mér þörf á nokkru almennu yfirliti um þróun skipa og siglinga almennt í heiminum, ef vel ætti að vera.

Þótt ég telji mestu máli skipta, að nú verði brugðið rösklega við og því bjargað, sem er að fara í glatkistuna, þykir mér við eiga að fara nokkrum orðum um spurninguna: Hvernig á íslenzkt sjávarútvegssafn að vera og með hverjum hætti

yrði því bezt skipt í deildir? Mér er það ljóst, að skipulag slíks safns hlýtur að mótast og breytast smám saman, eftir því sem reynslan vex og safnið eflist. Það verður heldur ekki sett á stofn samkvæmt tillögum eins manns eða örfárra manna, heldur verður þekking og athugun ýmissa aðila að koma til. Tillögur mínar eru að sjálfsögðu hvergi nærri tæmandi. Þær eru hugsaðar sem grundvöllur, er byggja mætti á frekari umræður, beinagrind, sem eftir er að klæða holdi og blóði.

Það skal tekið fram, áður en lengra er haldið, að húsnæði hins væntanlega sjávarútvegssafns hlýtur að ráða miklu um skipulag þess og niðurröðun alla. Verði engir annmarkar af völdum húsakynna hefur mér dottið í hug, að skipta mætti safninu í 12 deildir. Skal nú reynt að bregða upp nokkrum skyndimyndum af væntanlegu efni þessara deilda.

Fyrsta deild yrði almennt og alþjóðlegt yfirlit um þróunarsögu skipa og siglinga frá fyrstu tíð og fram á þennan dag. Þetta tel ég mjög hentugan og jafnvel bráðnauðsynlegan inngang, áður en komið er að hinni íslenzku siglinga- og útgerðarsögu. Helzt þyrftu að vera í deild þessari líkön af helztu skipagerðum allt frá örófi alda og fram á þennan dag. Líkönin ættu öll að vera gerð í sama mælikvarða, svo að auðvelt sé að bera saman stærðarhlutföll skipa frá ýmsum löndum.

Önnur deild ætti að vera helguð landnámsöld okkar og söguöld. Mætti hún jafnvel ná allt til loka þjóðveldistímans. Myndarleg líkön af víkingaskipum yrðu að prýða þá stofu ásamt sýnishornum af farviði og öðrum búnaði slíkra skipa. Fundur Grænlands og Vínlands yrði að hljóta þarna myndarlegt rúm. Ýmiss konar kort og skýringarmyndir yrðu stór liður í þessari sýningardeild. Kort yrðu þar yfir helztu siglingaleiðir Íslendinga hinna fornu og annað, er sýndi mikilvægustu siglingahafnir íslenzkar fyrr á öldum. Þá yrði með myndum, dekorationum, að minna á fiskveiðar fornmanna, en neðan við myndirnar kæmu valdar tilvitnanir úr fornritunum. Þarna ætti að hafa í sýningarskápum ljósprentanir merkra skinnhandrita, þar sem fjallað er um sjávarútveg, t. a. m. sæfarabálka Grágásar og Jónsbókar.

Þriðja deild yrði helguð bátaútvegi Íslendinga, eins og hann hefur verið rekinn um aldir. Það verður að ýmsu leyti vandasamt að gera þá deild myndarlega úr garði, vegna þess að hún mundi ná yfir langt tímabil, en eiginlegar sjóminjar eru nær engar til frá meginhluta þess tíma. Þá yrði með myndum, máli og línuritum að gera nokkra grein fyrir vexti fiskveiða á 14. og 15 öld, benda til þess, hvernig verzlunarhömlur og loks einokun héldu sjávarútveginum niðri og komu í veg fyrir eðlilega þróun hans í þrjár eða fjórar aldir. — Frá 19. öld eru ýmsar merkilegar minjar, sem tilheyra þessari deild. Gera þarf eftirmyndir af allmörgum áraskipum, stórum og smáum. Sýna verður mismun þeirra í landshlutum, en hann er mikill, bæði um skipulag og gerð segla. Þá þyrfti einnig að gera nákvæmar eftirmyndir af verbúðum, naustum, fiskhjöllum, eins og þetta var algengast í nokkrum helztu verstöðvum landsins. Svo yrðu þarna að sjálfsögðu öll skinnklæði og veiðarfæri þau, sem árabátaútvegi fylgdu, ásamt hvers konar útbúnaði vermanna.

Fjórða deild ætti að gefa yfirlit um þróunina frá opnu áraskipunum yfir til þilskipa, vélbáta og togara. Rakin yrði saga þilskipanna allt frá dögum Bjarna Sívertsens og fram til loka skútualdar. Gefið yrði yfirlit um hákarlaveiðarnar, sýnd líkön af hákarlaskipum og hákarlaveiðarfæri. Líkan yrði hér af fyrsta vélbátnum, fyrsta togaranum og þróunarsaga þessara skipa síðan rakin í stórum drættum með lesmáli, teikningum, myndum, töflum og línuritum. Loks yrði í þessari deild gerð nokkur grein fyrir myndun sjávarþorpa og bæja, sem risið hafa upp á grundvelli vaxandi útgerðar.

Fimmta deild fjallaði um nútíma veiðar og veiðiaðferðir. Þar yrðu kort, er sýndu helztu fiskimið við Ísland. Önnur kort sýndu verstöðvar kringum landið. Síðan kæmu togveiðar, línuveiðar. dragnótaveiðar, herpinótaveiðar, reknetaveiðar o. s. frv. Ef vel ætti að vera, þyrfti að láta gera nákvæmar eftirmyndir, er sýndu skipin við veiðarnar, hvernig veiðarfæri liggja í sjónum og á hvern hátt aflanum

er náð. Þetta er algengt í erlendum söfnum og tiltölulega auðvelt að gera það svo úr garði, að safngestir skilji vel, hvernig hin ýmsu veiðitæki eru notuð.

Sjötta deild mundi vera um hagnýtingu aflans. Þar kæmi síldariðnaðurinn. Sýnd yrðu líkön af síldarverksmiðjum og komið fyrir myndasamstæðu, er sýndi starfsemi þeirra alla, frá því er síldinni er skipað á land og þar til lýsið rennur í geymana og mjölið í pokana. Á sama hátt yrðu þarna líkön af hraðfrystihúsum og myndir, er sýndu vinnu í þeim. Enn fremur yrði minnzt á niðursuðu, lýsisframleiðslu, saltfiskverkun, harðfiskverkun, og fiskmjölsvinnslu. Loks mætti koma fyrir í þessari deild ýmsum upplýsingum um fiskveiðarnar og þjóðarbúskapinn, t. d. mannafla við fiskveiðarnar, aflamagnið, þátt sjávarafurða í utanríkisverzluninni og fleira af því tagi.

Í sjöundu deild yrði gerð grein fyrir fiskveiðum annarra þjóða við Ísland, bæði fyrr og síðar. Er það allmikið verkefni og furðulítið rannsakað af fræðimönnum vorum, svo að eins og sakir standa, er þar helzt til ótryggur grundvöllur á að byggja. Þó er vitað um mörg atriði, svo að þessi sýningardeild getur orðið allfróðleg, ef vel er til vandað.

Áttunda sýningardeildin gæti fjallað um kaupsiglingar Íslendinga, en þar sem saga þeirra er stutt ennþá, mætti sennilega hafa þar einnig aðra þætti, svo sem ýmislegt, er snertir vitamál og hafnargerðir.

Í níundu deild kæmu síðan siglingatæki, öryggis- og björgunartæki. Þar mundi kenna margra grasa, því að margvísleg eru þau tæki orðin, sem notuð eru á nútíma skipum, bæði af skipstjórnarmönnum og loftskeytamönnum. Þegar þar við bættust helztu björgunaráhöld nútímans, mætti ætla, að mörgum landkrabbanum þætti eitt og annað athyglisvert í þessari deild. Þarna mætti hafa sýnishorn af gömlum og nýjum sjókortum, veðurkort, skipsdagbækur o. s. frv.

Tíunda deild yrði véladeild og skipasmíðadeild. Þar yrðu líkön og sýnishorn af aflvélum í skip, báta og verksmiðjur. Þessi deild þyrfti að geyma líkan af fyrstu íslenzku gufuvélinni, skrúfuna af fyrsta gufubátnum, en hún mun enn til, eftirmynd af fyrstu mótorvélinni og loks líkan af nútíma gufuvél, venjulegri hráolíuvél og dieselvél.

Þá yrðu að vera þarna upplýsingar, er snertu bátasmíðar innanlands, bæði nú og áður. Líkön yrði að gera af bátum og skipum, eins og þau líta út, á meðan þau eru í smíðum, á ýmsum stigum smíðanna. Væri slíkri deild vel fyrir komið, gæti hún orðið einkar fróðleg og athyglisverð.

Ellefta deild ætti að fjalla um fiskrannsóknir og hafrannsóknir, auk þess sem þar mætti koma fyrir upplýsingum um félög þau og stofnanir, sem vinna að sjávarútvegsmálum. — Fiskrannsóknir og hafrannsóknir Íslendinga eru enn að heita má á byrjunarstigi. Hins vegar eru þar ótæmandi verkefni fyrir höndum, sem nauðsynlegt er, að verði unnið með atorku og elju, ef Íslendingar vilja vera hvort tveggja í senn í framtíðinni: fiskveiða- og menningarþjóð. Sem betur fer, höfum við nú eignazt nokkra álitlega vísindamenn í þessum greinum, og von er til þess, að fleiri bætist við á næstu árum. Árangur af athugun þessara manna ætti að sjálfsögðu heima í sjávarútvegssafni. Væri þess óskandi, að vísindagrein þeirri, sem hér um ræðir, fleygði svo ört fram á skömmum tíma, að hún legði undir sig heila deild í safninu. En til að byrja með mætti vel hugsa sér, að í sömu deild yrðu upplýsingar ýmsar um félagsmálastörf í þágu útvegsins. Þar yrði gefið yfirlit um tryggingarstarfsemi alla, er útveginn snertir, gerð grein fyrir þeim félögum og opinberum stofnunum, sem um þessi mál fjalla.

Loks mætti hugsa sér, að tólfta og síðasta deild safnsins héti minningardeild. Tilgangur hennar væri einkum sá að heiðra minningu látinna sjómanna og þá sér í lagi þeirra, sem fallið hafa við störfin á hafinu. Þyrfti að fá beztu og hugkvæmustu listamenn vora til að skreyta þá stofu og segja fyrir um tilhögun, svo að hún gæti orðið sem smekklegust og virðulegust.

Ég er þá kominn að lokum þessa máls. Sjávarútvegssafnið mun rísa upp, á því er enginn vafi. En hvert árið, sem líður, án þess að hafizt sé handa, svo að um munar, flytur eitthvað með sér í sjó gleymskunnar, sem aldrei rekur aftur að landi. Því heiti ég á þá aðila, sem eiga að veita máli þessu forustu, að hefjast nú þegar handa. Trúi ég ekki öðru en að Alþingi, útgerðarfélög og ýmsar stofnanir sjávarútvegsins muni bregðast vel við, ef til þeirra yrði leitað um styrk við þetta nauðsynjamálefni. Látum nú hendur standa fram úr ermum, og komum upp veglegu sjávarútvegssafni íslenzkri sjómannastétt og þjóðinni allri til varanlegrar sæmdar.“

Nd. 551. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Frv. til l. um Reykjavíkurhöfn.

Frá Finni Jónssyni, Áka Jakobssyni, Pétri Ottesen og Halldóri Ásgrímssyni.

Þar eð ákvæði frv. þessa eru að mestu leyti samhljóða hinum almennu hafnarlögum, telur deildin eigi ástæðu til að afgreiða frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 552. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Till. til þál. um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Með tilvísun til þess samkomulags, sem orðið hefur milli menntamálaráðuneytisins, viðskiptanefndar og menntamálaráðs um tilhögun á gjaldeyrisyfirfærslum til íslenzkra námsmanna erlendis, og í trausti þess, að séð verði fyrir gjaldeyrisþörf námsmannanna eftir því, sem ástæður frekast leyfa, telur þingið eigi ástæðu til að gera sérstaka ályktun um það efni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 553. Þingsályktun

um undirbúning lagasetningar um embættisbústaði.

(Afgreidd frá Sþ. 17. marz.)

Samhljóða þskj. 265.

Sþ. 554. Þingsályktun

um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis.

(Afgreidd frá Sþ. 17. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að gjaldeyrisyfirvöld láti námsmönnum þeim, er nú stunda nám erlendis í gagnlegum fræðum, nægilegan gjaldeyri í té til að standa straum af framfærslu- og námskostnaði í viðkomandi landi, enda þótt nemandi hafi þar jafnframt fyrir fjölskyldu að sjá, á meðan hann er þar við nám. Jafnframt hlutist ríkisstjórnin til um, að viðskiptanefnd hafi samráð við menntamálaráð við veitingu slíkra gjaldeyrisleyfa.

Ed. 555. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 23. apríl 1947.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Á eftir g-lið frvgr. bætast þrír stafliðir:

1. Liðinn B 50 skal orða svo:
   Snæfjallastrandarvegur: Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Snæfjöllum.
2. Á eftir B. 55 koma tveir nýir liðir, er verða nr. 56 og 57 (og breytast liðatölur á eftir samkvæmt því):
   a. (56.) *Álftafjarðar- og Seyðisfjarðarvegur:* Frá Súðavík fyrir Álftafjarðarbotn um Kambsnesháls að Kleifum í Seyðisfirði.
   b. (57.) *Furufjarðarvegur:* Frá Stað í Grunnavík um Dynjanda og Kjós yfir Skorarheiði í Furufjörð.

Sþ. 556. Tillaga til þingsályktunar

um gát á glæpamönnum.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson, Áki Jakobsson, Brynjólfur Bjarnason og Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til, að menn þeir, sem dæmdir hafa verið fyrir stórglæpi í stríðinu eða með öðrum hætti hafa orðið sannir um slíka glæpi, en ríkisstjórnin hefur fengið lausa úr erlendum fangelsum, valdi ekki tjóni, enda verður að líta svo á, að ríkisstjórnin beri á því ábyrgð gagnvart þjóðinni, að hún lætur slíka menn ganga hér lausa.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur undanfarið fengið lausa erlendis nokkra íslenzka menn, sem unnið höfðu þar í þjónustu nazista á stríðsárunum, og ganga þeir nú lausir hér. Sérstaklega hefur vakið umræður og blaðaskrif innan lands og utan, að maður að nafni Ólafur Pétursson var látinn laus úr haldi í Noregi og dvelur nú hér í Reykjavík. Þessi maður hafði unnið af miklu kappi fyrir nazista í Noregi að því, sem þeir kölluðu „baráttuna gegn kommúnismanum“, og í þeirri baráttu náð þeim árangri að stuðla að fangelsun og dauða fjölmargra norskra föðurlandsvina. Var hann af þessum sökum dæmdur af norskum yfirvöldum í 20 ára hegningarhússvinnu, en síðan látinn laus og afhentur hingað til lands fyrir milligöngu íslenzkra stjórnarvalda samkv. því, sem upplýst hefur verið í norskum blöðum.

Í Noregi gekk þessi maður undir nafninu „íslenzki böðullinn“, og nú, þegar hann dvelur hér heima, virðist hann búa sig undir að taka aftur upp sams konar störf undir yfirskini baráttunnar gegn kommúnismanum og mun þegar hafa myndað um sig nokkurn hóp unglinga úr félaginu „Heimdalli“, sem hann leggur rækt við að ala upp í sínum anda, og hafa þessir unglingar undir andlegri forustu hans þegar sýnt lit á að beita saklausa menn rógi og brigzlyrðum, ýmist sem fulltrúar nefnds „Heimdallar“ á opinberum fundum eða í blöðum Sjálfstæðisflokksins. Og manni, sem þannig hefur gengið á mála hjá Gestapo, er vitanlega trúandi til þess að nota hvaða tækifæri, sem býðst, til þess að leigja sig hverjum sem vera vildi til sams konar starfsemi, enda er augljóst af framkomu hans á mannfundum, þar sem hann

mætir pólitískum andstæðingum sínum, að honum er að því sjúkleg nautn að tala um tortímingu þeirra og er stoltur af fyrri verkum sínum í þjónustu nazistanna.

Slíkum mönnum er til alls trúandi. Og þar sem blöð stjórnarflokkanna hafa þagað vandlega um feril þessa manns og annarra slíkra, er með þingsályktunartillögu þessari reynt að vekja athygli ríkisstjórnarinnar á því, hverja ábyrgð hún ber gagnvart þjóðinni á slíkum mönnum og því, sem af því kann að hljótast að láta þá ganga lausa og án eftirlits.

Loks er það vægast sagt undarleg landkynning og fáránleg lýsing fyrir öðrum þjóðum á réttarmeðvitund íslenzku þjóðarinnar, þegar stjórnarvöld hennar leggja sig fram um að sækja í erlend fangelsi dæmda stórglæpamenn, sem svo gerast kennimenn æskulýðs höfuðborgarinnar.

Hinn norski dómur yfir Ólafi Péturssyni birtist hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

År 1947 den 31. mai ble av Bergen lagsogns lagmannsrett i landssviksak nr. 2/1947 Den offentlige påtalemyndighet mot Olafur Pjetursson afsagt sådan dom:

Tiltalte Olafur Pjetursson er født 24/5 1919 på Island. Han er islandsk statsborger. Etter endt skoleutdannelse i sitt hjemland kom han til Norge 14/3 1938 for å utdanne seg som revisor og fikk arbeide i et revisjonsfirma i Bergen. Det var forutsetningen at utdannelsen i Norge skulle vare i 3—5 år, hvoretter den skulle fortsettes i andre land. Han fikk oppholds- og arbeidstillatelse for et år om gangen. Under oppholdet i Bergen bodde han tildels på pensjonat, dels på hybel på en rekke forskjellige steder. Sommeren 1938 tilbragte han i Danmark og sommeren 1939 på Island.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti nú þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til öflunar á loftþéttum umbúðum, sem geyma mætti í frosna beitu frá ári til árs, án þess að hún skemmist, svo að unnt sé að komast fram hjá þeim erfiðleikum og tjóni, sem ófullnægjandi geymsluskilyrði valda hlutaðeigendum árlega, og í trausti þess, að Fiskifélag Íslands og beitunefnd vinni að því í samvinnu við Landssamband íslenzkra útvegsmanna að tryggja næga beitu á þessu ári, eftir því sem föng eru á, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. marz 1948.

Gísli Jónsson, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson. Pétur Magnússon.

Fylgiskjal I.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA 8. marz 1948.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Sjávarútvegsnefndin hefur sent oss til umsagnar frumvarp til laga um beitumál og óskar eftir skriflegri umsögn um málið hið allra fyrsta, en einkum og sér í lagi

óskar nefndin eftir áliti voru um það, hvort lögin gætu haft áhrif á verðlag á síld á yfirstandandi vertíð, þar sem vitað sé, að lögin mundu ekki koma til framkvæmda fyrr en í vertíðarlok.

Stjórnarfundur vor hefur rætt málið hinn 5. þ. m. og óskar eftir að taka fram eftirfarandi:

Um aðalspurningu yðar, varðandi það, hvort vér teljum, að lögin mundu koma að gagni til lækkunar á beitusíld á yfirstandandi vertíð, ef lögin koma ekki til framkvæmda fyrr en í lok vertíðar, teljum vér það mjög vafasamt og nærri útilokað. Hins vegar lítum vér þannig á, að slíkt hefði verið mjög æskilegt, þar sem vitað er, að beitusíld til yfirstandandi vertíðar var keypt til frystingar við mjög misjöfnu verði og því hætta á því, að sú síld, sem dýrust varð, verði ekki seld og að af henni hljótist fjárhagslegt tjón fyrir kaupendur.

Hvað viðvíkur verðjöfnunarleiðinni sjálfri, höfum vér kynnt oss málið í aðalatriðum og teljum rétt, að ráðherra þeim, er með sjávarútvegsmál fer, verði veitt sú heimild, eins og frumvarpið ráðgerir.

Virðingarfyllst.

F. h. Landssambands íslenzkra útvegsmanna.

J. V. Hafstein.

Fylgiskjal II.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 6/3 1948.

Með bréfi, dags. 28. f. m., óskaði hv. nefnd umsagnar vorrar um meðfylgjandi frumvarp til laga um beitumál.

Félagsstjórnin hefur rætt þetta mál á fundi og samþykkt svofellda ályktun:

„Þar sem hér er eingöngu um heimild að ræða til handa ráðherra þeim, sem þetta mál heyrir undir, og þar sem ganga verður út frá, að hann noti ekki heimild þessa, nema brýn og aðkallandi nauðsyn sé fyrir hendi, getur stjórnin mælt með frumvarpinu."

Virðingarfyllst.

F. h. fiskimálastjóra.

Arnór Guðmundsson.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar, Alþingi.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 1. marz 1948.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar, Alþingi, Reykjavík.

Háttvirt sjávarútvegsnefnd efri deildar Alþingis hefur sent beitunefnd heiðrað bréf sitt, dags. 28. febrúar, móttekið í dag ásamt frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 45 7. maí 1946, um beitumál, sem felur í sér heimild til ráðherra um að ákveða verðjöfnun á beitusíld, þegar svo stendur á, að frystihús hafi keypt síld til beitufrystingar fyrir misjafnt verð. Óskar sjávarútvegsnefndin eftir skriflegri umsögn beitunefndar um málið, en þó einkum og sér í lagi um það, hvort lögin gætu haft áhrif á verðlag á síld á yfirstandandi vertíð, þar sem vitað sé, að lögin mundu ekki koma til framkvæmda fyrr en í vertíðarlok. Út af þessu vill beitunefndin taka fram eftirfarandi:

Beitunefndinni var ljóst þegar á s. l. ári, að nauðsyn bæri til þess, að beitusíldarverð lækkaði vegna hins háa útgerðarkostnaðar vélbátaflotans. Hins vegar

virtist þetta ekki framkvæmanlegt fyrr en séð var, að frystihúsin gátu fengið síld til frystingar í beitu fyrir allmiklu lægra verð en tíðkazt hafði áður, eftir að síldveiðin hófst í Hvalfirði á s. l. hausti. Að dómi beitunefndarinnar var aðeins ein leið fær til verðlækkunar á beitusíld, en það var og er verðjöfnunarleiðin, eins og fram kemur í áliti nefndarinnar, sem fylgir greinargerð frumvarpsins, er hér um ræðir.

Þess vegna óskaði beitunefndin eftir því við sjávarútvegsmálaráðherra í janúarmánuði s. l., að fengin yrði heimild í lögum frá Alþingi um verðjöfnun á beitusíld, þar eð slík heimild var ekki áður til í lögum. Lagði beitunefndin áherzlu á það við ráðuneytið, að mál þetta fengi skjóta afgreiðslu, svo að verðjöfnunin gæti komið að fullum notum á yfirstandandi vetrarvertíð.

Nú hefur hins vegar orðið mikill dráttur á því, að mál þetta fengi svo skjóta afgreiðslu sem nauðsynlegt var, og hlýtur það óhjákvæmilega að hafa þær afleiðingar í för með sér, að verðjöfnun á beitusíld komi ekki að fullum notum til verðlækkunar á beitusíld á yfirstandandi vetrarvertíð, og hlýtur beitunefnd í samræmi við greinargerð sína og tillögur til ráðuneytisins að harma það, að svo hefur til tekizt. Þetta breytir þó ekki þeirri skoðun beitunefndarinnar, að verðjöfnunarheimildin á beitusíld sé nauðsynleg. Vísar nefndin í þessu sambandi til álits nefndarinnar, sem fylgir greinargerð frumvarpsins, þar sem færð eru rök fyrir verðjöfnunarnauðsyninni, og telur því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þá hlið málsins.

Með hliðsjón af framansögðu vill beitunefndin því að lokum mælast til þess við hæstvirta sjávarútvegsnefnd efri deildar Alþingis, að hún beiti sér fyrir því, að frumvarp það, sem hér um ræðir, verði samþykkt af Alþingi því, er nú situr, hið allra fyrsta.

Virðingarfyllst

Í beitunefnd.

Jón Árnason. Hjörtur B. Helgason. J. V. Hafstein.

Ed. 573. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist nýr töluliður, svolátandi:

Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins heimilast með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra að leggja fram kr. 1 250 000.00 sem hlutafé í Hæring h/f, Reykjavík, til kaupa og rekstrar síldarbræðsluskips.

Ed. 574. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Skal gjaldið reiknast af því verði, sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma. Tekjur sjóðsins skulu ár hvert

skiptast að jöfnu á milli búnaðarsambandanna annars vegar og stéttarsambands bænda hins vegar, er hvort fyrir sig ráðstafar sínum hluta til nauðsynjamála bændastéttarinnar vegna verkefna þeirra, er þau hafa með höndum. Búnaðarfélag Íslands skiptir milli búnaðarsambandanna því fé sjóðsins, er fellur í hlut þeirra, með hliðsjón af áætluðu framleiðslumagni héraðanna af gjaldskyldum söluvörum landbúnaðarins.

2. gr.

Lög nr. 27 frá 23. apríl 1946, um breyting á lögum um búnaðarmálasjóð, skulu úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 575. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á tækjum til síldarvinnslu.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „tækjum til síldarvinnslu“ komi: og fleira.
2. Við fyrirsögn frv. bætist: o. fl.

Ed. 576. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á tækjum til síldarvinnslu o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 15 millj. kr., innanlands eða erlendis, til kaupa á tækjum til síldarvinnslu og fleira.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 577. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 54/1928, um Menningarsjóð, og lögum nr. 70/1936, um breyting á þeim lögum.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Meginmál 1. gr. laga nr. 70 1936 orðist svo:

Menningarsjóður skal auk þess fá árlega af óskiptum rekstrarhagnaði áfengisverzlunar ríkisins í viðbót við þær tekjur, sem hann hefur af sektum fyrir brot á áfengislöggjöfinni, fjárhæð, sem nægir til þess, að sjóðurinn hafi ár hvert 75 þúsund

krónur í heildartekjur. Á þá fjárhæð greiðist verðlagsuppbót samkvæmt meðalverðlagsvísitölu ársins. Framlagið frá áfengisverzlun ríkisins greiðist samkvæmt þessu í fyrsta sinn fyrir árið 1945.

2. gr.

2. málsl. 2. gr. laga nr. 54 1928 orðist svo:

Sjóðsstjórnin skal skipta ár hvert innkomnum tekjum sjóðsins frá síðastliðnu ári í þrjá jafna hluta.

3. gr.

3. málsl. 7. gr. laga nr. 54 1928 orðist svo:

Reikningar Menningarsjóðs skulu árlega endurskoðaðir í aðalendurskoðunarskrifstofu ríkisins og síðan birtir í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur um málið. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Með frv. þessu er lagt til, að tekjustofn Menningarsjóðs verði gerður öruggari en verið hefur. Grunntekjur hans verði ekki minni en 75 þús. kr. ár hvert. Ákvæðið um lágmarkstekjur sjóðsins er nú 50 þús. kr., en á þá upphæð hefur ekki fengizt greidd verðlagsuppbót, þar sem talið mun, að til þess bresti lagaheimild. Menntamálaráð lítur þó svo á, að Menningarsjóði beri réttur til að fá verðlagsuppbót á lágmarkstekjur sínar, ef tekjur sjóðsins umfram lágmarksupphæðina nema eigi sem svarar fullri verðlagsuppbót. Til skýringar þessu skal bent á reikning Menningarsjóðs frá árinu 1945. Þá námu tekjurnar kr. 107 203.60. Meðalverðlagsvísitala ársins 1945 var 277.25 stig. Heildartekjur sjóðsins það ár hefðu því átt að nema, ef reiknað hefði verið með verðlagsuppbót, kr. 138 625.00. Til þess skorti kr. 31 421.40. Ákvæðið um 50 þús. kr. lágmarkstekjur Menningarsjóðs gekk í gildi árið 1936. Svo sem kunnugt er hefur allt verðlag og peningagildi í landinu breytzt stórkostlega síðan, sbr. það, að öll laun og margir opinberir styrkir eru nú greidd með verðlagsuppbót.

Menningarsjóði er því ótvírætt nauðsyn að eiga það tryggt að fá verðlagsuppbót á tekjur sínar, ef þær fara niður fyrir ákveðið lágmark. Að þessu liggja svo augljós rök, að ekki er ástæða til að skýra það frekar.

Hér er einnig lagt til, að lágmarksgrunntekjur Menningarsjóðs verði ákveðnar 75 þús. kr., eða hækkaðar um 25 þús. kr. á ári. Þessi ósk er fram borin af tveimur höfuðástæðum:

1. Langflestir, ef ekki allir kostnaðarliðir í starfsemi Menningarsjóðs hafa hækkað síðan árið 1936 meira en verðlagsvísitalan gefur til kynna.

2. Starfsemi Menningarsjóðs hefur aukizt mikið, síðan 50 þús. kr. lágmarkstekjur sjóðsins voru ákveðnar, og mun vaxa enn á næstunni.

Til skýringar þessu fer hér á eftir yfirlit um starfsemi Menningarsjóðs og nokkur helztu verkefni í náinni framtíð.

Deildir sjóðsins eru þrjár: Bókadeild, náttúrufræðideild og listadeild. Til gleggra yfirlits verður vikið hér nokkuð að hverri deild fyrir sig.

Bókadeildin.

Árið 1940 hóf Menningarsjóður í samvinnu við Hið ísl. þjóðvinafélag nýja og mjög umfangsmikla bókaútgáfu. Mönnum var gefinn kostur á að gerast félagar í útgáfunni fyrir mjög lágt gjald og fá í staðinn nokkrar bækur á ári. Með þessari starfsemi var stefnt að því að gera hverju einasta heimili á landinu fært að mynda sitt eigið bókasafn. Þessu nýja skipulagi var tekið mjög vel. Félagsmenn urðu strax

á 13. þús. talsins og hafa verið svo síðan. Er því sýnt, að útgáfan hefur náð mjög athyglisverðri útbreiðslu. Á s. l. 7 árum hafa félagsmenn fengið 38 bækur fyrir félagsgjaldið, sem á þessu tímabili hefur numið alls aðeins 110 kr. Þetta sýnir, að bækur útgáfunnar hafa verið mjög ódýrar, enda getur hún eigi fullnægt ætlunarverki sínu, nema hún bjóði mikinn og góðan bókakost við sem vægustu verði.

Hér skulu nefndar nokkrar af bókum útgáfunnar, bæði þær, sem þegar hafa verið gefnar út, og eins þær, sem eru í undirbúningi.

Íslenzk úrvalsrit: Í þessum flokki hafa verið gefnar út bækur eftir Jónas Hallgrímsson, Bólu-Hjálmar, Hannes Hafstein, Matthías Jochumsson og Grím Thomsen. Í undirbúningi eru úrvöl eftir Guðmund Friðjónsson og Stefán Ólafsson. Í hverri bók er ýtarleg ritgerð um skáldið og verk hans. Fullyrða má, að útgáfa þessara handhægu bóka glæðir áhuga fyrir lestri fagurra ljóða, ekki sízt meðal unglinga.

Ársrit: Hin gömlu og þjóðlegu ársrit, Andvari og Almanak Þjóðvinafélagsins, eru að sjálfsögðu meðal hinna árlegu félagsbóka. Rætt hefur verið um að stækka Andvara og gera hann fjölbreyttari að efni, en til þess þarf meiri fjárhæð en útgáfan hefur nú.

Erlend skáldrit: Reynt er að velja sígild skáldrit, sem geta sómt sér vel í bókasöfnum heimilanna eftir tugi ára ekki síður en nú. Sem dæmi má nefna „Önnu Kareninu" eftir Tolstoj. Skáldsagan „Tunglið og tieyringurinn" eftir W. S. Maugham mun koma út á þessu ári. Einnig er í undirbúningi úrvalssafn norskra smásagna, sem væntanlega kemur út á næsta ári.

Útgáfa fornrita. Njáls saga og Egils saga hafa þegar verið gefnar út. Prentun Heimskringlu verður lokið á næsta ári. Þótti fara vel á því að gefa þá bók út í vandaðri almenningsútgáfu um sama leyti og Norðmenn heiðra með sérstökum hætti minningu Snorra Sturlusonar.

Fræðslurit: Í þeim flokki eru m. a. bækurnar Mannslíkaminn og störf hans eftir Jóhann Sæmundsson lækni og saga síðustu heimsstyrjaldar eftir Ólaf Hansson menntaskólakennara. Heiðinn siður á Íslandi, bók um trúarlíf Íslendinga til forna, eftir mag. art. Ólaf Briem, hefur einnig verið gefin út af Menningarsjóði. Sú bók var ekki félagsbók, heldur seld gegn sérstöku gjaldi.

Saga Vestur-Íslendinga: Geta má þess, að Bókaútgáfa Menningarsjóðs annast aðalútsölu hér á landi á Sögu Íslendinga í Vesturheimi fyrir Þjóðræknisfélagið í Winnipeg og tekur ekki nein laun fyrir þá vinnu.

Af öðrum einstökum ritum skal nefna þessi:

Saga Íslendinga: Þetta á að verða heildarsaga þjóðarinnar frá upphafi Íslandsbyggðar til vorra daga, alls 10 stór bindi, hvert um 30 arkir. Þrjú bindi eru þegar komin út. Kappkostað verður að hraða útgáfu þeirra, sem eftir eru.

Hómerskviðurnar: Hinar óviðjafnanlegu þýðingar Sveinbjarnar Egilssonar eru nú ófáanlegar. Getur það ekki talizt vansalaust. Svo mikla þýðingu hafa þær haft fyrir íslenzkt mál og menningu. Þeir Kristinn Ármannsson yfirkennari og dr. Jón Gíslason hafa því verið ráðnir til að sjá um vandaða útgáfu á Ilions- og Odysseifskviðu.

Er hin síðarnefnda nú í prentun.

Heildarútgáfa á ritum Jóns Sigurðssonar: Menntamálaráð litur svo á, að slík útgáfa væri veglegur og verðugur minnisvarði um hina miklu frelsishetju okkar Íslendinga. Gerð hefur verið lausleg athugun um stærð verksins. Ekki er hægt að segja enn, hvort úr framkvæmdum verður, þar sem útgáfa þessi yrði mjög kostnaðarsöm.

Lýsing Íslands: Þessi væntanlega nýja Íslandslýsing er stærsta fyrirtækið, sem Menningarsjóður hefur hingað til ráðizt í. Hún mun verða a. m. k. 10 bindi, 450—500 bls. að stærð hvert, í nokkru stærra broti en Saga Íslendinga. Í fyrsta og öðru bindi verður almenn lýsing á Íslandi og um myndun þess og ævi. Þriðja og fjórða bindi munu fjalla um þjóðhætti, fimmta til níunda bindi verða héraðslýsingar. Síðasta bindið verður um hálendið og flytur auk þess efnisyfirlit. Steindór Steindórsson menntaskólakennari er ritstjóri alls verksins.

Samtímis Íslandslýsingunni er í ráði að semja og gefa út allsherjar lýsingu sögustaða, svipaða þeirri, sem Kaalund ritaði á síðustu öld. Staðalýsing þessi mundi ná til ársins 1874. Í henni yrði notaður allur sá fróðleikur, sem fram hefur komið um þetta efni, síðan Kaalund samdi lýsingu sína. Slík söguleg staðalýsing ætti að geta orðið virkur þáttur í því að tengja hina uppvaxandi kynslóð við land sitt.

Ýmis fleiri rit eru í undirbúningi á vegum Menningarsjóðs, þótt ekki sé rúmsins vegna vikið að þeim hér.

Þetta stutta yfirlit sýnir, hvert stefnt er með starfsemi bókaútgáfunnar. Það er augljóst mál, að slík starfsemi krefst meiri fjárstyrks en hún nýtur nú, ef hún á ekki að falla niður eða lamast stórkostlega.

Náttúrufræðideildin.

Markmið þeirrar deildar hefur frá öndverðu verið að styrkja náttúrufræðinga til rannsóknarferða um landið. Á síðustu árum hafa þessar ferðir orðið mörgum sinnum dýrari en áður vegna stóraukins ferðakostnaðar. Náttúrufræðingum, sem hafa með höndum hagnýtar, vísindalegar rannsóknir, hefur einnig fjölgað mikið. Þörfin fyrir styrki til rannsóknarferða hefur því margfaldazt frá því, sem áður var, þótt gætt sé fyllsta sparnaðar um styrkveitingar. Þess skal sérstaklega getið um styrki þá, sem menntamálaráð veitir vegna rannsókna, að þeir eru einungis ferðastyrkir. Menntamálaráð greiðir vísindamönnum ekki kaup fyrir rannsóknirnar, heldur hjálpar þeim aðeins til að greiða nauðsynlegan ferðakostnað.

Á undanförnum árum hafa verið framkvæmdar ýmsar merkilegar rannsóknir, sumpart fyrir styrkveitingar úr náttúrufræðideild Menningarsjóðs. En það er ekki nóg að gera slíkar rannsóknir. Árangur þeirra þarf að birta, svo að hann geti komið almenningi að notum.

Það er íslenzku þjóðinni bæði til vansa og tjóns, að ekkert yfirlitsverk um náttúru landsins skuli hafa verið gert, síðan Íslandslýsing Þorvaldar Thoroddsen var samin nokkru eftir síðustu aldamót. Síðan hafa margir ágætir íslenzkir vísindamenn rannsakað landið, og nú hefur þjóðin á að skipa margföldum mannafla til náttúrurannsókna, samanborið við það, sem áður hefur verið. Þessir menn verða að leggja saman í eina vandaða Íslandslýsingu.

Hér hefur þegar verið minnzt á hina fyrirhuguðu Íslandslýsingu menntamálaráðs. Í henni á að sameina þá þekkingu, sem til er um Ísland og íslenzku þjóðina. Þar verður gerð grein fyrir meginatriðunum í náttúrufræði landsins, samin lýsing á atvinnuháttum og lífi þjóðarinnar og héraðslýsingar við alþýðuhæfi.

Undirbúningskostnaðinn við útgáfu Íslandslýsingarinnar verður að taka að nokkru leyti úr bókadeildinni. Hann mun þó að verulegu leyti koma á náttúrufræðideildina. Sérstakar rannsóknir verður að gera vegna útgáfu þessa verks, og ekki má hefta nauðsynlegar rannsóknarferðir með því að neita um styrki til þeirra.

Menntamálaráði er ljóst, að það hefur ráðizt í mikið og erfitt verk með því að gefa út þessa Íslandslýsingu. En mál þetta er tekið upp vegna þess, að sjálfstæð þjóð getur ekki sæmdar sinnar vegna látið slíkt undirstöðuverk ógunnið. Jafnframt er augljóst, að eigi þetta mikla menningarmál ekki að stöðvast í miðjum klíðum, verður að tryggja Menningarsjóði öruggari tekjur en hann hefur nú.

Listadeildin.

Á undanförnum árum hefur starf listadeildarinnar einkum beinzt að því að styrkja þá listamenn, sem eru efnilegir, en átt hafa erfitt með að koma verkum sínum í verð. Jafnframt hefur verið unnið að því, að ríkið eignaðist það úrval íslenzkra listaverka, sem dygði til þess, að hér gæti orðið til listasafn, sem sýndi það bezta, er íslenzk myndlist hefur að bjóða. Er þetta í samræmi við lögin um Menningarsjóð.

Síðan peningavelta óx hér á landi, hefur verð listaverka margfaldazt. Vegna þessa hefur menntamálaráð oft átt erfitt með að kaupa ýmis þau listaverk, sem verið hafa á boðstólum og mestur fengur hefði verið að fyrir væntanlegt listasafn.

Fjárráð listadeildarinnar hafa verið og eru allt of lítil til þess, að hún geti keypt það úrval íslenzkra listaverka, sem nú er bezt fáanlegt á ári hverju. En auk þess er sjáanlegt, að útgjöld listadeildarinnar munu með nýjum verkefnum aukast mjög á næstu árum frá því, sem nú er.

Meginhluti þeirra listaverka, sem ríkið á og eiga að verða uppistaða í listasafninu, þegar það fær húsnæði, eru nú dreifð í skólum og öðrum opinberum byggingum víðs vegar um landið, og sum þeirra eru jafnvel erlendis. Þegar hið væntanlega húsnæði listasafnsins er fullbúið, verður að safna öllum listaverkunum saman og velja síðan úr þeim það, sem á að vera að staðaldri til sýnis í safninu. Menntamálaráð telur einnig rétt, fyrst listaverkunum verður safnað saman hvort sem er, að efna til umferðasýninga á úrvali þeirra í helztu kaupstöðum landsins. Slíkar sýningar yrðu hafðar svo sem 1—2 vikur á hverjum stað. Með þessu móti væri af hálfu ríkisins gert það, sem með sanngirni er hægt að gera ráð fyrir, til þess að alþjóð fengi yfirlit um hið bezta og lærdómsríkasta í íslenzkri myndlist. En uppeldisáhrif góðrar myndlistar eru svo þýðingarmikil og almennt viðurkennd, að um þau þarf ekki að fjölyrða.

Öllum mun ljóst, hversu það er þýðingarmikið fyrir álit þjóðarinnar út á við, að vel takist um val þeirra mynda, sem settar verða á listasafnið. Þegar þeim listaverkum, sem ríkið á, hefur verið safnað á einn stað, má gera ráð fyrir, að í ljós komi, að mikið skorti á, að úrval þeirra gefi eins góða og rétta mynd af íslenzkri myndlist og hægt væri. Af þeim sökum yrði sem fyrst að bæta við verkum frá þeim listamönnum vorum, sem kunna að hafa orðið út undan við kaup og söfnun listaverka fyrir ríkið á undanförnum árum.

Þegar litið er á þau atriði, sem hér hefur verið lauslega drepið á, mun ljóst vera, að hið aukna framlag til listadeildarinnar, sem hér er farið fram á, er sízt of hátt.

Fyrir kynningu íslenzkrar menningar er ekkert, sem gefur skjótari árangur en hið bezta, sem myndlistarmenn vorir hafa lagt af mörkum til íslenzkrar menningar á undanförnum árum.

Nú hefur verið gefið yfirlit um starfsemi hinna þriggja deilda Menningarsjóðs. Má af því verða ljóst, að sjóðurinn þarfnast meira starfsfjár, til þess að hann geti sinnt hinu mikla og margþætta hlutverki sínu. Er það með öllu óviðunandi, að hinar árlegu tekjur sjóðsins séu háðar brotum á áfengislöggjöfinni.

Með skírskotun til þessa væntir menntamálaráð, að breytingartillögur þess við 1. gr. þyki hóflegar og nauðsynlegar vegna þeirrar starfsemi, sem Menningarsjóði er ætlað að efla og styrkja.

Um 2. gr.

Reynslan hefur sýnt, að innheimtu á tekjum Menningarsjóðs er ekki lokið fyrr en um eða eftir mitt ár eftir á. En að sjálfsögðu er ekki hægt að skipta tekjum sjóðsins frá s. l. ári fyrr en þeirri innheimtu er lokið. Hér er því lagt til, að ákvæðið um að skipta tekjunum í apríl verði fellt niður. Þessi skipting er í rauninni ekkert annað en bókhaldsatriði og er að sjálfsögðu framkvæmd hverju sinni, þegar reikningar sjóðsins eru greiddir.

Um 7. gr.

Hér er gerð tillaga um, að reikningar Menningarsjóðs verði endurskoðaðir í aðalendurskoðun ríkisins. Er sú tilhögun eðlileg. Sú venja hefur líka þegar skapazt að láta endurskoða þar hina sérstöku reikninga Bókaútgáfu Menningarsjóðs.

Ed. 578. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 23. apríl 1947.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Brynjólfi Bjarnasyni.

Á eftir c-lið frvgr. bætist nýr liður:
Á eftir A. 38. kemur nýr liður (og breytist liðatalan samkvæmt því):
Vestmannaeyjavegir: Vegir í Vestmannaeyjum utan þess hluta kaupstaðarins, sem skipulagður hefur verið.

Ed. 579. Breytingartillaga

við frv. til l. um sóknargjöld.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 3. gr. Í stað orðanna „sem hundraðsgjaldi af útsvörum" komi: eftir efnum þeirra og ástæðum og með hliðsjón af álögðum útsvörum.

Ed. 580. Breytingartillögur

við frv. til l. um sementsverksmiðju.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Orðin „við Önundarfjörð" falli burt.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þrem mönnum, er atvinnumálaráðherra skipar til 4 ára í senn. Fyrsta verksmiðjustjórn ákveður í samráði við atvinnumálaráðherra, hvar verksmiðjan skal staðsett. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Nd. 581. Frumvarp til laga

um sementsverksmiðju.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til vinnslu sements. Vinnslugeta verksmiðjunnar skal miðast við 75 þúsund smálesta afköst á 300 dögum.

2. gr.

Til þess að standast kostnað af framkvæmdum samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega orku, heimilast ríkisstjórninni að taka að láni allt að 15 millj. króna. Sementsverksmiðjan skal ávaxta og endurgreiða slík lán.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast, ef samkomulag næst ekki um kaup á landi vegna byggingar sementsverksmiðjunnar, að taka eignarnámi lóðir og lendur, svo og mannvirki, sem á lendum þessum eru. Eignarnám þetta fer fram samkvæmt lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

4. gr.

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 3 mönnum, er atvinnumálaráðherra skipar til 4 ára í senn. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvinnumálaráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

5. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

6. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af atvinnumálaráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun til þeirra að fengnum tillögum stjórnarinnar.

7. gr.

Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi helmingi af tekjuafgangi hennar eða ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar ár hvert. Heimilt skal þó jafnan að leggja á hana útsvar, er nemi allt að ¼% af árlegu kostnaðarverði framleiðslunnar. Útsvar verksmiðjunnar má ekki nema hærri fjárhæð en fjórða hluta af heildarupphæð útsvars í hreppnum.

8. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er. Af byggingarkostnaði húsa og annarra mannvirkja skal afskrifa a. m. k. 3% og a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. Tekjuafgangur skal lagður í varasjóð.

Reikningsskilum skal lokið svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Að henni lokinni skulu reikningarnir sendir atvinnumálaráðherra, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Skulu þeir síðan birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun á verksmiðjunni setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

Sþ. 582. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1948.

I. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni*.

Við 13. gr. A. III. (Brúargerðir).

Við 5. Nýir liðir:

a. Selá í Nauteyrarhreppi	50 000
b. Múlaá	25 000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. A. XI. Liðurinn orðist svo:
Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi 80 000

III. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 13. gr. B. 2. (Til bátaferða).
Fyrir „500 000“ kemur 912 200

IV. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 2. (Akureyri).
Fyrir „75 000“ kemur 250 000

V. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 5. (Hafnarfjörður).
Fyrir „250 000“ kemur 350 000

VI. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 13. gr. C. IX. 16 (Lendingarbætur. — Hnífsdalur).
Fyrir „50 000“ kemur 150 000

VII. Frá *Skúla Guðmundssyni* og *Jóni Pálmasyni.*
Við 15. gr. A. III. 7. Nýr liður:
Til endurbóta á Borgarvirki í Víðidal 10 000
Til vara 8 000

VIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni,, Þorsteini Þorsteinssyni, Einari Olgeirssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 7. Nýr liður:
Til rímnafélagsins, til útgáfustarfsemi 10 000

IX. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Sigurði Bjarnasyni, Sigurði Guðnasyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 15. gr. A. XII. 2. (Til leikskóla samkvæmt úthlutun menntamálaráðherra).
Fyrir „25 500“ kemur 36 000

X. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 15. gr. A. XII. 11. Nýr liður:
Til leikstarfsemi í Bolungavík gegn jafnmiklu framlagi frá Hólshreppi 1 000

XI. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. A. XIX. Nýr liður:
Til að undirbúa minnismerki um Jón biskup Arason, er reist verði í Skálholti fyrir árið 1950 og Einar Jónsson myndhöggvari fenginn til að gera 10 000

XII. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Gunnari Thoroddsen, Jörundi Brynjólfsyni, Einari Olgeirssyni* og *Guðm. Í. Guðmundssyni.*
Við 22. gr.VI. Nýr liður:
Að greiða Gunnlaugi Blöndal og Gunnlaugi Scheving listmálurum 15 þús. kr. byggingarstyrk hvorum (endurveiting).

XIII. Frá *Katrínu Thoroddsen, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 22. gr.VI. Nýr liður:
Að greiða Nínu Tryggvadóttur listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk.

XIV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að lána hafnarsjóði Bolungavíkur allt að 350 þús. kr. vegna skemmda, sem urðu á brimbrjótnum þar haustið 1946, þar til upplýst hefur verið, hvaða orsakir liggja til skemmdanna.

XV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. XI. Nýr liður:
Að verja allt að kr. 3 360 000 eða taka sömu upphæð að láni til sjálfvirkrar símstöðvar á Akureyri, sæsíma yfir Hvalfjörð og firði á Barðaströnd og til póst- og símahúss í Hrútafirði.

XVI. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að endurgreiða á árinu toll af sænskum timburhúsum samkvæmt heimild í lögum nr. 44 frá 1946, ef fært þykir vegna tekna ríkissjóðs.

XVII. Frá *Finni Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XVI. Nýr liður:
Að endurgreiða sjúkrahúsi Ísafjarðar halla, er það hefur beðið vegna dvalar utanbæjarsjúklinga á árunum 1942—1947, allt að 200 þús. kr.

XVIII. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XVII. Nýr liður:
Að greiða Tryggingasjóði sjómanna í Bolungavík 12 577.09 kr., enda hafi samþykktir sjóðsins verið færðar til samræmis við lög nr. 109 1943.

XIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. XXIV. Liðurinn orðist svo:
Að draga úr framlögum til verklegra framkvæmda, sem ekki eru bundin í öðrum lögum en fjárlögum, um allt að 35%, eftir jöfnum hlutföllum, eftir því sem við verður komið, ef ríkisstjórnin telur, að vinnuafl dragist um of frá framleiðslustörfum eða fyrirsjáanlegt er, að tekjur ríkissjóðs á árinu hrökkva ekki fyrir gjöldum. Ef fé er hins vegar fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af öðrum ástæðum, skal það fé geymt, er til þeirra framkvæmda var ætlað, en þær að öðrum kosti látnar sitja í fyrirrúmi á árinu 1949.

XX. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XXIV. Nýr liður:
Að verja allt að 75 þús. kr. til bjargráðaráðstafana í Sléttuhreppi og Grunnavíkurhreppi, enda ráðstafi sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu fénu að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytisins.

XXI. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XXIV. Nýr liður:
Að greiða Jóni Magdal, bónda í Engidal í Skutulsfirði, 12 þús. kr. skaðabætur vegna atvinnutjóns af völdum 12 ára sóttkvíar.

Ed. 583. Frumvarp til laga

um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Bannað er að flytja úr landi eða til landsins íslenzka peningaseðla og skiptimynt, og enn fremur íslenzk skuldabréf og hvers konar skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í íslenzkum gjaldeyri.

Landsbanki Íslands getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá banninu á útflutningi og innflutningi skuldabréfa.

2. gr.

Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, mega hafa meðferðis til útlanda allt að 150 kr. í erlendum gjaldmiðli (seðlum eða skiptimynt), enda sýni þeir tollyfirvöldum skilríki fyrir því, að gjaldmiðilsins hafi verið aflað á löglegan hátt.

3. gr.

Hver sá, sem til landsins kemur frá útlöndum, skal gefa tollyfirvöldunum skriflega, sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri (peningaseðla, skiptimynt, ávísanir í erlendum og íslenzkum gjaldeyri, hvers konar skuldabréf o. s. frv.) hann hafi í fórum sínum. Erlendir peningaseðlar og erlend skiptimynt, sem menn flytja til landsins, skal afhent útlendingaeftirlitinu, er skilar fénu til Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands, og greiða þeir eigandanum andvirði þess í íslenzkum krónum. Það, sem afgangs kann að verða af fé, sem einstaklingar frá útlöndum á þennan hátt geyma í Landsbankanum eða Útvegsbankanum, meðan þeir dveljast hér, fá þeir afhent í sama erlendum gjaldeyri við brottför sína úr landinu.

Einstaklingar, sem búsettir eru erlendis, skulu við komu sína til landsins undirrita drengskaparyfirlýsingu um, að þeir muni aðeins eiga gjaldeyrisviðskipti við þá banka, sem hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri. Jafnframt skulu þeir skuldbinda sig til að semja ekki við hér búsetta aðila um það að fá íslenzkan gjaldeyri eða uppihald hér gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri eða gegn nokkurs konar öðru endurgjaldi, nema hinir innlendu aðilar hafi aflað sér heimildar íslenzkra gjaldeyrisyfirvalda.

4. gr.

Hver sá, sem fer af landi burt, skal gefa tollyfirvöldunum skriflega, sundurliðaða skýrslu um það, hve mikinn gjaldeyri hann hafi meðferðis.

Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, skulu við brottför úr landi gera grein fyrir, að þeir hafi aflað sér gjaldeyris til fararinnar á löglegan hátt, og jafnframt undirrita drengskaparyfirlýsingu um það að semja ekki við erlenda aðila um að fá erlendan gjaldeyri eða uppihald erlendis gegn greiðslu í íslenzkum gjaldeyri eða gegn nokkurs konar öðru endurgjaldi, nema samþykki íslenzkra gjaldeyrisyfirvalda komi til.

Upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

5. gr.

Við tollskoðun er heimilt, þyki nauðsyn bera til, að láta fara fram rannsókn, bæði á farþegum og farangri, til að tryggja, að ekki séu brotin ákvæði laga þessara eða reglugerðar, sem sett kynni að verða samkvæmt þeim.

6. gr.

Með reglugerð setur ráðherra nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, ef hann telur þess þörf.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerð, sem sett er samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. krónum.

8. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð skal fara með að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Nd. 584. Breytingartillögur

við frv. til l. um rekstrarsjóð Symfóníuhljómsveitar Íslands.

Frá Ingólfi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Innheimta skal jafnhliða skemmtanaskatti sérstakt sætagjald af kvikmyndahúsum, er nemi allt að 100 aurum á hvert sæti.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fé það, sem innheimt er samkv. 1. gr., skal renna óskipt í ríkissjóð.
3. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um sérstakt sætagjald af kvikmyndahúsum.

Nd. 585. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og virðast breytingar þær, sem í því felast á l. um dýrtíðarráðstafanir nr. 128/1947, takmarkaðar við það að gera framkvæmd laganna auðveldari, og er því lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einar Olgeirsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 18. marz 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Hallgr. Benediktsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.
	Skúli Guðmundsson.	

Ed. 586. Lög

um breyting á lögum nr. 108 frá 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

(Afgreidd frá Ed. 18. marz.)

Samhljóða þskj. 417.

Ed. 587. Lög

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Afgreidd frá Ed. 18. marz.)

Samhljóða þskj. 459.

Ed. 588. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Aftan við 1. tölul. 1. gr. bætist: enda nær skylda sveitarfélaga til íbúðarhúsabygginga samkv. tilvitnuðum kafla laganna ekki framar en tilskilinn styrkur eða lánveiting af hálfu ríkissjóðs kemur til.

Ed. 589. Breytingartillögur

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. 1. tölul. orðist svo:
   Fresta skal um óákveðinn tíma framkvæmdum laga nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, enda kjósi Alþingi með hlutfallskosningu nú þegar 5 manna viðskiptanefnd til þess að úthluta innflutnings- og gjaldeyrisleyfum í samráði við banka þá, sem leyfi hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri, og að annast önnur þau störf varðandi viðskiptamál og verðlagseftirlit, er ríkisstjórnin telur enn nauðsynleg og viðskiptamálaráðuneytið getur ekki annazt.
2. 3. tölul. falli niður.

Ed. 590. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjármálaráðherra.

Við fyrirsögn frv. bætist: o. fl.

Ed. 591. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 573 [Bráðabirgðabreyting nokkurra laga].

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við tillöguna bætist: enda fái þeir síldarútvegsmenn, sem á hverjum tíma óska að skipta við þessa síldarbræðslu, jafnan aðgang til löndunar síldveiði sinni, svo sem verið hefur hjá Síldarverksmiðjum ríkisins.

Ed. 592. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. Ákvæði III. kafla l. nr. 44/1946 varðandi fjárframlög og lánveitingar af hálfu ríkissjóðs til sveitarfélaga koma því aðeins til framkvæmda, að sérstök heimild sé veitt til þess í fjárlögum hverju sinni, enda nær skylda sveitarfélaga til íbúðarhúsabygginga samkvæmt tilvitnuðum kafla laganna ekki framar en tilskilinn styrkur eða lánveiting af hálfu ríkissjóðs kemur til.
2. Gjöld til ríkissjóðs samkvæmt IX. kafla l. nr. 68/1947 skulu innheimt með verðlagsuppbót árið 1948.
3. Greiðsla á 1 milljón af framlagi ríkissjóðs 1948 samkv. 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 35/1946 skal fresta til ársins 1957.
4. Niður skal falla umboð nýbyggingarsjóðsnefndar samkv. 14. gr. l. nr. 20 20. mai 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Ríkisskattanefnd annast störf þau, er nýbyggingarsjóðsnefnd eru falin með framannefndum lögum, enda hefur hún þá fullnaðarúrskurð um þau mál.
5. Fyrir orðin „100%“ í 1. gr. laga nr. 18 1948, um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, komi: 200%.
6. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins heimilast með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra að leggja fram kr. 1 250 000.00 sem hlutafé í Hæring h/f, Reykjavík, til kaupa og rekstrar síldarbræðsluskips.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 593. Breytingartillaga

við frv. til l. um rekstrarsjóð Symfóníuhljómsveitar Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt skal að innheimta sérstakt gjald af kvikmyndahúsum í Reykjavík og Hafnarfirði, er nemi allt að 25 aurum á hvern seldan aðgöngumiða, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð, er menntamálaráðuneytið setur.

Nd. 594. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Frv. til l. um Symfóníuhljómsveit Íslands.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Enda þótt vert sé að efla hljómlist í landinu og symfóníuhljómsveit hafi menningarlegt gildi, telur deildin ofrausn að skattleggja landsmenn allt að einni milljón króna árlega til symfóníuhljómsveitar í Reykjavík, eins og verða mundi, ef frumvarpið á þingskjali 463 verður að lögum, og telur réttara að verja hæfilegri fjárhæð í fjárlögum, ef fært þykir, í því skyni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 595. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 593 [Symfóníuhljómsveit Íslands].

Frá Emil Jónssyni.

Orðin „og Hafnarfirði“ falla niður.

Ed. 596. Frumvarp til laga

um rekstrarsjóð Symfóníuhljómsveitar Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimilt skal að innheimta sérstakt gjald af kvikmyndahúsum í Reykjavík og Hafnarfirði, er nemi allt að 25 aurum á hvern seldan aðgöngumiða, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð, er menntamálaráðuneytið setur.

2. gr.

Fé það, sem innheimt er samkvæmt 1. gr., skal renna í sérstakan sjóð til styrktar Symfóníuhljómsveit Íslands. Veitir menntamálaráðuneytið hljómsveitinni styrki úr sjóðnum, enda samþykki það skipulag hennar og stjórn og rekstur hennar fullnægi að öðru leyti þeim skilyrðum, er ráðuneytið kann að setja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 597. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1948.

I. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 57. (Skagastrandarvegur).
Fyrir „120 000“ kemur 140 000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. A. IX. Nýr liður:
Til Páls Hermannssonar, fv. alþm., til ritstarfa:
a. Grunnlaun 3500
b. Verðlagsuppbót 7000
10 500

III. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við 20. gr. XII. Nýr liður:
Til byggingar kennarabústaðar á Hólum (Fyrsta greiðsla) 50 000

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. II. Nýr liður:
Að greiða Boga Ólafssyni yfirkennara full laun, ef hann lætur af störfum á þessu ári, gegn því, að hann vinni að samningu íslenzkrar orðabókar án endurgjalds.

V. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að greiða skipverjum af vélbátnum Björgu frá Djúpavogi 25 þús. kr. til kaupa á öðrum bát.

Sþ. 598. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1948.

I. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Stefáni Stefánssyni.*
Við 13. gr. C. IX. 14. (Lendingarbætur). Nýr liður:

Grímsey	50 000
Til vara	25 000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 20. gr. Út. III. Liðurinn orðist svo:

Til bygginga á jörðum ríkisins	300 000

Þar af 25 þús. kr. til byggingar útihúsa á Staðarfelli.

Ed. 599. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (ÁS) hefur óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Annar nefndarmaður (PM) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 19. marz 1948.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. — Hannibal Valdimarsson, fundaskr. — Eiríkur Einarsson.
Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 600. Lög

um brunavarnir og brunamál.

(Afgreidd frá Ed. 19. marz.)

Samhljóða þskj. 430.

Ed. 601. Lög

um viðauka við lög nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

(Afgreidd frá Ed. 19. marz.)

Samhljóða þskj. 260.

Ed. 602. Lög

um sóknargjöld.

(Afgreidd frá Ed. 19. marz.)

Samhljóða þskj. 453.

Ed. 603. Lög

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 19. marz.)

Samhljóða þskj. 574.

Nd. 604. Lög

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

(Afgreidd frá Ed. 19. marz.)

Samhljóða þskj. 407.

Nd. 605. Lög

um sementsverksmiðju.

(Afgreidd frá Ed. 19. marz.)

Samhljóða þskj. 581.

Sþ. 606. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir 1948 og við brtt. á þskj. 182.

I. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 19. (Vestmannaeyjar).
Fyrir „250 000“ kemur 300 000

II. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við brtt. 582. XI. (Við 15. gr. A. XIX. Nýr liður).
Brtt. orðist svo:
Til þess að undirbúa minnismerki um Jón biskup Arason og syni hans, er reist verði í Skálholti fyrir árið 1950, og sé látin fara fram samkeppni um hugmyndina milli íslenzkra myndhöggvara, en dómnefnd, skipuð af menntamálaráðherra, dæmi um, hver tekin sé .. 15 000

III. Frá *landbúnaðarráðherra.*
Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að kaupa jarðirnar Gesthús og Bakkakot á Álftanesi til handa jarðakaupasjóði, ef samkomulag næst um verð og greiðsluskilmála, enda greiði sjóðurinn andvirði jarðanna.

Nd. 607. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. efri deild, og var vísað til n. á s. l. nóttu. Hefur því lítill tími unnizt til þess að athuga frv., svo sem nefndin þó hefði talið nauðsynlegt.

Hins vegar er af hálfu ríkisstjórnarinnar lögð mikil áherzla á, að frv. nái fram að ganga á Alþingi því, er nú situr, og þar eð málið hefur verið undirbúið í milliþinganefnd, vill n. mæla með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 12. gr. 3. málsgr. Á eftir orðunum „farma af fiski" komi: að ísuðum fiski undanskildum.

Alþingi, 19. marz 1948.

Finnur Jónsson, form., frsm. Pétur Ottesen, fundaskr. Halldór Ásgrímsson.

Áki Jakobsson. Sig. Kristjánsson.

Sþ. 608. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1948.

I. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
   a. Við 17. gr. 26. Nýr liður:
      Til vatnsveitna samkvæmt l. nr. 93 1947 ..... 300 000
   b. *Til vara.*
      Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
         Að greiða 300 þús. kr. til vatnsveitna samkv. l. nr. 93 1947.

II. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
   Við 18. gr. II. p. Nýr liður:
      Pétur Á. Jónsson óperusöngvari 3 600

III. Frá *menntamálaráðherra.*
   Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
      Að kaupa íbúð handa rektor Menntaskólans í Reykjavík.

Sþ. 609. Tillaga til þingsályktunar

um aukið öryggi í flugferðum.

Frá Jónasi Jónssyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera í samráði við flugráð og stjórn flugfélaganna ráðstafanir til að auka öryggi í flugferðum hér á landi.

Greinargerð.

Á mjög skömmum tíma hefur íslenzka þjóðin eignazt allmargar flugvélar og flugferðir orðið liður í samgöngum innanlands. En hér er við mikla erfiðleika að etja. Landið er stórt og fjöllótt, en fábyggt og lítið um leiðarmerki. Röð af jöklum liggur frá austri til vesturs yfir nálega þvert landið. Tveir voldugir hafstraumar liggja að landinu, annar kaldur, en hinn heitur. Óvíða í heiminum munu vera jafnerfið flugskilyrði eins og á Íslandi. Þegar þar við bætist, að flugmennirnir hafa allir lært list sína í framandi löndum við gagnólík skilyrði og hafa tiltölulega litla reynslu hér á landi, þar sem flugstarfsemin er svo nýtilkomin, þá er sízt að furða, þó að hér hafi orðið allmörg flugslys og tryggingar í sambandi við flugstarf óvenjulega háar.

Almenningi er ljóst, að hér þarf að gerast mikil breyting. Yfirstjórn íslenzkra veðurfræðimála þarf ætíð að vera í höndum íslenzkra kunnáttumanna, sem þekkja landið og veðráttuna af eigin raun, en ekki aðallega af bókum og skýrslum. En auk þess eru aðkallandi tvö verkefni í flugmálunum. Það þarf að draga úr hinni miklu eyðslu við flugvöllinn í Reykjavík og eyðslu við flugstjórn á hafinu sunnan við landið vegna annarra þjóða, enda er lítið tryggð innieign Íslendinga á þeim vettvangi um 6 milljónir króna. Í stað þess þarf að bæta lendingarstaði fyrir flugvélar svo víða sem kostur er á. Má það kallast furðulegt hirðuleysi að vanrækja að halda flugvellinum í Kaldaðarnesi við til nauðlendinga, þar sem sá völlur var byggður með tugmilljóna tilkostnaði fyrir fáum árum. Miklu víðar mætti auka öryggi með heppilegum lendingarbótum.

Annar þáttur þessara öryggismála er engu síður nauðsynlegur. Það er að æfa flugmennina miklu meira en nú er gert við íslenzka landshætti og veðurskilyrði. Flestir flugmennirnir eru, svo sem vænta má, ungir menn og djarfir, enda hafa margir þeirra sýnt í verki vaskleika og manndóm. En þeir hafa, eins og fyrr er ritað, numið í öðru landi við margfalt betri skilyrði og staðbundnari veðráttu en á Íslandi. Hér verða flugmenn að sigrast á síbreytilegri veðráttu, ofsaveðrum, löngu skammdegismyrkri og verða að búa við vöntun hjálpartækja, sem mikið er um í þéttbyggðu löndunum. Úr þessu verður hér á Íslandi bezt bætt með því að veita flugmönnum staðbundna, en mjög ýtarlega æfingu. Flugmennirnir eiga flestir heima í Reykjavík. Hér bíða þeir fjölmarga landlegudaga. Alla slíka daga mætti nota til að þjálfa liðið og búa hvern mann undir að bjarga sér og sínum farmi úr hættu íslenzkra erfiðleika. Yfirmenn íslenzkra skipa fá miklu meiri verklega æfingu en flugmenn okkar, og mun þó mega telja starf flugmannsins enn vandameira en sjómannsins. Glöggt dæmi um hliðstætt efni má taka úr atvinnulífi Mývetninga. Öldum saman hafa þeir orðið að dveljast marga daga í senn á auðnum Austurfjalla í fjárleitum og fjárgeymslu. Oft hafa þessir menn orðið að fara leiðar sinnar á hinum miklu auðnum í blindhríð dag eftir dag og finna sæluhús og leitarmannakofa til gistingar. Mjög sjaldan hafa þessir menn orðið úti. Synir hafa lært af feðrum, og þannig hefur ferðamenning þeirra komizt á svo hátt stig, að um suma þessa menn er fullyrt, að þeir hafi ekki getað villzt. Það hafa farið saman þau einkenni, sem nauðsynlegust eru, dirfskan og varfærnin.

Stjórn flugmálanna og flugfélaganna verður að beita sér fyrir auknu öryggi í þessum málum. Flugmennirnir mundu fagna öllum skynsamlegum aðgerðum í þessu efni. Hafa komið frá sumum mestu afreksmönnum flugþjónustunnar eindregnar kröfur, sem stefna í sömu átt og þessi tillaga.

Ed. 610. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá Pétri Magnússyni.

1. 1. gr. frv. orðist svo:
   Í stað fyrstu setningar 1. gr. l. nr. 39 7. apríl 1943 „Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæðið“ komi: Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um íbúðarhúsnæði.
2. 2. gr. orðist svo:
   Aftan við 1. gr. l. nr. 39 7. apríl 1943 bætist: Ákvæði þessarar greinar taka ekki til einstakra herbergja, sem leigð eru einhleypum aðilum, né til þeirra leigusamninga, sem gerðir eru eftir 14. maí 1948.

Ed. 611. Nefndarálit

um frv. til l. um eignarnám á ræktuðum og óræktuðum byggingarlóðum á Sauðárkróki sunnan Sauðár.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. marz 1948.

Hermann Jónasson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Brynjólfur Bjarnason.
Þorst. Þorsteinsson. Pétur Magnússon.

Ed. 612. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar (PM, GÍG og ÞÞ) samþykkti að senda fjárhagsráði frv. til umsagnar. Minni hl. (HermJ og BrB) gat ekki fallizt á þessa afgreiðslu málsins, þar sem nú er komið svo nálægt þinglokum, að telja má útilokað, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, ef sú aðferð er viðhöfð, enda hefur ráðið áður rætt þetta mál og tekið afstöðu til þess.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. marz 1948.

Hermann Jónasson, form., frsm. Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 613. Nefndarálit

um frv. til l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með frv. í heild sinni. Stgr. A. mun flytja sérstaka brtt., en nefndin öll mælir með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við 1. málsl. bætist: enda verði friðun fiskstofnsins á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur.

Alþingi, 19. marz 1948.

Gísli Jónsson, form. B. Kristjánsson, fundaskr. Pétur Magnússon, frsm.
Sigurjón Á. Ólafsson.

Sþ. 614. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1948 og við brtt. á þskj. 582.

I. Frá *fjármálaráðherra.*
1. Við 2. gr. 6. (Gjald af innlendum tollvörum).
Fyrir „2 000 000“ komi 3 000 000
2. Við 3. gr. A. Sundurliðun. 3. I. (Áfengisverzlun ríkisins, tekjur).
Fyrir „41 946 680“ kemur 45 946 680

II. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við brtt. 582, XVI. (22. gr. XIV. Nýr liður).
2. Aukauppbót	—	1.00	
3. Verðlagsuppbót	—	1 080.12	
b.—d. Stundakennsla o. fl.	—	12 000.00	
2. Til byggingar leikfimihúss íþróttaskólans	—	250 000.00	
3. Til íþróttasjóðs	—	21 000.00	
4. Eftirlit með sundkennslu:			
a. Grunnlaun	—	1 350.00	
b. Aukauppbót	—	345.00	
c. Verðlagsuppbót	—	3 366.90	
5. c. Verðlagsuppbót	—	463.66	
XVII. Til kennslu heyrnar- og málleysingja:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	—	6 009.99	
b. Aukauppbót	—	0.25	
c. Verðlagsuppbót	—	2 097.71	
2. Annar kostnaður	—	12 977.32	
Viðgerð á skólahúsinu	—	70 800.00	
XIX. Til Geirs Þormars:			
b. Verðlagsuppbót	—	160.50	
XXI. Til Kristjáns Geirmundssonar:			
b. Verðlagsuppbót	—	267.50	
XXII. Til Sigurðar Skúlasonar:			
b. Verðlagsuppbót	—	537.00	
XXIII. Til Hallgríms Helgasonar:			
b. Verðlagsuppbót	—	624.11	
Flutt af 22. og 24. gr.	—	245 333.63	
			kr. 2 904 444.45

10. gr.

Til viðbótar gjöldum í 15. gr. er veitt:
Til bókmennta, lista og vísinda:

A. Til opinberra safna o. fl.

I. Landsbókasafnið:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	kr.	12 374.99	
b. Aukauppbót	—	2 308.75	
c. Verðlagsuppbót	—	24 208.44	
2. Til bóka- og handritakaupa	—	2 190.69	
3. Til Þorsteins Konráðssonar	—	992.73	

8.	Til þess að gera skrá yfir efni ísl. blaða og handrita	kr.	1 342.66
10.	Ýmis gjöld	—	1 891.02
II.	Þjóðskjalasafnið:		
1.	Laun:		
a.	Grunnlaun	—	4 564.00
b.	Aukauppbót	—	141.00
c.	Verðlagsuppbót	—	5 378.40
III.	Þjóðminjasafnið:		
1.	Laun:		
a.	Grunnlaun	—	4 000.00
c.	Verðlagsuppbót	—	2 651.42
2.	Til aðstoðar	—	1 533.47
V.	Safnahúsið:		
1.	Laun:		
c.	Verðlagsuppbót	—	802.10
2.	Til eldiviðar o. fl.	—	1 645.22
3.	Til viðhalds og áhalda	—	6 947.43
4.	Til opinberra gjalda	—	287.72
	Ýmis gjöld	—	6 965.90
	Heimtaugargjald	—	25 075.00
VI.	Styrkur til bókasafna og lesstofa:		
1.	Til amtsbókasafnsins á Akureyri:		
a.	Laun bókavarðar:		
3.	Verðlagsuppbót	—	579.18
2.	Til bókasafnsins á Ísafirði:		
a.	Laun bókavarðar:		
3.	Verðlagsuppbót	—	579.18
3.	Til bókasafns Hafnarfjarðar:		
a.	Laun bókavarðar:		
3.	Verðlagsuppbót	—	579.18
VIII.	Styrkir til bókaútgáfu o. fl.:		
1.	b. Verðlagsuppbót	—	2 674.95
2.	b. Verðlagsuppbót	—	249.66
3.	b. Verðlagsuppbót	—	356.66
4.	b. Verðlagsuppbót	—	713.33
6.	a. 2. Verðlagsuppbót	—	713.32
	b. 2. Verðlagsuppbót	—	713.32
10.	b. Verðlagsuppbót	—	445.83
11.	c. Verðlagsuppbót	—	690.15
12.	b. Verðlagsuppbót	—	8 391.65
13.	b. Verðlagsuppbót	—	891.65
14.	b. Verðlagsuppbót	—	891.65
15.	Til útg. sænsk.-ísl. orðabókar	—	2 500.00
IX.	Til skálda o. fl.:		
a.	Grunnstyrkur	—	8 602.46
b.	Verðlagsuppbót	—	41 249.14
X.	Til vísindamanna o. fl.:		
b.	Verðlagsuppbót	—	5 351.00
XI.	2. Verðlagsuppbót	—	1 783.98
XII.	Til tónlistarstarfsemi:		
1.	b. Verðlagsuppbót	—	1 775.29
3.	c. Verðlagsuppbót	—	735.04

4. c. Verðlagsuppbót	kr.	347.75		
5. c. Verðlagsuppbót	—	579.15		
6. b. Verðlagsuppbót	—	1 069.98		
XIII. Til listasafns Einars Jónssonar:				
1. c. Verðlagsuppbót	—	1 470.86		
3. Ýmis gjöld	—	212.21		
5. Byggingarstyrkur	—	266 500.00		
XIV. Til bandalags ísl. listamanna:				
b. Verðlagsupbót	—	856.00		
XVII. Friðun Þingvalla	—	49 572.92		
Flutt af 22. og 24. gr.	—	425 630.23		
			kr.	932 006.66

B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu:

I. Atvinnudeild háskólans:				
1. Iðnaðardeild:				
a. 1. Grunnlaun	kr.	2 575.00		
2. Aukauppbót	—	720.50		
3. Verðlagsuppbót	—	14 806.73		
b. Efni o. fl.	—	8 872.87		
2. Fiskideild:				
c. Ferðakostnaður	—	13 809.94		
4. Sameiginlegur kostnaður:				
b. Til ræstingar	—	1 901.61		
c. Til eldiviðar o. fl.	—	5 186.50		
d. Annar kostnaður	—	3 844.29		
II. Rannsóknarstofa háskólans:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	—	9 379.42		
c. Verðlagsuppbót	—	19 784.11		
2. Annar kostnaður	—	10 950.62		
III. Til rannsóknaráðs:				
3. Verðlagsuppbót	—	3 033.68		
IV. Veðurstofa Íslands:				
1. Laun.				
a. Grunnlaun	—	1 950.00		
b. Aukauppbót	—	552.50		
c. Verðlagsuppbót	—	13 585.65		
2. Til veðurathugana o. fl.	—	693.30		
5. Húsaleiga o. fl.	—	677.52		
6. Eftirlit o. fl.	—	1 269.28		
VII. Til sjómælinga:				
1. Laun:				
c. Verðlagsuppbót	—	2 704.55		
2. Skipaleigur o. fl.	—	7 258.81		
IX. Til húsameistara ríkisins:				
2. Annar kostnaður	—	50 945.23		
Flutt af 22. og 24. gr.	—	385 238.24		
			—	589 378.10

11. gr.

Til viðbótar gjöldum í 16. gr. er veitt:
Til atvinnumála:

A. Landbúnaðarmál:

5.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum:			
	a. Jarðabótastyrkir	kr.	185 244.63	
6.	Til búfjárræktar	—	14 992.55	
13.	Til Áveitufélags Ölfusinga	—	810.80	
17.	Til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu	—	2 457.00	
20.	Til skógræktar:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	—	600.00	
	2. Aukauppbót	—	150.00	
	3. Verðlagsuppbót	—	5 907.25	
24.	Til klaksjóðs	—	4 048.32	
25.	Kostn. vegna laga um lax- og silungsveiði	—	27 266.77	
27.	Til loðdýraræktar:			
	a. Laun:			
	3. Verðlagsuppbót	—	1 358.90	
28.	Til dýralækna:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	—	9 532.84	
	3. Verðlagsuppbót	—	3 350.04	
	4. Styrkur til Páls A. Pálssonar	—	309.36	
	5. Skrifstofukostnaður	—	3 791.50	
	b. Styrkur til einstakra manna til að stunda dýralækningar	—	1 550.47	
30.	Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma:			
	c.—d. Girðingarefni o. fl.	—	206 680.56	
	e. Uppeldisstyrkur	—	122 689.37	
	g. Til nefnda og skrifstofukostn.	—	23 171.13	
	Flutt af 22. og 24. gr.	—	415 545.88	
				— 1 029 457.37

B. Sjávarútvegsmál:

1.	Til Fiskifélags Íslands	kr.	29 666.60	
2.	Til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda	—	1 774.41	
	Flutt af 22. gr.	—	150 000.00	
				— 181 441.01

C. Iðnaðarmál:

5.	c. Verðlagsuppbót	kr.	417.22	
				— 417.22

D. Verðuppbætur á útfl. landbúnaðarvörur:

Flutt af 24. gr.		— 15 025 961.98

12. gr.

Til viðbótar gjöldum í 17. gr. er veitt:
Til félagsmála:

1.	Til bjargráðasjóðs	kr.	1 478.75
2.	Til alþýðutrygginga	—	485 479.69
3.	Gjöld samkv. l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	—	1 690.34
4.	Gjöld samkvæmt framfærslulögum	—	605.13

5.	Styrktar- og sjúkrasjóðir:			
	f. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða ..	kr.	1 678.30	
	p. Til sjúkrasjóðs verkl.fél. Skjöldur	—	300.00	
7.	Kostnaður við sumardvöl barna í sveit ..	—	68 254.91	
8.	Til barnaheimila og barnaverndar	—	11 496.14	
10.	c. Fávitahæli á Sólheimum	—	4 500.00	
12.	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum	—	7 412.67	
13.	c. Til útbreiðslu bindindis	—	16 926.38	
	d. 3. Verðlagsuppbót o. fl.	—	1 190.15	
15.	Til Íþróttasambands Íslands	—	6 000.00	
18.	Til vinnumiðlunar	—	44 747.75	
19.	Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfél.	—	421 177.49	
21.	Tillag til byggingarsjóða	—	2 882.10	
	Flutt af 22. og 24. gr.	—	5 515 011.26	
				kr. 6 590 831.06

13. gr.

Til viðbótar gjöldum í 18. gr. er veitt:

Eftirlaun, styrktarfé og til lífeyrissjóðs:

I. og II.	Eftirlaun og styrktarfé.		
III.	Tillag til lífeyrissjóðs flutt af 24. gr.	—	1 290 250.47

14. gr.

Til viðbótar gjöldum í 19. gr. er veitt:

	Óviss útgjöld	kr.	1 488 941.21	
	Flutt af 22. og 24. gr.	—	1 525 012.87	
				— 3 013 954.08
			Samtals	kr. 43 828 758.36

Ástæður

fyrir frumvarpi þessu eru í ríkisreikningi 1944, athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum ráðherra við þeim athugasemdum.

Ed. 625. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 3. gr. Greinin falli niður.

Sþ. 626. Nefndarálit

um till. til þál. um tölu lyfjabúða í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér málið og sannfærzt um, að brýn nauðsyn er á fjölgun lyfjabúða í Reykjavík, eins og áherzla er lögð á í tillögunni. Væntir nefndin þess, að samningar geti tekizt milli heilbrigðisstjórnarinnar og bæjaryfirvalda Reykjavíkur um lausn málsins, og leggur til, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leyfa nú þegar hæfilega fjölgun lyfjabúða í Reykjavík.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um fjölgun lyfjabúða í Reykjavík.

Alþingi, 20. marz 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson, frsm.
Ingólfur Jónsson. Jón Gíslason. Sigurður Bjarnason.
Sigfús Sigurhjartarson.

Sþ. 627. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á vegarstæði.

Frá allsherjarnefnd.

Á síðastliðnu sumri var vegarstæði fyrir ruddan sumarveg af þjóðveginum á Þorskafjarðarheiði ytri á þjóðveginn á Rafnseyrarheiði rannsakað að nokkru og gert ráð fyrir af vegamálastjórninni, að fullnaðarrannsókn gæti farið fram næsta sumar. Skrifaði nefndin vegamálastjóra um málið, og er hér birt sem fylgiskjal svar Árna Pálssonar verkfræðings (í fjarveru vegamálastjóra). Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 20. marz 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson, frsm.
Ingólfur Jónsson. Jón Gíslason. Sigurður Bjarnason.
Sigfús Sigurhjartarson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 17. marz 1948.

Með bréfi, dags. 10. marz þ. á., hefur allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis beiðzt umsagnar um tillögu nr. 165 til þingsályktunar, um rannsókn á vegarstæði fyrir ruddan sumarveg af þjóðveginum á Þorskafjarðarheiði og á þjóðveginn á Rafnseyrarheiði.

Með framangreindum vegi er þess freistað að koma nyrðri fjörðunum, — þ. e. norðurströnd Arnarfjarðar og fjörðunum þar fyrir norðan, — í beint samband við Þorskafjörð um hálendið, sem þar er á milli, í stað þess að fara fyrir botna allra syðri fjarðanna eftir mun lengri vegi, sem væntanlega tekst að ljúka á næsta áratug.

Vegalengd sú, er hér um ræðir, er sem næst 62 km milli þeirra staða, er farið er frá Þorskafjarðarheiði og þar til komið er á Rafnseyrarheiði. Er mestallur hluti þeirrar leiðar í 500—700 m hæð yfir sjávarmáli. Það er því réttilega tekið fram í greinargerðinni, að hér er um sumarveg að ræða.

Leið þessi hefur eigi verið rannsökuð. Rétt þykir þó að geta þess, að tekizt hefur að fara með bifreið um nokkurn hluta hennar. Var þá farið af veginum um Þorskafjarðarheiði, austan við svo nefnt Gedduvatn og sunnan við það, þá um Torfdalsár-

drög, um Lambatunguhæð meðfram Reiphólsfjöllum, á Kollafjarðarveg rétt um sýslumörkin, síðan vestur um háfjallið og þá farið norðan við sýslumörk og staðar numið um 33 km frá þeim stað, er farið var út af Þorskafjarðarvegi.

Þar eð Vestfirði vanhagar mjög um vegasamband við aðra landshluta, er eðlilegt, að leið þessi verði rannsökuð nokkru nánar, svo sem farið er fram á í fyrrnefndri tillögu, og með því skorið úr um það, hvort kleift er að gera framangreinda leið færa bifreiðum með ruddum sumarvegi.

Virðingarfyllst,

Árni Pálsson,

í fjarveru vegamálastjóra.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Ed. 628. Lög

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Afgreidd frá Ed. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 569.

Ed. 629. Lög

um kauprétt á jörðum.

(Afgreidd frá Ed. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 452.

Ed. 630. Frumvarp til laga

um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun fiskstofnsins á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands.

Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til.

2. gr.

Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal einungis framfylgt að svo miklu leyti sem samrýmanlegt er milliríkjasamningum þeim, sem Ísland er eða síðar kann að gerast aðili að.

3. gr.

Fyrir brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal refsað með sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100000.00 eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerðinni.

4. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 631. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá Gísla Jónssyni.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, og geri að lokinni þeirri athugun tillögur til nauðsynlegra breytinga á skipun prestakalla í landinu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 632. Tillaga til þingsályktunar

um breytingar á löggjöfinni um búnaðarskóla landsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um búnaðarskóla landsins á Hólum og Hvanneyri þess efnis, að kennslan í báðum skólunum verði aðallega verkleg og námstíminn 9½ mánuður í einu lagi fyrir hvern nemanda, frá miðjum september til júníloka.

Greinargerð.

Saga íslenzkra búnaðarskólamála er full af eftirtektarverðum mistökum, en ætið hefur komið fram hjá leiðtogum bænda virðingarverður áhugi fyrir búnaðarnámi. Fáum árum eftir, að landið fékk nokkur umráð yfir sínum málum (1874), komust á fót 4 bændaskólar, einn í hverjum fjórðungi. Landssjóður, ömtin og einstakir menn lögðu fram fé til þessara framkvæmda. Námstíminn var tvö ár. Á vorin og sumrin unnu nemendur að öllum venjulegum bústörfum utan húss með skólastjórum og kennurum, en á vetrum var að mestu bókleg kennsla. Ólafsdalsskóli hafði mest áhrif, en var minnst studdur af mannfélaginu. Að lokum varð Torfi Bjarnason skólastjóri að gefast upp með sinn skóla eftir að hafa sýnt löndum sínum, hvernig búnaðarskóli átti að vera, og framkvæmt fyrstu stóru umbótina í íslenzkum nútímabúskap, þ. e. að beita hestverkfærum við vinnuna í stað þess að nota mannsorkuna sem aðalhreyfiafl við framleiðslustörfin.

Þegar leið að aldamótum, var orðið áberandi, hve bændaskólarnir voru illa sóttir. Varð það til þess, að forráðamenn þjóðarinnar gerbreyttu kennslunni. Skólarnir á Eiðum og í Ólafsdal voru lagðir niður, en tekin upp bókleg kennsla á Hólum

og Hvanneyri, miðuð við tvo vetur. Nokkur verkleg kennsla var látin fylgja á vorin. Bar hún í fyrstu nokkurn árangur, einkum meðan Sigurður Sigurðsson var að skapa gróðrarstöðina á Akureyri. Mikil aðsókn var að Hólum og Hvanneyri, eftir að bóklega kennslan hófst. Notuðu ungir menn skóla þessa sem almennar bókfræðistofnanir án þess að hafa í huga að búa sig undir bóndastarfið. Voru fyrstu skólastjórarnir, Halldór Vilhjálmsson og Sigurður Sigurðsson, skörungar og vakningarmenn, svo að af bar. En jafnvel í þeirra tíð sótti mjög í það horf, að hinir ungu búfræðingar leituðu að léttivinnu í bæjunum, engu síður en menn úr almennu fræðsluskólunum. Auk þess þótti bændunum, sem heima sátu, sem hinir búnaðarskólagengnu menn hefðu að vísu fengið aukna bókþekkingu, en kynnu lítt til hagnýtra verka fram yfir aðra sveitamenn. Eftir að héraðsskólar og gagnfræðaskólar tóku til starfa og höfðu að sumu leyti betri skilyrði um húsakost og íþróttir, tók að draga úr aðsókn að bændaskólunum og það svo mjög, að í haust, sem leið, voru ekki nema 9 nýsveinar í hvorum búnaðarskóla. Ef Skálholtsskóli hefði þá verið tekinn til starfa, mundu hafa verið 6 nýir nemendur í hverjum hinna þriggja bændaskóla.

Reynslan sýnir, að bændaskólarnir njóta ekki nægilega mikillar tiltrúar frá hálfu hinna uppvaxandi bændaefna. Þetta er eðlilegt. Íslenzkum bændaefnum hentar ekki tveggja vetra bóklegt nám, sem er að mjög verulegu leyti smámynd af námi í búnaðarháskólum annarra norrænna þjóða. Nemendur þeirra skóla eiga að verða launamenn og búa sig undir þess háttar störf. Hlutverk íslenzku búnaðarskólanna er að búa nemendur sína undir framleiðslustörf í sveit við íslenzk náttúruskilyrði. Hin litla aðsókn að búnaðarskólunum stafar af skipulaginu, en ekki af vantrú sveitafólks á kennurum þessara skóla, því að þar er um að ræða mjög dugandi, vel menntaða og áhugasama menn. Ekkert skýrir betur, að óheppilegt fyrirkomulag stendur bændaskólunum fyrir þrifum og hver er hin sanna ástæða til, að bændaefni leita þangað minna en skyldi, heldur en samanburður við húsmæðraskóla sveitanna. Þeir eru margir og stöðugt beðið um fleiri. Þeir eru alltaf fullskipaðir, og komast færri að en vilja. Á Laugarvatni eru sum ár 150 umsóknir um húsmæðradeildina, en ekki húsrúm fyrir meira en 20. Svipuð er sagan um alla hina húsmæðraskólana. Það mun með réttu verða talinn varanlegur heiður íslenzkra kvenna að hafa af eigin rammleik mótað sitt eigið skólaskipulag. Þær láta kenna hin daglegu störf kvenna, eins og þau eru á hverju heimili: matseld, sauma, þvottastörf og vefnað. Samhliða verklega náminu er bætt við nokkru bóknámi, en hin hagnýta vinna er aðalatriðið. Konur sækja þessa skóla svo mjög, af því að þær trúa því, að vinnunámið geri þær færari til að taka þátt í lífsbaráttunni. Aftur á móti hefur stöðugt fylgt hinum bóklærðu búfræðingum nokkur efi um, að þeir yrðu að öllu samtöldu betri bændur eftir skólaveruna.

Um nokkur ár hefur verið reynt að koma við vinnukennslu að sumrinu til á Hólum og Hvanneyri. Tilgangurinn var, að hver nemandi hefði þar verklegt nám í eitt sumar. En á undangengnum dýrtíðarárum hefur þetta vinnunám ekki verið vinsælt. Margir meðal hinna ungu manna sögðu, að í fólksleysinu þyrftu þeir að vinna heima hjá foreldrum sínum um sláttinn. Auk þess hafa sumir þessir nemendur haldið því fram, að sveitamenn kynnu nú nokkuð jafnt til heyskaparverka og væri þar sízt þörf á skólakennslu.

Hér er byggt á þeirri reynslu, að erfitt sé fyrir bændaefni að vera að heiman um sláttinn og að við heyskap megi treysta allmikið á vinnumenning heimilanna. Þess vegna er hér lagt til, að nemendur í bændaskólunum komi þangað í sláttarlok. Þeir geta, ef vel er á haldið, eftir þann tíma tekið þátt í votheysverkun og upptöku og meðferð garðmetis. Síðan kemur að því að taka sundur, smyrja og búa hæfilega um allar verkvélar frá sumrinu. Þar næst er tækifæri til að kenna að stjórna og hirða bifreiðar og bifvélar, sem mjög verða notaðar við allan búrekstur. Mikill vandi er að mjólka með vélum og að hirða öll þar til heyrandi tæki svo sem vera ber. Búfjárhirðing hefur aldrei verið kennd að gagni í búnaðarskólum og ekki heldur kynbætur húsdýra, nema með bóklestri. Þetta er höfuðsynd, og er jafnnauðsynlegt, að bænda-

efni kunni öll nauðsynleg vinnubrögð við hirðingu húsdýranna, eins og að húsmóðurefni kunni matseld og þvottastörf. Samhliða þessari kennslu þarf að hafa góð og margbreytt verkstæði, líkt og byrjað var á í Ólafsdal í tíð Torfa Bjarnasonar. Góðir bændur þurfa að vera hagir á tré og járn og geta gert við einfaldar bilanir á verkvélum og bifreiðum. Svo mjög hefur forkólfum búnaðarmálanna skotizt yfir rétt rök í þessu máli, að eftir áratuga kennslustörf á Hvanneyri og margháttaðar og dýrar framkvæmdir, þá er þar enn ekki neitt hús, sem getur kallazt smíðaverkstæði. Fátt sýnir betur, hve brýn þörf er á gerbreytingu á öllu skipulagi bændaskólanna. Hér er lagt til, að nemendur geti stundað margháttaða útivinnu við jarðrækt og garðrækt í maí og júní. Á þeim tíma geta bændaefnin numið hinar beztu aðferðir við jarðvinnslu, sáningu og vorverk í matjurtagörðum. Allan skólatímann ætti að hafa nokkra bóklega fræðslu í samræmi við verklegu kennsluna. Auk þess ætti að halda í bændaskólunum vekjandi fyrirlestra um líf og menningu bænda á Íslandi á liðnum öldum og nú á dögum og um framtíð þessarar atvinnugreinar undir nútímakringumstæðum. Á sama hátt ætti að gefa bændaefnunum yfirlit um sögu íslenzkra bókmennta, frá því landið byggðist og leitast við að hjálpa þeim til að unna því og meta, sem bezt hefur verið gert í þeim efnum af snillingum þjóðarinnar. Íslenzkir bændur hafa verið bókmenntamenn, og menning byggðanna visnar, ef hún verður eingöngu efniskennd og jarðbundin. Að líkindum hefur það verið mesti galli á skólamenntun bænda, að hún hefur verið of fjarlæg daglegum vinnubrögðum, of mikið tengd erlendum og lítt meltum fróðleik, en allt of fjarri þjóðlegum fræðum.

Eftir að héraðsskólarnir komu til sögunnar, má telja með öllu óþarft og jafnvel óviðeigandi að eyða tíma búfræðinemenda við almenn fræði, svo sem erlend tungumál. Búnaðarskólarnir verða að geta byggt á almennri fræðslu, sem fengin er í héraðs- og gagnfræðaskólunum, og snúa sér eingöngu að hagnýtri búnaðarfræðslu og þeirri vakningu, sem aldrei verður fengin með yfirheyrslum um hálfframandi efni. Alþingi hefur nýverið með sérstakri ógætni samið lög um þriðja bændaskólann, sem getur ekki kostað minna en 10 milljónir króna fullbúinn. Samkvæmt löggjöfinni á þessi skóli að vera sniðinn í sama móti eins og hinir eldri, sem sýnilega þarf að gerbreyta, ef þeir eiga að geta unnið sitt hlutverk. Með því að gera Hóla- og Hvanneyrarskóla að eins vetrar stofnunum geta þeir tekið á móti eitt hundrað námssveinum árlega, og er vafasamt, hvort meiri þörf er fyrir húsrúm í bændaskólum fyrst um sinn. Má þá spara nýbyggðina í Skálholti. Hins vegar þarf að auka til stórra muna vinnustofur og smiðjur á gömlu búnaðarskólunum, og er það illa farið, að það hefur ekki verið gert fyrr. Ef það kemur í ljós, að ekki eru nóg verkefni á vorin handa öllum búfræðingunum heima á skólunum, er hægurinn hjá að láta hæfilega stóra vinnuflokka frá þeim starfa að jarðabótum og garðvinnu hjá bændum í nágrenninu.

Nú er byrjuð bókfræðileg framhaldsdeild á Hvanneyri. Slík deild er sjálfsögð, engu síður þó að skólarnir hneigist í verklega átt. En að öllum líkindum þarf að breyta þeirri deild eins og bændaskólunum og miða starf hennar að öllu leyti við íslenzka staðhætti, en ekki erlendar fyrirmyndir.

Nd. 633. Frumvarp til laga

um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Allur fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, skal metinn af löggiltum matsmönnum og háður eftirliti þeirra. Undanskildar eru þó smásendingar, 50 kg eða minni, sem sendar eru að gjöf.

Fisk, sem veiðiskip flytja til útlanda og þau hafa veitt sjálf, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land. Ráðuneytið getur þó sett reglur um slíkan útflutning, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra.

Ráðuneytið getur ákveðið, að mat fari fram á fiski, sem gengur kaupum og sölum innanlands.

2. gr.

Ráðuneytið getur veitt undanþágu frá mati, þegar svo stendur á, að reyndar eru nýjar verkunaraðferðir í tilraunaskyni. Um slíkar undanþágur skal leitað álits fiskmatsstjóra.

3. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja fisk úr landi, skal tilkynna það fiskmatsstjóra eða hlutaðeigandi yfirmatsmanni með hæfilegum fyrirvara. Útskipun, hleðsla og meðferð fisksins í útflutningsskipunum skal fara fram undir umsjón yfirmatsmanns eða löggilts hleðslustjóra.

Hverri matsskyldri fisksendingu til útlanda skal fylgja vottorð fiskmatsstjóra eða yfirmatsmanns.

4. gr.

Ráðherra skipar fiskmatsstjóra og gefur honum erindisbréf. Skal hann hafa á hendi yfirstjórn alls fiskmats á landinu.

Fiskmatsstjóri skal hafa fulla þekkingu á meðferð og verkun á fiski, frá því fiskurinn er veiddur og þar til hann er fullgerð vara til útflutnings. Hann skal hafa vakandi auga á öllum nýjungum í meðferð, verkun og mati fiskafurða og skýra yfirfiskmatsmönnum og öðrum aðilum frá því, er að gagni má verða, svo og leiðbeina yfirmatsmönnum um störf þeirra og í samvinnu við þá stuðla að endurbótum á verkunaraðferðum fiskafurða og fylgjast með vöruvöndun. Honum er enn fremur skylt að ferðast um landið til eftirlits með framkvæmd matsins og til leiðbeininga.

Þá skal matsstjóri, í samráði við ráðherra, ferðast til þeirra landa, er kaupa afurðir héðan, til þess að kynna sér kröfur neytenda og nýjungar í framleiðsluháttum.

Fiskmatsstjóri hefur úrskurðarvald um ágreining, er verða kann um fiskmat. Sé ágreiningurinn um vörugæði milli matsins annars vegar og framleiðenda eða annarra aðila hins vegar, má þó vísa honum til úrskurðar iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans.

5. gr.

Ráðuneytið skipar yfirfiskmatsmenn, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra, og gefur þeim erindisbréf. Skulu þeir hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á fiskmati, verkun og meðferð fisks.

Yfirfiskmatsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

6. gr.

Yfirfiskmatsmenn skulu vera sex á landinu:

1. Einn yfirfiskmatsmaður á Vestfjörðum með búsetu á Ísafirði.
2. Einn yfirfiskmatsmaður á Norðurlandi með búsetu á Akureyri.
3. Einn yfirfiskmatsmaður á Austurlandi með búsetu á Seyðisfirði.
4. Einn yfirfiskmatsmaður í Vestmannaeyjum.
5. Tveir yfirfiskmatsmenn á Suð-Vesturlandi með búsetu í Reykjavík. Skal annar þeirra hafa sérþekkingu á meðferð og verkun saltfisks og harðfisks, en hinn sérþekkingu á meðferð og verkun freðfisks og öðru því, er lýtur að þeirri framleiðslu.

Auk þeirra yfirfiskmatsmanna, sem skipaðir eru samkv. þessari grein, er ráðherra heimilt, ef hann telur á því brýna nauðsyn til tryggingar fullkomnu mati fisks, að setja um stundarsakir einn yfirfiskmatsmann til viðbótar á Suð-Vesturlandi, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra.

Yfirfiskmatsmenn skulu starfa undir stjórn fiskmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Fiskmatsstjóri getur kvatt yfirfiskmatsmann til starfa utan umdæmis hans, þegar sérstaklega stendur á og þörf krefur.

7. gr.

Yfirfiskmatsmennirnir skulu skyldir til þess að ferðast um landið og líta eftir og leiðbeina um verkun og meðferð fisks og hafa umsjón með hleðslu fisks í skip o. fl., eftir fyrirmælum fiskmatsstjóra. Skulu hleðslustjórar skyldir að hlíta fyrirmælum fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna um hleðslu skipa.

Yfirfiskmatsmenn skulu og fylgjast sem bezt með framleiðslu verkunarstöðva og leiðbeina matsmönnum eftir þörfum.

Fiskmatsstjóri, yfirmatsmenn eða matsmenn geta stöðvað fiskverkun, vinnslu eða útskipun, ef ekki hefur verið fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða annarra fyrirmæla um hráefni, verkun eða meðferð vörunnar.

8. gr.

Fiskmatsstjóri og yfirfiskmatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, annarri en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að fiskverzlun, né heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta fisk til útflutnings eða hafa á hendi umboðssölu eða kaup á fiski.

9. gr.

Ef yfirfiskmatsmaður tekst ferð á hendur til þess að annast fiskmatsstörf eða leiðbeiningar eftir sérstakri kröfu framleiðanda eða útflytjanda, skulu þeir greiða honum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem hann nauðsynlega þarf að vera að heiman í þeim erindum, hvort tveggja eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

10. gr.

Fiskmatsstjóri skal taka laun samkvæmt VI. launaflokki 1. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins.

Yfirfiskmatsmenn skulu taka laun samkvæmt X. launaflokki sömu laga.

Fiskmatsstjóri og yfirfiskmatsmenn fá greiddan kostnað vegna ferða í þágu matsins, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

11. gr.

Sannist þær misfellur á vottorði fiskmatsstjóra eða yfirfiskmatsmanns, er álíta verður, að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka, geti hann sannað, að einhverjir af undirmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmenn ábyrgð á tjóninu. Auk ábyrgðarinnar má þá og svipta þá stöðu sinni eða löggildingu fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot yfirfiskmatsmanna og fiskmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

12. gr.

Á hverri fiskverkunar- eða vinnslustöð skal vera einn fiskmatsmaður eða fleiri, eftir því sem fiskmatsstjóri álítur þörf fyrir.

Fiskmatsmenn skulu hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á fiskmati, verkun og meðferð fisks, eða hafa lokið prófi á námskeiði fyrir fiskmatsmenn, er ráðuneytið setur reglur um.

Fyrirtæki þau eða einstaklingar, er flytja út farma af fiski, að ísuðum fiski undanskildum, skulu skyld til þess að hafa hleðslustjóra með skipunum, er þau taka farm á fleiri höfnum en einni, enda starfi þeir, að því er metinn fisk snertir, undir umsjón fiskmatsstjóra og yfirmatsmanna, sbr. 3. gr. þessara laga.

Þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum, skal, þar sem þess er þörf í verstöð, fela fiskmatsmanni á þeim stað að hafa eftirlit með því, að ýmis ákvæði reglugerða samkvæmt lögum þessum séu haldin, svo sem ákvæði um aðgerð fisks, útbúnað fiskiskipa, áhöld og fleira, er varðar mat og meðferð fisks.

Lögreglustjóri löggildir, samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra, starfsmenn þá, sem um ræðir í þessari grein, og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

13. gr.

Kaup fiskmatsmanna fyrir starf þeirra við fiskmatið greiði eigendur fisksins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglum um störf fiskmatsmanna.

14. gr.

Til þess að tryggja sem bezt samræmi í mati á fiskafurðum, skal fiskmatsstjóri halda fundi með yfirmatsmönnum og matsmönnum, svo oft sem þurfa þykir. Á fundi þessa skal boða verzlunarerindreka landsins, er gefið geti upplýsingar og leiðbeiningar um kröfur markaðslanda vorra.

15. gr.

Fiskmatsstjóri skal sjá um, að tilraunir verði gerðar með nýjar aðferðir til verkunar á fiskafurðum, svo og til endurbóta á eldri aðferðum. Tilraunir þessar skal hann gera í samvinnu við eða undir umsjá Atvinnudeildar háskólans. Þá skal hann og sjá um, að rannsökuð verði hagnýti mismunandi aðferða, gildi byggingar- og einangrunarefna, nýting orku o. fl. varðandi verkun og vinnslu fiskafurða, einnig í samvinnu við sömu stofnun, svo að efni, vinna og orka nýtist sem bezt við framleiðsluna.

16. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að setja reglugerðir og fyrirmæli um meðferð á fiski, sem verkaður er til útflutnings, svo og um hráefni, tæki, vinnslustöðvar og útbúnað fiskiskipa. Enn fremur um verkun, umbúðir, mat, flutning og útflutning á fiski.

Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þessari grein, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim allt að 50 000 kr., er renni í ríkissjóð.

17. gr.

Sá, sem flytur eða lætur flytja út fisk án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann, sæti 1 000 til 30 000 króna sektum í ríkissjóð, sbr. þó 1. mgr. 1. gr. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt nema allt að 60 000 kr.

Um mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, fer sem um almenn lögreglumál.

18. gr.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, eru lagðar niður eftirtaldar stöður:

1. Staða fiskimatsstjóra, sbr. lög nr. 7 9. jan. 1935.
2. Staða freðfisksmatsstjóra.
3. Stöður fimm yfirfiskimatsmanna samkvæmt 3. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat.
4. Stöður fimm yfirfreðfisksmatsmanna.
5. Staða skreiðarmatsstjóra.

19. gr.

Frá því, er lög þessi koma til framkvæmda, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat, og lög nr. 9 1. febrúar 1936, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 7 9. jan. 1935, um fiskimatsstjóra.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 634. Frumvarp til laga

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 20. gr. laganna bætist orðin: Ef óskað er eftir ökuskírteini hjá lögreglustjóra utan heimasveitar umsækjanda, skal hann láta beiðninni fylgja samþykki lögreglustjóra í heimasveit sinni.

2. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Bifreiðarstjóraefni mega því aðeins æfa sig í bifreiðaakstri, að við hlið nemandans sitji ökukennari, og telst ökukennarinn þá stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandinn telst þó stjórnandi bifreiðarinnar, er prófakstur fer fram. Rétt til þess að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifreiða undir almenna prófið hafa þeir einir, sem fengið hafa til þess löggildingu dómsmálaráðherra. Engum má veita slíka löggildingu, nema hann sé 25 ára að aldri, hafi óflekkað mannorð, hafi leyfi til að aka leigubifreiðum til mannflutninga, hafi frá útgáfu þess leyfis stundað akstur að staðaldri, a. m. k. þann tíma, sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð, og hafi staðizt sérstakt próf fyrir ökukennara. Í reglugerð skal nánar kveðið á um prófgreinar og tilhögun prófsins svo og um, til hve langs tíma löggilding veitir rétt til ökukennslu. Dómsmálaráðherrra getur, hvenær sem er, svipt menn ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið gjald fyrir löggildingu ökukennara og framlengingu hennar.

Æfingar nemenda í akstri tvíhjóla bifreiða mega aðeins fara fram undir stjórn og umsjón ökukennara. Réttindi til kennslu í akstri tvíhjóla bifreiða hafa þeir, sem hafa ökuskírteini, eru 25 ára að aldri og hafa minnst eins árs æfingu í akstri slíkra bifreiða. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja frekari skilyrði fyrir rétti til þessarar kennslu og svipta mann honum, hvenær sem er, ef ástæða þykir til.

Ekki má veita yngri mönnum en 17 ára æfingu í akstri.

Bifreiðar, sem notaðar eru við kennslu, skulu að aftan og framan bera greinileg spjöld með áletruninni „KENNSLUBIFREIÐ“, og skulu þær löggiltar til kennslunnar af bifreiðaeftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett. Dómsmálaráðherra er heimilt að kveða á um gerð og þyngd kennslubifreiða, sérstök öryggistæki í slíkum bifreiðum og vátryggingu þeirra umfram aðrar bifreiðar.

Kennsluakstur má fara fram þar, sem akstur bifreiða er leyfður, en þó getur lögreglan bannað slíkan akstur á ákveðnum götum og vegum, er slíkt bann þykir nauðsynlegt.

Ökukennari ber ábyrgð á, að akstursæfingar fari fram á þeim stöðum og með þeim hætti, að telja megi hættulaust fyrir aðra umferð, er tekið er tillit til kunnáttu nemandans.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um kennslu og próf bifreiðarstjóra, og ákveður gjald það, er greiða skal fyrir prófið. Enn fremur er dómsmálaráðherra heimilt að ákveða hámarksgjald fyrir ökukennslu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 635. Lög

um eignarnám á ræktuðum og óræktuðum byggingarlóðum á Sauðárkróki sunnan Sauðár.

(Afgreidd frá Ed. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 81.

Ed. 636. Lög

um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

(Afgreidd frá Ed. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 583.

Ed. 637. Lög

um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 472.

Ed. 638. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin greiði úr ríkissjóði kostnað við aðstoðarprest við þjóðkirkjusöfnuðinn á Akureyri, meðan núverandi prestur er ekki fær um vegna heilsubrests að fullnægja prestsþjónustu safnaðarins, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 639. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá Gísla Jónssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:
Ríkisstjórnin skal á þessu ári láta fara fram athugun á því, hverjar breytingar eru nauðsynlegar á skipun prestakalla, og gera tillögur um það til Alþingis, er það kemur næst saman.

Nd. 640. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 2. gr., svolátandi:
Í Akureyrarprestakalli skulu vera tveir þjóðkirkjuprestar. Ráðherra setur, að fengnum tillögum biskups, fyrirmæli um afstöðu þeirra hvors til annars, samband þeirra á milli og verkaskiptingu í söfnuðunum.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal á þessu ári láta fara fram athugun á því, hverjar breytingar eru nauðsynlegar á skipun prestakalla, og gera tillögur um það til Alþingis, er það kemur næst saman.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 641. Nefndarálit

um frv. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt, en þó gera einstakir nefndarmenn fyrirvara um breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 22. marz 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm.
Hallgr. Benediktsson, fundaskr.
Jóhann Hafstein.
Skúli Guðmundsson.

Sþ. **642. Skýrsla**

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A. Skýrsla um tekjur og gjöld frá 1. jan. 1945 til 31. des. 1946.

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1945:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	1000.00	
b. Veðskuldabréf	—	12600.00	
c. Ríkisskuldabréf	—	4000.00	
d. Bankainnstæða	—	4479.43	
			kr. 22079.43
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum	kr.	1260.00	
b. — ríkisskuldabréfum	—	520.00	
c. — bankainnstæðu	—	145.00	
			— 1925.00
			kr. 24004.43

Gjöld:

1. Veittur styrkur, auglýsingakostnaður o. fl.			kr. 2088.20
2. Eign í árslok 1946:			
a. Veðskuldabréf	kr.	12600.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	6000.00	
c. Bankainnstæða	—	3316.23	
			— 21916.23
			kr. 24004.43

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. febrúar 1948.

Fhr.

Friðg. Bjarnarson.

B. Skýrsla frá verðlaunanefnd.

Hinn 26. janúar 1946 gaf nefnd sú, Þorkell Jóhannesson prófessor, Matthías Þórðarson þjóðminjavörður, og Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari, er kosin var á Alþingi 1945 til þess að meta rit til verðlauna af Gjöf Jón Sigurðssonar, út auglýsing um það, að þeir, sem vinna vildu verðlaun úr þeim sjóði fyrir ritverk, skyldu senda þau til nefndarinnar fyrir lok desembermánaðar 1946. Sú varð hér raunin á, að nefndinni barst ekkert rit í þessu skyni. Verður því verðlaunafé, upphæð sú, er til ráðstöfunar var til verðlauna úr sjóðnum að þessu sinni, væntanlega geymd til næsta tímabils eða lögð við höfuðstólinn.

Reykjavík, 30. september 1947.

Þorkell Jóhannesson. Matthías Þórðarson.

Nd. 643. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á tækjum til síldarvinnslu o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. EOl tekur fram, að hann fylgi frv., þar sem fjmrh. hafi lýst því yfir, að samkvæmt því, ef að lögum verði, sé einvörðungu hægt að taka lán með venjulegum skilyrðum um vexti og afborganir, en eigi annars háttar skilyrðum.

Alþingi, 22. marz 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.

Einar Olgeirsson, með fyrirvara. Skúli Guðmundsson.

Nd. 644. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta frv. gengur út á að nema úr gildi allmörg umbótalög, er sett voru i tíð fyrrverandi ríkisstjórnar. Ég álít þessa niðurrifsstarfsemi skaðlega og að öllu leyti óþarfa, þar sem hægt væri að útvega fé til þeirra framkvæmda, sem samkvæmt þessum lögum skal fresta, ef unnið væri að því af fullum vilja. Legg ég því til, að 1.—5. liðir 1. gr. séu felldir, en flyt brtt. við 6. lið.

Alþingi, 22. marz 1948.

Einar Olgeirsson.

Ed. 645. Nefndarálit

um frv. til l. um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt, en einn nefndarmanna (HermJ) telur sig ekki vera tilbúinn að taka afstöðu til þess.

Alþingi, 22. marz 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Brynj. Bjarnason, frsm. Pétur Magnússon.

Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 646. Lög

um breyting á lögum nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

(Afgreidd frá Nd. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 274.

Nd. 647. Lög

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

(Afgreidd frá Nd. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 437.

Sþ. 648. Nefndarálit

um till. til þál. um skiptingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa milli landshluta.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft tillögu þessa til meðferðar nú um hríð. Samkvæmt ósk hennar mættu formaður fjárhagsráðs og síðar viðskiptamálaráðherra á fundi nefndarinnar og ræddu við hana um málið. Eftir að hafa rætt málið á nokkrum fundum varð að mestu samkomulag um, að nefndin legði til, að tillagan yrði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU.

Fyrsta málsgr. í meginmáli tillögunnar orðist svo: Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma nú þegar á þeirri skipan um veitingu gjaldeyris- og innflutningsleyfa, að tryggt sé, að nauðsynjavörum, framleiðsluvörum, byggingarvörum og iðnaðarvörum sé dreift um landið í hlutfalli við þarfir, íbúafjölda og fjárfestingarleyfi hinna einstöku héraða og verzlunarsvæða. Í því sambandi skal bent á þessar reglur til eftirbreytni.

Alþingi, 22. marz 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Sigfús Sigurhjartarson.
Ingólfur Jónsson, með fyrirvara	Ásgeir Ásgeirsson.	Jón Gíslason.

Sigurður Bjarnason.

Nd. 649. Lög

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

(Afgreidd frá Nd. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 640.

Nd. 650. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Aftan við tölul. 6. bætist: enda hafi íslenzk síldveiðiskip jafnan rétt til þess að leggja þar upp afla sinn.

Sþ. 651. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á framtíðarskipulagi utanríkismála.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, í samráði við utanríkismálanefnd, fara fram rannsókn á því, hversu megi með viðráðanlegum kostnaði fyrir íslenzka skattgreiðendur koma á fót viðunandi skipulagi á utanríkisþjónustuna innan lands og utan, og leggja tillögur um málið fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Íslenzka þjóðin er að tölu til ekki mannfleiri en íbúar eru í einni götu í erlendum stórborgum. Þessi fámenni hópur byggir auk þess næststærstu eyju álfunnar. Í sambandi við lýðveldismyndunina varð að setja á stofn, án verulegs undirbúnings, allmikið kerfi til að starfa að utanríkismálunum. Er þetta kerfi nú miklu mannfleira, bæði við störf innan lands og utan, heldur en samsvarar gjaldgetu þjóðarinnar. Nær hið nýja kerfi þó ekki nema til nokkurra landa. Að því er snertir sendiherrastarfið var heppileg vinnubragðatilhögun frá 1920 og fram að síðasta stríði, með því að sendimaður landsins í Danmörku var sífellt á ferð til þeirra landa, þar sem Ísland átti hvert sinn sérstakra hagsmuna að gæta.

Nú verður að vísu ekki hjá því komizt að fjölga sendimönnum frá því, sem var meðan landið var í persónusambandi við Danmörku. Er sennilegt, að ekki verði komizt af með minna en fjóra sendimenn. Einn fyrir Norðurlandaríkin fjögur, annan fyrir Mið- og Austur-Evrópu, Balkanskagann og Ítalíu. Þriðju sendiherrann hefði aðsetur í London, en gegndi líka störfum í Hollandi, Belgíu, Frakklandi og á Pyreneaskaga. Fjórði sendiherrann hefði fyrir starfssvið allan Vesturheim. Starfsemi Sveins Björnssonar, meðan hann var sendiherra, og Péturs Benediktssonar, sem verið hefur allsherjarsendiherra landsins á meginlandinu um nokkurra ára skeið, er til fyrirmyndar um skipulag þessara mála í framtíðinni. Hver einasti sendiherra landsins verður að gegna störfum í mörgum löndum. Er nú ólíkt hægra um vik að ferðast milli landa en áður var, þar sem hægt er að komast flugleiðis þvert yfir álfuna á fáeinum klukkustundum. Með þessum hætti verða sendiherrarnir önnum kafnir starfsmenn, en ekki tildurherrar eða veizlupeð. Munu Íslendingar auk þess ekki geta keppt við stórar og ríkar þjóðir á þeim vettvangi, þó að reynt væri að leggja út í kapphlaup af því tagi.

Þar, sem sendiherrar eru starfandi, má gera ráð fyrir, að þeim takist mjög víða að fá dugandi innborna menn til að gegna ræðismannsstörfum án endurgjalds. Á einstöku stað eru Íslendingar búsettir ytra og hafa aðstöðu til að taka að sér ræðismennsku fyrir land sitt ókeypis. Hefur nú þegar verið samið við allmarga menn í ýmsum löndum um þessa þjónustu. Hinir staðirnir eru þó miklu fleiri, þar sem

aðrar þjóðir hafa slíka ræðismenn, en ókleift mun reynast að hafa sérstaka umboðsmenn vegna íslenzkra mála. Hins vegar eru Íslendingar víða á ferð, og hlýtur vöntun á hjálparmönnum oft að verða bagaleg í framandi löndum. Kemur þá til greina, hvort ekki væri hægt að semja við þau fimm ríki, sem kalla má nábúa Íslendinga, um, að ræðismenn þeirra gæti íslenzkra hagsmuna í tilteknum löndum og heimshlutum. Má telja sennilegt, að Norðmenn, Svíar, Danir, Bretar og Bandaríkjamenn mundu, ef um væri beðið, taka að sér þessa starfsemi án endurgjalds fyrir íslenzka ríkið.

Þar sem skipulag og framkvæmd utanríkismálanna er eitt hið dýrasta og vandasamasta viðfangsefni hins unga lýðveldis og ýmis mistök óhjákvæmileg í fyrstu, virðist tími til kominn, að rætt sé á opinberum vettvangi um þetta mál, sem vissulega kemur allri þjóðinni mikið við og meira en við má búast eftir því, hve lítið borgarar landsins hafa fram að þessu látið það til sín taka.

Nd. 652. Nefndarálit

um frv. til l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frv. þessa með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „friðun fiskistofnsins“ kemur: friðun á landgrunninu.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal framfylgt þannig, að þær séu ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

Alþingi, 23. marz 1948.

Finnur Jónsson, form. Pétur Ottesen, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.
Sig. Kristjánsson. Áki Jakobsson.

Nd. 653. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1944.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 23. marz 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Skúli Guðmundsson, með fyrirvara. Einar Olgeirsson.

Sþ. 654. Þingsályktun

um lækkun áhættuiðgjalda til Tryggingastofnunar ríkisins.

(Afgreidd frá Sþ. 23. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að breyta reglugerð frá 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld o. fl., samkv. 113. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar, þannig að iðgjöld lækki að mun í þeim áhættuflokkum, þar sem reynslan hefur þegar leitt í ljós, að þau eru óeðlilega há, og komi lækkun þessi til framkvæmda við innheimtu þessara iðgjalda á árinu 1949.

Nd. 655. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á tækjum til síldarvinnslu o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 576.

Ed. 656. Lög

um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 633.

Ed. 657. Lög

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 634.

Ed. 658. Nefndarálit

um frv. til l. um rekstrarsjóð Symfóníuhljómsveitar Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Meiri hl. hennar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. marz 1948.

Hermann Jónasson, form., frsm. Brynj. Bjarnason. Pétur Magnússon.

Sþ. 659. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun ákvæða þingskapa um fyrirspurnir og tillögur til þingsályktunar.

Flm.: Hermann Jónasson, Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði gildandi þingskapa um fyrirspurnir og tillögur til þingsályktunar og leggja frv. þar að lútandi fyrir næsta Alþingi. Við endurskoðunina verði lögð áherzla á að girða fyrir, að fyrirspurnir séu notaðar til að deila á einstaklinga utan þings eða dylgja um þá. Jafnframt verði leitazt við að tryggja, að heimild til að láta stutta greinargerð fylgja tillögum til þingsályktunar sé ekki misnotuð á þann hátt, að í slíkar greinargerðir sé blandað umræðum um menn og málefni, sem eru efni tillögunnar óviðkomandi.

Greinargerð.

Þessi tillaga til þingsályktunar er fram komin að gefnum tilefnum. — Það er orðið kunnara en frá þurfi að segja, að einn þingmaður, þ. e. þingmaður Suður-Þingeyinga, Jónas Jónsson, hefur sérstaklega misnotað aðstöðu sína á Alþingi til þess að bera fram tillögur til þingsályktunar og láta þeim fylgja langar greinargerðir, þar sem úir og grúir af ósönnum óhróðri og dylgjum um menn og málefni. Þessi ósannindi eru síðan prentuð á kostnað þingsins og lesin í útvarp af fréttamanni þess með öðrum þingfréttum að meira eða minna leyti, svo sem tíðkast um greinargerðir. Það er sannanlegt með ótal tilvitnunum í framangreind skjöl þingsins, að Jónasi Jónssyni hefur með þessu móti tekizt að nota greinargerðir með tillögum til þingsályktunar og enn fremur fyrirspurnarformið sem farveg fyrir iðju og athæfi, sem er Alþingi ósamboðið, að unnið sé á þess vegum. Það er Alþingi ósamboðið, að þingskjöl séu notuð til að dreifa út um landið gegnum útvarp skröksögum um þegnana, án þess að þeir hafi einu sinni tækifæri til að verja sig á sama vettvangi, — og er þessi iðja á vegum Alþingis niðurlægjandi fyrir það sem stofnun, þegar auðsætt er, að þingsályktunartillögurnar snerta ekki þjóðmál og eru bornar fram eingöngu í þeim tilgangi, sem að framan er greindur.

Misnotkun þessi á þingsályktunum er svo kunn, eins og áður segir, að óþarft er að rekja það. Meðal þingmanna hefur komið til orða að banna greinargerðir með tillögum til þingsályktunar til þess að fyrirbyggja framangreinda misnotkun. Það má segja, að þessi söguburður Jónasar Jónssonar í greinargerðum hafi náð hámarki í þeim tilbúningi hans, að tveir forsetar þingsins hafi ætlað að koma upp drykkjubar í salarkynnum Alþingis og að föt séu rifin af mönnum vegna áfloga í þingveizlum. Þegar iðja Jónasar Jónssonar er komin á þetta stig, ætti Alþingi að gera ráðstafanir til, að henni verði ekki haldið áfram.

Fyrirspurnatíminn er tiltölulega nýr á Alþingi og hefur þess vegna ekki verið misnotaður eins lengi. En J. J. fann fljótt í fyrirspurnunum farveg fyrir sérstaka tegund af dylgjum. Á seinni tíð notar hann þessa aðferð æ meir, því að misnotkun hans á þingsályktununum er svo alþekkt orðin, að það er orðið mjög takmarkað, sem hann fær lesið í útvarp af greinargerðum sínum.

Skulu nefnd nokkur dæmi um þessa vinnuaðferð:

1. Jónas Jónsson spyr um uppgröft beina Jóns Arasonar og sona hans. En þegar málið er rætt, upplýsir einn þingmaður, að Jónas Jónsson hafi fyrir 20—30 árum vitað flest um þetta mál, er hann spyrði um nú. Kom þá í ljós, að fyrirspurnin var ekki gerð til þess að fá upplýsingar, heldur til að geta sett fram spurningar, sem lesnar væru upp í útvarp, þannig orðaðar, að þær vektu grunsemdir.
2. Þessi sami þingmaður hefur spurt um „útgjöld ríkisins við kaup og endurbætur á Bessastöðum“ og enn fremur: „Hve mikið greiddi ríkissjóður Sigurði Jónas-

syni í sambandi við burtför hans af jörðinni?“ Hér er í tveim setningum komið fyrir tveim ósönnum dylgjum um þann mann, sem gaf ríkinu forsetabústaðinn. Það er gefið í skyn, að ríkissjóður hafi keypt Bessastaði af Sigurði Jónassyni og auk þess keypt hann burt af jörðinni.

Hið sanna er, og um það liggja fyrir óvefengjanleg skjöl, að Sigurður Jónasson tilkynnti ríkisstjórninni, eftir að hún hafði beðið um jörðina til kaups, að hann gæfi ríkinu Bessastaði fyrir forsetabústað. Hann tilkynnti bréflega, að hann gæfi jörðina eins og hann hafði keypt hana þá fyrir tæpu ári. Hann kvaðst ekki hafa efni á að gefa umbætur, sem nýbúið var að ljúka, né umbætur, sem verið var að vinna, áburð á tún og fræ og útsæði í garða. Ekki heldur innanstokksmuni, búsáhöld úti við og inni né áhöfn, sem var meðal annars 25 kýr og nokkrir aðrir nautgripir og dráttarhestar. Það var þetta, en ekki jörðin, sem ríkið greiddi 122 þús. krónur fyrir, og er það nú lítið meira en andvirði áhafnarinnar einnar. Um þetta liggja fyrir nákvæmir reikningar hjá forsætisráðherra, og sýna þeir, að Sigurður Jónasson afhenti ríkisstjórninni sparisjóðsbók með 92 þúsundum til að greiða það, sem á jörðinni hvíldi. Gjöf Sigurðar Jónassonar mun að flestra kunnugra manna áliti vera mörg hundruð þúsunda króna virði, að ekki sé meira sagt.

3. Þriðju dylgjurnar skulu nefndar. Þessi sami þingmaður spyr um, hvaða laun húsameistari sá hafi fengið, sem annaðist byggingar á Bessastöðum. Hér er verið að reyna að gefa því vængi, að eitthvað óheiðarlegt hafi verið við þessar greiðslur, — án þess að nokkurt tilefni sé til þess
4. Enn má nefna fyrirspurn varðandi njósnir Þjóðverja. Sagt er í fyrirspurninni, að í bréfum frá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, rituðum 1939 og 1940 til þáverandi forsætisráðherra, hafi verið upplýsingar um umfangsmiklar njósnir Þjóðverja á Íslandi. Látið er liggja að því í fyrirspurninni, að forsætisráðherrann þáverandi hafi dulið utanríkismálanefnd þessara upplýsinga, jafnvel í ákveðnum tilgangi. Eru þessar dylgjur svo endurteknar með ýmsu móti í fyrirspurninni — auðsjáanlega til þess að láta í þingfréttatíma lesa þennan óhróður í útvarp eins og aðra framleiðslu af þessu tagi.
5. Enn má nefna dylgjurnar um það, að fyrrverandi lögreglustjóri í Reykjavík hafi verið sendur — rétt eins og hann hafi ekki sjálfur ráðið ferðum sínum — til Þýzkalands. Er svo látið liggja að því, að hann hafi verið sendur vegna þess, að eitthvert dularfullt og miður heiðarlegt samband hafi verið milli þáverandi forsætisráðherrra og þýzku nazistanna.

Fleiri dæmi mætti nefna, en þess gerist ekki þörf. Það ætti að vera nægilega ljóst af því, sem fyrir liggur og hér er rakið, að mál er til komið fyrir Alþingi að taka í taumana og fyrirbyggja, að svona iðju verði haldið áfram á vegum þess.

Ed. 660. Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Frv. til l. um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði.

Frá Gísla Jónssyni.

Með því að ljóst er, að málið hefur ekki enn fengið nægilegan undirbúning, sbr. umsögn raforkumálastjóra, þykir rétt, að slíkur undirbúningur verði látinn fara fram, áður en frv. verður gert að lögum, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 661. Nefndarálit

um frv. til l. um útrýmingu villiminka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og náðist ekki fullt samkomulag um einstök atriði þess, og hafa því nefndarmenn óbundnar hendur um breytingartillögur, er fram kunna að koma við það.

Þá hefur komið til orða í nefndinni að leggja beri sérstakt sölugjald á seld minkaskinn — en þau eru nú í háu verði — til þess að létta undir með ríkissjóði að greiða kostnað þann, sem eyðing villiminka hefur í för með sér, en frestað var ályktun um það að svo stöddu.

Alþingi, 23. marz 1948.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr., með fyrirv. Guðm. Í. Guðmundsson.
Eiríkur Einarsson. Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 662. Nefndarálit

um frv. til l. um nýtízku ullarverksmiðju ríkisins í Hafnarfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Einn nefndarmanna, Hermann Guðmundsson, flm. frv., vill samþykkja það. Hinir nefndarmennirnir vilja vísa málinu frá umræðu með rökstuddri dagskrá.

Þar eð vitað er, að undanfarin ár hafa verið veitt mikil gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir ullarvinnsluvélum og verið er að vinna að mjög verulegri aukningu á vinnslugetu ullarverksmiðjanna, þótti meiri hluta nefndarinnar það skipta meginmáli í sambandi við þetta frv., hver yrði vinnslugeta verksmiðjanna að fullgerðri þeirri aukningu, sem nú er unnið að. Var því leitað upplýsinga um það hjá þeim ullarverksmiðjum, sem nú eru í landinu, og enn fremur hjá fjárhagsráði. Niðurstaðan varð sú, að vinnslugeta verksmiðjanna yrði um 680 smálestir á ári, miðað við hreinsaða ull. Með tilliti til þess, að á árinu 1946 mun ullarframleiðslan hafa verið um 450 smálestir og enn minni 1947, virðist einsætt, að meðan svo háttar, sé lítil skynsemi í, að ríkisvaldið byggi verksmiðju, sem geti unnið úr 350—400 smál., til viðbótar 680 smál. vinnslugetu, sem fyrir hendi verður innan skamms.

Leggur meiri hluti nefndarinnar því til, að frv. sé vikið frá umræðu með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð þegar hafa verið veitt svo mikil gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir ullarvinnsluvélum, að vinnslugeta þeirra ullarverksmiðja, sem nú eru í landinu, mun verða um 680 smál. árlega, þegar stækkunum þeim, sem nú er unnið að, er lokið, verður ekki talið hyggilegt að hefja nú byggingu nýrrar verksmiðju, og sér deildin því ekki ástæðu til þess að ræða mál þetta frekar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. marz 1948.

Sig. E. Hlíðar, form. Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr., frsm. Ingólfur Jónsson.
Páll Þorsteinsson.

Nd. 663. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Frá Finni Jónssyni.

Við 1. gr.

a. Við 2. tölul. Fyrir „verðlagsuppbót“ komi: 100% álag.

b. Við 6. tölul. Við liðinn bætist: enda verði það skilyrði sett fyrir hlutafjárframlaginu, að skip þau, er kunna að hafa forgangslöndun hjá h/f Hæring, fái ekki á sama tíma samninga um síldarlöndun hjá öðrum síldarverksmiðjum.

Nd. 664. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist nýr liður, er verði 7. liður:

Ákvæði laga nr. 26 frá 1943, um héraðabönn, skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 1. maí 1948.

Ríkisstjórnin skal gefa út reglugerð um skömmtun áfengis eigi síðar en 1. maí 1948, og verði þar meðal annars ákveðið, að áfengi megi ekki selja nema gegn skömmtunarseðlum kaupanda, enda sýni hann persónuskírteini sín.

Nd. 665. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Frá Pétri Ottesen.

Aftan við 1. gr. kemur nýr töluliður, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni skal heimilt að gerast meðeigandi að ¼ í þeim síldarbræðslufyrirtækjum við Faxaflóa, sem nú eru starfandi þar eða verið er að reisa og rekin eru sem hlutafélög eða samvinnufélög.

Nd. 666. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 2. tölul. 1. gr. bætist: Gjöldin skulu þó eigi vera hærri en þau, sem giltu 1939, að viðbættri verðlagsuppbót.

Nd. 667. Frumvarp til laga

um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands.

Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til.

2. gr.

Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal framfylgt þannig, að þær séu ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

3. gr.

Fyrir brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal refsað með sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100000.00 eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerðinni.

4. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 668. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Aftan við tölul. 6 bætist: enda skulu skip þeirra aðila, sem ekki eru hluthafar, hafa rétt til þess að landa afla sínum í bræðsluskipið í réttu hlutfalli við hlutafjáreign Síldarverksmiðja ríkisins í hlutafélaginu.

Ed. 669. Breytingartillögur

við frv. til l. um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 7. gr. Í stað „90%“ komi: 85%.

Ed. 670. Lög

um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 193.

Nd. 671. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 6. lið 1. gr. bætist:

Ríkisstjórnin skal jafnhliða þeirri fyrirgreiðslu, sem h/f Hæring verður veitt til kaupa á síldarbræðsluskipi, leitast við að tryggja öllum íslenzkum síldveiðiskipum sem jafnasta aðstöðu til síldarlöndunar í verksmiðjuna.

Nd. 672. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Frá Hermanni Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við 1. tölul. bætist: enda komi ákvæði þessa liðar ekki til framkvæmda fyrr en öll bæjarfélög og kauptún, sem þessi fyrirmæli snerta, hafa fengið hlutfallslega jafnhá fjárframlög og lánveitingar af hálfu ríkissjóðs í hlutfalli við íbúafjölda.

Nd. 673. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Frá Gunnari Thoroddsen og Sigurði Bjarnasyni.

Við 1. lið 1. gr. Við liðinn bætist:

Þetta gildir þó ekki gagnvart þeim byggingarframkvæmdum, sem hafnar hafa verið eða undirbúnar samkvæmt þessum kafla laganna.

Nd. 674. Frumvarp til laga

um áburðarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og reka verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði, til framleiðslu þessara áburðarefna:

ammoniaks, úr vatni og lofti,
ammonium-nitrats,
ammonium-fosfats.

Vinnslugeta verksmiðjunnar skal miðuð við 2500 smál. ársframleiðslu af köfnunarefni að minnsta kosti, en framleiðslunni skal að öðru leyti hagað á þann hátt, er ódýrastan má telja, en þó hagkvæman fyrir íslenzka jarðrækt. Jafnframt skal höfð hliðsjón af almennri þörf landsins og notum fyrir þau hráefni, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðjunnar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni með ábyrgð ríkissjóðs. Verksmiðjan skal endurgreiða slík lán á 15 árum að svo miklu leyti, sem það verður ekki gert með fjárframlögum úr ríkissjóði. Vexti af lánum þessum greiðir ríkissjóður. Fjárframlag ríkissjóðs nær og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega raforku til áburðarvinnslunnar, ef þörf gerist.

3. gr.

Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

4. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þremur mönnum, er landbúnaðarráðherra skipar til 4 ára í senn. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Landbúnaðarráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

5. gr.

Fyrsta stjórn verksmiðjunnar ákveður, hvenær og hvar hún skuli reist, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Áður en hafizt er handa um byggingu verksmiðjunnar, skal verksmiðjustjórnin hafa tryggt nægilegt fé til greiðslu stofnkostnaðar hennar. Verksmiðjustjórnin sér um byggingu verksmiðjunnar.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og ræður starfsfólk, en hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun þeirra að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.

8. gr.

Áburðarsala ríkisins kaupir af verksmiðjunni framleiðslu hennar af áburðarefnum fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Skal áburðarsalan í byrjun hvers árs gefa verksmiðjustjórn til kynna áætlað áburðarmagn, sem framleiða þurfi það ár.

9. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi helmingi af tekjuafgangi hennar eða ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar ár hvert. Heimilt skal þó jafnan að leggja á hana útsvar, er nemi allt að ¼% af árlegu kostnaðarverði framleiðslunnar.

10. gr.

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir:

a. Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.
b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

11. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikningana skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Haustið 1944 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um áburðarverksmiðju af þáverandi landbúnaðarráðherra Vilhjálmi Þór. Var málið m. a. lagt fyrir rannsóknaráð, sem hvatti eindregið til þess, að samþykkt yrðu lög um áburðarverksmiðju, er tryggðu, að hún yrði stofnuð, þegar ástæður leyfðu.

Eins og kunnugt er, var málinu slegið á frest á þeim grundvelli m. a., að tryggja bæri nægilega raforku til verksmiðjurekstrar, áður en verksmiðjan yrði sett á stofn.

Í janúar 1946 skipaði Nýbyggingarráð nefnd til þess að rannsaka möguleika m. a. á því að fá nægilegt og nógu ódýrt rafmagn til að reka áburðarverksmiðju hér á landi, og yrði miðað við 2500 smálesta ársframleiðslu af hreinu köfnunarefni.

Í áliti áburðarverksmiðjunefndar eru m. a. sett fram þessi aðalsjónarmið. (Kaflar teknir orðréttir úr nefndarálitinu).

I. Raforka.

„Nægileg frumorka (þ. e. orka, sem er handbær allan sólarhringinn) verður ekki fáanleg, fyrr en að lokinni næstu Sogs-virkjun, en það verður í fyrsta lagi um áramótin 1949—50. Umframorka (þ. e. orka, sem rafveitan hefur aflögu á öðrum tímum en þeim, er álagið er mest), er nægði til vetnisvinnslu fyrir verksmiðjuna, verður heldur ekki fáanleg, fyrr en að lokinni nefndri virkjun."

„Niðurstaða þessara athugana verður því sú, að eins og sakir standa sé ekki fáanleg frumorka, sem sé jafn hagstæð til reksturs og umframorka frá Sogsstöð yrði, að lokinni næstu virkjun, samkvæmt framansögðu, og að í náinni framtíð sé ekki að ræða um aðrar aflstöðvar, sem hafi nægilegt umframafl til vetnisvinnsluverksmiðju."

IV. „Niðurstöður í sambandi við það, sem rætt hefur verið hér að framan, yrðu í stuttu máli þessar:

1. Nefndin hefur ekki getað komið auga á neinn stað, sem hentugur væri til sjálfstæðrar virkjunar fyrir áburðarverksmiðju af þeirri stærð, sem hér ræðir um.
2. Með því að nota fáanlega umframorku frá Sogsstöðinni eftir stækkun þá, sem ráðgerð er næst, má ætla samkvæmt fengnum upplýsingum, að árlegur rekstrarkostnaður áburðarverksmiðju, sem framleiðir á ári 7700 tonn af ammóníumnitrati, yrði um kr. 350 000.00 minni en með því að nota orku jafnt allan sólarhringinn, hvort sem hún fengist frá Sogi eða Laxá, eftir stækkun þeirra orkuvera, sem nú eru þar fyrir.
3. Kostnaður við dreifingu 7700 smálesta af ammóníumnítrati frá verksmiðju og við að koma áburðinum í hús á höfnum víðs vegar um landið yrði um 100 þús. kr. lægri frá verksmiðju við Reykjavík en frá verksmiðju við Akureyri.
4. Nefndin telur, að reikna verði með sömu launagreiðslum við væntanlega áburðarverksmiðju, hvort sem hún yrði reist í nánd við Akureyri eða Reykjavík. En jafnvel þótt kostnaður við að koma upp byggingum á Akureyri yrði ef til vill lítið eitt minni en í Reykjavík, gæti það ekki munað neinu teljandi í árlegum rekstrarkostnaði.
5. Vegna væntanlega hagkvæmari orkukaupa frá Sogsvirkjunum og vegna lakari aðstöðu við dreifingu áburðarins, virðist Akureyri ekki geta staðizt samanburð við Reykjavík.

Í eftirfarandi áætlunum mun nefndin því gera ráð fyrir, að verksmiðjan yrði reist í námunda við Elliðaárstöð."

Eins og framan segir, er gert ráð fyrir, að ekki verði lagt út í að reisa verksmiðju með minni afköstum en 2500 smál. af hreinu köfnunarefni, og jafnframt að framleitt yrði hið fasta efni, ammoniumnitrat (7700 smál.).

Síðastliðið haust (1947) fól svo atvinnumálaráðherra dr. Birni Jóhannessyni, er verið hafði formaður verksmiðjunefndarinnar, að semja frumvarp um áburðarverksmiðju byggt á niðurstöðum nefndarinnar, og var ætlunin að leggja það tímanlega fyrir þetta þing. Inn í mál þetta kom svo erindi frá rannsóknaráði eða formanni þess, Ásgeiri Þorsteinssyni verkfræðingi, sem einnig hafði átt sæti í verksmiðjunefndinni, þar sem hann vakti athygli á nýbreytni í framleiðslu köfnunarefnis, sem mjög ryddi sér til rúms einkum í Bandaríkjunum, og sem orðið gæti ódýrari og viðráðanlegri í byrjun fyrir okkur Íslendinga, ef athugun og reynsla leiddi í ljós, að hún hentaði hér. Atvinnumálaráðuneytið taldi rétt að láta fara fram nokkra athugun á þessu atriði þegar í stað og fól þeim dr. Birni Jóhannessyni að leita þegar þeirra upplýsinga um nýmæli þetta, sem unnt væri að afla, og gera grein fyrir þeim í sambandi við hið væntanlega frumvarp. Fylgir hér með álitsgerð þeirra um áburðarverksmiðju, byggð á niðurstöðum hinnar áður umgetnu nefndar, svo og upplýsingum um hina nýju framleiðsluaðferð. Síðan sendi atvinnumálaráðuneytið dr. Björn Jóhannesson til Bandaríkjanna til þess að kynna sér nýjungar þessar af eigin sjón og raun, og mun hann einnig útvega nokkuð af hinum nýja

áburðarlegi og áhöldum til að dreifa honum, svo að unnt sé þegar næsta vor að gera innlendar tilraunir um notkun hans. Vegna alls þessa varð frumvarp þetta síðbúnara en til hafði verið ætlazt. Þótti samt rétt að leggja það fyrir þetta þing, undir eins og undirbúningi þess og framangreindum athugunum var lokið.

Álitsgerð um áburðarverksmiðju.

Um það eru ekki skiptar skoðanir, að innlend framleiðsla á áburði væri út af fyrir sig æskileg. Hún veitti landbúnaðinum öryggi og myndi væntanlega örva ræktunarframkvæmdir. Um leið og hún skapaði atvinnu, sparaðist erlendur gjaldeyrir.

Sennilegt er, að áburðarverksmiðja myndi að einhverju leyti ryðja braut fyrir aukinn og fjölbreyttari efnaiðnað í landinu.

Eina atriðið, er virðist geta mælt gegn því, að reist yrði áburðarverksmiðja, er, að fjárhagslegur grundvöllur hennar yrði svo óhagstæður, að innlendur áburður yrði að mun dýrari en útlendur, en um það atriði vísast til rekstraráætlana hér á eftir.

Hvaða efnasambönd á að framleiða?

Fram til þess hefur verið gert ráð fyrir því, að aðeins köfnunarefnisáburður yrði framleiddur sem ammoníumnítrat. Þetta yrði án efa ódýrasta framleiðsluaðferðin, ef um fastan áburð er að ræða.

Nú þarfnast jarðræktin litlu minna magns af fosforsýru en af köfnunarefni, og við aukna ræktun belgjurta vex notkun forforsýruáburðar í hlutfalli við köfnunarefnisáburð. Það væri því mikils virði, ef hægt væri að framleiða áburð, er innihéldi bæði köfnunarefni og fosforsýru. Að sjálfsögðu yrði að flytja inn hráefni til vinnslu fosforsýruáburðar, en enn liggja ekki fyrir athuganir á því, hversu hagkvæman tekniskan og fjárhagslegan grundvöll má finna fyrir þessa framleiðslu. Framleiðsla fosforsýruáburðar er tæknilega óháð framleiðslu köfnunarefnisáburðar, þannig, að hana má tengja við köfnunarefnis-verksmiðju, þegar bezt hentar og er raforka er fyrir hendi. En stefna bæri að því að gera það sem fyrst.

Kalíáburður er einnig nauðsynlegur við hvers konar ræktun, en sennilega yrði hagkvæmast að flytja hann inn fullunninn.


Ný hugmynd hefur nýlega komið fram varðandi framleiðsluform og dreifingu áburðar. Hún er í því fólgin, að dreifa áburðinum í sterkum vatnsupplausnum eða sem fljótandi ammoníak. Framleiðsla og dreifing áburðarins frá verksmiðju ætti að verða mun ódýrari á þann hátt, en ekki er enn vitað, hvort takast megi að koma slíkum upplausnum í jörðina á hagkvæman hátt, og án þess að efnatöp verði tilfinnanleg. Þeir möguleikar, sem tengdir eru við þessa framleiðsluaðferð, verða ræddir síðar í þessari greinargerð.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir verksmiðju, er framleiðir ammoníumnítratáburð eingöngu.

Að tilhlutun Nýbyggingarráðs var skipuð nefnd til að rannsaka áburðarverksmiðjumálið snemma á árinu 1946, og skilaði hún áliti seint á árinu. Í nefndinni áttu sæti: Ásgeir Þorsteinsson, Bjarni Ásgeirsson, Björn Jóhannesson og Trausti Ólafsson. Um ári síðar gerði Björn Jóhannesson nokkrar frekari athuganir varðandi stærð verksmiðju. Þessar álitsgerðir eru að verulegu leyti lagðar til grundvallar þessari greinargerð, en þykja of langar til þess að birta þær í heild.

Staður fyrir áburðarverksmiðju.

Áburðarverksmiðjunefndin komst að þeirri niðurstöðu, að hagkvæmast yrði að reisa verksmiðju við Reykjavík, er keypti þá raforku frá Sogsvirkjunum. Dreifingarkostnaður yrði þar lægri en frá verksmiðju á Akureyri, raforka ódýrari, ef umframorka er hagnýtt, og ætla má, að rekstraröryggi sé meira sunnanlands. Á með-



fylgjandi korti er sýndur hugsanlegur staður fyrir áburðarverksmiðju. Hann liggur þannig, að tiltölulega auðvelt er að koma leiðslu að tankskipalægi. Þá má benda á, að verksmiðjan liggur það nærri eimtúrbínustöðinni, að möguleikar eru á að hagnýta þá kolsýru, er túrbínustöðin gefur frá sér.

Stofn- og rekstrarkostnaður.

Reiknað er með, að verksmiðjan kosti 20 millj. króna, og þar af um 8 millj. í erlendum gjaldeyri. Um nákvæma og sundurliðaða áætlun er ekki að ræða á þessu stigi málsins, og ber fremur að skoða þessa upphæð sem reikningsgrundvöll fyrir rekstraráætlun, er fer hér á eftir.

1.	Umbúðir	kr.	410 000.00
2.	Ýmis rekstrarefni	—	120 000.00
3.	Parafin og Kaolin	—	200 000.00
4.	Vinnulaun	—	1 350 000.00
5.	Stjórnarkostnaður	—	275 000.00
6.	Raforka	—	850 000.00
7.	Skattar	—	25 000.00
8.	Í varasjóð	—	200 000.00
9.	Viðhaldskostnaður	—	550 000.00
10.	Í fyrningarsjóð af vélum	—	1 050 000.00
11.	Í fyrningarsjóð af byggingum	—	120 000.00
		Kr.	5 150 000.00

Hér er miðað við, að stofnfé verksmiðjanna sé óafturkræft, en verksmiðjan endurnýi sig með árlegum greiðslum í fyrningarsjóð, og verður það fé því handbært, ef á þarf að halda. Við áætlun á vinnulaunum er reiknað með vísitölu 300.

Sé reiknað með 15 ára stofnlánum með 4% rentu, yrðu árleg útgjöld um 450 þús. kr. hærri, en um 250 þús. kr. hærri, ef renta er 2½%.

Framleiðsluverð miðað við þessar þrjár fjáröflunarleiðir yrði kr. 2.06, kr. 2.16 og kr. 2,24 á hvert kg af bundnu köfnunarefni.

Innkaupsverð á sams konar áburði og hér um ræðir er nú í Kanada kr. 1.83 á hvert kg af köfnunarefni. Í álitsgerð áburðarverksmiðjunefndar (tafla bls. 20) er áætlað, að kostnaður við að flytja inn áburð og koma honum í geymsluhús á höfnum kringum land verði kr. 0.72 á hvert kg köfnunarefnis, en tilsvarandi dreifingarkostnaður á áburði frá verksmiðju við Reykjavík er þar áætlaður kr. 0.35. Verð á ammoníumnitrati frá Kanada yrði þannig 1.83 + 0.72 eða kr. 2.55 á kg köfnunarefni, en tilsvarandi kostnaður í 2500 tonna verksmiðju í Reykjavík kr. 2.41, kr. 2.51 og kr. 2.59, eftir þeim þremur fjáröflunarleiðum, er fyrr getur.

Köfnunarefni í þeim áburði, sem nú er fluttur frá Noregi, er allmiklu dýrara en í kanadiska áburðinum.

Ef tekið er sérstaklega til athugunar, að verksmiðjan framleiddi aðeins ammoníak, eða ammoníak uppleyst í vatni, sem gildir að heita má einu í stofn- og rekstrarkostnaði, myndi stofnkostnaður lækka að verulegu leyti, eða að minnsta kosti um 30%.

Þar sem áður hefur verið reiknað með 20 millj. kr. heildarkostnaði fyrir 2500 tonna verksmiðju, ætti því eigi að þurfa að reikna með meiru en 14 millj. kr. stofnkostnaði fyrir verksmiðju, sem framleiddi aðeins ammoníak. Er þá innifalið að reisa á ýmsum stöðum á landinu geyma fyrir 5000 tonn af áburðarvökva, og við verksmiðjuna sjálfa geymi fyrir annað eins, en sekkjageymslu sleppt.

Í erlendum gjaldeyri (fob verð véla) er reiknað með 6,5 millj.

Rekstrarreikningur yrði þá sem næst þannig:

	Ýmis rekstrarefni	kr.	100 000.00
	Vinnulaun	—	700 000.00
	Stjórn	—	275 000.00
	Raforka	—	800 000.00
	Skattar	—	25 000.00
	Í varasjóð	—	200 000.00
	Viðhaldskostnaður véla og umbúða	—	500 000.00
	Í fyrningarsjóð af vélum	—	750 000.00
-	—— — byggingum	—	80 000.00
		Kr.	3 430 000.00


eða sem næst ⅔ af rekstrarkostnaði við ammoníumnítrat framleiðslu. Dreifingarkostnaður áætlast að sama skapi lægri.

Verðið á kg köfnunarefnis ætti því að geta orðið ⅓ lægra í ammoníaki en í nítrati, eða kr. 1.60 í stað 2.41.

Þess skal getið, að verðið í Ameríku 1947 var kr. 0.86 á ammoníaki og kr. 1.43 í nítrati á kg köfnunarefnis. Er það hlutfallslega nokkuð meiri munur en hér hefur verið áætlað.

Stærð verksmiðju.

Framangreindar áætlanir eru miðaðar við verksmiðju, er bindur 2500 tonn köfnunarefnis á ári.




Áhrif stærðar áburðarverksmiðju á stofnkostnað

Línurit 1

10-11-1947
B. Jóh.

Mun þess ekki langt að bíða, að köfnunarefnisþörf ísl. jarðræktar verði sem þessu nemur. Forstjóri áburðarsölu ríkisins áætlar, að á komandi vori myndu seljast allt að 2300 smál. af köfnunarefni, ef fullnægja ætti eftirspurn. Það virðist því lítil ástæða til að binda sig við fyrrnefnda stærð áburðarverksmiðju. Það er vitað, að bæði stofn- og rekstrarkostnaður, miðað við hverja einingu, er framleidd er, lækkar með vaxandi framleiðslugetu verksmiðju, og því örar, sem verksmiðjan er minni. Línurit 1 og 2 gefa nánari hugmynd um þessi atriði. Línurit 2 sýnir t. d., að framleiðslukostnaður í 5000 tonna verksmiðju er um 27% lægri en í 2500 tonna verksmiðju. Stofnkostnaður reiknaður á hverja framl.einingu breytist eftir álíka hlutföllum. Samkvæmt upplýsingum frá Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra er áætlað, að að lokinni næstu Sogsvirkjun geti verið handbær um 10 000 kw umframorka allt árið. Ef jafnframt er ráð fyrir því gert, að eingöngu umframorka sé notuð til vetnisvinnslu, þá nægði hún fyrir verksmiðju, er bindi um 3600 tonn af köfnunar-



ÁHRIF STÆRÐAR ÁBURÐARVERKSMIÐJU Á FRAMLEIÐSLUKOSTNAÐ OG REKSTRARKOSTNAÐ

Línurit 2.

12-11-1947
B. Jóh

efni á ári. Ef stærri verksmiðja yrði reist, yrði að nota frumafl til vetnisvinnslu að einhverju leyti. Árskilowatt frumorku er áætlað kr. 200.00 en umframorku kr. 70.00.

Í eftirfarandi töflu má lesa nokkrar tölur, er gefa frekari hugmynd um áhrif stærðar á stofn- og rekstrarkostnað miðað við þann reikningsgrundvöll, er að framan getur. Reiknað með, að stofnfé sé lagt fram óafturkræft, en jafnframt gefið framleiðsluverð miðað við stofnlán með 4% rentu.

Stærð verksmiðju	2 500 tonn N.	3 600 tonn N.	5 000 tonn N.	7 500 tonn N.
Stofnkostnaður, kr.	20 millj.	25,7 millj.	30 millj.	39 millj.
Frumafl, árskilow.	1 800	2 500	6 400	13 100
Umfram-afl, árskilow.	7 000	10 000	10 000	10 000
Verð raforku, kr.	850 000.00	1 200 000.00	1 980 000.00	3 310 000.00
Raforka á tonn N. kr.	340.00	340.00	396.00	440.00
Framleiðsluverð á kg N. kr.	2.06	1.71	1.55	1.37
Framleiðsluv. kg. N. miðað við stofnlán með 4% rentu kr.	2.24	1.85	1.67	1.48

Ef lagðir eru 35 aurar við framleiðsluverð í þessari töflu, fæst verð, sem ætti að vera sambærilegt við kr. 2.55 einingarverð á kanadískum áburði á komandi vori. Eftir því sem verksmiðjan stækkar, því öruggari verðum við með að framleiða á samkeppnisfæru verði.

Þessi samanburðargrundvöllur er þó hvergi nærri öruggur fyrir framtíðarrekstur verksmiðju. Kostnaðar- og rekstraráætlanir hafa mjög takmarkað gildi í þessu sambandi, svo mjög óviss og breytileg atriði koma þar til greina, og því síður verður sagt fyrir um kaup- og verðsveiflur framtíðarinnar. En jafnframt má hafa hliðsjón af framleiðsluaðstæðum okkar borið saman við framleiðsluaðstæður annars staðar. Í Evrópu munu vera nokkrar verksmiðjur, er binda um 7000 tonn af köfnunarefni á ári og eru sagðar hafa heilbrigðan fjárhagslegan grundvöll. Í verksmiðju af þessari stærð ættum við sem stendur að geta framleitt áburð, er væri ódýrari en aðfluttur áburður er nú, og jafnframt flutt hann út á kostnaðarverði, jafnvel með nokkrum ágóða. Þess er þó ekki að vænta, að ráðizt verði í að reisa svo stóra verksmiðju að sinni vegna mikils stofnkostnaðar og raforkunotkunar. En þörf landbúnaðarins fyrir áburð fer ört vaxandi, og því sýnist rétt, að framkvæmdir í áburðarmálinu séu miðaðar við það, að sem auðveldast verði að stækka verksmiðjuna, svo að hún geti bundið til dæmis allt að 7500 tonn af köfnunarefni á ári.

Það virðist ákjósanlegt að geta hafið framleiðslu áburðar á Íslandi, þó að það yrði í smærri stíl en út af fyrir sig væri æskilegt frá því sjónarmiði að ná sem lægstum framleiðslukostnaði.

Þó að svo kynni að fara, að létta yrði undir með rekstri verksmiðjunnar fyrstu árin, þá getur það komið betur við en að leggja fram í einu meira fé í stærri verksmiðju, er yrði þá reist seinna, þegar notkun köfnunarefnis sem áburðar hefur náð vissu marki, t. d. 5000 tonnum á ári.

Áburður í vatnsupplausn eða sem fljótandi ammoníak.

Ammoníak hefur verið notað sem áburður í nokkrum mæli í Ameríku. Um alllangt skeið hefur það verið leyst upp í áveituvatni, og allra síðustu árin hefur því verið dælt sem lofttegund í moldina. Er vitað, að notkun þess á þennan hátt fer hraðvaxandi. Um leið og ammoníak kemst í snertingu við moldina sem lofttegund eða í upplausn, binzt það og skolast því ekki út né rýkur burt. Hvert kíló af köfnunarefni í ammoníaki er álika virkt og í öðrum algengum tegundum köfnunarefnisáburðar.

Markaðsverð á hverju kg af köfnunarefni í ammoníaki í Ameríku er tæplega ⅓ af verði hvers kg af köfnunarefni í ammoníumnítrati. Auk þess er ammoníak ódýrara í flutningi, hvort sem um er að ræða fljótandi ammoníak eða í sterkri vatnsupplausn. Flutningur fljótandi efna, sem hægt er að dæla, er jafnan að mun ódýrari en flutningur fastra efna. Þetta hefur haft þær afleiðingar, að um þriðjungi af þeim köfnunarefnisáburði, er framleiddur er í Bandaríkjunum, er dreift frá framleiðslustöðvunum í vatnsupplausnum.

Framangreind atriði opna möguleika í sambandi við áburðarframleiðslu hér. *Ef bóndinn getur notfært sér ammoníak sem áburð, fengi hann mjög verulega ódýrara köfnunarefni en ef um fast ammoníumnítrat væri að ræða.* Ekki hefur þó verið gerð áætlun um, hve miklu kynni að muna. Spurningin er, hvort takast megi að koma ammoníaki í jörðina á nógu handhægan og ódýran hátt og án efnatapa.

Að vísu má ganga út frá því, að þetta atriði sé leysanlegt frá teknisku sjónarmiði. Hitt er órannsakað, hvort þær aðferðir séu við hæfi íslenzkra staðhátta, hvort þær yrðu nógu ódýrar. Ef hægt væri að leysa þetta viðfangsefni á viðunandi hátt, væri mögulegt að hefja framleiðslu áburðar með minni tilkostnaði og jafnvel að einhverju leyti, áður en næsta Sogsvirkjun er fullgerð.

Forforsýruáburður.

Hér kemur helzt til greina að framleiða ammoníumfosfat, annaðhvort sem fast efni eða í upplausn. Til þess þarf fosforsýru. Möguleiki er á að framleiða hana hér

úr hráfosfati, er flutt yrði inn. Einnig kemur til greina að flytja inn fosforsýru, og væri ef til vill heppilegra að gera það til að byrja með, þar eð stofnkostnaður vegna framleiðslu fosforsýruáburðar yrði þá sára lítill.

Ekki þykir ástæða til að skýra hinar einstöku greinar frumvarpsins.

Björn Jóhannesson. Ásg. Þorsteinsson.

Nd. 675. Nefndarálit

um frv. til l. um nýtízku ullarverksmiðju ríkisins í Hafnarfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hlutinn vill láta víkja málinu frá umræðu með rökstuddri dagskrá á þeim forsendum, að ekki sé hyggilegt að hefja byggingu nýrrar ullarverksmiðju, þar sem þær ullarverksmiðjur, sem fyrir eru, geti unnið alla ull landsmanna.

Það er upplýst samkvæmt upplýsingum, sem iðnaðarnefnd hafa borizt, að fyrirhugað er og út hafa verið gefin leyfi fyrir auknum vélakosti til þriggja, eða nánar tiltekið tveggja ullarverksmiðja, Gefjunar og Álafoss, sem leiða mun til þess, að auka má ullarvinnsluna upp í allt að 680 tonn á ári.

Hins vegar er að dómi sérfræðings ullarframleiðslan mun meiri, og getur og mun stórlega vaxa, ef einhver rækt er við hana lögð.

Vorullin ein er ca. 900 smálestir. Mundi hún aukast við betri fóðrun og meiri nýtingu (t. d. almennri rúningu), auk þess er haustull ca. 500 tonn, sem mundi aukast að sama skapi sem notaðar væru fleiri gærur eða sútunariðnaðurinn yxi.

Ég tel því fram komnar upplýsingar sanna, að þörf sé þeirrar ullarverksmiðju, er frumvarpið gerir ráð fyrir, og legg því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. marz 1948.

Hermann Guðmundsson.

Ed. 676. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. Ákvæði III. kafla l. nr. 44/1946 varðandi fjárframlög og lánveitingar af hálfu ríkissjóðs til sveitarfélaga koma því aðeins til framkvæmda, að sérstök heimild sé veitt til þess í fjárlögum hverju sinni, enda nær skylda sveitarfélaga til íbúðarhúsabygginga samkvæmt tilvitnuðum kafla laganna ekki framar en tilskilinn styrkur eða lánveiting af hálfu ríkissjóðs kemur til.
2. Gjöld til ríkissjóðs samkvæmt IX. kafla l. nr. 68/1947 skulu innheimt með verðlagsuppbót árið 1948.
3. Greiðslu á 1 milljón af framlagi ríkissjóðs 1948 samkvæmt 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 35/1946 skal fresta til ársins 1957.
4. Niður skal falla umboð nýbyggingarsjóðsnefndar samkv. 14. gr. l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Ríkisskattanefnd annast störf þau, er nýbyggingarsjóðsnefnd eru falin með framannefndum lögum, enda hefur hún þá fullnaðarúrskurð um þau mál.

5. Fyrir orðin „100%“ í 1. gr. laga nr. 18 1948, um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, komi: 200%.
6. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins heimilast með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra að leggja fram kr. 1 250 000.00 sem hlutafé í Hæring h/f, Reykjavík, til kaupa og rekstrar síldarbræðsluskips. Ríkisstjórnin skal jafnhliða þeirri fyrirgreiðslu, sem h/f Hæring verður veitt til kaupa á síldarbræðsluskipi, leitast við að tryggja öllum íslenzkum síldveiðiskipum sem jafnasta aðstöðu til síldarlöndunar í verksmiðjuna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ.

677. Fjárlög

fyrir árið 1948.

(Afgreidd 23. marz.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1948 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	40 000 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 6000000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 3000000		
		3 000 000	
			43 000 000
3.	Vörumagnstollur	18 000 000	
4.	Verðtollur	60 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	4 000 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	3 000 000	
			85 000 000
7.	Söluskattur		19 000 000
8.	Fasteignaskattur	600 000	
9.	Lestagjald af skipum	120 000	
10.	Bifreiðaskattur	3 300 000	
			4 020 000
11.	Aukatekjur	1 600 000	
12.	Stimpilgjald	4 000 000	
13.	Vitagjald	800 000	
14.	Leyfisbréfagjald	150 000	
15.	Erfðafjárskattur	300 000	
16.	Veitingaskattur	1 000 000	
			7 850 000
	Samtals ...	. . .	158 870 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður landssímans	694 500	
2. — áfengisverzlunar	42 000 000	
3. — tóbakseinkasölu	17 500 000	
4. — ríkisútvarps	937 185	
5. — ríkisprentsmiðju	314 749	
6. — trésmiðju	16 291	
		61 462 725
Samtals ...	. . .	61 462 725
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		9 050 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	357 000	
2. Póststofan í Reykjavík	2 520 000	
3. Önnur pósthús	1 550 000	
4. Póstflutningar	1 950 000	
5. Önnur gjöld	369 000	
6. Fyrning	4 000	
7. Rekstrarkostnaður bifreiða	2 300 000	
		9 050 000
2. Landssíminn.		
I. Tekjur		19 000 000
II. Gjöld:		
a. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum	800 000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans 778000		
2. Ritsíminn í Reykjavík 2465000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík 245500		
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík 468000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði að frádregnum stofngjöldum 3460000		
6. Áhaldahúsið 267000		
7. Ritsíminn á Akureyri 668000		
8. Ritsíminn á Seyðisfirði 301000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði 302000		
10. Símastöðin á Borðeyri 189000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum 284000		
12. Símastöðin á Siglufirði 377000		
13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva 2276000		
	12 080 500	

3. gr.

	kr.	kr.
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	300 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva	1 136 000	
e. Viðhald landssímanna	2 989 000	
f. Framhaldsgjald	170 000	
g. Ýmis gjöld	100 000	
h. Fyrning á húsum og áhöldum	250 000	
i. Vextir af lánum	480 000	
		18 305 500
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	694 500
Eignabreytingar landssímans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		600 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		995 000
III. Til talstöðva í báta og skip		295 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip		200 000
V. Til nýrra landssímalína		488 000
VI. Til stækkunar á sjálfvirku stöðinni í Reykjavík		1 482 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.	. . .	4 060 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		45 946 680
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun 383200		
b. Verðlagsuppbót 766400		
	1 149 600	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	425 000	
3. Annar rekstrarkostnaður	572 080	
4. Útsvar	1 800 000	
		3 946 680
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	42 000 000
4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		19 462 712
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 172874		
2. Verðlagsuppbót 345748		
	518 622	
b. Annar rekstrarkostnaður	619 090	
c. Útsvar	825 000	
		1 962 712
Fært á 3. gr. A. 3	. .	17 500 000

3. gr.

		kr.	kr.
	5. Ríkisútvarpið.		
I.	Tekjur:		
	a. Afnotagjöld	3 250 000	
	b. Aðrar tekjur	500 000	
			3 750 000
II.	Gjöld:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 407380		
	2. Verðlagsuppbót 814760		
		1 222 140	
	b. Útvarpsefni	750 000	
	c. Skrifstofukostnaður	315 000	
	d. Húsaleiga, ljós og hiti	115 000	
	e. Til útvarpsstöðva	340 000	
	f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.	40 000	
	g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins	75 700	
	h. Óviss útgjöld	30 000	
	i. Vextir	5 000	
	j. Fyrning á húsum og vélum	60 000	
			2 952 840
			797 160
III.	Rekstur viðtækjaverzlunar:		
	a. Tekjur	500 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 69600		
	b. Verðlagsuppbót 139200		
	208800		
	2. Annar kostnaður 102000		
		310 800	
			189 200
IV.	Rekstur viðgerðarstofu:		
	a. Tekjur	370 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 79325		
	b. Verðlagsuppbót 158650		
	237975		
	2. Efni 100000		
	3. Annar kostnaður 70500		
		408 475	
	Rekstrarhalli ...	38 475	
V.	Rekstur viðtækjasmiðju:		
	a. Tekjur	60 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun 11400		
	b. Verðlagsuppbót 22800		
	34200		

3. gr.

		kr.	kr.
2. Efni	18000		
3. Annar kostnaður	18500		
		70 700	
Rekstrarhalli ...		10 700	
			986 360
Frá dregst rekstrarhalli viðgerðarstofu og viðtækjaverksmiðju kr. 38475 + 10700			49 175
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	937 185
Eignabreytingar:			
Afborgun af láni til stækkunar			89 100
Fært á 20. gr. Út II.		. . .	89 100

6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

I. Tekjur (prentvinna)				2 100 000
II. Gjöld:				
1. a. Laun starfsmanna:				
1. Grunnlaun	47479			
2. Verðlagsuppbót	94958			
		142437		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:				
1. Grunnlaun	350000			
2. Verðlagsuppbót	700000			
		1050000		
			1 192 437	
2. Efnivörur			365 000	
3. Vélarekstur og viðhald			60 000	
4. Annar kostnaður			137 814	
5. Fyrning			30 000	
				1 785 251
Fært á 3. gr. A. 5			. . .	314 749

7. Áburðarsala ríkisins.

a. Laun:				
1. Grunnlaun	26226			
2. Verðlagsuppbót	52452			
		78678		
b. Annar kostnaður		148700		
			227 378	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum			227 378	

3. gr.

		kr.	kr.
8. Grænmetisverzlun ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	39339		
2. Verðlagsuppbót	78678		
	118017		
b. Annar kostnaður	128051		
		246 068	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		246 068	
9. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)			1 082 800
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun	100000		
b. Verðlagsuppbót	200000		
		300 000	
2. Vextir		170 000	
3. Fyrning		312 800	
4. Annar kostnaður		300 000	
			1 082 800
10. Trésmiðja ríkisins.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)			650 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun	112903		
b. Verðlagsuppbót	225806		
		338 709	
2. Vextir		20 000	
3. Ýmis kostnaður		200 000	
4. Fyrning		75 000	
			633 709
Fært á 3. gr. A. 6		. . .	16 291
11. Tunnuverksmiðjur ríkisins.			
I. Tekjur (seldar tunnur)			5 700 000
II. Gjöld:		1 275 000	
1. Laun starfsmanna		4 050 000	
2. Efni		240 000	
3. Vextir		85 000	
4. Ýmis kostnaður		50 000	
5. Fyrning			5 700 000
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar			10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands		62 855
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands 6% af 3 millj. ..		180 000
3. Vextir af áhættufé stríðstryggingarfél. ísl. skipshafna		111 000
4. Vextir af eignakönnunarbréfum		300 000
5. Aðrir vextir		51 000
6. Arður af hlutafjáreign		263 570
Samtals ...	. . .	968 425

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 100 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1948 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		1 645 019
2. Lán í dönskum krónum		218 524
3. Lausaskuldir		3 500 000
Samtals ...	. . .	5 363 543

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		287 482

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		1 500 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		13 406
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	. . .	1 515 576

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:			
1. Til ráðherra:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	90000		
2. Verðlagsuppbót	180000		
	270000		
b. Til risnu samkvæmt reikningi	25000		
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000		
2. Húsaleiguuppbót	1260		
	4260		
2. Til ráðuneytanna:		299 260	
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	78325		
2. Verðlagsuppbót	156650		
	234975		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	88425		
2. Verðlagsuppbót	176850		
	265275		
c. Félagsmálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	41850		
2. Verðlagsuppbót	83700		
	125550		
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	70900		
2. Verðlagsuppbót	141800		
	212700		
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun:			
1. Grunnlaun	105540		
2. Verðlagsuppbót	211080		
	316620		
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	15650		
2. Verðlagsuppbót	31300		
	46950		
f. Samgöngumálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	19500		
2. Verðlagsuppbót	39000		
	58500		
g. Utanríkisráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	81440		
2. Verðlagsuppbót	162880		
	244320		
h. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	25800		
2. Verðlagsuppbót	51600		
	77400		

10. gr.

			kr.	kr.
i. Aðrir starfsmenn, laun:				
1. Grunnlaun	41490			
2. Verðlagsuppbót	82980			
		124470		
j. Annar kostnaður ráðuneytanna		300000		
			2 006 760	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	122228			
2. Verðlagsuppbót	244456			
		366684		
b. Annar kostnaður		30000		
			396 684	
4. Ýmis kostnaður:				
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		20000		
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:				
1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200			
2. Til pappírs og prentunar	80000			
3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	4500			
		85700		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað		35000		
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046		
			142 746	
				2 845 450
II. Hagstofan:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun		86917		
2. Verðlagsuppbót		173834		
			260 751	
b. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna			60 000	
c. Prentun eyðublaða			5 000	
d. Húsaleiga, hiti og ljós			30 000	
e. Annar kostnaður			4 000	
				359 751
III. Utanríkismál:				
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:				
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna skv. launalögum	27000			
b. Laun annarra starfsmanna utan launalaga	5500			
		32500		
c. Risna og staðaruppbót á laun		62400		
d. Annar kostnaður		16500		
			111 400	

10. gr.

			kr.	kr.
2.	Sendiráðið í Stokkhólmi:			
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna	23400		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	15000		
			38400	
	c. Risna og staðaruppbót á laun		91800	
	d. Annar kostnaður		37200	
				167 400
3.	Sendiráðið í London:			
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna	41200		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	9500		
			50700	
	c. Risna og staðaruppbót á laun		144800	
	d. Annar kostnaður		61000	
				256 500
4.	Sendiráðið í Washington:			
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna	21600		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	51200		
			72800	
	c. Risna og staðaruppbót á laun		103200	
	d. Annar kostnaður		39800	
				215 800
5.	Sendiráðið í Moskva:			
	a. Laun sendiráðsritara samkv. launalögum	8400		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	25500		
			33900	
	c. Risna og staðaruppbót á laun		117500	
	d. Annar kostnaður		34700	
				186 100
6.	Sendiráðið í París:			
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna skv. launalögum	20400		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	6000		
			26400	
	c. Risna og staðaruppbót		166900	
	d. Annar kostnaður		49500	
				242 800
7.	Sendiráðið í Oslo:			
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna skv. launalögum		26600	
	b. Risna og staðaruppbót á laun		67000	
	c. Annar kostnaður		16500	
				110 100

10. gr.

		kr.	kr.
8. Aðalræðismannsskrifstofan í New-York:			
a. Laun og staðaruppbót aðalræðismanns í einn mánuð	4500		
b. Laun og staðaruppbót starfsstúlku í sex mánuði	8500		
c. Annar kostnaður	8000		
		21 000	
9. Ferðakostnaður		75 000	
10. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki		250 000	
11. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum		250 000	
		1 886 100	
÷ Tekjuafgangur samninganefndar utanríkisviðskipta		500 000	
			1 386 100
Samtals ...		. . .	4 591 301

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
	a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara:		
	1. Grunnlaun 88800		
	2. Verðlagsuppbót 177600		
		266 400	
	b. Útgáfa hæstaréttardóma	50 000	
	c. Annar kostnaður	25 000	
			341 400
2.	Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 73633		
	2. Verðlagsuppbót 147266		
		220 899	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	24 000	
	c. Annar kostnaður	12 000	
			256 899
3.	Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 80866		
	2. Verðlagsuppbót 161732		
		242 598	
	b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	30 000	
	c. Annar kostnaður	18 000	
			290 598
4.	Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 98758		
	2. Verðlagsuppbót 197516		
		296 274	
	b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	47 264	
	c. Annar kostnaður	126 369	
			469 907
5.	Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 89786		
	2. Verðlagsuppbót 179572		
		269 358	
	b. Ljós, hiti, ræsting, dyravarzla og húskostnaður ..	78 400	
	c. Annar kostnaður	59 600	
			407 358
6.	Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 236075		
	2. Verðlagsuppbót 472150		
		708 225	

11. gr.

			kr.	kr.
b. Skrifstofukostnaður:				
1. Grunnlaun		422350		
2. Verðlagsuppbót		844700		
3. Annar kostnaður		300000		
		1567050		
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins		400000		
			1 167 050	
				1 875 275
7. Laun hreppstjóra:				
a. Grunnlaun			190 000	
b. Verðlagsuppbót			380 000	
				570 000
8. Lögreglukostnaður:				
a. Ríkislögregla:				
1. Laun lögregluþjóna í Reykjavík:				
a. Grunnlaun	210537			
b. Verðlagsuppbót	421074			
		631611		
2. Annar kostnaður		250696		
			882 307	
b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík			460 000	
c. Laun lögregluþjóna utan Reykjavíkur:				
a. Grunnlaun	115200			
b. Verðlagsuppbót	230400			
		345600		
c. Annar kostnaður		148000		
			493 600	
				1 835 907
9. Kostnaður við landhelgisgæzlu				3 750 000
10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:				
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	20925			
b. Verðlagsuppbót	41850			
		62775		
2. Annar kostnaður		68692		
		131467		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)				
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar		65737		
			65 730	
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	64500			
b. Verðlagsuppbót	129000			
		193500		
2. Annar kostnaður		193800		
		387300		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)				
÷ Tekjur		140000		
			247 300	

		kr.	kr.
c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	6975		
b. Verðlagsuppbót	13950		
	20925		
2. Annar kostnaður	11600		
	32525		
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar	16265		
		16 260	
d. Kostnaður við önnur fangahús		10 000	
			339 290
11. Kostnaður við sakamál og lögreglumál			200 000
12. Laun sjódómsmanna			6 000
